Alþingi 1918

(29. löggjafarþing).

Þingsetning.

A.

Í sameinuðu þingi.

Ár 1918, miðvikudaginn 10. apríl, var tuttugasta og níunda löggefandi Alþingi, sem er sjöunda aukaþing í röðinni, en fertugasta og fjórða samkoma frá því er Alþingi var endurreist, sett í Reykjavík.

Þingmenn komu saman í Alþingishúsinu kl. 2 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni. Eggert Pálsson, prestur og alþingismaður að Breiðabólsstað, steig í stólinn og lagði út af Lúk. 17, 5.—6.

Úr kirkjunni gengu þingmenn aftur til Alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þessir þingmenn voru til þings komnir:

A.

Landskjörnir þingmenn.

1. Sigurður Eggerz, 2. landsk. þm.
2. Sigurður Jónsson, 3. — —
3. Hjörtur Snorrason, 5. — —
4. Guðmundur Björnson, 6. — —

B.

Kjördæmakjörnir þingmenn.

1. Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þ.
2. Bjarni Jónsson, þm. Dala.
3. Björn Kristjánsson, 1. þm. G.-K.
4. Björn Stefánsson, 2. þm. S.-M.
5. Eggert Pálsson, 1. þm. Rang.
6. Einar Arnórsson, 2. þm. Árn.
7. Einar Árnason, 2. þm. Eyf.
8. Einar Jónsson, 2. þm. Rang.
9. Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk.
10. Guðmundur Ólafsson, 2. þm. Húnv.
11. Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf.
12. Jón Jónsson, 1. þm. N.-M.
13. Jón Magnússon, 2. þm Reykv.
14. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Reykv.
15. Karl Einarsson, þm. Vestm.
16. Kristinn Daníelsson, 2. þm. G.-K.
17. Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf.
18. Magnús Kristjánsson, þm. Ak.
19. Magnús Pjetursson, þm. Stranda.
20. Ólafur Briem, 2. þm. Skagf.
21. Pjetur Jónsson, þm. S.-Þ.
22. Pjetur Ottesen, þm. Borgf.

23. Pjetur Þórðarson, þm. Mýra.
24. Sigurður Sigurðsson, 1. þm. Árn.
25. Stefán Stefánsson, 1. þm. Eyf.
26. Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M.
27. Þorleifur Jónsson, þm. A-Sk.
28. Þorsteinn Jónsson, 2. þm. N. M.
29. Þórarinn Jónsson, 1. þm. Húnv.

Auk þeirra, er taldir hafa verið, var staddur meðal þingmanna og tók sæti á fundinum

Sigurjón Friðjónsson,

1. varamaður af A-lista við landskosningarnar 1916.

Þessir þingmenn voru ókomnir til þings:

A.

Landskjörnir þingmenn.

1. Hannes Hafstein, 1. landsk. þm., sem var veikur.
2. Guðjón Guðlaugsson, 4. landsk. þm.

B.

Kjördæmakjörnir þingmenn.

1. Halldór Steinsson, þm. Snæf.
2. Hákon Kristófersson, þm. Barð.
3. Magnús Torfason, þm. Ísaf.
4. Matthías Ólafsson, þm. V.-Ísf.
5. Sigurður Stefánsson, þm. N.-Ísf.

Þá er þingmenn höfðu skipað sjer til sætis, stóð upp forsætisráðherra, Jón Magnússon, og las upp opið brjef, er stefnir saman Alþingi til aukafundar á árinu 1918, svo látandi:

Vjer Christian hinn Tíundi, af Guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: *Vjer höfum allramildilegast ákveðið að láta Alþingi koma saman til aukafundar á árinu 1918, þegar stjórninni þykir nauðsyn bera til.*

Um leið og Vjer birtum þetta Vorum kæru og trúu þegnum á Íslandi, skipum Vjer öllum þeim, er setu eiga að hafa á þinginu, að koma dag þann, er stjórnin ákveður, til Reykjavíkurkaupstaðar, og verður þar þá sett Alþingi eftir að guðsþjónustugerð hefir farið fram í dómkirkjunni.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg 24. nóvember 1917. Undir vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon.

Opið brjef,

er stefnir saman Alþingi til aukafundar á árinu 1918, þegar stjórninni þykir nauðsyn bera til.

Á brjefið var rituð svo látandi auglýsing:

Samkvæmt heimild í ofanskráðu opnu brjefi er ákveðið, að Alþingi skuli koma saman miðvikudaginn 10. apríl 1918.

Í stjórnarráði Íslands, 6. mars 1918.

Jón Magnússon.

G. Sveinbjörnsson.

Þá las forsætisráðherra upp konungsumboð sjer til handa til þess að setja Alþingi og slíta því, svo hljóðandi:

Christian hinn Tíundi, af Guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg.

Vjer viljum hjer með veita yður sem forseta Vors ráðuneytis fyrir Vort land Ísland umboð til þess í Voru nafni að setja Alþingi það, er koma á saman til aukafundar á árinu 1918,

og enn fremur umboð til þess í Voru nafni að segja þinginu slitið, þegar eigi er lengur þörf á að það eigi setu.

Ritað á Amalíuborg, 24. nóvember 1917.
Undir vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Magnússon.

Konungsbrjef
um setning Alþingis og þingsuppsögn.

Til
herra Jóns Magnússonar, riddara af Dannebrog og Dannebrogsmanns, forseta Vors ráðuneytis fyrir Ísland.

Síðan mælti
forsætisráðherra: Samkvæmt því valdi, sem mjer er þannig gefið, lýsi jeg því hjer með, í nafni hans hátignar konungsins,

að Alþingi Íslendinga er sett.

Stóð þá upp *Ólafur Briem*, 2. þm. Skagf., og mælti:

Lengi lifi konungur vor, Kristján hinn tíundi!

og tóku þingmenn undir það með níföldu húrra.

Forsætisráðherra (J.M.): Eins og hv. þm. er kunnugt, eru ekki allir þingmenn komnir til bæjarins, og þykir því rjett að fresta fundi þar til föstudaginn 12. þ. m., kl. 1 miðdegis.

Fundi frestað.

Mánudaginn 15. apríl, kl. 1 miðdegis, var fundinum fram haldið.

Nú voru til þings komnir þeir
Guðjón Guðlaugsson, 4. landsk. þm.,
Hákon Kristófersson, þm. Barð.,
Magnús Torfason, þm. Ísaf., og
Sigurður Stefánsson, þm. N.-Ísf.

En ókomnir voru enn
Halldór Steinsson, þm. Snæf., og
Matthías Ólafsson, þm. V.-Ísf.

Forsætisráðherra skýrði frá, að fundinum hefði verið frestað þar til nú sakir þess, hve margir þingmenn hefðu verið ókomnir til þings fram að þessum tíma.

Því næst kvaddi hann *Ólaf Briem*, 2. þm. Skagf., er elstur var þingmanna, til þess að taka forsetasæti og stýra prófun kjörbrjefs og kosningu forseta.

Minst Tryggva Gunnarssonar.

Aldursforseti gekk þá til forsetastóls og mælti á þessa leið:

Áður en byrjað er á störfum þingsins að þessu sinni, vildi jeg leyfa mjer að minnast eins manns, er látist hefir eftir að síðasta þingi var slitið. Sá maður er *Tryggvi Gunnarsson*. Hann var fæddur 18. október 1835, dáinn 21. okt. 1917. Kosinn á þing af Norður-Þingeyingum 1869, þingmaður Sunnmýlinga 1875—1885, Árnesinga 1894—1899 og Reykvíkinga 1901—1907. Sat samtals 17 þing.

Tryggvi Gunnarsson er svo þjóðkunnur maður, að það er óþarft og yrði of langt mál að telja upp hin miklu og margvíslegu störf, sem hann leysti af hendi með sæmd. En aðaleinkenni hans voru óbilandi starfsþrek og einlægur áhugi á að vinna öðrum gagn, fráber ósjerplægni og innileg samúð með öllu því, sem lifsanda dregur, jafnt mönnum sem dýrum og jurtum. Fyrir þessara

mannkosta sakir mun minning hans lifa lengi í heiðri hjá íslenskri þjóð.

Þingmenn tóku undir ummæli forseta með því að standa upp.

Þessu næst kvaddi aldursforseti sjer til aðstoðar sem skrifara þá

Sigurð Stefánsson, þm. N.-Ísf., og

Þorleif Jónsson, þm. A.-Sk.

Rannsókn kjörbrjefs.

Forsætisráðh. (J. M.): Skömmu áður en hið háa þing var kallað saman, barst mjer svo hljóðandi brjef frá hv. 1. landsk. þm. (H. H.):

Samkvæmt fyrirmælum húslæknis míns, herra landlæknis Guðm. Björnssonar, og með skírskotun til meðfylgjandi vottorðs hans, dags. 21. f. m, leyfi jeg mjer hjer með að beiðast þess, að hinu háa stjórnarráði mætti þóknast að kveðja varamann minn til þingsetu á komandi aukaþingi í minn stað.

Reykjavík, 31. mars 1918.

Virðingarfylst

H. Hafstein.

Til

stjórnarráðs Islands,

en í vottorðinu er það tekið fram, að háttv. 1. landsk. þm. (H. H.) geti ekki, eins og heilsu hans er nú háttað, setið á þingi.

Þegar er jeg fjekk brjef þetta skýrði jeg háttv. 1. varaþm. af A-lista við landskosningarnar 1916, hr. Sigurjóni Friðjónssyni, frá brjefi þessu og beindi því til hans, hvort hann vildi eigi koma til Alþingis, og er hann mættur hjer.

Jeg finn ekki að sinni ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta, en mun gefast færi til þess ef til vill, þegar kjördeild sú, er rannsakað hefir kjörbrjef hans, hefir lokið starfi sínu, því að sjálfsögðu verður skift í kjördeildir, svo sem venja er til er nýir þingmenn taka sæti.

Skiftust þingmenn nú í kjördeildir, og urðu í

1. deild:

Benedikt Sveinsson,
Björn Kristjánsson,
Einar Árnason,
Einar Jónsson,
Guðmundur Ólafsson,
Jón Jónsson,
Jörundur Brynjólfsson,
Magnús Torfason,
Pjetur Ottesen,
Pjetur Þórðarson,
Sigurður Jónsson,
Sigurjón Friðjónsson.

2. deild:

Bjarni Jónsson,
Eggert Pálsson,
Einar Arnórsson,
Guðmundur Björnson,
Hákon Kristófersson,
Hjörtur Snorrason,
Kristinn Daníelsson,
Magnús Guðmundsson,
Magnús Pjetursson,
Pjetur Jónsson,
Sigurður Eggerz,
Sveinn Ólafsson,
Þorleifur Jónsson.

3. deild:

Björn Stefánsson,
Gísli Sveinsson,
Guðjón Guðlaugsson,
Jóhannes Jóhannesson,
Jón Magnússon,
Karl Einarsson,
Magnús Kristjánsson,
Sigurður Sigurðsson,
Sigurður Stefánsson,

Stefán Stefánsson,
Þorsteinn Jónsson,
Þórarinn Jónsson.

Undir 2. kjördeild lá það að prófa kjörvottorð 1. landsk. varaþm. af A-lista (S. F.), en hinar kjördeildirnar höfðu ekki nein kjörbrjef til rannsóknar.

Gekk nú 2. kjördeild út úr salnum til þess að gegna starfi sínu, og varð því fundarhlje.

Að nokkrum tíma liðnum hafði kjördeildin lokið starfi sínu og gekk til fundarsals.

Frsm. meiri hl. (Bjarni Jónsson): Það hefir farið svo, að þessi nefnd, eða deild, rjettara sagt, hefir klofnað í tvent um þetta mál; þó ekki í rauninni að öllu, því að þetta kjörbrjef, sem hjer kemur, er talið fullgilt, og enginn vafi á því, að þessi maður, sem hjer ræðir um, hefir rjett til að koma sem 1. landsk. varaþm. á A-lista, þegar svo stendur á, að varamaður, lögum samkvæmt, á að koma.

Um þetta hefir nefndin ekki klofnað; en hún hefir klofnað um hitt, hvort hjer sje svo ástatt, að varamaður eigi að koma.

Meiri hluti kjörbrjefadeildarinnar hefir kosið mig til frsm. Jeg veit ekki, hvern minni hl. hefir kosið sjer frsm., en hann mun segja til sín á sínum tíma.

Jeg vil fyrst geta þess, af því að margir voru sammála um það, að okkur þótti sanngjarnt og rjett, að til væru varamenn fyrir alla þingmenn, að löggjöfinni væri svo háttað. Það er svo í Noregi, Svíþjóð og víða um lönd, og því hafa ýms fjelög og nefndir, sem menn þekkja, haft það svo, að það er ekki nema sanngjarnt og gott.

Þar sem hjer er um skýlaus ákvæði að ræða, og það í stjórnarskránni, verður ekki unt, eftir okkar skoðun, að fara eftir því, sem betur ætti við. Svo er um varamann á þessu þingi; stjórnarskráin hefir þar um mjög ákveðin orð. Það stendur á bls. 12 í kveri því, sem hjer hefir verið útbýtt meðal þm. og stjórnarskráin og þingsköpin eru í. Þar stendur: »Deyi þingmaður, kosinn óhlutbundinni kosningu, meðan á kjörtímanum stendur, eða fari frá, þá skal kjósa þingmann í stað hans fyrir það, sem eftir er kjörtímans. Verði á sama hátt autt sæti þingmanns, kosins hlutbundinni kosningu, tekur sæti hans varamaður sá, er í hlut á . . . .«

Hjer er skýrt ákveðið um það, að kosning getur ekki farið fram, samkvæmt stjórnarskrá Íslands, í neinu kjördæmi, nema sætið sje autt, að þm. fari frá, glati kjörgengi sínu eða hafi sagt af sjer. Það þýðir þá að fara frá, eftir þessari gr. stjórnarskrárinnar. Þá er hitt, sem hjer er um að tala: »Verði á sama hátt autt sæti þingmanns, kosins hlutbundinni kosningu . . .« — Þá kemur til þess, að varamaður komi, en þá verður fyrst og fremst sætið að vera autt. Og það á að vera á sama hátt sem sæti kjördæmakosinna manna, nefnilega þannig, að kjósa megi nýjan mann í staðinn, að þm. deyi, glati kjörgengi sínu, eða hafi sagt af sjer, — þá á varamaður að taka sæti allan þann tíma, sem eftir er af kjörtímabilinu. Þetta hygg jeg sje alveg skýrt, þurfi ekki að hafa langa ræðu um það eða deila. Stjórnarskráin tekur af öll tvímæli.

Nú stendur svo á, að hjer er ekkert einasta sæti autt, enginn dauður, enginn glatað kjörgengi sínu, enginn sagt af sjer. Ef á að taka þennan háttv. mann (S. F.) inn, þá er það 41. þm. Því setjum svo, að háttv. 1. landsk. þm. (H. H.) vildi koma á þing við og við; það er honum heimilt. Því að þótt hann hafi

skrifað brjef um, að hann sje heilsulaus, eða geti ekki erfiðað á þessu þingi, þá hefir hann alls ekki þar með afsalað sjer þeim rjetti, er hann fjekk þegar hann var kosinn. Hann getur komið á hvaða stundu sem er og sest í sitt sæti, og haldið því fram, að þar sem það sje hvergi bannað í stjórnarskránni, að hjer sje 41 þm., þá sje kann ske »praktiskt« að koma á þessari venju.

Jeg hefði ekkert um þetta sagt, ef hjer hefði verið um lög að ræða, sem þetta þing gæti breytt, og veit jeg ekki, hve langt jeg hefði teygt mig, ef svo stæði á, því að mjer þætti svo miklu betra, ef lögin leyfðu, að þessi þm. (S. F.) kæmist að, en mjer er ekki hægt að brjóta stjórnarskrá landsins. Jeg hefi ekki umboð til þess frá kjósendum mínum.

Það er kunnugt, að til eru tveir löggjafaraðiljar hjer á landi, eða venjan er sú, að í framkvæmdinni eru þeir tveir. Menn gætu nú hugsað sjer, þegar annar aðilinn leyfir sjer að skýra stjórnarskrána svo sem minni hl. vill, þá myndi ef til vill hinn aðilinn, konungurinn, leyfa sjer að skýra eitthvað öðruvísi aðrar greinar hennar en holt væri; en jeg hygg, að það sje heppilegast að koma ekki þeirri reglu á að skilja stjórnarskrána öðruvísi en ætlað var, því að það veit jeg, að þm. ætluðu sjer ekkert annað með varaþm. en að koma í veg fyrir það, að landið þyrfti að fara að kjósa aftur, þótt einn þm. dæi, enda eigi unt að kjósa einn mann hlutbundinni kosningu. Þess vegna þótti sjálfsagt að hafa varamann, sem kæmi í þeirra stað, þegar sætið væri orðið autt; ekkert annað var átt við með því; því að þar unnu eigi svo ógreindir menn, að þeir mundu þá eigi hafa kveðið skýrt á um það, að varamenn kæmu þá fyrir alla þm. í forföllum þeirra. Þessum sætum var ekki vandara um en öðrum þingsætum, og á því sjest, að tilætlun þingsins var aldrei sú, að varamaður kæmi í forföllum þm., heldur að eins þegar sætið væri autt. Þar sem nú ekki eitt einasta sæti er autt á Alþingi, getur ekki 41. þm. komist hjer að.

Frsm. minni hl. (Pjetur Jónsson): Jeg ætla að eins að færa örstutta skýringu á þeim ástæðum, sem við leikmenn höfum til að hallast að því að greiða atkvæði með því, að Sigurjón Friðjónsson taki varamannssæti á þessu þingi.

Það er auðvitað, að þegar á að fara að skýra orð stjórnarskrárinnar, koma lögfræðingarnir til, og þeir skýra lögin, en æði oft sinn á hvern veg.

Háttv. frsm. meiri hl. (B. J.) tók það fram, eða mjer skildist það svo, að hann gengi út frá því, að orðin, sem hjer standa í 18. gr., þessi: »Deyi þingmaður, kosinn óhlutbundinni kosningu, meðan á kjörtímanum stendur, eða fari frá, . . .« — að þessi orð eigi við alveg á nákvæmlega sama hátt um þm. kosna hlutbundnum kosningum, með öðrum orðum. (**B. J.:** Það stendur: »á sama hátt«). Nei, jeg segi, að ef orðin: »eða fari frá«, ná ekki til samskonar forfalla fyrir landsk. þm. og hjer er um að ræða, þá er það vöntun í stjórnarskránni. Það er vöntun, ef ekki er gert ráð fyrir öðrum tilfellum en þeim, að þm. deyi eða segi af sjer, til þess að varamaður komi til.

Jeg held, að við sjeum báðir jafnfróðir um það, hver hugsun þeirra manna hafi verið, sem sömdu stjórnarskrána. (**B. J.:** Má jeg benda á, að jeg var í nefndinni). Jeg var það líka. (**B. J.:** Jeg er minnisgóður). Það er jeg líka. Jæja, jeg skal ekki fara út í það, en jeg get þess til, að það muni hafa gleymst. Mjer finst nefnilega, að þessari setningu, í enda 9. gr. (sjá stjórn-

skipunarlög 1915), sem snertir hina hlutfallskosnu þm., vera skeytt við í nokkurskonar flýti. Ákvæði um varamenn er ekki til fyr en þar, og eigi heldur síðar, og er það furðu lauslegt. Finst mjer þetta alt benda til þess, að ekki hafi verið nógu rækilega um þetta hugsað, og sje hjer því um vöntun að ræða. Nú er það mín skoðun, að úr henni eigi að bæta á sanngjarnan hátt, samkvæmt anda laganna.

Jeg held, að andi stjórnarskrárinnar og kosningalaganna sje sá, þegar um hlutfallskosna menn er að ræða, að þeir mæti sem fulltrúar fyrir flokka í landinu eftir hlutfallstölu. Nú þegar þessir menn eru eins fáir og hjer á sjer stað, truflast hlutfallið svo geysilega, ef einhvern þeirra vantar á þing.

Mjer skildist líka á háttv. frsm. meiri hl. (B. J.), þótt hann vilji ekki samþykkja till., að hann telji þó þetta ásigkomulag ekki gott eða heppilegt í sjálfu sjer.

Að því er snertir þetta tilfelli háttv. 1. landsk. þm. (H. H.), þá er það að segja, að hann er alls ófær til að sitja á þessu þingi og mætir alls ekki hjer. En þetta er ekki hið eina tilfelli, sem komið getur fyrir um landsk. þm., sem kosinn er til langs tíma, eins og 12 ára; jeg vil benda á, að það getur komið fyrir, að einhver mesti trúnaðarmaður landsins, sem á sæti á Alþingi sem landsk. þm., sje sendur í önnur lönd sem fulltrúi landsins, sem sendiherra eða eitthvað annað. (**B. J.**: Hann getur sagt af sjer). Það er ekki heppilegt, að hann þurfi að segja af sjer kann ske þegar í byrjun kjörtímabils, og geti svo alls ekki átt kost á að fá neitt sæti á þingi sem landsk. þm. í 12 ár.

Þess vegna finst mjer að allar »analogier« við kjördæmakosna menn sjeu til að færa þetta mál á verra veg. Því að þegar kjördæmakosinn maður forfallast, t. d. heilt þing, þá er hægt að sjá um, að hann segi af sjer og annar þingmaður sama flokks komi í staðinn. Þetta getur flokkurinn átt algerlega á valdi sínu. En á hinu á hann ekki vald, að fá sæti, sem autt er sökum slíkra forfalla, sem hjer eru, og annars, er jeg hefi bent á, nema bætt sje úr vöntun stjórnarskrárinnar með þeirri skýringu, sem Alþingi á vald á.

Það, sem háttv. frsm. meiri hlutans (B. J.) var að tala um autt sæti, finst mjer vera hártogun, því að það verður að teljast autt sæti, sem þm. kemur ekki í á þinginu og getur alls ekki greitt atkvæði frá. (**B. J.**: Það er málvenja stjórnarskrárinnar, en ekki almenn málvenja, sem hjer er að tala um). Jeg á bara við sæti í þingsalnum, og við vitum það allir fyrir víst, að þetta sæti, Hannesar Hafsteins verður autt í sumar, ef ekki er varamaður. Ef hann væri neyddur til að leita sætis síns, til þess að greiða þaðan atkvæði sitt, þá geta orðið meiri afleiðingar af því en svo, að menn óski eftir því, hvort sem væri hans samflokksmenn eða mótflokksmenn.

Það er þýðingarlaust að fara í nokkra orðasennu út af þessu. Jeg og fleiri skoðum þetta sem vöntun í lögunum, og svo framarlega sem svo er litið á það, þá er sjálfsagt að fá bætt úr þeirri vöntun með úrskurði Alþingis.

Sigurjón Friðjónsson: Jeg vil gera grein fyrir því með nokkrum orðum, hvaða ástæður hafa ráðið mestu um það, að jeg er kominn á þennan stað.

Það var á þriðjudagskveld 2. þ. m., að jeg fjekk skeyti um það frá forsætisráðherra að koma suður og ef til vildi taka sæti Hannesar Hafsteins á

þessu þingi, sem vegna sjúkleika væri ekki fær um að annast þingstörf, en vildi þó ekki sleppa sætinu með öllu.

Þá stóð svo á, að jeg var staddur úti á Húsavík; hafði farið að heiman sannfærður um, að þetta gæti ekki komið fyrir. Til þess að geta skroppið heim og náð svo í Lagarfoss varð jeg að hraða mjer sem mest, og þurfti því að svara strax og umhugunarlítið.

En þótt jeg hefði haft lengri umhugsunartíma, mundi jeg að líkindum samt sem áður vera kominn hjer. Jeg leit svo á, og lít svo á, að ef jeg tregðaðist við að koma suður, þá setti jeg Hannesi Hafstein þá kosti, að hann yrði að sitja á þessu þingi, sjúkur maður, eða að segja af sjer þingmensku að öðrum kosti, eða í þriðja lagi að þingsætið yrði autt.

En jeg vildi ekki verða til þess að setja þá kosti þeim manni, sem jeg álít að þjóðin eigi stærsta þakkarskuld að gjalda allra þeirra Íslendinga, sem nú eru á lífi.

Jeg veit það, að orð stjórnarskrárinnar um það atriði, sem hjer er um að tala, eru tvíræð; en að þau sjeu einræð, eins og háttv. þm. Dala. (B. J.) heldur fram, því neita jeg. Jeg veit, að bókstafurinn er engu síður á móti því, að varamaður taki sæti aðalþingmanns í svona tilfelli; en það má líka, og engu síður, segja, að bókstafur stjórnarskrárinnar sje í öllum tilfellum á móti því, að varamaður taki sæti aðalmanns, þar sem ákveðið er, að varamenn skuli vera jafnmargir og aðalmenn, en það getur ekki átt sjer stað þegar aðalmaður fellur frá, nema varamaður falli frá um leið eða annar sje kosinn í staðinn. Bókstafsskilningurinn stefnir því í ófærar ógöngur.

En á hinn bóginn hlýtur andi stjórnarskrárinnar að vera sá, að nota alla þá krafta, sem þingið á ráð á, án þess þó að misbjóða heilsu manna.

Jeg ætla svo ekki að segja fleira um þetta. Jeg er við því búinn að taka rólega hverri niðurstöðu sem er í þessu máli. Jeg lít svo á, að jeg hafi gert skyldu mína, og það læt jeg mig skifta mestu.

Einar Arnórsson: Jeg vil leyfa mjer að gera stutta athugasemd um þetta mál, og þá einkum út af ræðu háttv. þm. Dala. (B. J.). Hann virðist telja spurningu þeirri, sem hjer liggur fyrir, algerlega svarað með ákvæðum 9. gr. stjskpl. 19. júní 1915, eða 18. gr. í »kverinu«, er hann nefndi og hefir að geyma samsteypu af stjórnskipunarlögum landsins þremur.

Jeg get ekki talið, að tilfelli það, sem hjer þarf umræðu og úrlausnar, sje lögákveðið með orðum stjórnskipunarlaganna.

Í stjórnskipunarlögunum 1915, 9. gr. (18. gr. í »kverinu«) 2. málsgr, segir: »Deyi þingmaður, kosinn óhlutbundinni kosningu, meðan á kjörtímanum stendur, eða fari frá, þá skal kjósa þingmann í stað hans, fyrir það, sem eftir er kjörtímans«. Þetta á að eins við um kjördæmakosna þingmenn, en eigi svo kallaða »landskjörna«, eins og líka orðin sýna glögt.

En svo kemur á eftir í sömu málsgrein: »Verði á sama hátt autt sæti þingmanns, kosins hlutbundinni kosningu, tekur sæti hans varamaður sá, er í hlut á«.

Mig og háttv. þm. Dala. (B. J.) greinir á um skilning þessa ákvæðis, og ágreiningur sá liggur í því, hvort þetta ákvæði stjórnarskrárinnar sje tæmandi.

Hjer er ekkert sagt annað en það, að þegar aðalþingmaður deyr eða fer frá, þá skal varaþingmaður taka við.

Um slíkt tilfelli, sem hjer er um að ræða, sem sje það, ef aðalþingmaður sannanlega forfallast svo, að hann getur ekki setið eitt þing, er ekkert sagt.

Jeg get ekkert um það sagt, hvað borið hefir á góma hjá þingnefndum þeim, er fjölluðu um stjórnarskrána 1913, en í nefndaráliti þeirra er ekkert á þetta atriði minst. En þar sem þetta er algerlega ólögákveðið, er frá mínu sjónarmiði ekki nema um tvent að ræða, annað hvort að ályktun »e contrario« (andstæðuályktun) eða »analogiu«-ályktun (lögjöfnun).

Noti maður andstæðuályktun, verður að líta svo á, sem ákvæði þetta sje tæmandi, og á þá varaþingmaður ekki að taka sæti. Vill háttv. framsm. meiri hlutans (B. J.) hafa þá aðferð. En nú er hún aldrei notuð við lagaskýringar, nema knýjandi nauðsyn sje til. Hjer yrði því að sanna, að tilgangurinn með samningi þessa ákvæðis hafi verið sá, en til þess brestur öll gögn, því að gögn get jeg ekki talið fullyrðingar háttv. nefndarmanna, allra síst þegar þær fara í andstæðar áttir.

Jeg býst við, að það verði erfitt að dæma um, hvor þeirra fer með rjett mál; að minsta kosti hefi jeg enga vog til að mæla á vit manna og minni.

Að vísu er það virðingarvert af háttv. þm. Dala. (B. J.) að vilja gæta þess sem best, að fyrirmæli stjórnarskrárinnar sjeu haldin. En það má líka brjóta anda þeirra og tilgang með einstrengingslegri bókstafsskýringu.

Jeg ætla að benda á nokkur atriði í stjórnskipunarlögunum, sem vafi getur leikið á hvernig skilja beri, líkt og hjer, hvort lögjafna skuli eða ályktа »e contrario«, og þar sem velja verður því þá skýringuna, sem skynsamlegri er og betur fullnægir tilgangi löggjafarinnar

Í 1. gr. stjórnskipunarlaga frá 1915 2. gr. í kveri þessu, segir svo:

> »Nú deyr ráðherra eða lætur af embætti, og gegnir landritari þá ráðherrastörfum á eigin ábyrgð, þangað til skipaður hefir verið nýr ráðherra«.

Ákvæði þetta er skýrt og glögt og að því leyti eins um það og ákvæðið í 9. gr. stjórnskipunarlaga 1915 (18. gr. í kverinu).

Nú getur ekki orkað tvímælis, að óumflýjanlegt hefði verið, að landritari gegndi einnig ráðherrastörfum á eigin ábyrgð, enda þótt ráðherra hvorki dæi nje ljeti af embætti, ef hann yrði t. d. vegna geðveiki eða af öðrum slíkum ástæðum ófær til að bera nokkra ábyrgð gerða sinna. En slíkur skilningur er þó ekki eftir orðum ákvæðisins, heldur anda þess. Enda þótt orðin í nefndri grein sjeu engu síður fortakslaus en í 9. gr. stjórnskipunarlaga 1915 (18. gr. í »kverinu«), er það alveg fráleitt að ályktа af þeim »e contrario«. Hitt er samkvæmt anda og tilgangi ákvæðisins að lögjafna.

Það verður því öllum ljóst, að við skýringu þessa ákvæðis verður að nota »analogi« eða lögjöfnun, en eigi andstæðuályktun.

En svo að jeg haldi mjer við sömu greinina, 2. gr. í kverinu, þá er þar annað atriði, sem ekki er heldur hægt að leggja bókstafsskilninginn í. Þar stendur svo, að landssjóður greiði laun ráðherra, svo og kostnað hans við ferðir á konungsfund. Eftir bókstafnum ber landssjóði ekki að greiða kostnað við utanferðir hans í öðrum erindum. Jafneinstrengingsleg bókstafsskýring og sú, er háttv. þm. Dala. (B. J.) fylgir, mundi hjer leiða til þessa.

En þann veg hefir þingið þó ekki lít-

ið á, því að með lögum frá 2. jan. 1917 er það ákveðið, að landssjóður greiði utanfararkostnað ráðherra, þótt ekki sje á konungsfund.

Þann veg mætti til tína mörg fleiri dæmi úr sjálfum stjórnskipunarlögum vorum, þar sem álitamál er, hvort nota skuli andstæðuályktun eða lögjöfnun við skýringu lagaákvæða. Verður þá jafnan að taka það, sem skynsamlegast þykir og næst tilgangi þeim, er löggjafinn ætlar að ná, eða virðist ætla að ná, með ákvæðum sínum.

Tilgangurinn með varaþingmönnum er fyrst og fremst sá, að aldrei þurfi að vera óskipað sæti aðalþingmanns, enda játar háttv. þm. Dala. (B. J.), að sanngirni mæli með því, að varaþingmaður (S. F.) komi nú í sæti 1. landsk. þm. (H. H.). Eftir Alþ.tilskipun frá 1843 var þetta og svo, að varamaður tók sæti, ef aðalmaður var forfallaður, enda þótt hann væri hvorki dáinn nje farinn til fulls frá. Svo er það og enn um sýslunefndarmenn. Það yrði því að sanna, að stjórnskipunarlögin hefðu beinlínis átt að útiloka hjer gamla viðurkenda reglu, bæði frá ráðgjafarþinginu og sýslunefndum. En sú sönnun er eigi fram komin.

Jeg get því ekki sjeð, að hjer sje um brot á stjórnarskránni að ræða, þótt varaþm. taki sæti forfallaðs aðalmanns, frekar en í dæmum þeim, sem jeg tilnefndi, og fleirum, þar sem ákvæðið er ekki tæmandi og tekur ekkert fram um slíkt tilfelli, sem útkljá þarf. Hjer er að eins tekin líking af svipuðum ákvæðum.

Samkvæmt því, er jeg nú hefi sagt, virðist mjer varaþingmaður (S. F.) geta tekið sætið með fullum rjetti og án þess að stjórnskipunarlögin sjeu á nokkurn hátt brotin.

Þá kem jeg að gagnanyrði háttv. þm. (B. J.) um 41. þm. Þá hefði eins mátt segja, eftir tilskipun frá 1843, að þm. væru 21, 22, eða jafnvel 40, þar sem svo var tilskipað, að varaþm. tæki sæti hvert sinn, er aðalþm. var hindraður, líkt og nú á sjer stað í sýslunefndunum.

Það mætti telja í allan dag samskonar dæmi úr stjórnskipunarlögunum, þar sem vafamál er og skiftar skoðanir um, hvernig skilja beri.

En jeg vildi að eins með þessum orðum mótmæla því, að hjer sje framið brot á stjórnarskránni, þótt varaþm. fái sæti á þinginu.

Frsm. meiri hl. (Bjarni Jónsson): Jeg get verið stuttorður. Háttv. frsm. minni hl. (P. J.) gat þess, að hjer væri um vöntun að ræða í stjórnarskránni. Það kann vel að vera. Jeg benti líka á það í framsögu minni, að betur færi, ef varamaður væri fyrir hvern þm.

En hjer getur ekki verið að ræða um vöntun af gleymsku hjá löggjöfunum, því að slíkt er ekki fátítt, að þm. vanti. En verði þetta talin vöntun, þá tel jeg auðgert að breyta stjórnarskránni og bæta úr göllum hennar, en ekki get jeg fallist á, að bæta úr þeim á þennan hátt.

Aftur á móti mun jeg á sínum tíma verða þeirri breytingu fylgjandi, að varamenn komi fyrir alla þm.

Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) tók að sjer það verk að sýna fram á, að þetta væri ekki brot á stjórnarskránni. Hefir það verið ilt verk, þar eð jafnverkfærum manni reyndist það ofurefli.

Hann byrjar á því, að við sjeum sammála, en bætir svo við, að ekkert ákvæði sje til yfir tilfelli það, sem hjer er um að ræða. Þar virðist hann tala af annarlegum anda, þar sem það er nákvæmlega tiltekið, að varamaður skuli

ekki setjast, nema sæti þm. sje autt, á sama hátt og þegar kjósa þarf þjóðkjörinn þm.

Þá telur hann það engin gögn, sem við, nefndarmennirnir, segjum um málið á fyrri þingum. (**E. A.**: Jú, ef ykkur bæri saman). Það má hann þó vita, að jeg man þetta betur, þar sem honum er kunnugt um minni mitt. Enda man jeg það glögt, að jeg hjelt því fram þá, að varlegra væri að orða síðari hluta greinarinnar eins skýrt og hinn fyrri, til að taka af skarið um það, að sömu ákvæði giltu um landsk. og kjördæmakjörna þm. En einn af nefndarmönnum, Lárus H. Bjarnason, mótmælti því og taldi þess ekki þörf.

Vona jeg, að háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) meti orð samkennara síns um það, að þetta sje rjett skilið hjá mjer. En hann lagði þann skilning í ákvæðið, að það væri tæmandi, eins og það er nú orðað. En vilji menn vefengja orð mín nú, get jeg skírskotað til flokksfunda, sem um málið hafa rætt. Skýrði jeg þar frá því og sýndi fram á, að ákvæði þetta um varaþm. kom fram af þeim ástæðum, að kostnaður og erfiðleikar allmiklir mundu fylgja því að stofna til landskosninga í hvert skifti sem sæti yrði autt. Skyldi því varaþm. setjast í autt sæti. En nú er hjer ekkert sæti autt, því að hver af hv. þm. hefir dáið, hver hefir sagt af sjer þingstörfum? Jeg vil leyfa mjer að beina þeirri spurningu að hæstv. forsætisráðh., hvort hjer sje nokkurt þingsæti autt. Því hefir ekki verið lýst yfir, og engin skjöl hafa verið lögð fram því til sönnunar.

Háttv. 1. landsk. þm. (H. H.) situr því enn þá í sínu sæti, því að með þingsæti meina jeg ekki stól þann, sem þm. situr á, því að ef svo væri, mætti senda veika manninum stólinn heim. (**P. J.**: Þingsæti er stóllinn, sem atkvæði eru greidd frá). Jeg vil enn þá fullyrða, að hjer er ekkert þingsæti autt.

Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) talaði um fjárveitingu til ferðakostnaðar ráðherra. En það er ekki nýtt, þótt með fjárlögum sje ákveðin útgjaldahækkun eða lækkun. Til þess hefir heldur aldrei verið ætlast, að stjórnarskráin yrði notuð fyrir fjárlög, og ákvæði hennar um útgjöld landssjóðs eru engan veginn tæmandi. Það kemur því ekki til mála að taka það ákvæði til samanburðar. En hins má geta, að eins stendur á um tölu þm. Það er hliðstætt dæmi. Þar stendur, að þm. skuli vera 40, en er hvergi bannað, að fleiri sjeu. Hjer stendur, að varaþm. skuli setjast í autt sæti, en er ekki bannað, að tveir skipi sama sætið.

En hvorttveggja virðist jafnfráleitt, meðan hvorki er til lagaheimild nje fyrirskipun um það.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg býst ekki við, að langar tölur þurfi í máli þessu. Háttv. þm. eru víst þegar búnir að ráða við sig, hvern veg þeir ætla að fara.

Jeg stóð því að eins upp til að svara spurningu þeirri, sem að mjer var beint, hvort jeg teldi nokkurt þingsæti autt. Jeg tel þá spurningu ekki heppilega, því að aðalvandinn, sem hjer er um að ræða, er sá, hvort skýra eigi ákvæði stjórnarskrárinnar með lögjöfnun eða ályktun »e contrario«. Og jeg tel það sönnu næst að viðhafa hjer lögjöfnun, enda hefir háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) skýrt það svo ljóslega, að skiljanlegt mun vera flestum, þótt ólöglærðir sjeu.

En hitt er öllum kunnugt, að löglærðir menn deila um margt, og eitt þykir rjett í dag og annað á morgun. Jeg veit það, að háttv. þm. Dala. (B. J.) er vel að sjer í lögum, en í skýr-

ingum sínum er hann talsvert gamaldags og miklu ófrjálslyndari en nú tíðkast meðal lögfræðinga.

Jeg minnist þess ekki, heldur en háttv. frsm. minni hl. (P. J.), að skýring háttv. frsm. meiri hl. (B. J.) á ákvæði þessu hafi komið fram í stjórnarskrárnefndinni, er um þetta fjallaði á sínum tíma. Jeg var einnig í þeirri nefnd og get borið um það, að þetta atriði kom aldrei til umræðu á þann hátt, að stutt gæti skýring hvors hluta kjördeildarinnar sem er, en það er ekki heldur neitt aðalatriði.

Framsm. minni hl. (Pjetur Jónsson): Jeg ætlaði ekki að fara út í það, hver meining löggjafanna hafi verið með þessari grein, hefði ekki hv. þm. Dala (B. J.) haldið því fram, að hún hafi verið hin sama og hans nú.

Jeg minnist þess ekki, að þetta kæmi til orða í nefndinni, eða að hún hefði til umræðu, hve nær varamaður skyldi mæta fyrir þingmann.

En mjer finst greinin bera það með sjer, að hjer hafi verið farið fljótt yfir sögu. Til að sýna fram á það nægir að lesa upp bæði fyrri og síðari hluta greinarinnar (með leyfi hæstv. forseta). Hún hljóðar svo:

»Deyi þingmaður, kosinn óhlutbundinni kosningu, á meðan á kjörtímanum stendur, eða fari frá, þá skal kjósa þingmann í stað hans fyrir það sem eftir er kjörtímans. Verði á sama hátt autt sæti þingmanns, kosins óhlutbundinni kosningu, tekur sæti varamaður sá, er hlut á«.

Þegar hjer er komið, lítur út fyrir, að oss nefndarmönnum hafi alt í einu hugkvæmst, að hvergi er búið að minnast á, að varamenn skuli sitja á þingi í forföllum þingmanna, kosinna hlutbundinni kosningu, og að oss hafi þótt viðkunnanlegra að minnast á þetta dálítið meira og geta þess, að varamenn skuli vera jafnmargir. En það er auðsjeð, að við höfum verið fullmikið að flýta okkur, því að viðbótin er á þessa leið:

» . . . en varamenn skulu vera jafnmargir og þingmenn, kosnir hlutbundnum kosningum, enda kosnir á sama hátt og samtímis«.

Á þessari viðbót, sem eru hin einu ákvæði um varamennina, er furðu mikill flaustursvipur.

Stjórnarskráin er auðvitað vor merkustu lög, en samt er hún ekki gallalaus, fremur en önnur mannaverk, og miður frá mörgu gengið en mátt hefði og átt að vera. Það hefir ekki verið lögð áhersla á, að hjer stæði beinlínis »positiv« ákvæði um varamennina, eða nákvæmari og fyllri ákvæði um það, hve nær þeir mæti. En um þetta hefðu átt að vera sjerstök ákvæði. Nú er reynslan að sýna oss það.

Ætla jeg svo ekki, að þörf sje á lengri umr., því að jeg vona, að ræður háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) og hæstv. forsætisráðherra hafi skýrt nægilega þetta mál frá sjónarmiði okkar, sem viljum, að 1. landsk. varaþm. (S. F.) taki sæti á þessu þingi í stað háttv. 1. landsk. þm. (H. H.)

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg vil að eins leyfa mjer að gera grein fyrir atkvæði mínu í fám orðum.

Öllum háttv. þm. er það vitanlega ljóst, að hjer sitja þingmenn í raun og veru í dómarasæti, er þeir eiga að úrskurða mál eins og þessi, og á það því alls ekki að koma til greina, úr hvaða flokki sá maður er, sem úrskurða á um. Eftir lögunum einum verður hver og einn að sjálfsögðu að fara í þessu efni.

Jeg minnist þess, að jeg hefi áður hjer á þingi greitt atkv. um líkt mál. Þá var spurningin um það, hvort maður úr andstæðingaflokki mínum, Heimastjórnarflokkinum, skyldi taka sæti á þinginu. Mjer fundust lögin mjög ákveðið mæla með því og greiddi því atkv. með. Það var vitanlega sjálfsagt og auðvitað, að allir fari svo að.

Satt að segja er langt frá því, að jeg hafi nokkurn áhuga á að útiloka þetta háttv. þingmannsefni frá þingsæti. Hins vegar er mjer það ljóst, að í þessu máli getur það ekki komið til greina, hvort jeg vil persónulega veita leyfið, heldur að eins hitt, hversu skilja beri stjórnarskrána. Skal jeg lýsa yfir því, að í ákvæði hennar hjer að lútandi get jeg ekki lagt annan skilning en háttv. framsm. meiri hluta 2. kjörbrjefadeildar (B. J.).

Ákvæði stjórnarskrárinnar eru nefnilega mjög ljós í þessu efni. Um þingmenn, kosna óhlutbundnum kosningum, er tekið fram, að í stað þeirra skuli að eins kosið, ef þeir deyi eða fari frá. Hjer er það ljóst, að í þessu sambandi getur »fari frá« ekki þýtt annað en að þeir hætti að vera þingmenn, því að vitanlega fer kosning ekki annars fram. En síðar í greininni segir, að varamaður taki sæti landskjörins þingmanns, ef sæti verði autt á sama hátt. Þar sem skilningurinn á »fer frá« er ótvíræður, þá er enginn vafi á því, sbr. tilvísunina, að varamaður á engan rjett á að taka sæti nema aðalmaður sje ekki lengur þingmaður, sbr. og að sæti sje »autt«, sem getur ekki þýtt annað en að þingmann vanti í sætið.

Mjer virðist líka, þegar litið er á allar ástæður, að úr því að ekki eru til varamenn þjóðkjörinna þingmanna, að þá sje ekki full ástæða til, að varamenn landskjörnir skuli taka sætið, þótt þingmaður sje veikur um hríð. Þessir landskjörnu varaþingmenn eru settir til þess, að ekki þurfi að setja kosninga-»apparatið« á stað, þótt einn landskjörinn þingmaður deyi eða fari frá. Skilningur sá, sem hjer hefir verið haldið fram, felst því ekki að eins beint í orðunum, en er einnig í fullu samræmi við anda laganna.

Jeg vildi að eins gera stuttlega grein fyrir atkvæði mínu. Mjer virðist þessi stjórnarskrárgrein úttæmandi um það, hve nær varamaður hafi rjett til að taka sæti aðalmanns, en það er að eins þegar aðalmaðurinn er hættur að vera þingmaður, hvort sem það er dauðinn eða aðrar orsakir sem valda því.

Frsm. meiri hl. (Bjarni Jónsson): Stutt athugasemd. Tveir háttv. þingm., hæstv. forsætisráðherra og háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) hafa farið rangt með það, sem jeg sagði í stjórnarskrárnefndinni. Jeg sagði ekki, að þar hefði komið til orða líkt tilfelli og þetta, heldur hitt, hvort orðin »deyi« eða »fari frá« skyldu endurtekin í síðari hlutanum eða eigi. Um það átti jeg orðastað við Lárus H. Bjarnason, með þeirri niðurstöðu, er jeg sagði áður. Þetta er satt og rjett, enda hafa þessir háttv. þingmenn ekki neitað því, að jeg hafi sagt þetta, heldur hafa þeir fyrst gert mjer upp orð og síðan neitað þeim.

ATKVGR.

Svo látandi tillaga frá minni hluta 2. kjördeildar:

Beiðni 1. landskjörins þingmanns (H. H.) um, að varamaður hans, Sigurjón Friðjónsson, fái sæti í stað hans á þessu þingi, fái samþykki þingsins

samþ. með 20:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. St., E. P., E. A., E. Árna., E. J., G. Sv., G. G., G. B., Jóh. Jóh., J. J., J. M., M. G., M. K., M. P., P. J., S. S., S. St., S. F., St. St., Þór. J.

nei: B. Sv., B. J., G. Ó., H. K., H. Sn., J. B., K. D., K. E., M. T., P. O., P. Þ., S. E., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Ó. B.

B. K. og S. J. greiddu ekki atkv.

Tveir þm. (H. St. og M. Ó.) ókomnir til þings.

Eiður unninn.

Að þessu loknu vann Sigurjón Friðjónsson lögboðinn eið að stjórnarskránni.

Kosning forseta.

Þá ljet aldursforseti fram fara kosningu forseta sameinaðs Alþingis, og fjell kosningin svo, að

Jóhannes Jóhannesson hlaut 18 atkv. og
Kristinn Daníelsson 18 — ,
en 2 seðlar voru auðir.

Var því kosningin endurtekin, og fór svo, að

Jóhannes Jóhannesson hlaut 19 atkv. og
Kristinn Daníelsson 18 — ,
en 1 seðill var auður.

Lýsti aldursforseti þá yfir því, að kjörinn væri forseti sameinaðs Alþingis

Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf.,

með 19 atkv.

Hinn nýkjörni forseti tók forsetasæti og ljet síðan kjósa varaforseta sameinaðs Alþingis.

Fór kosningin á þessa leið:

Við fyrstu kosningu hlaut

Einar Arnórsson	17 atkv.
Magnús Torfason	17 —
Kristinn Daníelsson	1 —
Magnús Guðmundsson	1 — ,

en 2 seðlar voru auðir.

Var þá kosningin endurtekin, og fór þá svo, að

Einar Arnórsson hlaut 18 atkv. og
Magnús Torfason 18 atkv.,
en 2 seðlar voru auðir.

Fór þá fram bundin kosning milli Einars Arnórssonar og Magnúsar Torfasonar, og urðu úrslitin söm sem við 2. kosningu.

Ljet forseti þá varpa hlutkesti milli þeirra á þann hátt, að skrifarinn til hægri handar forseta, Sigurður Stefánsson, skyldi taka úr hlutkestiskassanum tölu fyrir Einar Arnórsson, en skrifarinn vinstra megin, Þorleifur Jónsson, tölu fyrir Magnús Torfason, en sá, er hærri tölu hlyti, skyldi talinn kosinn.

Hlutkestið fór svo, að fyrir Magnús Torfason kom upp talan 14, en fyrir Einar Arnórsson talan 7.

Lýsti þá forseti yfir því, að kosinn væri varaforseti sameinaðs Alþingis

Magnús Torfason, þm. Ísaf.,

með 18 atkv.

Kosning skrifara.

Því næst var gengið til kosninga á skrifurum sameinaðs þings.

Samkvæmt beiðni nokkurra þingmanna var hlutfallskosning viðhöfð.

Fram komu tveir listar, og var ekki nema einn maður á hvorum, Þorleifur Jónsson á A-lista og Sigurður Stefánsá B-lista.

Lýsti forseti því kjörna skrifara sameinaðs þings þá

Þorleif Jónsson, þm. A.-Sk., og
Sigurð Stefánsson, þm. N.-Ísf.

Kjörbrjefanefnd.

Að því loknu ljet forseti kjósa kjörbrjefanefnd, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkvæmt ósk nokkurra þingmanna.

Tveir listar voru bornir fram. Voru á þeim, er merktur var A: Ólafur Briem, Magnús Torfason og Bjarni Jónsson, en á hinum, B-listanum, voru: Pjet-

ur Jónsson, Sigurður Stefánsson og Eggert Pálsson.

Kosningin fjell svo, að
A-listinn hlaut 18 atkv. og
B- — 16 — ,
en 4 seðlar voru auðir.

Lýsti forseti þá kosna í kjörbrjefanefnd:
Ólaf Briem,
Pjetur Jónsson,
Magnús Torfason,
Sigurð Stefánsson og
Bjarna Jónsson.

B.

Í efri deild.

Að loknum 1. fundi sameinaðs þings var fyrsti fundur Ed. settur.

Deildina skipuðu þessir þingmenn:

A. Landskjörnir:

1. Sigurður Eggerz, 2. landsk. þm.
2. Sigurður Jónsson, 3. landsk. þm.
3. Guðjón Guðlaugsson, 4. landsk. þm.
4. Hjörtur Snorrason, 5. landsk. þm.
5. Guðmundur Björnson, 6. landsk. þm.
6. Sigurjón Friðjónss., 1. landsk. varaþm.

B. Kjördæmakjörnir:

1. Eggert Pálsson, 1. þm. Rang.
2. Guðmundur Ólafsson, 2. þm. Húnv.
3. Halldór Steinsson, þm. Snæf.
4. Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf.
5. Karl Einarsson, þm. Vestm.
6. Kristinn Daníelsson, 2. þm. G.-K
7. Magnús Kristjánsson, þm. Ak.
8. Magnús Torfason, þm. Ísaf.

Voru allir deildarmenn á fundi nema Halldór Steinsson, þm. Snæf., en hann var ekki enn til þings kominn.

Elsti þingmaður deildarinnar, Sigurður Jónsson, 3. landsk. þm., tók forsetasæti og kvaddi sjer til aðstoðar sem fundarskrifara þá Magnús Torfason, þm. Ísaf., og Eggert Pálsson, 1. þm. Rang.

Kosning forseta og skrifara.

Aldursforseti ljet því næst ganga til kosninga um forseta deildarinnar.

Kosningu hlaut
Guðmundur Björnson, 6 landsk. þm. með 7 atkv. 6 seðlar voru auðir.

Hinn nýkjörni forseti gekk þá til forsetastóls og þakkaði deildinni traust það, er hún hefði sýnt sjer með því að fela sjer enn á hendur þennan starfa.

Þá ljet forseti ganga til kosninga um fyrri varaforseta.

Kosningu hlaut
Guðmundur Ólafsson, 2. þm. Húnv., með 7 atkv. Guðjón Guðlaugsson hlaut 6 atkv.

Því næst ljet forseti fram fara kosningu annars varaforseta. Fór kosningin á þá leið, að
Karl Einarsson hlaut 6 atkv.,
Magnús Kristjánsson 4 — ,
Guðjón Guðlaugsson 2 — ,
en 1 seðill var auður.

Var kosningin því endurtekin, og fjell þá svo, að

Karl Einarsson hlaut 7 atkv.,
Magnús Kristjánsson 5 — ,

en 1 seðill var auður.

Lýsti forseti þá yfir því, að kosinn væri annar varaforseti

Karl Einarsson, þm. Vestm.,

með 7 atkv.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu.

Tveir listar komu fram.

Á öðrum, er forseti merkti A, var Hjörtur Snorrason, en á hinum, er auðkendur var B, stóð Eggert Pálsson.

Forseti lýsti því kosna skrifara deildarinnar þá

Hjört Snorrason, 5. landsk. þm. og
Eggert Pálsson, 1. þm. Rang.

Sætaskipun.

Að tillögu forseta voru samþykt án atkvgr. þau afbrigði frá þingsköpum, að hluta nú eigi af nýju um sæti deildarmanna, en láta sætaskipun frá tveim síðustu þingum haldast óbreytta — með því að forseti og skrifarar eru hinir sömu sem þá — að öðru leyti en því, að sæti 1. landsk. þm. (H. H.) skyldi taka 1. landsk. varaþm. (S. F.).

(Sjá Alþt. 1916—1917, B. II. bls. 10).

Stjórnarfrumvörp lögð fram.

Á 2. fundi deildarinnar, þriðjudaginn 16. apríl, skýrði forseti frá, að atvinnumálaráðherra legði fyrir deildina af hálfu stjórnarinnar þessi lagafrumvörp:

1. Frv. til laga um viðauka við lög 1. febr. 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðnum (1).
2. — til laga um viðauka við lög 1. febr. 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðnum (2).
3. Frv. til laga um heimild handa landsstjórninni til að fyrirskipa fráfærur ásauðar (3).

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg vil leyfa mjer að leggja fram fyrir háttv. Ed. tvö frumvörp til laga um viðauka við lög 1. febrúar 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðnum, og frumvarp til laga um heimild handa landsstjórninni til að fyrirskipa fráfærur ásauðar. Jeg vænti þess, að frv. þessi nái samþykki hins háa Alþingis.

Kosning fastanefnda.

Á 3. fundi deildarinnar, miðvikudaginn 17. apríl, var látin fram fara kosning fastanefnda samkvæmt 16. gr. þingskapanna, að viðhafðri hlutfallskosningu.

Við kosningu hverrar nefndar var ekki borinn fram nema einn listi, og voru á listanum jafnmargir menn og kjósa skyldi í hverja nefnd. Kosning í allar nefndirnar fór því fram án atkvgr.

Í nefndirnar voru kjörnir:

1. Fjárhagsnefnd.

Magnús Torfason,
Halldór Steinsson og
Guðmundur Ólafsson.

2. Fjárveitinganefnd.

Jóhannes Jóhannesson,
Hjörtur Snorrason,
Eggert Pálsson,
Karl Einarsson og
Magnús Kristjánsson.

3. Samgöngumálanefnd.

Guðjón Guðlaugsson,
Hjörtur Snorrason,

Halldór Steinsson,
Kristinn Daníelsson og
Sigurjón Friðjónsson.

4. Landbúnaðarnefnd.

Sigurjón Friðjónsson
Guðmundur Ólafsson og
Hjörtur Snorrason.

5. Sjávarútvegsnefnd.

Magnús Kristjánsson,
Kristinn Daníelsson og
Karl Einarsson.

6. Mentamálanefnd.

Eggert Pálsson,
Kristinn Daníelsson og
Guðmundur Ólafsson.

7. Allsherjarnefnd.

Guðjón Guðlaugsson,
Magnús Torfason og
Jóhannes Jóhannesson.

C.

Í neðri deild.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur þá er sameinað Alþingi hafði lokið störfum á 1. fundi, og þeir þingmenn voru til efri deildar gengnir, er þar áttu sæti.

Sátu þessir þingmenn neðri deild:

1. Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þ.
2. Bjarni Jónsson, þm. Dala.
3. Björn Kristjánsson, 1. þm. G.-K.
4. Björn Stefánsson, 2. þm. S.-M.
5. Einar Arnórsson, 2. þm. Árn.
6. Einar Árnason, 2. þm. Eyf.
7. Einar Jónsson, 2. þm. Rang.
8. Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk.
9. Hákon Kristófersson, þm. Barð.
10. Jón Jónsson, 1. þm. N.-M.
11. Jón Magnússon, 2. þm. Reykv.
12. Jörundur Brynjólfsson, 1. þm Reykv.
13. Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf.
14. Magnús Pjetursson, þm. Stranda.
15. Matthías Ólafsson, þm. V.-Ísf.
16. Ólafur Briem, 2. þm. Skagf.
17. Pjetur Jónsson, þm. S.-Þ.
18. Pjetur Ottesen, þm. Borgf.
19. Pjetur Þórðarson, þm. Mýra.
20. Sigurður Sigurðsson, 1. þm. Árn.
21. Sigurður Stefánsson, þm. N.-Ísf.
22. Stefán Stefánsson, 1. þm. Eyf.
23. Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M.
24. Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk.
25. Þorsteinn Jónsson, 2. þm. N. M.
26. Þórarinn Jónsson, 1. þm. Húnv.

og voru allir á fundinum nema Matthías Ólafsson, þm. V.-Ísf, er ókominn var vestan um haf.

Forsætisráðherra kvaddi elsta þingmann deildarinnar, Ólaf Briem, 2. þm. Skagf., til að stýra fundi.

Aldursforseti tók við fundarstjórn og kvaddi sjer til aðstoðar sem fundarskrif-

ara, Gísla Sveinsson, þm. V.-Sk., og Þorstein Jónsson, 2. þm. N.-M.

Kosning forseta og skrifara.

Því næst ljet aldursforseti ganga til kosninga um forseta deildarinnar.

Kosningu hlaut

Olafur Briem, 2. þm. Skagf.

með 19. atkv. 6 seðlar voru auðir.

Forseti: Jeg vil leyfa mjer að þakka fyrir traust það og heiður, sem mjer er sýnt með kosningu þessari.

Þá var látin fram fara kosning fyrri varaforseta.

Kosningin fór svo, að

Benedikt Sveinsson hlaut 12 atkv. og

Magnús Guðmundsson 12 — ,

en 1 seðill var auður.

Var þá kosið á ný, og fór að öllu leyti á sömu leið.

Þá ljet forseti varpa hlutkesti, og kom upp hlutur Magnúsar Guðmundssonar.

Forseti lýsti þá kjörinn fyrri varaforseta deildarinnar

Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf, með 12 atkv.

Þá var kosinn 2. varaforseti deildarinnar, og hlaut kosningu

Bjarni Jónsson, þm. Dala.,

með 7 atkv. Benedikt Sveinsson hlaut 1 atkv., Pjetur Þórðarson 1 atkv., Sigurður Stefánsson 1 atkv., Stefán Stefánsson 1 atkv. og Þórarinn Jónsson 1 atkv., en 13 seðlar voru auðir.

Þessu næst var gengið til kosninga á skrifurum deildarinnar og hlutfallskosning viðhöfð.

Tveir listar komu fram. Á öðrum, er merktur var A, stóð Þorsteinn Jónsson, en á hinum, B-listanum, var Gísli Sveinsson.

Lýsti forseti þá rjett kjörna skrifara deildarinnar

Þorstein Jónsson, 2. þm. N.-M., og

Gísla Sveinsson, þm. V.-Sk.

Sætaskipun.

Forseti ljet í ljós, að sætaskipun í deildinni mundi geta haldist óbreytt, og yrðu þau afbrigði frá þingsköpum talin samþ. án atkvgr., ef enginn mælti í móti.

Mótmæli komu fram, og var þá til atkvæða gengið um, hvort þessi afbrigði skyldu leyfð.

Afbrigðin feld, með því að eigi fekst fyrir þeim lögmæltur meiri hluti.

Var þá hlutað um sæti deildarmanna, og fór á þessa leið:

5. sæti hlaut Bjarni Jónsson.
6. — — Sigurður Stefánsson.
7. — — Björn Stefánsson.
8. — — Sigurður Sigurðsson.
9. — — Einar Arnórsson.
11. — — Þórarinn Jónsson.
12. — — Pjetur Jónsson.
13. — — Hákon Kristófersson.
14. — — Benedikt Sveinsson.
15. — — Magnús Guðmundsson.
16. — — Pjetur Þórðarson.
17. — — Sveinn Ólafsson.
18. — — Einar Jónsson.
19. — — Jörundur Brynjólfsson.
20. — — Þorleifur Jónsson.
21. — — Jón Jónsson.
22. — — Björn Kristjánsson.
23. — — Einar Árnason.
24. — — Stefán Stefánsson.
25. — — Magnús Pjetursson.
26. — — Pjetur Ottesen.

Eftir varð þá 10. sæti, ætlað Matthíasi Ólafssyni, er eigi var til þings kominn.

Stjórnarfrumvörp lögð fram.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg vil leyfa mjer að leggja fyrir þessa háttv. deild:

1. Frv. til laga um breyting á lögum 15. okt. 1875, um laun íslenskra embættismanna, lögum 3. okt. 1903, um skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands, og lögum 20. okt. 1913, um stofnun hagstofu Íslands (5).
2. Frv. til laga um skipun barnakennara og laun þeirra (6).

Jeg finn enga ástæðu til að orðlengja um þessi frv. nú. Jeg býst við, að hæstv. fjármálaráðherra muni leggja fram frumvarp til laga um almenna hjálp vegna dýrtíðarinnar og jafnframt skýra þessari háttv. deild frá fjárhag landsins.

Fjármálaráðherra (S. E.): Um leið og jeg get þess, að jeg legg fyrir háttv. deild frv. til laga um almenna hjálp vegna dýrtíðarinnar (4), vil jeg leyfa mjer að skýra í stórum dráttum frá fjárhag landsins. Jeg mun fyrst gera grein fyrir fjárhagstímabilinu 1916 og 1917. En læt þess þó getið, að greinargerðin fyrir 1917 er að eins til bráðabirgða og getur breyst, bæði af því, að póstmeistari og símastjóri hafa að eins gert bráðabirgðaskil, og svo vegna þess, að reikningur var ókominn frá landsfjehirði, sem vonlegt var. Jeg mun þar næst gera bráðabirgðagreinargerð fyrir landssjóðnum 1917, og í mjög stórum dráttum skýra frá breytingum á sjóðnum til 8. þm. Þá mun jeg gefa yfirlit yfir öll lán landssjóðs, bæði eldri og yngri. Og loks mun jeg víkja nokkrum orðum að framtíðarhorfunum.

Jeg vík þá fyrst að fjárhagstímabilinu 1916—1917.

Tekjurnar 1916 voru samkv. fjárlögum áætlaðar	kr.	2,073,825,00
en reyndust	—	3,267,533,35
Tekjur fram yfir áætlun voru því á þessu ári	—	1,193,708,35
Þessi hækkun er aðallega fólgin í verðhækkunartollinum, sem ekki var tekinn á áætlun	—	523,588,99
Og auk þess var hækkun á þessum liðum:		
1. Símatekjum	—	197,000,00
2. Kaffi- og sykurtolli	—	55,000,00
3. Aðflutningsgjaldi	—	32,000,00
4. Tóbakstolli	—	90,000,00
5. Útflutningsgjaldi	—	63,000,00
6. Leyfisbrjefagjaldi	—	5,000,00
7. Tekjuskatti	—	28,000,00
8. Tekjum af Landsbankanum og Íslandsbanka	—	9,000,00
og nokkrum fleiri liðum, en nálega enginn liður var undir áætlun.		
Tekjur 1917 voru áætlaðar	—	2,134,375,00
en reyndust	—	3,115,528,63
Tekjur fram yfir áætlun voru því	—	981,153,63
Þessi hækkun er fólgin í:		
1. Sykurtolli	—	300,000,00
2. Símatekjum	—	280,000,00
3. Tekjuskatti	—	100,000,00
4. Ábúðar- og lausafjárskatti	—	50,000,00
5. Tekjum af Íslandsbanka og Landsbankanum	—	75,000,00

6. Verðhækkunartolli . . . . . kr. 244,000,00
og nokkrum fleiri smáliðum, en 2 tekjugreinar aðallega voru undir áætlun og koma því til frádráttar framantöldum hækkunum.
Útflutningsgjald . . . . . — 72,000,00
Vörutollur . . . . . — 188,000,00
Tekjur fram yfir áætlun á fjárhagstímabilinu hafa því bæði árin numið . . . . . — 2 174,861,98
Yfirleitt hafa tekjurnar ráðist eftir vonum, og eiginlega fram yfir vonir, en hins vegar verður því ekki neitað, að útgjaldahliðarnar eru mjög háar, og mun jeg nú víkja að þeim.
Gjöldin 1916 eru samkvæmt fjárlögunum gerð . . . . . kr. 2,234,756,53
en samkvæmt landsreikningnum eru þau . . . . . — 3,124,511,93
Mismunur kr. 889,755,40
Af þessari upphæð er greitt samkvæmt öðrum lögum en fjárlögum og samkvæmt þingsályktunartillögum . . . . . — 658,339,59
Mismunur kr. 231,415,81
Framyfirgreiðslur á árinu 1916 eru því samkvæmt þessu:
1. Hækkanir á venjulegum fjárlagaliðum . . . . . — 231,415,81
2. Greiðslur samkvæmt þingsályktunartillögum og öðrum lögum en fjárlögum . . . . . — 658,339,69
Samtals kr. 889,755,40
En niðurstaðan af árinu er í raun og veru verri en þetta, af því að ýmsar greiðslur, sem tilheyra árinu 1916, hafa farið fram á árinu 1917; þannig hefir dýrtíðaruppbót starfsmanna landsins verið greidd á því ári . . . . . — 422,344,01
og enn fremur hafa fallið á það ár — auk nálega alls alþingiskostnaðarins — greiðslur samkvæmt fjáraukalögum, sem að rjettu lagi ættu að líku leyti að koma á bæði árin. Svo að óhætt er að bæta við útgjöld ársins 1916 . . . . . — 480,000,00
og yrðu þá útgjöldin fram yfir áætlun . . . . . kr. 1,369,755,40
Að því er snertir sundurliðun á hækkun þessari, þá er hún, að því er snertir eiginlega fjárlaga-útgjaldaliði, fólgin í þessum hækkunum:
1. Útgjöldum viðvíkjandi læknaskipuninni . . . . . — 48,719,43
2. —— til samgöngumála . . . . . — 86,980,00
3. Óvissum útgjöldum . . . . . — 15,000,00
og ýmsar smáhækkanir á fleiri liðum.
Aðalhækkunin stafar, eins og áður er tekið fram, af greiðslum eftir öðrum heimildum en beinum fjárlagaheimildum. Landsreikningurinn sýnir þetta, og þykir því ekki ástæða að fara nákvæmlega inn á það; að eins þykir rjett að taka fram, að í þessum framyfirgreiðslum eru fólgnar:
1. Til Reykjavíkurhafnar . . . . . — 170,000,00
2. — hafnargerðar í Vestmannaeyjum . . . . . — 179,000,00
3. — Landsbankans . . . . . — 100,000,00

4. Til landsverslunarinnar	kr.	195,520,00
en sú upphæð er afturkræf, og má því draga hana frá útgjöldunum, þannig, að sú eiginlega útgjaldaupphæð þá verður	—	*1,179,235,40*
Að því er árið 1917 snertir, þá voru gjöldin á því ári gerð í fjárlögum	—	2,261,412,89
en samkvæmt bráðabirgða-uppgerð, sem farið hefir fram, hafa gjöldin reynst	--	5,055,638,24
og er mismunurinn þá	—	2,794,225,35
en af upphæð þeirri eru greiddar samkvæmt öðrum lögum en fjárlögum	—	1,806,905,00
Mismunur	kr.	987,320,35

sem eru hækkanir á eiginlegum fjárlagaútgjaldaliðum. Þessar hækkanir á sjálfum fjárlagaliðum eru aðallega fólgnar í:

1. Til æðstu stjórnar landsins	kr.	118,000,00
2. Þingkostnaður	—	94,933,00
3. Ýmisleg útgjöld samkv. 11. gr. B.	—	87,768,00
4. Til læknaskipunar	—	107,202,00
5. Hraðskeyti og símskeytakostnaður	—	182,232,00
6. Óviss útgjöld	—	251,425,00

Um hækkanir þessar skal tekið fram:

Að 1. Stafar aðallega af viðgerð á stjórnarráðshúsinu. Hefir verið bygður á það kvistur, og auk þess hefir það verið að mestu endurbygt að innanverðu. Kom í ljós, þegar húsið var rifið að innan, að það hefði verið hin mesta óhollusta að búa í húsinu lengur; voru rottuhreiður á milli þilja o. s. frv.

Að 2. Sjálfsagður kostnaður.

Að 3. Hjer í er falinn styrkur til sjúklinga sveitarfjelaga, er liggja í sjúkrahúsum, eftirlitsferðir o. fl.

Að 4. Sú upphæð aðallega fólgin í hækkandi kolaverði.

Að 5. 120 þúsund kr. af upphæð þessari þyrfti ekki að telja hjer, þar sem sú upphæð á eiginlega að greiðast af símaláni.

Að 6. Með því að hjer er um svo háa upphæð að ræða, þykir mjer rjett að láta fylgja sundurliðun á henni, og er hún á þessa leið:

1. Tjörnesnáman	kr.	138,298,00
2. Kostnaður og laun B. Sigurðssonar í London	—	19,313,20
3. Sjóðþurð Guðlaugs Guðmundssonar bæjarfógeta	—	23,388,37
4. Sendiför til Englands til samninga	—	10,845,00
5. För Ól. Johnsons til Ameríku	—	3,488,00
6. Kostnaður við verðlagsnefnd	—	9,680,00
7. Rán og Ingólfur: Bátaleit	—	4,540,00
8. Endurgreiddir tollar	—	7,452,00
9. Vextir og afborgun af Landsbankarústunum	—	7,187,00
10. Prentun eyðublaða o. fl.	—	12,154,00

11. Málskostnaður	kr.	2,401,00
12. Kolanámurannsóknir	—	3,612,00
13. Auglýsingakostnaður	—	1,184,00
14. Ýmsar dýrtíðarráðstafanir (vörutalning, bakarasv. uppb. o. fl.)	—	1,465,00
Ýmsar venjulegar greiðslur	—	6,418,00
	kr.	251,425,00

Er Tjörnesnáman aðalliðurinn í hækkuninni á óvissu útgjöldunum. Mun atvinnumálaráðherrann, ef óskað yrði síðar á þinginu, geta gefið skýrslu um hag námunnar. Vil jeg láta þess getið, að vegamálastjóra *Geir Zoëga* hefir nú verið falin umsjón hennar, og er hann að rannsaka alla reikninga hennar. Eins og kunnugt er, var námurekstri þessum haldið áfram, að beinni áskorun þingsins, enda eðlilegt, að þingið vildi einkis láta ófreistað til þess að útvega landinu innlendan eldivið.

Þá mintist jeg áðan á, að aðalhallinn stafaði af greiðslum samkvæmt þingsályktunum og öðrum lögum en fjárlögum, og þar sem sú upphæð er svo há, eða 1,806,905 kr., þá þykir rjett að sundurliða þessa upphæð.

Aftur á móti má geta þess, að landssjóði voru eigi reiknaðir vextir, þegar reikningur landsverslunar síðast var gerður upp, 1. maí f. á., og þar sem sú upphæð, *kr. 79,124,17*, hefir verið greidd af tekjum þessa árs, þá hafa tekjurnar í raun rjettri verið því hærri þetta reikningsár.

Eins og yfirlit þetta sýnir, þá er hagurinn af versluninni kr. 1,073,381,92.

Jeg mun þá víkja að skýrslunni um skipin. Í efnahagsyfirlitinu er skuld þeirra við landssjóð talin um áramót 3,553,417 kr. 20 a., en bókfært verð þeirra er á þessa leið:

1. Sterling, með áhöldum	kr.	704,202,67
2. Villemoes, með áhöldum	—	1,177,046,04
3. Borg, með áhöldum	—	1,140,719,8
Samtals	kr.	3,021,967,89

Mismunurinn á hinu bókfærða verði og fje því, sem lagt hefir verið til skipanna, er þannig kr. 531,449,31.

Af upphæð þessari er fyrirfram greitt fyrir »Assurance« og kol fje, sem tilheyrir næsta ári, kr. 292,835,06, en kr. 238,614,25, eða mismunurinn, er tekjuhalli sá, sem orðið hefir á skipunum. Mun jeg nú lesa upp aðalreikning yfir tekjur og gjöld skipanna, og er hann á þessa leið:

Aðalreikningur yfir tekjur og gjöld landssjóðsskipanna árið 1917.

Gjöld:

1. Tap á rekstri e.s. Sterling til 31. des. 1917	kr.	17,186,75
2. Tap á rekstri e.s. Borg til 31. des. 1917	—	335,148,13
	kr.	352,334,88

Tekjur:

Tekjur af rekstri e.s. Villemoes til 31. des. 1917	kr.	113,720,63
	kr.	113,720,63
Meiri gjöld en tekjur	—	238,614,25
	kr.	352,334,88

Reikning þennan hefir stjórn Eimskipafjelagsins samið. Eins og reikningarnir bera með sjer, er gróði á Villemoes, og í raun og veru er einnig smágróði á Sterling, þegar landssjóðsstyrkurinn, ca. 30 þús. kr., er bætt við, en aðaltapið er á Borg. Jeg skal ekki fara inn á það hjer að skýra frá, hvernig á því tapi stendur, enda heyrir það ekki beinlínis undir mitt verksvið, en jeg hygg, að ein af aðalástæðunum til tapsins sje hin langdræga för til Englands, sem skipið fór, en um þetta mun gefin skýrsla á öðrum stað.

Hinu býst jeg við, og það segi jeg eftir viðtali við forstjóra Eimskipafjelagsins, að horfurnar um hag skipanna sjeu góðar næsta ár, enda er það vitanlegt, að af skipunum þarf líka að afskrifa, þótt hins vegar megi nú segja, að bæði vegna hins mikla skipatjóns, sem orðið hefir vegna stríðsins, og vegna hinnar knýjandi flutningsnauðsynjar, þá muni skipin nú vera allmiklu meira virði en þegar þau voru keypt, og hygg jeg, að stefna sú, sem þingið 1916—1917, aukaþingið, þá tók í þá átt að kaupa skipin, hafi verið mjög holl. Því undir engu á þetta land meir framtíð sína en flutningatækjunum.

Þegar hagur landsverslunarinnar og skipanna er gerður upp í einu, sem rjett virðist, þá verður gróðinn alls	kr.	1,073,381,92
	÷ —	238,614,25
eða samtals	kr.	834,767,67

Og ef sá gróði er lagður saman við það, sem var í sjóði 1. janúar 1917, þá verður það samtals kr. 1,884,955,59. Og ef sú upphæð er dregin frá tekjuhallanum 1917, þá verður afgangurinn kr. 55,154,02, en það er sú upphæð, sem samkv. bráðabirgðauppgerðinni ætti við áramót að vera orðin eyðslufje af lánum landssjóðs hinum nýju. Ef svo fer, sem gert er ráð fyrir í athugasemd endurskoðenda við landsreikninginn, bætast hjer við kr. 95,000,00, og yrði þá upphæðin, sem í eyðslu væri farin, kr. 150,154,02.

Eins og bráðabirgðayfirlitið hjer að framan sýnir, var æðimikið fje til umráða við áramót, bæði í bönkum og hjá landsfjehirði. Með því að allmikið af fje þessu, er nú er orðið bundið, og hins vegar hafa bæst við ný lán, þá þykir rjett að skýra lauslega frá sjóðbreytingunni. En þessi skýrsla er aðallega til að sýna aðalsveiflurnar í sjóðnum, en hins vegar vantar gögn bæði frá Danmörku og annarsstaðar frá, til þess að hægt sje að gera þá skýrslu nákvæma.

Um tekjur landssjóðs á þessu tímabili er ekki hægt að segja neitt, en vitanlega eru þær sáralitlar. Peningar í bönkum og hjá landsfjehirði voru í ársbyrjun 1918 . . . . . kr. 7,375,492,46
Lán tekin á árinu . . . . . — 2,585,000,00
Samtals kr. 9,960,492,46

Gjöld:

Greiddir víxlar landsverslunarinnar	kr.	2,000,000,00
Greitt vegna sömu erlendis	—	500,000,00
Greiddir skipakaupavíxlar	—	2,360,000,00
Skuld til ríkissjóðs Dana	—	755,000,00
Bráðabirgðalán vegna dýrtíðarinnar	—	160,000,00
Keypt síldarmjöl	—	56,900,00
Til Hafnarfjarðarvegarins	—	89,000,00
Vinnulaun fyrir grjótvinnu	—	61,250,00
Innieign norræna ritsímafjelagsins (hjer um bil)	—	100,000,00
Til símalagninga	—	85,500,00
Tjörnesnáman (hjer um bil)	—	30,000,00
Samkvæmt fjáraukalögum	—	20,000,00
Í bönkum og hjá landsfjehirði	—	3,387,991,16
Samtals	kr.	9,605,641,16

Auk þess er enn óvíst um greiðslur í Kaupmannahöfn, og ýmsar venjulegar greiðslur hafa ekki verið gerðar upp enn.

Auk fjár þess, sem til umráða er 8. apríl, hefir landsstjórnin samið svo við Íslandsbanka og Landsbankann, að hún getur, ef á þarf að halda, tekið alt að 1 milj. í þeim fyrnefnda og alt að ½ milj. í þeim síðarnefnda.

Lánin, sem tekin eru eftir nýár, eru aðallega 2 milj. til landsverslunarinnar, en þá upphæð hafði landssjóður útvegað landsversluninni með víxlum, sem verslunin annaðist um. Eftir nýár borgaði landssjóður víxlana, og hefir hann nú veitt landsversluninni ca. 8 milj. kr. lán alls, sem landsverslunin borgar venjulega vexti af.

Til skýringar mun jeg nú leyfa mjer að telja upp öll lán landssjóðs, bæði gömlu og nýju lánin, og skýra frá kjörum þeim, sem þau eru tekin með.

Skýrsla sú er á þessa leið:

Skýrsla um lán og skuldir landssjóðs 31. desember 1917:

1. Lán úr ríkissjóði Danmerkur, tekið 1908, til 15 ára, til símalagninga, með 4% vöxtum, upphaflega 500,000 kr. Eftirstöðvar	kr.	233,333,31
2. Lán tekið 1909 hjá dönskum bönkum, til		
Flyt	**kr.**	**233,333,31**

	Flutt	kr.	233,333,31	
	30 ára, til kaupa á 3. fl. bankavaxtabrjefum Landsbankans, með 4½% vöxtum, upprunalega 1½ milj. Eftirstöðvar . .	—	1,075,000,00	
3.	Lán hjá Lífsábyrgðarstofnuninni í Kaupmannahöfn, tekið 1912, til 30 ára, til kaupa á 3. fl. bankavaxtabrjefum Landsbankans, með 4½% vöxtum. Upprunalega kr. 250,000. Eftirstöðvar	—	212,499,98	
4.	Lán hjá dönskum bönkum, tekið 1912, til 15 ára, vegna sjerstakra útgjalda (Reykjavíkurhöfn o. fl.), með 4½% vöxtum, upprunalega 500,000 kr. Eftirstöðvar	—	333,333,33	
5.	Ritsímalánið 1913, tekið til 30 ára, með 4½% vöxtum, hjá Stóra norræna ritsímafjelaginu, upprunalega 500,000 kr. Eftirstöðvar	—	465,210,33	
6.	Ritsímalán hjá Landsbankanum, til 25 ára, með 6% vöxtum, upprunalega 100 þús. kr. Eftirstöðvar	—	96 000,00	
				kr. 2.415,376,95
7.	Ritsímalán hjá Stóra norræna ritsímafjelaginu, 28. mars 1917, til 30 ára, með 5% vöxtum, innborgað með 99%, upprunalega 500,000 kr. Eftirstöðvar	—	496,323,33	
8.	Lán hjá h.f. »Hauk«, með 5% vöxtum eftir á árlega, tekið 1. október 1917 . .	—	514,000,00	
9.	Lán hjá h.f »Bragi«, tekið 1. okt. 1917, með 5% vöxtum árlega eftir á	—	626,666,67	
10.	Lán hjá h.f. »Ísland« með sömu kjörum	—	626,666,67	
11.	Lán hjá eigendum »Þórs« með sömu kjörum	—	263,200,00	
12.	Lán hjá h.f. »Eggert Ólafsson« með sömu kjörum	—	501,333,34	
13.	Lán hjá h.f. »Hákon jarl« með sömu kjörum	—	250,666,67	
14.	Lán hjá Handelsbanken, til 10 ára í lengsta lagi, með veði í skipum landssjóðs »Willemoes«, »Sterling« og »Borg«, tekið 21. ágúst 1917, vextir greiðast eftir á tvisvar á ári, ½% hærri en forvextir danska þjóðbankans	—	2,000,000,00	
15.	Lán hjá dönskum bönkum, tekið 23. nóvember 1917, til 2 ára, innborgað			
	Flyt	kr.	5,278,856,68	kr. 2,415,376,95

	Flutt kr.	5,278,856,68	kr. 2,415,376,95
með 98%, vextir 5%, greiðist fyrir hvert missiri eftir á	—	6,000,000,00	
16. Víxlar í Íslandsbanka til skipakaupa .	—	2,360,000,00	
			— 13,638,856,68
17. Skuld við hinn danska ríkissjóð 31. desember 1917 . . .			— 3,255,007,19
	Samtals 31. des. 1917		kr. 19,309,240,82
18. Lán hjá Íslandsbanka, tekið 2. janúar 1918, til 2 ára, innborgað með 98%, vextir 5%, greiðist fyrir hvert missiri eftir á	—	1,000,000,00	
19. Lán hjá Íslandsbanka, tekið 18. mars 1918, með útlánsvöxtum til 9 ára . .	—	1,000,000,00	
20. Lán hjá Landsbankanum, tekið 17. janúar 1918, til 2 ára, innborgað með 98%, vextir 5%, greiðist fyrir hvert missiri eftir á	—	500,000 00	
21. Lán til ritsíma hjá Landsbankanum, tekið 20. jan. 1918, til 25 ára, vextir 6%, greiðist árlega eftir á	—	85,000,00	
			— 2,585,000,00
	Samtals		kr. 21,894,240,82
Frá dregst:			
Víxlar til skipakaupa í Íslandsbanka greiddir	kr.	2,360,000,00	
Enn fremur hefir skuld við hinn danska ríkissjóð lækkað um hjer um bil	—	500,000,00	
			— 2,860,000,00
	Samtals skuldir 8. apríl 1918		kr. 19,034,240,82

Af því, sem fram hefir verið tekið hjer að framan, mun nú öllum ljóst, að miljónirnar nýju eru ekki orðnar eyðslufje. Þær standa í verslun landssjóðs, í skipum landssjóðs og í peningum, og samkvæmt bráðabirgða-uppgerðinni ættu í mesta lagi 150 þúsund krónur að vera orðnar eyðslufje nú við áramót. Á meðan miljónirnar eru hafðar til þess að bera þau fyrirtæki, sem sjerstaklega eiga að bjarga landinu yfir örðugasta hjallann, þá er þeim vel varið, og ekki síst þar sem fyrirtækin eru arðberandi, þótt verðfallshættan að vísu svífi yfir verslununni þegar stríðið hættir. Landinu er því tefld í fjárhagsvoða með miljónunum, en landinu var tefld í fjárhagsvoða, ef miljónirnar hefðu ekki verið teknar. Hvernig hefðum vjer verið farnir, ef alt hefði staðið kyrt, ef oss hefði vantað fje? Flestallar þjóðir munu nú hafa orðið að taka lán.

Fjárhagsörðugleikarnir eru aftur á öðru sviði. Ef vjer brúkum miljónirnar í eyðslufje, þá erum vjer á leiðinni niður á við. En hvernig eru horfurnar þá í framtíðinni, horfurnar á árinu, sem nú er að líða?

1. á því ári er hallinn í fjárlögunum áætlaður kr. . . . . ca. 400,000,00
2. Dýrtíðaruppbót . . . ca. 350,000,00
3. er samkvæmt dýrtíðarfrumvarpi því, sem nú

er lagt fyrir, gert ráð fyrir útgjöldum, er nema 450,000,00

Auk þess má fastlega gera ráð fyrir, að þetta ár bregðist að því er toll- og útflutningsgjald snertir, og að tekjurnar yfir höfuð verði magrar. En enn þá meiri vissa er fyrir því, að tekjuhallinn verði meiri en áætlað er, og það líklega langtum meiri, og auk þess eru ótal greiðslur samkvæmt sjerstökum lögum, sem hækka útgjaldahliðina. —

Að öllu þessu athuguðu er stjórninni ljóst, að brýn nauðsyn rekur til, að þingið samþykki tekjuaukafrumvarp. Það skal játað, að stjórnin var fyrst að hugsa um að reyna að hlífast við að koma með skattafrumvörp, enda var kunnugt um, hvað sum þeirra áttu þungan gang í gegnum síðasta þing. En því glöggari mynd, sem vjer við rannsókn á fjárhagnum höfum fengið af honum, þess ljósari varð oss nauðsynin á nýjum tekjum.

Því ver, þingið hefir látið stórgróðann fara fram hjá okkur án þess að skattleggja hann að nokkru ráði. Hinn afarmikli kaupmannagróði þoldi þó mikla skatta.

Stjórnin mun nú mjög bráðlega leggja eitt tekjuaukafrumvarp fyrir þingið og væntanlega fleiri síðar. Verður bæði þing og stjórn að taka saman höndum um að sjá landinu fyrir meiri tekjum. Á því er nauðsyn. Miljónirnar hafa nóg að gera, þótt þær sjeu ekki brúkaðar til að fylla í skörðin.

Skipun fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, þriðjudaginn 16. apríl, áður en til dagskrár væri gengið, mælti

forseti: Jeg skal geta þess, að samkvæmt 16. gr. þingskapanna á kosning fastanefnda að fara fram á 2. þingfundi. En nú er talið hentugra, að þessar kosningar fari ekki fram fyr en á 3. fundi, og verður að leita um þetta atriði afbrigða frá þingsköpunum.

Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj..

Á 3. fundi deildarinnar, miðvikudaginn 17. apríl, var látin fram fara kosning fastanefnda samkvæmt 16. gr. þingskapanna.

Hlutfallskosning var viðhöfð, og komu fram 3 listar við kosningu hverrar nefndar, merktir A, B og C.

Fór kosningin á þessa leið:

1. Fjárhagsnefnd.

Á A-lista stóð Hákon Kristófersson, á B-lista Gísli Sveinsson, Þórarinn Jónsson og Magnús Guðmundsson, en á C-lista Einar Árnason og Sveinn Ólafsson.

A-listi hlaut 5 atkv.
B- — — 13 —
C- — — 7 —

Kosnir voru því
4 *) Hákon Kristófersson,
1. Gísli Sveinsson,
2. Einar Árnason,
3. Þórarinn Jónsson.
5. Magnús Guðmundsson.

2. Fjárveitinganefnd.

Kosnir voru:
Af A-lista: 4. Bjarni Jónsson.
Af B-lista: 1. Pjetur Jónsson,
3. Matthías Ólafsson,
5. Magnús Pjetursson,
7. Sigurður Stefánsson.
Af C-lista: 2. Þorleifur Jónsson,
6. Jón Jónsson.

*) Raðtölurnar fyrir framan nöfnin sýna, í hverri röð menn voru í nefndirnar kosnir samkvæmt atkvæðamagni.

3. Samgöngumálanefnd.

Kosnir voru:
Af A-lista: 4. Benedikt Sveinsson.
Af B-lista: 1. Þórarinn Jónsson,
3. Gísli Sveinsson,
5. Björn Stefánsson.
Af C-lista: 2. Þorsteinn Jónsson.

4. Landbúnaðarnefnd.

Kosnir voru:
Af A-lista: 4. Pjetur Þórðarson.
Af B-lista: 1. Sigurður Sigurðsson,
3. Stefán Stefánsson,
5. Einar Jónsson.
Af C lista: 2. Einar Árnason.

5. Sjávarútvegsnefnd.

Kosnir voru:
Af A-lista: 4. Pjetur Ottesen.
Af B-lista: 1. Björn Stefánsson,
3. Matthías Ólafsson,
5. Björn Kristjánsson.
Af C-lista: 2. Sveinn Olafsson.

6. Mentamálanefnd.

Kosnir voru:
Af A-lista: 4. Bjarni Jónsson.
Af B-lista: 1. Magnús Pjetursson,
3. Stefán Stefánsson,
5. Pjetur Jónsson.
Af C lista: 2. Jörundur Brynjólfsson.

7. Allsherjarnefnd.

Kosnir voru:
Af A-lista: 4. Pjetur Ottesen.
Af B-lista: 1. Einar Arnórsson,
3. Einar Jónsson,
5. Magnús Guðmundsson.
Af C-lista: 2. Þorleifur Jónsson.

Fastanefndir fyltar.

Hinn 1. maí gekk Bjarni Jónsson úr mentamálanefnd og ljet í sinn stað koma, með jákvæði Sjálfstæðisflokksins,

Hákon Kristófersson.

Frumvörp, samþykt sem lög.

I.
Stjórnarfrumvörp.

1. Almenn dýrtíðarhjálp.

Á 2. fundi í Nd., þriðjudaginn 16. apríl, var útbýtt

Frv. til laga um almenna hjálp vegna dýrtíðarinnar (A. 4).

Á 4. fundi í Nd., fimtudaginn 18. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg mintist á það hjer, þegar jeg skýrði fjárhag landsins fyrir háttv. deild, að frumvarp um almenna hjálp vegna dýrtíðarinnar væri á leiðinni. Jeg skal nú fara örfáum orðum um framkvæmd málsins nú í dýrtíðinni. En hins vegar vil jeg strax taka það fram, að jeg er reiðubúinn að gefa nefnd þeirri, sem væntanlega fjallar um þetta mál, allar þær upplýsingar, sem jeg get í tje látið, og sumar þeirra eru þannig lagaðar, að það er hægra að veita nefndinni þær. Eins og háttv. deild er kunnugt, var stjórninni heimilað með lögum í fyrsta lagi að veita lán, í öðru lagi að færa niður verð á kolum, og í þriðja lagi var henni heimilað að veita vinnu, þ. e. að láta vinna að ýmsum fyrirtækjum.

Að því er snertir fyrsta atriðið, lánveitinguna, var svo ráð fyrir gert, að veita mætti lán með mjög svo hagkvæmum kjörum sveitar- og bæjarfjelögum. Vil jeg láta þess getið, að mjög mörg sveitarfjelög báðu um þessi lán. Eins og kunnugt er, áttu sveitarfjelögin sjálf að dæma um, hvort um þörf væri að ræða. Þessar lánbeiðnir námu samtals um 2 milj. króna, og jeg er í engum vafa um, að beðið hefði verið um miklu meira, ef stjórnin hefði tekið þessar lánbeiðnir til greina, og fjárhagur landsins mundi nú hallari en hann er, ef stjórnarráðið hefði sjeð sjer fært að veita þessi lán. En það sá stjórnarráðið sjer ekki fært, enda gat landsstjórnin ekki útvegað lán til lengri tíma með góðum kjörum. Það hefði því verið ómögulegt að veita þessi lán til lengri tíma án mikils tjóns fyrir landssjóðinn. Og það hefði jafnvel verið sama, með hve góðum kjörum stjórnin hefði fengið

lánið, það hefði altaf orðið mikið tjón fyrir landið. Niðurstaðan varð því sú, að stjórnin sá sjer ekki fært að veita þessi lán; en hins vegar var stjórninni það ljóst, að hún þyrfti að hafa opið auga fyrir því, hvar þörfin væri mest.

Þau bráðabirgðalán, sem stjórnin veitti, voru veitt með 5½% vöxtum.

Þessi bráðabirgðalán voru veitt:

Reykjavíkurkaupstaður $^{30}/_{11}$ 1917	kr. 100,000,00
Ísafjarðarkaupstaður $^{30}/_{1}$ 1918	— 100,000,00
Vindhælishreppur, Húnavatnssýslu, $^{20}/_{8}$ 1918 .	— 10,000,00
Reykjavíkurkaupstaður $^{30}/_{8}$ 1918	— 50,000,00
Samtals	kr. 260,000,00

Enn fremur var heitið þessum lánum:

Grunnavíkurhreppur, Ísafjarðarsýslu	kr. 5,000,00
Svalbarðshreppur, Þingeyjarsýslu	— 5,400,00
Stykkishólmur, Snæfellsnessýslu	— 10,000,00
Álftaversbreppur, Skaftafellssýslu	— 5,000,00
Dalahreppur, Barðastr.-sýslu	— 7,000,00
Tálknafjarðarhr., Barðastrandarsýslu	— 4,000,00
Samtals	kr. 36,400,00

Skal jeg taka fram, að því er snertir Reykjavíkurbæ, að borgarstjóri skýrði frá, að hann gæti ekki fengið lán í bönkunum, svo að stjórnin sá sjer ekki annað fært en að veita þessi lán. Enn fremur vil jeg geta þess, að lánin voru að eins veitt með því móti, að hlutaðeigandi hreppar eða sveitarfjelög tækju að sjer að ábyrgjast lánin, og var ekkert lán veitt til lengri tíma en eins árs, en sum til styttri tíma, nefnilega til næstkomandi hausts. Jeg held, að jeg þurfi svo ekki að fara fleiri orðum um þessi lán.

Enn fremur þykir mjer rjett að geta þess, að sumstaðar hefir komið fram allmikil óánægja um úthlutun kola og stjórninni kent um það; sjerstaklega hefir borið á þessu norður á Akureyri. Jeg tek þetta ekki fram vegna þess, að jeg viti ekki, að háttv. deild sje kunnugt um þetta, heldur til þess, að það sjáist í þingtíðindunum. Eins og kunnugt er, var leitað upplýsinga um kolaþörf bæja og sveita, og eftir þeim upplýsingum, sem fram komu, var farið með kolaúthlutunina. Bjargráðanefnd Ed. bað stjórnina um að útvega þessar upplýsingar hjá hlutaðeigandi bæjarfjelögum og sýslunefndum, og veit jeg, að stjórnin hefir farið eftir þeim við útbýtinguna, án þess að gera nokkrar breytingar.

Þá skal jeg víkja nokkuð að þriðja atriðinu, sem jeg mintist á að væri heimild fyrir í þeim lögum, sem nú gilda, þ. e. dýrtíðarhjálp með því að veita vinnu. Stjórnin hafði, í samráði við nefndina, athugað það, í hvaða fyrirtæki heppilegast væri að leggja vinnu, og í samráði við hana var byrjað veita vinnu til undirbúnings væntanlegum landsspítala; skipaði stjórnarráðið nefnd til að athuga málið, og vann hún ókeypis. Í þeirri nefnd voru:

Magnús Sigurðsson, bankastjóri, form.,
Guðmundur Magnússon, prófessor,
Guðmundur Hannesson, prófessor,
Guðmundur Björnson, landlæknir,
Geir Zoëga, landsverkfræðingur,
Ingibjörg Bjarnason, skólastýra, og
Jens Eyjólfsson, byggingameistari.

Þessir menn leituðu fyrir sjer, hvar haganlegastur staður væri fyrir væntanlegan landsspítala, og bentu á lóð, sem liggur fyrir austan Kennaraskólann, og var vinnan byrjuð í sambandi við þessa lóð. Vil jeg geta þess, að ekki er enn lokið samningum milli landsstjórnarinnar og bæjarstjórnar Reykjavíkur

um þessa lóð, en jeg vona, að það muni ekki standa fyrir, að þessi lóð fáist með sæmilegum kjörum, og þó að svo fari, að ekki komist á samningar um lóðina, þá hefir þó hið höggna grjót fult verð fyrir því. Jeg skal geta þess, að kostnaður við grjóttökuna hefir numið kr. 87,694,80, en til verkfærakaupa og skúrabygginga hefir verið varið 26280 kr., en um verkfærin er það að segja, að þau munu nú vera svo að segja í fullu verði. Auk þess hefir verið unnið að Hafnarfjarðarveginum, og hefir sá kostnaður numið 65,000 kr. En sú vinna hefir bæði verið til góðs fyrir Reykjavík og Hafnarfjörð. Það verður ekki sagt með vissu, hve mikið tap hefir orðið á þessari vinnu, en hins vegar er því ekki að leyna, að þar sem unnið hefir verið á mjög óheppilegum tíma, hlýtur tapið að verða nokkuð. Það er álit vegamálastjórans, að tapast muni alt að helmingur upphæðarinnar. Um hið tilhöggna grjótið vil jeg geta þess, að Jón Ísleifsson verkfræðingur telur, að verðmæti þess muni vera 38000 kr. eða eitthvað nálægt því. Grjótið er vel tilhöggið, og hafa þegar komið fyrirspurnir í stjórnarráðið um það, hvort hægt væri að fá grjótið keypt.

Jeg held, satt að segja, að þótt tapið á þessari vinnu verði milli 70 og 80 þús. kr., þá sje ekki hægt annað að segja en að mikil nauðsyn hafi verið á að veita þessa vinnu.

Um frumvarp það, er hjer liggur fyrir, vil jeg láta þess getið, að stjórnin hefir felt úr því heimild til að veita lán, og enn fremur heimild til að færa niður verð á kolum. Aftur á móti stendur heimild í því til að veita atvinnu áfram. Auk þess er eitt nýmæli í frumvarpinu; þar stendur, að hvert sveitarfjelag megi verja upphæð, er þó ekki nemi meiru en 15 kr. á hvern mann í sveitarfjelaginu, til að afstýra verulegri neyð af dýrtíð og matmælaskorti, og að það eigi rjett til endurkröfu á greiðslu á einum þriðja hluta, úr landssjóði.

Ef nú yrði gengið út frá því, að öll sveitarfjelög notuðu sjer þennan rjett, mundi endurgreiðslan nema sem næst 400,000 kr. Stjórnin leit svo á, að með því að haga hjálpinni á þá leið, að sveitarfjelögin leggi fram $^2/_3$ hluta, væri fengin trygging fyrir því, að ekki mundi beðið um styrk, nema því að eins, að full þörf væri á því.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um málið við þessa umr., en, eins og jeg tók fram við byrjun ræðu minnar, er jeg fús til að veita væntanlegri nefnd allar upplýsingar, sem jeg get.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e.hlj.

Á 6. fundi í Nd., laugardaginn 20. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 4).

Bjarni Jónsson: Jeg vil leyfa mjer að leggja til, að þessari 2. umr. sje frestað og málinu vísað til hinnar nýkjörnu nefndar, bjargráðanefndarinnar.

ATKVGR.

Frv. vísað til bjargráðanefndar (sjá A. bls. 545) í e.hlj. og 2. umr. frestað.

Á 21. fundi í Nd., mánudaginn 13. maí, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 4, n. 87 og 92, 88, 89, 94, 107).

Frsm. meiri hl. (Pjetur Jónsson): Nefndarálitið hefir verið gert svo ítarlegt, að meiri hl. hefir eiginlega ekki mikið fram að leggja umfram það, sem þar stendur, en þó álít jeg rjettara að víkja dálítið að hinum einstöku brtt, sem meiri hl. leyfir sjer að bera fram á þgskj. 88.

Í 2. gr., sem við köllum, þ. e. í 2. lið brtt., er reynt að skilgreina orðin »veruleg neyð«, eða hvað meint sje með þeim í þessum lögum. Þessa fanst okkur full þörf, því að reynslan hefir sýnt, að þau hafa verið skilin á annan veg en Alþingi í fyrra ætlaðist til. Það ætlaðist ekki til, að dýrtíðarlánin yrðu lán til að »spekúlera« með, og það ætlaðist ekki til, að þau yrðu veitt nema þar, sem verulega krepti að sveitarfjelögum sem heild. Jeg var þá í nefndinni, sem gerði frumtill. í þessu máli, og stílfærði greinina að því er þessi orð snertir.

Í frv. stjórnarinnar er tekið fram, að dómur sveitarstjórna skuli gilda fyrir því, hvað »veruleg neyð« sje, en reynslan hefir sýnt, að »dómur sveitarstjórna« er ekki eins ábyggilegur og þingið ætlaðist til, þar sem lánbeiðnir hafa komið, sem nema um 2 milj. kr., til stjórnarinnar, og þó hefir hún ekki orðið vör við, að »veruleg neyð« hafi neinsstaðar staðið fyrir dyrum. Og þess höfum við, nefndarmenn, ekki heldur orðið varir, þótt við höfum átt tal við merka menn úr ýmsum hjeruðum landsins. Þar sem nú eftirsóknin eftir lánunum var svona mikil, fanst okkur ástæða til að skýra þau svo, að þau kæmu heim við tilgang sinn og allan anda.

Til þess nú að hafa eitthvað nánara við að miða heldur en það, sem stjórnin hefir haft, þar sem er »dómur sveitarstjórna«, lítur nefndin svo á, að þörf sje að hafa sjerstaka eftirlitsmenn fyrir hvern stað. Þess vegna er í 3. gr. brtt. stungið upp á, að skipaðir skuli 2 hæfir menn utan sveitar til þess að rannsaka ástandið og ástæður allar í því sveitarfjelagi, sem láns beiðist.

Það hefir nú sumum fundist, að störf þessara manna mundu verða nokkuð umsvifamikil til þess, að þeir gætu gefið nokkurn veginn ábyggilega skýrslu um ástandið, því að þá þyrftu þeir að kynnast sjálfir hag hvers einstaklings. En nefndin hefir ekki hugsað sjer, að þeir færu inn á hvert heimili, heldur áleit hún, að þessir menn gætu vel kynt sjer þau heimili, þar sem bágastar kringumstæðurnar væru. T. d. gætu menn úr Hafnarfirði eða nágrannasveitunum rannsakað ástandið hjer í Reykjavík, án þess að um mikið umstang væri að ræða. En þessir menn væru betur fallnir til að dæma um ástandið og um gjaldþol manna heldur en bæjar- og sveitarstjórnir sjálfar, því að þeir eru þó altaf menn óhlutdrægir og hlutlausir.

Við skýrum þetta orðatiltæki »veruleg neyð« þannig, að þegar um heil sveitarfjelög sje að ræða, þá geti þau ekki átt heima nema þar, sem svo sverfi að gjaldþoli manna, að yfir vofi fram undan burtflutningur úr bænum eða sveitinni. Þetta eru ekki einsdæmi, því að hjer við Faxaflóa og víðar þektust sveitir, þar sem svona var komið, og dundu þó ekki önnur eins fádæmi á og nú hefir gengið á um hríð.

Þá er 5. gr. í brtt. meiri hl. um það, hvernig verja skuli þessum lánum, sem veitt yrðu í stað styrksins. Er sú hugsun meiri hl., að bæjar- og sveitarstjórnir skuli vera sem mest sjálfráðar um, hvernig þessum lánum verði varið innan bæjar- og sveitarfjelaga, en þó fanst oss rjettara, að stjórnin gæti sett nokkuð nánari skorður um lánin, þegar hún hefir kynt sjer allar ástæður. Við höfum nugsað okkur, að ekki yrði gefin út nein sjerstök almenn reglugerð um

þetta, heldur væri rjett í hverju einstöku tilfelli að setja reglur eftir staðháttum, og yrði þar, með öðrum orðum, nokkurskonar samvinna um vinnu milli bæjar- og sveitarstjórna annars vegar og stjórnarinnar hins vegar.

Í þessari 5. gr. eru einnig ákvæði um, að styrkurinn, hvort sem hann er nú lán eða beinn styrkur, skuli ekki skoðast sem sveitarstyrkur samkvæmt lögum þessum. Það gæti verið, að þetta ákvæði væri ekki sem nákvæmast og þyrfti því að gera það greinilegra. Það gæti sem sje verið álitamál, hvort það ætti ekki að vera svo um hverskonar dýrtíðarstyrk, sem bæjarfjelagið eða sveitarfjelagið veitir á þessum harðæristíma, að hann ljeti ekki hlutaðeigandi þiggjanda missa neins rjettar síns, eða með öðrum orðum, að hann væri ekki skoðaður sem sveitarstyrkur. En jeg býst við, eins og áður er getið, að um þetta atriði þurfi að gera nánari ákvæði.

Það liggur fyrir viðaukatillaga frá minni hlutanum við þá brtt., er hann flytur um þetta atriði, og gæti jeg hugsað mjer, að samskonar tillaga ætti vel við aftan við þessa tillögu vora meiri hluta manna, því að hún er í samræmi við afstöðu vora til málsins.

Þá vil jeg minnast lítils háttar á þær brtt., sem meiri hlutinn gerir við 6. gr. stjórnarfrv. Sú breyting er í því fólgin, að í staðinn fyrir, að landsstjórnin veiti dýrtíðarvinnu, skuli henni heimilt að kaupa afurðir slíkrar vinnu af bæjar- og sveitarfjelögum.

Skoðun nefndarinnar er sú, að heppilegra sje, að bæjar- og sveitarfjelög standi sjálf fyrir og annist um þessa dýrtíðarvinnu, en að þau geti fengið stuðning frá landsstjórninni með því, að hún kaupi þessar afurðir svo háu verði, sem hún sæi sjer fært, þar sem hún á annað borð getur notað þær til opinberra fyrirtækja. Á þennan hátt finst nefndinni málinu betur fyrir komið heldur en að láta landsstjórnina standa fyrir þessum atvinnubótum, eins og varð í fyrra. Það hefir orkað mjög tvímælis, hvernig stjórnin hafi haldið á þessu leyfi, og án þess að nefndin sje að sýna stjórninni nokkurt persónulegt vantraust, þá telur hún heppilegra að láta bæjar- og sveitarstjórnir eiga við þetta og hlífa landsstjórninni við öllum tvímælum í því efni, því að það segir sig sjálft, að bæjar- og sveitarstjórnir geta betur haft auga með því og stjórnað því að öllu leyti, heldur en landsstjórnin, sem hlýtur að standa því allfjarri og sjá alt og meta með annara augum.

Þá ætla jeg að síðustu að koma að takmörkunum, er meiri hlutinn setur fyrir lánunum.

Takmörkin eru hjer 20 kr. á hvern íbúa sveitarfjelagsins eða bæjarfjelagsins. Þessi upphæð er nokkuð hærri en sú upphæð, sem stjórnin í sínu frv. gerir ráð fyrir að útbýtt verði til dýrtíðarhjálpar. Þar eru áætlaðar 15 kr. á hvern íbúa, og greiði landið $^1/_3$ af upphæðinni, en sveitarfjelagið $^2/_3$. En hjálpin, sem till. meiri hlutans fer fram á að veitt verði, er þó enn þá meiri, þegar nánar er að gætt, því að svo er ætlast til, að þessi 20 kr. hjálp komi þá fyrst, er sveitar- eða bæjarfjelag hefir lagt sig alt í framkróka til að hjálpa af sínum eigin ramleik.

Þá lítur nefndin líka svo á, að þessi fúlga, sem landsstjórnin hefir ætlað að greiða úr landssjóði og nemur að eins 5 kr., sje svo óveruleg, að hún hrökkvi skamt, ef verulega neyð bæri að höndum.

Nú er það heldur enginn meginmunur í dýrtíðinni, hvort hjálpin er veitt sem styrkur, sem ekki sje afturkræfur, eða þá sem lán. Munurinn kemur fyrst fram, þegar kemur til þess að endurgreiða lánið. Jeg vil í þessu sam-

bandi benda á það, að ef landssjóður veitir til dýrtíðarhjálpar sem svarar 5 kr. á mann, þá kemur t. d í Reykjavík að eins 75 þús. kr. upphæð, og hugsum oss, hversu mikið munar um það í verulegri neyð?

Taka má dæmi af hjálp þeirri, er veitt var hjer í Reykjavík í vetur, ekki við matarskort eða í verulegri neyð, heldur bara í eldsneytisvandræðunum, af því að kol voru svo dýr, að fáum var kleift að kaupa eftir þörfum. Flestum ber víst saman um það, að þessi hjálp hafi komið sjer vel, en að það, sem kom á mann, hafi verið fulllítið. Eftir því, sem jeg hefi heyrt, er látið af því, að þessi dýrtíðarhjálp hafi raunar víðast hvar náð mjög skamt Samt voru það 214 þúsund krónur, sem þannig voru veittar í hreinan dýrtíðarstyrk hjer í Reykjavík. Hvað segja þá 75 þúsund krónur, bara fyrir þennan eina lið? Það er ekki heldur nema þriðjungur á móts við það, sem síðastliðinn vetur var varið til dýrtíðarvinnu hjer í Reykjavík, bæði af bæjarstjórn og landsstjórn. Menn væru lítið hólpnari fyrir þann styrk, þótt að eins sje litið á þann eina lið, eldsneytið.

Það er því sýnt, að styrkur sá, sem stjórnarfrumv. ætlast til að landssjóður legði sveitar- og bæjarfjelögunum, er alt of lítill til þess, að hans gæti nokkuð. En að dreifa út styrk, sem auðsjáanlega getur ekki komið að neinu verulegu liði, er tilgangslaust, nema þá að svo sje um hnútana búið, að hann hitti að eins þá punkta, sem allra veikastir eru fyrir, — að styrkur verði sem sagt ekki veittur nema líf liggi við.

Þetta hefir haft áhrif á tillögur nefndarinnar í heild sinni.

Tillaga meiri hlutans um það, að landsstjórninni sje heimilt að veita dýrtíðarlán, sem nemi alt að 20 krónum á mann, fer nokkuð lengra en stjórnarfrv. Eftir þessari till. gæti Reykjavíkurbær t. d. fengið 300 þúsund króna lán. Það er dálítið meira en styrkurinn í vetur sem leið. Þó er jeg ekki á, að það hafi ýkja mikil áhrif, ef því er varið til úthlutunar á kolum með niðursettu verði, eftir sömu aðferð og næstliðinn vetur. En það getur munað um það, ef hjálpin er að eins látin koma niður þar, sem ekki er aðra hjálp að fá. Jeg hefi tekið Reykjavík til dæmis við þennan samanburð, af því að hún er hendinni næst, en hlutföllin eru auðvitað svipuð annarsstaðar.

Meiri hluti nefndarinnar hefir nú hallast að því að hafa dýrtíðarhjálp þá, sem stjórninni heimilast að veita, einungis lán, en ekki beinan styrk til einstakra bæjar- og sveitarfjelaga, eins og eftir stjórnarfrv. Við það að auka þessi fjárframlög landssjóðs eins mikið og meiri hlutinn vill, þá þykir okkur viðsjárvert að demba því á landssjóð sem hreinum kostnaði. Hefir nefndin búist við, að lánafúlgan gæti farið upp í ca. 1 miljón króna.

Að sjálfsögðu verður að framlengja nokkuð af þessum lánum, og sennilega gefa nokkuð af þeim upp fyrir fult og alt. En nefndin vill þó ekki skuldbinda landssjóð að svo komnu til þess að leggja þetta fje fram til lengri tíma en tveggja ára. En ef þá reynist ókleift að fá það inn, þá verður ef til vill unt að finna einhverjar nýjar leiðir, og vonandi er, að þingið sjái þá um, að stjórnin hafi til einhvers fjár að grípa, og það helst fjár, sem hún á sjálf, en hefir ekki að láni frá öðrum þjóðum.

Jeg hefi þá farið yfir aðaltillögur meiri hlutans. Háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) hefir ekki getað fallist á tillögur okkar og kemur því fram með minni hluta nefndarálit. En mjer finst, að háttv. minni hluti geri fullmikið úr þeim greinarmun, sem er á þessum tveim tillögum. Mjer finst hann aldrei hafa skilið til

fulls það, sem fyrir meiri hlutanum vakir. Honum finst eitthvað harðari blær á tillögum okkar. Annars er hann að miklu leyti á sömu skoðun, eins og brtt. hans sýna. Blærinn er bara dálítið mýkri, orðalagið óákveðnara og þar af leiðandi ófullkomnara, og ekki nægileg trygging fyrir því, að styrkurinn komi niður þar, sem þörfin er brýnust.

Eitt atriði í nefndaráliti okkar fer hv. minni hluti ekki rjett með í áliti sínu. Hann segir svo: »Meiri hluti bjargráðanefndar lítur svo á, að ekki sje rjett, að landssjóður veiti nokkurn fjárhagslegan stuðning, fyr en svo er orðið ástatt, að sveitar- eða bæjarfjelagið er orðið svo þrotið að kröftum, að þeir, sem einhvers megna, ætla, sökum sveitarþyngsla, að flýja hjeraðið«. Með þessum orðum er kastað öðrum blæ á tillögur meiri hlutans en við á. Í okkar nál. er svo að orði komist um þetta, að hjálp megi ekki veita fyr en svo hafi sorfið að gjaldþoli manna innbyrðis, að *yfir vofi* að hinir efnaðri menn flýi, sökum gjaldþyngsla, en ekki að sveitarfjelagið sje komið í þrot. Á því er talsverður munur. Menn flýja oft hjeruð fyr en þau eru að þrotum komin. Til þess þarf ekki annað en að betra sje að vera annarsstaðar, eins og átt hefir sjer stað í nokkrum hjeruðum hjer við Faxaflóa. Það má auðvitað aldrei bjóða mönnum meiri gjaldbyrði en svo, að þeir tolli í sveitinni eða bænum. Jeg ætla svo ekki að halda lengri ræðu að þessu sinni. Jeg geri ráð fyrir, að umræður verði um þetta mál. En jeg álít, að búið sje að skýra þetta mál svo vel, að menn græði ekki hætis hót á þeim.

Framsm. minni hl. (Jörundur Brynjólfsson): Eins og brtt. mínar og nál. bera með sjer, gat jeg ekki átt samleið með háttv. meiri hluta bjargráðanefndar, þar sem okkur greindi á um atriði, sem að mínu áliti varða miklu, um það, hvort og hve mikið liðsinni landssjóður á að veita þeim sveitar- og bæjarfjelögum, sem ekki eru einfær um það að bera þunga dýrtíðarinnar.

Jeg ætla nú að fara nokkrum orðum um brtt. þær, sem jeg hefi borið fram. Stjórnarfrv. er svo úr garði gert, að varla var unt að fara skemra í dýrtíðarráðstöfunum, eins og nú stendur, eða ef enn meir sverfur að. Mörg ákvæði í því eru ekki einhlít, til þess að lögin vinni það, sem þeim er ætlað að vinna. Það hlýtur að vera tilgangurinn með allri dýrtíðarhjálp, að ekki njóti hennar aðrir en þeir, sem ómögulega geta komist af án hennar. En ákvæðin um það, að hjálpin lendi ekki hjá öðrum, eru bæði óljós og ófullnægjandi í frv. stjórnarinnar. Jeg held, að ekki geti komið til mála að styrkja aðra en þá, sem nauðsynlega þurfa þess með. Eins og ástæðurnar eru, er ekki annað hægt, þótt æskilegt hefði verið að draga eitthvað úr sjálfri dýrtíðinni, svo að kaupgjald þyrfti ekki að vera svo afskaplega hátt, að framleiðslan skerðist um of. Brtt. mínar á þgskj. 89 lúta aðallega að því að tryggja það, að dýrtíðarhjálp verði ekki veitt öðrum en þeim, sem nauðsynlega þurfa.

Skal jeg þá minnast á 2. brtt. við 3. gr. Hún fer fram á það, að inn í frv. sje bætt nýrri gr., sem ákveður það, að áður en greitt er fjárframlag úr landssjóði, sje það öldungis víst, að fjeð sje ekki að óþörfu veitt. Jeg tel það fulltrygt að ganga þannig frá lánskjörunum, að sveitar- og bæjafjelögin reyni að bjarga sjer með sínu eigin lánstrausti, meðan það hrekkur, en leiti þá fyrst til landssjóðs, er það bregst. Til þess að ekki sje nein veila í þessu, þá vil jeg, að stjórnarráðið leiti álits bjargráðanefndar hjeraðsins eða kauptúnsins um

það, hvort um þörf hafi verið að ræða. Bjargráðanefndirnar hljóta að þekkja best hagi manna og vita hvers við þarf. Jeg tek því betur gilda umsögn þeirra um þessi efni en aðkomumanna, sem ekki geta verið eða orðið eins kunnugir. Hjer sýnist vera fulltryggilega um hnútana búið, og að ekki sje unt eða rjett að ganga lengra.

Þriðja brtt. mín lýtur að því að nema í burt orðið »einkum« í síðari málsgrein 4. gr. stjórnarfrv., þar sem svo er að orði komist, að nauðsynjavörum skuli »einkum úthluta til þeirra, sem við erfiðustu kjör eiga að búa. Þetta orð er óþarft; jeg býst ekki við, að vörurnar geti eða megi með nokkru móti lenda til annara. Síðar í málsgr. er gert ráð fyrir, að hinir allra efnaminstu geti fengið vörur, »jafnvel fyrir alls ekki neitt«. Þetta orð »jafnvel« þarf ekki að standa þarna. Það eins og dregur úr því, sem þó frv. virðist ætlast til. Að öðru leyti er brtt. mín við 4. gr. stjórnarfrv. að mestu leyti samhljóða því, en sökum orðlagsins á tilögum mínum varð jeg að breyta greininni. Þegar svo er komið, að sveitar- eða bæjarfjelag þarf að leggja á sig þungar byrðar til þess að hjálpa fátækum mönnum til að standast dýrtíðina, án þess að sú hjálp teljist sveitarstyrkur, þá er óviðkunnanlegt að undanskilja þá menn, sem þegar þiggja af sveit. Jeg vil því nema það í burt, svo að jafnt þeir sem aðrir fái sína dýrtíðarhjálp, laust við allan sveitarstyrk. Það er lítið rjettlæti í því, að sumum sje bjargað frá sveit, en að aðrir, sem voru svo ólánssamir að vera komnir á sveitina áður en dýrtíðin byrjaði, safni á sig stórum sveitarskuldum af hennar völdum, sem þeir geta svo ef til vill aldrei losað sig úr. Jeg hafði hugsað mjer að láta þetta ná lengra, að láta það ná til sjerhvers styrks eða stuðnings, hvort sem er eftir þessum lögum eða ekki. Í því efni heyri jeg, að jeg hefi orðið samhljóða háttv. meiri hluta, eftir því sem háttv. framsm. (P. J.) fórust orð. Í fyrstu hikaði jeg við að bera þetta fram, en nú hefi jeg komið með það í viðaukatill. á þgskj. 107.

Mjer fanst hljóðið í ýmsum þingmönnum vera á þá leið, að þetta mundi fá fram að ganga. Enda virðist lítil sanngirni í því, að sumum sje varnað frá að komast á sveit, en ekkert hirt um, þó að aðrir missi mannrjettindi sín af völdum dýrtíðarinnar. Í því virðist líka vera misrjetti, að í efnaminni sveitum, sem verða að grípa til þessa laga, komast fáir, eða ef til vill engir, á sveit, en í þeim efnaðri hjeruðum, sem geta sjeð fyrir sjer sjálf, án aðstoðar þessara laga, þar sem að eins má ske fáir menn þurfa á stuðningi að halda, þá missi þeir mannrjettindi sín og þar með áhrif á almenn mál, hjeraðinu og landinu í heild sinni ef til vill til mikils tjóns.

B-liður þessarar brtt. er varatillaga um það að nema í burt orðin »einkum« og »jafnvel«, ef brtt. sjálf yrði ekki samþykt.

4. brtt. á þgskj. 89 lýtur að því, sem er samhljóða tillögu háttv. meiri hl., að ef sveitar- eða bæjarfjelag getur ekki bjargað sjer sjálft, þá heimilast landsstjórninni að veita því dýrtíðarlán. Jeg hefi sett lánsskilyrðin 5% vexti til eins árs. Að mínu áliti er nauðsynlegt að hafa lánskjörin svo þröng, að ekki sje gripið til þeirra nema í ítrustu nauðsyn. Það eru einmitt góðu lánskjörin, sem sett voru í dýrtíðarlögin, sem urðu þess valdandi, að mörg sveitarfjelög hafa sótt um lán, beinlínis til að græða á þeim. Þau hafa freistað margra sveitarstjórna til þess að hirða ekki um ánda laganna eða tilgang. Með þessu er girt fyrir það, að nokkurt sveitarfjelag eða bæjarfjelag sæki um lán af nokkurri annari ástæðu en þeirri, til þess að af-

stýra neyð. Með svona þröngum lánskjörum hlytu þessi lán ávalt í öðru skyni að verða til tjóns og yrðu því ekki tekin til annars en að bjarga mönnum frá hungursneyð. Þegar svona er um hnútana búið, er ekki vert að ganga lengra.

Þá er brtt. mín að heimila landsstjórninni að veita bráðabirgðarlán til stuðnings sjávarútvegi. Þetta verð jeg að álíta bráðnauðsynlegt. Þar, sem sjávarútvegur er mikill í þorpum eða kauptúnum, þar er fólkinu mikil hætta búin ef hann legst niður, og líklegt, að þá lendi á landssjóði að veita þar stuðning. Jeg veit um mörg sjávarþorp, að þeim hefði komið það einkarvel að fá salt og olíu með bærilegum kjörum. Og jeg verð að líta svo á, að þessi lán mundu einmitt verða til þess að draga úr öðrum lánum til hjálpar ósjálfbjarga fólki. Það eru án efa hyggilegustu lánin, sem veitt eru til þess að auka atvinnu og framleiðslu. Þó ætlast jeg ekki til, að farið sje gálauslega með þessa heimild, eða að ekki sje gætt hófs með lánveitingar eða sjeð um, að lánin sjeu nægilega trygð.

Jeg ætla svo ekki að segja meira um brtt. mínar. Jeg álít áhættulaust að samþykkja þær allar saman. Þó að hagur landsins sje iskyggilegur og háttv. þingmenn beri hann mjög fyrir brjósti, þá verð jeg að álíta, að tillögur háttv. meiri hluta tryggi hann ekki eða bæti úr á nokkurn hátt.

Eitt atriði er eftir að minnast á, sem meiri hl. vill nema í burt, en jeg læt standa; það er tillagan um atvinnubæturnar. Jeg skoða það sem öldungis nauðsynlegt.

Jeg get ekki lokið máli mínu án þess að vikja nokkrum orðum að till. meiri hl., til þess að það komi í ljós, hvað það er, sem á milli ber. Háttv. framsm. meiri hl. (P. J.) sagði, að ekki bæri sjerlega mikið á milli. Jeg hefi vikið nokkuð að því í nál. Eitt af því, sem á milli ber, er áferðin á tillögunum. Jeg kann illa við þennan sultarstimpil á tillögum meiri hl.

Í 2. brtt. háttv. meiri hl. er minst á það, að landsstjórninni veitist heimild til að veita dýrtíðarlán, en að eins til að forða frá yfirvofandi hungri og harðrjetti. Við þetta er ekkert að athuga. Jeg er, eftir atvikum, alveg á sama máli um það, að sveitar- og bæjarstjórnir eigi að nota sitt eigið lánstraust til þess ítrasta. En svo bætir háttv. meiri hl. við, að þegar þetta er búið, þegar full vissa og full sönnun er fengin fyrir því, að sveitarfjelagið eða bæjarfjelagið getur ekki bjargast af eigin ramleik, þá á að fá utanhjeraðsmenn til rannsókna um það, hvort yfirlýsing hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarstjórnar sje rjett. Nú sagði háttv. framsm. (P. J.), að ekki væri meining meiri hl., að þessir rannsóknarmenn færu inn á hvert heimili til að rannsaka, hvernig ástatt væri. Og í þessu sambandi mintist hann á Reykjavík. Mjer er nú nokkurn veginn ljóst, hvernig sú rannsókn mundi fara fram hjer, og þá eiginlega, hvers virði hún mundi vera.

Svo mikil áhersla er þó lögð á rannsókn þessa hjá háttv. meiri hluta, að skýrsla eftirlitsmannanna á að vera undir eiðstilboð. Auðvitað geta þeir gefið skýrslu sína undir eiðstilboð. En hve ábyggilegar þær verða, ef þessir menn geta ekki komið inn á mörg heimili og verða að »slumpa« á, tel jeg mjög vafasamt. En næst er mjer að halda, að ekki sje mjög mikið mark á þeim takandi.

Það þykir mjer mjög óviðurkvæmilegt, svo að jeg viðhafi ekki sterkari orð, að meiri hl. ætlast til, að fenginn

verði utanhjeraðsmenn á kostnað þess sveitar- eða bæjarfjelags, sem er að fram komið og getur ekki bjargast frá hungri, til þess að rannsaka, hvort svo er. Þeir eiga að fá 7 kr. á dag í dagpeninga og ferðakostnað að auki úr sjóði þessa að fram komna sveitarfjelags, og býst jeg við, að rannsókn þessi hljóti oft að taka alllangan tíma. Það er þessi stimpill á tillögum meiri hlutans, sem jeg get ekki ljeð fylgi. Mjer finst meiðandi fyrir mig að ljá honum nafn mitt.

Jeg vjek að því áðan, að háttv. meiri hluti vill nema burt heimild fyrir landsstjórnina til að veita atvinnu, en aftur flytur hann till. um að heimila landsstjórninni að kaupa afurðir af dýrtíðarvinnu. Skal jeg ekki segja, hvort þetta er í framkvæmdinni mikið annað en atvinnubætur, ef landsstjórnin í mörgum tilfellum hlypi til og keypti. En mjer kemur þetta svo fyrir sjónir, að það muni oft og tíðum lítt framkvæmanlegt, og víst er það afarerfitt fyrir landsstjórnina eða þá, sem hún fær til að meta slíkar vinnuframkvæmdir, að sjá hag landssjóðs borgið. Það er svo fjarri því, að hagur landssjóðs sje trygður með þessu, að það gæti oft orðið honum skaði. Og þess er jeg fullviss, að ef einhversstaðar verður veruleg neyð, er miklu örðugra fyrir landssjóð að bjarga en ef stjórnin gæti ráðið því, hvar og hvernig dýrtíðarvinna sem þessi yrði framkvæmd.

Háttv. framsm. meiri hl. (P. J.) vjek að því í ræðu sinni, að það mundi orka mjög tvímælis, hvort kolastyrkurinn hefði komið að nokkrum verulegum notum. (**P. J.**: Það sagði jeg alls ekki). Ekki heyrðist mjer betur. (**P. J**: Jeg sagði, að það orkaði tvímælis, að hve miklum notum hann hefði komið). Gott og vel. Það er nokkuð sama. Jeg skal ekki bera um, hvort svo er í ýmsum hjeruðum út um land. En jeg get fullyrt, að hann hefir orðið til mikillar hjálpar hjer í Reykjavík í vetur. Og ef vel hefði verið á haldið með afsláttinn, hefði það mjög víða getað hjálpað til muna. Jeg ímynda mjer, að það hefði orðið kalt hjá mörgum fátæklingnum í vetur, að minsta kosti hjer í Reykjavík, ef þingið hefði ekki tekið þetta ráð í fyrra, að gefa afslátt á kolum. Í sambandi við það mintist háttv. framsm. meiri hl. (P. J.) á, að slík hjálp sæi ekki langt, ef um verulega þörf væri að ræða. Það er auðvitað alveg rjett, og í sambandi við það skal jeg geta þess, að þær 75 þús. kr., sem falla myndu í Reykjavíkur hlut af því fje, sem stjórnin gerði ráð fyrir að væri óafturkræfur styrkur, myndu hrökkva skamt, ef um verulegt atvinnuleysi væri að ræða. En ef þess er stranglega gætt, að engir aðrir njóti góðs af þessu en þeir, sem þess hafa verulega þörf, þá myndu þessar 75 þús. kr. geta hjálpað mjög mikið, er þar við bættust tvennar 75 þús. kr. annarsstaðar frá (150 þús kr.).

Þá greinir oss mjög á um það, hvernig nota beri gjaldþol þeirra einstaklinga, er sveitarbyrðina bera.

Mjer finst langhyggilegast að hjálpa einstaklingunum til að halda gjaldþoli sínu sem lengst, í stað þess að byrja að hjálpa þeim þegar gjaldþolið er farið. Það skal sannast, að fje það, sem veitt er til stuðnings efnalitlu fólki, verður minna, ef tekið er að veita það fljótt, en ef fyrst er byrjað á því þegar gjaldþol manna er að þrotum komið, sakir óvenjulegrar neyðar. Menn vita, hve misjafnt er aðstöðu þar sem efni eru fyrir höndum og þar sem efnin eru að þrotum komin. Vegna þess, hve margir í þessari háttv. deild eru kunnugir landbúnaði, þá vil jeg biðja þá að athuga, hvort þeim lítist ekki vænlegar á að styðja bónda til að halda t. d. 50 ám, sem hann á, heldur en að lofa hon-

um að eyða þeim fyrst og verða þá að byrja að hjálpa honum, er hann hefir fargað bústofni sínum. Allir vita, að afurðir fjenaðar eru meira virði en rentur af peningaláni, sem til þess þarf að halda eigninni við.

Jeg get ekki verið að dylja það, að jeg er mjög kvíðandi fyrir horfunum í sjávarplássum landsins. Horfurnar eru svo vafasamar, að ómögulegt er að segja, hvernig ganga muni með sjávarútveginn. Sýnist mjer því, sem nauðsyn beri til þess að gera dýrtíðarráðstafanir í tíma, engu síður en í fyrra, þeim atvinnuvegi til styrktar og stuðnings, því að frá sjávarútveginum hjer hefir landssjóður notið sinna aðaltekna. Þetta minnir mig á þau orð í nál. háttv. meiri hluta, að landssjóður hafi ekki hlotið tekjur af stríðsgróða. Þetta er þó ekki fyllilega rjett. Árið 1916 bar landssjóður úr býtum liðuga hálfa milj. kr. í verðhækkunartolli, og þar af var tollur af sjávarafurðum ca. 490 þús. kr., eða 94% af öllum verðhækkunarskattinum.

Þótt nú sje svo ástatt, að þessi hjeruð landsins, sjávarhjeruðin, þurfi fremur liðs en sveitarfjelögin, vænti jeg, að háttv. þm. sjeu svo sanngjarnir og framsýnir að líta á nauðsyn þessara varúðarráðstafana. Hjer er ekki verið að tala um að ausa út fje, heldur að heimila það til varúðarráðstafana, ef menn geta ekki bjargast öðruvísi.

Jeg þykist nú vita, að Reykjavík sje að þessu leyti verst stödd af öllum hjeruðum landsins. En þá vil jeg biðja háttv. þm. að minnast þess, hvílíka fórn Reykjavík varð að færa á síðastliðnu sumri, þar sem helmingurinn af fiskiflota hennar var seldur til þess að bjarga öllu landinu, að því leyti, að það gæti fengið kol og salt eftir þörfum. Um leið og það var gert, fekk landið þessar vörur og þar af 10 þúsund smálestir með niðursetti verði. Jeg hefi athugað, hvað landið hefir grætt á þessari ráðstöfun; í lægra vöruverði mun það nema ca. 1 miljón króna. Svo miklu ódýrar fengust þessar vörur fyrir skipasöluna. Nú getur hver sagt sjálfum sjer, hvort slík blóðtaka, sem þessi skipasala er, er ekki tilfinnanleg og muni ekki hafa haft áhrif á atvinnu manna í bænum. (P. Þ.: Naut alt landið af þessu?) Já, alt landið, sveitamenn líka. Jeg vænti þess, að hv. þm. Mýra. (P. Þ.) þurfi að haustinu bæði salt og olíu. Nú var hætt við því síðastliðið sumar, að skortur yrði á þessu, en með þessum samningum voru vandræðin leyst. Þetta úrræði bjargaði, og hafa sveitirnar haft þess engu minni not, að því leyti, sem þær þurfa á salti og olíu að halda. Landssjóður hefir beint grætt þar um 860 þúsund krónur, sem hann þurfti ekki að svara út fyrir þessar vörur, af því að sala þessi fór fram. Jeg skal ekki tala mikið meira um kolaafsláttinn, en til þess að svara því, sem gefið er í skyn í nál. meiri hl., að Reykjavík hafi af honum áskotnast álitleg fúlga, þá má bæði telja það, sem jeg hefi áður sagt, og enn fremur má bæta því við, að bæjarbúar hafa greitt þann mismun, og líklega meira, aftur í hækkuðu verði á frönskum kolum (smálestin seld á 300 krónur). Á þetta má líta sem annað í sambandi við þetta mál.

Nú hefði jeg vænst þess af hv. meiri hl. bjargráðanefndar, og vænti þess nú af meiri hl. hv. deildar, þótt ekki blási byrlega og fáir sjeu aðstandendur till. minna, að á þessar ástæður kaupstaðabúa, og þá líka Reykjavíkurbúa, verði litið.

Satt að segja held jeg, að hv. meiri hl. geri of lítið úr því, ef kaupstaðir og kauptún komast í fjárhagslegt öngþveiti,

og of mikið úr því, hvað það rýri landssjóðinn að afstýra slíku. Ef gjaldþol kauptúna og kaupstaða er með öllu eyðilagt, hlýtur það að hefta alla framför og framsókn í landinu. Er þá betra að gera varúðarráðstafanir til þess að afstýra þessu en að gera síðar ráðstafanir til þess að lappa upp á það, þegar komið er í óefni, og víst er, að það yrði ekki ódýrara landinu en ef það hlypi strax undir baggann. Loks vil jeg segja, að ef hv. meiri hl. þessarar deildar fæst ekki til þess að veita fjárhagslegan stuðning, þótt hann gengi ef til vill meir til sjávarþorpanna, þá man hann það illa, hver færir landssjóði mest í búið, man illa kaldar og siggharðar hendur sjómannsins, sem leggur á sig erfiði og lífshættu við að ausa fje upp úr »gullkistu« landsins.

Annars virðist mjer, sem af till. hv. meiri hl. hefði ekki þurft að koma fram einn einasti stafur, því að sveitarstjórnarlögin heimila allar þær ráðstafanir, er þeir gera ráð fyrir. Sveitarstjórnir eru blátt áfram skyldugar til þess að hjálpa á þennan hátt, og þær sveitarstjórnir, sem eru illa staddar, geta snúið sjer til landsstjórnarinnar, og hefir hún þá ekki að eins lagalega, heldur og siðferðislega, skyldu til þess að hjálpa. Og hví þá að vera að semja lög um slíkt?

Jeg hygg nú, að till. mínar sjeu svo hóflegar, að allir þeir, sem með fullri sanngirni líta á þetta mál, geti fallist á þær í einu og öllu. Jeg gæti fremur búist við ákúrum fyrir það, hve langt jeg hefi gengið í till. mínum, til þess að sjá um, að enginn moli hrykki til fátækra af borði landssjóðs, nema þeir sjeu að fram komnir af sulti. Við þessu gæti jeg frekar búist en hinu, að af till. mínum gæti stafað hætta á misbrúkun landssjóðsfjár, ef þær væru samþyktar. En jeg hefi mjer það til málsbóta, að mjer þótti svo óvænlega horfa, að verulega frjálslyndar og sanngjarnar till. gætu naumast vænst sigurs. Fyrir því rifaði jeg seglin; þorði ekki annað en að fara meðalveginn.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg skal leyfa mjer að fara svo fljótt yfir sögu, sem jeg get, að þessu sinni. Jeg vil fúslega játa, og veit, að öll stjórnin er sammála um það, að frumv. það, er vjer bárum fram, gengur ekki mjög langt og veitir almenningi ekki mikla hjálp. En vjer höfum sniðið það sem mest eftir fjárhag landsins. Við 1. umr. málsins gat jeg þess, hvaða ástæður hefðu vakað fyrir stjórninni, er hún hvarf af lánabrautinni. Jeg gat þess, að lánbeiðnir þær, sem komu til stjórnarinnar síðastliðinn vetur, sem þó ekki gat talist örðugur, hefðu numið ca. tveim milj. króna. Sjá allir, að landssjóð hefði munað það ærið mikið að gegna þessum lánbeiðnum. Þessar miklu fjárbeiðnir, í sambandi við fjárhag landsins, gerðu það að verkum, að stjórnin taldi rjett að hverfa frá lánaaðferðinni.

Í sambandi við þetta vildi jeg benda á, að í því landi, þar sem dýrtíðarráðstafanir eru fullkomnastar, nefnilega Danmörku, eru engin lán veitt, heldur styrkur, sem ekki er afturkræfur. Honum er fyrir komið, eins og frv. stjórnarinnar fer fram á, þannig, að sveitarfjelögin fá vissan hluta og svo greiðir ríkissjóður vissan hluta á móti. En í Danmörku er greidd langtum hærri uppbót úr landssjóði á hvern mann en hjer er farið fram á.

Auk þessa skal jeg geta þess, að þar eru gerðar ýmsar aðrar ráðstafanir, til þess að gera mönnum ljettara að kljúfa dýrtíðarörðugleikana. Þannig er mönnum sjeð fyrir feitmeti fyrir kr. 3,20 kg., en framleiðendur fá kr. 4,50 pr. kg. Mjólkurlítrann fá menn fyrir 28 aura,

og sjeð er fyrir því t. d., að kartöfluframleiðendur selji vissan hluta framleiðslu sinnar með tiltölulega lágu verði, er almenningur nýtur góðs af. Þeir, sem atvinnulausir eru, fá 19 krónur um vikuna, meðan svo stendur. En auk þess er haft mjög strangt eftirlit með verði á aðfluttum vörum. En vitanlega á sú þjóð miklu hægra með að láta fátæklingunum líða vel. Hún er efnuð og hefir auk þess farið þá leið, að leggja mikla skatta á efnamenn og þá, sem grætt hafa á dýrtíðinni. Slíkri ráðstöfun varð ekki komið fram hjer á þingi, er reynt var, og tjáir ekki að tala um það.

Þær aðalbreytingar, er hv. meiri hl. gerir á stjórnarfrv., eru fólgnar í því, að hann vill halda sjer við lánaleiðina, en hann vill takmarka lánin. Í lögum þeim, sem nú gilda, eru stjórninni ekki sett takmörk í því efni. Hjer hefir nefndin gert ráð fyrir 20 krónum mest á mann. En ef eftir þessu er farið og þessarar heimildar neytt að fullu, þá nemur sú upphæð nálega 2 miljónum króna. (**P. J.**: Eftir hvaða reikningsaðferð?) Jeg reikna landsmenn 90 þúsundir að tölu, 20 krónur á mann, og verður það nákvæmlega reiknað 1,800 þúsund krónur. Í frv. stjórnarinnar er ætlaður 5 króna styrkur á mann, og yrði það 450 þúsund krónur. Jeg skil ekki, hví hinn hv. nefndarmaður (P. J.) hristir höfuðið. (**Atvinnumálaráðherra**: Það er ekki hægt að skilja 6. gr. öðruvísi en hæstv. fjármálaráðherra gerir). Jeg reikna hjer eftir sama mælikvarða og jeg nota við stjórnarfrv. Jeg er ekki að fullyrða, að þetta fje verði tekið alt, en ef það er tekið alt, er það 1,800,000 krónur.

Það freistar manna, hvað lánskjörin eru góð í núgildandi lögum. En nú hefir meiri hluti nefndarinnar haldið sömu lánskjörunum. Fyrsta árið á ekki að borga neina vexti; sú vaxtafúlga verður á annað hundrað þúsund krónur. Þetta, meðal annars, hlýtur að verða til þess, að menn sæki fast að fá þessi lán. Nú bið jeg háttv. deild að athuga vel, að landssjóður hefir orðið að taka stór lán, og ef landið verður nú, eins og ráð má gera fyrir, að taka verslunina að enn meira leyti en verið hefir í sínar hendur, þá þarf auk þess að taka stórfje að láni. Ef nú á, auk þessa, sem nauðsynlegt er, að skylda landssjóð til að taka önnur stórlán fyrir aðra, þá fer að þyngjast róðurinn. Jeg geri ráð fyrir, að jeg fái það svar frá háttv. meiri hluta, að svo sje um hnútana búið, að lánanna megi ekki leita fyr en »veruleg neyð« er fyrir höndum. »En það er veruleg neyð«, stendur í brtt. meiri hlutans, »ef bæjar- eða sveitarfjelagið getur eigi með eigin framlögum, nje með lántökum af eigin ramleik, hjá bönkum eða öðrum lánsstofnunum, forðað frá yfirvofandi hungri og harðrjetti«. Nú þykist jeg geta sagt um það af reynslunni, að þegar þessi lánsheimild er til fyrir landssjóðinn, muni bankarnir hiklaust neita bæjar- eða sveitarfjelögum um lán og segja þeim að fara í landssjóðinn. Síðastliðinn vetur var Reykjavíkurkaupstað neitað um 100 þús. króna lán, og landssjóður varð að hlaupa undir bagga til bráðabirgða. Nei, meðan þessi lánsheimild stendur, munu bankarnir láta landssjóð vera banka fyrir bæjar- og sveitarfjelög.

Háttv. meiri hluti stingur upp á því, að útnefndir verði tveir utanbæjar- eða utansveitarmenn til að kynna sjer ástæður bæjarmanna eða sveitarbúa; skuli stjórnarráðið nefna menn þessa til í bæjum, en sýslumenn í sveitum. Jeg geri ráð fyrir, að það geti orðið erfitt fyrir þessa eftirlitsmenn að fella ákveðna dóma. Jeg get mjer þess til, að stjórnarráðið myndi útnefna tvo Hafnfirðinga til að segja álit sitt um ástandið hjer í Reykja-

vík, ef til kæmi, en búist gæti jeg við því, að það yrði mikið og langvarandi starf fyrir Hafnfirðingana að mynda sjer fasta og rökstudda skoðun á ástandinu hjer. Auk þess má telja víst, að mælikvarðarnir, sem eftirlitsmenn legðu á það, hvað væri neyð og hvað ekki neyð, á mismunandi stöðum, yrðu mjög mismunandi. Jeg verð að halda fast við það, að sú leið, sem stjórnin hefir farið í frv. sínu, sje sú hyggilegasta af þeim leiðum, sem bent hefir verið á. Þar er gert ráð fyrir, að sveitarfjelögin fái styrk úr landssjóði svo framarlega sem þau vilja sjálf leggja fram 2 parta á móti hverjum einum úr landssjóði, og nemi landssjóðsstyrkurinn þó aldrei meiru en 15 krónum á hvern mann í sveitarfjelaginu. Sveitarfjelagið á sjálft að leggja fram alt fjeð til bráðabirgða. Fyrir Reykjavík mundi styrkur þessi nema 225 þúsundum króna. Jeg skal játa, að ef um verulega neyð er að ræða, er styrkur þessi lítill, en þó getur hann orðið til góðs stuðnings. En reki aftur á móti að »verulegri neyð«, að hungri, liggur í hlutarins eðli, að stjórnin hlýtur að gera það, sem í hennar valdi stendur, hvort sem hún hefir nokkur lög fyrir því eða ekki. Það mundi hvaða stjórn sem er telja heilaga skyldu sína. Jeg skal játa, að þótt í stjórnarfrv. standi »til að afstýra verulegri neyð«, hefir stjórnin gert ráð fyrir, að styrkurinn verði veittur, þótt ekki standi hungur fyrir dyrum.

Því er haldið fram í nál. meiri hlutans, að erfitt muni vera fyrir stjórnina að greina milli venjulegra útgjalda og dýrtíðarútgjalda á reikningum bæjar- og sveitarstjórna. En stjórnin getur heimtað af sveitarstjórnunum venjulega reikninga, og getur með hliðsjón af þeim farið nærri um það, hve mikið fje fari til dýrtíðarráðstafana á reikningum þess árs, sem styrkinn ber upp á. Það ætti því að vera stjórninni í lófa lagið að sjá, hvort sveitarstjórnirnar ætluðu að fara í kringum hana. Menn verða líka að muna, að landssjóðsstyrkurinn er ekki veittur nema í móti komi $^2/_3$ hlutar frá hreppsfjelaginu. Eftir því sem jeg þekki hreppsnefndir út um land, og jeg þekki þær margar, munu þær hugsa sig um tvisvar áður en þær leggja fje fram til dýrtíðarráðstafana, eins fyrir það, þótt þær eigi von á að fá $^1/_3$ part af kostnaðinum endurgreiddan úr landssjóði. Landssjóðsstyrkurinn fer aldrei fram úr 450 þúsundum, þótt hann verði allur greiddur, en því fylgir sá kostur, að þá kæmi hann jafnt niður alstaðar. Þetta getur orðið til góðs stuðnings, og fyrir landssjóðs hönd þarf ekki að kvíða þessum útgjöldum. Betra er að veita þetta, og vita fyrirfram hvað það verður, en að gera landssjóð að banka fyrir alt landið og binda hann þannig við stór og örðug lán, auk alls annars, sem hann verður að standa straum af. — Hefi jeg þá minst á 2. gr. annarar brtt. á þgskj. 88, og verð fyrir hönd stjórnarinnar að leggja á móti því, að hún verði samþykt.

Einnig hefi jeg minst á 3. gr. sömu brtt., en vil bæta fáum orðum við. Eftirlitsmennirnir, sem þar er stungið upp á, hygg jeg að myndu að eins verða til fyrirhafnar og valda löngum drætti á nauðsynlegum framkvæmdum. Dýrtíðarráðstafanir mega ekki tefjast. Á þessum tímum má ekki hindra það með flóknum skrifstofubáknum, að hjálpin geti komið í tíma.

Í þessu sambandi vildi jeg og minnast lítils háttar á kolaúthlutunina í vetur, af því að tilefni hefir verið gefið til þess. Fyrirspurnum, sem komu frá sveitarstjórnum viðvíkjandi kolaúthlutuninni, var venjulega svarað daginn eftir að þær komu, og setti stjórnarráðið ákveðnar reglur um úthlutunina í

hverju einstöku tilfelli. Jeg get ekki verið samþykkur nál. meiri hlutans um, að kolaúthlutunin hafi orðið til lítils eða einkis gagns, en þar stendur: »Nú orkar mjög tvímælis um, hve mikil áhrif þessi kolauppbót hafi haft til að bæta kjör þeirra« o. s. frv. Verður þetta ekki skilið öðruvísi en að nefndin sje að draga úr gildi verðlækkunarinnar, en því verð jeg öfluglega að mótmæla. Hjer í Reykjavík og annarsstaðar mun niðurfærslan á kolaverðinu hafa komið að mjög miklu gagni. Verður það ekki síst markað á því, hve fast þeir sóttust eftir að fá meira af ódýru kolunum, sem að einhverju leyti þóttust hafa orðið út undan. Verið getur, að sumum hreppsnefndunum hafi verið mislagðar hendur með úthlutunina. En alstaðar krafðist stjórnarráðið þess, að þeim fátækustu væri selt ódýrast og þeir væru látnir hafa mest.

Háttv. nefnd talar um, að það sje ekki heppilegt að dreifa hjálpinni á eins margar hendur og gert er ráð fyrir í stjórnarfrv. En jeg sje ekki betur en nefndin hafi fylgt líkri reglu og stjórnin. Hún hefir líka miðað við nef. Eftir hennar till. væri sú ítrasta hjálp, sem Reykjavíkurkaupstaður fengi, 300 þús. krónur, ef íbúar eru taldir 15 þús., sem mun nærri sanni. En eftir stjórnarfrv. mundi Reykjavík njóta 225 þús. kr. dýrtíðarstyrks alls. Meiri hlutinn hefir fylgt nákvæmlega meginreglu stjórnarfrv.

Yfirleitt virðist mjer ekki hyggilegt að draga sveitarfjelögin út á þá braut, að taka lán. Í brtt. meiri hlutans er þeirra beint freistað. Hyggilegra er að hvetja þau með styrkveitingu til að hjálpa sjer sjálf. Það er reglan, sem þær þjóðir, sem viturlegastar dýrtíðarráðstafanir hafa gert, hafa altaf fylgt.

Um það atriði í 5. gr. annarar brtt. meiri hlutans, að sett skuli sjerstök ákvæði um hverja einstaka lánveitingu, er jeg alveg á máli nefndarinnar. Um þessi efni er mjög óráðlegt að gefa almennar reglur.

Þá er ein aðalbreyting nefndarinnar sú, að kippa atvinnuheimildinni burt, en setja í hennar stað heimild til að kaupa afurðir af dýrtíðarvinnu bæjar- og sveitarfjelaga. Jeg efast stórlega um, að þessi brtt. sje til bóta frá sjónarmiði landssjóðs. Mundi þetta baka stjórninni margskonar örðugleika. Það væri örðugt fyrir hana að ákveða, hvað hún ætti að kaupa, hve mikið og fyrir hve hátt verð. Eru stjórninni með þessu bundnir baggar, sem ekki skyldi. Hætt er við, að bæjarfjelög, sem kunnugt væri um þessa heimild, færu að leggja út í einhver og einhver fyrirtæki eftir eigin höfði, og ætluðu sjer svo að »kría« fje út úr landssjóði fyrir afurðirnar, án tillits til þess, hvort hann hefði nokkuð við þær að gera eða ekki. Á þessu gæti mikið fje farið forgörðum. Hyggilegra væri að láta greinina í frv. stjórnarinnar standa óbreytta. Margir munu kann ske setja fyrir sig tjónið, sem varð að vegavinnunni og grjótvinnunni í Öskjuhlíðinni í vetur, og mun nema alls milli 60 og 70 þús. króna. En það tjón stafar mikið frá óvenju örðugri aðstöðu við vinnuna. Veturinn var sem sje einhver mesti frostavetur, sem komið hefir um langan tíma. Strax er veðrátta fór að batna, varð niðurstaðan af vinnunni öll önnur. Grjótið er mikils virði, og er ástæða til að halda, að slík vinna bæri sig alveg, ef tíðarfar er gott. Jeg get ekki skilið þá menn, sem láta sjer detta í hug, að betra sje að gefa fje en að láta vinna fyrir það. Hollari mun vinnan vera þjóðinni en iðjuleysið, auk þess sem hún er ákaflega dýr á þessum tímum. Mikill markaður er og fyrir grjót hjer um slóðir og verður meiri. Höggið

grjót kann því að verða meira virði en við nú gerum okkur í hugarlund. Ýmsir hafa þegar komið til mín til að fala það grjót, sem unnið var í vetur, enda þykir það afbragðs vel unnið. Er ekki nema maklegt að geta þess í þessu sambandi, að það er verkstjóranum að þakka, og leysti hann starf sitt einkar vel af hendi.

Jeg hefi áður tekið það fram, og verð að leyfa mjer að leggja á móti því að heimila stjórninni það, með öðrum orðum, að brtt. verði feld, en frv.greinin látin landa.

Að því er snertir brtt. háttv. minni hluta skal jeg strax geta þess um brtt. við 5. gr., um lánsheimildirnar, að jeg verð, samkvæmt því, sem jeg hefi áður tekið fram, að vera á móti því, að sú regla verði höfð. En að því er snertir brtt. við 3. gr., þar sem svo er að orði komist:

»Áður en stjórnarráðið greiðir sveitar- eða bæjarstjórn það fjárframlag úr landssjóði, er 3. gr. ræðir um, skal það leita álits bjargráðanefndar hjeraðsins eða kauptúnsins, hvort brýn nauðsyn beri til fjárframlaga úr landssjóði, samkvæmt 1. gr.«,

þá veit jeg, satt að segja, ekki, hvort þetta er nokkur bót á stjórnarfrv. Jeg sje ekki betur en að stjórnin, ef hún fær þá reikninga, sem gert er ráð fyrir að hún fái, og að hún eftirliti sveitarsjóðsreikningana, geti fullkomlega dæmt um það atriði, og að hjer sje verið að búa til óþarfa krókaleið.

Í sambandi við brtt. við 4. gr. — um nauðsynjavörur — vil jeg geta þess, að vitanlega ætlast stjórnin til, að það gangi aðallega til þeirra sveita, sem við erfiðust kjör eiga að búa, en vitanlega má þá líka búast við því, ef í neyð er komið, að þeir, sem ekki eiga við verulega neyð að búa, eigi og verði líka að fá eitthvað, en annars sýnist mjer ekkert sjerstaklega vera að athuga við það, þó að þessi brtt. verði samþykt.

Þá er hjer viðaukatillaga frá minni hluta bjargráðanefndar á þgskj. 107. Vildi jeg leyfa mjer, áður en jeg minnist á till. sjálfa, að spyrja háttv. framsm. minni hl. (J. B), hvort ekki beri að skilja till. svo, að styrkur sá yfirleitt, sem veittur yrði eftir lögum þessum, skyldi ekki skoðast sem sveitarstyrkur.

Að því er snertir viðaukatill. á þgskj. 94, frá háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), þá hefir háttv. flutningsmaður hennar ekki minst á hana enn þá, og mun jeg því ekki tala um hana fyr en jeg hefi heyrt hann sjálfan láta álit sitt í ljós.

Mun jeg svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál að sinni, en að eins lýsa yfir því, að jeg vil, að frv. stjórnarinnar verði samþykt, eða að aðal-»principi« þess verði haldið, og segi jeg það sjerstaklega vegna þess, að jeg tel, að fjárhag landsins sje betur borgið með því, en miður með lánveitingaleiðinni.

Umr. frestað.

Á 22. fundi í Nd., þriðjudaginn 14. maí, var enn **framhaldið** 2. **umr.** um frv. (A. 4, n. 87 og 92, 88, 89, 94, 107, 124).

Afbrigða var leitað um brtt. á þgskj. 124, er of seint var útbýtt, og voru afbrigðin leyfð og samþ. í e. hlj.

Sigurður Sigurðsson: Jeg hefi leyft mjer að koma fram með viðaukatill., á þgskj. 94, við brtt. meiri hluta bjargráðanefndar við frv. til laga um almenna hjálp vegna dýrtíðarinnar, á þgskj. 88.

Í stjórnarfrv., sem lagt var fyrir þetta þing, um almenna hjálp vegna dýrtíðarinnar, er í 6. gr. þess heimilað að verja fje úr landssjóði til atvinnubóta, svo sem

til að undirbúa stórhýsi, hafnargerðir, brýr, vegi o. fl. Þessari gr. leggur háttv. meiri hl. til að breyta í þá átt, að þessi heimild nái að eins til þess að kaupa af bæjar- eða sveitarfjelögum efni til stórhýsa, vega eða brúa, sem unnið hafi verið þar sem dýrtíðarvinna. Mjer þótti þetta of skamt gengið í raun og veru, og þar af leiðandi leyfði jeg mjer að bera fram þessa brtt, sem þó fer ekki fram á það að upphefja brtt. nefndarinnar, heldur bæta við hana, þannig að aftan við gr. komi ný málsgrein, sem heimili stjórninni, ef atvinnuskortur verður, að verja fje til atvinnubóta, og er þetta skilgreint nánar með því að tiltaka garðrækt, heyskap og stærri eða minni áveitufyrirtæki. Háttv. framsm. meiri hl. (P. J.) og minni hl. (J. B.) mintust ekki á þessa brtt. einu orði í framsöguræðum sínum. Jeg vil líta svo á, að þögn þeirra þýði sama og samþykki, enda er það eðlilegast, og sjeð frá hálfu minni hl. get jeg ekki annars vænst en að hann fylgi þessu. Hæstv. fjármálaráðherra kvaðst hins vegar ekki geta tekið tillit til tillögunnar fyr en hann heyrði, við hvaða rök hún hefði að styðjast frá hendi flutnm.

Nú skal jeg með fáum orðum gera grein fyrir því, hvers vegna jeg hefi flutt brtt. Jeg álít, þó að stjórninni sje heimilt að verja fje til að undirbúa stórhýsi, þá snerti það ekki framleiðsluna í landinu, og ekki að vita, hve langt verði þess að bíða, að slík stórhýsi verði reist. Sama er að segja um heimild stjórnarinnar til að undirbúa vita, brýr o. fl.; það er að vísu nær, en jeg sje þó ekki, að hægt sje að gera neitt að því, nema þann undirbúning, sem hægt er að framkvæma hjer í Reykjavík eða grend. Jeg skal nefna sem dæmi, að heimilað var fje til þess að undirbúa brú á Jökulsá á Sólheimasandi. Þetta er nauðsynlegt og gott, ef hægt er að verja dýrtíðarvinnu til þess. En hjer er ekki svo auðhlaupið að því, vegna þess að staðurinn liggur langt frá öllum bæjum og fjarri þeim stöðum, þar sem helst er að óttast atvinnuskort. Og svona mætti nefna fleiri dæmi, þegar um það er að ræða að undirbúa brýr og vegi; það getur að eins náð til þess, sem hægt er að undirbúa í Reykjavík. Hins vegar hefir krafan altaf verið sú hjá þeim, sem rætt hafa um málið, að stjórninni væri veitt heimild til að láta þurfandi menn fá atvinnu, og ætti sú krafa oftast að miðast við framleiðslu. En þegar á það er litið, verður ekki um margt að velja. Vitanlega er þá að eins að ræða um framleiðslu til lands eða sjávar, en svo þegar litið er á atvinnuþörfina, eða öllu heldur hve nær hennar er mest þörf, þá er það einkum síðari hluta sumars, að haustinu og fram eftir vetrinum. En þá er ekki svo auðhlaupið að því að veita þessa atvinnu til sjávar, og verður þá að sjá um að gera það á landi. En þá er aðallega unnið að því, sem snertir landbúnaðinn, eða öðru, sem stendur í sambandi við hann. Hjer er í þessari viðaukatillögu minni nefnd garðrækt í stórum stíl. Jeg skal strax taka það fram, að þó að hún sje nefnd, þá er það ekki af því, að jeg geti búist við verulegum atvinnubótum af því, vegna þess að venjulega er unnið að henni á vorin. En jeg hefi tekið hana með, bæði af því, að stjórnin tekur það með í sitt frv., og sömuleiðis af því, að hún rekur nú garðrækt í stórum stíl suður á Garðsskaga. Jeg nefndi einnig heyskap, en jeg hefi orðið þess var, að sumir háttv. þm. hafa hálfhneykslast á því, og þykir mjer það einkennilegt.

Það er nú viðurkent, að öflun heyja er eitt af því allra nauðsynlegasta, sem

heyrir til framleiðslu hjer á landi, og get jeg ekki betur sjeð en að stjórnin gæti að einhverju leyti, meira eða minna, gripið til þess ráðs að láta reka heyskap, ef atvinnuskortur verður hjer í Reykjavík. Þegar líður á sumarið, er það oft svo, að þeir, sem hafa stundað sjó, hætta róðrum þegar afla lýkur, og hafa þá ekkert að gera. Meira að segja heyri jeg nú að menn, sem stundað hafa róðra síðari hluta vetrar og í vor, sjeu jafnvel að hugsa um að hætta, af ótta við lágt verð á fiskinum. Hvað satt er í þessu veit jeg ekki, en það er sem sagt oft svo, að afli hættir þegar kemur fram á sláttinn, og þá væri það gott, ef atvinnulaust yrði, að stjórnin ljeti þá heyja. Hún gæti þá látið heyja uppi í Borgarfirði, austur í Ölfusi, uppi á Mosfellsheiði og Mosfellssveit, sett heyið í lanir og látið tyrfa það þar, eða flutt það strax hingað til Reykjavíkur. Hvað á svo að gera við heyið? Jeg er sannfærður um, að það yrðu ekki vandræði með að koma því út. Jeg hefi nú heyrt suma menn, fróða og forsjála, geta þess til, að næsti vetur verði harður, og kæmi sjer þá vel að eiga heyforða, ef á þyrfti að halda. En burtsjeð frá öllum spádómum um það, skal jeg að eins benda á það, sem skeð hefir síðustu árin að undanförnu. Vorið 1917 var hey flutt hingað ofan úr Borgarfirði og víðar að og keypt og flutt norður fyrir land með skipum, alla leið norður á Húsavík, og þaðan flutt svo lengst upp í sveit og fram til dala, því að þá var heyskortur norðanlands. Og hvað gera menn ekki þá? Menn klífa þá þrítugan hamarinn og horfa ekki í neinn kostnað til þess að reyna að bjarga skepnum sínum.

Í sambandi við þetta má benda á, að bannað er nú að nota korn til skepnufóðurs, enda geri jeg ráð fyrir, að það verði engin leið til að bjarga skepnum frá hordauða eða felli með korni næsta vetur, en altaf má bjarga með heyi, ef það er til. Vorið 1914 var neyðarár hjer syðra og heyleysi og fellir; þá voru menn svo aðkreptir, að þeir keyptu hey frá Danmörku og Svíþjóð. Og þess vegna segi jeg það, að þó að heyforði væri hjer nokkur til, þá þyrfti ekki að kvíða því, að landsstjórnin gæti ekki gert sjer verð úr honum, og það jafnvel strax á næsta vori, og því engin fjarstæða að heimila stjórninni þetta. Og jeg vil segja, að stjórnin eigi að vinna að því, sem hún getur, að aflað sje svo mikilla heyja, sem kostur er á, og sjálf að skerast þar í leikinn; það eru sjálfsögð bjargráð nú á þessum tímum.

Jeg hefi farið nokkrum orðum um þessa heyöflun, vegna þess að sumir líta svo á, að hún geti ekki komið til mála. En jeg þykist hafa leitt rök að því, að slík ráðstöfun sje rjettmæt og geti komið að góðu liði, jafnvel næsta ár.

Um það atriði, að stjórninni heimilist að framkvæma strax áveitufyrirtæki að meira eða minna leyti, skal jeg svo segja nokkur orð.

Vil jeg þá strax benda á, að slík vinna, við skurðgröft o. fl., sje einmitt sú allra álitlegasta dýrtíðarvinna, sem hægt er að hugsa sjer. Síðastliðinn vetur var verið að vinna hjer suður í Fossvogi, og hygg jeg, að það hafi kann ske verið sú besta vinna, sem int var af hendi, að því leyti, að þar unnu menn næstum fullkomin dagsverk, að minsta kosti fram undir jólaföstu. Jafnvel þótt nokkur frost geri, þarf það ekkert að tefja fyrir skurðgrefti, því að við skurðagröft er hægt að vinna þegar ekki er hægt að vinna að ýmsri annari vinnu. Með þetta fyrir augum verður því að álíta, að áveitufyrirtæki, og þar með framræsla, sem stendur í sambandi

við það, sje eitt af því, sem einna tiltækilegast er að ráðast í og nota sem dýrtíðavinnu.

Nú get jeg búist við þeirri mótbáru, að slíkum áveitufyrirtækjum sje ekki beint til að dreifa hjer í nágrenninu. Það er satt, að slík áveitufyrirtæki eru ekki það nærri hjer, að menn geti farið heiman frá sjer að morgni og heim aftur að kveldi. En jeg vil minna á það, að austanfjalls er stórt fyrirtæki fyrir hendi, Flóaáveitan. Jeg álít, að vel gæti komið til mála, ef atvinnu skortir, að stjórnin ljeti menn fara þangað til vinnu, þegar þeir t. d. koma austan af fjörðum eða úr kaupavinnu, og vinna þar að skurðagreftri fram eftir hausti. Menn gætu legið þar í tjöldum fram eftir, og svo þegar færi að kólna fengið peningshús til að búa um sig í, ef menn gætu ekki þá skift sjer niður á bæina. En peningshúsin eru svo góð, að menn geta vel búið í þeim, ef ekki er því kaldara. Jeg vil í þessu sambandi benda á, að jeg er ekki að ráða til, að stjórnin taki þetta verk að sjer í heild sinni Hitt gæti komið til mála, að hún semdi við áveitunefndina um að taka einhvern hluta af verkinu að sjer, og færi þetta vitanlega eftir samningum milli landsstjórnarinnar og áveitunefndarinnar. Þetta vildi jeg taka fram til þess að fyrirbyggja allan misskilning. Mjer er það sem sagt sannfæringarmál, að slík vinna, við framræslu, skurðagröft eða þess háttar, sje álitlegasta vinna sem fæst, og hún lýtur áreiðanlega að framleiðslu og liggur að minsta kosti miklu nær en undirbúningur stórhýsa.

Jeg vona nú, að háttv. þm. skiljist, hvað jeg á við með till, og vona, að menn sannfærist um, að hjer er í raun og veru farið fram á það, sem rjett er og hyggilegt. Og það er að mínu áliti frámunalega vanhugsað, ef till. er feld, því að hún getur komið til mikilla bóta og hagsmuna, ef á liggur, en aldrei gert neinn skaða.

Háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) flytur brtt. á þgskj. 124; hún fer að því leyti í sömu átt og mín till., að hún vill veita stjórninni heimild til að verja fje úr landssjóði í beinar þarfir framleiðslunnar. Er hún að því leyti skilgetin systir minnar till., og hefði háttv. flutnm. (G. Sv.) viljað tilgreina nánar í till., hvað hann hefði fyrir augum, býst jeg við, að við hefðum getað orðið samferða. En þar sem mín tillaga er mikið ákveðnari heldur en hans, þá mun jeg halda því fast fram, að hana beri að samþykkja.

Jeg mun svo ekki taka fleira fram viðvíkjandi tillögu minni, heldur minnast að eins lítillega á brtt. meiri hlutans.

Jeg hefi skrifað undir nefndarálitið með fyrirvara, og skal jeg geta þess, að þessi fyrirvari liggur í því, að nefndin vildi ekki heimila stjórninni að verja fje til dýrtíðarvinnuráðstafana. Og svo í öðru lagi í því, að hún vildi ekki heimila stjórninni að taka lán til ákveðinna atvinnabóta. Auk þess er jeg ekki heldur alls kostar ánægður með ýmisleg einstök atriði í breytingartillögum meiri hlutans, og skal jeg sjerstaklega nefna eftirlitið, sem gert er ráð fyrir, en þó hefir þetta atriði ekki skilið svo mjög á milli okkar, að jeg hafi sjeð ástæðu til að koma fram með breytingartillögur viðvíkjandi þessu atriði.

Jeg vil svo vona, að háttv. framsögumenn meiri og minni hluta, og hæstv. fjármálaráðherra athugi tillögu mína vel, áður en þeir leggja dóm á hana, því að annars er hætt við, að dómar þeirra verði ljettvægir sleggjudómar.

Að endingu vona jeg, að háttv. deild

samþykki till. mína, og teldi jeg það vel farið.

Gísli Sveinsson: Mjer fer eins og háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), að jeg stend upp til þess að mæla með brtt. minni, sem kemur fram við aðalfrv. Af þessu geta háttv. þm. sjeð, að jeg hallast helst að þessu frv., eða, með öðrum orðum, að frv. hæstv. landsstjórnar.

Jeg er alls ekki ánægður með brtt. háttv. meiri eða minni hluta bjargráðanefndar, er hjer liggja fyrir. Það sem má segja, að sjerstaklega skilji í sundur með mjer og háttv. meiri hluta bjargráðanefndar, er það, að hann fer þá leið, sem jeg tel ófæra, ef tekið er fult tillit til fjárhags landsins, sem sje lánaleiðina.

Jeg mælti svo í fyrra, er talað var um þessi dýrtíðarmál, að jeg teldi lánaleiðina óhagstæðari heldur en þá leið, að veita þeim styrk, jafnvel óafturkræfan, sem vegna dýrtíðar hafa lent í svo mikilli neyð, að þeir sjeu eigi á neinn veg megnugir að bjarga sjer. Og þessi leið er þá líka farin í frv. stjórnarinnar.

Þó að styrkurinn eftir frv. stjórnarinnar sje nokkuð takmarkaður, þá get jeg þó sagt, að í öllum aðalatriðum felli jeg mig algerlega við þá úrlausn málsins, sem þar er komist að.

Það má segja, að sá styrkur, sem ákveðinn er í stjórnarfrv., komi ekki öllum hlutum landsins til jafnmikils gagns, eftir eða í samræmi við þarfirnar, en þessi styrkur er einmitt bundinn þeim styrk, sem bæjar- og sveitarfjelög eiga að veita. Og þótt segja megi, að landssjóður hlaupi ekki nægilega undir baggann, t. d. hjer í Reykjavík, þá er ekki svo mjög mikið við það að athuga, því að landssjóður á ekki að hlaupa undir baggann fyr en alt um þrotnar annað og bæjarfjelagið hefir lagt alt sitt til og gert sitt ítrasta.

En þó að meiri hluti bjargráðanefndar sje hjer að nokkru á rjettri leið, þá hefir hann þó ekki komist á heppilegri braut heldur en stjórnin. Það hefir sem sje sýnt sig, að allsendis ókleift er að fylgja lögum síðasta þings um lánin; bæði er, að fje hefir ekki fengist, eða verið handbært til slíkra hluta, og svo er það sannarlega ekki auðvelt að gera upp á milli bæjar- og sveitarfjelaga er um lán biðja, um það, hvar þörfin sje mest. Jeg býst við, að landsstjórnin geti ekki skorið úr því, hvernig ástandið sje heima í hjeruðunum, heldur verði hún yfirleitt að taka sveitarstjórnirnar trúanlegar í því efni.

Það kom fram í fyrra sem andmæli móti mjer, að ekki mætti trúa sveitarstjórnunum fyrir styrkbeiðnunum, eða meðmælum með þeim, en að svo stöddu sje jeg ekki ástæðu til þess að hverfa frá því, sem jeg hjelt fram þá, að trúa yrði sveitarstjórnunum fyrir því að gefa skýrslu um ástandið heima fyrir, enda finst mjer, að ef þær væru svo óábyggilegar, þá væri ekki heldur þorandi að trúa þeim fyrir lánum, nje yfirleitt til skýrslugjafa, sem þó verður að gera, svo sem lög lands mæla fyrir um.

Brtt. mínar við frv. stjórnarinnar er í tveim liðum. Fyrri liðurinn miðar að því að koma atvinnubótunum inn á nokkuð aðra braut en gert er ráð fyrir í 1. gr. stjórnarfrv., og vil jeg því, að aftan við þá grein bætist ákvæði, sem gefi það til kynna, að stjórninni sje heimilt að veita fje til atvinnubóta, á ábyrgð bæjar- eða sveitarfjelags. Þessi hugsun er í samræmi við hugsun meiri hl. bjargráðanefndar, sem sje þá, að koma atvinnubótunum sem mest í hendur bæjar- og sveitarstjórna.

Þá er breytingin, sem jeg vil að gerð verði á 6. gr. stjórnarfrv. Jeg vil láta orða hana þannig, til þess að það orki ekki tvímælis, að það fje, sem varið er

til atvinnubóta, verði notað að eins í »beinar þarfir framleiðslunnar« og til þess að styðja að atvinnuvegum bæjar- eða sveitarfjelagsins, sem síðar kæmi því í verð, sem unnið er. Hjer er jeg þá aftur kominn inn á hugsanaleiðir hv. meiri hl. bjargráðanefndar.

Mjer finst sem sje, að sú reynsla, sem fengin er um atvinnurekstur landsstjórnarinnar, sýni, að ekki sje rjett að halda honum áfram. Það er öllum kunnugt, að í fyrra var gripið til þess að láta menn fara að vinna að grjótvinnu, og er síst hægt að segja, að sú vinna hafi verið rekin í beinar þarfir framleiðslunnar, því að hún er bæði ófrjósöm og óarðsöm. Það yrði að vera beinn markaður fyrir grjót, og það yrði að vera keypt fullu verði, ef landssjóður ætti ekki að skaðast á þeirri atvinnu. En nú er hvorki markaðurinn til, og svo hefir grjót þetta orðið svo dýrt, að það svarar ekki verði, langt í frá.

En nú mundi, ef til vill, einhver spyrja, hvað átt væri við með því, að atvinnustyrkur ætti að ganga í »beinar þarfir framleiðslunnar«. Þá er því að svara, að það getur bæði náð til sjávar og lands. Setjum nú svo, sem vel er hugsanlegt, að landssjóður fari að gera út, annað hvort í smærri eða stærri stíl, þá væri það fje, sem til þess væri veitt, notað í beinar þarfir framleiðslunnar. Og að því er til landsins kemur, má nefna ýmislega ræktun jarðarinnar, jafnvel, eins og hv. 1. þm. Árn. (S. S) tók fram, heyskap og garðrækt. En hins vegar get jeg ekki fallist á aðalefnið í till. hans, sem kom mjer þó ekki á óvart, að landssjóður fari að veita fje eða láta vinna að stærri áveitufyrirtækjum, og þá auðvitað að Flóaáveitunni, því að honum liggur hún þyngst á hjarta, sem dýrtíðarvinnu. Jeg sje ekki nein tök á að heimila stjórninni fje til slíkra hluta, því að jeg býst við, að á sínum tíma verði verkið í heild boðið út, og að fjelag eða einstaklingur taki það að sjer. Það væri ekki heldur rjett að telja þessa vinnu unna í beinar þarfir framleiðslunnar, því að það getur ekki komið að notum fyr en að svo og svo mörgum árum liðnum og ekki fyr en verkið er búið að fullu. Svo er það enn eitt, sem mælir á móti því að láta vinna þetta verk sem dýrtíðarvinnu, og það er, að það getur komið sjer mjög illa fyrir þá eða þann, sem aðalverkið tæki að sjer, að aðrir hafi verið að fást við það á undan honum að einhverju leyti og ef til vill með lítilli forsjá.

En að þessu öllu sleptu, þá er einn aðalhængur á þessu, sem er nægilegur til þess að útiloka það, að unnið verði að þessu í dýrtíðinni, og hann er sá, að til þessa verks þarf verkfæri, sem ekki eru til hjer í landinu og engin tök eru á að útvega fyr en að stríðinu loknu, því að iðnaði meðal stórþjóðanna er nú beint í aðra átt heldur en að framleiða saklaus jarðyrkjuverkfæri. Hins vegar er jeg ekki með öllu mótsnúinn till. hv. þm. (S. S), því að hún er í mörgu mjög nærri minni till., en vegna þessa atriðis tel jeg vissara að samþykkja hana ekki.

Þá talaði hv. þm. (S. S.) um, að ekki væri hægt að telja vegagerð sem vinnu beint í þarfir framleiðslunnar, en um þetta atriði get jeg ekki verið honum alls kostar sammála, því að jeg verð að segja, að svo má líta á, sem vegagerð sje einn liðurinn í framleiðslu landsmanna, þar sem vegir landsins eru annar höfuðþátturinn, bæði hvað aðdrætti snertir, og svo hitt, að koma vörunum frá sjer. Vegna þessa mætti því gjarna vinna að vegagerð, og jafnvel brúargerð líka, sem dýrtíðarvinnu En nú vil jeg ekki, að landssjóður fáist neitt við dýrtíðarvinnu með slíkum hætti, heldur styðji hann bæjar- og sveitarfjelögin til þess að framkvæma hana,

bæði með því að kaupa þær afurðir, sem fram koma við dýrtíðarvinnuna, og svo með því að styrkja t. d. útgerðina. En hvað sem landssjóður nú styrkir, eða lætur gera, þá verður það að vera unnið í beinar þarfir framleiðslunnar, því að á henni stendur alt, og vel getur svo farið um hana, að landssjóður þurfi beinlínis að taka í taumana, einkum að því er sjóinn snertir.

Mjer þykir ekki ástæða til þess að tala meira um þessa till. mína, en jeg hefi komið fram með hana til þess að sýna afstöðu mína til málsins, enda álít jeg, að ef þessi till. nær fram að ganga, þá sje málinu vel borgið, eða sæmilega.

Jeg hefi ekki minst verulega, hvorki á nál. nje brtt. meiri eða minni hl. hv. bjargráðanefndar; þó hefi jeg getið þess, að jeg mundi ekki greiða meiri hl. brtt. atkvæði mitt, og get jeg nú þegar lýst yfir því, að svo er og um minni hl. till., þó að þær sjeu nokkuð í sama stíl og stjórnarfrv.

Frsm. meiri hl. (Pjetur Jónsson): Jeg býst við að svara einhverju fyrir hönd meiri hl., þeim hv. frsm. minni hl. (J. B.) og hæstv. fjármálaráðherra. Ætla jeg fyrst að snúa mjer að hv. frsm. minni hl. nefndarinnar (J. B.).

Snemma í ræðu sinni talaði hann (J. B.) mikið um þann »sultarstimpil«, er meiri hlutinn hafi sett á málið Jeg hefi vikið að því áður, að það, sem aðallega greindi okkur í sundur, væri blærinn á málinu, en ekki svo mjög annað. Það er sultarblærinn, sem háttv. þm. (J. B.) getur ekki felt sig við, en þó hefir hann færst svo mikið í áttina til okkar, að hann vill þoka stjórnarfrv. í sömu átt. Þetta tek jeg til inntekta fyrir meiri hlutann, því að úr því að hann gat þetta, þá hefir hann þó fundið, að till. okkar meiri hluta manna hafa við mikil rök að styðjast. En jeg get ekki verið sammála um að draga fjöður yfir það, sem hjer er um að vera, því að eigi er hægt að sjá á frv. stjórnarinnar nje á till. minni hlutans, að nokkur vogi að stinga upp á neinni dýrtíðarhjálp frá landsstjórninni, sem geti meira heldur en bætt úr ítrustu neyð og sárasta sultinum. Það er ekki til neins að dylja, að það, sem tiltekið er, er svo lítið, að það væri einkis nýtt, ef það væri notað undir öðrum kringumstæðum. Jeg segi þetta til þess að vara menn við að láta þetta sultarstimpilshjal háttv. minni hluta fá nokkuð á sig. En annað mál væri það, ef við gætum veitt meiri hjálp en þá, sem bætti úr sárustu neyðinni; þá væri það ekki nema ágætt og mannúðlegt, og þá mundi ekki standa á meiri hlutanum, en horfurnar eru nú einu sinni þannig, að næg efni eru eigi fyrir hendi, því að hvar sem gripið er niður til að hjálpa, þá er undir eins farið að leika á miljónum, og það mörgum miljónum, ef ganga á nokkuð jafnt yfir þá, sem í kreppunni eru. Nei, við verðum að gera okkur það ljóst, að við, með svona löguðum dýrtíðarráðstöfunum, erum að reyna að bæta úr sárustu neyð. Þetta mál má því ekki halda áfram að vera í einhverri meðaumkvunarþoku.

Svo að jeg snúi mjer nú til háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.), þá hefir mjer fundist hann skilja mig mörgum öðrum betur, og höfum við talsvert sældað saman hjer á þinginu. En í þessu máli hefir hann átt mjög bágt með að skilja mig og meiri hluta nefndarinnar. Hann hefir farið þeim orðum um meiri hl., að hann væri að reyna til að svifta alþýðu þeirri hjálp, sem í boði væri, líklega í stjórnarfrv. Jeg mótmæli þessu kröftuglega, því að við höfum, engu síður en minni hl. og stjórnin, komið fram með till. um hjálp, sem síst standa till. hinna málsaðilja að baki, en aðferðin er að

eins önnur, sem við viljum hafa. Það hljóta allir að sjá, að hjálpin er öldungis sú sama, bjargráðin hin sömu, hvort heldur peningarnir eru gefnir eða lánaðir, ef hún að eins bætir úr neyðinni. Það er einungis þegar til endurgreiðslunnar kemur, sem mismunurinn kemur fram.

Það er bara til skaða að kasta þessum annarlega blæ á málefni og skoðanamun þann, sem verið er að þræta um. Menn verða að halda sjer við aðalatriðin til þess að geta komist að einhverri niðurstöðu. Það er því villandi blær settur á tillögur meiri hl. nefndarinnar, ef þær eru taldar svifta hjálpinni. Hann vill þvert á móti, að hjálpin verði að sem bestum notum. Hvorki í stjórnarfrv. nje í áliti minni hl. eru settir neinir varnaglar við því, að hjálpin dreifist út til manna, sem geta komist af án hennar. En við þá dreifingu verður hjálpin auðvitað minni þar, sem þörfin er mikil eða óhjákvæmileg. Jeg vil leggja áherslu á þetta, því að það e aðalatriðið, og það er það, sem meiri hl. vill, að hjálpin komi einungis þar niður, sem ekki verður komist af án hennar. Það er að vísu ekki hægt að fylgja þessu alveg út í æsar í framkvæmdinni, en því meiri áhersla sem á það er lögð, því betra.

Þá kem jeg að eftirlitsmönnunum. Jeg hefi þegar skýrt frá því, hvað meiri hl. leggur áhersluna á, sem sje það, að hjálpin komi þar niður, sem hún er óhjákvæmileg, og þessir eftirlitsmenn eiga að koma stjórninni til hjálpar í þessu efni. Hæstv. fjármálaráðherra hjelt því fram, að þessara eftirlitsmanna gerðist ekki þörf. Það getur þó ekki verið til skaða fyrir stjórnina að hafa þessa eftirlitsmenn sjer til aðstoðar. Ef til vill verða þeir ekki til nógu mikils gagns, en jeg held þó, að það nái ekki nokkurri átt, að stjórnin þurfi ekki nánari kunnugleika en hún getur fengið af sjálfsdáðum. Jeg veit, að hæstv. stjórn er okkur sammála um það, að hjálpin eigi ekki að koma niður annarsstaðar en þar, sem veruleg þörf er fyrir hana. Þess vegna held jeg, að þegar stjórnin fer að átta sig, geti hún og hljóti hún að komast á þá skoðun, að eftirlitsmennirnir sjeu góðir. — Eins og kunnugt er, er það lög og venja, þegar einhver leitar sveitarstyrks, að þá fer fram skoðun hjá honum af óvilhöllum mönnum. Þetta er því í fullu samræmi við það. Það þykir sjálfsagt að skoða nákvæmlega efni þeirra og ástæður, sem sækja um sveitarstyrk; skyldi þá vera minni ástæða til að líta eftir þörfinni áður en þessi dýrtíðarhjálp er veitt? Og það nær engri átt, að þeir geti ekki gert gagn.

Þá var það ein mótbáran, sem komið hefir fram gegn þessum eftirlitsmönnum, að það verði svo mikil fyrirhöfn og kostnaður fyrir þessa tvo menn að komast að nokkurri niðurstöðu um þörfina. Já, það kostar líka fyrirhöfn hjer á þingi að koma skipulagi á þessi dýrtíðarmál. Mjer fyndist blátt áfram eðlilegt, að þetta mál tæki til sín að minsta kosti $^1/_3$ kostnaðarins við þetta þing. Því þá ekki að vanda til þeirra í framkvæmdinni í sveitar- og bæjarfjelögunum, þótt þau kosti eitthvað? Jeg er ekki viss um, að kostnaðurinn þurfi að verða eins mikill og háttv. andstæðingum vex í augum. T. d. álít jeg, eins og jeg hefi tekið fram áður, að eftirlitsmennirnir — við skulum segja hjer í Reykjavík — þurfi ekki að fara inn á hvert heimili, til þess að komast að því, hvernig ástandið er. Þeir geta aflað sjer ábyggilegra upplýsinga án þess. Jeg er ekki í neinum vafa um það, að með því að snúa sjer til fátækranefndar, bjargráðanefndar og til þeirra líknarstofnana, sem starfa í bænum, megi

fá fulltryggar upplýsingar um afkomu einstakra manna. En einkum er það þó heildarástandið, sem hægt er að komast eftir, án þess að koma inn á hvert heimili. Og það er heildarástandið, sem mestu varðar. Um það þarf stjórnin að fá upplýsingar áður en hún veitir dýrtíðarhjálp — betri upplýsingar en fást á skýrslum og reikningum. Jeg vona, að stjórnin hafi ekkert á móti að fá þær. Hitt er satt, að það getur verið hlutfallslega of mikill kostnaður við þessa eftirlitsmenn, fyrir þennan litla styrk, sem stjórnarfrv. fer fram á — 5 kr. á hvern íbúa. Þó held jeg varla. Því minni sem styrkurinn er, því meiri áherslu þarf á það að leggja, að hann komi ekki niður nema þar, sem þörf er á honum. En svo er líka sú hjálp, sem meiri hl. vill veita, miklum mun meiri, og eftirlitskostnaðurinn ætti því síður að vera nokkur grýla.

Jeg skal taka það fram strax, að það er enginn mælikvarði fyrir þörf eins sveitarfjelags, þótt það taki á sig þær byrðar, sem stjórnarfrv. setur að skilyrði fyrir styrkveitingunni, því að þar undir má skjóta ýmsum öðrum útgjöldum, sem ekki heyra beint til dýrtíðarhjálp, t. d. allri annari fátækrahjálp á þessu tímabili. Og það er orðið alkunnugt, að þegar á að hafa fje út úr landssjóði, þá er gengið eins langt og hægt er. Líklegt er einnig, að miklu meira þurfi til dýrtíðarhjálpar en 15 kr. á mann. Jeg er að minsta kosti hræddur um, að svo geti farið. Þegar litið er á þá hjálp, sem veitt var hjer í fyrravetur, þá geta menn fljótt gengið úr skugga um það. Það, sem veitt var hjer í bænum til dýrtíðarhjálpar, var:

Lækkun á kolaverði, úr 300 kr. tonnið niður í 125 kr. að meðaltali, alls	kr. 214,000
Auk þess dýrtíðarvinna bæjarins, sem nam á annað hundrað þúsund, eftir því sem mjer er sagt. Til hennar var fengið lán hjá stjórninni, að upphæð . .	— 150,000
Þar við bætist svo dýrtíðarvinna landssjóðs. Útgjöldin til hennar voru brúttó nálægt	— 90,000
Meginið af þeirri vinnu gekk hjer til bæjarins. Þetta er til samans . . .	kr. 454,000

Beini styrkurinn, sem sje niðurfærsla á kolaverði, nemur alt að 15 kr. á mann; hitt nemur út af fyrir sig fullum 15 kr. á mann. Það er því auðsjeð, að þessi upphæð stjórnarfrv. hrekkur ekki langt, einkum ef að harðnar enn, sem búast má við, og af þessari upphæð á þó landssjóður ekki að borga nema $^1/_3$.

Þá skal jeg víkja aftur að eftirlitsmönnunum. Háttv. minni hl. er mótfallinn því að hafa þá. En samt stingur hann upp á því að hafa eftirlitsmenn. Hann ætlast til, að leitað sje álits bjargráðanefnda um þörfina. Í þessu, eins og reyndar í fleiru, virðist háttv. minni hl. hallast mjög í áttina að till. okkar og er hjer alveg kominn á okkar mál með það, að eftirlit sje nauðsynlegt, þar sem hann ætlast til, að bjargráðanefndirnar taki að sjer þetta eftirlit. Jeg tel það vott um það, að tillögur okkar sjeu á rökum bygðar, er jafnvel andstæðingurinn kemst á sömu skoðun. Í bjargráðanefndum sitja 2 menn, auk sýslumanns, í hverri sýslu, og eftirlitið kostar ekki minna fyrir það, þótt þeir framkvæmi það, heldur en þótt fengnir væru sjerstakir menn til þess, hvort sem þeim nú er borgað fyrir það eða ekki. Jeg fyrir mitt leyti geri það ekki að kappsmáli, hvort bjargráðanefndirnar framkvæma eftirlitð, eða aðrir menn. Þeir geta haft góð skilyrði til þess, þó að sömu tveir mennirnir eigi þá að hafa eftirlit með heilli sýslu.

Þá var háttv. þm. (J. B.) að tala um dýrtíðarvinnuna. Jeg vík að henni síðar og ætla því að hlaupa yfir hana hjer.

Þá var sami háttv. þm. að afsaka Reykjavík út af dýrtíðarhjálpinni, sem henni var veitt, en það var óþarfi. Jeg nefndi Reykjavík alls ekki í þeim tilgangi, að dæma um það, hvort hjálpin hefði verið nauðsynleg eða ekki, heldur að eins til að draga upp mynd af því, hvernig dýrtíðarhjálpin lítur út í framkvæmdinni, og þar tók jeg Reykjavík sem ábyggilegasta dæmið. Jeg sagði ekki annað en í samræmi við það, sem stendur í nál. um kolauppbótina, að hún hefði náð heldur skamt, — annaðhvort verið of lítil, eða skift óheppilega. Það var aðalatriðið að nefna Reykjavík sem dæmi, en alls ekki, eins og áður er á vikið, telja eftir eða dæma um nauðsynina.

Þá kem jeg að síðustu brtt. á þgskj. 89, till. um lán til stuðnings sjávarútveginum. Þessi till. kom ekki til umræðu í nefndinni. Háttv. minni hl. bar hana alls ekki fram þar. Nefndin hefir því ekki haft till. til umhugsunar eða umræðu.

Hæstv. fjármálaráðh. taldi tormerki á því, að nokkurt fje væri handbært til þess; því er líklega ekki þörf á að ræða tillöguna. Það væri að vísu miklu betra að þurfa ekki að tala um beina hjálp, heldur eingöngu um stuðning til atvinnuveganna. Það væri óneitanlega æskilegri lausn á dýrtíðarmálunum. En ef leggja ætti fram þann stuðning, sem eitthvað dregur, þá þyrfti til þess miljónir, margar miljónir. En þingið hefir ekki sjeð sjer fært að gera slíkt til nokkurra muna, en hefir í þess stað tekið þá stefnu, að reyna að varna sárum sulti, ef til kæmi, og annari þröng. Að láta starfsmenn landsins hafa svo litla launauppbót, og enn fremur að hjálpa svo þeim, sem ekki geta bjargað sjer, til þess að lifa, það hefir verið stefna þingsins. Hærra hefir ekki verið risið, og hærra verður varla risið, af þeirri einföldu ástæðu, að það vantar fje. Ef nægu fje væri úr að spila, mundi hvorki jeg nje aðrir vera því mótfallnir, að farin væri fullkomnari leiðin til að afstýra dýrtíðarvandræðunum. En þá leið getum við ekki farið. Okkur vantar fje.

Háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) hártogaði orð mín um það, að landið hefði ekki fengið neinn dýrtíðarskatt, engan beinan hluta af dýrtíðargróðanum. Jeg sagði ekki annað en það, sem stendur í nál., að það væri að seilast um hurð til lokunnar að sækja slíka dýrtíðarhjálp í landssjóð, þar sem hann engan dýrtíðarskatt hefði á móti. Og á öðrum stað í nál. er komist svo að orði:

»Hvað hefir landssjóður borið úr býtum af dýrtíðargróðanum? Ekkert, sem teljandi er, í samanburði við það, sem þarf til dýrtíðarhjálpar, þegar í verulega neyð er komið«.

Þegar við gáum að því, að sá eini, teljandi dýrtíðarskattur, sem landssjóður hefir fengið, er verðhækkunartollurinn af útfluttum vörum, sem nú er niður fallinn, þá sjest, að hann hrekkur ekki til að standast dýrtíðaruppbót starfsmanna landsins og önnur bein útgjöld viðvíkjandi dýrtíðinni. Hann er 1917 ekki einu sinni fyrir kolaafslættinum, hvað þá heldur meiru. Á síðasta þingi var þessi skattur feldur niður, eins og menn muna. Það er því rjett, sem jeg hefi sagt og stendur í nál., að tekjur landssjóðs af dýrtíðinni eru litlar í samanburði við útgjöldin. Þegar því nú er verið að ræða um dýrtíðarhjálp, þá kemur enginn dýrtíðarskattur á móti. Þeim litla dýrtíðarskatti, sem lagður hefir verið á, er búið að eyða. Tekjur

af dýrtíðinni eru þá engar, nema hækkun á tekjuskattinum, sem nemur litlu.

Þá er ekki fleira að athuga hjá háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.), og vil jeg snúa mjer að hæstv. fjármálaráðherra og gera nokkrar athugasemdir við ræðu hans. Hjá honum kom fram sami misskilningurinn eins og hjá háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.), að hjálpin sje minni eftir till. meiri hl. en stjórnarinnar. Þessu er jeg búinn að svara. Jeg hefi sýnt fram á, að það er eintómur misskilningur. En hann (J. B.) var líka að tala um lánaaðferðina, um það, hvort heppilegra muni að lána eða styrkja. Jeg skal játa það, að það er mest undir fjármálaráðherranum komið, að hve miklu haldi það kemur að veita lánsheimild. Það fer alt eftir því, hvort lán fæst til þess og hvernig með lánsheimildina er farið. Ef hún er notuð á þann hátt, sem meiri hl. bjargráðanefndar ætlast til, þá geta ekki verið skiftar skoðanir um það, að meiri hjálp verður að till. hennar en stjórnarinnar.

Það, sem hæstv. fjármálaráðherra hafði aðallega að athuga við lánsaðferðina, var það, að hún væri ekki notuð annarsstaðar, að minsta kosti ekki í Danmörku. Þar er óliku saman að jafna. Þeir eru komnir lengra á veg en það, að hjálpa í neyð. Þeir hafa ekki farið þá leiðina, og vel má vera, að þeirra aðferð gefist vel í Danmörku, en okkur er hún ofurefli. Þeir hafa tekið upp þá aðferð, að halda niðri verði á aðfluttum vörum, til þess að vinnan þyrfti ekki að verða of dýr. Með því móti er líka hægt að halda innlendum afurðum í lægra verði. Það var sýnt fram á það á þinginu í fyrra, þegar tillögur um sölu á heistu nauðsynjavörum undir verði voru til meðferðar hjer, að þessi aðferð mundi hafa kostað okkur 6—8 miljónir. Við sjáum nú, að fyrst ekki er hægt að fá eina miljón til dýrtíðarlána, þá mundi ekki frekar vera hægt að fá margar miljónir til afsláttar á vöruverði. Á því leikur enginn efi, að sú aðferðin er mjög dýr. Ef til vill hefði hún reynst vel hjer, ef hún hefði verið framkvæmanleg, en um það er ekki að tala. Hún er okkur ofurefli.

Þar að auki er þess að gæta, að Danir hafa haft lag á að ná í tekjum í ríkissjóðinn. Þeir hafa lagt á dýrtíðarskatta, háa skatta, og gengið mjög hart að mönnum. Sjerstaklega hafa þeir gert sjer far um að ná skatti af nýjum gróða, þeim gróða, sem stríðið og dýrtíðin sjálf hefir skapað. En hvað höfum við gert í þessu efni? Jeg var einn af þeim, sem börðust fyrir því á síðasta þingi, að halda í þá einu tekjugrein, sem landssjóður hafði af verðhækkuninni, en þingið drap næstum allar tilraunir, sem gerðar voru til þess að láta landssjóð ná í dýrtíðargróðann. Þessi eini dýrtíðartekjustofn var nú ekki heldur neinn gróðaskattur, heldur útflutningsskattur, og náði því ekki beinlínis tilgangi sínum. Þingið hefir alveg gefist upp við það að ná í dýrtíðargróðann, og því er í raun og veru ekki um annað að gera fyrir það en leggja niður rófuna með allar meiri háttar tilraunir til dýrtíðarhjálpar og varpa áhyggjum sínum á sveitarstjórnirnar. Þær eiga hægra með að ná í gróðann. Það er, eins og einn háttv. þm. komst að orði í þessari deild í fyrra, að fyrst er að reyna þolrifin í sveitarfjelögunum áður en gripið er til annara úrræða. Úrræðin, sem þá verður að grípa til, eru lán úr landssjóði, ef fje er fáanlegt. Þessi styrkur, sem stjórnarfrv. fer fram á, er svo lítill, að ekki dregur hann í ítrustu neyð neitt að mun, eins og oft er fram tekið. Fyrir sveitarfjelögin verður hjálpin miklu meiri eftir tillögum meiri hlutans, og þegar ekki er hægt

að hjálpa svo að um muni á annan hátt, þá á heldur að hjálpa með lánum en að hjálpa ekki.

Þá var hæstv. fjármálaráðherra að reikna út þá upphæð, sem veitt yrði að lánum, eftir tillögum meiri hlutans, og komst að þeirri niðurstöðu, að hún yrði 1800 þús. kr. eða alt að 2 miljónum. Jeg er, satt að segja, öldungis hissa á þessum útreikningi. Ef menn líta á nál., geta menn fljótt gengið úr skugga um það, að nefndin byggir á alt öðrum grundvelli. Nefndin gerir ekki ráð fyrir, að til þess geti komið, að öll sveitar- eða bæjarfjelög þurfi á þessum lánum að halda, eða geti fengið þau, þegar þess er gætt, að sveitarfjelag getur ekki fengið neitt lán fyr en mjög er sorfið að gjaldþoli þess. Og þegar svo er sorfið að öllum sveitarfjelögum landsins, eða flestum, á hvers ábyrgð er þá hægt að fá fje til útlána samkvæmt þessum lögum? Hvað þýðir þá líka 5 kr. styrkur úr landssjóði fyrir nef hvert, til þess að afstýra neyð, þessi dropi í hafinu? Hvað þýða þá jafnvel þessi lög?

Hæstv. fjármálaráðherra hjelt, að lánskjörin myndu freista manna til lántöku. Hann hefir ekki athugað, að aðgangur að þeim er mjög takmarkaður. Hann bygði einkum á því, að lánin standa vaxta- og afborganalaus fyrsta árið. En það freistar manna ekki, er þess er gætt, að vextirnir koma eftir 1 ár og lánin eiga svo að borgast upp á mjög skömmum tíma. Hitt gæti þá frekar freistað manna, að þeir byggjust við, að lánin yrðu gefin upp, en á því getur verið hætta um öll dýrtíðarlán.

Það á að geta verið vandalaust fyrir stjórnina að sjá um, að lán þessi komi þar niður, sem þörfin er mest og fyllilega brýn. Jeg skildi aldrei það, sem hjer stendur í stjórnarfrv.:

»Sveitar- og bæjarfjelögum veitist heimild til að verja úr sveitar- eða bæjarsjóði, auk venjulegra útgjalda, upphæð, er þó ekki nemi meiru en 15 kr. á hvern mann í sveitarfjelaginu« o. s. frv.

Jeg skil ekki, að þessarar heimildar þurfi við. Jeg skil ekki annað en að hvert sveitarfjelag hafi heimild til að verja til hjálpar mönnum í verulegri neyð því, er nauðsyn krefur og unt er fram að leggja. Nú heldur hæstv. fjármálaráðherra, að þessi ákvæði stjórnarfrv. og framlagið úr landssjóði miði að því, að sveitarfjelögin leggi fram sína krafta sem best til dýrtíðarhjálpar. En það er ekki mikill vandi að nefna á sveitar- og bæjarreikningum eitt og annað »dýrtíðarhjálp«, sem ekki er þó hjálp í »verulegri neyð«, og slíkar upphæðir sanna ekkert um, hvernig gjaldþoli manna er komið í sveitinni eða bænum, eða hvernig hagurinn er í heild sinni, og það er þó mest um vert. Nei, jeg fæ ekki sjeð, að í frv. stjórnarinnar sje stefnt í þá átt, að sveitarfjelögin bjargist sem best. En þess er beint krafist í frv. okkar meiri hlutans, að þau sveitarfjelög einungis fái slíka hjálp, sem búin eru að leggja fram alla sína krafta til að bjargast sjálf.

Þá mintist hæstv. fjármálaráðherra á fjármálaástandið, og sagði hann, að lán þau, sem tilskilin eru í till. meiri hl., mundu ef til vill ófáanleg. Það veit jeg ekki; slíkt er mest undir stjórninni komið. En það vakti þó fyrir nefndinni, að ef til vill yrðu lán vandfengin, og því vildi hún fara mjög varlega og skorða lán við 20 krónur á íbúa. En ef slík dýrtíðarlán verða veitt, þá álítum vjer það minsta, sem hægt er til að taka, vera 1 miljón króna, og ef stjórnin getur ekki útvegað það lán, þá tekur það auðvitað ekki lengra. Þá er landsstjórnin löglega afsökuð frá því að geta hjálp-

að með fjárframlögum og reynir þá má ske að snúa sjer að öðrum bjargráðum. Nefndin hefir þó vænst þess, að stjórnin hafi einhver ráð, og vonar það enn, en heldur því þó ekki fram til streitu, síst gagnvart hæstv. fjármálaráðherra.

Annars skal jeg ekki þrefa um þetta, en verð að segja, að þessi 5 króna styrkur er ekkert annað en málamynda handaþvottur, sem ekki er vert að tala um. En þetta segi jeg frá eigin sjónarmiði.

Hv. frsm. minni hl. (J. B.) hefir víst skilið svo orð mín um kolauppbótina, að jeg hafi verið að finna að því, að ódýrum kolum var úthlutað til fátækari manna. En jeg var ekki að finna að þessu. Jeg sagði að eins, að hún hefði náð skamt, og það er víst sannmæli. En það sagði jeg til þess að sýna, hve mikið fje þyrfti til þess að vinna bug á dýrtíðinni, hve mikil neyslan er orðin í landinu, á ýmsa lund, og hve mikið þarf til þess að bæta úr, er menn tekur að skorta. Nefndin áleit það algerlega fyrir utan sitt hlutverk í þessu sambandi að finna að kolaúthlutuninni.

Þá mintist hæstv. fjármálaráðherra, sem eðlilegt var, á till. meiri hl. um breytta tilhögun á dýrtíðarvinnu. Hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) hefir nú að miklu leyti tekið af mjer ómakið að tala nánar um það, því að hann hefir skýrt það fyrir hv. deild, að það væri fult svo góð tilhögun, að sveitar- og bæjarstjórnir tæku að sjer að sjá um þessa dýrtíðarvinnu, en hefðu að eins fulltingi landsstjórnarinnar á bak við sig. En hæstv. fjármálaráðh. spyr: Hvað á að kaupa? Hve mikið á að kaupa? Hvaða verði á að kaupa það, sem keypt er? Það hefði nú verið ósköp eðlilegt, að hann spyrði sjálfan sig þannig. Hann hefir sjálfur á síðastliðnu ári ráðist í annað eins með dýrtíðarvinnu og hjer er ráð fyrir gert. Fyrst og fremst hefir hann ráðið, eða hæstv. landsstjórn, hvað unnið hefir verið. Hún hefir líka ráðið, hve mikið hefir verið unnið, eða í dýrtíðarvinnu lagt, og enn fremur hefir hún ráðið verði vinnuafurðanna, með því að ráða kaupgjaldi verkamannanna. Hæstv. landsstjórn hefir því á næstliðnum vetri svarað öllum þessum spurningum, án allrar fyrirsagnar af þingsins hálfu, og er ekki meiri vandi að svara þeim samkvæmt till. nefndarinnar. Hún hefir haft til þessa aðstoðarmenn og getur það enn hjer eftir.

Víst er um það, að mikið hefir verið fundið að þessum framkvæmdum stjórnarinnar; það hefir heyrst bæði í samtali við einstaka menn og í blöðum. En meiri hlutinn hefir ekki gert sig að dómara um það, á hverjum rökum þessar ákúrur eru bygðar. Slíkar ráðstafanir orka altaf tvímælis, og er það óheppilegt og óþægilegt fyrir stjórnina, og því betra að losa hana við þær, því að þær liggja líka fjær hennar verksviði en bæjar- og sveitarstjórna. En þetta getur líka komið öldungis í sama stað niður, að því leyti, að landssjóður styrkir, ef hann hefir fje. Og það er sýnt í nál., að styrkveitingin til dýrtíðarvinnunnar í Reykjavík í vetur hefði komið alveg í sama stað niður, þótt bæjarstjórn hefði staðið fyrir verkinu. Landssjóður eða stjórnin hefði keypt grjótmulninginn af bænum og gert »akkorðs«-samning við hann um þennan vegarspotta. Það virðist liggja í augum uppi, að landsstjórnin geti ekki staðið fyrir dýrtíðarvinnu beint fyrir landssjóð, nema þar sem um landssjóðsfyrirtæki er að ræða. Þess vegna yrði slík landssjóðsvinna á örfáum stöðum. Nú er ekki heppilegt fyrir menn að koma úr fjarlægum hjeruðum til þess að sækja þessa dýrtíðarvinnu, og yrði þá að eins á einstöku »stöðum, sem komið yrði á slíkri dýrtíðarvinnu. Og á þessum fáu stöðum getur

sú tilhögun komið í staðinn, sem meiri hl. leggur til.

Jeg vona nú, að stjórnin athugi þetta og hæstv. fjármálaráðh. reyni að skilja. Það er nauðsynlegt, ef þessar till. verða samþyktar, að stjórnin skilji, og vilji skilja, hvað og hvernig það er, sem hún fær til meðferðar.

Mjer heyrðist hæstv. fjármálaráðh. gefa í skyn, að fjárhætta gæti stafað af afskiftum stjórnarinnar af dýrtíðarvinnunni, þeim er meiri hl. leggur til. Það get jeg ekki skilið, að slík tilhögun verði til þess, að fje fari forgörðum. Þvert á móti þykist jeg viss um, að það reynist mun ódýrara að kaupa afurðir þessarar vinnu, t. d. af Reykvíkingum, heldur en ef hún stendur fyrir henni á líkan hátt og í vetur.

Jeg ætla þá ekki að fara meira út í ræðu hæstv. fjármálaráðh. En þá vil jeg víkja að þeim brtt., sem komið hafa frá einstökum hv. þm. Er þá fyrst brtt. á þgskj. 94, frá hv. 1. þm. Árn. (S. S.). Vjer höfðum efni hennar til meðferðar í nefndinni, en gátum ekki fallist á, að landsstjórnin færi að kaupa vinnu austur í Árnessýslu. Auk þess álítum vjer ekki eins mikla þörf á dýrtíðarvinnu í landbúnaðarhjeruðum, eins og Árnes- og Rangárvallasýslu. Ef til vill mætti senda til vinnunnar menn úr Reykjavík. En sem sagt hefi jeg ekki umboð til þess að tala um till. fyrir nefndarinnar hönd, en ekki get jeg fallist á hana í svipinn, en annars verður hver nefndarmaður að meta hana eins og honum líst rjett vera.

Svo er brtt. á þgskj. 124, frá hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.). Jeg get ekkert um till. sagt fyrir nefndarinnar hönd; hún hefir ekki heldur haft tök á því að athuga hana. En frá mínu sjónarmiði er eitt við hana að athuga, og það er það, að hún er brtt. við stjórnarfrv., en ekki meiri hl., svo að það er best að láta hana liggja milli hluta.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg þarf ekki að halda langa tölu í þessu máli, og ætla ekki að gera það, því að hæstv. fjármálaráðh. hefir skýrt svo afstöðu stjórnarinnar. Ætla jeg því ekki inn á nein sjerstök atriði, en að eins minnast á það, sem nú er fram komið um lán vegna dýrtíðarinnar. Jeg benti á það á síðasta þingi, að þessi vegur, lánveitingarnar, mundi ekki vel heppilegur. Og mjer finst hv. deild, og þingið í heild sinni, hafa rekið sig á, að það er dálítið athugavert að fara þá leið. Jeg hefi ekki heyrt eins einasta manns getið, er lastað hafi stjórnina fyrir það, að hún notaði ekki lánsheimildina í þeim lögum, er nú gilda.

Að menn urðu svo fljótt sammála um þetta, ætti að færa mönnum heim sanninn um það, að þessi leið, lánaleiðin, muni eitthvað athugaverð. Jeg skal nú játa, að eftir till. hv. bjargráðanefndar er áhætta landssjóðs í fljótu bragði ekki eins mikil og í lögum þeim, sem nú gilda. En jeg segi: í fljótu bragði. En það má ekki líta á eitt ár. Það verður að búast við því, að ófriðurinn, og þar af leiðandi dýrtíðin, haldist mörg ár enn. Ef byrjað er að lána, er örðugt að hætta því. Þarf þá ekki nema ofureinfalt reikningsdæmi til þess að sýna, að áður en varir er landssjóður sokkinn niður í það díki, sem hætt er við að hann komist seint upp úr. Segjum, að lánið yrði ekki meira en 1 miljón króna fyrsta árið. Með sama áframhaldi yrði það 2 miljónir næsta árið o. s. frv.

Annars held jeg, að þessi rótgróni hugsunarháttur í hv. þm. um, að landssjóður láni mönnum, sje frá þeim tíma, er bankarnir voru ekki enn teknir til starfa. Landssjóður á alls ekki að vera

lánsstofnun, heldur eiga bankarnir að vera það. Þess verður fyrst og fremst að krefjast, að bankarnir hjálpi landssjóði og sveitarfjelögum um fje. (**P. J.**: Það er gert ráð fyrir því). Ef svo er, þá er það óskiljanleg hringferð, að landssjóður láni fyrst fje hjá bönkunum og sveitarfjelögin síðan hjá landssjóði. Hvi mega þá ekki sveitarfjelögin fara strax beint til bankanna? Þeir, sem vilja fara varlega, ganga ekki inn á þessa lánaleið. Og þeir, sem vilja tryggja sjálfstæði landsins, bæði fjárhagslegt og annað, ganga ekki inn á þessa braut. Það er betra að vita, hvað maður treystir sjer til. Það er betra að leggja út $^1/_2$ miljón króna en að lána margfalt fje upp á óvissa endurborgun, því að þegar sveitarfjelögin eru orðin svo illa stödd, að þau verða með þessum lánum að bjarga sjer frá hungursneyð, þá liggur í augum uppi, að endurborgun frá þeim er óviss. En ef hitt er meiningin, að lána ekki úr landssjóði fyr en bankarnir geta ekki lánað lengur, þá er eins gott að láta það vera að samþykkja þessa till. Hún verður þá aldrei notuð, Bankarnir okkar eru ekki svo illa staddir, að þeir geti ekki lánað sveitarfjelögum landsins 2 miljónir næsta ár, ef þeir vilja.

Jeg endurtek það, að landið á ekki að vera lánsstofnun. Það er misskilningur frá gömlum tíma, sem menn eru ekki búnir að losa sig við. Það er alt annað mál, þótt landssjóður í einstökum tilfellum styrki með lánum sjerstök fyrirtæki, sem miða að aukinni framleiðslu. En þetta, sem hjer er farið fram á, á sjer hvergi nokkursstaðar fordæmi, svo að jeg viti.

Háttv. meiri hluti hefir gert mjög lítið úr þessum styrk úr landssjóði, 5 kr. á mann, sem landsstjórnin vill veita. En þegar það er tekið saman við það fje, sem sveitarsjóðir eiga að leggja fram, eftir stjórnarfrv., þá er þessi styrkur einungis einum fjóða hluta minni en lánsstyrkur sá, er meiri hluti nefndarinnar ætlast til að veittur sje, og 5 krónur á mann handa hverju sveitarfjelagi er að vísu ekki mikið, en það væri þó dálitill styrkur. Við skulum gera ráð fyrir, að ekki þyrfti að nota hann nema handa svona $^1/_4$ hluta af íbúum hvers sveitarfjelags; það yrðu þá 100 krónur handa hverju 5 manna heimili, og bætist þar við tillagið frá sveitinni sjálfri, þá nemur þetta 300 krónum. Það yrði þó dálitill styrkur, svo að það er ekki rjett hjá háttv. frsm. meiri hlutans (P. J.), að þetta sje að eins handaþvottur, því að ástandið er ekki orðið svo hjer enn þá, að hver maður í hverju einstöku sveitarfjelagi þurfi styrk til þess að geta lifað. Jeg tel það mjög athugavert fyrir hverja stjórn að þurfa að framkvæma slík lög sem þetta frv., einkum og sjer í lagi með það fyrir augum, að verið geti, að ófriðurinn haldi áfram nokkur ár enn þá, því að jeg geri ekki ráð fyrir öðru en að háttv. meiri hluti bjargráðanefndar hugsi út í það.

Jeg sagði áðan, að jeg vildi ekki fara út í nein einstök atriði, enda gerist þess ekki þörf, og auk þess hefir, auk hæstv. fjármálaráðherra, háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) talað í málinu eftir því sem stjórnin lítur á það, og get jeg í flestum tilfellum sagt, að jeg sje háttv. þm. (G. Sv.) alveg sammála, eða yfir höfuð að tala í öllum aðalatriðum, enda kemur álit háttv. þm. (G. Sv.) fullkomlega saman við álit stjórnarinnar yfirleitt.

Það var eitt aukaatriði, sem háttv. frsm. meiri hl. (P. J.) var að tala um, að það gæti verið tvímælum bundið, hvort dómar um ýms verk stjórnarinnar fjellu á þá leið, að þeir yrðu henni þægilegir. Jeg verð þá að segja það, að ef hver stjórn ætti að hugsa mikið

um það, hvernig dóma verk hennar fengi, þá færi að verða erfitt að stjórna bæði hjer og annarsstaðar. (**S. S.**: En er hún ekki altaf að hugsa um það?) Nei, hún verður að sætta sig við að fá skammir alstaðar frá. (**B. J.**: Heyr!) (**E. A.**: Heggur sá, er hlífa skyldi).

Framsm. minni hl. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg skal nú ekki lengja umr. mjög mikið; það eru að eins nokkur atriði, sem hafa komið fram síðan jeg talaði í gær, sem jeg vildi minnast nokkuð á.

Hæstv. fjármálaráðherra spurði um það í gær, hvort ekki bæri að skoða ákvæði viðaukatill. minnar við brtt. á þgskj. 89 í gildi jafnlengi og dýrtíðarlögin, og liggur það í augum uppi, að svo er, enda bendir orðalag till. ótvírætt á það, og þarf jeg víst ekki að skýra það nánar.

Þá vil jeg minnast örlítið á þau atriði, sem fram hafa komið hjá öðrum háttv. þm. Háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) drap á það, að hann gæti ekki fallist á till. minni hl. vegna þess, að þær gengju of langt. Um brtt. hans þarf jeg ekkert að segja, því að þær ganga í líka átt og mínar, og þykir mjer vænt um það, að ekkert verulegt ber okkur á milli, en að brtt. mínar gangi lengra en hans, er að eins að nokkru leyti, aðallega þar sem talað er um bráðabirgðalán til sjávarútvegs, en þar með meina jeg, að landsstjórnin veiti nokkurn gjaldfrest á slíkum nauðsynjum, ef þörf krefur. Jeg hygg, að slík fyrirgreiðsla geti orðið mjög mikið til að ljetta undir með atvinnuveginum, og gæti meira að segja forðað frá því, að fjenu væri varið í eitthvað, sem borgaði sig síður. Hins vegar tók jeg það fram, að það væri meining mín, að gætt væri fylsta hófs, en taldi gott, að heimildin væri fyrir höndum, enda hygg jeg, að það hafi komið í ljós á síðasta vori, að gott hefði verið, að heimild hefði verið til þessa fyrir landsstjórnina. Annars finst mjer, að brtt. háttv. þm. (G. Sv.) gangi að nokkru leyti í þessa átt.

Þá ætla jeg að víkja nokkrum orðum að háttv. frsm. meiri hl. (P. J.), og skal jeg reyna að vera stuttorður um þau atriði, sem hann mintist á, enda þótt hann dræpi á margt og jeg þyrfti að svara miklu af því. Hann byrjaði ræðu sína á því, að það, sem mig og meiri hl. greindi mest á í þessu máli, væri blærinn á till. meiri hl., en jeg tók það þegar fram í gær, að það er ekki það, sem okkur greinir mest á um, heldur sá meginstefnumunur, sem er á milli skoðana meiri og minni hl., að meiri hl. vill ekki á nokkurn hátt veita nokkurn stuðning nema að eins með lánum. Þar greinir meiri og minni hl. mjög mikið á. Miklu meir en háttv. frsm. meiri hl. (P. J.) vildi gefa í skyn. Það er ekkert verið að tala um að veita fje úr landssjóði, nema þess sje full þörf. Ákvæðin um það eru svo ljós, bæði hjá meiri og minni hl., að það er öllum ljóst, hvert stefnt er.

Þessi rannsókn, sem háttv. meiri hl. vill koma á, er mjög gagnslítil, þegar skilyrðin fyrir lánum eru svo ströng, að þeim hlýtur að verða framfylgt; það verður alls ekki komist hjá því fyrir þá, er biðja um lán, að gefa þær upplýsingar um nauðsyn slíkra fjárbóna, sem tilskildar eru.

Stjórninni er ætíð innan handar að fullvissa sig um, að full þörf sje fyrir fjeð, áður en hún lætur það af hendi. Þessi skoðun er því ekkert annað en kák, fyrst að skoðunarmennirnir eiga ekki að fara heim á heimilin. Menn geta nú líka farið nærri um það, hve mikið væri að marka eftirlit þessara manna, t. d. í fjölmennum kauptúnum, eins og í Reykjavík. Og fyrst það er

nú meining háttv. meiri hl., að skoðunarmennirnir fari að mestu eftir umsögn fátækranefndanna um, hvernig ástandið er, og þeir eiga að taka það trúanlegt, því má þá ekki láta umsögn fátækranefndanna nægja? Er slík umsögn nokkuð ábyggilegri, þótt þessir skoðunarmenn flytji hana til stjórnarráðsins? Jeg held, að hún væri jafnábyggileg, þó að hún kæmi án nokkurs milliliðs frá fátækranefndum til stjórnarráðsins. Og því á þá að raunalausu að baka sveitar- eða bæjarfjelögum þennan kostnað, sem af skoðuninni leiðir. Umsögn þessara manna verður því ekkert annað en umsögn hlutaðeigandi sveitarnefndar, og hefir því ekkert meira gildi Hætt er líka við, að menn muni verða allþurfandi orðnir, þeir sem á annað borð þurfa á hjálp að halda, þegar skoðuninni er lokið. Við skulum t. d. líta á, hvernig fara mundi hjer í Reykjavík, hvílíkur tími gengi til þess, þar sem ókunnugir menn eiga að fara að rannsaka ástæður manna í bænum. Jeg vildi að minsta kosti ekki láta skipa mjer slíkt verk, og þó að háttv. frsm. meiri hl. (P. J) væri skipaður til þess, ímynda jeg mjer, að hann myndi biðjast undan því. Og það lái jeg honum ekki.

Þá drap háttv. frsm. meiri hl. (P. J.) á það, að honum hefði oft fundist jeg skilja sig mörgum betur og að honum hefði fallið vel að vinna með mjer í nefndum. Mjer þótti nú vænt um þau orð hans, því að okkur hefir ætíð komið vel ásamt, en jeg held, að það sje ekki af neinu skilningsleysi frá minni hendi, að okkur ber nú á milli. Mjer finst hann nú vera allur annar maður heldur en hann er vanur að vera, ekki eins viðsýnn eins og hans er venja.

Þá drap háttv. frsm. (P. J.) á það atriði, að við hefðum ekki ráð á að gera mikið fyrir almenning, og því yrði að hafa till. mjög svo þröngar. Þetta er alveg rjett; því miður er svo ástatt með okkar búskap. En jeg held nú, að hvorki till. meiri nje minni hl. sjeu svo víðtækar, að nokkur ástæða sje til þess að óttast misbrúkun á fje landssjóðs samkvæmt þessum lögum.

Að málið eigi að vera í einhverskonar meðaumkvunarþoku hefi jeg aldrei óskað eftir, enda hygg jeg, að till. háttv. meiri hl. sjeu þannig úr garði gerðar, að þær hafi ekki á sjer neinn meðaumkvunarblæ. Og jeg hygg, að till. minni hl. sjeu svo ljósar, að auðsætt sje, hvert stefnt er, og engin ógnar meðaumkvun, sem lýsir sjer í þeim, því miður.

Það er ætlunin með þessum lögum, að stjórnin forði fólki frá hungri og harðrjetti, þar sem það vofir yfir. Liðsinni landssjóðs við almenning er nú ekki meira. Jeg mundi hafa kosið, að frekari ívilnanir hefðu verið gerðar, ef þess hefði verið nokkur kostur.

Um það atriði, sem háttv. framsm. meiri hl. (P. J.) drap á, að jeg teldi meiri hl. svifta þau hjeruð stuðningi, sem geta ekki sjálf bjargast, get jeg ekki annað sagt en að mjer finst það liggja í augum uppi. Hann vill ekki veita neina hjálp nema með lánum, og lána þá fyrst, er alt er að fara í kalda kol.

En eins og jeg hefi áður tekið fram, þá er það beint skaðræði að ganga svo nærri gjaldþoli eins sveitarfjelags, að við borð liggi, að efnamennirnir ætli að flýja úr sveitinni. Ef stuðningi til sveitar- eða bæjarfjelaga er hagað á þann hátt, þá verður það svo í reyndinni, að landið þarf að borga tíu peninga fyrir einn. Það myndi nægja einn peningur, ef bæjarfjelagið fengi hjálp í tíma til þess að halda í rjettu horfi, í staðinn fyrir að ekki veitir af tíu, ef ekki er farið að hjálpa fyr en alt er að lenda

í kaldakoli. Auk þess hefði landssjóður ekki efni á að reisa heil sveitarfjelög við aftur. Hitt veit jeg ósköp vel, að háttv. framsm. meiri hl. (P. J.) vill hjálpa fólki, svo að það geti lifað.

Um það atriði, sem háttv. framsm. meiri hl. (P. J.) bar dálitinn kviðboga fyrir, ef þessi hjálp væri veitt, sem stjórnarfrv. gerir ráð fyrir, mundi sveitarfjelögunum lánast að smeygja inn undir dýrtíðarráðstafanirnar ýmsum gjöldum, sem ekki koma þeim beinlínis við, þá hygg jeg að það sje engin hætta á því; til þess þarf ekki annað en að heimta eldri reikninga bæjarfjelaganna. Á þeim má nokkuð sjá, hvernig gjöldunum er varið; með þeim athugunum má sjálfsagt sannfæra sig um, hvort óskir sveitar- eða bæjarfjelagsins eru á rökum bygðar.

Þá drap háttv. framsm. meiri hl. (P. J.) á nokkur atriði snertandi Reykjavík, út af þeim styrk, er landssjóður veitti síðastliðinn vetur, sem sýnishorn þess, hve mikið fje þyrfti, þegar hjálpa ætti fjölmennum bygðarlögum. Þetta er alveg rjett, en aftur hefi jeg nokkrar athugasemdir að gera við reikningsfærslu háttv. framsm. meiri hl. (P. J.). Hann talaði um, að 214,000 kr. hefðu gengið til Reykjavíkur í afslætti á kolaverði, en það er ekki rjett; það voru ekki nema 91,720 krónur, því að það er ekki rjett að reikna smálestina á 300 krónur; þegar talað er um fjárframlag landssjóðs, verður að reikna hana á 200 krónur, eða því sem næst. Landssjóð kostuðu kolin ekki meira. (**P. J.**: Má jeg spyrja: Átti Reykjavík kost á þessum kolum annarsstaðar frá fyrir 200 krónur?). Jeg sagði, að ef talað væri um, hvað landssjóður hefði skaðast í beinum fjárútlátum, þá eru það þó ekki nema ca. 91,720 krónur, er til Reykjavíkur hefir gengið. Og til enn frekari árjettingar þessu vil jeg leyfa mjer að benda á, hverjum það er eiginlega að þakka, að landssjóður fjekk þessi kol á 200 krónur smálestina. (**P. J.**: Það kemur ekkert málinu við; háttv. þm. (J. B.) er altaf út í öfugum hlutum, sem ekkert snerta málið). Jú, það kemur málinu einmitt við. Landið fjekk þessi kol beinlínis fyrir það, að togararnir voru seldir. Og hvaðan voru þeir? En það, sem háttv. framsm. meiri hl. (P. J.) drap á, að auk þessa hefðu farið til dýrtíðarvinnu ca. 300 þús. kr., þá er það alveg rjett, en þess má geta, að mikið af þessu er lán, og vinnan, sem unnin hefir verið fyrir landssjóðsreikning, er þó allmikils virði, en ekki dettur mjer í hug að telja annað en að þetta hafi verið mjög mikill stuðningur.

Þá drap háttv. framsm. meiri hl. (P. J.) á eitt atriði í brtt. mínum, lán til sjávarútvegs, og gat þess, að ekki hefði verið rætt um það í nefndinni. Það er að vísu rjett, að það var ekki rætt um það í þeirri mynd, sem það kom fram í í till. minum, en í nefndinni var talað á við og dreif um ýms atriði, er snertu þetta mál. Og eftir því, sem fram kom í nefndinni, þá bjóst jeg ekki við, að meiri hl. mundi hreyfa þessu, og því ber jeg það fram. Jeg ætlast ekki til, að þetta sje lánað nema stutta stund, gegn tryggingu. Jeg tel, að það mundi mjög mikið ýta undir menn með að stunda sjávarútgerð, og er það mjög þýðingarmikið.

Hvað það atriði snertir, að jeg hafi ekki farið alveg rjett með orð háttv. meiri hl. um það, hvað landssjóði hefði áskotnast af stríðsgróða einstakra manna, þá held jeg, að þar hafi jeg ekki hallað rjettu máli. Jeg gat þess, að landssjóður mundi ekki hafa látið úti meira til dýrtíðarhjálpar almennings en hann hefir fengið af verðhækkunartollinum, eða

ekki svo að neinu verulegu næmi. En landssjóður hefði getað aflað sjer enn meiri stríðsgróða, ef vel hefði verið á haldið. Það var einmitt yfirsjónin hjá Alþingi í byrjun ófriðarins, að ekkert var gert til þess að afla landinu tekna, að menn, sem fengu mikinn stríðsgróða, greiddu ekki neitt gjald í landssjóð. Reyndar hefði landssjóður fyrir löngu getað verið búinn að afla sjer mikilla tekna, svo að hagur hans hefði nú staðist vel. Útlendu síldarkóngarnir hefðu verið mátulegir til þess að greiða allmikið gjald til landssjóðs. Þeir gerðu bændum því nær ómögulegt að fá fólk til heyvinnu að sumrinu, sópuðu að sjer verkafólkinu, unnu að eins um hásumarið hjer, guldu að vísu þessa stund hátt kaup, fóru svo, þegar haustaði, heim til sín með margra miljóna króna gróða, skattfrjálsir að kalla. Þeir veittu enga atvinnu að vetrinum verkafólkinu, svo að það var atvinnulaust að vetrinum, og jeg er hræddur um, að sumarkaupið hafi þá hrokkið skamt. Dvöl þessara manna var því öllum landsmönnum til stórtjóns.

Þá drap háttv. framsm. meiri hl. (P. J.) á dýrtíðarskattinn, sem feldur var á síðasta þingi. Þar var jeg nú á sömu skoðun og háttv. framsm. (P. J.), svo að við getum ekki sakað okkur um það, þótt hann væri feldur.

Háttv. framsm. meiri hl. (P. J.) drap á Dani og ráðstafanir þeirra. Þeir hafa gert mikið til þess að halda vöruverði niðri og kaupgjaldi, og atvinnuvegir þeirra munu ganga furðu líkt og á friðartímum. Þar hafa þeir nú notið sinnar fyrirhyggju um að afla landinu tekna í tíma. Gætu þeir í því efni verið okkur til fyrirmyndar.

Háttv. framsm. meiri hl. (P. J.) mintist á dýrtíðarvinnuna, sem landsstjórnin ljet framkvæma í vetur, og kvað þær ráðstafanir stjórnarinnar hafa sætt hörðum dómum í blöðum, og eins ljetu menn hjer í ljós mikla óánægju yfir vinnunni. Það er nú sjerstaklega ein grein, sem birtist í einu blaði snemma í vetur, sem beinlínis taldi alt liðsinni frá landssjóðs hálfu til handa almenningi mesta óþarfa. Fjárhagur almennings hefði verið svo góður, að menn hefðu vel getað bjargast á eigin spýtur, án nokkurs stuðnings. Þingið var beinlínis vítt í þessari grein fyrir afskifti sín og ráðstafanir af dýrtíðarmálinu, fyrir það, sem það gerði til handa almenningi. Greinarhöf. bygði ummæli sín aðallega á því, hve sparisjóðsfje hefði vaxið í bönkunum, og taldi, að í sama eða líku hlutfalli hefðu efni almennings aukist. Allir sjá, að þetta nær nú ekki nokkurri átt. Það er öllum kunnugt, hve nauðsynjavörur og verkakaup hefir hækkað misskjótt og mismikið, kaupið ætíð mikið minna og seinna. Af því er ljóst, hvílík fjarstæða þetta er. Annars skal jeg ekki fjölyrða um þetta frekar. Jeg býst við, að þeir einir haldi þessu fram, sem lítt eru kunnir högum almennings. Jeg vil ekki ætla neinum svo ilt, að hann segi þetta eða þessu líkt gegn betri vitund, þegar útlitið er jafnalvarlegt eins og það hefir verið nú í seinni tíð.

Viðvíkjandi því, er háttv. framsm. meiri hl. (P. J.) sagði, að einstakir menn hjer í bænum teldu þessa dýrtíðarvinnu landsstjórnarinnar óþarfa, er það að segja, að jeg er þess fullviss, að slík ummæli koma að eins frá einhverjum þeim, er hafa nóg fyrir sig að leggja, og þeim hinum sömu er þá vafalaust ekki mjög sárt um afkomu annara. Og hverjir eru þessir menn, sem á bak við bera slíkar sögur sem þessar? Það væri vel við eigandi og nokkurs virði, að það upplýstist. Fátæklingarnir í kauptúnunum gætu þá fært þeim þakkir næsta vet-

ur, ef þessir menn valda því nú, að lítið eða ekkert verður gert til hjálpar almenningi nú á þessu þingi.

Um það atriði, sem háttv. frsm. meiri hlutans (P. J.) drap á, viðvíkjandi atvinnubótunum, að það gætu bæjar- og sveitarfjelög leyst eins vel af hendi og landið, þá er því að svara, að ef geta bæjar- og sveitarfjelaga væri svo mikil, að þau gætu veitt alþýðu manna atvinnu, þá kæmi það nokkuð í sama stað niður, en nú vantar þau getuna til þessa, af því að þau hafa ekki nægilegt bolmagn til að setja svo mikið fje fast, sem til þessa þarf.

Annars verð jeg að segja það, að jeg get ekki betur sjeð en að þessar brtt. meiri hlutans sjeu algerlega óþarfar, því að ef ekki er veittur frekari styrkur heldur en þær fara fram á, þá ber landsstjórnina bæði lagaleg og siðferðileg skylda til að veita styrkinn samkvæmt sveitarstjórnarlögunum, því að þar stendur, að landið verði að hjálpa þeirri sveit, er hallæri er í og þarf því ekki að fara að semja ný lög um það.

Hæstv. forsætisráðherra vjek að því, að það væri sameiginlegt með meiri og minni hluta, að styrkurinn, sem sveitar- og bæjarfjelög fengju úr landssjóði, væri lántaka hjá honum, og taldi hann það óheppilegt, þar eð landssjóður væri engin lánsstofnun, en þess ber að gæta, að komið getur það fyrir, að sveitar- og bæjarstjórnir geti ekki fengið lán hjá innlendum peningastofnunum, og því væri það óvarlegt að heimila ekki samskonar lán og hjer er farið fram á, í lögum sem þessum. Hins vegar get jeg fallist á, að stjórnin mundi veita lán, er alt væri komið í stakasta neyðarástand. En jeg teldi rjettara, að þetta kæmi fram í lögum um þetta efni, sem Alþingi hefir samþykt, og því hefi jeg tekið þetta atriði upp í till. minar.

Einar Arnórsson: Jeg ætla að leyfa mjer að víkja að örfáum atriðum í nefndarálitunum.

Mjer skilst, að þegar maður ber saman frv. stjórnarinnar og gildandi lög, þá sje aðalbreytingin sem orðin er sú, að lánsheimildin til sveitarfjelaganna sje numin burt, sömuleiðis að landssjóður selji vörur undir verði, og að atvinnubætur sjeu gerðar fyrir reikning landssjóðs. En aðalatriðið í stjórnarfrv. skilst mjer vera það, að landssjóður leggi til ákveðna upphæð, sem svarar 5 krónum á hvern mann, til dýrtíðarhjálpar, með því skilyrði, að hvert sveitarfjelag leggi fram 10 krónur á mann, auk venjulegra útgjalda.

En það er þetta í stjórnarfrv., hvað »venjuleg útgjöld« hreppa eru, sem mjer fyndist rjettara að ákveða nánara, ef þetta frv. yrði samþykt. Aðaltekjustofn sveitar- og bæjarfjelaga eru aukaútsvörin, en þau eru misjöfn frá ári til árs, og því verður erfitt að segja, hver hin venjulegu útgjöld eru. Eru þau t. d. það meðaltal af útgjöldum hreppa, sem út kæmi, er tekinn væri einhver viss árafjöldi, eða eru þau útgjöldin, sem verið hafa það árið, sem ekki hefir sjerstaklega staðið á. Jeg vildi skjóta því til stjórnarinnar, hvort hún vildi ekki athuga þetta.

Líka er það annað atriði í 4. gr. stjórnarfrv., sem jeg vildi athuga. Það er greinarmunurinn, sem gerður er á þeim, sem þiggja af sveit, og þeim, sem ekki þiggja af sveit. Það er sem sje vafamál, hvort halda beri þessari skilgreiningu, eða láta eitt yfir alla ganga að þessu leyti.

Svo eru það till. háttv. meiri hluta bjargráðanefndar, sem jeg vil minnast á. Háttv. meiri hluti vill halda aðferðinni að lána, og takmörkin þó 20 kr.

til hvers íbúa, eða 5 kr. hærri en takmörk stjórnarfrv. En hræddur er jeg um, að eftir till. meiri hluta bjargráðanefndar geti svo farið, að tekið verði með annari hendinni það, sem veitt verður með hinni, og því valda þessir eftirlitsmenn; jeg er hræddur um, að ef verða á verulegt gagn að þessu eftirliti, og eftirlitsmönnum verði gert að skyldu að kynna sjer nákvæmlega ástandið á hverjum stað, þá lendi alt í handaskolum og drætti, og að það verði ókleift, og jeg býst við, að það mundi enda með með því, að eftirlitsmennirnir leituðu til hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarstjórnar, og þá rjeðu þær, en eigi þeir, í raun og veru. Og hvað gætu þær líka annað gert, sem hyggilegra væri?

Við skulum taka dæmi hjeðan.

Hugsum okkur, að bæjarstjórn Reykjavíkur leiti til landsstjórnarinnar og vilji fá lán. Landsstjórnin verður að kveðja til tvo »vel hæfa« menn utanbæjar, sem kynna eiga sjer ástandið í bænum og leggja svo álit sitt fyrir landsstjórnina.

Guð hjálpi þessum mönnum, vildi jeg segja, sem ókunnugir eiga að fara að ganga inn á hvert heimili og athuga matvælabirgðir, eldsneyti og jafnvel klæðnaði manna. Hvílíkur óratími mundi ekki fara í slíka rannsókn, sem þó yrði að vera svona nákvæm, ef nokkuð ætti að vera á henni að byggja. Jeg held, að þessir menn gætu ekki gert mikið annað en að snúa sjer til borgarstjóra með fyrirspurnir, og svo mundi borgarstjóri semja svör sín eftir bestu vitund og eftir ráðum fátækranefndar, bjargráðanefndar eða dýrtíðarnefndar bæjarstjórnar, og með þessi svör yrðu þessir kvöddu menn að gera sig ánægða. Og mjer er nú spurn: Hver er munurinn á þessu og því, að snúa sjer þegar í stað til borgarstjóra. Það má vera, að rannsóknin yrði erfiðari hjer heldur en annarsstaðar, en jeg býst við, að niðurstaðan yrði nokkuð sú sama, og það jafnvel í sveitunum. Ef vel ætti að vera, þyrftu þeir engu síður þar en hjer að fara heim á hvern bæ og rannsaka birgðir allar, og er mjer nær að halda, að þeir yrðu heldur sporlatir og ljetu sjer nægja upplýsingar þeirra manna, er besta þekkingu hefðu á ástandi sveitarinnar, og mundi þá valið lenda á sveitarstjórnarmönnunum.

Jeg er líka hræddur um, að ef eftirlitið á að verða meira en málamyndaeftirlit, og gerð yrði krafa til, að bygt yrði á sjálfstæðri þekkingu mannanna, þá yrði það til þess eins, að aldrei yrðu veitt nein lán. En ef því eftirlitið á að eins að verða til málamynda, því þá ekki að fá upplýsingarnar frá fyrstu hendi og sleppa þessum milliliðum? Jeg skal ekki gera svo afarmikið úr þeim kostnaði, sem þessir eftirlitsmenn bökuðu sveitunum, en þó er það óþarfi að gefa svo mikið fyrir það, sem lítils virði er eða einkis.

Svo er eitt atriði í nál. meiri hl., sem mjer finst að eigi að skilja svo, að setja skuli mjög strangar kröfur fyrir lánum þessum. Má jafnvel skilja nál. svo, að lánið verði ekki veitt fyr en mjög sje sorfið að gjaldþoli hreppa, svo að yfir vofi, að efnaðri mennirnir flýi sveitir sínar, en það gera þeir ekki fyr en í fulla hnefana, því að enginn mun gjarn á að flýja sveit sína eða bæ, þar sem hann ef til vill á fasteignir eða aðrar arðberandi eignir. Mjer finst það koma berlega fram hjá meiri hl., að hann kannist ekki við, að veruleg neyð sje fyrir dyrum, fyr en ástandið er orðið svo slæmt. Til þess að rannsaka þetta skulu skipaðir »tveir óvilhallir trúnaðarmenn«. Þessi setning í áliti meiri hl. styrkir mig í þeirri trú, að rannsóknin sje hafin til þess að reisa skorður við því, að þessi lán verði misbrúkuð. Það er alveg rjett að setja skorður við

því, að lánin verði misbrúkuð, en gæta verður þess; að hafa ekki þær skorður svo þröngar, að þær eyðileggi framkvæmd laganna. Og að setja skorðurnar svo þröngar fyrir lánunum, að þau skuli ekki veitt, fyr en að því sje komið, að efnaðri mennirnir flýi sveitirnar, það álít jeg of langt farið. Og ef svo er komið, að annaðhvort eru þessir menn byrjaðir, eða hætta er á, að þeir yfirgefi sveitina eða bæjarfjelagið, þá er hjálpin of lengi dregin.

Jeg vil svo taka það fram að lokum, að þótt svo fari, að brtt. meiri hl. verði samþyktar, þá vil jeg slá þann varnagla, að heimildina fyrir lánunum mætti nota, þótt ástandið væri ekki svo afskaplegt á staðnum, eins og nál. gerir ráð fyrir að þurfi að vera.

Jeg skal svo ekki lengja umræðurnar meira, en óska þess, að ef stjórnarfrv. verður samþykt, þá taki nefndin athugasemdir mínar og athugi þær í sambandi við þetta frv.

Björn Kristjánsson: Jeg ætlaði mjer ekki að taka til máls í þetta sinn og hugði þess ekki þörf, þar sem hv. frsm. meiri hl. (P. J.) hefir skýrt málið allrækilega. En þar sem umræðurnar hafa verið svo mjög á víð og dreif, þá er jeg hræddur um, að menn geti tæplega áttað sig á, hvernig þeir eiga að greiða atkvæði, og þess vegna sá jeg mig tilneyddan að standa upp, og þó sjerstaklega út af einu atriði, sem bæði hæstv. stjórn og háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) bentu á, sem er það, að bankarnir ættu að veita þau lán, sem sveitarstjórnir þyrftu að útvega sjer.

Hv. 2. þm. Árn. (E. A.) skýrði töluvert, undir hvaða kringumstæðum slík lán ættu að vera veitt, þ. e. a. s. »í ítrustu neyð«.

Munurinn á frv. hæstv. stjórnar er því sá, að nefndin vill sjá svo um, að þessum bjeruðum verði sjeð fyrir lánum, en fyrir því hefir stjórnin ekki sjeð, heldur ætlar hún sjer að veita 450 þúsund krónur til dýrtíðarhjálpar, en láta sveitarfjelögin um það, hvort þau nokkursstaðar geti fengið lán að sínu leyti á þeim $^2/_3$, er þau eiga að leggja fram.

Það hefir komið fram í umræðunum, að stjórnin treystir sjer ekki til þess að veita þessi lán, og hefir hún þá vísað til bankanna, sem hún segir, að mundu geta veitt lánin, ef til þess kæmi. Veit stjórnin þó, að bankarnir neituðu bæjarstjórn Reykjavíkur um 100 þúsund króna lán í fyrra, og varð hún að taka það hjá landssjóði, og þegar fjárhagur bankanna er orðinn það þröngur, þá á ekki við að vísa á bankana. Stjórninni er fullkunnugt, að bankarnir mega ekki lána hallærislán, og þeir mega yfirleitt ekki lána önnur lán en þau, sem fullir vextir eru goldnir af á settum tíma og full trygging er fyrir að greidd verði. Þetta verða menn vel að athuga, þegar þeir fara að greiða atkvæði.

Af þessu leiðir, að stjórnin verður að sjá um, að þau hreppsfjelög, sem komin eru eins að þrotum og till. er miðuð við, geti fengið lán einhversstaðar, því að bankarnir geta ekki og hafa ekki heimild til þess að lána þeim stórfje, tryggingarlaust, því að það er er að leggja fjeð í fyrirsjáanlega hættu. Því verður þing og stjórn að benda sveitarfjelögunum á stað, þar sem þau geta fengið lán, og þau geta ekki bent á annan stað en landssjóð, þegar hallæri er komið. Að hreppsfjelögin geti fengið næg lán, að sínum hluta, er skilyrði fyrir því, að stjórnin megi veita þessar 450 þúsund krónur, sem stjórnarfrv. gerir ráð fyrir að veittar verði til dýrtíðarhjálpar. En ef þetta skilyrði er ekki fyrir hendi, þá er líka stjórnarfrv. sama sem núll, og þetta hefir hv. meiri hl. viljað fyrirbyggja með því að

fela stjórninni að útvega nægilegt lánsfje til hreppsfjelaganna.

Það hafa sumir litið svo á, að meiri hl. hafi ekki viljað ganga eins langt í hjálpinni eins og bæði hæstv. stjórn og hv. minni hl., en þetta er ekki alls kostar rjett, því að hv. meiri hl. hefir gengið lengra en stjórnarfrv. í því að útvega hreppunum lánin, þegar verst á stendur.

Þá vil jeg biðja menn að gæta vel að því, eins og reyndar er skýrlega tekið fram í nál., að hjálp í neyð er alveg sú sama, hvort heldur lánað er eða gefið, á meðan ekki er krafist borgunar.

Það er því samkvæmt þessu ekki til nokkurs skapaðs hlutar að samþykkja dýrtíðarlög, nema sveitar- og bæjarfjelögum sje sjeð fyrir lánum.

Hæstv. forsætisráðh. var að tala um, að hættulegt væri að fara inn á lánabrautina, ef lánin ættu að standa lengi, og mundi það draga landið meir og meir niður í skuldafenið. En þetta getur ekki átt hjer við, því að í brtt. meiri hl. nær heimild stjórnarinnar til lántökunnar að eins til 1. sept. 1919, og vonandi verða þá komnir aðrir dagar og önnur ráð, svo að stjórnin þurfi ekki að komast í hann krappan út af þessu atriði að minsta kosti, þegar hún þá getur borið sig saman við þingið.

Þá sagði hæstv. forsætisráðh., að landsjóður ætti ekki að vera lánsstofnun. Jeg er honum alveg samdóma um það. Jeg hefi margsinnis lýst yfir því, bæði hjer á þingi og annarsstaðar, að landssjóður eigi ekki að vera lánsstofnun, það er að segja á eðlilegum tímum. En þegar hallæri ber að höndum, þá getur ekki verið um neina aðra lánsstofnun að ræða en landssjóðinn. Bankarnir eru ekki ætlaðir til þess að veita lán, þegar svo ber undir.

Jeg ætlaði mjer ekki að halda hjer langa ræðu um þetta efni, vildi að eins greiða úr kjarna málsins, ef mjer tækist það, áður en gengið er til atkvæða. Og kjarninn er þessi, að ekki er hægt að samþykkja nein dýrtíðarlög, önnur en þau, að veita landsstjórninni lánsheimild. Ef landssjóður getur ekki lánað, þá eru allar dýrtíðarráðstafanir sama sem núll.

Jeg hefi sem sagt ekki skrifað neitt upp af því, sem sagt hefir verið, en jeg hjó eftir nokkrum orðum hjá háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.). Hann sagði, að hjálp sú, sem till. meiri hl. gera ráð fyrir, mundu ekki koma að miklum notum. En það er misskilningur. Það er alls ekki lítil hjálp, að 5 manna heimilið getur fengið 100 kr. og 10 manna heimilið 200 kr., og auðvitað miklu meira, ef að eins fá heimili í sveitarfjelaginu þurfa hjálpar við. Það er mikil hjálp til bjargar í neyð. Háttv. þm. (J. B.) sagði reyndar, að það væri ekki nóg að hjálpa í neyð. Það ætti að efla atvinnuvegina til þess að fyrirbyggja neyðina. Þetta er hverju orði sannara. Það er ekki nóg að hjálpa í neyðinni. En landssjóður verður að fara að eins og maður, sem vill hjálpa kunningja sínum. Ef hann getur ekki hjálpað eins og hinn þarf, þá hjálpar hann samt eins og hann getur. Ef landssjóður gæti, þá ætti hann að sjá um, að enginn misti atvinnu sína. En nú getur hann það ekki, og þess vegna verður hann að miðla eftir því, sem hann hefir efni á, en ekki heldur meira. Það er merkilegt, að háttv. 1. þm. Reykv. (J. B) skuli halda því fram, að landssjóður geti veitt meiri hjálp en þetta. Það er því merkilegra, sem legið hefir frammi í bjargráðanefnd glögg skýrsla um fjárhag landsins, gleggsta yfirlit, sem komið hefir fram í þinginu. Eini möguleikinn til dýrtíðarráðstafana er því að samþ. frv. í þessa átt. Þingið gerir stjórninni mjög þægt verk með því að gefa henni svona glöggan grundvöll til

að byggja á framkvæmdir sínar. Þetta eru þær minstu byrðar, sem hægt er að leggja stjórninni á herðar. Ef þingið hefði komið fram með stórkvaðir og ætlast til, að stjórnin framkvæmdi þær, þá hefði það verið slæmur greiði. Jeg ætla svo ekki að fjölyrða um málið. Jeg vona, að háttv. þm. fallist á málið, eins og það er og eins og jeg nú hefi lýst því. Og jeg vona þá, að háttv. þingdm. geti til bráðabirgða fallist á þessar till. Ekki svo að skilja, að jeg sje á móti brtt., ef þær fara fram á eitthvað, sem hægt er að sýna að verði til bóta og mögulegt er að framkvæma. Hvað dýrtíðarvinnuna snertir, þá held jeg, að ókleift verði fyrir landsstjórnina að hafa hana í höndum. Ef stjórninni er sagt að láta vinna hjer og þar, þá er hætt við, að henni gætu borist æði margar kröfur. Jeg sje heldur enga ástæðu til að hlífa bæjar- og sveitarfjelögum við að sjá um þessa vinnu.

Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) hjelt, að eftirlitið mundi verða ófullkomið, eða að minsta kosti mjög kostnaðarsamt, ef það eigi að verða nægilegt. Jeg skal ekkert um það segja. Skoðanir manna geta verið nokkuð skiftar um það, og í nefndinni var dálítill skoðanamunur um þetta atriði. Jeg fyrir mitt leyti hefi fallist á að láta það standa í till., en jeg legg enga áherslu á, að það verði samþykt. Að sjálfsögðu greiði jeg atkvæði mitt með því, fyrst jeg hefi fallist á það í nefndinni.

Sami háttv. þm. (E. A.) áleit og, að það væru mjög ströng skilyrðin fyrir því, að lánin verði veitt. En jeg hefi bent á, hvers vegna þetta er haft svona. Það er af því, að landssjóður er fjelaus.

Einar Jónsson: Mig hefði síst furðað á því, þótt um bjargráðamál þau, sem stjórnin lagði fyrir þingið, yrðu talsverðar umræður, en á hinu furðar mig næsta mikið, að háttv. bjargráðanefnd skyldi aflaga málið. Það má ef til vill með nokkrum sanni segja, að stjórnin hafi ekki búið alls kostar vel í hendurnar á þeirri nefnd, en nefndin hefir samt stórum aflagað það, sem henni var í hendur fengið. Það er því að mínu áliti rjettast, eins og á stendur, að samþ. það, sem stjórnin hefir lagt til, en fella bæði till. meiri og minni hl. bjargráðanefndar. Hjer hefir verið mikið þrætt um það, hvorar muni vera rjettari. En jeg vil minna menn á það, að ef farið er að veita lánsheimild, með það fyrir augum, að sveitar- eða bæjarfjelög geti fengið eitthvað af lánunum sama sem gefins, ef illa fer, þá er hætt við, að sum þeirra dragi að borga og verði æði stíf í kröfum. Jeg held því, að það sje rjett hjá stjórninni að hafa lánsheimildirnar eins þröngar og unt er. Það kann að virðast lítill styrkur að veita 5 kr. á mann. En það er ekki betra að setja landssjóð á höfuðið með því að veita 20. Jeg hallast því að öllu, sem stjórnin leggur til í þessu máli, en er á móti öllu, sem brýtur í bága við það. Hjer í landi er engin neyð enn komin á daginn, og því engin ástæða til að hallast á landssjóð um skör fram. Að vísu getur neyðin orðið stærri, þegar fram líða stundir, en þá er hægurinn hjá að kalla þingið saman aftur til að ráða ráðum sínum. Það hefir nú sýnt sig, að þingið var kallað saman mánuði fyr en þörf gerðist. En ef stjórninni sýndist að kalla þing saman aftur, og það reyndist þá að vera gert mánuði of seint, þá eru þm. þó sömu skyldum háðir gagnvart stjórninni og þeir eru nú. Vonandi, að í næsta sinn takist betur til með þingkvaðningartíma. Þá má ræða um þessi mál og önnur, sem þá kunna að verða tímabær.

Mönnum kann nú að finnast jeg kom-

inn dálítið út fyrir efnið. En meðan hæstv. forseti áminnir mig ekki, ætla jeg að leyfa mjer að fara dálítið lengra út fyrir efnið. Hvers vegna var þingið eiginlega kallað saman? Hvaða ástæða var til að gera það á þessum tíma? Það er nú búið að sitja í einn mánuð aðgerðalaust, og allar líkur til, að það fái að sitja annan mánuðinn, áður en kemur til nokkurra verulegra starfa. Var það bara vegna þessa fráfærufrv., sem kalla varð þingið svona fljótt saman? Sumir eru farnir að hafa hálfgerða hugmynd um, að öll mál sjeu dregin á langinn, til þess að þurfa ekki að fresta þinginu. — En hvað sem þessu líður, ætlaði jeg að lýsa afstöðu minni til dýrtíðarmálanna, og hún er þessi: Jeg er ekki með einni einustu till., sem er á móti stjórnarfrv. Það er það skársta, sem fram hefir komið, og þess vegna fylgi jeg því.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg ætla mjer að fara mjög fljótt yfir sögu, enda get jeg að mestu leyti vísað til þess, sem jeg sagði í gær, og sje ekki ástæðu til að taka það upp aftur nú.

Háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) talaði fyrstur í dag. Við ræðu hans hefi jeg ekki mikið að athuga, get að mestu leyti þakkað góðar undirtektir, því að hann hallaðist í öllum aðalatriðum að frv. stjórnarinnar. Eina brtt. ber hann fram, en að henni ætla jeg að víkja síðar í ræðu minni.

Háttv. frsm. meiri hl. (P. J.) hneykslaðist aftur á því í dag, sem jeg sagði í ræðu minni í gær, að sú lánsupphæð, sem veita mætti samkvæmt till. meiri hl. væri 1,800,000. Þetta getur ekki stafað af öðru en misskilningi hjá háttv. frsm. (P. J.). Það stendur skýrt og ótvírætt í brtt. meiri hl., að lánin megi nema alt að 20 kr. á mann. Og 20× 90,000=1,800,000. Það gæti farið svo, að öll hjeruð á landinu yrðu að leita hjálpar. Það er ekki sama sem að hver maður þurfi hjálpar. En þeir geta orðið svo margir í hverjum hreppi, sem hjálpar þurfa, að allar lánsheimildirnar yrði að nota. Það er það sama, sem gert er ráð fyrir í stjórnarfrv., að öll sveitarfjelög taki hjálpinni.

Háttv. frsm. (P. J.) vill leggja áherslu á það, að hjálpin verði meiri eftir till. meiri hl. en eftir stjórnarfrv. En við það er það að athuga, að þessar brtt. eru, ef jeg má svo að orði kveða, í öðru »plani«. Háttv. meiri hl. setur svo ströng skilyrði fyrir lánveitingunum, að það er mín von og trú, að óvíða verði ástandið svo hörmulegt, sem þar er gert ráð fyrir, svo að ef fullnægja á þeim skilyrðum bókstaflega, þá vona jeg, að lánin yrðu mjög óvíða veitt. Það er eins og jeg sagði, þeirra till. eru í öðru »plani«. Þeir vilja ekki láta hjálpa fyr en út í það allra versta er komið. Annarsstaðar eru dýrtíðarráðstafanirnar miðaðar við það, að koma í veg fyrir, að þjóðin lendi nokkurn tímann í þessu »plani« — að koma í veg fyrir, að nokkursstaðar lendi í slíku harðæri. Í stjórnarfrv. er talað um neyð. En þar er ekki átt við, að neyðin þurfi að verða svona stór.

Þegar ástandið er orðið svona hart, sem háttv. meiri hl. setur sem skilyrði fyrir lánveitingunni, þá verða menn að viðurkenna, að sjerhver stjórn hlyti að hjálpa, þó að ekkert lagaákvæði væri til fyrir því. Jeg held því, að þegar á lánsheimildina er litið, með þeim skilyrðum, sem fyrir lánveitingu eru sett, þá hljóti flestir að verða sammála um það, að það er ekki það, sem við á á þessu stigi.

Háttv. framsm. meiri hl. (P. J.) benti á það, að hjálpin, sem stjórnarfrv. gerir ráð fyrir, væri lítil, væri eins og dropi í hafinu. En mikið er nú samt talað

um dropa, sem ekki eru stærri en 5 kr. á mann. Dýrtíðaratvinnu landssjóðs í vetur hafa margir úthrópað. Ýmsir eru óánægðir með hana og kenna um ráðleysi stjórnarinnar. Og þó var tapið á allri atvinnunni, bæði við grjótvinnuna í Öskjuhlíð og Hafnarfjarðarveginn, ekki meira en ca. 70,000, en hjálp sú, sem Reykjavík einni er heimilað í þessu frv., nemur hærri upphæð. En það er nú kallað smáhjálp, sem margir hafa verið að fárast um, hve mikil væri undanfarið. Jeg held, að það sje hollara að hjálpa sveitarfjelögunum til að komast sjálfkrafa út úr vandræðunum heldur en að steypa þeim í skuldir. Mönnum ætti að vera það kunnugt, hvernig róið er í sveitarstjórnirnar að ná í lán, þegar menn vita, að hægt er að fá þau. Jeg er ekki í neinum vafa um, að það er hollara fyrir þjóðina, að reynt sje að fyrirbyggja vandræðin meðan unt er, heldur en að teyma hana út á þessa hálu lánabraut.

Þá ætla jeg að fara örfáum orðum um eftirlitið. Jeg held, að það verði að eins til að auka kostnað, án þess að það gefi nokkrar ábyggilegar upplýsingar.

Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) benti á það, að erfitt mundi fyrir 2 menn að komast að því, hvernig ástatt er högum manna í stóru hreppsfjelagi. Í vetur gerði jeg mjög mikið til þess að fá að vita um hagi manna hjer í bænum. Það kostaði mig afarmikla fyrirhöfn. Jeg er því sannfærður um það, að ef utanbæjarmenn ættu að fara að rannsaka, hvort ástæða væri til að hjálpa, þá mættu Reykvíkingar lengi bíða eftir hjálpinni. Jeg efast ekki um það, að till. meiri hl. eru fram bornar af góðum vilja, en þá ekki af nógum skilningi eða þekkingu á því, sem við á.

Jeg gat þess í gær, og það hneykslaði hv. frsm. meiri hl. (P. J.) aftur í dag, að lánskjörin kynnu að freista sveitarfjelaganna til þess að sækjast eftir lánum þessum. Það er ómögulegt að neita því, að lánskjörin eru mjög aðgengileg, þar sem lánin eru vaxtalaus fyrsta árið, og það mundi freista margra til þess að reyna að fá slík lán.

Háttv. framsm. meiri hl. (P. J.) sagði, að þetta fje, sem gert er ráð fyrir að veita í frv. stjórnarinnar, væri málamynda handaþvottur.

Jeg hefi þegar áður skýrt frá því, hve mikið gagn 5 kr. styrkur hefði gert síðastliðið ár, og held því, að þessi mótbára sje þegar lögð að velli. En hjer er enn meira veitt en 5 kr. á mann. Þessar 5 kr. eru því að eins af hendi látnar, að sveitarfjelögin hafi látið fyrst af hendi 10 kr., er þau geta ekki aftur krafist. Það er einmitt »princip«-ið í stjórnarfrv. að ýta undir sveitarfjelögin að gera sem mest, og prófsteinninn fyrir landssjóðshjálpinni er, að þau hafi áður lagt að sjer með framlögum og þannig sýnt þörfina.

Það hefir verið fært fram móti stjórnarfrv., að erfitt mundi að gera upp á milli, hver útgjöld væru almenn og hver sem afleiðing af dýrtíðinni. Jeg held, að það hafi verið háttv. 2. þm. Árn. (E. A.), sem vakti máls á því. Það verður sjálfsagt örðugt að fyrirbyggja, að þessu verði á engan hátt ruglað saman. Ef einhver bæri fram brtt. í þá átt, að gera skýrar línur í þessu efni, mundi stjórnin þakklát fyrir það. Sveitarstjórnir leggja fram 15 kr. á mann. Ef stjórnin fær nú reikning yfir það, sem sveitarstjórnir hafa keypt inn og eins yfir útgjöld þeirra, þá skil jeg ekki annað en að hún geti gert sjer nokkurn veginn grein fyrir því, hve mikið fje hefir farið til venjulegra útgjalda og hvað til sjerstakra útgjalda

vegna dýrtíðarinnar. Það er stjórnarráðsins að skera úr, og má gera ráð fyrir því, að stjórnin geri gangskör að því að láta ekki sveitarstjórnir fá styrk, nema sannað sje, að þær hafi varið sínum hluta, 10 krónum, til dýrtíðarhjálpar.

Það var eitt atriði, sem jeg mun ekki hafa minst á í gær. Stjórnarfrv. gerir ráð fyrir, að þessi dýrtíðarstyrkur sje ekki veittur þeim mönnum, er þiggja af sveit. Það er gert ráð fyrir, að þessi styrkur sje til þess að varna því, að menn fari á sveitina, en svo sje það sveitarfjelagsins sjálfs að sjá fyrir þurfalingum sínum. Með þessu frv. er því ekki verið að ljetta af sveitarstjórnum sjálfsagðri byrði, heldur hefir frv. það markmið að koma í veg fyrir það, að menn þurfi dýrtíðar vegna að fara á sveitina. Það ljettir ekki af sveitarfjelögunum þeirri skyldu, að sjá fyrir þurfalingum, og ná því sveitarstjórnarlögin í engu til þessa styrks.

Að því er snertir þær brtt. háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.), sem fara í þá átt, að áhrif sveitarstjórnarlaganna sjeu upphafin, þannig, að enginn styrkur, hvorki þessi nje annar, sje skoðaður sem sveitarstyrkur, þar til þremur mánuðum eftir ófriðarlok, þá veit jeg ekki, hvort rjett er að setja það inn í þetta frv. Að líkindum væri rjettara að setja það inn annarsstaðar, ef hæstv. Alþingi gæti fallist á það, en um það má deila. En hjer virðist það tæpast eiga við.

Það hefir verið tekið fram áður, og vil jeg enn leggja áherslu á það, að ef um ítrustu neyð er að ræða, þá er það lítil hjálp, sem þetta frv. hefir að bjóða, og jeg held, að 20 kr. á mann hefðu þá lítið að segja. Satt að segja get jeg ekki sjeð, að það sje rjett hjá háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.), að 200 kr. gætu verið veruleg hjálp handa stóru heimili, ef í þann harðbakka væri komið.

En út af því, sem sami háttv. þm. (B. K.) sagði um bankana, þá vil jeg taka það fram, að eins og sakir standa nú, er alveg óhætt fyrir bankana að veita sveitarstjórnum lán. Og það var áreiðanlega engin ástæða til þess fyrir bankana að neita Reykjavík um 100 þús. króna lán, svo að landssjóður varð að gerast banki fyrir hana.

Sami háttv. þm. (B. K.) gat þess, að fyrir bjargráðanefnd hefði legið glögg skýrsla um fjárhag landsins. Jeg hefi ekki sjeð þá skýrslu, og get því ekkert um hana sagt, en sú skýrsla, sem jeg gaf í þingbyrjun, var svo glögg, að enginn vandi var að átta sig á henni fyrir hvern meðalskynsaman mann.

Það virðist nú ekki hafa mikla þýðingu að auka umr. um þetta mál meir en orðið er. En er jeg lít yfirleitt á brtt. meiri hlutans frá sjónarmiði landssjóðs, er jeg í engum vafa um, að það er mjög svo óheppilegt að halda áfram á þessari lánaleið. Hitt er miklu hyggilegra, að fara þá leið sem aðrar þjóðir, að veita eftir efnum og ástæðum styrk, sem ekki er afturkræfur. Það er miklu betra fyrir landssjóð að vita í byrjun, hvar hann stendur, en að veita lán, sem hann svo að líkindum verður að gefa upp.

Háttv. 2. þm. Rang. (E. J.) mintist á samanköllun þingsins. Vil jeg vísa til þess, sem áður hefir verið um það sagt af mjer og hæstv. forsætisráðherra, og sje jeg ekki ástæðu til þess að halda uppi miklum umræðum um það atriði.

Enn einu sinni leyfi jeg mjer að vænta þess, að hv. deild samþykki ekki till. minni hl., og í gær benti jeg á þær till. meiri hl., er stjórnin gat ekki fallist á.

En jeg á eftir að minnast á brtt. þeirra hv. 1. þm. Árn. (S. S.) og hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.).

Hv. 1. þm. Árn. (S. S.) vildi sjerstaklega beina atvinnu landsins að áveitum, og þá sjerstaklega auðvitað að Flóa-

áveitunni. Vildi hann, að landsjóðsvinnan færi þar fram. Ef þessi áveita væri nálægt Reykjavík og ljett að koma fólki þangað, væri ekkert um till. að segja nema gott. En af því að hún liggur svo langt frá Reykjavík, þá virðist ekki ástæða til þess að beina þessari atvinnu inn á þessa braut. (S. S.: Ekki er Tjörnesnáman skemra frá Reykjavík). Hún er ekki rekin með það fyrir augum að veita atvinnu, heldur til þess að útvega kol til eldsneytis. (S. S.: Og líka til þess að veita atvinnu). Ekki sjerstaklega. Þessi hjeruð eru fjarliggjandi Reykjavík, liggja til sveita og þurfa því síður en Reykjavík á atvinnu að halda, nema ef vera skyldi Stokkseyri og Eyrarbakki. En þetta fyrirtæki er svo stórt, að naumast er gerlegt að leggja þessa atvinnu í það.

Um heyskapinn skal það mælt, að um það leyti, sem hægt er að vinna að honum, hafa flestir menn atvinnu. Get jeg því ekki annað en verið á móti þessari till.

En um till. hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), á þgskj. 124, hefi jeg ekki annað eða meira að segja en jeg sagði í gær, er jeg talaði um vinnuna, að heppilegast mundi vera að halda atvinnunni sem næst í þeirri mynd, sem nú er hún í. Jeg ímynda mjer, að það verði eins athugavert fyrir landssjóð að kaupa afurðir dýrtíðarvinnu af sveitar- og bæjarfjelögum og að láta vinna sjálfur. Hitt er annað mál, að það er auðvitað best að haga landssjóðsvinnunni þannig, að hún gefi sem bestan arð. Sje því hægt að finna einhverja arðsama vinnu, sem miðar að aukinni framleiðslu, eins og t. d. kartöflurækt, þá tel jeg sjálfsagt, að slík atvinna sje látin sitja fyrir.

Einar Jónsson: Það er öllum hv. þm. kunnugt, eins og komið er, að megn óánægja hljómar nú frá öllum hliðum um stjórn þá, er nú situr að völdum, og þá ekki síst um hæstv. fjármálaráðh. En í þessu máli tel jeg, að hann hafi skapað sjer ódauðlegri heiður en áður og talað skynsamlegar en flestir aðrir hjer í deildinni. En vilji stjórnin halda þingmönnum hjer iðjulausum í þrjár vikur enn, á hún minni en engan heiður skilið. Annars er það ekki á dagskrá nú, og skal jeg ekki fjölyrða um það.

Jeg varð undrandi við umræður þessa máls í gær. Þá reiknaði hæstv. fjármálaráðh. það út, og að mínu viti alveg hárrjett, að ef till. meiri hl. næðu fram að ganga, þá mundi kostnaðarauki landssjóðs nema 1,800,000 krónum. En þá kemur hv. frsm. meiri hl. (P. J.), grípur fram í og spyr, hvers vegna hann reikni þannig. En mjer var það fulljóst, og þá, vona jeg, flestum öðrum, að hæstv. fjármálaráðh. reiknaði hjer eftir sama mælikvarða og í stjórnarfrv. Jeg hefi aldrei heyrt hv. þm. S.-Þ. (P. J.) fara með eins ranga fyrirspurn. Eða vill hv. frsm. (P. J.) skýra frá, hvers vegna hann spurði svo og apaði hæstv. fjármálaráðh. að óþörfu? Það er gert ráð fyrir, að lánin nemi sem svarar 20 krónum á íbúa, og get jeg vel skilið, að rjett sje að reikna eftir því, þótt hins vegar megi gera ráð fyrir því, að ekkert sveitarfjelag verði svo illa statt, að hver meðlimur þess þurfi á þessum styrk að halda. En hvert sveitarfjelag á landinu getur beiðst lána af landsstjórninni, sem svarar 20 krónum á íbúa, og getur þess vegna hækkað lánin til einstakra manna, þegar öðrum er slept, sem ekki þurfa.

Jeg held því, að hæstv. fjármálaráðh. hafi talað alveg laukrjett um þetta atriði í gær. Að öðru leyti tel jeg langar umr. um þetta mál alveg þýðingarlausar (**P. J.**: Já, alveg þýðingarlausar). Jeg býst við, að flestir hv. þingdm. sjeu þannig

gerðir, að þeir kæri sig ekki um það að hlusta á langar umr., til þess að láta breyta skoðun sinni; þeir hafa þegar sjeð þingskjölin og skapað sjer skoðun eftir þeirri skynsemi og viti, sem guð hefir gefið þeim.

En úr því að jeg er nú búinn að segja þetta, er jeg víst skyldugur til þess að þagna og setjast niður sem fyrst. En það eru mörg atriði í umræðunum í gær og í dag, sem vert væri að athuga, ef sá, sem athuga vildi, ímyndaði sjer, að það hefði nokkuð að þýða. Jeg er nú einn af þeim, sem gjarnan vildi taka það til athugunar, en jeg held ekki, að þeir menn sjeu hjer í deildinni, er láti breyta skoðun sinni með umræðum. Og ef jeg yrði var við einhvern, sem ljeti snúa sjer til þess að gera annað en hann ætlaði sjer, vildi jeg aldrei heilsa honum framar. Jeg hefi punktað hjá mjer nokkur atriði, er jeg gæti minst á, en ýmsir aðrir hv. þm. hafa í millibili minst á þau, svo að jeg slepp við að orðlengja þar um.

Mætti jeg svo biðja hv. frsm. meiri hl. (P. J.) að svara mjer, hví hann rjeðst svo á hæstv. fjármálaráðh. í gær með fyrirspurn úr sæti sínu og sagði, að 20 kr. á mannsbarn í landinu yrðu ekki 1,800,000 krónur. Jeg held, að hv. þm. S.-Þ. (P. J.) komist í strand með þetta, en annars er hann maður fyrir sínum dyrum og mun geta svarað einhverju. Verst er, að eg er daufur, en hann veit, að jeg hefi aldrei gefið mig í að niðra honum, og spyr hann hjer eigi í illum tilgangi.

Sigurður Stefánsson: Það er nú kann ske synd að lengja hjer umr. mikið, framar en orðið er, en þó vildi jeg gera grein fyrir skoðun minni, sem vitanlega kemur fram í nál. meiri hl. og till., sem jeg hefi þó nokkuð unnið að.

Jeg hjó eftir því hjá hinum hæstv. fjármálaráðh., að till. vor meiri hl. lægi í öðru »plani« en stjórnarfrv. Þetta er hárrjett athugað hjá hinum hæstv. fjármálaráðh. Það, sem fram hefir farið í málinu, er þetta, að meiri hl. gengur út frá alt öðru ástandi en stjórnin. Þótt svo sje um mælt í stjórnarfrv. og stjórnin segi, að þetta eigi þá fyrst að gera, er um verulega neyð sje að ræða, þá hefir það þó heyrst í þessum umr., bæði frá hæstv. stjórn og einstökum þm., að þeir vilji sumir veita styrk, þótt þessi »verulega neyð« sje í raun og veru engin veruleg neyð. Þeirra stefna er að hjálpa áður en veruleg neyð er komin eða vofir yfir. En meiri hl. vill ekki gera, og telur sig ekki geta gert, ráðstafanir til hallærishjálpar, fyr en um veruleg neyð, eða (á góðri íslensku) verulega hungursneyð er að ræða. Tilgangur meiri hl. er að koma í veg fyrir, að nokkur deyi úr hungri á Íslandi.

Þetta ætti öllum að vera ljóst. Og það ætti líka að vera ljóst fyrir mönnum, að um það er ekki að deila, að meiri hl. er á rjettri leið, er litið er til fjármálaástands vors. Tjáir ekkert að vitna í nágrannaþjóð vora, Dani. Þar eru bankar fullir fjár og auðmenn á hverri þúfu. Hvorugu er hjer til að dreifa. (**E. A.:** Hvorutveggja). Nei, hjer eru ekki fullir bankar, og á Íslandi eru engir auðmenn í samanburði við það, sem er í Danmörku.

Tilgangur hæstv. stjórnar, að hjálpa, þótt ekki sje um verulega neyð að ræða, væri nú samt góðra gjalda verður, ef vjer hefðum nóg fje. En eftir efnahagnum verður vjer að sníða stakk vorn í bjargráðaráðstöfunum, eins og öðrum ráðstöfunum á þessu þingi.

Nei, svo er guði fyrir þakkandi, að enn hefir ekki borið á verulegu hungri á Íslandi. Jeg las það í frjettaskeyti í dag, að svo væri nú ástandið í einni af stórborgum heimsins, St. Pjetursborg, að

þar væru etnar rottur, mýs og hundar. Hugsum oss, að í slíkt óefni kæmi á Íslandi. Þá er jeg hræddur um, að gryntist á landssjóðnum, ef hann hefði byrjað með stórum fjárframlögum, áður en um nokkra verulega neyð er að ræða.

Það er athugandi í þessu máli, góðir menn, að hungruðum manni stendur alveg á sama, hvort hann fær 10 krónur að láni eða gjöf. Í því augnabliki er honum um það eitt að gera að bjarga lífi sínu, en það er ekki sama fyrir þjóðfjelagið, því að þessi sami maður, sem þann dag lá við að deyja úr hungri, hann getur innan skamms tíma orðið vel fær um að borga þær aftur, og jeg er viss um, að margur maðurinn er svo skapi farinn, að honum er kærara að borga aftur, þegar hann getur, en að hafa fengið þessa peninga sem nokkurskonar óafturkræfan sveitarstyrk.

Þetta ber að athuga, þegar verið er að ræða um lán eða styrk. Og fyrir þjóðfjelagið skiftir það ákaflega miklu, að við getum vel verið svo settir, hvað atvinnuveginn snertir, þegar hallærinu linnir, að alt verði borgað og borgað með glöðu geði, og er þá nær fyrir landssjóðinn að fara heldur þá leiðina að lána, eins og meiri hlutinn vill. En það virðist nú helst vaka fyrir stjórn vorri, að það eigi að gefa hálfa miljón áður en nokkur neyð er fyrir hendi. Því hefir verið varpað fram, að meiri hlutinn vildi setja »sultarstimpil« á þjóðina. Þetta er á engum rökum bygt. Það er hvorki meiri hlutinn nje Alþingi, sem setur þann stimpil á þjóðina, heldur hinir erfiðu tímar, eða ranglæti tímanna, sem nú drotnar í heiminum. En jeg vil þó segja, að sá stimpill sje fremur settur á þjóðina með því að ausa út hundruðum þúsunda króna í styrkveitingár, áður en nokkur veruleg neyð er fyrir hendi, með því að veita bráðabirgðalán, sem fullar líkur eru til, að landsmenn geti borgað, er í ári batnar. Af þessum ástæðum verð jeg að halda fast við þá leið, sem meiri hluti nefndarinnar vill fara.

Hæstv. fjármálaráðherra endurtók þá staðhæfing í ræðu sinni, að skilyrði meiri hlutans fyrir hjálpinni væru svo hörð, að hún mundi alls ekki koma að tilætluðum notum, en í hinu orðinu sagði hann, að verið væri að teyma almenning út á lánabrautina með tillögum meiri hlutans. Ef þetta er ekki mótsögn, og hún afskapleg, hjá hæstv. fjármálaráðherra, þá veit jeg ekki, hvað mótsögn er.

Hæstv. forsætisráðherra (J. M) tók það rjettilega fram, að þessi lánaleið gæti verið hættuleg, en hjer er, eins og háttv. 1. þm. G.-K. (B. K) tók fram, ekki að ræða um nema bráðabirgðalán. Ef veita þarf lán á lán ofan, þá getur auðvitað farið svo, að örðugt verði um þær fjárreiður, en ef landið verður ekki fært um að veita mönnum lán, þá verður það ekki færara um að veita mönnum fjárstyrki, kann ske svo að milljónum skifti, og jeg veit ekki heldur, hvernig Alþingi getur »forsvarað« slíkar fjárveitingar áður en veruleg neyð er fyrir hendi. Hitt getur það miklu fremur »forsvarað«, að láta tímann sýna það, hvort landsmenn geta ekki endurborgað það síðar, sem þeir urðu að fá að láni meðan verst gekk. Jeg undirstrika það, að nú er engin veruleg neyð á Íslandi í samanburði við það, sem er í öðrum löndum, eða jeg hefi það að minsta kosti á tilfinningunni.

Þá hefir líka verið mikið talað um það, hve það væri óviðurkvæmilegt og óþarft að setja þetta eftirlit, sem háttv. meiri hluti nefndarinnar fer fram á. Það er nú svo. Meiri hlutinn telur þinginu skylt að láta rannsaka, svo gaumgæfilega sem kostur er á, þörf bæjar- og sveitarfjelaganna á þessum lánum, áður en þau eru veitt, og þegar ekki

er um meiri kostnað að ræða af þessu eftirliti, þá virðist mjer, að ekki sje gerandi svo mikið veður út úr því, eins og hjer er gert.

Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) hjelt, að þessir eftirlitsmenn myndu ekki geta gert annað en að fara til bæjar- eða sveitarstjórnanna og leita upplýsinga hjá þeim, en þótt ekki væri um meira eftirlit að ræða, þá væri það ekki einkisvirði; það eitt, að bæjar- og sveitarstjórnir eru háðar eftirliti óviðkomandi manna, sem hafa vald til að rannsaka alt ásigkomulag bæjar- og sveitarfjelaganna, getur haft töluverð áhrif á kröfur þeirra til dýrtíðarhjálpar frá landssjóði, enda er jeg viss um, að það er rjett, sem hv. framsm. meiri hlutans (P. J.) tók fram, að þessir eftirlitsmenn geta gert mikið gagn, — jeg tala nú ekki um lítil hreppsfjelög úti um land; þar er það ljett verk að kynna sjer hvert einasta heimili. (**E. A.**: Það eru ekki allir hreppar litlir). Nei, en ef það verður nú, sem jeg geri ráð fyrir, að allir hreppar taki ekki þessi lán, þá bera hinir hrepparnir í sýslufjelaginu sinn hluta af eftirlitskostnaðinum. En þetta er sem sagt gert til þess, að hið opinbera geri alt til þess, að þessari litlu hjálp verði ekki dreift um of og hún komi ekki niður á óverðuga staði. Í sambandi við þetta skal jeg geta þess, að einn skilorður maður sagði mjer, að það hefði verið gengið á eftir mönnum hjer í Reykjavík með að taka dýrtíðarkolin með hinu niðursetta verði, mönnum, sem hefðu haft 5—6 þús. króna tekjur á ári. Þetta er ekki sagt stjórninni til lasts, heldur til að benda á, að slík dæmi mætti kann ske finna víðar, ef eftirlitið væri ekki meira en verið hefir; þess vegna er það nauðsynlegt og gott að hamla upp í móti svona lagaðri misbrúkun, en það verður best gert með því að tryggja sem öruggast eftirlit Jeg er líka viss um, að flestar sveitarstjórnir munu ekki telja virðingu sinni misboðið með þessu eftirliti, heldur jafnvel taka því fegins hendi, þótt Reykjavík sje má ske á öðru máli.

Jeg skal svo ekki lengja umr. meira að sinni; þær eru nú líka orðnar svo langar. Jeg skal þó taka það fram, að hefði landssjóður nóg fje, svo að hann gæti hjálpað mönnum frá að komast í ítrustu neyð, með styrk í þarfir atvinnuveganna, þá væri það mjög æskilegt, en jeg vona, að allir sjái, að það er landssjóði með öllu ómögulegt, eins og fjárhagur hans er nú.

Matthías Ólafsson: Jeg ætla að eins að gera grein fyrir atkv. mínu. Jeg hefi ekki getað sjeð það, að hjer sje komin nokkur veruleg neyð; jeg veit ekki annað en að gjaldþol manna sje ekkert minna en fyrir ófriðinn, jafnvel heldur meira; ef það er rjett, að menn hjer hafi grætt svo, að hundruðum þúsunda skiftir, þá er það vitanlegt, að það getur ekki verið mikið dýrtíðarhljóð í mönnum, því að ef þjóðarauðurinn eykst, þá eykst líka gjaldþolið að sama skapi.

Það hefir verið sagt hjer, að lánaleiðin væri ófær. Hin leiðin hefir ekki verið farin. Jeg skal ekkert segja um það, hvort það hefir verið vanrækslu stjórnarinnar að kenna, að hún hafi ekki lagt nóga skatta á þjóðina; en ef landssjóð vantar fje, en gjaldþol er í landinu, verðum við að hafa það svo, að einhver leið verði til að bjarga úr neyðinni. Þá verður það best, að hvert sveitar- eða bæjarfjelag sjái fyrir sjer sjálft, en leiti ekki fyr til landssjóðs en alt þrýtur. Ef mikill gróði er kominn í landið, þá ætti að vera hægt að liðsinna þeim mönnum, sem orðið hafa harðara úti, enda er þetta gert alstaðar annarsstaðar, ef þjóðarauðurinn eykst,

og því held jeg að best væri, að hvert sveitarfjelag eða bæjarfjelag fari með sín mál eins og því sýnist, svo að þegar það getur ekki staðist lengur, þá er hægt að flýja til landssjóðs, en þangað til er rjettast, að lítið sje gert að því að veita lán eða beinan styrk.

Það hefir oft verið tekið fram hjer, að það sje sama fyrir mann, sem er í neyð, hvort hann fái lán eða honum sje gefið. Lánið bjargar manninum í svipinn, engu síður en gjöfin, en líkurnar eru miklar til þess, að maðurinn geti greitt lánið aftur, þegar um hægist, og þá er það bæði manninum sjálfum og landssjóði fyrir bestu. Verði maðurinn hins vegar aldrei fær um að endurborga lánið, þá er ekki verra að gefa það upp seinna, en það er ekki víst, að það hafi svo heppileg áhrif á hugsunarhátt fólksins, ef það þarf ekki annað en að hrúgast á landssjóðinn til þess að fá gjafir, og þess vegna á styrkurinn heldur að vera fólginn í lánum en gjöfum. Jeg hefði því helst viljað, að einstaklingum væri alls ekki lánað, heldur bæjar- eða sveitarfjelögum, og að þau væru ein til eftirlits með það.

Fjármálaráðherra (S. E.): Það er að eins stutt athugasemd. Jeg held, að málið hafi skýrst töluvert við það, sem jeg tók fram, að þessar till. lægju í alt öðru »plani« en frv. stjórnarinnar

Háttv. frsm. meiri hl. (P. J.) undirstrikaði það mjög sterkt, að tilgangurinn með lögum þessum væri að eins sá, að leyfa þessi lán, til þess að forða mönnum frá beinni hungursneyð. En það er mjög mikið alvörumál, sem þingið verður að athuga vandlega, hvort rjettara er að veita hjálpina í tíma, eða bíða þangað til hungrið fer að sverfa að, hvort þingið vill halda þá leiðina, sem hver einasta síðuð þjóð fer, þá leiðina að reyna að draga úr þeirri miskunnarlausu dýrtíð, sem af stríðinu leiðir, eða bíða með hjálpina þar til á síðustu stundu.

Í sambandi við þetta vil jeg benda á það, sem stendur í 1. gr. í frv. stjórnarinnar, og geta þess, að stjórnin lítur svo á, að neyðin sje komin langtum fyr en hungrið fer að gera vart við sig, og vona jeg, að allir sjái, hve óheppilegt það væri, að stjórnin færi að bíða eftir því að hjálpa þangað til hungrið væri komið. Satt að segja held jeg, að það myndi þykja afskaplegur blettur á háttv. þingi, ef farið væri að samþ. þessar brtt. háttv. meiri hl. nefndarinnar, eftir að það hefir sjeð hungurstimplinum þrýst svo fast á þær, eins og háttv. þm. N.-Ísf. (S. St) gerði.

Nei, það verður að hjálpa fyr, og þó að horfurnar sjeu ekki góðar, þá vona þó allir, að það verði ekki beinlínis sjálft hungrið, sem fer að hrópa á þessum vetri, en hitt getur vel hugsast, að talsverð neyð verði, sumstaðar að minsta kosti.

Við skulum nú líta á, hvað aðrar siðaðar þjóðir hafa gert í þessu efni. Það er þá fljótsagt, að alstaðar hefir verið reynt að hjálpa fyr en í óefni er komið. T. d. hefir verið gert ákaflega mikið í Danmörku til þess að hjálpa í tíma, ekki þó svo, að mjög mikið hafi verið gert til þess að selja aðfluttar vörur undir verði, heldur hefir verið haft mjög strangt »kontrol« á verði á öllum útlendum vörum, og sömuleiðis feitmeti, og öllum gert það kleift að fá þær, og eins að því er mjólkina snertir, þá er víst verð trygt á henni. Auk þess hefir atvinnulausum mönnum verið trygð viss upphæð á viku, mig minnir 19 krónur, og sveitar- og bæjarfjelögum lík hjálp og frv. þetta fer fram á. (**M. Ó.:** Hvar hefir fjeð verið tekið til þess?) Fjeð, sem til þess þarf, hefir vitanlega verið tekið með auknum sköttum. Jeg vona,

að allir sjái, að fje það, sem um er að ræða í þessu frv., er ekki hlutfallslega nema örlítið brot af því, sem aðrar þjóðir álíta sjer skylt að hjálpa um. Og hvernig er það — er ekki með þessum litilfjörlega styrk verið að gera þjóðina færari um að inna það af höndum, sem hún á að leggja fram með því að styðja að því, að sem fæstir velti um? Svo talar háttv. meiri hl. um, að það megi ekki dreifa hjálpinni. En till. hans, sem eru miðaðar við mann, með ákveðnu láni á hvert sveitarfjelag, þær dreifa einmitt hjálpinni, eins og stjórnarfrv., jafnt á sveitarfjelögin, þannig að ekki er hægt að veita einu sveitarfjelaginu hlutfallslega meira en öðru, þótt hlutfallslega sje meiri neyð í öðru en hinu. Að þessu leyti hefir því háttv. meiri hl. fylgt nákvæmlega sama principinu eins og stjórnin, og er því ekki vel samkvæmur sjálfum sjer. En þótt hin hörðu skilyrði nefndarinnar yrðu nú sett fyrir lánunum, er jeg samt hræddur um, að svo gæti farið, að stjórnin mætti til, beint gegn þeim, að veita lán, því að áreiðanlega gæti verið óverjandi að veita ekki hjálp fyr en í það harðasta væri farið.

Með tilvísun til þess, sem jeg hefi tekið fram hjer á undan, leyfi jeg mjer að vænta, að brtt. meiri hl. verði feldar.

Sigurður Sigurðsson: Jeg verð að fá að segja örfá orð, en skal reyna að vera stuttorður. Ástæðan er sú, að það hefir verið reynt, vísvitandi eða óafvitandi, að misskilja till. mína á þgskj. 94. Það var fyrst hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), sem hjelt því fram, að ef mín till. væri samþykt, gæti það leitt til þess, að það yrði farið að vinna að Flóaáveitunni, en með því gæti heildarframkvæmdin raskast. En þetta er bygt á misskilningi, því að þótt einhver hluti verksins væri tekinn til dýrtíðarvinnu, þá þarf það ekki á nokkurn hátt að koma í bág við það, sem síðar verður gert, og mikill hluti af þessu verki verður að vinnast með algengum verkfærum og mannafla, og sá hluti verksins, sem tekinn yrði til dýrtíðarvinnu, ætti þá að sjálfsögðu að vera sá, sem ekki verður hægt að vinna öðruvísi. Þá skal jeg taka það fram, að till. er alls ekki, út af fyrir sig, miðuð við það að útvega mönnum þar eystra dýrtíðarvinnu; hugsast getur það náttúrlega, að einhverjir menn af Stokkseyri og Eyrarbakka væri þurfandi fyrir slíka vinnu, heldur hitt, að þarna er vinna fyrir menn, sem eru atvinnulausir hjer í Reykjavík og jafnvel Hafnarfirði.

Svo kemur hæstv. fjármálaráðherra fram með þá grýlu, að þetta sje svo langt í burtu. Vil jeg þá í sambandi við það benda á, að menn af frjálsum vilja leita sjer atvinnu norður í land og austur, og annað hitt, að landsstjórnin sjálf sendir menn bæði norður í Húnavatnssýslu og norður á Tjörnes og fleiri staði, í vegavinnu og ýmislegt annað. Og því má þá ekki á neyðartímum senda nokkra menn austur til vinnu? Nei, þessi ástæða finst mjer vera hjegómi, sem reki sjálfri sjer utan undir.

Jeg benti áður á það, að Tjörnesnáman lægi miklu lengra í burtu, en þá er því skotið að mjer, að hún hafi ekki verið ætluð til þess að útvega mönnum dýrtíðarvinnu.

En jeg vil segja, að tilgangurinn með Tjörnesnámunni hafi líka verið sá, að veita mönnum þar vinnu. Og hvað vegalengdinni viðvíkur, þá liggur Tjörnesnáman lengra frá en Flóinn. Jeg vona, að till. mín verði samþykt. Og þó að stjórnin tæki part af Flóaáveitufyrirtækinu til dýrtíðarvinnu eða dýrtíðarráð-

stafana, þá verður hún aldrei ver úti en hún er orðin, að því er Tjörnesnámuna snertir.

Bjarni Jónsson: Menn eru vanir að hafa hjer nokkurn formála fyrir ræðum sínum, og minn er sá, að jeg lofa engu góðu.

Hv. sessunautur minn, þm. N.-Ísf. (S. St.), talaði um, að engin veruleg neyð væri hjer á landi enn þá. Alment talað mun svo hafa verið víðast hvar, en þess er jeg viss, að á ýmsum stöðum hefði orðið veruleg neyð, ef ekki hefði verið hjálpað í vetur; t. d. hjer í Reykjavík hefði orðið barnadauði og líklega hungurdauði, hefði stjórnin ekki hlaupið undir baggann. Hitt er annað mál, að ekki er hægt að finna þær atvinnugreinar, er gefa fullkomna eftirtekju, þegar að þeim er unnið á harðasta tíma árs, en það er ekki lögunum eða stjórninni að kenna, heldur fyrirhyggju Alþingis, að láta hjá líða sumartímann og leyfa mönnum ekki að vinna að atvinnubótum á þeim tíma, en þar af leiðir, að þegar veturinn kemur og þrengjast fer í búi hjá mönnum, þá verður að fara að veita mönnum vetraratvinnu. Það er eins víst, að hjer og á Ísafirði hefði orðið veruleg neyð, ef ekki hefði verið hjálpað.

Hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) var að tala um, að svo liti út, sem gjaldþol manna væri engu minna nú heldur en 1917. En þetta mun ekki rjett, því að það mun vera víst, að árið 1917 hafi fullkomlega etið upp gróða fyrri stríðsára. (**P. J.:** Ókunnugleiki). Það skyldu þá helst vera bændur norðanlands, er segðu annað, en bændur hjer sunnalands og vestan og útgerðarmenn hafa sagt mjer þetta, svo að jeg þarf ekki að standa hjer og biðja menn um að trúa orðum mínum, sem bygð eru á sögn mannanna sjálfra. (**G. Sv.:** Þetta er ekki rjett). Jeg ætla mjer ekki að fara að þræta við hv. þm. hjer á þessum stað, úr því að hann getur ekki skilið, en það kom mjer á óvart. En annars eru menn ekki hjer að ræða það, sem verið hefir, heldur eru menn hjer að ræða það, sem verða kann, og hverjar ráðstafanir sjeu gegn því, sem verða kann, þ. e. að hitta ráð til þess að hjálpa á komandi vetri, ef menn skyldi bera upp á sker.

Hver ráð eru þá heppileg?

Stjórnin hefir farið fram á að veita hverjum manni dálitla fjárupphæð til styrktar. Jeg held, að stjórnin hafi gert rjett í því að hafa styrkinn ekki meiri en þetta, því að hann er mátulega mikill þar sem fjeskortur getur komið að tjóni, því að styrkurinn bætir þó töluvert þar sem verst er. Hjer hefir verið rætt um lántökur, svo að hrepps- og bæjarstjórnir gætu fengið fje, ef að krepti. En væri ekki betra, að landið lánaði mat, því að ekki er að vita, hvað peningarnir notuðust vel, og ávalt er það að bíta í skottið á sjálfum sjer að vera að lána mönnum peninga til þess að kaupa fyrir vörur af sjálfum sjer. Þá ætti hv. meiri hl. heldur að koma með till. um það, að stjórninni væri heimilt að líða menn um borgun fyrir mat, er þeim liggur á að fá. Þetta er ekkert óþekt, því að iðulega hefir það komið fyrir hjer á landi, að verslanir hafa lánað mat og beðið eftir borguninni þar til betur áraði. En nú skulum við athuga, hvernig þetta verður. Það mætti segja, að lánin væru ágæt, ef hægt væri að kaupa mat fyrir þau, en ef að eins á að útvega peningana, þá sje jeg ekki annað en með því sje verið að skjótast undan allri hjálp við almenning, þar sem ekki má nota þá fyr en í ítrustu neyð. Þetta get jeg sannað. Þegar t. d. svo er komið norður á Langanesi, eða austur í

Skaftafelssýslum, að veruleg neyð stendur fyrir dyrum, þá verður sveitarstjórnin fyrst og fremst að fá skipaða eftirlitsmennina, sem undir eiðstilboð eiga að rannsaka alt ástand sveitarinnar, að því loknu semja þeir svo sína skýrslu, og ef sú skýrsla lætur illa yfir ástandinu, þá fyrst getur sveitarstjórnin sent lánbeiðnina til stjórnarinnar. Lánbeiðnin yrði, með hinum ágætu samgöngum, sem hjer eru, nokkra mánuði hingað til Reykjavíkur, og þá fyrst væri hægt að fara að kaupa vörur. Meðan á þessari rekistefnu stendur hefir hjeraðið verið statt í hinni ítrustu neyð, svo að megnið af íbúunum væri dautt, eða að dauða komið, þegar hjálpin kemur. Væri ekki brotaminna að láta sveitarstjórnirnar fá vörur hjá landsstjórninni, sem þær svo gætu úthlutað meðal fátæklinga sinna? (**S. St.:** Hví kom ekki þm. með þetta fyr?). Það var af því, að jeg var ekki í bjargráðanefnd, en vissi hins vegar, að hún hafði á að skipa öðrum eins búfork og hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), og jeg bjóst því við, að hann, sem verið hefir prestur og sálnahirðir á Ísafirði í 50 eða 100 ár, mundi hitta á það.

Svo er eitt ágætt atriði, og það er þetta: »Lán eftir lögum þessum skulu ekki teljast sem sveitarstyrkur«. Meiningin er, að maður á að gjalda þess, ef maður er í efnuðu sveitarfjelagi, og þá á að skerða mannrjettindin, en ef maður er í fátæku sveitarfjelagi, þá á maður að njóta þess. Þetta er ekki illa hugsað, og mjer þykir mjög gott að vita, hversu margir ágætismenn hafa skrifað nöfn sín hjer undir.

Hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) tók það fram, að bankarnir mættu ekki lána sveitarfjelögum, sem komin væru að hungurdauða. Þetta er ný kenning, en satt er það, að það er ekki sá vanalegi gróðavegur, sem bankarnir fara. En þegar bjarga þarf frá hungurdauða, þá verða þeir að hjálpa meðan þeir geta. Þeir eru skyldugir að gera það. Það gæti auðvitað staðið svo á, að bankarnir hefðu ekkert handbært fje, vegna þess að þeir ættu svo mikið úti, og það skil jeg, að þeir þá geta ekki lánað. Annars hygg jeg, að sá rjetti vegur, sem þá ætti að fara, til þess að tryggja menn fyrir voða í framtíðinni, voða, sem stafar af ónýttum atvinnuvegum, væri að nota og hagnýta sjer gæði landsins, sem frekast mætti, svo að þjóðin þyrfti ekki að verða hungurmorða, þótt hún yrði einangruð á sínu eigin landi. En að hún verði einangruð getur orðið með svo mörgu móti.

Það er alkunna, að yfir standa samningar við aðra hlið ófriðarins. Þeir geta orðið hagkvæmir, en þeir geta líka orðið svo óhagkvæmir, að landsmönnum verði meinað að flytja vörur til landsins. En setjum nú svo, að saman gengi og menn ættu von á að fá fæðu í sumar, þá er landið samt ekki trygt, vegna þess að það vantar samninga við hinn aðilann í þessari styrjöld, svo að það gæti vel verið, að þeir, einhverra hluta vegna, sæju ástæðu til þess að hindra vöruflutninga til landsins. Og nú geta menn sjeð, hversu brýn þörf er á, að mönnum verði komið í skilning um að nota landið.

Svo hygg jeg, að ekki þurfi að fara fleiri orðum þetta mál, en greiða mun jeg atkvæði á móti till. meiri hl., en með frv. stjórnarinnar og einhverjum af till. minni hl.

Frsm. meiri hl. (Pjetur Jónsson): Jeg ætla mjer ekki að fara í neina hólmgöngu í þessu máli. (**B. J.:** Skoraði ekki neinn á hólm). Jeg skoðaði það ekki heldur svo. En það er ein skýring, sem jeg vildi gefa á till. meiri hl., því að þrátt fyrir þá áskor-

un, sem hæstv. fjármálaráðherra bar fram, get jeg þó hugsað mjer, að þessar till. meiri hl. verði samþ., og þá finst mjer áríðandi, að þær verði ekki misskildar, hvorki af hæstv. stjórn eða háttv. deild.

Jeg hefi orðið var við ýmiskonar misskilning, bæði hjá hæstv. fjármálaráðherra og svo þm., og þessi misskilningur hefir meðal annars verið sá, að dýrtíðarhjálpin, eftir þessum till. okkar, sje minni en eftir stjórnarfrv. Í stjórnarfrv. er bæjar- og sveitarstjórnum heimilað að nota til hjálpar bágstöddum alt að 15 kr. á hvern mann; þar af á landssjóður að borga $^1/_3$, eða 5 kr. Raunar verður að skilja þetta svo, að þetta 15 kr. takmark sje hámark þess, sem sveitar- eða bæjarstjórn má verja til dýrtíðarhjálpar, hversu mikil sem neyðin er.

En eftir till. nefndarinnar er annað uppi á teningnum. Þar er gengið út frá, að bæjar- og sveitarstjórnir hafi heimild til að leggja fram hjálpina, hvort heldur með styrk úr landssjóði eða án hans. I 2. gr. er komist svo að orði:

»Af láni því, er 1. gr. ræðir um, heimilast landsstjórninni að veita bæjarfjelögum og sveitarfjelögum dýrtíðarlán, þar sem veruleg neyð er fyrir höndum. En það er veruleg neyð, ef bæjar- eða sveitarfjelagið getur eigi með eigin framlögum, nje með lántöku af eigin ramleik, hjá bönkum eða öðrum lánsstofnunum, forðað frá yfirvofandi hungri og harðrjetti«.

Hjer er gert ráð fyrir, að hvert sveitarfjelag og bæjarfjelag, þar sem ástæða er til að hjálpa, leggi fram krafta sína af sjálfsdáðum og til hins ítrasta, áður en það notar heimildina til að snúa sjer til landssjóðs. Þess vegna eru það ekki einar 10 kr., sem sveitarfjelagið leggur til af eigin ramleik, heldur miklu meira, þar sem er allur kraftur þess og geta. En þá fyrst kemur til að veita lánið úr landssjóði, er sveitarfjelagið hefir gert alt, sem það gat, og þá fyrst kemur þessi 20 kr. hjálp til hvers íbúa. Þessar brtt. liggja því, eins og hæstv. fjármálaráðherra og háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) tóku fram, »í öðru »plani« heldur en stjórnarfrv., því að þar er gert ráð fyrir miklu stórfeldari hjálp heldur en í stjórnarfrv. Jeg tók þetta fram til þess, að þessi lánsheimild skyldi ekki verða rangskilin. (**Atvinnumálaráðherra:** Jeg hygg, að lántaka til dýrtíðarhjálpar sje alls ekki útilokuð eftir stjórnarfrv.). Auðvitað er lántaka hjá bönkum ekki útilokuð, en þar er ekki gert ráð fyrir, að stjórninni heimilist að lána sveitarfjelögum.

Auk þess er í till. meiri hl. miklu meiri viðbúnaður og fyrirhyggja heldur en í frv. stjórnarinnar. Sama misskilnings gætti einnig í ræðu hæstv. forsætisráðherra. Hann vísar á bankana og segir, að þeir eigi að lána, en alls ekki stjórnin, en hann hefir ekki gætt að því, sem gert er ráð fyrir í till. nefndarinnar, að áður en sveitarstjórnir leita til landsstjórnarinnar hafi þær leitað til bankanna og fengið þar þau lán, sem um getur verið að ræða. Annars hefir háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) skýrt þetta svo vel, að það ættu allir að skilja. Bankarnir hafa nóg með sitt fje að gera nú í dýrtíðinni til atvinnuveganna, sem þeir styrkja og verða að styrkja, t. d. eins og sjávarútveg og verslun, og býst jeg við, að þessir atvinnuvegir verði að sitja fyrir því fje, sem handbært er, en lítið verði eftir til að lána bæjar- og sveitarfjelögum. Þá er það líka annað, sem kemur til greina í þessu máli, að bankarnir, eftir eðli sínu, hljóta að heimta þá tryggingu fyrir lánum sínum, sem litlar líkur eru til

að sveitarfjelög, sem komin eru í ítrastu neyð, geti sett. Jeg vona nú, að menn verði sjóngleggri á skoðun nefndarinnar eftir en áður og skilji, hvað hún er að fara. Hæstv. fjármálaráðherra talaði með miklum fjálgleik um hjálp í vandræðum og vitnaði til annara þjóða um það, hvað þær veittu mikla hjálp, rjett eins og stjórnarfrv. hefði í sjer fólgna einhverja stórkostlega hjálp, sem meiri hl. bjargráðanefndar vildi fyrirbyggja. Þetta er sami misskilningurinn, aftur genginn og marghrakinn.

Fjármálaráðherra (S. E.): Það er að eins örstutt athugasemd. Háttv. meiri hl. nefndarinnar hefir hlaupið yfir það stigið, sem við á nú. Hann gerir engar ráðstafanir aðrar en hungurráðstafanir, en við viljum hjálpa áður en neyðin kemur. Og það er of seint að iðrast eftir dauðann, og ef að því ræki, að hungur kæmi, sem jeg vona að ekki verði, þá þarf ekki að vera að hafa um það langar umræður nú, hvað þá skuli gera, því að hvaða stjórn sem er mundi þá auðvitað telja sjálfsagt að hjálpa, hvað sem það kostaði.

Forsætisráðherra benti rjettilega á, að það væri óheppilegt að fara að brúka lánin á þessu stigi málsins, og lánabrautin er meira að segja altaf óheppileg.

Framsm. minni hl. (Jörundur Brynjólfsson): Það var að eins eitt atriði í ræðu háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.), sem jeg vildi lítillega minnast á. Hann sagði, að við mundum hafa komist alveg eins vel af, þó að engin dýrtíðarhjálp hefði verið veitt. Þessu verð jeg eindregið að mótmæla, því að jeg get ábyrgst, að allur þorri þeirra manna, sem fengu dýrtíðarhjálp eða dýrtíðarvinnu í vetur er leið, voru hennar sárþurfandi. Með henni var afstýrt neyð, og væri best, að háttv. þm. (S. St.) nefndi nöfn þeirra manna, sem borið hafa það í eyru honum, að hjálpin hafi verið einkis virði eða óþörf.

Jeg vil þá og víkja að því, er háttv. þm. (S. St.) sagði, að hann treysti því, að við gætum komist af án hjálpar. Jeg efast stórlega um, að hann sje þar framsýnni en aðrir menn, sem hjálpa vilja, eða gera vilja ráð fyrir, að til þess geti komið, enda er það ekki nóg að vera að tala um, að landssjóður þoli ekki ný útgjöld, hvað mikið sem á liggur, en reyna þá ekki að benda á nýjar tekjulindir fyrir landið og landsmenn. Hann (S.St.)er nú búinn að sitja vist á nærfelt tuttugu þingum og aldrei sjeð þörf landssjóðs til að afla tekna. Og þó hafa tekjulindir verið nægar í landinu, og ekki nærri eingöngu notaðar af landsmönnum, heldur hafa og útlendingar grætt hjer árlega um langt skeið, svo að miljónum króna skiftir, á fiskveiðum, og sá tekjustofn blasað við hverjum, sem hafði opin augun fyrir nauðsynninni á að auka tekjur landsins. Þar hefir hann ekki sýnt mikla framsýni. (**S. St.:** Jeg hefi aldrei verið á móti tekjuauka í landssjóðinn). Það er ekki nóg, þótt þm. (S. St.) hafi ekki verið á móti tekjuauka; hann hefði átt að eiga frumkvæðið að honum. Af þeim, er framarlega standa, er það heimtandi. Ekki nema sjálfsögð og rjettmæt krafa.

ATKVGR.

Brtt. 88,1 feld með 13:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. K., E. Árna., M. Ó., P. J., P. O., P. Þ., S. S., S. St., St. St., Þorl J., Þorst. J, Þór. J., Ó. B.

nei: B. Sv., B. J., B. St., E. A., E. J., G. Sv., H. K., J. J., J. B., J. M., M. G., M. P., Sv. Ó.

Forseti: Þá lít jeg svo á, að allar till. meiri hl. sjeu þar með fallnar.

Frsm meiri hl. (Pjetur Jónsson): Ef ekki fallnar, þá að minsta kosti teknar aftur.

Brtt. 89,1. feld með 13:4 atkv.
— 124,1. — — 16:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. J., G. Sv., J. J., M. G., M. P., P. Þ., S. S., Þorl. J., Þorst. J.
nei: B. K., B. St., E. A., E. Árna., E. J., H. K, J. M., J. B., M. Ó, P. J., P. O., S. St., St. St., Sv. Ó., Þór. J, Ó. B.

1 gr. samþ. með 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. J., B. St., E. Árna., E. J., G. Sv., H. K., J. M., J. J., J. B., M. G., P. Þ., Sv. Ó., Þorst. J.
nei: B. K., E. A., M. P., M. Ó., P. J., P. O., S. S., S. St., St. St., Þorl. J., Þór. J., Ó. B.

2. gr. samþ. með 15:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. J., B. St., E. Árna., E. J., G. Sv., H. K., J. J., J. M., J. B., M. G., P. Þ., Sv. Ó, Þorl J., Þorst. J.
nei: E. A., M. P., M. Ó, P. O., S. S., St. St., Þór. J., Ó. B.
B. K., P. J. og S. St. greiddu ekki atkv.

3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 89,2. tekin aftur.
Brtt. 107 feld með 12:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. J., E. A., E. J., H. K., J. M., J. B., M. P., P. J., P. O., P. Þ., Þorst. J.
nei: B. St., E. Árna., G. Sv., J. J., M. G., M. Ó., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þór. J., Ó. B.
B. K. og S. S. greiddu ekki atkv.

Brtt. 89,3. a. feld með 18:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., E. A., H. K., J. B., M. P., S. S., Sv. Ó., Þorst. J.
nei: B. J., B. K., B. St., E. Árna., E. J., G. Sv., J. J., J. M., M. G., M. Ó., P. J., P. O., P. Þ., S. St., St. St., Þorl. J, Þór. J, Ó. B.

Brtt. 89,3. b. samþ. með 15:11 atkv, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. J., B. K., E. A, E. J., H. K., J. B., M. P., P. J, P. O., P. Þ., S. S., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst J.
nei: B. St, E. Árna., G. Sv., J. J., J. M., M. G., M. Ó., S. St., St. St., Þór. J, Ó. B.

4. gr, svo breytt, samþ. með 15:10 atkv.
5. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 89,4. feld með 19:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þorst. J., B. K., H. K., J. B., M. P., P. O., S. S.
nei: Sv. Ó., Þorl. J., Þór. J., B. Sv., B. J, B. St., E. A., E. Árna., E. J, G. Sv., J. J., J. M., M. G., M. Ó., P. J., P. Þ., S. St., St. St, Ó. B.

Brtt. 124,2 samþ. með 15:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. G, M. P., P. J., S. S., S. St, St. St., Þorl. J., Þorst. J., B. K., B.

St., E. A., E. Árna., G. Sv., J. J., Ó. B.

nei: J. M., J. B, M. Ó, P. O., P. Þ., Sv. Ó., Þór. J., B. Sv., B. J., E. J., H. K.

Brtt. 94 (við brtt. 88) sjálffallin.

6. gr. þar með ákveðin.

7.—8. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 18 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þorst. J., B. Sv., B. J., B. K., B. St., E. Árna., E. J., G. Sv., H. K., J. J., J. M., J. B., M. G., P. Þ., S. S., St. St., Sv. Ó., Þorl. J.

nei: Þór. J, E. A., M. P., M. Ó., P. J., P. O., S. St., Ó. B.

Á 25. fundi í Nd., föstudaginn 17. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 129, 133, 134, 136, 150).

Björn R. Stefánsson: Við 2. umr. þessa máls var svo margt um það skrafað, að mjer fanst ekki gustuk að fara að lengja þær umr. með því að fara þá að gera grein fyrir atkv. mínu, enda fjelst jeg á það, sem háttv. 2. þm. Rang. (E. J.) sagði, að þm. myndu vera búnir að mynda sjer skoðun og taka afstöðu til málsins, svo að lengri umr. myndu þar engu um þoka.

Jeg gat hvorki sætt mig við frv. hv. stjórnar nje till. nefndarinnar, hvorki meiri nje minni hluta, en mjer fanst, að stjórnarfrv., eins og það lá fyrir, mundi fremur verða komið í það horf, sem jeg gæti felt mig við, heldur en eins og það hefði orðið með brtt. háttv. meiri hluta. Þess vegna greiddi jeg atkv. á móti flestum brtt.

Ágreiningurinn við 2. umr. var aðallega um það, hvort heldur ætti að fylgja þeirri stefnu að gefa eða lána fje úr landssjóði til hjálpar almenningi, ef vandræði bæri að höndum. Háttv. meiri hl. nefndarinnar hjelt því fram, að hagur landssjóðs væri ekki svo góður, að hann væri þess megnugur að gefa nokkuð, sem um munaði, ef verulega neyð bæri að höndum. Jeg játa fyllilega, að þetta sje rjett, en sumar aðrar röksemdir hv. meiri hluta sýndu það jafnframt og sönnuðu, að landssjóður sje enn síður megnugur að lána eftir till. hans heldur en að gefa eftir till. stjórnarinnar, því að eftir till. háttv. meiri hluta var um ferfalt hærri útgjaldaupphæð að ræða.

Háttv. meiri hluti tók það fleirum sinnum fram og lagði áherslu á það, að ef svangan mann vantaði 10 krónur, þá væri hann ekkert um það að hugsa eða að því að spyrja, hvort hann fengi þær lánaðar eða gefins, ef hann að eins gæti fengið þær, enda kæmi það, í bráðina, alveg í sama stað niður fyrir hann.

Jeg vil nú snúa þessu dæmi að landssjóðnum og segja: Ef landssjóður er í þröng, en þarf að leggja út peninga almenningi til bjargar, þá er honum í bili alveg sama, hvort hann á að lána þá eða gefa; hitt verður aðalatriðið, að upphæðin sje sem allra minst, sem hann á að leggja fram, svo að hann komist ekki ekki í þrot, og jeg tel það aðalskyldu okkar að binda landssjóði ekki þyngri bagga en svo, að hann fái undir þeim risið. Þess gættum við ekki í fyrra, og það víti eigum við að láta okkur að varnaði verða og gæta þess að stranda ekki á sama skeri nú.

Jeg tók það fram áðan, að eins og stjórnarfrv. og till. háttv. meiri hluta lágu fyrir við 2. umr., þá hefði fjárframlag landssjóðs orðið ferfalt meira eftir till. meiri hlutans en eftir stjórnarfrv., því að eftir sama mælikvarða, sem hv. meiri hluti ætlar framlögin eftir till.

sínum, 900 þús., hefðu þau orðið 225 þús. eftir stjórnarfrv.

Gamall málsháttur segir, að maður eigi að vona það besta, en vera við búinn því versta.

Ef við nú fylgjum þessari reglu, verðum við að gera ráð fyrir, að stríðið standi nokkur ár enn, að enn harðni í ári og hagur almennings versni að mun. Þá mundi svo fara, að við á næstu árum myndum þurfa að veita ný lán, í staðinn fyrir að innheimta það, sem við lánum í ár, eins og háttv. meiri hluti ætlast til, — eða dettur nokkrum í hug, ef stríðið heldur áfram og við framvegis verðum við það að búa að hlíta ofbeldi Englendinga, að sá almenningur, sem þarf í ár að fá hundruð þúsunda að láni, geti endurborgað þau lán á næstu árum.

Það, sem við því þurfum að gera, er það að búa svo um, eftir því sem við höfum best vit á, að almenningur finni hjá sjer hvöt og skyldu til að hjálpa sjer í lengstu lög sjálfur, að leggja bjargráðin sem mest í hendur sveitarstjórna, en sýna þó jafnframt hluttekningu og veita hjálp þar, sem að þrengir, og hana þeim mun meiri sem erfiðara verður fyrir.

Jeg játa það, að undir venjulegum kringumstæðum er stór munur á því að lána og gefa, en eins og hjer stendur á, held jeg, að munurinn verði lítill, og því beri að leggja áherslu á það að hafa fjárframlagið sem rjettlátast og notadrýgst, en þó svo lágt sem hægt er, hvort sem það svo er kallað gjöf eða lán, enda er á það að líta, að þegar batnar í ári, mun full þörf á að finna nýjar tekjulindir, til þess að rjetta við fjárhag landssjóðsins, og hvar haldið þið þá, að þessara tekjulinda verði leitað annarsstaðar en hjá þeim sama almenningi, sem nú á þessum erfiðu tímum á að veita dálitla hjálp? Hún fer þess vegna ekki í ómildan akur.

Af framansögðu fanst mjer frv. hæstv. stjórnar vera nær rjetta sporinu en till. háttv. meiri hluta, og því studdi jeg að því með atkvæði mínu, að það kæmist til 3. umr. Hins vegar fanst mjer það alveg fráleitt, að hjálpin væri altaf jöfn, hvort sem sveitarfjelagið þyrfti mikið eða lítið að sjer að leggja, og því ganga brtt. okkar háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) út á það, að gera greinarmun á því. Landssjóður hefir ekki ráð á því að hampa fjenu framan í almenning og segja við fyrstu þriggja krónu aukabyrðina, sem hann verður að leggja á sig: Eina af þessum þremur krónum geturðu fengið hjá mjer.

Það hefir oft verið á það minst og að því fundið, hvað landssjóður hafi náð í lítið af stórgróða einstakra manna á þessum ófriðartímum. Þessir stórgróðamenn eru flestir í bæjum og þorpum, en þar er helst vandræða von; þar eru þá líka óeyddir tekjustofnar, sem við getum sagt að þing og stjórn hafi eftirlátið bæjar- og sveitarfjelögum að gripa til, til almennrar dýrtíðarhjálpar. Þessar tekjulindir þurfa að vera svo djúpar og drjúgar, að úr þeim náist sem svarar 5 krónum á hvern mann í bæjar- eða sveitarfjelaginu, áður en landssjóður fer að leggja fram.

Hjer er nú ýtt að mjer stjórnarfrv., sem til þess er ætlað að ná í þennan stórgróða handa landssjóðnum. Þetta stjórnarfrv. var ekki lagt fram fyr en núna á fundinum, og hafði jeg ekki hugmynd um, að það væri á leiðinni, þegar við sömdum brtt. okkar á þgskj. 136. Annars liggur það frv. ekki fyrir til umr., svo að ekki er vert að minnast frekar á það nú, eða lýsa minni afstöðu til þess, en þegar brtt. voru skrifaðar, var það tilætlunin, að bæjarfje-

lögin hefðu þennan skattstofn, eða að landssjóður eftirljeti þeim hann. Við það eru brtt. miðaðar.

Jeg hefi líklega farið aftan að siðunum með því að minnast fyrst á síðustu brtt., en það er afsakanlegt, vegna þess að það er aðalbrtt. Brtt. við 2. gr. er bygð á því, að háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) benti á, að það vantaði ákvæði um það, hvað ætti að miða við og hvað væri venjuleg útgjöld sveitarfjelaganna. Eru hjer sett ákvæði um það.

Þá er brtt. við 1. gr. b. Hv. meiri hluti talaði mikið um það, að þessar 15 krónur á mann væru í raun og veru ekki nema smáræði, ef nokkuð þrengdi að. Samt fór hann ekki hærra en að hækka það upp í 20 krónur, en með brtt. okkar háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) er styrkurinn hækkaður upp í 25 kr. »Fyrir 1. okt. komi: 1. nóv.« er bygt á því, að sveitarstjórnir koma altaf saman seint í okt. til þess að jafna niður útsvörum og ráða ráðum sínum að öðru leyti; væri þeim mjög óþægilegt, ef þær ættu að gera það strax í september. Auk þess er á það að líta, að í september er ekki eins vel sjeð, hvað til muni verða, ekki eins vel komið fram, hvað bjargræði manna hafi orðið yfir sumarið og hvað skorta muni til þess, að menn geti bjargað sjer með sumargróðann. Að þessu leyti held jeg, að brtt. sje aðgengilegri fyrir sveitarstjórnirnar, því að þeim verður óhægt að gera ábyggilegar áætlanir svo snemma.

Nú skal jeg stuttlega gera grein fyrir því, hvað þetta nemur miklu fyrir landsjóðinn, ef brtt. okkar háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) ganga fram. Ef til þess þyrfti að taka, að hvert einasta sveitarfjelag notaði þetta til hins ítrasta, gæti hjer verið um tæp 600,000 króna útgjöld að ræða fyrir landssjóð. Ef við svo aftur á móti göngum út frá, að að eins helmingur sveitar- og bæjarfjelaga notaði sjer þetta — eins og háttv. meiri hluti gerði við 2. umr. —, yrði upphæðin tæp 300,000, eða 299,700 krónur. Eftir þessum lægri mælikvarða hefði framlag landssjóðs orðið eftir till. háttv. meiri hluta 900,000 krónur, en eftir stjórnarfrv. 225,000 krónur.

Við 2. umr. þessa máls var Reykjavík oft nefnd, og sett upp dæmi til að sýna, hvað hún gæti fengið mikið eftir hvorri till. fyrir sig. Jeg skal nú gera sama, og geng þá út frá 15,000 manns.

Eftir till. háttv. meiri hl. gat hún fengið 300,000 króna lán. Eftir stjórnarfrv. gat hún fengið 75,000 króna styrk, gegn 150,000 krónum úr bæjarsjóði. Eftir brtt. okkar háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) gæti hún fengið 100,000 króna styrk, gegn 275,000 krónum úr bæjarsjóði.

Jeg sagði áðan, að landssjóður gæti ekki lagt meira fje fram heldur en það, sem verða mundi eftir þessum till. Jeg meinti það nú ekki alveg bókstaflega, að hann gæti kann ske ekki meira í bráðina, en hann má ekki ganga nær sjer en þetta, því að eigi stríð og dýrtíð eftir að standa lengi enn, þá má hann ekki tefla svo mjög á það ítrasta með möguleika sína, að hann geti ekki neitt, þegar enn meir þrengir að.

Viðvíkjandi því, að þetta sje gjöf, en ekki lán, sem kann ske sje óþörf, ef snemma batnar í ári, má endurtaka það, að skattarnir verða ekki sóttir annað en til þessara sömu manna, sem fengu hjálpina meðan á dýrtíðinni stóð, svo að hún hefir þá ekki fallið í ómildan akur.

Við 2. umr. skrifaði jeg ýmislegt hjá mjer, sem jeg áleit þörf á að gera athugasemdir við, en jeg skal nú ekki tefja tímann með því að fara að taka það upp nú, nema því að eins, að það verði þá vakið upp aftur við þessa umr.

Jeg ætla svo að bíða andsvara áður en jeg segi meira.

Einar Árnason: Þegar þetta mál var hjer til 2. umr., voru umr. um það mjög langar, og hafi nokkuð hafst upp úr öllum þeim löngu ræðum, hefir það líklega verið það, að málið komst í mesta óefni, þar sem tveir jafnsterkir flokkar deildu um tvær mismunandi stefnur. Jeg vil ekki verða til þess að vekja deilurnar aftur, því að jeg held, að málið vinni ekkert við það.

Eins og menn muna, fjell 1. brtt. háttv. meiri hl. bjargráðanefndar með jöfnum atkv. Þá var sjeð, að hjer voru tveir flokkar jafnsterkir, og leit ekki út fyrir annað en að stjórnarfrv. myndi falla líka. Jeg hallaðist að stefnu háttv. meiri hl. nefndarinnar, þó að mjer í ýmsum atriðum fjellu ekki sem best sumar brtt. hennar. En svo virtist mjer ekki rjett að fella stjórnarfrv. strax, heldur greiddi jeg því atkv. mitt, í þeirri von, að hægt myndi að koma á einhverju samkomulagi við 3. umr.

Nú hefi jeg leyft mjer að bera fram brtt. á þgskj. 150, ef vera kynni, að menn gætu fallist á það, svo að frv. gæti komist út úr deildinni með sæmilegum meiri hl. Jeg skal strax taka það fram, að þessar brtt. ganga í svipaða átt og brtt. meiri hl. bjargráðanefndar um daginn, en þessar till. hafa þann kost, að þær gera málið einfalt og óbrotið og lögin þægileg til framkvæmda. Með þessu er frv. aftur fært inn á þá leið, að landssjóður láni sveitarfjelögum, þegar í harðbakka slær, en gefi ekki fje. Jeg hefi þá sannfæringu, að gjafir frá landssjóði, hvort sem er til einstakra manna eða sveitarfjelaga, hafi ekki góðar afleiðingar; þær rýra sjálfsbjargarhvötina, en hana má aldrei skerða, hvorki hjá einstaklingum nje fjelögum. Hins vegar verð jeg að halda því fram, að hjálp, sem veitt er í neyð, komi að sama liði, hvort sem hún er veitt sem lán eða gjöf, og hjer er það aðalatriðið, að sá, sem nauðsynlega þarf á hjálp að halda, hann fái hana.

Að þessu lýtur 2. brtt. á þgskj. 150, um það, að 2. og 3. gr. frv. falli burt. Með því er numin burt heimildin til að greiða úr landssjóði $^1/_8$ af þeirri upphæð, er sveitar- og bæjarfjelög kunna að verja til dýrtíðarhjálpar, og með því er jafnframt stefnu frv. breytt í það horf, er jeg hefi bent á og talið heppilegt. Þetta er því þungamiðja brtt. Af þessu er það jafnframt eðlilegt að nema burt 15 kr. ákvæðið úr 1. gr. frv., því að þegar þátttaka landssjóðs er numin í burt, er það eðlilegt og sjálfsagt, að sveitarstjórnir sjeu sjálfráðar í þessu efni, svo langt sem vald þeirra nær samkvæmt sveitarstjórnarlögunum.

Þá er 3. brtt. um það, að landsstjórninni sje heimilt að lána bæjar- eða sveitarfjelögum vörur með eins árs gjaldfresti og 5% vöxtum. Jeg get ekki betur sjeð en að þegar í harðbakka slær, þá sje þetta einfaldasta ráðið til hjálpar. Eins og sakir standa nú, er ekki annað sjáanlegt en að öll kornvöruverslun hjer á landi gangi í gegnum landsverslunina, og finst mjer það þá óþarfa fyrirhöfn, að landssjóður láni fyrst sveitarfjelögunum peninga, til þess að þau borgi svo vörurnar, sem þau fá í landsversluninni, með þeim sömu peningum. Að þetta geti á nokkurn hátt leitt út á hálar brautir fyrir landsverslunina get jeg ekki sjeð. Jeg ætlast ekki til, að sveitarfjelög eða kaupstaðir leiti á náðir landssjóðs fyr en öll önnur sund eru lokuð, og jeg ætlast ekki heldur til, að landsstjórnin veiti þessi vörulán fyr en knýjandi nauðsyn ber til; en landsstjórnina tel jeg fullkomlega

bæra að dæma um, hve nær sú nauðsyn er fyrir hendi. Og því frekar treysti jeg stjórninni til að framkvæm þetta, þar sem að hún hefir, að mínu áliti, farið alveg rjett að við framkvæmdir þeirra dýrtíðarlaga, sem nú gilda, þar sem hún hefir ekki notað sjer hina rúmu lánsheimild, sem þar er veitt; tel jeg hana eiga þakkir skilið fyrir það.

Jeg vil að lokum biðja menn að athuga það, að það lá mjög nærri, að frv. þetta fjelli hjer í deildinni við 2. umr. Fari nú svo, að þessar brtt. mínar falli, þá sje jeg mjer ekki fært að greiða frv. atkv., og eru þá forlög þess ærið tvísýn.

Framsm. minni hl. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg skal ekki fara mörgum orðum um brtt. þær, sem hjer liggja fyrir. Jeg mun við atkvæðagreiðsluna sýna, hvernig jeg lít á þær.

Jeg vænti þess, að háttv. þm. ljái viðaukatillögu minni á þgsk. 134 liðsinni sitt, því að jeg hygg, að hún muni verða að talsverðu gagni fyrir það málefni, sem hún vinnur að.

Háttv. 2. þm. S.-M. (B. St.) drap á það, viðvíkjandi fjárframlögum úr landssjóði, að hann teldi það helstu skyldu hvers þm. að forða landssjóði sem mest frá fjárútlátum. Þetta er að nokkru leyti rjett, en þó má þessi skylda ekki vera svo rík, að hún verði yfirsterkari þeirri skyldu, sem ætið á að sitja í fyrirrúmi, sem sje þeirri, að hjálpa þeim, sem bágstaddir eru, því að það er ekki eingöngu siðferðileg skylda, heldur og lagaleg skylda þingsins. Jeg veit líka, að háttv. þm. (B. St.) hefir haft þetta í huga, þegar hann sagði þessi orð, því að það hefir hann einmitt sýnt með till. sínum um þetta mál.

Annað atriði drap þessi sami háttv. þm. (B. St.) á, viðvíkjandi stríðsgróðanum, sem jeg vildi minnast á með örfáum orðum. Hann sagði, að ekki væri nema sjálfsagt að taka af honum til þeirra útgjalda, sem nauðsynleg væru til þess að bjarga alþýðu. En vel má vera, að stríðsgróðinn sje ekki á það mörgum höndum, að til hans náist, að hann hrökki nema til þeirra þarfa, sem hvert bæjar- eða sveitarfjelag hefir. Þess ber líka að gæta, að þessir stórgróðamenn hljóta að bera þyngstu útgjaldabyrði þess bæjar- eða sveitarfjelags, sem þeir teljast til. Svo að það eru vitanlega takmörk fyrir því, hve mikil gjöld þeir geta borið.

Menn geta farið nærri um það, hvernig jeg muni líta á brtt. frá háttv. 2. þm. Eyf. (E. Árna.), á þgskj. 150. En það verð jeg að segja háttv. þm. (E. Árna.), að jeg hefði kunnað betur við, að hann hefði sparað sjer þessar brtt. og greitt hreint og beint atkv. á móti frv. stjórnarinnar; það hefði verið mikið betra gagnvart okkur, sem erum á öndverðum meiði, heldur en að koma nú með till., er nemur burt það, sem mestu skiftir í stjórnarfrv., svo að ekkert verði eftir nema fánýtt pappírsgagn.

Síðasti liðurinn í brtt. er ekki eins heppilegur að mínu áliti eins og háttv. 2. þm. Eyf. (E. Árna.) gerir sjer í hugarlund. Jeg var að vísu fylgjandi því, að landssjóður lánaði bæjar- og sveitarfjelögum fje, en þessi heimild, sem þarna er farið fram á, er miklu athugaverðari, því að það er svo miklu verra að hafa eftirlit með því, hve nær væri nauðsyn að lána vörur heldur en peninga. Það er hætt við því, ef þetta verður samþ., að menn muni ekki leggja eins mikið kapp á og ella að birgja sig upp með nauðsynjar, og jeg spái því, að landsverslunin mundi fá að kenna illilega á þessu ákvæði, ef það yrði að lögum, því að það mundi reynast erfitt að hamla á móti þessum vörulánum.

Háttv. þm. (E. Árna.) gat þess í ræðu sinni, að jeg færi nokkuð í sömu átt og

hann í minni till., þar sem jeg fer fram á, að landsstjórninni heimilist að lána olíu og salt. En þess ber að gæta, eins og tekið er fram, að þetta lán skuli að eins vera til skamms tíma, og svo er líka öðru máli að gegna um olíu og salt heldur en um matvörur. Það er ekki ætlast til þess að lána þessar vörur nema brýn nauðsyn beri til og að þær verði fljótlega greiddar. Sjávarútvegi er líka þannig varið, að ætla má, að honum reyndist vel mögulegt að greiða skjótlega slíkan stuðning.

Það er hálfleiðinlegt, að menn skuli hjer á þingi draga sem mest úr hjálpinni til kaupstaðarbúa, eins og nú er ástatt. Því að það þýðir ekki að dylja það, að þeir hafa þó orðið verst úti í dýrtíðinni, og atvinnuvegur þeirra hefir orðið fyrir langmestu tjóni. Jeg býst við því, að mjer verði svarað því til, að í kauptúnunum búi efnamestu menn þessarar þjóðar, og að þeir sjeu fullfærir um að bera þá sveitarbyrði, sem þessir tímar skapa. En menn verða líka að muna eftir því, að þau tekjuaukafrv., sem nú liggja fyrir þinginu til handa landssjóði, koma aðallega niður á kauptúnabúum. Menn ættu að geta látið sjer nægja með að taka frá þeim fje í landssjóð, en ekki um leið að reyna að finna allar krókaleiðir til þess að forða því, að nokkrir molar fjellu til þeirra af borði landssjóðs.

Sveinn Ólafsson: Jeg skal ekki verða fjölorður eða myrkur í máli, en kann betur við, áður en til atkvæða er gengið, að gera grein fyrir atkv. mínu og afstöðu til frv. og brtt.

Jeg fylgdi frv. stjórnarinnar við 2. umr., og einstöku fram komnum brtt. get jeg fylgt, en jeg get ekki verið sammála háttv. meiri hl. bjargráðanefndar, því að mjer finst endilega, að hann hafi misskilið tilgang frv. Jeg veit, að háttv. meiri hl. hefir vandað til till. og að þær eru fram komnar af fylsta áhuga fyrir málinu, en gat þó ekki orðið henni samferða. Jeg skal kannast við það, að stjórnarfrv. er ekki svo tæmandi eða ítarlegt, sem vera þyrfti, en svo er þetta líka um brtt. Það mun líka reynast svo, að nærri ókleift er að er að gefa út lög um dýrtíðarráðstafanir, er geti náð yfir öll þau einstök tilfelli, sem það ástand hefir í för með sjer. Þess vegna held jeg, að best sje að taka frv. eins og það er, í þeirri von, að það komi að liði í þeim tilfellum, er fyrir kunna að koma, og frv. þræðir þá leið, sem annarsstaðar er fylgt, að veita nokkra kauplausa hjálp áður en kemur að hallærislánum.

Fjórar brtt., á þgskj. 133, 134, 136 og 150, hafa komið fram við frv. Skal jeg stuttlega minnast á þær allar og byrja á þeirri síðustu, sem komin er frá háttv. 2. þm. Eyf. (E. Árna.). Mjer þykir fyrir því, að þessi till. skuli vera komin frá jafngætnum og tillögugóðum manni, því að mjer finst, að hann hafi hlotið að misskilja tilgang frv. Háttv. þm. (E. Árna.) leggur það til, að feld verði úr frv. 2. og 3. gr., en það er alveg það sama og að leggja það til, að 1.—8. gr. verði feldar, eða með öðrum orðum alt frv.; það er ekkert eftir af því, ef 2. og 3. gr. eru feldar úr.

Lánsheimildin, sem hann að nafninu til vill að haldist, er með öllu óþörf, því að hún er áður til í lögum, bæði eftir stjórnarskránni og sveitarstjórnarlögunum, sem og eftir gamalli venju um hallærislán.

Jeg sje ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um þessa till. háttv. 2. þm. Eyf. (E. Árna.), því að annað, sem athugavert er við hana, hefir verið tekið fram af háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.).

Þá kem jeg að till. á þgskj. 136. Um hana er, í sem fæstum orðum, það að segja, að jeg felli mig vel við 2. lið hennar, sem fer í þá átt, að færa tímatakmarkið fyrir skýrslugjöf hreppsnefnda frá 1. október til 1. nóvember. Sömuleiðis felli jeg mig vel við staflið a í 1. tölulið, en við staflið b felli jeg mig ekki og verð að skoða hann í sambandi við 3. tölulið brtt.

Jeg held, að tillögumönnunum hafi yfirsjest, er þeir hafa búið til »skalann« um lánshámarkið.

Í staflið b er gert ráð fyrir, að tillagið verði 25 kr., og það hefir ekki verið tekið fram af flutningsmönnunum, að hjer væri um ritvillu að ræða, en ef það er ekki, þá er horfið frá þeim grundvelli, sem lagður er í lögunum og jeg hallaðist að, og yfir höfuð finst mjer þessi sundurliðun vera harla smávægileg. Sje um verulegan skort að ræða, held jeg, að hluttaka landssjóðs megi ekki vera minni en stjórnarfrv. gerir ráð fyrir, sem sje að hann leggi 5 kr. á móti hverjum 10 kr., sem sveitarfjelagið leggur fram.

Það má auðvitað altaf deila um það, hvort þessi 15 króna styrkur, sem stjórnarfrv. gerir ráð fyrir, sje nægilegur. Hann mundi víða nægja, þar sem skortur er ekki mjög almennur, líka reynast óþarflega hár þar, sem fáir eru þurfandi, og þá eigi notaður að hámarki, en þegar hann reynist of lítill, þá er heimildin til fyrir láni.

Jeg get því felt mig við tölulið 1 a á þgskj. 136 og sömuleiðis við tölulið 2, en ekki sje jeg ástæðu til þess að hallast að hinum breytingunum.

Brtt. á þgskj. 134, frá hv. 1. þm. Reykv. (J. B.), finst mjer þess eðlis, að hana beri að styðja. Mjer finst sú langeðlilegust hjálpin, sem sjávarútveginum verði veitt, og landsjóði að útgjaldalitlu. Jeg hefi það í huga, að þau lán mundu sjerstaklega verða veitt þeim útgerðarmönnum, sem efnaskorts vegna geta ekki aflað sjer vörunnar með því að borga hana út í hönd. Þeim er aðallega þörf á þessu, sem hafa takmarkað lánstraust.

Brtt. á þgskj. 133, frá 1. þm. Árn. (S. S.), finst mjer vera frambærileg, en ekki get jeg kannast við, að hennar sje brýn þörf, því að í 6. gr. frv. er gert ráð fyrir þessu, að stjórninni skuli heimilað fje til atvinnubóta, og jeg býst við, að stjórnin muni ekki ganga fram hjá tækifærinu til þess að nota fjeð til vatnsveitu, eða jafnvel heyskapar, þegar það gefst, en annars get jeg vel sætt mig við hana og mun því greiða henni atkvæði.

Frv., með nefndum tækum breytingum, mun jeg því styðja. En verði það felt, eða brtt. háttv. bjargráðanefndar samþyktar, þá situr alt við sama og áður, eftir lögum síðasta þings, og þó því lakara, sem till. nefndarinnar eru lakari en lögin frá síðasta þingi, gölluð eins og þau eru.

Sigurður Sigurðsson: Jeg kvaddi mjer hljóðs aðallega til þess að minna hv. þm. á brtt. mína á þgskj. 133.

Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) hefir vakið að nokkru athygli á henni, og jeg er honum þakklátur fyrir það og yfirleitt fyrir undirtektirnar. Jeg ætla ekki að eyða löngum tíma í það að gera grein fyrir þessari tillögu, því að það hefir verið gert áður. Till. kom sje fram við 2. umr., en komst þá ekki til atkvæðagreiðslu vegna sjerstakra atvika. Hún var sem sje viðaukatillaga við brtt. hv. meiri hluta bjargráðanefndar. En þær voru feldar, og voru því ekki greidd atkvæði um þessa till. En þó að till. háttv. meiri hluta hafi fallið, sannar það ekki, að þessi till. mundi hafa verið feld. Jeg vona því, að tillagan sje borin

fram í fullum rjetti og brjóti ekki í bága við þingsköpin. Brtt. þessi er gerð við 6. gr. stjórnarfv. og fer fram á, að á eftir orðunum: »í beinar þarfir framleiðslunnar«, komi:

svo sem til þess að reka garðrækt og heyskap í stórum stíl og að framkvæma stærri áveitufyrirtæki að meira eða minna leyti, eftir því, er um semur við þá, er eiga hlut að máli um þau verk.

Þessi till. skilgreinir því, hvaða framleiðsluverk sjerstaklega beri að leggja áherslu á. Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) gat þess í ræðu sinni, að ekki væri þörf á þessu, en þó gat hann þess hins vegar, að till. væri ekki óþörf, og yfirleitt fanst mjer hann styðja hana með ræðu sinni. Jeg er honum samdóma um það, að svo megi álíta, að ef til vill sje hennar ekki bein þörf, en á hinn bóginn tel jeg hana til bóta, og því vænti jeg, að háttv. deild samþykki hana. Jeg held, að mjer sje óhætt að láta þess getið, að bjargráðanefndin muni ekki amast við till., en hún hefir ekki tekið beina afstöðu til hennar, og er því algerlega óbundin um atkvæði sín gagnvart henni.

Tilefnið til tillögunnar er í sjálfu sjer ósköp einfalt, ekki annað en að fá heimild handa stjórninni til þess að ráðast í þessi fyrirtæki, ef þörf krefur. Og jeg verð að segja, að það er lítið traust til stjórnarinnar í því fólgið, ef háttv. deild treystir henni ekki til þess að fara svo með þessa heimild, að vel megi við una. Jeg verð því að líta svo á, að ef tillagan verður ekki samþykt, þá sje fólgið í því hálfgert vantraust til stjórnarinnar í þessu efni.

Að endingu vil jeg undirstrika þetta og taka það strangt fram, að stjórnin gæti haft gott af slíkri heimild, ef vandræði og atvinnuleysi ber að höndum. Jeg vona því, að háttv. deild taki brtt. vel.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg ætla að vera mjög stuttorður og ekki komast neitt inn á almennar dýrtíðarhugleiðingar, að eins skýra frá afstöðu minni til þeirra brtt., sem fyrir liggja. Fyrst ætla jeg að víkja að brtt. háttv. 2. þm. Eyf. (E. Árna.), er heimilar vörulán. Jeg verð að segja það, þótt mjer þyki það leiðinlegt, af því að þessi hv. þm. er venjulega tillögugóður, að mjer þykir hún mjög óheppileg og verð að mæla eindregið á móti henni. Það er að mínu áliti einhver varhugaverðasta tillagan, sem komið hefir fram í dýrtíðarmálunum á þessu þingi. Hún mundi reynast landsversluninni mjög örðug. Lánbeiðnirnar mundu streyma að úr öllum áttum, og yrði þá erfitt að daufheyrast við þeim. Þá sjá menn, hve erfitt yrði að reka verslunina, sjerstaklega ef að því skyldi reka, sem flestir eru nú sammála um, að nauðsyn muni til bera, að reka þurfi landsverslun í enn stærri stíl en hingað til; þá veitir henni ekki af að hafa alt sitt veltufje handbært. Þetta gæti orðið mjög svo hál braut, ef út á hana er haldið. Allir, sem talað hafa, hafa líka tekið í sama strenginn um þessa brtt. Út af því, sem háttv. flutnm. brtt. (E. Árna.) gaf í skyn, að hann mundi verða á móti frv. stjórnarinnar, ef brtt. yrði feld, þá verð jeg að segja það, að það væri mjög óheppilegt, ef frv. fær ekki fram að ganga, eins og málinu nú er komið, því að þá væri ekkert annað að halda sjer við en dýrtíðarlögin frá síðast þingi, og flestir hv. þingdm. munu vera sammála um það, að þau eru ekki góð. En jeg verð að mæla mjög alvarlega á móti því, að þessi brtt. verði samþykt. Sama er að segja um það að nema í burt 2. og 3 gr. frv. Það álít jeg að væri mjög misráðið og gerði frv. lítilsvert.

Um brtt. og ræðu háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) hefi jeg talað við 2. umr. þessa

máls og þarf því ekki að dvelja við hana hjer aftur.

Um brtt. háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) er það að segja, að þar gæti verið um mjög stór lán að ræða. Stjórninni bárust einmitt mjög stórar fjárbeiðnir á síðastliðnum vetri, til aðstoðar sjávarútvegi á ýmsum stöðum. Það er að vísu vert að gera það, sem unt er, fyrir sjávarútveginn, en þær ráðstafanir verður að gera sjerstaklega, en ekki í þessu frumv.

Þá kem jeg að brtt. þeirra háttv. 2. þm. S.-M. (B. St.) og háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.). Þessi brtt. heldur sjer á þeim grundvelli, sem stjórnin byggir á frv. sitt, að yfirgefa lánabrautina, en veita aftur á móti styrk. Munurinn er að eins sá, að þeir færa hámark styrksins upp í 25 kr. og vilja láta landssjóðstillagið fara hækkandi, eftir því sem sveitarfjelögin leggja meira fram. Hámark þeirrar upphæðar, sem landssjóður gæti komið til með að leggja fram eftir þessari tillögu, verður um 600,000 krónur. Aftur ef sveitarfjelögin leggja 10 krónur, eins og stjórnarfrv. ætlast til, þá er hámark landssjóðstillagsins 450,000 krónur. Jeg get ekki sett mig beint upp á móti þessari brtt., og mundi vel við una, þó hún væri samþykt.

Þá hefi jeg ekki fleira að segja um brtt., sem fyrir liggja, en leyfi mjer að vænta, að frv. stjórnarinnar megi ganga fram, en brtt. þær, er jeg hefi mótmælt, verði feldar.

Einar Árnason: Þeir, sem tekið hafa til máls, hafa allir andmælt brtt. mínum, þar á meðal hæstv. fjármálaráðh., sem þó fór um þær hógværum orðum. Hann bjóst við því, að ef brtt. yrðu samþyktar, mundi landsversluninni stafa hætta af því, vegna þess að lánbeiðnir drifu þá að úr öllum áttum.

Þessi sífelda hræðsla stjórnarinnar við lánbeiðnir virðist bera vott um það, að hún vilji hliðra sjer hjá því að leggja dóm á það, hvar neyðin er mest og þörfin brýnust. En jeg sje ekki neina ástæðu til þess að losa hana við þann vanda, tel hann ekki heldur svo ógurlegan, því að sveitarfjelögin munu naumast að nauðsynjalausu sækjast eftir þessum lánum, þar sem þau þurfa strax að borga af þeim 5% ársvexti. Þessi hætta er því ástæðulaus grýla.

Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) sagði, að eins vel hefði mátt fella allar greinar frv. eins og að nema í burt 2. og 3. gr. Jeg get þó ekki verið á sama máli um það; því að þótt gengið sje út frá því sem sjálfsögðu, að stjórnin veiti hallærislán, þegar í harðbakka slær og önnur bjargráð eru þrotin, og að til þess þurfi ekki að samþykkja nein dýrtíðarlög, þá fela þó bæði 4. og 6. gr. frv. í sjer alveg ný og mjög mikilsverð ákvæði til dýrtíðarhjálpar.

En fyrst háttv. þm. (Sv. Ó.) lítur svo á, að stjórnin sje skyld að hlaupa undir bagga með lán, þegar neyð ber að dyrum, þá get jeg ekki sjeð neitt hættulegt við það að ákveða, að lánin skuli veitt í nauðsynjavöru.

Háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) kvað svo ramt að orði, að hann taldi brtt. mínar óalandi og óferjandi með öllu. Mig furðar mest á því, að hann skuli ekki geta felt sig við síðari brtt. mína, því að hún fer nákvæmlega í sömu átt og viðaukatill. hans á þgskj. 134. Hann leggur sem sje til, að stjórninni sje veitt heimild til að lána olíu og salt til sjávarútvegarins. En hvers vega þá ekki líka matvöru? Það virðist þó ekki minni ástæða til, ef í verulegar nauðir rekur, að menn geti átt kost á að fá matvæli til að draga fram lífið, heldur en að fá olíu og salt, til að geta stundað atvinnu sína.

Þá kem jeg að því atriði hjá sama

háttv. þm. (J. B.), að kaupstaðabúarnir verði fyrir mestu skakkafallinu af dýrtíðinni. Það kann rjett að vera, og dettur mjer síst í hug að vefengja það. En jeg get ekki fallist á, að hjer sje enn þá nein almenn neyð í landi, að minsta kosti ekki meiri en oft hefir verið áður. Jafnvel fyrir nokkrum tugum ára hygg jeg að fult eins mikið hafi sorfið að landsbúum eins og enn gerir. Og þá voru engin dýrtíðarlög. Jeg held að þingið hafi farið of snemma af stað með dýrtíðarráðstafanir sínar. Sönnunin fyrir því er sú, hve óhemju mikið var sótt um dýrtíðarlán í vetur að nauðsynjalausu, einungis af því, að lánskjörin voru svo góð. Það getur verið, að þröngt verði í búi hjá mörgum manninum í sjávarþorpunum, og það er fjarri mjer að ætlast til, að fólk sje látið líða skort. En jeg ætlast til, að sveitarfjelög hjálpi á meðan þau geta, og jafnframt verður fólkið að leggja fram alla þá orku, sem það á til, til þess að komast af; það hefir þessi þjóð orðið að gera á öllum undanförnum tímum. Á síðustu árum hefir fólkið streymt úr sveitunum til gullnámanna í kaupstöðunum, og það er ekki nema eðlilegt, að fólkið streymi þangað, sem gullnámur er að finna. En þessar gullnámur eru oft viðsjárgripir, því að þar er svo margt komið undir hepninni einni. Þessi flutningur úr sveitunum til kaupstaðanna hafði þau áhrif, að búnaðarhættir allir breyttust, framleiðsla á mjólk, skyri og smjöri minkaði, einmitt því bjargræðinu, sem mest og best hefir haldið lífi og þrótti í þjóðinni frá landnámstíð.

Nú standa svo sakir, að ekki lítur út fyrir annað en að grasið verði undir snjónum fyrir fólksleysis sakir, að landsvæði, sem gætu gefið af sjer tífaldan gróða í kartöflum, liggja ónotuð og að mjólkurpeningurinn verði rekinn á fjall. Þetta kalla jeg að taka brauðið frá börnunum og kasta því fyrir hundana. Neyðin, ef um nokkra neyð er að tala nú, heimtar, að allir leggi sitt ítrasta fram og hagi sjer skynsamlega. En hvað sjer maður svo dags daglega hjer? Fólkið stendur hópum saman á strætum og gatnamótunum aðgerðalaust, bíðandi eftir því, sem enginn veit hvað er og aldrei kemur. Og svo þegar vonirnar bregðast, þá á landssjóður að taka við. Fólkið prjedikar vandræði, dýrtíð og óstjórn hvað fyrir öðru, uns alt skynsamlegt vit er flúið á dyr, öll bjargræðisviðleitni steindauð, og ekkert er eftir nema rakalausar ákærur til þeirra manna, sem með stjórnarvöldin fara. Og svo leggja sum blöðin sína fríkirkjulegu blessun, eða rjettara sagt sleggjudóma, yfir alt saman.

Þórarinn Jónsson: Það er illa gert að teygja tímann, en jeg hefi ekki tekið þátt í umræðum um þetta frv. áður, en sýndi við atkvgr. við 2. umr., að jeg var á móti frv. stjórnarinnar, en hallaðist að tillögum meiri hluta bjargráðanefndar. Jeg vil gera örstutta grein fyrir þessari afstöðu minni, áður en málið fer út úr deildinni. Tilgangi þeim, sem þetta frv. hefir, sem sje þeim, að bjarga eða styrkja þegar á liggur, er ómögulegt að ná með till. stjórnarinnar, en brtt. meiri hluta nefndarinnar voru nær rjettri leið. Mjer er öldungis ómögulegt að fylgja frv. stjórnarinnar, af tveimur ástæðum. Fyrst og fremst af því, að styrkurinn, sem ætlast er til að sveitarfjelögin verji til bjargráða, er svo lítill, að eins 15 kr. á mann. Í öðru lagi vegna þess, að þegar í neyðina er komið, þá geta þau sveitarfjelög, sem verst eru sett að gjaldþoli, ekki af eigin rammleik lagt fram það, sem til þess þarf að verða styrksins aðnjótandi, og að öllum líkum ekki heldur fengið neitt lán. Aftur á móti þau sveitarfjelög, sem

eru svo efnuð, að þau geta lagt fram til bjargráða af sínu eigin fje, fá styrk úr landssjóði. Hin efnaminni, sem komin eru í neyð, standa uppi ráðþrota og hafa enga leið, en þó verður maður að ætla, að það hafi ekki verið tilgangur stjórnarinnar, að þeim, sem bjarga ætti, væri fyrirmunuð öll björg. En lítum nú á þetta, eins og það hefir komið fram hjer í deildinni. Stjórnin hefir margsinnis lýst yfir því, að hún vill ekki fara inn á lánabrautina, og einn bankastjóri hefir tekið það fram í umræðunum, að bankarnir megi ekki lána þegar í neyð er rekið, og það hygg jeg að sje alveg rjett athugað, því að það eru ekki stofnanir, sem hætta vilja fje sínu. Þessi efnaminni sveitarfjelög verða því svo út undan, eins og jeg hefi tekið fram, að þau hafa enga leið, eftir þessu frv., til að bjargast.

Það er hægt að segja, að tilgangurinn sje sá, að fyrirbyggja það, að neyð verði, að tillagið eigi að hjálpa mönnum til þess að afstýra neyðinni fyrirfram. En mjer getur ekki annað en fundist, að eins og frá frv. er gengið, mundi hjálpin koma heldur seint fyrir þá, sem þurfa. Fyrir hina, sem ná henni, er hún til engrar hlítar í þessu efni, því að hvað segir svo þessi 5 kr. styrkur? Það er eins og að gefa krakka fimmeyring.

Í sambandi við þetta skal jeg drepa á eitt dæmi, sem háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) kom með í ræðu sinni við 2. umr. þessa máls og átti að vera til að staðfesta gamla málsháttinn, að betra sje að byrgja brunninn áður en barnið er dottið í hann. Dæmið var eitthvað á þá leið: Ef bóndi á 50 ær, og er að því kominn að eyðileggja þær sökum bjargarskorts, væri þá ekki betra að hjálpa honum til þess að halda lífinu í ánum heldur en að leggja honum fje til framfærslu, þegar ærnar eru allar eyðilagðar. Menn munu væntanlega sjá það, hvernig 5 kr. styrkur á mann á að bjarga frá því að fella 50 ær. Gerum ráð fyrir, að 6 manns sje í heimili. Þá fær heimilið ekki nema 30 kr. styrk frá landssjóði, en framlag frá sveitinni fær það hvort sem er; og til þess að fá þessa upphæð þarf nú ekki annað en að lóga einni ánni. Skyldi hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) takast að telja nokkrum lifandi manni trú um það, að þetta fyrirbygði eyðileggingu á 50 ám.

Og hvað er það nú, sem maðurinn getur fengið til viðurværis sjer fyrir einar 5 kr.? Hann getur keypt fyrir þær $5^1/_2$ kg. af haframjeli. Á því gæti hann ef til vill dregið fram lífið í hálfan mánuð með öðrum fæðutegundum. Þetta á að bjarga þegar komið er í neyð!

Öðru máli er að gegna með lán þau, sem í gildandi dýrtíðarlögum eru heimiluð. Þau gátu bjargað í þessu tilfelli, en landssjóður getur ekki borið þau. En lánastefnuna verð jeg þó að telja rjetta, með breyttum lánsskilyrðum. Þessi styrkur er humbug, sem þeir einir nota og njóta, sem alls ekki þurfa þess. Hinir koma á landssjóðinn hvort sem er.

Þótt við sjeum ekki í vopnagný, þá erum við samt í bardaga, sem útheimtir það, að hver einasti maður leggi fram sitt ítrasta. Enginn er eins fær um það og sveitarfjelagið að tæma gjaldþolið, þar sem það er til. Það er talið mikið, ef lagt er á eignamann að gjalda $^1/_5$ teknanna í útsvar. En þótt hann ætti að láta mestallar tekjurnar, þá er það ekki nema sanngjarnt, þegar aðrir verða að ganga á höfuðstól sinn. Þetta gjaldþol geta sveitirnar fyrst gengið á, og landssjóður á ekki að hlaupa undir bagga meðan það er til. Það er nefnilega þetta, sem dýrtíðarráðstafanir þingsins verða að bera með sjer, að það liggi í þeim hvöt fyrir sveitarfjelögin til að

bjargast af eigin mætti meðan kostur er á, og að hrinda þeirri hvöt er rangt.

Það var tekið fram af háttv. 2. þm. S.-M. (B. St.), þegar hann mælti fyrir brtt. sínum, að á sama stæði, hvort landssjóður lánaði eða gæfi, þegar hann ætti lítið fje. Það er sama sem að segja, að maður þurfi ekki að fá skuld sína borgaða, ef hann á lítið til. Nei, því fátækari sem landssjóðurinn er, því meiri þörf er á, að hann fái borgað aftur það fje, sem hann lætur úti. Við höfum alls ekki ráð á að fleygja fje úr landssjóði, sem ekki er hægt að treysta að ekki fari í þá staði, sem þess er ekki þörf.

Fyrri brtt. háttv. 2. þm. Eyf. (E. Árna.) álít jeg alveg sjálfsagða. Ef sú hjálp, sem frv. býður fram, á að koma að notum, má alls ekki takmarka þá upphæð, er sveitarstjórnir mega leggja fram. Það er hugsunarlega rjett að breyta frv. í þá átt að láta þær ráða. Annars verður þessi hjálp svo takmörkuð, að útkoman verður sú, að þau mega ekki bjarga sjer sjálf.

Annars mun jeg sýna með atkv. mínu, hvernig jeg lít á einstakar till. Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) hefir mikið talað um till. sína. Ekki mun jeg nú greiða henni atkv., fremur en áður. Jeg hefi svo sáralitla trú á þessum ráðstöfunum um dýrtíðarvinnu, sem stjórnin á að sjá um, eftir undangenginni reynslu um það. Get jeg þess vegna ekki greitt þeirri till. atkv., fremur en flestum öðrum.

Einar Arnórsson: Jeg stóð upp til þess, eins og ýmsir ágætismenn hjer, að gera grein fyrir atkv. mínu. Mjer líkuðu ekki allar till. meiri hl. við 2. umr.; sjerstaklega var eitt ákvæði í þeim alveg óhafandi. Þær voru feldar, sem kunnugt er, en nú eru komnar fram brtt., sem fara í svipaða átt. Það eru brtt. háttv. 2. þm. Eyf. (E. Árna.). Mjer skilst, að ef þær verða samþyktar, þá verði frv. að stofni til nokkuð svipað í öllum aðalatriðum og lög nr. 25, 1917. Lánsheimildin rýmkast, og svo er landsstjórninni, eins og í 2. gr. nefndra laga, veitt heimild til að veita vörulán. Annars er ekki ýkjamikill munur á lögunum nr. 25, 1917, og þessum till., nema hvað heimildin fyrir landsstjórnina til að selja kol undir verði, í 3. gr. nefndra laga, fellur burt. Og ákvæði 6. gr. frv. tel jeg hallkvæmari en 4. gr. laganna. En svo finst mjer algerlega vanta inn í frv. um vörulán eða styrki, sem veittir eru sveitarmönnum eftir þessum heimildum, samskonar ákvæði og í 5. gr. laga nr. 25, 1917. En jeg vænti, að háttv. Ed. taki það til athugunar, ef málið kemst þangað.

Ekki get jeg sjeð, að mikil bót geti orðið að brtt. á þgskj. 133, frá háttv. samþingismanni mínum (S. S.). (**S. S.:** Höggur nú sá, er hlífa skyldi). Það er meira að segja vafasamt, hvort slíkt ákvæði getur ekki orðið hættulegt, ef stjórnin fer að framkvæma það. (**S. S.:** Þetta er vantraust á stjórninni). Það kemur mjer ekki við. Mjer er sama, þótt það verði álitið vantraust á stjórninni. En vjer skulum taka dæmi. Stjórnin leigir slægjur uppi í Mosfellssveit eða austur í Flóa, ræður margt fólk og verkstjóra til umsjónar. Svo verður hún að útvega verkfæri og vistaföng handa mörgu fólki. Og ef heyskapurinn hepnast, verður hún að byggja skýli fyrir heyin, til að vernda þau undir veturinn. Þau yrðu svo má ske geymd sem varaforði til þeirra, er síðar þurfa. Það getur nú vel verið, að þetta hepnist vel. En það er þó eitthvert áhættumesta fyrirtæki, sem landssjóður getur ráðist í, því að ef illa viðrar, hvað verður þá

úr öllu heyinu? (**S. St.:** Súrhey). Vjer höfum enga tryggingu fyrir því, og jeg býst ekki við, að þeir, sem kæmu til að standa fyrir verkinu eða starfa að því, kunni að gera súrhey. (**S. St.:** Halldór Vilhjálmsson kann það). Jeg veit ekki til, að stjórnin eigi engjar á Hvanneyri, og býst við, að Halldór hafi nóg að starfa á sínum eigin engjum. Jeg held satt að segja, að súrheysgerð sje ekki svo mikið tíðkuð enn og mishepnist oft. (**S. S.:** Annar hver maður á Suðurlandi kann að búa til súrhey). Þetta hygg jeg allmiklar ýkjur. Jeg þekki þar sveitir, sem lítið er um súrheysgerð. (**S. S.:** Háttv. samþingismaður minn (E. A.) hefir ekki komið þar lengi). Jeg hefi komið þar oft, þó að jeg hafi sennilega ekki smogið þar inn í hvert búr eða eldhús. Jeg býst við, að það væri sama, hvort þessi heimild er eða engin, því að jeg geri ekki ráð fyrir, að landið gæti notað hana. Stjórnin gæti að sönnu sent út hirðisbrjef eða pistla til að áminna menn um að heyja vel. En setjum nú samt svo, að stjórnin sæi sjer slíkt fært, þá er till. samt óþörf, því að það er tekið fram í 6. gr. frv., að stjórninni sje heimilt að verja fje úr landssjóði til atvinnubóta »í beinar þarfir framleiðslunnar«. Og þar heyra því enn fremur undir vatnsveitingar, því að ekki er það síður í beinar þarfir framleiðslunnar að veita vatni á mýri.

Háttv. 2. þm. Eyf. (E. Árna.) komst í ræðu sinni dálítið út frá efninu. Hann var svo gramur yfir því, að hæstv. landsstjórn sætti ákúrum fyrir það, sem hún gerði eða gerði ekki. Það er nú engin ný bóla, að stjórn hjer eða annarsstaðar megi taka aðfinningum, eða aðrir þeir menn, er sig gefa við almennum málum. En það er svo skrítið, að stjórnin sjálf er ekki að tala um þetta, heldur tekur því svo ósköp rólega, eins og þeir menn aðrir, sem eru dálítið veraldarvanir. Það er eins um hana og sniglana — án þess þó að jeg ætli mjer að líkja hæstv. stjórn við þau dýr — að hún sýnist hafa einhver þreifihorn hjer í deildinni, sem altaf kveinka sjer og kippast við, og það þótt jafnvel ekkert sje að stjórninni veist. Það er auðvitað svo um þessa stjórn sem aðrar, að hún sætir ákúrum fyrir það, sem hún gerir, og þeim sumum rjettmætum, en sumum væntanlega ekki. Svo er um allar stjórnir í þingfrjálsum löndum.

En svo tók jeg eftir því, að háttv. 2. þm. Eyf. (E. Árna.) gaf það í skyn í upphafi ræðu sinnar, að ef brtt. sínar yrðu ekki samþ., mundi hann veita sitt lið til þess að fella stjórnarfrv. Þar höggur sá er hlífa skyldi, því að fátt er hægt að gera einni stjórn meir til miska en að myrða þau mál, er hún ber fyrir brjósti og telur sitt hjartans mál. Jeg tel það ekki eins mikla mótgerð að segja stjórn til syndanna sem hitt, að fella mál, sem stjórnin telur þjóðþrifamál. Jeg veit nú ekki, hvað hinn háttv. þm. (E. Árna.) kann að gera, en vænti nú þess, að þar sem jeg hefi bent honum á þetta, þá bæti hann nú ráð sitt og samþ. stjórnarfrv., enda þótt till. hans verði feldar.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg hefi bæði við þessa og 2. umr. málsins heyrt um það talað, að alt of takmörkuð sje upphæðin í stjórnarfrv., 15 kr., þar sem sveitarstjórnir mættu ekki fara lengra. Hæstv. fjármálaráðherra hefir nú þegar bent á, að þetta er ekki rjett. Öll takmörkunin er sú, að sveitarstjórnin verður annars að leita samþykkis sýslunefndar, og býst jeg við, að sýslunefnd muni undir flestum kringumstæðum fús til að veita samþykki sitt.

Annars er það sjerstaklega 2. aðaltill. háttv. 2. þm. Eyf. (E. Árna.), sem jeg vildi minnast á, af því að hún fer, eins

og háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) tók fram, í sömu átt og till. meiri hl. bjargráðanefndar, að veita lán. En jeg álít þessa till. lakari að því leyti, að hún ríður í bág við þá stefnu, sem haldið hefir verið fram á þingi og álitin rjettmæt, að aðgreina landsverslunina sem mest frá stjórnarstörfunum og fela hana sjerstökum mönnum. Þetta hefir stjórnin gert svo rækilega, að þessir menn ráða versluninni alveg, og stjórnin skiftir sjer ekkert af henni. Ef nú þingið heimtar aftur af stjórninni, að hún taki vörur frá versluninni til að lána almenningi, þá er aftur farið að blanda saman versluninni og stjórnarstörfunum. Er þá horfið að því, sem áður var fundið að, og farið að gera graut úr því, sem áður var aðskilið og allir hafa viðurkent rjettmæta ráðstöfun. Jeg vil vekja athygli háttv. þm. á þessu.

Það liggur í augum uppi, að ef á að lána, þá á að lána hreint og beint peninga úr landssjóði. Enda hefir því verið stranglega fylgt, að lánin eru tekin beint úr landssjóði og versluninni borgaðar vörur þær, er hún lætur úti. Þess vegna er jeg sjerstaklega á móti till. háttv. 2. þm. Eyf. (E. Árna.). Einkum er það brýn nauðsyn, að verslunin sje sem best út af fyrir sig, eftir því sem hún vex. Og þegar svo yfir þessa verslun eru settir menn, sem allir treysta fyllilega, þá á að láta þá ráða. Þeir hafa nýlega í viðtali við stjórnina látið í ljós, að þeir álitu mjög svo óholt að skylda verslunina til að lána. Að vísu voru allmiklar skuldir útistandandi við verslunina, er þeir tóku við um nýár, en þeim hefir tekist að fá mikið inn og hreinsa þannig til. Það verður vísast aldrei svo, að ekki verði eitthvað ofurlítið útistandandi, en þeir hafa hugsað sjer að hafa það sem minst.

Jeg verð því að halda því fram, að ef hallast er að þeirri stefnu að veita lán, þá eigi að lána beint úr landssjóði, ekki í vörum, heldur peningum. Um till. háttv. samþingismanns míns (J. B.) vil jeg taka í þann streng með hæstv. fjármálaráðherra, að vel geti komið fyrir, að nauðsynlegt verði að tryggja atvinnuvegina eitthvað með peningalegum tilstyrk. En þessi styrkur verður að vera alveg laus við almennu dýrtíðarhjálpina og má ekki blandast saman við hana. Og jeg get sagt háttv. deild, að eftir þeirri reynslu, sem stjórnarráðið hefir fengið í þessu tilliti, þá er hætt við, að stjórnin yrði að taka býsna mikla peninga til þessa. Einstakir hreppar hafa heimtað til þeirra hluta svo að þúsundum og jafnvel tugum þúsunda skiftir. Ef svona till. yrði samþ., væri því komið inn á þá braut, sem enginn veit hvar lendir. Held jeg því, að það sje alveg rjett að fella báðar þessar till., háttv. 2. þm. Eyf. (E. Árna.) og háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.). Verður svo að ráðast, hvernig háttv. deild fer með stjórnarfrv.

Viðkomandi því, að ástæða sje til að athuga, hvort nauðsynlegt sje að gera einhverjar frekari ráðstafanir til styrktar atvinnuvegunum, skal jeg geta þess, að stjórnin hefir þegar gert nokkuð til að tryggja landbúnaðinn, t. d. keypt fóðurbæti fyrir allmikið fje. Eitthvað má sjálfsagt gera fyrir sjávarútveginn, en jeg vil ráða frá að setja nokkrar slíkar ráðstafanir inn í þetta frv., um almenna dýrtíðarhjálp.

Svo skal jeg koma að því, sem háttv. 2. þm. Eyf. (E. Árna.) og fleiri háttv. þm. hafa minst á. Ef sveitarfjelag er orðið alveg bjargþrota, sjóður þess þurausinn og sýslufjelagið getur ekki hjálpað, þá er alveg einsætt og sjálfsagt, að landssjóður verður að hjálpa. Þar um þarf engin lög. En það verður fyrst,

þegar í þrot er komið að öllu leyti heima í hjeraði, og heyri jeg nú á mörgum háttv. þm., að þeir búast ekki við, að svo fari á næsta ári. En ef til þarf að taka, þá þarf ekki að kvíða því, að stjórnin, hver sem hún verður, hlaupi ekki undir bagga.

Gísli Sveinsson: Þessi brtt. á þgskj. 136, sem við háttv. 2. þm. S.-M. (B. St.) berum fram, virðist ekki falla öllum háttv. þm. jafn-vel í geð. Hæstv. stjórn hefir að vísu tekið henni mjög líklega, og býst jeg ekki við, að neitt sjerstakt verði haft á móti henni frá þeirri hálfu, því að hún liggur mjög á sömu braut og stjórnarfrv. Það, sem hún á við sjerstaklega, er að gera dálitla stigbreytingu á upphæðinni, sem veitt er, svo að hún komi rjettlátlegar niður. Aðalbreytingin er sú, að við viljum styrkja meir, eftir því sem sveitarfjelagið hefir tekið nær sjer og leggur meira á sig. Við viljum hins vegar ekki, að veittur sje styrkur úr landssjóði móts við einhverjar smáupphæðir, sem ráðstafað kynni að verða í þessu skyni. Okkur finst, að þótt eitt sveitarfjelag verji til þessara ráðstafana upphæð, sem ekki fer yfir 5 kr. á mann hvern í sveitinni, þá sje það ekki svo tilfinnanlegt, að ástæða sje til að bæta það upp að nokkru. En þá fyrst, er upphæðin hækkar, verður það sjálfsagt, því að þá er þessu fjelagi fremur þörf hjálparinnar. Við höfum sett takmarkið 5 krónur. Útkoman verður þannig sú, að með þessu er veittur meiri styrkur þeim, sem hafa lagt mikið að sjer, heldur en með frv. því, er fyrir liggur. Það er því rangt hjá háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), að þetta sje of lítið, miðað við stjórnarfrv. Það er í raun og veru meiri styrkur og kemur betur niður, að því er sjeð verður.

Jeg skal geta þess um 1. brtt. á þessu þgskj., staflið a, að hún er borin fram sökum aths., sem kom fram við 2. umr. málsins, frá háttv. 2. þm. Árn. (E. A.). Þar sem talað er um venjuleg útgjöld, vildu menn halda, að væri meint gjaldahæð á hverjum tíma. Og út frá þessum skilningi töluðu margir háttv. þm., og þar á meðal þessi háttv. þm. (E. A.), sem sýndi fram á, að ekki yrði vitað með vissu, við hvað væri miðað, hvort heldur útgjaldaupphæð síðasta árið, eða meðaltal fleiri síðustu ára. Vildum við með till. þessari slá föstu ákvæði um þetta, svo að það yrði ábyggilegt. Og í þeim tilgangi er till. komin fram.

En nú standa sakir svo, að skilningur hæstv. stjórnar og háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) á þessu atriði er líklega ekki rjettur. Þar er ekki átt við útgjaldahæð, heldur lögmæta útgjaldaliði, og fyrir utan þessi reglulegu eða »ordinæru« gjöld veita lögin því heimild til »extraordinærra« gjalda.

Jeg hygg, að önnur rjett meining geti ekki verið í þessu, og ef hæstv. stjórn vill leggja þennan skilning í ákvæðið, getum við flutnm. tekið tillöguna aftur.

Jeg skal ekki fara langt út í það, sem háttv. þm. hafa látið uppi sem greinargerðir fyrir atkv. sínum; jeg býst við, að það verði til lítils að reyna að sannfæra þá. Jeg verð þó að fara nokkrum orðum um sumt af því, sem fram hefir komið.

Jeg ætla þó ekki að hætta mjer út í heimsádeilu háttv. 2. þm. Eyf. (E. Árna.) um fólkið, blöðin og stjórnina, enda býst jeg við, að hann hafi lent út á þeim hálu brautum af tómu »ergelsi«, en ekki hafði jeg ætlað honum slíkt meyrlyndi, að það ræki hann til þess að reka rauna sinna hjer í þingsalnum.

En till. hans, að fella burt 2. gr. úr frv., virðist mjer vera fullkomlega meiningarlaus, ef á annað borð á að skilja

eftir nokkuð af því, því að sje hann á móti frv. svo framarlega sem till. hans falla, þá hefði það verið hreinlegra fyrir hann að leggja til, að frv. yrði felt alt.

Um 3. brtt. háttv. sama þm. (E. Árna.) hefir bæði hæstv. stjórn og aðrir háttv. þm. rjettilega tekið fram, að hana má alls ekki samþ. Og það er ekki af forminu einu, sem hæstv. forsætisráðh. aðallega mintist á, að till. grípi fram fyrir hendur forstjórnar landsverlunarinnar, því að landsstjórnin ber ábyrgð á framkvæmdunum, hvað verslunarmálin snertir, hjer eftir sem hingað til. Hitt er aðalatriðið, að till. er hættuleg fyrir landsverslunina, og nái till. fram að ganga, hefir líka stjórnin, hver sem hún verður, algerlega óbundnar hendur; henni eru engin takmörk sett um framkvæmd þessa ákvæðis, en slíkt má ekki eiga sjer stað. Stjórninni væri með því líku ákvæði heimilað að lána takmarkalaust, hvort sem neyð er fyrir hendi eða ekki, og hafi hún slíka heimild, getur hún vitanlega ekki gert upp á milli sveitarfjelaga; þau hafa öll aðgang að stjórninni með vörulán, og sje einu þeirra fullnægt, er það gefinn hlutur, að hin koma á eftir.

Jeg get því tæplega treyst nokkurri stjórn til þess að fara með slíka heimild, og mjer þykir það næsta ólíklegt, að háttv. 2. þm. Eyf. (E. Árna.) geti gert sjer von um, að slík till. sem þessi verði samþ.

Þá er brtt. háttv. 1. þm. Árn. (S. S.). Kemur hjer aftur fram hið sama og hjer var heilsað fyrir skemstu, og það ekki í endurbættri útgáfu, og ekki tel jeg brtt. þessa bæta 6. gr. frv. að neinu leyti, enda var hún sæmilega skýr áður, tel jeg. Og sjálfum ætti mjer að vera kunnugast um það, þar sem hún er samin af mjer, en hvað sem um það er, þá hefir öðrum háttv. þm. borið saman um það, að hún sje fullskilmerkileg.

Annars er það Flóaáveitan, sem háttv. þm. (S. S) vill enn þá koma að, og mun að vísu enginn lá honum það. En jeg lít svo á, sem slík fyrirtæki sjeu ekki í beinar þarfir framleiðslunnar, en væri nú svo, að slík ákvæði sem þessi ættu hjer heima, þá væru það miklu fremur smærri vatnsveitur, sem tiltækilegt væri að taka ákvæði um að skyldu framkvæmast sem dýrtíðarvinna.

Hitt álít jeg að ekki komi til mála, að fara nú að ráðast í að byrja á Flóaáveitunni, eða nokkrum hluta hennar, og verða svo síðar að taka upp aðrar aðferðir og annað fyrirkomulag við vinnuna. Slíku verki þarf að fylgja fram í heild. Annars má með sömu rökum sýna fram á hættu þá, sem felst í till. þessari og hinni, sem jeg hefi áður minst á. Heimildin, sem stjórninni er veitt með henni, er alt of viðtæk og ótakmörkuð. Og jeg treysti því ekki, að stjórninni geti ekki orðið það á að hlynna frekar að einu fyrirtækinu eða öðru, eða einu hjeraði fremur öðru, ef slík heimild er veitt.

Jeg get t. d. vel hugsað mjer, að hv. 1. þm. Árn. (S. S.) gæti unnið stjórnina til þess að ráðast í Flóaáveituna. (**S. S.:** Er ekki inni undir hjá henni). Nei, en hann getur orðið það; það getur jafnvel farið svo, að hann setjist sjálfur í ráðherrasessinn.

Þá var háttv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) að gera grein fyrir atkv. sínu. Virtist mjer hann vera helsti þungorður um till. þessar.

Jeg ætla mjer ekki að fara að bera blak af till. hæstv. stjórnar, en þó verð jeg að leiðrjetta misskilning, sem kom fram hjá þessum háttv. þm. (Þór. J.).

Hann kvað það ekki ná neinni átt að ætla að hjálpa með slíku lítilræði sem 10—15 kr. á mann.

Jeg hefi orðið þess var var, að sumir fleiri hafa skilið þetta ákvæði svo, sem ekki megi koma hærra á mann, af þeim sem þurfandi eru. En nú er engin ástæða til þess að gera ráð fyrir, að allir verði þurfamenn. Og hjer er að eins um það að ræða, hve mikið megi koma á nef hvert, til þess að miðla af þeim, sem í nauðir rata, og getur það orðið sæmileg hjálp til hvers eins þeirra, þar sem ekki verður gengið út frá því, að neyð verði almenn á landinu.

Annars má það undarlegt heita, að þeir skuli nú líta smæstum augum á hjálp þessa, sem altaf hafa manna fremstir viljað klípa allan dýrtíðarstyrk við neglur sjer. Líka virðist það undarlegt, að þeir hinir sömu skuli vilja fara lánaleiðina, sem þó eftir reynslu síðastliðins árs virðist með öllu ófær, vegna þess að hún er blátt áfram glæfraleg, þar sem ekki er hægt að setja neinar skorður við því, að stjórn, sem annars fer gálauslega fram, kynni ekki að beita gerræði eða rasa fyrir ráð fram.

Frá háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) kom fram sá dómur um lánaleiðina við fyrri umræður málsins, að það væri landssjóður einn, sem ætti að lána; bankarnir mundu neita um harðærislán, þar eð þeir mættu ekki lána nema gegn vissri endurborgun. Þetta síðara atriði er að vísu alveg rjett. En hver getur sagt, að lán þessi yrðu ekki endurborguð? Þvert á móti tel jeg það víst, að sveitarfjelögin endurborgi harðærislán sín, svo framarlega sem þau flosna ekki upp með öllu. Og það eru ekki nema allra stærstu hörmungar, sem leggja heil sveitarfjelög í eyði, naumast annað en sandur og sjór, sem koma þeim í kalda kol um tíma eða eilífð.

Þess vegna lít jeg svo á, að bankarnir geti lánað sveitarfjelögunum, enda þótt hallæri sje. Þar standa að veði allir hreppsbúar og eignir þeirra.

Mín skoðun er því sú, að það sjeu bankarnir, sem fyrst og fremst eiga að hlaupa undir bagga með sveitar- og sýslufjelögum, en hitt er annað mál, hvort þeir hafa fje til þess á reiðum höndum.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg vil að eins lýsa yfir því, að jeg fellst á skilning háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) á 1. gr. frv.

Framsm. minni hl. (Jörundur Brynjólfsson): Það hefir nú verið farið nokkrum orðum um brtt. þær, sem fram hafa komið við frv. þetta; þar á meðal hefir hæstv. forsætisráðh. minst á brtt. mína.

En um hana er það að segja, að jeg mundi ekki hafa borið hana fram, ef jeg hefði haft nokkra von um, að sjerstakar ráðstafanir yrðu gerðar til þess að ljetta undir með atvinnuvegunum.

Það, sem fyrir mjer vakti með brtt., var það að styðja þennan atvinnuveg tel jeg, að það muni vera helsta og besta bjargráðið. En sje það nú í ráði og fullvíst, að stjórninni verði veittar heimildir til slíkra framkvæmda, þá get jeg látið mig það litlu skifta, hver afdrif þessarar brtt. verða, en auðvitað í trausti þess, að þessu líkar ráðstafanir verði gerðar.

Jeg átti alls ekki við það með brtt., að stjórnin ætti að gegna fjárbeiðnum í hverju einstöku tilfelli, heldur að eins þar, sem brýn þörf væri. Og þess þykist jeg fullviss, að með nokkurri eftirgrenslun hefði það verið vinnandi vegur að fá fullvissu um það, hvar slík þörf væri fyrir hendi.

Þá vildi jeg gera athugasemdir nokkrar við ræðu háttv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.). Hann talaði um orð þau, sem jeg ljet falla við 2. umr. málsins, og gætti þar misskilnings ekki alllítils hjá honum.

Jeg talaði þá um það, hve mikilsvert það væri að hjálpa mönnum til að halda sínu, bústofni og öðrum eignum.

Jeg tók til dæmis mann, sem ætti 50 ær, hve mikið það væri hyggilegra að hjálpa honum til þess að halda þeim heldur en að láta hann farga þeim sjer til framfæris og hjálpa honum fyrst, er hann hefði eytt þeim, og hefði það dæmi átt að vera fullljóst öllum sveitamönnum, bæði þeim, sem eiga hjer sæti, og öðrum.

Nú skal jeg minnast á sama dæmið aftur, til frekari skýringar. Jeg tek aftur til dæmis mann, sem á 50 ær. Eftir fjárverði nú mundu þær seljast á 30 krónur hver. Fargi maðurinn nú ánum, mundi andvirði þeirra nema 1500 krónum. Þurfi nú maðurinn að farga ánum, sjer og sínum til framfæris, hefir bústofn hans rýrnað um þessar 1500 krónur En setjum nú svo, að maðurinn tæki 1500 króna lán, til þess að lifa af; skuld hans með vöxtum væri þá 1590 krónur (vextir reiknaðir 6%); maðurinn hjeldi þá auðvitað ánum. Jeg reikna honum fyrir vanhöldum og öllum kostnaði ullina alla og helming dilkanna, og hygg jeg, að allir geti fallist á, að fyrir kostnaði er þá vel í lagt. Eftir verða þá 25 dilkar, sem reikna má hvern á 18 krónur. Það verða samtals 450 krónur. Ágóðinn verður því 360 krónur á ári. Maðurinn gæti því greitt skuld sína á hjer um bil 4 árum og ætti bústofn sinn (eða þessa 50 ær) óskertan.

Þetta dæmi er einföld sönnun þess, hversu miklu betra það er að hjálpa mönnum til þess að halda bústofni sínum en farga honum sjer til lífs, sem aldrei er annað en aumasta neyðarúrræði.

Hv. þm. (Þór. J.) gat þess, að 5 kr. tillagið hrykki skamt, og það veit jeg vel, en það er nú áskilið, að sveitar- eða bæjarfjelagið leggi fram 10 krónur fyrir hvern íbúa í hjeraðinu, á móti 5 króna tillagi landssjóðs.

Sje nú gert ráð fyrir, að 1/4 íbúa í hjeraði þarfnist hjálpar, verður hjálpin, sem veitt er úr landssjóði, 20 krónur á mann. Þar við bætast svo 40 krónur, sem koma eiga úr sveitar- eða bæjarsjóði. Fimm manna fjölskylda fær þá t. d. 300 krónur, og verður það að teljast talsverður stuðningur. Og sje nú litið til dæmisins, sem jeg nefndi áðan, sjest það, að þeim manni mundi veitast það auðveldara að endurgreiða álíka skuld á 4—5 árum, ef hann gæti haldið bústofni sínum, heldur en að farga af honum í stórbaga, sjer til framfærslu.

Þetta vildi jeg sýnt hafa með ummælum mínum, og vona jeg nú, að hv. þm. skiljist, hvað jeg átti við, sem var að eins það að sýna fram á, hversu miklu betur sá maður væri settur, sem gæti haldið bústofni sínum, bæði sjer til bjargar og til endurgreiðslu á dýrtíðarlánum, heldur en hinn, sem verður að farga honum sjer til framfæris.

Og þá ætti líkt dæmi ekki síður heima um sjávarútveginn, þar sem arðurinn er bæði meiri og fljótteknari.

Björn R. Stefánsson: Það er nú sitthvað búið að finna að brtt. á þgskj. 136. En háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) hefir svarað því flestu, svo að jeg get verið stuttorður.

En það var sjerstaklega 1. þm. Húnv. (Þór. J.), sem jeg vildi minnast á. Mjer þótti hann leggja miður góðgjarnlegan skilning í þau orð mín, að sama væri, hvort landssjóður ljeti peningana að láni eða gjöf.

Aðaláhersluna lagði jeg á það, að landssjóði væri best að þurfa sem minst að láta af hendi, meðan fjárhagurinn er svo þröngur, og jeg held fast við það, að hann megi ekki nú þegar tefla svo

á það ítrasta með lánstraust sitt, að hann verði einkis megnugur, ef enn meir kreppir að almenningi. En við því verðum við að vera búnir, að það geti komið fyrir. Enn þá er ekki fyrirsjáanlegt, hve nær þessum mikla ófriði lýkur og þeirri dýrtíð og atvinnuspjöllum, sem af honum stafar.

Þá sagði sami hv. þm. (Þór. J.), að styrkurinn væri hverfandi lítill, mundi naumast endast lengur til lífsviðurhalds en í tvær vikur.

Háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) hefir þegar leiðrjett þann misskilning, en jeg vil þó leyfa mjer að skýra þetta dálítið nánar.

Setjum svo, að styrk þessum sje varið til þess að styrkja þá, sem í neyð eru komnir, og gerum ráð fyrir, að það sje tíundi hver maður; frekari neyð gerir maður ekki að svo stöddu ráð fyrir.

Nú er til þess ætlast, að styrkurinn sje 25 krónur á hvern mann, eftir brtt. okkar. Þá verða það 250 krónur, sem sá tíundi hver fær, sem í neyð ratar. Sex manna fjölskylda mundi þá fá 1500 krónur, og getur það alls ekki talist svo hverfandi lítil hjálp, eins og háttv. þm. (Þór. J.) hjelt fram.

Þótt svo færi, að hver fimti maður yrði hjálpar þurfi, þá væru þó 750 krónur á 6 manna heimili að meðaltali. Meira held jeg að við getum tæplega í bili, enda get jeg ekki fallist á, að það sje mjög óveruleg hjálp.

Þá tók sami hv. þm. (Þór.J.) það fram, að að eins hin vel stæðu sveitarfjelög mundu fá styrk þennan, því að hin gætu ekki fengið lán. Um það atriði get jeg vísað til orða minna áður, þar sem jeg benti á stórgróðamennina sem tekjulind fyrir sveitarfjelögin.

Jeg benti á það, að jeg ætlaðist til þess, að mikið af þeim styrk, sem ætlaður væri til þess að hjálpa þeim, sem verst væru staddir, væri fenginn með auknum útsvörum á gróðamennina. Þeir væru flestir í bæjum og þorpum, en þar væru líka mestar líkur til þess, að þyrfti að veita almenna hjálp. Jeg geng því alls ekki út frá því, að sveitarfjelögin þyrftu að sækja alt þetta fje í bankana, — í sumum tilfellum kann ske mjög lítið eða ekkert.

Sami hv. þm. (Þór.J.) vill jafnvel ganga svo langt, að taka allan gróða af þeim, sem grætt hafa á þessum árum, og þegar búið er að gera það, minkar það, sem þarf að taka frá bönkunum. Sumir eru nú að vísu ekki trúaðir á það, að bankarnir mundu nokkuð lána, og efast enda um, að þeir geti lánað mikið, því að þótt þeir hafi mikið fje í veltunni, þá hafa þeir að öllum líkindum fjeð gangandi eða fast í ýmsum atvinnufyrirtækjum. En ef veruleg neyð kemur, sem búast má við, ef atvinnuvegir leggjast í kalda kol, býst jeg við, að peningar safnist fyrir hjá bönkunum og að þeir vilji þá heldur láta þá til sveitarfjelaganna heldur en að liggja með þá vaxtalausa, þar sem jeg ekki get talið hættulegt að lána þeim sveitarfjelögum, nema í þeim fáu og einstöku tilfellum, sem háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) nefndi, að um fullkomna auðn væri að ræða.

Háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) hneykslaðist á því, sem jeg sagði í fyrri ræðu minni um það, að fyrsta skylda okkar væri að forða landssjóði frá útgjöldum, þar sem fyrsta skylda hans væri einmitt að bjarga sveitarfjelögunum; en jeg held, að jeg hafi tekið það fram, að það yrði að fara eins sparlega með getu hans og unt væri.

Þá furðaði mig á því, að hann skyldi fara að bera blak af stórgróðamönnunum, því að hann benti á, að þeir hefðu í fleiri horn að líta en að borga til bæj-

anna; jeg átti satt að segja ekki von á því, að þeir — stórgróðamennirnir — fengju málsvara úr þeirri átt.

Um till. háttv. 2. þm. Eyf. (E. Árna.) er það að segja, að þar sem hann vill hafa ársfrest á borguninni, þá gerir það hana óhæfa til þess, að jeg geti fylgt henni. Ef það hefðu að eins verið 3—4 mánuðir, þá hefði það verið annað mál, en landssjóður hefir sett svo mikið fast, að hann getur víst ekki meira.

Um till. háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) er það að segja, að heyskapurinn gerir það ómögulegt, að jeg geti fylgt henni. Jeg vil ekki gera ráð fyrir því, að til atvinnuskorts komi á þeim tíma, sem hægt er að stunda heyskap, því að þá væri sú neyð í landi, sem landssjóði væri um megn að bæta úr.

Pjetur Þórðarson: Jeg þykist hafa ástæðu til þess, mörgum öðrum fremur, að gera grein fyrir atkvæði mínu, þótt ekki væri nema af þeirri ástæðu, að segja mætti, að við 2. umr. væri það atkvæði mitt, sem olli því, að frumv. gekk þá fram, af því að jeg var sá eini af þeim, sem greiddu atkvæði með brtt. háttv. meiri hl. bjargráðanefndar, en að þeim föllnum með stjórnarfrv. Jeg vona, að frv. fái nú meira fylgi, jafnvel hvernig sem fer um þær brtt., sem nú liggja fyrir.

Ástæðan til þess, að jeg tók heldur það ráð að greiða atkvæði með frv., var sú, að jeg vildi ekki missa 8. gr. Mjer fanst svo vera komið þessu máli í meðferð þessarar háttv. deildar, að virðing hennar mundi að litlu vaxa við það að láta málið niður falla við svo búið, og reyndar hvernig sem með það verður farið, en þó sjerstaklega af því, að það var haldið svo á þessu máli í fyrra hjer á þinginu, að samþykt voru lög þau, sem nú gilda, og öllum virðist koma saman um að ekki geti orðið framkvæmd samkvæmt tilgangi sínum. En sem sagt ætla jeg mjer ekki að fara að ræða brtt. þær, sem hjer eru fyrir hendi, því að það er orðið nógu þvælt mál, mundi ekki bæta úr skák, þótt jeg gerði það, heldur mun jeg sýna það við atkvgr., hvernig jeg lít á þær En úr því að lánaheimildir og nauðsynleg takmörkun þeirra gat nú eigi komist að, til hjálpar í væntanlegri neyð, tek jeg heldur þann kostinn, þótt hann sje ekki góður, að greiða atkvæði með frumvarpinu, svo fremi að því verði ekki breytt mjög mikið, áður en það kemst út úr þessari háttv. deild, heldur en að verða þess valdandi, að 8. gr. fái ekki að standa.

Sigurður Sigurðsson: Vegna þess, að tveir háttv. þm. virðast hafa lagt sig nokkuð í framkróka um það, að mæla á móti till. minni á þgskj. 133, neyðist jeg til þess að segja nokkur orð.

Háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) hafði mikið að athuga við till.; meðal annars vildi hann, að hefði staðið í henni vatnsveitufyrirtæki, í staðinn fyrir áveitufyrirtæki. Þetta er það eina, sem jeg get talið að vissu leyti rjettmætt í aðfinningum hans, en í sjálfu sjer gerir ekkert til, hvort þar stendur vatnsveitufyrirtæki eða áveitufyrirtæki. En hin athugasemdin, að þar hefði heldur átt að standa minni áveitufyrirtæki heldur en meiri, nær ekki nokkurri átt. Setjum svo, að það vanti atvinnu fyrir marga menn, þegar kemur fram í október í haust — segjum 100—200 menn — þá er það ljóst, að miða verður við stórfyrirtæki. Hitt segir sig sjálft, að ekki þurfi að taka þau öll fyrir í einu, heldur nokkurn hluta þeirra, eftir því sem um semur við hlutaðeigendur. Svo segir háttv. þm. (G. Sv.), að það megi ekki byrja á neinu,

nema því að eins, að alt verkið sje framkvæmt, og það á skömmum tíma.

Við það er nú í fyrsta lagi það að athuga, að þótt stjórnin semdi við áveitunefndina um nokkurn hluta verksins til dýrtíðarvinnu og notaði það næsta haust, eða 1919, og svo skyldi ófriðnum linna, þá eru miklar líkur til, að verkinu yrði haldið áfram, eða þeim hluta verksins, sem stjórnin hefir ekki tekið að sjer. Það mundu hlutaðeigendur gera sjálfir. Að öðru leyti er það mesta fjarstæða, að ekki megi taka nokkurn hluta af verkinu þegar í haust, þó að hinn hlutinn bíði um sinn.

Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) hjelt því fram, að heimild fyrir stjórnina til þess að taka slík verk sem þetta að sjer felist í ákvæðum 6. gr. frv., eins og hún er orðuð nú, þar sem minst er á, að stjórnin hafi heimild til að verja fje til atvinnubóta, er að framleiðslu lúta, og er jeg honum samdóma um það. En háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) vildi ekki kannast við það og sagði, að hann legði að minsta kosti ekki þann skilning í greinina. En hann er faðir að henni, eins og hún er nú orðuð. Þess vegna finst mjer miklu meiri ástæða til að samþykkja mína brtt., þar sem hún skilgreinir, hvað átt sje við með henni, og heimilar stjórninni að ráðast í slík verk, ef nauðsyn krefur. Hins vegar skal jeg geta þess, þó að orð 6. gr. geti að sjálfsögðu átt við áveitufyrirtæki, að þá er á það að líta, að stjórnin virðist halda því fram, og hefir haldið því fram, að erfitt sje yfir höfuð að ráðstafa atvinnulausu fólki í vinnu nokkuð lengra í burtu. Vitanlega nær þetta ekki nokkurri átt, enda er það engin frágangssök að ráðstafa fólki í vinnu upp í Borgarfjörð eða austur í Árnessýslu. En það er eins og stjórnin álíti, að ekki geti komið til mála að ráðstafa fólki í vinnu annarsstaðar en hjer rjett hjá Reykjavík. Hefi jeg þá ástæðu til að ætla, að hún hafi í huga Hafnarfjarðarveginn, sem byrjað er á, en aldrei skyldi verið hafa. Hitt segir sig sjálft, að það styður meir að framleiðslu að vinna að áveitufyrirtækjum en vegagerð, jafnvel þótt alveg bráðliggi á þeim, en því er ekki að heilsa með Hafnarfjarðarveginn.

Jeg skal ekki fara langt út í það, sem háttv. samþingismaður minn (E. A.) var að tala um heyskap. Það er nú svo, að ef óþurkar ganga, þá myndu þeir ekki sneiða hjá þessum dýrtíðarheyskap stjórnarinnar; við getum sagt það t. d., að í haust gerði frost, sem tók fyrir vinnu og gerði það að verkum, að miklu minna vanst í dýrtíðarvinnunni. Þessu og öðru eins verða menn að taka með jafnaðargeði, og hittir það auðvitað alveg eins dýrtíðarráðstafanir stjórnarinnar eins og einstakra manna störf. En þessi hugmynd, með heyskapinn, er langt frá því að vera fráleit. Jeg vil meira að segja halda því fram, að það væri ekkert að því, þótt stjórnin, án þess að aðkallandi neyð væri, rjeði atvinnulausa menn til heyskapar upp í Borgarfjörð, Mosfellsheiði eða austur í Ölfus, hlæði þar upp að heyinu eða flytti það þegar hingað til Reykjavíkur og geymdi það hjer. Jeg sýndi fram á það við 2. umr. þessa máls, að slíkur heyforði myndi koma sjer vel, jafnvel á næsta vori. Þetta er áreiðanlega engin fjarstæða, og jeg veit ekki, á hverju er nauðsyn, ef ekki á því að afla heyja næsta sumar, eins og föng eru á.

Jeg hefi nú sýnt fram á það, að till. mín á þgskj. 133 er rjettmæt og gerir það að verkum, að stjórnin getur ráðist í áveitufyrirtæki til dýrtíðarráðstafana,

ef þörf gerist. Hún er því nauðsynleg, eins og á stendur, en jeg vil minna á það, að »ekki tekur til nema þurfi«.

Þórarinn Jónsson: Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) gat þess, að jeg hefði misskilið ákvæði 1. gr. frv., sem sje það, að sveitarfjelögin mættu ekki verja meiru en 15 krónum á mann til dýrtíðarhjálpar, og að hann hefði tekið það fram við 2. umr. Það getur verið, að það sje svo, og að 5. gr. eigi að sýna það, að meiru megi jafna niður án leyfis sýslunefndar. En það er óþarfi að hafa lög svo óljós. Þess vegna tók jeg það fram, að óviðkunnanlegt væri, að sveitarfjelögin þyrftu að leita að »motiv«-inu til þess hjer í umr.

Þá gat hæstv. fjármálaráðherra um um það, að þau sveitarfjelög, sem svo illa væru komin, að þau gæti enga björg sjer veitt, og ef sýslufjelögin gætu ekki heldur hjálpað, þá væri ekki annað að leita en til landssjóðs. Jú, einmitt það, þessi lög eiga ekki við þau sveitarfjelög, sem eru í neyð, og eftir þessum orðum hæstv. ráðherra hefir það verið meiningin, að þau ættu að verða út undan, því að þau kæmu til landssjóðs þegar þau gætu ekki annað. En þá er ekki verið að hjálpa þeim, sem þurfa, með þessu frv.

Þá nefndi háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) þann misskilning hjá mjer, að jeg leyfði mjer að reikna með þeirri aðferð, að ekki kæmu nema 5 kr. á styrkþurfa, en það yrðu aldrei allir í sveitinni. Jú, það getur vel komið fyrir, að sveitarmenn sjeu allir svo jafnilla staddir. Og með þessari aðferð hefir verið reiknað bæði hjá stjórn og bjargráðanefnd. En hvers vegna jeg mætti ekki hafa sömu aðferð, nefndi háttv. þm. (G. Sv.) ekki. Í sambandi við það sagði hann, að það gæti verið, að það væru ekki nema 2—3 menn í sveitarfjelaginu, sem þyrftu styrks með. En hvernig ættu sveitarstjórnir að sýna það, ef það er ekki meiningin, að stjórnin skuli gera sig ánægða með hvað eitt, sem sveitarstjórnir setja á reikningana? Þess vegna er það vitanlegt, að þetta kemur ekki öðrum að gagni en þeim, sem alls ekki þurfa þess með. (**B. St.:** Stjórnarráðið úrskurðar reikningana). Sýslunefndir úrskurða nú sveitarsjóðsreikninga. En þó að stjórnarráðið líti á reikningana, þá er hægurinn hjá fyrir sveitarstjórnir að koma þessu svo fyrir, að það sje til einhverra þeirra ráðstafana, sem margar geta verið, er lúta að dýrtíðinni.

Þá gat háttv. þm. (G. Sv.) þess, að sú lánveitingaleið, sem þingið tók í fyrra, hefði verið fordæmd, en sú leið var vitanlega tekin til þess, að lánin gætu bjargað mönnum frá neyð, eða fyrirbygt hana. Og þó að lánskjörin væru fordæmd, þarf leiðin ekki að vera það.

Háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) tók það fram, þegar öll rök voru þrotin fyrir því, að þessi litli styrkur gæti nokkuð bjargað, að þá gætu menn tekið lán. Já, það er nú svo, en þegar landsstjórnin heyrir lán nefnd, þá hrekkur hún við, og bankastjórnirnar líka, enda er það fullkomlega upplýst, að sú leið er alveg lokuð þegar í neyð er komið. Það skilja allir, nema hv. 1. þm. Reykv. (J. B.). Og svo kom háttv. 2. þm. S.-M. (B. St.) með enn þá eina leið, nefnilega að leggja skatta á efnamennina. En það átti að gerast áður en búið væri að tæma gjaldþol sveitanna og löngu áður en landssjóður þurfti að leggja til einn einasta eyri, og hann á ekki að leggja fram fje, nema því að eins, að þörf sje fyrir það.

Jeg skal nú láta háttv. þm. (B. St.) um að koma þessu saman og skýra það

fyrir deildinni. En líklega erum við orðnir eitthvað á eftir tímanum með þær ráðstafanir, sem hann vildi láta lúta hjer að. En ekkert af því, sem fram hefir verið tekið, hrekur það, að sá styrkur, sem ákveðinn er í frv., kemur þar niður, sem hans er síst þörf.

Fjármálaráðherra (S. E.): Það er að eins örstutt athugasemd, út af ræðu háttv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.). Jeg ætla að svara háttv. þm. (Þór. J.) með litlu dæmi. Hugsum okkur hrepp, sem 300 íbúar eru í. Ef sá hreppur leggur 10 krónur á mann, þá fengi hann 1500 krónur frá landssjóði. Setjum svo, að það væri $^1/_{10}$ hluti hreppsbúa, sem þyrfti styrksins með. Þá kæmu 1500 krónur frá landssjóði og 3000 krónur frá hreppnum til úthlutunar meðal 30 manna. Jeg get nú ímyndað mjer, að þetta myndi þykja góður styrkur handa þessum fáu mönnum. Það er vitanlega ekki búist við því, að þetta fari til allra jafnt, heldur að eins til þeirra, sem verst eru staddir.

Háttv. þm. (Þór. J.) sagði, að þegar fyrst var verið að ræða um till. háttv. meiri hl. nefndarinnar, hefði verið reiknað með þessari upphæð á hvern mann. Já, þegar öll upphæðin er gerð upp, er reiknað með því, en það þýddi auðvitað ekki, að hver einasti maður í sveitarfjelaginu fengi styrk, heldur að þessi upphæð skiftist á milli þeirra fáu manna í sveitarfjelaginu, sem styrks þurfa, og þá sjest það, um hversu drjúga hjálp getur orðið að ræða.

Einar Árnason: Jeg skal vera stuttorður. Það eru nú ekki færri en 7—8 háttv. þm., sem hafa gert brtt. mínum þann heiður, að gera þær að umræðuefni. Það gleður mig, að þeim hefir þótt svo mikils við þurfa, til þess að koma þeim fyrir kattarnef, því að allir hafa þeir viljað þær feigar, nema helst háttv. 2. þm. Árn. (E. A.), en dálítið fanst mjer hann kippast óþarflega við út af orðum, er fjellu hjá mjer áðan og hann tók sem einhverja vörn fyrir stjórnina. En í fátinu, sem á hann kom, misskildi hann mig algerlega. Orð mín gáfu alls ekkert tilefni til þeirra ummæla, sem hann hafði í minn garð. Hins vegar kemur mjer það ekkert undarlega fyrir, þótt honum þyki kynlegt, að jeg skuli ekki selja sannfæringu mína, ef því er svo varið, að hann ætli sjer að greiða atkv. á móti frv. af þeirri ástæðu einni, að það er frá stjórninni.

Jeg þarf ekki að eyða mörgum orðum um ræðu háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), því að það, sem hann hafði á móti till., voru 4—5 þm. búnir að segja á undan honum. Og þar sem hann hafði ekki neitt nýtt til brunns að bera í þessu máli, þá hefði hann vel getað sparað sjálfum sjer ómak og deildinni leiðindi.

Einar Arnórsson: Því hefir verið slegið föstu, að að gefnu tilefni bæri að skilja orðin »venjuleg útgjöld« í 1. gr. frv. þannig, að ekki væri átt við aukaútsvör eða aðrar tekjur sveitarfjelagsins, heldur sjerstaka útgjaldategund, og get jeg felt mig vel við þá skýringu, og ákvæðin í 6. gr. útiloka engan veginn þetta, en í 5. gr. er komist svo að orði, að orkað getur tvímælis, hvort rjett sje. En þó finst mjer, að þrátt fyrir ákvæði 5. gr. þurfi þessi skilningur ekki að fara í bága við þau, því að það getur staðið svo á, að í hreppnum sjeu hverfandi lítil aukaútsvör.

Jeg vil taka það fram, í sambandi við viðaukatill. háttv. samþingismanns míns (S. S.), að jeg get ekki fallist á, að skilningur háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) sje rjettur. Mjer skilst fyrst og fremst, að það sje í »beinar þarfir framleiðslunn-

ar« að veita vatni á engjar, svo að betur spretti. Og þótt háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) sje faðir till., þá álít jeg, að stjórnin sje ekki fremur bundin við hans skilning á málinu heldur en hvers annars þm.

ATKVGR.

Brtt. 136, 1. a. tekin aftur.

— 150, 1. feld með 17 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. A., E. Árna., M. Ó., P. J, P. Þ, S. S, S. St., Þór. J., O. B.
nei: B. Sv, B. J., B. K., B. St., E. J., G. Sv., H. K., J. J., J. M., J. B., M. G., M. P., P. O., St. St., Sv. Ó, Þorl. J., Þorst. J.

Brtt. 136, 1. b. feld með 17 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. J, B. St., G. Sv., J. J., J. M., J. B., M. G., M. P.
nei: B. K, E. A, E. Árna., E. J., H. K., M. Ó., P. J., P. O, P. Þ, S. S., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., Ó. B.

Brtt. 150, 2. feld með 13 : 5 atkv.

— 136, 2. samþ. í e. hlj.

— 136, 3. sjálffallin með brtt. 136. 1. b.

— 150, 3. tekin aftur.

— 133. feld með 23 : 3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: H. K., S. S., Sv. Ó.
nei: B. Sv., B. J., B. K., B. St., E. A., E. Árna., E J., G. Sv., J J., J. M., J. B., M. G., M. P., M. Ó., P. J., P. O, P. Þ., S. St., St. St., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., Ó. B.

Brtt. 134. feld með 16 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. K., B. St., E. A., J. B., M. P., P. J., P. O., S. St., Sv. Ó., Þorst. J.
nei: B. Sv, B. J., E. Árna., E. J., G. Sv., H. K, J. J., J. M., M. G., M. Ó, P. Þ., S. S., St. St., Þorl. J., Þór. J., Ó. B.

Frv., svo breytt, samþ. með 15 : 7 atkv. og afgr. til Ed.

Á 22. fundi í Ed., laugardaginn 18. maí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um almenna hjálp vegna dýrtíðarinnar,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 170).

Á 23. fundi í Ed., þriðjudaginn 21. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Magnús Torfason: Jeg vil að eins geta þess, jafnframt því sem jeg sting upp á, að frv. verði að umr. lokinni vísað til bjargráðanefndar, að þetta mál mun vera fullsnemma fram borið hjer í deildinni og yfirleitt í þinginu. Jeg lít svo á, að þetta mál og önnur því skyld eigi að afgreiða seinast af öllu. Eftir því, sem tíminn líður, verða framtíðarhorfurnar ljósari. Eins og hv. þingdm. er kunnugt, er enn ekki sjeð fyrir endann á bresku samningunum. En á meðan þinginu er ekki kunnugt um, hvernig þeim reiðir af, er hreint og beint rangt að afgreiða þetta mál. Vildi jeg mælast til þess, að sjeð verði um, að þetta verði með síðustu málunum, sem afgreidd verða frá þinginu. Jeg segi þetta ekki af því, að jeg hafi neitt sjerstakt við frv. að athuga; jeg álít einmitt kjarna þess góðan. En við þann kjarna mun þurfa að auka tiltakanlega, ef ekki rætist betur úr bjargráðaatburðum manna en nú er útlit fyrir.

Forseti: Jeg mun taka tilmæli hv. þm. Ísaf. (M. T.) til greina, að svo miklu leyti sem unt er.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til bjargráðanefndar (sjá A. bls. 544) með 11 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Ed., miðvikudaginn 5. júní, var frv. tekið til 2. umr. (A. 170, 287, n. 294).

Framsm. (Sigurjón Friðjónsson): Eins og háttv. deild hefir sjeð af nefndarálitinu og þingskjölunum, þá hefir nefndin gert nokkrar breytingar á frv.; en þó að breytingar þessar líti í fljótu bragði út fyrir að vera nokkuð miklar, þá breyta þær í rauninni ekki ýkja mikið efni frv.

Aðalástæður fyrir till. nefndarinnar eru færðar í áliti hennar, sem prentað er á þgskj. 294, og leyfi jeg mjer að vísa um það til þess.

Að tvennu leyti til breytir nefndin aðallega frv.; hún gerir aðgang vel stæðra sveitar- og bæjarfjelaga til dýrtíðarhjálpar erfiðari, og hún gerir illa stöddum sveitar- og bæjarfjelögum mögulegra að ná í fulla hjálp, með því að heimila lán til dýrtíðarhjálpar úr landssjóði, þegar á herðir, og fella það niður, að hjálpin sje fastbundin við 15 kr. hámark á mann í því sveitar- eða bæjarfjelagi, er þarfnast hjálparinnar.

Í þriðju grein í brtt. koma fram þau aðalskilyrði, sem bjargráðanefndin telur heppilegt að farið sje eftir, þegar dýrtíðarlánin eru veitt. Nefndin lítur svo á, sem það eigi að vera skilyrði fyrir dýrtíðarhjálp úr landssjóði, að sveitarfjelögin hafi gert tilraun til þess að fá lán annarsstaðar, og að með lánbeiðnum til landssjóðs fylgi skilríki fyrir því, að svo hafi gert verið og lánin ekki fengist.

Nefndin ætlast til þess, að landssjóður veiti lánin með líkum vaxtakjörum og bankarnir, til þess að góð vaxtakjör freisti manna ekki til þess að ásælast fje úr landssjóði, án þess að brýn nauðsyn sje til.

Nefndin ætlast ekki heldur til þess, að landssjóður veiti sveitar- eða bæjarfjelögum dýrtíðarhjálp sem styrk, fyr en þau hafa varið til dýrtíðarhjálpar minst 10 kr. á mann, fengnum sem lánsfje, en að úr því sje hjálp úr landssjóði veitt að hálfu leyti sem lán og hálfu leyti sem óendurkræfur styrkur. Setjum svo, að 1000 menn sjeu í einhverju sveitarfjelagi og hafi tekið 10,000 kr. lán, og þurfi síðan að verja 10,000 kr. í viðbót til dýrtíðarhjálpar. Þá leggur landssjóður fram 5000 kr. sem óendurkræfan styrk og 5000 kr. sem lán, og þurfi sveitarfjelagið alls 30,000 kr., þá veitir landssjóður 10,000 kr. sem óafturkræfan styrk og 10 000 kr. sem lán.

Sumum mun sýnast svo, sem hjer sje seilst djúpt í vasa landssjóðs, en þegar athugað er, hve mikið sveitarfjelögin þurfa að leggja fram og hve dýrt lánsfjeð er, þá er það bert, að ekki kemur til hins óendurkræfa styrks úr landssjóði, nema um brýna þörf sje að ræða.

5. gr. í brtt. er aðallega um það, hvernig fjenu skuli vera varið innan sveitarfjelagsins, og gerir enga efnisbreytingu á frv.; er að eins orðabreyting.

Þá tekur við ný grein, sem nefndin ber fram til þess, að enginn vafi leiki á því, að menn eiga að fá hjálpina hjá dvalarsveit sinni, og jafnframt eru sett ákvæði um það, á hvern hátt lánin eigi að falla að lokum, ef lántakandi greiðir þau ekki sjálfur.

Með þessu hefi jeg gert stutta grein

fyrir brtt. í aðalatriðunum, og læt jeg það, með skírskotun til nál. á þgskj. 294, nægja, þar sem jeg er þess fullviss, að háttv. þingdm. hafa kynt sjer málið rækilega.

Fjármálaráðherra (S. E.): Ástæðan til þess, að landsstjórnin bar þetta frv. fram, var sú, að lánbeiðni, sem heimiluð er í núgildandi lögum, virtist lítt glæsileg. Lánbeiðnir komu fram, sem námu alls ca. 2 miljónum, enda vaxtakjörin svo góð, að þau freistuðu manna til þess að taka lánin.

Ef lánbeiðnir þessar hefðu verið teknar til greina, þá stæði landssjóður nú hallari fæti en hann þó gerir. Dýrtíðin er nú að vísu meiri en í fyrra, og kjör almennings því örðugri, en þó verður að sníða stakk eftir vexti og hlaða ekki svo miklu á landssjóðinn, að honum verði um megn.

Bjargráðanefndin í háttv. Nd. vildi fara gömlu lánaleiðina, en vildi hins vegar takmarka hana svo, að eigi yrði lánað meira en 20 kr. á hvern mann að meðaltali, eða alls um 1,800,000 kr., ef lánsheimildin yrði brúkuð til fulls, en styrkur sá, sem ætlaður er samkvæmt þessu frv., gæti mest orðið 450 þúsund kr.

Það heyrðist á háttv. framsm. (S. F.), að honum virtist hjálpin nokkuð lítil. En ef vel er að gáð, sjest, að hjálpin, sem heimiluð er í frv. stjórnarinnar, er alls ekki svo lítil. Hugsum okkur sveitarfjelag með 300 íbúum. Úr landssjóði mundi það fá 1500 kr.; á móti mundi koma frá sjálfu sveitarfjelaginu 3000 kr.; það væri samtals 4500 kr. handa þessari litlu sveit. Hugsum okkur svo, að tíundi hver maður í sveitinni væri hjálparþurfi, með öðrum orðum, 30 manns. 4500 kr. er ekki svo lítill styrkur handa 30 mönnum. Það væri góður styrkur í dýrtíðarvandræðunum. En það, sem jeg vil leggja aðaláhersluna á, er, að með þessu fyrirkomulagi er áhætta landssjóðs algerlega takmörkuð. Það kveður við nokkuð annan tón í brtt., sem hjer eru á ferð. Háttv. frsm. (S. F.) sagði, að brtt. væru í raun og veru ekki eins miklar og fyrst virtist. En þær eru í sannleika miklar. Nefndin vill fara bæði lána- og styrktarleiðina.

Eftir brtt. er fyrst heimilað að veita hverju sveitarfjelagi lán, sem nemur 10 krónum á mann. Ef gert er ráð fyrir, að lán þessi verði veitt öllum sveitar- og bæjarfjelögum á landinu, nemur það 950 þús. krónum. En það, sem veitt er umfram þessar 10 kr. á mann, á að hálfu að veitast sem lán, en að hálfu sem óafturkræfur styrkur úr landssjóði. Engin takmörk eru sett fyrir því, hve háan styrk megi veita úr landssjóði. Það sýndi sig síðastliðinn vetur, að aðsókn var mikil að lánum úr landssjóði, og ekki mundi aðsóknin verða minni, ef slíkar brtt. yrðu samþ. sem þessar. Mun þá verða erfitt fyrir stjórnina að gera upp á milli umsóknanna. Í nál. er talað um, »að aðgangur vel stæðra sveitar- og bæjarfjelaga að landssjóði til dýrtíðarhjálpar sje alt of auðveldur« eftir frv. stjórnarinnar, en jeg fæ ekki sjeð, að betur sje um hnútana búið í brtt. nefndarinnar, nema síður sje. Hjálparbeiðni eiga reyndar að fylgja »skilríki fyrir því, að ekki hafi fengist nægilegt lán hjá bönkum eða öðrum lánsstofnunum«. En ef bönkunum er kunnugt, að til er annar banki fyrir sveitar- og bæjarfjelögin, nefnilega landssjóður, mun þeim torsótt að fá lán í bönkunum, en mun þá vísað til landssjóðsins. Bankarnir munu auðvitað enga samvisku hafa af að vísa frá sjer, þegar þeir vita, að til er slíkt lagaákvæði. Þetta sýnir reynsla síðasta vetrar. Þá gat Reykjavíkurbær ekki fengið 100 þús.

kr. lán hjá bönkunum, og stafaði það vafalaust meðfram af því, að talið var, að bæjarfjelagið ætti vísan aðgang að landssjóði.

Tökum nú Reykjavíkurbæ sem dæmi um það, hvernig brtt. nefndarinnar yrðu í framkvæmdinni. Fyrst hefði bærinn kröfu til að fá lán, sem næmi 10 krónum á nef; hjer má gera ráð fyrir 16 þús. íbúum; yrðu það því 160 þús. krónur. Auk þess ætti bærinn heimting á jafnháum styrk og lánið næmi, sem hann tæki umfram þessar 160 þúsundir. Það væri mjög vafasamt, hve hátt stjórnin ætti að fara með það lán; í brtt. eru engin takmörk, sem hægt væri að fóta sig á. Það ætti því að vera öllum þingheimi augljóst, að hjer er opnaður miklu víðari og greiðari aðgangur að lánum og styrkveitingum úr landssjóði en gert er í frv. stjórnarinnar.

Jeg held, að takmörk, eitthvert hámark fyrir styrkveitingunni, sjeu sjálfsögð. Hitt þarf ekki að tala um í þessu sambandi, þótt hámarkið sje ekki sett svo hátt, að styrkurinn geti forðað frá hungursneyð. Um hungursneyð þarf engar reglur. Hvaða stjórn sem er mundi skoða það sem heilaga skyldu sína að hjálpa einstökum hjeruðum, sem hungursneyð vofði yfir, hvað sem það kostaði, hvort sem til væri fyrir því nokkur formleg lagaheimild eða engin. Þessi lög á ekki að setja vegna hungursneyðar, heldur til þess að ljetta undir með mönnum í dýrtíðinni og koma í veg fyrir verulega neyð. Hámark er nauðsynlegt að setja fyrir hjálpinni, og að leggja slíkt mál að öllu leyti án takmarkana í hendur stjórninni, er ekki á neinn hátt rjett. Auk þess, sem það er að leggja fjárveitingavaldið í hendur stjórninni, þá er það rangt að því leyti, að stjórnin mundi verða umsetin af alls konar lánbeiðnum.

Að svo stöddu skal jeg ekki fara fleiri orðum um brtt. háttv. nefndar, en ráða vildi jeg háttv. deild til þess að fella þær.

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Lánveitingar samkvæmt brtt. nefndarinnar eru ekki sambærilegar við lánveitingar samkvæmt núgildandi lögum. Núgildandi lög freista manna. Kjörin, sem lánin eru veitt með, eru svo afbragðsgóð. En lánskjörin, sem sett eru í brtt., freista ekki.

Í sambandi við það, hve auðvelt sje að ná í dýrtíðarstyrk eftir frv. stjórnarinnar, skal jeg benda á, að efnað sveitarfjelag, sem getur lagt fram 10 krónur á mann, getur fyrirhafnarlaust fengið 5 krónur úr landssjóði, þótt þess væri engin þörf. 5 krónurnar væru eins og verðlaunagjöf fyrir að eiga 10 krónurnar. Svo skulum við hugsa okkur fátækt sveitarfjelag, sem getur ekki lagt fram 10 krónur á mann. Þá er tvent til. Annaðhvort fer stjórnin eftir lögunum og veitir ekki neinn styrk þessu fjelagi, eða, eins og hæstv. fjármálaráðh. gaf í skyn að hún mundi gera, veitir styrkinn vegna yfirvofandi neyðar, ofan í öll lög. Jeg skal ekki álasa stjórninni, þó að hún gerði þetta. En því er þá ekki best að halda opinni leiðinni í sjálfum lögunum? Því á að hlaða upp í skarð, sem búist er við, að farið verði um? Ef þessari leið er ekki haldið opinni í lögunum, er hætt við, að fátækari sveitarfjelögin beri sig síður eftir lánunum og styrknum en þau efnaðri, og það væri illa farið. Ef mönnum þætti nauðsynlegt að setja styrknum einhver takmörk, mætti auðvitað skjóta slíku ákvæði inn í 4. gr. brtt. Sjálfar brtt. standa hvorki nje falla með því atriði. En nefndin sá enga ástæðu til þess að setja neitt hámark, því að hámarkið væri í rauninni dauð-

ur lagastafur, þegar í nauðirnar rekur, eins og hæstv. fjármálaráðherra hefir bent á.

Fjármálaráðherra (S. E.): Það virðist liggja í augum uppi, að ókleift er að segja um, hve þungir baggar landssjóði eru bundnir, ef brtt. verða samþ. Á þessum tímum hefir landssjóður í mörg horn að líta, og er því mjög óheppilegt að gera dýrtíðarfrv. svona úr garði. Það er ekki rjett að gefa stjórninni svona ótakmarkaða heimild til lána- og styrkveitinga, sem búast má við að mikið verði sókst eftir. 6% af fyrstu 10 krónunum á mann ætti ekki að fæla. Það eru ekki hærri vextir en nú tíðkast. En þegar komið er upp fyrir þessar 10 krónur, verða lánin samt ólíkt þægilegri. Þá fær sveitarfjelagið 10 krónur að gjöf með hverjum 10 kr., sem það tekur að láni. Svona lánskjör eru stórgróðavænleg fyrir hvert sveitar- eða bæjarfjelag. Það væru ekki lítil hlunnindi fyrir Reykjavík, ef hún tæki 500 þús. kr. lán, auk fyrstu 160 þúsundanna, að fá þá jafnframt 500 þús. kr. að gjöf. Svona heimild gæti auðveldlega orðið hættuleg. Það má búast við, að margur eigi örðugt uppdráttar hjer í Reykjavík að vetri. Það má gera ráð fyrir, að heldur kreppi að, og þó kostar nú smjörkílóið 6 kr., mjólkurlíterinn 52 aura, smálestin af kolum 300 kr. Það væri því hægðarleikur að rökstyðja drjúgan styrk til Reykjavíkurbæjar að vetri. Það gæti því verið stórhættulegt að setja engin takmörk. Ef háttv. nefnd vildi hlynna eitthvað að Reykjavík sjerstaklega, væri hyggilegt að gera það með 6. gr. stjórnarfrv., um atvinnubætur, en láta hámarkið halda sjer. Vinnan er besta hjálpin, þegar hægt er að koma henni við. Hún er affarasælust, bæði fyrir þann, sem veitir hana, og hinn, sem þiggur hana. Hungurlög eiga þetta ekki að vera, og því er hámarkið sjálfsagt og nauðsynlegt.

Magnús Kristjánsson: Mjer finst brtt. nefndarinnar þess eðlis, að ekki hefði þurft að gera ráð fyrir mikilli mótstöðu gegn þeim. Jeg lít svo á, að þær stefni í líka átt og frv. stjórnarinnar og sjeu fult eins heppilegar. Þótt búast megi við, að frv. stjórnarinnar hafi verið vandlega athugað áður en það var flutt hjer í þinginu, þarf engan að undra, að það komi í ljós, þegar frv. er búið að ganga í gegnum nefndir í báðum deildunum, að einstök atriði hefðu mátt betur fara.

Mest er um það rætt, hvort dýrtíðarhjálpin skuli takmörkuð að ofan. Virðist hæstv. fjármálaráðherra skilja brtt. nefndarinnar svo, að þar sjeu engin takmörk sett. En það er ekki rjett. Ýmsar takmarkanir, örðug lánskjör og mikið framlag, munu valda því, að sveitar- og bæjarfjelög munu ekki leita meiri lána en nauðsyn krefur. En satt er það að vísu, að þegar í verulegar nauðir rekur, eru lánsheimildinni engin takmörk sett, og er það að mínu áliti aðalkostur brtt. Föstu skorðurnar að ofan gætu orðið verri en engar. Við skulum taka dæmi. Gerum ráð fyrir hörðum vetri. Bóndi á útbeitarjörð er orðinn heylítill á Góu. Hann verður að kaupa kornvöru, og ræður við sig, hve mörg kíló hann skuli taka. Hann segir við sjálfan sig: »Nú kaupi jeg ekki meira korn; þetta verður að endast«. Bóndinn verður uppiskroppa um sumarmál, og peningurinn fellur. — Þessi bóndi setti föst takmörk að ofan fyrir því, hvað hann skyldi kaupa, og því kom það, sem hann keypti, ekki að neinu gagni. Við þessi takmörk að of-

an vildi nefndin losna, og hæstv. fjármálaráðherra hefir lýst yfir því, að þau myndu verða einkis nýt, ef neyð bæri að höndum. En segið mjer, hvaða ástæða er til að hafa slík lagaákvæði, þegar það er fyrirfram sjáanlegt og jafnvel viðurkent af sjálfum fjármálaráðherranum, að óhjákvæmilegt muni verða að brjóta þau, ef verulega neyð bæri að höndum.

Undanfarandi reynsla hefir sýnt það, að núverandi hæstv. stjórn er fær um að sjá það, þegar komið er í verulega neyð, því að þótt henni hafi síðastliðið ár borist lánbeiðnir, sem námu 2 miljónum kr., þá mun hún ekki hafa sint þeim til muna.

Og sama mundi koma á daginn, þótt brtt. nefndarinnar yrðu samþ.; landsstjórnin mundi ekki ausa út fje áður en fullvíst væri, að aðrar leiðir væru ekki færar.

Þessi hætta er því gríla ein, sem hverfur við nánari athugun málsins.

Þá hefir því verið haldið fram, að gera megi ráð fyrir, að bankarnir vilji ekki lána bæjar- og sveitarfjelögum, þegar lagaheimild er fyrir lánveitingum úr landssjóði, ef bankarnir neita.

En hjer lít jeg alt öðruvísi á. Þegar ekki er um önnur lán að ræða en með fullum lánsvöxtum, þá munu bankarnir skoða vandlega huga sinn áður en þeir neita, og það því fremur, þegar hægt er að fá lánin annarsstaðar.

Og til hvers eru þá bankarnir, ef þar er ekki nokkurn veginn greiður vegur að fá lán með venjulegum lánskjörum.

En færi nú svo samt sem áður, að bankastjórnirnar skildu ekki betur ætlunarverk sitt en svo, að slíkt yrði ofan á, þá er það hlutverk landsstjórnarinnar að knýja fram slík lán.

Þar mundi því bera að sama brunni, og er því engin hætta, hvernig sem á er litið, að samþ. till. nefndarinnar.

Þá vildi jeg að eins víkja að því, sem haldið hefir verið fram, að lánaleiðin sje sú hála braut, sem til glötunar leiði.

Jeg er þar líka annarar skoðunar. Jeg álít, að engar aðrar færari leiðir sjeu til en gera ráð fyrir slíkum lánsheimildum.

Þótt landsstjórnin vilji leggja fram fje til styrktar ýmsum atvinnuvegum, þá álít jeg hitt miklu betra og eðlilegra, að bæjar- og sveitarstjórnir athugi ýms atvinnufyrirtæki, sem fram mætti koma, og að því búnu leituðu til landsstjórnarinnar með lánbeiðni til þess að hrinda þeim fyrirtækjum áfram, þegar atvinnuleysi kreppir að.

Jeg álít því, að best muni reynast, að brtt. nefndarinnar fái að ganga fram, því að hvernig sem á er litið, tel jeg lánsheimildina til bóta, og hún er að mínu áliti eini vegurinn til þess, að almennri dýrtíðarhjálp verði komið fram.

Úr þessum óendurkræfa styrk geri jeg miklu minna; jeg býst við, að alt mundi eins vel bjargast án hans, að eins ef lánsheimildin er fyrir hendi.

Og fari svo, að erfiðleikar verði á handbæru fje hjá landsstjórninni, þá er ekki óhugsandi, að sá forði sje til einhversstaðar í landinu, að hægt sje að bæta úr brýnustu þörfinni.

Jeg skal svo ekki fara frekari orðum um málið. Að eins þótti mjer viðkunnanlegra, þar sem jeg er í nefndinni, að skýra frá því, hvers vegna jeg er till. fylgjandi.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Eins og sjá má af hinu upphaflega frv. stjórnarinnar og frv. eins og það kom frá háttv. Nd., þá er einn aðalmunur á því og till. háttv. nefndar hjer.

Hjer vill nefndin breyta frv. þannig, að farið sje inn á lánaleiðina, en í frv., eins og það kom frá Nd., er ekki gert

ráð fyrir því, nema svo framarlega sem hungur og manndauði vofir yfir og öll önnur úrræði reynast óframkvæmanleg. Og jeg fyrir mitt leyti verð að halda fast við þann grundvöll, sem lagður var með frv. í Nd.

Háttv. nefnd hjer vill fara milliveg, sumpart veita óafturkræfan styrk, en meginreglan er þó lánsheimild.

Jeg lít nú svo á, að ekki muni fara svo illa til næsta þings, að ekki dugi hjálp sú, sem áætluð er í frv., eins og það var samþ. í Nd.

Háttv. framsm. (S. F.) sagði, að hjer væri ekki um miklar breytingar að ræða. En jeg vil segja, að frv. með brtt. nefndarinnar mundi fremur líta út sem nýtt frv. en breytt, sjerstaklega með tilliti til þeirra byltinga á orðalagi og greinum, sem farið er fram á. Og svo er aðalmunurinn, lánaleiðin, sem farið er inn á.

Háttv. framsm. (S. F.) sagði líka, að eftir frv. mundi verða of opin leið til þess að fá styrkinn. Slíkt er þó að öllum líkindum fyrirbygt með því ákvæði, að sveitarfjelögin leggi til $^2/_3$ hluta af styrktarfjenu.

Jeg get nú ekki skilið, að til sjeu þau sveitarfjelög, sem ekki geti bjargað sjer næsta ár með atbeina efnilegra og góðra manna, ef ekki verður fjárfellir, en fyrir því er ekki gert ráð hjer, enda mundi það eins geta borið að hendi í efnilegri sveitunum.

En hrökkvi sveitarfjelögin ekki til með hjálpina, þá standa sýslufjelögin þeim að baki eftir gildandi lögum.

Hjer er því um ótta að ræða, sem ekki er á neinu bygður, eftir útlitinu nú að dæma.

Mjer virðast brtt.menn gera ráð fyrir, að fá megi lengi lán í bönkunum, en það er mótsögn við hitt, sem þeir annars sýnast byggja á.

Þá vildi jeg minnast á skýrslur þær, sem stjórnarráðið á að fara eftir, t. d. skýrslur um árangurslausa hjálparleitun til bankanna, og verður þá að koma skýrsla frá öllum bönkum á landinu, og er það mikil fyrirhöfn og hætt við, að slíkar skýrslur verði ekki ábyggilegar.

Brtt. 4 er mjer ekki vel ljós. Þar er sagt: þegar búið sje að veita 10 fyrstu kr. sem lán, að meðtöldum öðrum lánum. Jeg veit ekki, hvort þar eru með talin lán úr landssjóði eða ekki. En það skiftir ekki miklu máli.

En svo að jeg víki aftur að skýrslunum, þá hygg jeg, að þrátt fyrir þær verði vandi að skera úr, hverjum veita eigi lán. En hins vegar hygg jeg, að ekki þurfi að gera ráð fyrir slíkri neyð næsta ár, að ekki hrökkvi til sveitarkraftur, sýslufje og bankalán.

Jeg vil líka benda á það, að landsstjórnin getur þrýst að bönkunum að veita lánin.

En eftir frv. Nd. er það miklu vafningsminna að veita styrkinn; þar er að eins farið eftir reikningum bæjar- og sveitarstjórna um það, að fje því, sem varið hefir verið til dýrtíðarhjálpar, hafi verið skynsamlega og vel varið til brýnustu nauðsynja.

Og þar er ekki heldur um það að villast, hve mikið það getur orðið, fjeð, sem landssjóður verður að láta af hendi.

Það má ef til vill ekki leggja mikið upp úr því, hvaða álit núverandi stjórn hefir á lánaleiðinni. En henni ætti þó að vera kunnugast um, hvernig sú tilöguleið hefir reynst, og einnig ætti hún frekar að geta giskað á, hvernig hún mundi reynast framvegis.

Jeg tek það aftur fram, að jeg tel ekki sjáanlegar ástæður til þess að gera ráð fyrir því hallæri til næsta þings, að stjórnin geti ekki bætt úr því eftir frv. Nd.

Það hefir verið tekið sem dæmi hreppur með 300 íbúum, og segjum, að $^1/_3$ hreppsbúa þarfnist hjálpar, þá verða það 45 kr. á mann, sem fæst eftir frv. Nd., og vonandi þarf ekki meira til þess að bjarga frá neyð, en færi svo, þá mundi stjórnin ekki láta undir höfuð leggjast að bjarga frá hungursvandræðum, jafnvel þótt hún hefði ekki lagabókstaf fyrir þeim framkvæmdum.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg geri ráð fyrir, að það sje þýðingarlítið að lengja umr. þessar. En jeg verð þó enn að leggja áherslu á það, að verði brtt. nefndarinnar samþ., þá eru því engin takmörk sett, hve miklu fje megi verja úr landssjóði til dýrtíðarhjálpar. Það geta orðið 2, 3 eða 4 miljónir. Með öðrum orðum, þingið sleppir alveg þeirri skyldu sinni, að segja til, hve mikið fje landssjóður megi leggja af mörkum. Það segir að eins við stjórnina: Þú mátt veita svo og svo mikið fje, eftir því sem þjer lítst og eftir þörfum.

Stjórninni er þar með falið að rannsaka, hvaða kröfur sjeu rjettmætar og hverjar ekki. En þar með er henni lagður mikill vandi á herðar.

Og eftir því sem hagur landssjóðs stendur nú, þá virðist það allgapalegt að opna þannig dyr hans upp á gátt.

Jeg er sannfærður um, að háar styrkbeiðnir koma úr mörgum hjeruðum, ef núverandi ástæður haldast áfram, og þær beiðnir margar sanngjarnar og eðlilegar, en jafnviss er jeg um hitt, að hið háa Alþingi mun iðrast eftir að hafa veitt jafntakmarkalausar heimildir og hjer er um að ræða.

Jeg get bent á vinnuhjálpina, sem veitt var hjer í vetur, sem jeg veit, að var í alla staði rjett og þörf, þótt landssjóður hafi beðið þar halla nokkurn, en það er kunnugt, að sumir háttv. þm. líta þeim augum á þá hjálp, að hún hafi verið óþörf.

Það getur því verið álitamál, hve miklu fje skuli verja til dýrtíðarhjálpar.

Það verður að setja viss takmörk fyrir því, hversu mikið fje megi veita, enda mun það gert alstaðar annarsstaðar.

Í Danmörku t. d. er stjórninni ekki veitt nein heimild til lánveitinga, heldur er veittur ákveðinn styrkur á höfuð hvert, auk þess sem haft er eftirlit með vöruverði.

Það er líka mjög óeðlilegt að gera landssjóð að banka fyrir sveitarfjelögin; hitt er miklu eðlilegra, að veita ákveðinn styrk. Auk þess er það með öllu ómögulegt að hafa hugmynd um hag landssjóðs, ef ekki er takmörkuð lánsheimildin. En slíkt er allra síst heppilegt nú, þegar mest er þörfin á láns trausti.

Þetta vildi jeg leggja áherslu á, fyrir hönd mína og allrar stjórnarinnar, enda ætti þetta að vera í samræmi við sparnaðaranda margra háttv. þm., sem jeg læt ólastaðan.

Jeg verð því að leggja það til, að brtt. háttv. nefndar verði ekki samþ.

Magnús Torfason: Jeg bjóst ekki við því, að mál þetta kæmi svona fljótt til umr. aftur.

Við 1. umr. benti jeg á það, að best væri að það kæmi sem síðast, því að þá vissu menn betur um ástæður allar.

Jeg hjelt líka, eftir að við fengum að vita um úrslit bresku samninganna og kunnur var orðinn grundvöllur sá, er byggja verður á allar bjargráðatilraunir þingsins, að háttv. bjargráðanefnd hefði annað að gera en að sitja yfir frv. þessu.

Jeg hjelt, að hún sæti önnum kafin dag eftir dag við að bjarga því, sem helst þarf að bjarga, atvinnuvegum

landsins. (**M. K.**: Hver segir, að hún sje ekki að því?). Málæðið í Nd. í gær bendir á alt annað.

Í nefndarálitinu segir, að frv. torveldi aðganginn að landssjóði fyrir þau sveitar- og bæjarfjelög, sem erfitt eiga og ekki geta lagt fram fje á móti af eigin rammleik. En jeg sje ekki, að það nái nokkurri átt, að þetta þurfi að gera Eftir almennum reglum þarf ekki sveitarfjelagið að sjá um nema innansveitarmenn. Að því er snertir hina, utansveitarþurfalingana, þarf dvalarhreppurinn ekki að láta þá fá nema 33 kr. En dýrtíðarhjálpin á að ná jafnt til allra öreiga, og er það því sýnn skaði fyrir dvalarsveitina að taka utansveitarmenn á sínar bjargir.

Hjálpin, sem veitast átti samkv. dýrtíðarlögunum frá síðasta þingi, átti einmitt að vera fólgin í því, að sveitarfjelögin fengju vaxtalaus lán. Sú hjálp var aldrei veitt, og urðu þau að bjarga sjer upp á eigin spýtur. Sama yrði nú, ef brtt. yrðu samþyktar; jeg býst þá ekki við, að lánsheimildinni yrði framfylgt.

Í 4. gr. frv. segir, að hinir allra efnaminstu, sem þó ekki þiggja af sveit, fái sinn hluta af vörunum fyrir alls ekki neitt, enda skoðist hjálpin ekki sveitarstyrkur. Með öðrum orðum, það á að láta ganga jafnt yfir alla, hvort sem þeir eiga sveit í hlutaðeigandi hreppi eða ekki. Jeg álít bót að þessu ákvæði, því að það tekur fyrir, að skapaðir verði nýir þurfamenn í landinu.

En eins og till. nefndarinnar eru úr garði gerðar, þá er jeg ekki í nokkrum vafa um, að verði þær samþyktar, þá verður ekki litið við hjálpinni. Það er, eins og öllum er kunnugt, mjög misjafnt, hve mikið er af aðfluttum mönnum í hjeruðunum; sumstaðar eru það fáir, annarsstaðar margir, og t. d. í mínu hjeraði voru það $^2/_5$ af öllum fátækragjöldum síðastliðið ár, sem voru veitt þurfamönnum annara hreppa.

Eftir brtt. nefndarinnar á hjálpin að ganga jafnt yfir þá líka, og má ekkert tillit taka til sveitfesti í venjulegum skilningi. Að henni yrði því ekkert gagn fyrir sveitarfjelögin. Á Ísafirði eru nú 2000 manns; gæti því bæjarfjelagið þar fengið 2000 kr. til dýrtíðarhjálpar að láni úr landssjóði, en svo gæti það fengið að láni t. d. 10000 kr. til og þá 10000 kr. styrk. Bæjarfjelagið hefir með öðrum orðum offrað 30000 kr. Þetta er mikið, fyrir utan það, sem veitt er til þurfamanna, sem var síðastl. ár ca. 27 þús. kr. Jeg held því, að þessi aðferð bjargráðanefndar, til þess að veita dýrtíðarhjálp, kæmi aldrei til nota í mínu umdæmi. Auðvitað er það líka nokkuð vafamál, hvort tilboð stjórnarfrumvarpsins yrði alment notað, þar sem endurgreiðslan úr landssjóði er að eins $^1/_3$. Þó vil jeg ekki segja annað en að frv. stjórnarinnar sje til nokkurra bóta, einmitt frá því sjónarmiði, að vernda vinnukraftinn. En jeg hefi hugsað mjer að koma með brtt. við 3. gr. um að hækka endurgreiðsluna í helming.

Hræddur er jeg um, að varnagli nefndarinnar við 3. gr. hafi fjarska lítið að segja. Jeg hygg alveg jafnauðvelt fyrir bankana að segja nei, hvort sem það ákvæði verður að lögum eða ekki. Ísafjörður er t. d. sæmilega stætt sveitarfjelag, hvað efnahaginn snertir, en samt hefir gengið ákaflega erfitt að fá lán handa því í bönkunum. Jeg býst við, að sama yrði víðast upp á teningnum í því efni, ekki síður en áður hefir verið.

Annars vil jeg geta þess, að það fólk, sem mjer virðist sjerstaklega þörf á að hjálpa, er það, sem ekki getur aflað sjer eldiviðar sjálft. Eldiviðarvandræðin kúga fólk svo, að af því stafar hin mesta hætta. Það er orðið afarerfitt að fá eldivið, og það, sem fæst, er orðið af-

skaplega dýrt. Jeg álít því þar sjerstaklega þörf að hjálpa upp á sakir.

Viðvíkjandi 6. gr. frv. skal jeg geta þess, að því er atvinnubæturnar snertir, að það er að eins fyrri liður ákvæðisins, sem til framkvæmda getur komið fyrir utan Reykjavik, nefnilega atvinnubætur í beinar þarfir framleiðslunnar. Mjer er nú að vísu ekki fullkomlega ljóst, hvernig menn hafa hugsað sjer þær atvinnubætur, og hefi litið svo á, að væri einhver meining í þessu ákvæði, þá hefði það átt að sjást þegar hjer í þinginu, á hvern hátt stjórnin hefði hugsað sjer framkvæmdir í þessu efni. Og jeg vil hjer með leyfa mjer að láta þá ósk í ljós, að hæstv. stjórn og háttv. bjargráðanefnd gefi mjer upplýsingar um, hver sje hugsunin með þessu ákvæði í 6. gr.

Að síðustu verð jeg svo að taka það fram, að enda þótt jeg áliti, að stjórnarfrv. gangi of skamt að mörgu leyti, þá ná þó brtt. nefndarinnar enn þá skemra, og mun jeg því greiða atkv. með frv. en móti brtt.

Guðmundur Ólafsson: Það eru nú þegar orðnar fjörugar umr. í þessu máli út af brtt. nefndarinnar, og lítur út fyrir, að sumir háttv. þm. sjeu ekki alls kostar ánægðir með þær. Við öðru var auðvitað ekki að búast, en í raun og veru er munurinn á þeim og frv. ekki ýkja mikill, þó að þær sjeu miklar fyrirferðar. Þó er með þeim ýmsu breytt til bóta. Það er t. d. bót að því, að eftir brtt. nefndarinnar má ekki veita fje nema að láni, ekki sem óafturkræfan styrk, fyr en það sveitar- eða bæjarfjelag, er hjálpar leitar, hefir veitt dýrtíðarstyrk, minst 10 kr. á hvern mann í bæjar- eða sveitarfjelaginu. Er þetta talsvert aðhald gegn því, að styrks sje leitað úr landssjóði, nema í verulegri þörf.

Það er rangt, sem haldið hefir verið fram hjer í háttv. deild, að brtt. setji takmarkanir fyrir því, að hjálparinnar verði leitað. Því að ef það er rjett, sem líka hefir verið haldið fram og mun hafa við rök að styðjast, að mörg sveitarfjelög sjeu svo vel stæð, að ekki sjeu líkur til, að þau þurfi að taka meira lán en svarar 10 kr. á mann, og sum jafnvel ekkert, þá er það mikill sparnaður fyrir landssjóðinn, ef brtt. verða samþyktar, því að samkvæmt frv. eiga sveitarfjelögin að fá $^1/_3$ af allri upphæðinni ókeypis, en samkvæmt brtt. að eins helming af þeirri upphæð, sem veitt er eftir að veitt hefir verið upphæð, sem nemur 10 kr. á mann. Í mjög mörgum tilfellum verður sú upphæð aldrei veitt. Hjer er engin hætta fyrir landssjóðinn, þar sem lánið er veitt gegn 6% vöxtum, og er það síst saman berandi við dýrtíðarlögin frá í fyrra, því að samkvæmt þeim áttu lánin að vera vaxtalaus þangað til tveim árum eftir að ófriðurinn væri úti, og greiðast síðan á 13 árum.

Jeg tel tæpast hættulegt, að nefndin takmarkar ekki lánin að ofan. Svo hefir hæstv. fjármálaráðherra líka lýst yfir því, að lán yrðu veitt ótakmarkað, ef brýn þörf yrði á. Og kemur þá ekki í sama stað niður, hvort honum er leyft það af þinginu, þar sem hann ætlar að gera það hvort sem er? (**S. E:** En það verður að eins ef um hungursneyð er að ræða). Já. En er þá sú hætta horfin, sem hann heldur nú fram að sje, að skýrslur, er lánbeiðnum fylgja, sjeu svo óáreiðanlegar, að ekkert verði á þeim bygt; ekki mun þó ætlast til þess, að fólk verði látið fylgja þeim, er svo stendur á, sem sýnishorn til sönnunar.

Jeg er hissa á því, að hæstv. fjármálaráðherra skuli ekkert hafa að athuga við 6. gr. frv., því að það getur sannarlega orðið dýrt að framkvæma

hana. Hann lýsti yfir því hjer í byrjun þings, að landssjóður hefði tapað á dýrtíðarvinnu hjer 70—80,000 krónum, sem ekki mun ofreiknað, svo að jeg verð að telja það mjög vafasamt, hvort hann hafi varið þar fje landsins með meiri gætni en þótt lánað sje fje gegn vöxtum. Annars man jeg ekki eftir, að það sje siður hæstv. fjármálaráðh., eða stjórnarinnar yfir höfuð, að mæla á móti fjárveitingum úr landssjóði í öðrum tilfellum. Jeg vildi því óska, að jeg gæti komið mjer saman við háttv. meðnefndarmenn mína um að koma fram með brtt. við 6. gr., þegar málið verður til 3. umr., því að mjer finst ákvæði hennar mjög varhugaverð.

Háttv. þm. Ísaf. (M. T.) fann fyrst að því, að nefndin hefði komið of snemma fram með álit sitt. Það er sjaldnast fundið að því, að málin komi of snemma frá nefndum, heldur er miklu fremur fundið að því, að þau komi of seint fram. Það var svo að heyra á hv. þm. (M. T.), að hann kynni best við gömlu lögin, því að honum þótti hvorttveggja slæmt, frv. og till. nefndarinnar, og styrkurinn of lágur. En nú er komin full reynsla fyrir því, að sú lánsheimild, sem fyrir var, er ekki framkvæmanleg.

Sami þm. (M. T.) sagði, að auðvelt mundi fyrir bankann að neita sveitarfjelögum um lán, en jeg álít það ekki svo auðvelt, ef trygging er nægileg fyrir hendi og þeir hafa fje til.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg skal játa það, að mjer fanst háttv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.) ekki líta sínum sparnaðaraugum á þetta mál (**G. Ó.:** Hefi líklega haft augnaskifti við blessaðan ráðherrann). Það er mjög hætt við því, að bankarnir verði tregir til þess að lána, þegar þeir vita af landssjóðnum.

Og eftir yfirlýsingu þeirri, er bankastjóri Landsbankans gaf í gær í háttv. Nd., þá er enn meiri ástæða til þess að óttast þetta.

Með brtt. háttv. nefndar er gert ráð fyrir takmarkalausri dýrtíðarhjálp, og mætti því alveg eins samþykkja þingsályktun, þar sem ákveðið væri að heimila landsstjórninni að veita alþjóð dýrtíðarhjálp, og þótt stjórnin geti verið þakklát fyrir það traust, sem henni er sýnt með þessu, þá get jeg ekki mælt með því. Þingið á sjálft að hafa dug og djörfung til þess að ákveða, hversu miklu fje skuli varið í þessu skyni og hvernig með málið skuli fara. Best færi því á, ef háttv. nefnd vildi taka brtt. sínar aftur; væri þá hægt að bera sig nánar saman og má ske ná samkomulagi til 3. umr.

Kristinn Daníelsson: Jeg hefi heyrt ýmsa segja, að þetta frv. sje ekki mikils virði. Aðalmergur þess eða tilgangur virðist vera sá, að breyta dýrtíðarlögunum frá í fyrra í þá átt, að forða landssjóði frá lánsheimildunum, sem þar voru veittar. Nú var það svo, að margir voru einmitt glaðir yfir þessari lánsheimild og töldu, að af því gæti gott leitt, en nú á að kippa henni burt. Til þess að bæta þetta upp, á landssjóður að gefa talsverða upphæð, og getur hún, ef öll bæjar- og sveitarfjelög landsins nota hana, numið mest 450,000 kr.

Jeg sje nú ekki betur en að það sje eitt af helstu verkefnum þessa þings að horfa beint framan í þá hættu, er getur vofað yfir, og að þingið verði að hafa dug og djörfung til þess að forða frá hættunni, hvort sem það svo kostar $^1/_2$ miljón eða meira. Og þingið getur ekki skotist undan þessari sjálfsögðu skyldu sinni, eða skotið landssjóði undan hjálpinni.

Jeg skal viðurkenna það, að mjer

þykir skemtilegra að hjálpa sveitarfjelögunum með lánum heldur en með gjöfum, og jeg skal í sambandi við þetta minna á ákvæðið í 1. gr., að til þessarar hjálpar eigi ekki að taka, nema til þess að »bæta úr verulegri neyð«. En það er öldungis sjálfsagt, eins og hæstv. fjármálaráðh. sagði, að þá sje hjálpað, svo sem unt er, hvað sem öllum dýrtíðarlögum líður.

Mjer þykja þess vegna brtt. nefndarinnar aðgengilegri heldur en frv.; felst líka það í þeim, að þær takmarka lánsheimildina mjög mikið. Hæstv. fjármálaráðh. tók það oftsinnis fram, að með till. nefndarinnar væru lánin ekkert takmörkuð, en það sje jeg ekki að sje með rökum sagt. Ef brtt. nefndarinnar er samþykt, þá er þar tekið fram, að einungis þegar þurfi að verja til dýrtíðarráðstafana, auk venjulegra útgjalda, meiru en ítrast er fært að jafna niður, eða fá lán til annarsstaðar, geta þau snúið sjer til landssjóðs um lán. Í þessu felst takmörkunin, því að til þessa munu sveitirnar ekki grípa fyr en í seinustu lög. Það eru því settar skorður við því, að þessi lánsheimild sje misbrúkuð, og ef þessar skorður þykja ekki nægilegar, þá mætti t. d. setja hámark í 4. gr. um það, að dýrtíðarhjálpin mætti ekki nema meiru en t. d. 25—50 krónur á mann. Þetta atriði vænti jeg að háttv. nefnd athugi til næstu umr.

Háttv. þm. Ísaf. (M. T.) taldi illa fallið, að lán þessi væru talinn sveitarstyrkur, ef þau væru ekki greidd eftir tiltekinn tíma, og verð jeg að taka undir það með honum, að mjer finst það varhugavert, að dýrtíðarlánin sjeu talin sveitarstyrkur, eins og löggjöfinni um sveitfesti er nú varið. Þetta er oft viðkvæmt mál í sveitunum, þegar skera þarf úr um sveitfesti, og það gæti einhversstaðar farið svo, að utansveitarmenn væru látnar sitja á hakanum, en við því vill nefndin setja varnagla, þar sem hún setur hverjum rjett til dýrtíðarhjálpar í dvalarsveit hans, en af þessu getur hlotist ýmislegur misskilningur og vandræði. Jeg skal nefna það dæmi, að einhver er búinn að vera 9 ár samfleytt í sama sveitarfjelaginu, og 10. árið er byrjað, og hann er að vinna sjer sveitfestina, en þá þarf hann dýrtíðarhjálp, og þrátt fyrir hana vinnur hann sjer sveitfestina. En er að gjalddaga lánsins líður, eftir 5 ár, þá getur hann ekki greitt lánið, og það verður talið, að hann hafi þegið það sem sveitarstyrk. Til hvorrar sveitarinnar telst þessi maður þá, dvalarsveitarinnar eða fyrri framfærslusveitar sinnar? Eins er það víða, að þurfalingar eru búsettir utansveitar; sveitarfjelagið, sem þeir eru þurfalingar í, greiðir styrk sinn til þeirra til dvalarsveitarinnar. Þetta er með samkomulagi beggja sveitarfjelaganna. Ef dvalarsveitin veitir þeim dýrtíðarlán, þá á hún ekki rjett á að fá þau endurgoldin frá sveitarfjelagi þeirra. Þetta getur valdið vafningum og þarf að athuga, og eins um alla þá, sem eru að enda við að vinna sjer sveitfesti, því að þá fyrst, þegar lánsfresturinn er liðinn, sjest, hvort telja ber dýrtíðarhjálpina sveitarskuld eða ekki, auk þess sem marga vafninga og oft langan tíma hlýtur að þurfa til þess að fá það upplýst, eftir fleiri ár, hver sje framfærslusveit styrkþega. Jeg hefði því kunnað því best, að því hefði slept verið, að styrkurinn gæti orðið sveitarstyrkur.

Jeg veit, að það á sjer víða stað, að sveitarfjelögin veita einstökum mönnum lán, án þess að þau skoði lán þessi sem sveitarstyrk, þótt svo beri auðvitað við á stundum, að lán þessi verða að sveitarstyrk, og eins mætti með þetta vera.

Þótt mjer líki ekki að fullu brtt. nefndarinnar, mun jeg þó greiða þeim atkvæði.

Magnús Kristjánsson: Jeg var á móti því, að fundi væri frestað, vegna þess, að jeg taldi málið þá útrætt og ætlaði mjer að eins að gera stutta athugasemd, en úr því að umræðunum er haldið áfram, þá vil jeg leyfa mjer að tala frekar um málið og gera nokkrar athugasemdir við ummæli, er fallið hafa í ræðum háttv. þm.

Jeg vona, að þetta mál verði aldrei verulegt kappsmál, því að jeg ætla, að hæstv. stjórn, við nánari athugun, komist að þeirri niðurstöðu, að stefna nefndarinnar sje að hlífa landssjóði við fjárframlagi í lengstu lög. Þétta hlýtur öllum að verða ljóst, er kynna sjer málið til hlítar. En hins vegar hefir nefndin reynt að búa svo um, að ef í verulegar nauðir rekur, þá sjeu engin lagafyrirmæli, er hindri rjettmæta og sjálfsagða hjálp.

Mig furðar það, að hæstv. fjármálaráðh. skuli leggja annan skilning í brtt. nefndarinnar en mjer finst ástæða til; hann heldur því fram, að með brtt. nefndarinnar sje opnuð leið til ótakmarkaðra lána. Jeg verð að telja þetta ofmælt. Sveitarfjelögin fara eigi að taka meira lán en þau þurfa, með jafnóaðgengilegum vaxtakjörum og hjer er um að ræða. Og ef sú skoðun hæstv. fjármálaráðh. er rjett, að bankarnir sjeu tregir til þess að lána sveitarfjelögum, þá sje jeg ekki annað en að það sje fylsta þörf fyrir landsstjórnina að greiða fram úr því, og jeg get ekki trúað öðru en að heimild til lána úr landssjóði sje styrkur fyrir stjórnina.

Jeg sje ekki annað en brtt. nefndarinnar lýsi ótvíræðu trausti á framkomu stjórnarinnar í lánveitingum milli þinga, og hún hefir fylgt þeirri reglu að veita ekki lánin, nema hún teldi brýna nauðsyn bera til. Jeg kann því hálfilla, að stjórnin sje að lýsa vantrausti á sjálfri sjer, og það er auðvitað bágt í efni, þegar hún treystir sjer ekki sjálf. En jeg efa ekki, að stjórnin sje jafnfær og verið hefir að annast þessar lánveitingar, og þótt það baki henni nokkra fyrirhöfn, þá er ekki unt að komast hjá því. Og allir hljóta að vona, að sem minst þurfi að verða af þessum lánveitingum og aldrei komi til þess, er hæstv. fjármálaráðh. var að tala um, að öll sveitarfjelög landsins þurfi að taka dýrtíðarlán. Það má alls ekki reikna með þeim tölum, þótt hæstv. fjármálaráðh. gerði svo.

Þrátt fyrir það þótt ýmsir örðugleikar steðji að, þá má vænta þess, að ýmsir efnamenn innan sveitarfjelaganna geti hlaupið undir bagga með þeim, svo að þau þurfi sem minst af hallærislánum sínum að taka utansveitar. Og þar sem háttv. fjármálaráðaherra lýsti yfir því, að Björn bankastjóri Kristjánsson hefði tekið það fram í háttv. Nd. í gær, að bankarnir sjeu ófúsir til þess að veita slík sveitarlán, þá legg jeg ekki mikið upp úr því, því jeg býst ekki við, að slík lán verði tekin í stórum stíl fyrir 1. júlí næstkomandi.

Jeg tók eftir því, að háttv. þm. Ísaf. (M. T.) áleit það þungan bagga fyrir sveitarfjelögin, þar sem þau þyrftu að að greiða meira en $^1/_3$ af kostnaðinum fyrir utansveitarþurfalinga. Jeg álít enga hættu stafa af þessu, því að framlögin verða aldrei stór, og þegar utansveitarþurfalingur hefir fengið 100 kr., hvar af sveitin fær endurgreiddar 33 kr. 33 aur. frá sveitarfjelagi hans, þá má vísa honum til sveitar sinnar. Jeg álít þvert á móti, að þetta fyrirkomulag sje öllu hagkvæmara fyrir þau sveitarfjelög, þar sem margir utansveitarmenn leita sjer atvinnu um lengri eða skemri tíma, því að eftir brtt. er ekki hægt að líta öðruvísi á en að dval-

arsveitin eigi heimtingu á endurgreiðslu á öllu framlagi sínu, í stað $^2/_3$, eins og nú er.

Það er ekki ástæða fyrir mig að fara lengra út í málið, enda hafa háttv. framsm. (S. F.), háttv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.) og háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.) fært góð og gild rök fyrir brtt. og áliti nefndarinnar. Og þótt einhver kynni að reyna að andmæla því, sem jeg hefi nú sagt, þá tek jeg því með jafnaðargeði, því að jeg veit, að það er erfitt að gera það með góðum og gildum rökum.

Framsm. (Sigurjón Friðjónsson): Jeg verð að segja það, að mjer kom það hálfpartinn á óvart, þótt jeg í aðra röndina byggist við því, að hæstv. stjórn skyldi ekki taka frekar vel í brtt. nefndarinnar.

Til þessa lágu þrjár ástæður, og eru þær þessar:

1. að brtt. eru til bóta,

2. að brtt. bera vott um meira traust til stjórnarinnar en frv., eins og það kom frá háttv. Nd., og það hefði stjórnin átt að meta nokkurs,

3. að hjer á þingi er þm. skift nokkurn veginn í tvo jafnstóra flokka í þessu máli, þar sem annar flokkurinn vill veita dýrtíðarhjálpina sem lán, en hinn sem styrk.

Hjer er farinn meðalvegur og gerð samkomulagstilraun, sem að líkindum hefði bætt hug þingsins til stjórnarinnar, ef hún hefði kunnað að taka henni skynsamlega.

Hæstv. fjármálaráðherra tók dæmi af Reykjavíkurbæ. Fyrst fengi bærinn 160 þús. kr. lán, tæki svo annað lán, er næmi 500 þús. kr., og fengi þá um leið 500 þús. kr. óendurkræfan styrk úr landssjóði. Þetta er alt rjett hugsað. En hitt er annað, hve álitlegur gróðavegur það sje fyrir bæinn. Jeg sje ekki, að það sje neitt gróðafyrirtæki fyrir bæjarfjelag sem slíkt að fá slíka hjálp, og vil jeg, því til sönnunar, benda á ákvæðið í 5. gr. 2. brtt. um, að

»aldrei má í neinu bæjar- eða sveitarfjelagi veita minni óendurkræfan styrk til einstaklinga en veittur hefir verið þangað af landssjóði«.

Styrkurinn mundi strax hverfa, en bærinn standa uppi með 660 þús. kr. lán með erfiðum vaxtakjörum, og þarf ekki að segja mjer, að hann mundi leggja í slíkt að nauðsynjalausu.

Háttv. þm. Ísaf. (M. T.) taldi lánsskilyrðin svo örðug, að hans bæjarfjelag mundi ekki nota þessa leið, þó að lán þyrfti að taka. Hjer kveður við annan tón en hjá hæstv. fjármálaráðherra, og er hvorttveggja öfgar, og þetta þó nær sanni. Það væri fokið í flest skjól, er jeg færi að hvetja mitt sveitarfjelag til þess að nota þessa hjálp. En við það eru brtt. miðaðar, að ekki verði til þessara lána og styrkveitinga gripið fyr en nauðsyn krefur. En aðalatriðið er líka, að fjeð sje þá fáanlegt.

Þetta voru aðalatriðin, er jeg vildi minnast á; sumt, sem borið hefir á góma, er mjer fallið úr minni, enda munu menn búnir að ráða við sig, hvorum þeir fylgja að málum.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg skal gera mjer far um að verða stuttorður og endurtaka sem minst af því, sem jeg hefi áður sagt, þótt sumir hafi gefið mjer ástæðu til að halda, að þörf væri á því.

Háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.) taldi ekki rjett að taka það fram í frv., að styrkur, sem væri veittur vegna dýrtíðarinnarinnar, skuli ekki teljast sveitarstyrkur. Jeg lít svo á, að það sje einmitt aðaltilgangurinn með þessum lögum að forða mönnum frá því að komast á sveitina vegna dýrtíðar. Þetta hefir verið meginreglan í öllum dýrtíðarráð-

stöfunum þingsins. Svo skildi jeg t.d. atvinnuheimild þingsins í fyrra. Það væri því mjög varasamt að halda 3. brtt. nefndarinnar, því að eftir henni getur óendurgoldin dýrtíðarhjálp skoðast sveitarstyrkur eftir tiltekinn tíma. Þetta er þvert ofan í »princip« allra okkar dýrtíðarráðstafana.

Þá kem jeg enn einu sinni að lán- og styrkveitingakjörum nefndarinnar. Fyrst eru 10 krónurnar með venjulegum lánskjörum, svo kemur lán og jafnmikil fjárhæð fylgir með gefins. Jeg verð að segja það, að kjörin mega vera örðug til þess, að það borgi sig ekki að taka slík lán. Jeg hygg, að svona boð muni að minsta kosti verða vel þegið hjer í Reykjavík. Það er sagt, að núgildandi lög freisti, en enn meir freista þessi lög til láutöku, enda munu lánbeiðnir berast úr öllum áttum. Verður þar örðugt fyrir stjórnina úr að skera, því að þekking á ástandinu í hverri sveit landsins er torsótt, og skoðanir manna misjafnar, jafnvel um ástandið í sömu sveitinni. — Alt öðruvísi horfir við um styrkinn samkvæmt frv. stjórnarinnar. Þar verður úr færri vandkvæðum að ráða. Samkvæmt því er styrkur ekki veittur, nema sveitar- og bæjarfjelögin leggi 2 á móti 1 úr landssjóði. Þar er prófsteinninn á þörfina Sveitirnar munu hika við að leggja fram sína tvo parta, þótt einn komi í móti úr landssjóði, nema veruleg þörf sje til. Háu gjaldendurnir, sem mestu ráða, munu sjá, að það, sem sveitin leggur til — 10 kr. á nef — lendir á þeim, þegar til niðurjöfnunar kemur, og að þarflausu auka þeir naumast útsvarið sitt.

Jeg vona, að háttv. deild opni ekki um of aðganginn að landssjóði og leggi ekki of mikla ábyrgð á herðar stjórninni. Jeg fæ ekki betur sjeð en að í brtt. nefndarinnar sje öllum vanda og ábyrgð varpað yfir á stjórnina. Jeg segi þetta ekki af neinum óvilja til nefndarinnar. Til þess hefi jeg síst ástæðu, eftir því trausti, sem hún sýnir stjórninni. En stjórnin verður að segja sína skoðun eftir þeirri reynslu, sem er fengin.

Magnús Torfason: Háttv. þm. Ak. (M. K.) kvað þetta mál vera rætt. til hlítar. Jeg er á gagnstæðri skoðun.

Í tilefni af brtt. vil jeg geta þess, að jeg fæ ekki betur sjeð en að heitið »dýrtíðarhjálp« hljóti að útiloka, að hægt sje að skoða þennan styrk sem sveitarstyrk. Svo hefir og verið um dýrtíðarhjálp í öllum öðrum löndum, og jeg get ekki sjeð, að ástæða sje til að haga þessu öðruvísi hjer. Lán eins og þau, sem háttv. nefnd hugsar sjer, get jeg ekki kallað »dýrtíðarhjálp«, því að það er við búið, að þau svifti menn mannrjettindum. Það bætir lítið um, þótt frestur sje veittur á greiðslu lánsins gegn 6% rentu. Ef lánið er ekki greitt á vissum tíma, á það að skoðast sveitarstyrkur. Jeg er hissa á, að svona till. skuli geta komið fram hjer í þessu landi, sem er hreint alþýðuland, hjer, þar sem almennur kosningarrjettur var svo viðstöðulaust í lög leiddur, og þar með mannhelgi viðurkend í ystu æsar. Og svo á nú að gera út af við mannhelgina með þessum lögum. Svona löguð lán verða blóðpeningar fyrir þá, sem þiggja. Lögin verða blettur á þinginu, ef þau ná fram að ganga þannig löguð.

Jeg gerði áðan fyrirspurn til háttv. fjármálaráðherra um atvinnubæturnar, en hefi ekkert svar fengið. Því verð jeg að álíta, að ákvæði 6. gr. sjeu að eins fyrir Reykjavík, en fyrir önnur bæj-

ar- og sveitarfjelög landsins sjeu að eins þessar 5 kr. á móti 10, sem sveitarfjelagið leggur fram.

Nú skulum við líta á, hve mikið það gæti orðið, sem veita má eftir frv. stjórnarinnar og háttv. bjargráðanefnd er að telja eftir. Í mesta lagi gæti það orðið 5 kr. × 90,000 = 450 þús. kr. Þessi fjárhæð er hugsanleg, en fyrirsjáanlegt er, að styrkurinn mun ekki nema nærri svo miklu. Ekki er annað sjáanlegt en að nú verði góðæri fyrir landbúnaðinn. Það er ekki stjórninni að þakka, heldur gjafaranum allra góðra hluta. (**M. K.:** Stjórninni og þinginu að nokkru leyti). Því fer fjarri. Það má búast við góðæri, þrátt fyrir sumar ráðstafanir stjórnarinnar. Stjórnin neitaði okkur Ísfirðingum um fóðurbæti handa fjenaðinum í harðindunum að áliðnum síðasta vetri. En hvað sem um það er, lítur ekki út fyrir, að landbúnaðurinn geti komist á vonarvöl á næsta ári. Það gæti ekki orðið, nema bændur settu að eins á guð og gaddinn, en engin hey. Þessi »verulega neyð«, sem talað er um í frv., getur því tæpast orðið nema í sjávarsveitunum, og þó ekki nema í sumum þeirra. Í Vestmannaeyjum hefir t. d. verið góðæri. Hjer við Faxaflóann líka. En þótt við tökum allar sjávarsveitirnar, verða styrkþegar ekki fleiri en 30 þúsund. Dýrtíðarhjálpin á næsta ári getur því aldrei farið fram úr 150 þús. kr., þ. e. a. s. sá hluti, sem landssjóður leggur til. Þetta er nú alt og sumt, sem bjargráðanefndin er að telja eftir.

Á Ísafirði fór það svo, að við þurftum 27,000 kr. til fátækramála síðastliðið ár. En eftir brtt. nefndarinnar ættum við þar að auki að leggja fram 20,000 kr. áður en hjálpin kemur; því hvaða hjálp er það, þótt fá megi lán með 6% vöxtum? Það má heita gys og gabb við sveitar- og bæjarfjelög að tala um slíkt sem hjálp.

Á Ísafirði var hart á og full neyð í fyrra, og jeg vildi, að hamingjan gæfi, að ekki kæmi sú neyð þar, að verja yrði 20,000 kr. fram yfir það, sem þá var, til fátækrahjálpar.

En þá fyrst er von á hjálpinni. Jeg lít því svo á, sem þetta sjeu hrein pappírslög, enda veit jeg ekki, nema leikurinn sje til þess gerður.

Eins og jeg tók fram við 1. umr., þurfti Ísafjörður ekki að sjá um nema sína eigin framfæringa. En jeg skil þessi lög svo, að eftir þeim eigi styrkur sá, sem veittur er bæjar- og sveitarfjelögum, að ná jafnt til allra.

Hagurinn yrði því lítill. Ef við notuðum 57 000 kr., þá mundi styrkurinn verða 10,000 kr. En eftir því, sem við þurftum í fyrra til utansveitarfólks, þá mundu fara 8000 kr. til þess. Af styrknum fær þá hjeraðið sjálft einar 2000 kr. En þegar varið er 67,000 kr. til fátækrahjálpar í hjeraði, sem í eru 2000 manns, þá er veruleg neyð fyrir hendi, og það ætti öllum að vera ljóst, hvílíkir smámunir 2000 kr. styrkur er, þegar svo er ástatt.

Jeg verð því að segja það, að ef þessar brtt. verða samþ., þá verð jeg blátt áfram að greiða atkv. á móti frv.

En það er eins og gengur, að sjaldan er ein báran stök. Svo er ekki heldur hjer, því að jafnhliða þessum merkilegu dýrtíðarlögum eru hjer þrenn skattalög á ferðinni.

Er þar til ætlast, að lagðir verði á landsmenn skattar, sem nema fullri $^1/_2$ miljón króna. Af þeim má gera ráð fyrir, að bæjarfjelögin öll verða að greiða 80%.

Það verða þá 400,000 kr., sem leggjast á bæina, en samkvæmt dýrtíðarfrv. stjórnarinnar eru það 150,000 kr., sem

veita má þeim til hjálpar úr landssjóði. Með öðrum orðum, bæirnir eru plokkaðir um 250,000 kr.

En jeg get lýst yfir því, að ef svo á til að ganga með hjálpsemina, þá verð jeg að setja mig á móti slíkum aðferðum. Jeg hafði einmitt búist við, að skatta þessa ætti að nota til hjálpar þar, sem þörfin krefur.

Eitt var það, sem mjög var talið eftir í fyrra. Það voru dýrtíðarkolin. Þau komu næsta misjafnt niður. Eins og kunnugt er, var farið eftir skýrslum, sem safnað var utan af landi. En þær skýrslur voru mjög misjafnar og úthlutun kolanna því misjöfn. T. d. fengu Austfirðingar miklu meira en Ísfirðingar, tiltölulega. Þetta var nú samt góðra gjalda vert, hefði fjeð verið tekið af landsfje yfirleitt. En svo var ekki nema að litlu leyti, því að almennu kolin voru seld svo dýrt, að þar vanst upp talsverður hluti af verðlækkuninni á dýrtíðarkolunum. Og hverjir guldu? Bæirnir og engir aðrir, svo að alls og alls var sú hjálp æði lítil.

Eitt er enn, sem jeg vil biðja menn að athuga, þegar talað er um dýrtíðarhjálp. Það, sem gerir fólki erfiðast fyrir, eru eldiviðarvandræðin. En þau koma næstum eingöngu niður á sjávarmönnum, því að frá ómunatíð hafa sveitamenn að mestu aflað sjer síns eldiviðar sjálfir.

En menn, sem eru á sjó öllum stundum, eru algerlega útilokaðir frá því að afla sjer eldsneytis sjálfir. Þeir verða því að kaupa það dýrum dómum.

Það liggur því augum uppi, að ekki hefði átt að fella þann lið úr frv. frá í fyrra, en þó er það gert hjer.

Þá vil jeg með fám orðum svara hv. þm. Ak. (M. K.). Hann sagði, að sveitirnar yrðu að leggja 100 kr. út, með framfæringum annara hreppa. Það er alveg rjett, að þær verða að leggja 100 kr. út, en þær eiga rjett til endurgreiðslu á $^2/_3$ hlutum þess fjár. Tapið verður því að eins 33 kr. Og því er það, að þegar utansveitarframfæringar eiga eftir frv. þessu að fá jafnt og innansveitarmenn, þá hlýtur það að auka kostnað sveitanna.

Eftir lögum þessum má að vísu lána þetta, en fyrir fátæk sveitarfjelög, sem eiga í vök að verjast, er það lítil hjálp að burðast með dýr lán í mörg ár.

Samkvæmt brtt. eiga lán þessi að endurborgast á 5 árum, og ræður landsstjórnin, hve nær fyrsta afborgun fer fram. Jeg skil þetta ákvæði svo, að það sje til þess sett, að afborgun þurfi ekki að byrja fyr en eftir stríðið, og munu neyðarhjeruðin þá eiga að borga rentur af lánunum þangað til.

Háttv. framsm. (S. F.) sagði, að mín skoðun á máli þessu færi mjög í aðra átt en skoðun hæstv. fjármálaráðherra, en jeg vil taka það fram aftur, að mín skoðun er eingöngu bygð á reynslu þeirri, sem jeg hefi frá Ísafirði. En mjer er ómögulegt að leiða neinar getur að því, hvernig þessi lög myndu verka hjer í Reykjavík, enda eru fjárráðstafanir allar hjer svo skrítnar, að illfært er að elta alla þá króka.

Yfirleitt verð jeg að segja um frv., eins og það kom frá Nd., að jeg tel tvísýnt, að það verði til hjálpar sveitarfjelögunum, komi veruleg neyð. En ef brtt. nefndarinnar hjer verður samþykt, þá er enginn vafi á því, að að minsta kosti Ísafjörður mun aldrei nota hjálp þessa.

Að síðustu vil jeg geta þess, að eitt ákvæði í 3. brtt. nefndarinnar, um sveitarstyrkinn, hlýtur að takmarka rjett framfærsluhrepps til að taka til sín ómaga sína. Jeg er ekki að segja, að þetta sje gallí á frv., því að mjer hefir altaf frá því fyrsta orðið ver og ver við sveitarflutninga. En jeg vildi að eins benda á þetta, í sambandi við frv.

eitt, sem nú er komið til háttv. Nd., þar sem stjórninni er svo að segja sigað til nokkurskonar allsherjarþurfamannaflutninga.

Það virðist koma heldur illa heim við þetta ákvæði.

Guðjón Guðlaugsson: Það er nú búið að tala svo hátt og lengi um mál þetta, að mjer liggur við að svima er jeg stend upp; jeg býst því við að verða slæmur er jeg enda.

Það er fyrst hjer að athuga, að skoðanir manna eru ólíkar á því, hver sje mismunur á frv. óbreyttu og eins og það yrði með brtt nefndarinnar. Sumir telja þær breytingar litlar, aðrir miklar; sumir til bóta, en aðrir til skaða.

Jeg verð nú að segja það, að hverjum þykir sinn fugl fagur, og þar sem jeg er í nefndinni, er það mín skoðun, að allar líkur sjeu til þess, að brtt. hennar verði happasælli.

Þær fara fram á, að takmörk sjeu við því sett, að fje úr landssjóði verði ausið út að óþörfu, sem dýrtíðarhjálp. Og jeg get ekki skilið, hvers vegna hæstv. fjármálaráðherra getur ekki fallist á það. Hjer er enn fremur hvöt fyrir sveitarfjelögin til að taka ekki dýrtíðarlán, nema bráð nauðsyn beri til.

Og jeg tel það mjög ólíklegt, að þegar búið er að taka sem svarar 10 kr. á mann að láni úr sparisjóði eða banka, að sveitarfjelögin vilji þá bæta á sig þungum byrðum, til þess að fá meira, án þess að brýn nauðsyn beri til. En þá sleppur landssjóður við útgjöldin.

Það hefir verið tekinn sem dæmi hreppur með 300 íbúum. Eftir frv. má hreppur þessi fá til dýrtíðarhjálpar alls 4500 kr. Þar af 1500 kr. úr landssjóði, en 3000 kr. verður hann að taka að láni.

Nú hefir það verið talið víst, að styrkur þessi muni reynast lítill, en þegar betur er að gætt, er hann þó allmikil hjálp, því að naumast þarf að gera ráð fyrir, að meira en helmingur hreppsbúa þurfi stuðnings við. Og geri maður ráð fyrir, að 40 heimili sjeu í hreppnum, þá skiftist styrkurinn milli 20 heimila, og fær þá hvert 225 kr. til jafnaðar.

En eftir frv. leggjast 3000 kr. af styrk þessum á þá bjargálnamenn, sem í hreppnum eru, og haldi maður sjer við það, að helmingur hreppsbúa sje hjálparþurfi, þá verða það 20 heimilisfeður, sem verða að bera 150 kr. hver um fram það, sem venjulegt er. En 1500 kr. eru teknar landssjóði sem betlifje.

En eftir till. nefndarinnar verða þessir 20 heimilisfeður að taka að sjer ábyrgð á 3000 kr., en ábyrgð er alt annað en bein útgjöld og kostar oft ekki annað en undirskrift, ef vel er um alt búið. Þar að auki veitast 750 kr. sem lán úr landssjóði, og loks eru það 750 kr., sem leggjast sem beinn skattur á landssjóð, í stað 1500 kr. eftir frv.

Munurinn á frv. og brtt. nefndarinnar verður því stuttu máli sá, að eftir frv. leggjast 150 kr. á hvern bjargálnamann í hreppnum sem bein útgjöld, og landssjóður verður að láta af hendi sem gjöf 1500 kr., en eftir brtt. verða þessir 20 heimilisfeður að eins að taka á sig ábyrgð á 3750 kr., en sem gjöf úr landssjóði er ekki veitt nema 750 kr. Útkoman er því betri hjá nefndinni, því að í báðum tilfellum fær stuðningsþurfi jafnmikið, 225 kr.

Það er að vísu lítið, en getur þó bjargað 10—20 ám, ef það kemur í tíma.

En þetta stendur svo í mörgum, að lán þessi bindi menn á skuldaklafa. En jeg lít svo á, að gjafirnar hafi miklu verri áhrif.

Eftir minni reynslu er betlifólk eitthvert lakasta fólkið; það gortar af því

að hafa bjargast án sveitarstyrks, en finnur ekki til þess, að í rauninni liggur það uppi á öðrum.

Og jeg er ekkert hræddur við þessa lánaleið, ef hún er farin með gát. Jeg lít líka svo á, að það sje í alla staði óheppilegra að byrja á að gefa lítinn hluta af því, sem vantar, en lána það sem með þarf til þess, að menn geti komist úr kútnum.

Jeg get tekið dæmi af manni, sem jeg þekti fyrir 4 árum.

Hann hafði 9 manns í heimili og skuldaði 800 krónur í verslunum.

Hann varð því að taka lán til þess að geta fengið vörur.

Jörðina var hann búinn að kaupa og fekk út á hana 100 krónur, og 100 kr. fekk hann hjá sparisjóði sveitarinnar, því að þar er það siður, að sveitirnar leggja fje í fastan sjóð.

En einmitt fyrir þetta, að hann fer lánaleiðina, getur hann sett á ær sínar, á hey, sem hann átti, í staðinn fyrir að drepa þær sjer til stórskaða, og hefði þá að líkindum lent á sveitinni. En nú byrjar hann á næsta ári að borga skuldirnar, og á síðustu árum hefir hann greitt þær allar og átti inni í verslunum.

Þótt þessum manni hefðu verið gefnar 50—100 krónur, þá hefði það alls ekki bjargað honum neitt. En ca. 1000 kr. lán eða líðan á skuldum gerði betur en að bjarga honum, og enginn tapaði eyri. Jeg hygg því, að meiri not sjeu að því að lána 1000 krónur en að gefa honum 100 krónur, ef maður þarf á annað borð á hjálp að halda. Þessa reynslu hefi jeg fengið sjálfur, því að jeg hefi oft tekið lán og orðið að góðu. Jeg þekki líka fleiri dæmi um þetta.

Nú má búast við að verslanir úti um land verði ekki svo stæðar, að þær geti umliðið menn mikið eða lánað. En nú geta þeir, sem hafa efni á, ekki heldur tekið út vörur ótakmarkað, en fátæklingar, sem fá lánsstyrkinn, geta fengið vörur, eins og aðrir. Jeg hygg því muninn á brtt. og frv. mikinn og til stórbóta.

Um sjómanninn er það svo, að ómögulegt er að styrkja hann heppilegar, þegsvo er komið, að hann verður að láta bát sinn og veiðarfæri fyrir matbjörg, en með því að lána honum, svo að hann geti haldið bátnum og veiðarfærum, afiað á bátinn og þannig borgað lánið. Alveg sama er með bóndann. Honum verður notadrýgst að fá lán, til þess að þurfa ekki að minka bústofninn. Og það er mikill kostur við brtt. nefndarinnar, að ef þessi takmarkaða upphæð dugir ekki, þá er mögulegt eftir till. hennar að fara hærra, þegar brýn nauðsyn er til. Því að það er ekki nóg fyrir bóndann að geta fleytt fram 10—12 ám, eigi hann 40, og ofiítil hjálp sjávarútvegsmanninum að bjarga að eins bátnum hans, ef hann verður að selja veiðarfærin.

Jeg skil ekki, hvers vegna hæstv. fjármálaráðh. getur litið svo á, að þessar till. nefndarinnar verði þess valdandi, að landssjóður verði að borga út fje að nauðsynjalausu. Engin sveitarstjórn fer að snikja fje út úr landssjóðnum, þegar hún fyrst þarf að leggja fram tryggingu og borga svo sjálf helminginn af því, semveitt er fram yfir ákveðna upphæð.

Það hefir verið sagt hjer í háttv. deild, að dýrtíðarlögin frá síðasta þingi hafi verið ómerkileg. Þetta er ekki rjett. Að vísu voru lánskjörin óþarflega rúm, en engin bót væri frá þeim að fá annað eins frv. og þetta. En það var gert eitt rangt í Nd. í fyrra, þegar feld var brtt. við 3. gr. um, að sú grein fjelli burt, því að í henni var gert ráð fyrir, að þegar að því kæmi, að menn gætu ekki borgað, þá skyldu lánin talin sveitarstyrkur. En með því var gefið í skyn, að þetta væri ekki lán, heldur að eins gjald. Þessi skilningur gerði hin gild-

andi lög ómöguleg. Þó skal jeg játa, að þegar um dýrtíðarlög er að ræða, er óviðfeldið að lána með sömu kjörum eins og í »normal« ári, eða með lakari kjörum en aðrar stofnanir. Sparisjóðir lána nú gegn 5% og 5½ eða 5¼%. Brtt. nefndarinnar gera ráð fyrir 6% vöxtum. Þetta gæti jeg ekki skrifað undir, nema að eins af því, að stjórnin vill í frv. sínu gefa 33⅓% af allri dýrtíðarhjálpinni. Jeg er helst á móti allri hjálp, nema lánum, en vildi helst hafa þau rýmileg. Það er rangt að halda, að bankar og sparisjóðir láni ekki, þó að sveitarsjóðir geti í síðustu forvöð leitað til landssjóðs um lán. Þeir munu alls ekki síður lána fyrir því, einkum þegar þeir sjá sjer hægt að lána með betri kjörum en landssjóðurinn leggur fram.

Hæstv. fjármálaráðh. talaði um, að stjórnin gæti heimildarlaust aukið við dýrtíðarhjálpina, ef verulega neyð bæri að höndum, en brtt. mundu valda henni meiri vafningum, ef þær yrðu samþyktar, þar sem sveitarfjelög mundu þá óð og uppvæg biðja um lán, þó að aldrei kæmi til þess, að veruleg neyð yrði. — Þetta er algerlega ástæðulaus ótti hjá honum, og jeg hygg hann ekki geta talað af meiri þekkingu um sveitarstjórnir en þingmenn yfirleitt, að minsta kosti þeir, sem gamlir eru orðnir og hafa sjálfir setið mörg ár í sveitarstjórn. Jeg veit, að sá hugsunarháttur ríkir hjá sveitarstjórnum og bændum yfirleitt, að vilja ekki leggja meira á sveitarsjóðinn en brýn nauðsyn er til.

Háttv. þm. Ísaf. (M. T.) hafði ýmislegt að athuga við 6. gr. frv., sem nefndin ætlast til að verði. Jeg álít greinina þarfa og rjettmæta. Menn þurfa eitthvert aðhald til þess að borga, þegar hægt er, og jeg álít besta aðhaldið, að þeir þurfi hvorki að bendla sig við betl nje sveitarstyrk. Og það vilja flestir vinna fyrir sjer í lengstu lög, heldur en að þiggja af sveit. En hins vegar er alveg rjett að skoða lánin sem sveitarstyrk undir eins þegar menn standa ekki í skilum á rjettum tíma.

Háttv. 2. þm. G.-K (K. D.) sagði hætt við því, að sveitarstjórnir tækju tillit til þess, hvort maður væri sveitlægur eða ekki, þegar dýrtíðarhjálpin yrði veitt. Jeg held líka, að styrkúthlutunin úr ellistyrktarsjóðunum hafi orðið til þess, að sýna mjer fram á, að það er alt annað að vera sveitlægur í hreppnum, þegar styrknum er úthlutað, eða ekki. Það er því alveg rjett, sem háttv. þm. (K. D.) sagði, að það er mikið athvarf að vera í sinni sveit. Ef margir menn í hreppnum eru utansveitar, þá er eini kosturinn sá, að sveitarstjórnir noti aldrei lögin, til þess að komast hjá að leggja skatt á sig til þess að styrkja utansveitarmenn. Að vísu yrði aldrei svo mikil áhætta að lána þeim utansveitarmönnum, sem að eins væru búnir að vera fá ár í hreppnum, enda þótt fátækir væru. En ef nú maður, sem rjett er kominn að því að vinna sjer sveitfesti í hreppnum, fær lán, og hreppsnefnd vill svo losna við, þá er ekki víst, að hann fari. Þegar svona stendur á, að maðurinn er ef til vill búinn að vera á 10. ár í hreppnum og hreppurinn vill heldur losna við hann, mætti vel hafa sjerstakt ákvæði í lögunum. Þess vegna hefir mjer dottið í hug, hvort ekki mætti bæta aftan við 6. gr. nefndarinnar þessum orðum: veittan þegar lánið var veitt. Þetta gæti orðið til þess, að utansveitarmenn fengju lán alveg óþvingað af sveitarstjórn. Úr þessu verður hjá mjer sama sem er fyrirsögn á lögum einum, þ. e. skilyrðisbundinn hegningardómur. Og mjer finst þetta vel geta gengið, því að jeg er ekki svo hörundsár, að jeg áliti það vítavert af þinginu, þó að sveitfestis-

ákvæðin sjeu bundin, — þegar menn geta komist undan þeim nær þeir vilja.

Háttv. þm. Ísaf. (M. T.) furðaði á því, að það skuli kallað dýrtíðarhjálp, sem nefndin fer fram á að veita. En það er dýrtíðarhjálp að veita lán, þegar mest er þörfin vegna óhagstæðra viðburða, sem hafa haft áhrif á atvinnuvegina. Og svo er þess að gæta, að nokkuð af þessari hjálp er líka óendurkræfur styrkur, án þess að skoðast sveitarstyrkur. Ætli sveitarstjórnum þyki ekki nóg að láta þennan styrk til utansveitarmanna, þó að þeir fái ekki meira.

Guðmundur Ólafsson: Jeg skal ekki vera fjölorður, enda orðnar langar umr. Að eins ætla jeg að minnast á örfá atriði viðvíkjandi því, sem hæstv. fjármálaráðh. og háttv. þm. Ísaf. (M. T.) sögðu.

Það er ekki hægt fyrir hæstv. fjármálaráðh. að halda því fram í alvöru, að landssjóður þurfi að sjálfsögðu að borga miklu meira fje til dýrtíðarhjálpar eftir till. nefndarinnar, því að fyrstu 10 kr. á mann, er sveitar- og bæjarfjelög veita, verður að líkum ekki leitað til landssjóðs með, nema þá að litlu leyti, og undarlegt er að gera ráð fyrir, að öll sveitarfjelög biðji um lán, og halda því jafnframt fram, að þeim, sem lakast verða stödd, muni nægja þessi hjálp. Samkvæmt stjórnarfrv. má verja 15 krónum á mann til dýrtíðarhjálpar; það verða ca. 1,350,000 krónur í alt. Þar af á svo landssjóður að gefa þriðjunginn, eða ca. 450,000 krónur, í stað þess, sem nefndin ætlast til, að hann láni fje með sanngjörnum vöxtum. Lánaþörfin má verða alveg ótrúlega mikil, ef leið sú, sem nefndin vill fara, verður ekki kostnaðarminni fyrir landssjóðinn, auk þess, sem hún er margfalt notadrýgri fyrir þá, sem hjálparinnar eiga að njóta.

Háttv. þm. Ísaf. (M. T.) talaði mikið um, að brtt. væru ófærar, en honum þótti frv. ekki heldur gott. — Þá talaði hann (M. T.) um þann stríðsgróða, sem gerði mönnum fært að leggja mikið á sig, en á síðasta þingi mátti hann ekki heyra stríðsgróða nefnan, er frumv. um tekjuskatt var til umræðu. Annars kom það fram í ræðu hans, að hann taldi lán ekki hjálp, og þótti ekkert gott, nema það, sem ekki þarf að borga aftur, þ. e. styrkur. En hvers vegna tók þá Ísafjörður 100 þús. kr. lán síðastliðinn vetur?

Þá var honum illa við kolaúthlutunina. Vildi hann láta haga henni öðruvísi en áður og taldi sjálfsagt, að sjómenn fengju kolin með betri kjörum en aðrir, því að þeir gætu ekki aflað sjer þeirra þegar þeir væru á sjónum. En það er nú svo með alla, að þeir geta ekki tekið upp mó, eða aflað sjer annars eldsneytis, þegar þeir eru við aðra atvinnu, en hún getur þó gert þá færa um að kaupa það. Annars var öll hans ræða miðuð við Ísafjörð og ástandið eins og það er þar í hans augum, en fullljóst var háttv. þm. (M. T.), að Ísafjörður þyrfti á miklum styrk að halda, og að ekki gæti komið til mála, að Vestmannaeyingar þyrftu hans með.

Halldór Steinsson: Jeg vil að eins gera örstutta grein fyrir atkv. mínu, því að jeg er í nokkrum vanda með það.

Frv. stjórnarinnar hefir þann tilgang að hjálpa, ef almenna neyð ber að höndum hjá einhverju sveitarfjelagi. En þótt sá sje tilgangur frv., þá verður þeim tilgangi ekki náð, þótt frv. verði að lögum. Það liggur í augum uppi,

að 15 kr. styrkur á mann hvern er of lágur til þess, en hins vegar er hann, þótt hann sje svona lágur, nógu hár til þess að binda landssjóði tilfinnanlega bagga, þar sem hann gæti kostað landssjóðinn, eftir því er hæstv. fjármálaráðherra sagðist frá, alt að $^1/_2$ miljón kr. Auðvitað er þar gengið út frá, að öll sveitarfjelög landsins mundu nota styrkinn. Það má raunar gera ráð fyrir, að svo verði ekki, en jafnvíst er hitt, að mikill meiri hluti þeirra mundi nota hann, því að sveitarfjelögin mundu hegða sjer hjer eins og hver »praktiskur« maður mundi gera, en allir fjármálahygnir menn mundu taka 100 kr. lán, ef þeim væru jafnframt gefnar 33 krónur, og það án tillits til þess, hvort mikil eða lítil þörf væri til lántökunnar. Það er því mjög hætt við því, að mikið af þessu yrðu óþarfa útgjöld fyrir landssjóðinn. Og þeim mun fremur er jeg á móti þessu, þar sem hæstv. fjármálaráðherra lýsti yfir því, að ef verulega neyð bæri að höndum, teldi stjórnin það skyldu sína að taka í taumana og hjálpa, án tillits til þess, hvort hún hefði lagaheimild til þess eða ekki. Enn fremur er þetta óþarft, þar sem dýrtíðarlög síðasta Alþingis eru enn þá í gildi og stjórnin samkvæmt þeim hefir heimild til að lána sveitarfjelögum, ef neyð ber að höndum.

Brtt. bjargráðanefndarinnar byrja vel, en þegar 4. gr. nefndarinnar tekur við, þá finst mjer, að nefndin komist í ósamræmi við það, er fyrri till. hennar halda fram, því að í fyrri greinunum er því haldið fram, að miða verði dýrtíðarhjálpina einvörðungu við þörfina, sem er fyrir hana, en í 4. gr. nefndarinnar er sama sem verið að ýta undir sveitarfjelögin að taka dýrtíðarlán, þótt þörfin sje ekki fyrir hendi. Um að svo sje er jeg samþ. hæstv. fjármálaráðherra.

Lögin verða að vera svo, að hægt sje að veita hjálp, þar sem hennar er þörf, en ekki veita hana jafnt verðugum og óverðugum.

Jeg vildi því óska þess, að nefndin tæki nú brtt. sínar aftur og lagaði þær til 3. umr., því að eins og þær liggja nú fyrir, get jeg ekki greitt þeim atkv. mitt.

Magnús Kristjánsson: Háttv. þm. Snæf. (H. St.) áleit, að till. nefndarinnar væru góðar, en væru þó óaðgengilegar, en jeg vil biðja hann að gæta að því, að það veitir ekki af að hjálpa sveitarfjelögunum, svo að þau hjálpi eftir því, er þörf krefur og þau telja sjer fært. Þegar hann athugar þetta, vænti jeg, að hann sjái sjer fært að greiða atkv. með brtt. nefndarinnar.

Um ræðu háttv. þm. Ísaf. (M. T.) vil jeg undirstrika það, sem jeg sagði áðan, að þar var margt á misskilningi bygt hjá þeim háttv. þm. (M. T.). Hann (M. T.) hugði, að framfærslusveitin yrði að telja það sveitarstyrk, sem hún yrði að greiða til dvalarsveitar einhvers, er styrk hefir fengið, en ekki getað endurgoldið hann á rjettum tíma. En þetta er misskilningur einn. Það er ekkert ákvæði, er skyldi framfærslusveitina til að telja það sveitarstyrk.

Dæmi það, er háttv. þm. Ísaf. (M. T.) tók, um lántöku Ísafjarðar, var ekki heldur vel ljóst. Hugsum oss, að Ísafjarðarkaupstaður taki 30 þús. kr. dýrtíðarlán, þá fengi hann 10 þús. kr. styrk, og ef lánið væri hærra, þá fengi hann enn þá hærri styrk. Þetta er rjett dæmi, en dæmi hans var ekki rjett. En sem betur fer, þá mun Ísafjarðarkaupstaður nú vera svo á vegi staddur, að hann þurfi ekki á slíkri lántöku að halda.

Mjer þykir það harla óviðkunnanlegt, að verið sje í þessu sambandi að tala um blóðpeninga, þegar þingið er að

gera hvað auðið er til hjálpar, ef neyð bæri að höndum, og jeg verð, fyrir mitt leyti og nefndarinnar, að mótmæla slíkum ummælum sem rakalausum og óviðeigandi.

Háttv. þm. Ísaf. (M. T.) skaut því fram, að hin góða afkoma almennings nú væri hvorki að þakka þingi nje stjórn, en þar verð jeg að vera á öðru máli. Jeg held jeg verði að slá því föstu, að alt að helmingur landsmanna hafi bjargast fyrir hyggilegar ráðstafanir landsstjórnarinnar og Alþingis. Það var sjeð um, að fóðurbætir væri til, og með því var bjargað skepnum mjög víða um landið. Að Ísfirðingar hafi beðið um fóðurbæti og verið neitað um hann, eins og háttv. þm. Ísaf. (M. T.) sagði, er ekki nema hálfur sannleikur, því að þótt þeim væri neitað um kornið, þá var þeim bent á annan fóðurbæti, sem stóð þeim til boða. En þeir þurftu ekki að nota hann. Kornvöru var ekki hægt að veita þeim, því að þá var lítið af henni í landi hjer, en á var aðflutningsteppa, sem ekki var hægt að sjá hve nær mundi ljetta. Það hefði því verið óforsvaranlegt að nota kornvöruna til skepnufóðurs, þar sem líka annar fóðurbætir var til.

Fjármálaráðherra (S. E.): Háttv. þm. Ísaf. (M. T.) spurði að því, hvernig skilja bæri 6. gr. í frv., þar sem segir:

»Enn fremur er landsstjórninni heimilt, frá þeim tíma, er lög þessi koma í gildi, og til 1. september 1919, að verja fje úr landssjóði til atvinnubóta í beinar þarfir framleiðslunnar og til kaupa á afurðum af dýrtíðarvinnu bæjar- eða sveitarfjelaga, svo sem efni til undirbúnings stórhýsa, er sýnilega þarf að reisa innan skamms, vega, brúa og hafnargerða«.

Í tilefni af því skal jeg taka það fram, að greinin, svona orðuð, var sett inn í frv. í háttv. Nd.; aftur var þessi grein öðruvísi orðuð í frv. stjórnarinnar; þar var hún orðuð eins og í núgildandi dýrtíðarlögum. Jeg get því ekki gefið aðra skýringu á greininni en þá, er liggur í henni sjálfri.

Háttv. þm. Ak. (M. K.) hefir svarað ummælum háttv. þm. Ísaf. (M. T.) um fóðurbætinn, svo að óþarft er að endurtaka það, en í sambandi við það skal jeg geta þess, að Ísafjarðarkaupstaður fekk í vetur 100 þús. kr. dýrtíðarlán úr landssjóði. Var það rjettmæt lánveiting, og brýn og mikil þörf fyrir lánið. Um það er jeg sannfærður. Hún hefir óvíða eða hvergi verið meiri.

Um skattalögin, er háttv. þm. Ísaf. (M. T.) vjek að, skal jeg og taka það fram, að þeirra er full þörf, til þess að landsbúið geti borið sig án þess að lifa á eintómum lánum. En þrátt fyrir það, þótt þau nái fram að ganga, mun þurfa að grípa til lána.

Þá vil jeg víkja mjer að ræðu háttv. 4. landsk. þm. (G. G.). Hann var að tala um það, að takmarkanir fyrir styrknum væru fastari í brtt. nefndarinnar en í frv. Jeg verð að játa það, að jeg sje ekki muninn.

Háttv. þm. (G. G.) nefndi dæmi, sem áður hefir verið tilfært í háttv. Nd., af hreppsfjelagi með 300 íbúum, og hann vildi sýna fram á það, hvernig frv. og hvernig brtt. nefndarinnar verkuðu á hreppinn. Eftir frv. stjórnarinnar á hreppurinn að fá 1500 kr. óafturkræfan styrk úr landssjóði, þegar hann hefir tekið 3000 kr. lán til dýrtíðarhjálpar. Eftir till. nefndarinnar þarf hreppurinn fyrst að taka 3000 kr. lán úr landssjóði; síðan verður hann að taka 750 kr. lán úr landssjóði og fær þá 750 kr. gefins. Eftir till. skuldar því hreppurinn þá 3750

kr. og hefir fengið 750 kr. óafturkræfan styrk. Hreppurinn skuldar því 750 kr. meira eftir brtt. nefndarinnar en frv., og jeg fæ því ekki sjeð, hvernig háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) vildi láta svo líta út, sem hreppurinn væri betur fær að hjálpa eftir till. nefndarinnar en frv. Jeg sje ekki annað en að það sje alveg mótsett, og sveitarfjelagið verði færara til hjálpar eftir frv. stjórnarinnar. Þetta virðist og liggja í augum uppi, þar sem landssjóður veitir eftir frv. 750 kr. meiri styrk sem óafturkræfan, en hreppurinn skuldar 750 kr. meira eftir till. nefndarinnar.

Að kalla þennan óafturkræfa styrk betlistyrk nær engri átt, enda haga allar þjóðir hjálp sinni á sama grundvelli og stjórnarfrv. er bygt. Danir t. d., eins og jeg tók áður fram, selja smjör o. fl. nauðsynjar undir verði, greiða atvinnulausum mönnum kaup úr ríkissjóði, og þetta telja allir sjálfsagt og rjett. Hjer er sama »princip« og í frv.

En það er annað, er jeg vil enn þá taka fram og legg áherslu á, og það er, að sveitarfjelögunum er veittur miklu greiðari aðgangur að landssjóði eftir brtt. nefndarinnar en frv. En þar sem háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) hugði, að stjórnin vildi losna við þetta vegna annríkis, er því fylgdi, þá er það misskilningur. Stjórnin vill ekki bliðra sjer hjá neinni vinnu, allra síst þeirri, er hún hyggur að alþjóð megi gagn að verða.

Um það get jeg fullvissað háttv. þm. (G. G.), en það er mjög erfitt, er fje er af skornum skamti, að úrskurða, hverjir hafi lánaþörf og hverjir ekki, og svo enn fremur, hve miklu eigi að verja í þessu skyni, bæði í heild sinni og á hverjum einstökum stað. Ef það er ætlun háttv. nefndar að veita sveitarfjelögunum ríflegri styrk en frv. gerir ráð fyrir, þá eru ýmsar aðrar leiðir en þær, er brtt. fer, og þær betri, t. d. að veita meira fje fyrir íbúa hvern, selja smjör undir verði eða fleiri nauðsynjar. Það er víst, að bæirnir, t. d. Reykjavík, stynja undir oki dýrtíðarinnar, og það er ekki nema eðlilegt, þegar 1 kíló af smjöri kostar 6 kr. eða þar yfir, 1 lítri af mjólk 52 aura og kolatonn yfir 300 kr. Það sjá allir, að þetta er ofverð fyrir fátæka fjölskyldumenn.

Háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) nefndi dæmi þess, að lán kæmu að góðu haldi. Því dettur mjer ekki í hug að mótmæla; jeg efa ekki, að hygnir menn hafi oft og einatt grætt á lántökum sínum, en það er alt annað mál en það, sem hjer liggur fyrir, því að hjer er um fleiri leiðir að ræða. Fyrir landssjóðinn er miklu betra að láta einhverja vissa upphæð heldur en að vera bundinn þeim bagga, að veita öllum sveitar- og bæjarfjelögum þau lán, er þau kunna að þarfnast. Það veit enginn, hversu sá baggi verður stór, eða hvort landssjóður má undir honum rísa.

Jeg verð að líta svo á, að það sje hyggilegra að reyna að auka sparnað hjá sveitarfjelögunum heldur en að örfa þau til lántöku. Það er hollast, að hver spili sem mest á eigin spýtur.

En setjum svo, sem jeg vona að hvergi verði, að eitthvert hjerað sje svo illa statt, að algerð neyð ríki þar, þá hlýtur og á landsstjórnin að hjálpa, hvort svo sem nokkur lög eru um það eða ekki. En frv. er ekki miðað við hungursneyð. Það stendur ofar. Því er ætlað að veita hjálpina svo snemma, að veruleg neyð sverfi ekki að.

Og ástæðan til þess, að stjórnin bar fram þetta frv., var sú, að stjórnin leit svo á, að eigi væri hægt að binda landssjóði svo þungan bagga, að hann yrði skilyrðislaust að veita öll þau lán, er sveitarfjelögin kynnu að þurfa.

Forseti: Mjer hafa borist tilmæli um að taka málið út af dagskrá, og mun jeg verða við því.

Magnús Torfason: Jeg fæ ekki sjeð, til hvers er verið að taka málið út af dagskrá, þegar allir eru dauðir. En jeg skal halda mjer við þingsköpin og að eins koma með persónulegar athugasemdir.

Háttv. þm. Ak. (M. K.) fann ástæðu til þess að reyna að bera blak af landsstjórninni út af fóðurskortinum á Ísafirði. Hann sagði, að Ísfirðingum hafi verið boðinn fóðurbætir, en þeir hefðu ekki þegið. Þetta er að vísu rjett; en þó ekki nema hálfur sannleikurinn. Grunnvíkingar urðu fóðurlausir og komu til Ísafjarðar, en þá voru Ísfirðingar orðnir fóðurlitlir líka og fóðurþörfin brýn.

Það náði vitanlega ekki nokkurri átt að fara að senda skip eftir fóðurbætinum um hávetur, sem kæmi ekki til baka fyr en eftir heilan mánuð. Kílóið af fóðurbætinum mundi hafa kostað afarfje, svo að ekki hefði hann bætt mikið úr neyðinni. Það sem hjálpaði var, að kaupmenn áttu eftir í lögginni dálitið af fúnum mais og ormamjöli, og við það var bjargast til 7. apríl. En hvað síðar varð veit jeg ekki, því að þá fór jeg hingað áleiðis.

Háttv. þm. Ak. (M. K.) hneykslaðist á því, að jeg kallaði dýrtíðarstyrkinn blóðpeninga, en jeg ætla mjer að standa við, að það sje rjettnefni. Hvað er það, sem þingið er að gera? Það ætlar að kasta nokkrum krónum í þá, sem vegna dýrtíðarinnar rata í vandræði, en jafnframt ætlar það að taka af þeim þeirra helgustu mannrjettindi. Slíkan styrk kalla jeg blóðpeninga. Það virðist svo sem fólkið, alþýðan, eigi ekki upp á pallborðið hjá háttv. þm. Ak. (M. K.).

Forseti: Jeg tek málið út af dagskrá og mun taka það aftur á dagskrá er háttv. deildarmenn óska.

Umr. frestað.

Á 42. fundi í Ed., miðvikudaginn 12. júní, var framhaldið 2. umr. um frv. (A 170, 287, n. 294, 335).

Framsm. (Sigurjón Friðjónsson): Þegar þetta mál var hjer síðast til umræðu, þótti sumum það ekki koma greinilega fram í umræðunum, hver munur er á frv. stjórnarinnar og brtt. nefndarinnar. Jeg vil nú gera eina tilraun enn til að skýra muninn á frv. og brtt.

Eins og háttv. þm. vita, þá eru uppi hjer á þingi tvær ólíkar stefnur í þessu máli; önnur stefnan vill láta veita styrki, og þeir fylgja frv., en hinir vilja veita lán, og þeirri leið fylgdi bjargráðanefndin í háttv. Nd., en till. hennar fjellu í Nd. með litlum atkvæðamun.

En í brtt. þeim, sem hjer er um að ræða, er reynt að finna samkomulagsleið milli þessara tveggja stefna. Jeg fyrir mitt leyti er fult svo velviljaður þeirri stefnu, er hæstv. stjórn hefir tekið og kemur fram í frv., styrkveitingastefnunni.

Jeg hefi ekki orðið annars var en að margir sæmilega stæðir menn gætu þegið bitlinga úr landssjóði klígjulaust, og sje ekki ástæðu til þess að ætla, að fátæklingar geri það síður. En jeg veit líka, að til eru margir menn, er vilja komast áfram á eigin ramleik og eigi vilja þurfa að þiggja styrk af opinberu fje, og því var það, að mjer og fleirum þótti rjett, að lánaleiðin væri líka opin, svo að báðar leiðir væru til.

Í öðru lagi er hjer annar og stærri

munur. Í frv. er engin leið til að hjálpa þeim, sem mest þurfa hjálpar með. Jeg fyrir mitt leyti tel það hneykslí að samþykkja frv., sem svo er úr garði gert. Í frv. er sett það skilyrði fyrir hjálp úr landssjóði, að sveitarfjelögin leggi fram $^2/_3$ af hjálpinni, en þar sem sveitarfjelagið getur hvorki hækkað útsvör nje tekið eða fengið lán, þá er ekki leyfilegt að hjálpa því eftir frv. Þau sveitarfjelög gætu má ske tekið hallærislán, en það má þá eins veita hallærislán í öðrum tilfellum og telja frv. gagnslaust kák.

Úr þessu hefir nefndin viljað bæta, en þá hefir það verið fundið að till. nefndarinnar, að þær gengju of langt, svo að eigi væri hægt að segja um það fyrir, hversu mikið landssjóður þyrfti að leggja fram í þessu skyni. Bjargráðanefndin vildi treysta stjórninni til lánveitinganna, en stjórnin vill að þingið segi: Þetta má lána, en ekki meira.

Nú hefir nefndin rjett fram höndina til sátta við hæstv. stjórn og ber fram brtt. þá, sem prentuð er á þgskj. 335.

Þar er ákveðið, að hinn óafturkræfi styrkur úr landssjóði megi ekki nema meiru en 5 kr. á mann, og verður þá hæsta fjárveiting, er komið getur til greina úr landssjóði, 20 kr. á mann, 15 kr. lán og 5 kr. óafturkræfur styrkur, og næmi það, ef allir landsmenn þyrftu hjálpar, 1,800,000 kr., en vitanlega kemur aldrei til þess, bæði vegna þess, að ýms sveitarfjelög þurfa ekki hjálpar, og eins vegna þess, að ýms sveitarfjelög fengju lánið annarsstaðar en hjá landssjóði.

Jeg hefi nú gert grein fyrir muninum á frv. og brtt. nefndarinnar og vænti þess, að háttv. þm., er þeir athuga málið, sjái það heppilegast að greiða atkv. með brtt. nefndarinnar.

Fjármálaráðherra (S. E.): Hv. framsm. (S. F.) tók það rjettilega fram, að í háttv. neðri deild komu fram tvær stefnur í þessu máli. Önnur var stefna stjórnarinnar, að veita takmarkaðan styrk, 5 kr. á mann, bundinn við 10 króna framlag frá sjálfri sveitinni. Hin var stefna nefndarinnar, að veita lán, sem færu ekki fram úr 10 krónum á mann. Eftir brtt., sem fram voru komnar frá nefndinni við fyrri hluta þessarar umræðu, skyldi fyrst veita 10 kr. lán á mann, en síðan ótakmarkað lán og ótakmarkaðan styrk. En nú er komin fram ný brtt. frá sömu nefnd, þess efnis, að fyrst verði veitt 10 kr. lán á mann, síðan 5 kr. styrkur og ótakmarkað lán. Svo hefi jeg skilið brtt., og vil jeg skjóta því til háttv. framsm. (S. F.), hvort þetta sje ekki rjett. (**Frsm. S. F:** Þetta mun ekki alls kostar rjett skilið hjá hæstv. fjármálaráðh. Hugsun nefndarinnar er, að fyrst skuli veitt 10 kr. lán á mann, síðan styrkur og lán, og standist það á endum. En þar sem 5 kr. hámark er sett fyrir styrknum, þá nær það líka til lánsins, því að hvorttveggja fjárhæðin á að vera jafnhá). Jeg skal ekkert um það segja, hvort þetta muni vera rjettur skilningur á brtt.; eini skilningurinn, sem hægt er að leggja í hana, er það ekki. Þó skal jeg í útreikningi mínum taka tillit til þessara skýringa. Fyrst er 10 kr. lán á mann; það verða 900 þús. kr. Svo er 5 kr. styrkur á mann; það verða 450 þús. kr. Þá er jafnmikið lán, 450 þús. kr, ef skilningur háttv. framsm. (S. J.) er rjettur. Lánin nema því 1350 þús. kr. og styrkurinn 450 þús. kr., samtals 1,800,000 kr.

Ef sá skilningur, er jeg fyrst nefndi, er lagður í brtt., verður fjárhæðin enn meiri.

Það er skoðun stjórnarinnar, að fjárhagur landsins leyfi ekki með nokkru móti, að svona langt sje gengið. Það má búast við, að þessum lánum yrði haldið áfram meðan stríðið stendur; fjárhæðirnar mundu ekki fara lækkandi eftir því, sem stríðsárin bætast fleiri við, heldur þvert á móti hækkandi. Það gæti því orðið dálagleg summa, sem landssjóður yrði að snara út á næstu árum, ef þessi brtt. nefndarinnar yrði samþykt. Auk þessa er jeg sannfærður um, að frv., svona breytt, ætti sjer einkis lífs von í háttv. Nd. Brtt. nefndarinnar þar voru feldar, af því að þær þóttu ganga of langt, og gengu þær þó síst eins langt og þessar.

Niðurstaðan, ef brtt. verða samþyktar, yrði að líkindum sú, að frv. strandaði, því að nú er mjög farið að líða á þingtímann. Yrðum við þá að búa við þau lög, sem nú gilda, að minsta kosti eitt ár enn, og væri það illa farið.

Legg jeg svo eindregið á móti því, að brtt. nefndarinnar verði samþyktar, og lýk máli mínu í þeirri von, að frv. verði ekki látið hrekjast á milli deildanna, því að það er sannfæring mín, að það mundi að líkindum ríða því að fullu, vegna þess, hve áliðið er orðið.

Eggert Pálsson: Eins og háttv. deildarmönnum er kunnugt, er jeg illa við búinn að halda langa ræðu um þetta mál. Jeg hefi verið fjarstaddur um tíma og hefi því ekki haft tækifæri til að kynna sjer meðferð málsins hjer í deild inni. Væri mjer því ljúfast að þurfa ekki að greiða atkvæði, svo að engan þátt ætti jeg í afdrifum málsins. Jeg vil þó geta þess, að mjer virðist stjórnarfrv. aðgengilegast af öllu því rusli, sem fram hefir komið um dýrtíðarmálin. Þar eru ákveðin takmörk sett fyrir styrknum, og er það höfuðkostur. Hitt liggur í hlutarins eðli, að ef veruleg neyð — hungur — vofir yfir, muni stjórnin gera það, sem í hennar valdi stendur, til að afstýra voðanum, hvort sem nokkur lagastafur er fyrir því eða ekki. En ef engin knýjandi nauðsyn er fyrir hendi, verður að hafa takmörk fyrir dýrtíðarstyrk eða lánum.

Jeg hefi getið þessa til að gera grein fyrir atkvæði mínu, ef jeg neyðist til að greiða atkvæði. Með þetta fyrir augum mun jeg greiða atkvæði á móti brtt. nefndarinnar.

Magnús Kristjánsson: Jeg tek til máls af því, að svo stendur á, að jeg var ekki viðstaddur þegar nefndin hleypti síðustu brtt. af stokkunum. Jeg er henni algerlega mótfallinn og get því skoðast sem framsögumaður minni hluta nefndarinnar.

Jeg er sömu skoðunar og háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) um það, að hann sje ekki búinn að átta sig á málinu. Það leyndi sjer ekki. Það er ófært að hafa nokkurt takmark fyrir því, hve há lán megi veita. Síðasta brtt. nefndarinnar er því ómynd, svo að jeg segi ekki meira. Það liggur í hlutarins eðli, að það er barnaskapur að setja nokkur takmörk fyrir hjálp, þegar um það er að ræða að bjarga lífi manna. Jeg veit ekki, til hvers stjórnin getur treyst sjer, ef hún þorir ekki að hafa heimild til að verja því fje, sem þarf — hvort sem það er mikið eða lítið — til að bjarga landsmönnum úr neyð. Jeg verð að andmæla síðustu till. nefndarinnar, en fylgi hinum fyrri fast fram. Ef þær verða feldar, sje jeg mjer ekki annað fært en að greiða atkvæði á móti frv. stjórnarinnar. Væri kann ske best farið, að allar brtt. nefndarinnar og sjálft frv. fjelli, eins og það leggur sig, því að þá standa enn í gildi lögin frá síðasta þingi. Þau

lög eru góð. Þau gefa heimild til þess að hjálpa, ef neyð ber að höndum, og það er nóg.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg yrði að telja það mikla óvarkárni af þinginu að varpa allri ábyrgðinni á dýrtíðarmálunum yfir á stjórnina. Jeg veit ekki til, að slík takmarkalaus lánaheimild hafi verið gefin í nokkru landi, sem sú, er felst í till. nefndarinnar. Ef hungursneyð ber að höndum, mun stjórnin auðvitað gera alt til að afstýra henni. En þessi lög eru ekki miðuð við slíkt ástand. Þau eru gerð til að ljetta undir með fátæku fólki í baráttunni við dýrtíðarörðugleikana. Þá hjálp er sjálfsagt að takmarka, og veita hana sem styrk, eins og aðrar þjóðir hafa gert. En verði farið inn á hina brautina, lánaleiðina, veit enginn, hvorki þing nje stjórn, hve mikið fje er í húfi. Út í slíka óvissu má síst fara, þegar svo er háttað fjárhag landsins, sem nú er.

Vonast jeg því til, að allar brtt. nefndarinnar verði feldar, en frv. samþykt, eins og það er komið frá Nd.

Guðjón Guðlaugsson: Framkoma háttv. fjármálaráðherra er ofvaxin mannlegum skilningi. Nú skorar hann á háttv. deildarmenn í hverri ræðu, sem hann heldur — og þær eru margar — að fella brtt, sem bjargráðanefndin ber fram, af eintómri tilhliðrunarsemi og góðvild við hann. Nú veður hann með sömu orðum og áður á móti brtt. nefndarinnar og gáir ekki að því, að síðasta brtt. felur í sjer það, sem hann hefir altaf verið að heimta, sem sje takmark fyrir lána- og styrkveitingaheimildinni. Hámarkið, sem hvorttveggja, styrkur og lán, getur nú náð, er 1800,000 kr., og ber það vott um fádæma takmarkaða vitsmuni að halda, að allir landsbúar þurfi hjálp á næsta ári, svo að hún komist nálægt því takmarki. Jeg leyfi mjer að kalla það takmarkalausa heimsku, hvort sem það er fjármálaráðherra eða aðrir, sem halda því fram. Í sporum fjármálaráðherra mundi jeg hafa greitt atkvæði með brtt. á þgskj. 335, en svo á móti öllum brtt. í heild sinni. Annars verð jeg að lýsa yfir því, að jeg verð að greiða atkvæði á móti frv., ef ekkert af brtt. nefndarinnar verður samþykt. Jeg sje enga ástæðu til að halda, að háttv. Nd. verði fremur á móti brtt. nefndarinnar en þessi háttv. deild kann að verða, og vona jeg, að þær nái því að verða samþyktar, enda þótt háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) hafi gengið í lið með stjórninni, og tel jeg, að hann hafi gert það af skilningsleysi, en ekki öðrum lakari ástæðum, þar sem hann er geistlegur embættismaður og vígður.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg vona, að hv. 4. landsk. þm. (G. G.) skilji, að stjórnin hlýtur að vera á móti síðustu till. nefndarinnar, eins og hinum fyrri, af þeirri ástæðu, að þar er bæði gert ráð fyrir styrk og láni. Það hefir verið stefna stjórnarinnar í þessu máli, að veittur sje takmarkaður styrkur, en engin lán, hvort sem eru takmörkuð eða ótakmörkuð.

Um vitsmuni mína ætla jeg ekki að fara að deila við þingmanninn (G. G.).

ATKVGR.

Brtt. 287, I. feld með 7 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. G., G. Ó., H. Sn., K. D., M. K., S. F., G. B.

nei: E. P., H. St., Jóh. Jóh., K. E., M. T., S. E., S. J.

Brtt. 287, II.—IV. og brtt. 335 teknar aftur.

1. gr. samþ. með 10 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. Ó., H. Sn, Jóh. Jóh., K. E., M. T, S. E., S. J., S. F., E. P., G. B.
nei: H. St., K. D., M. K., G. G.

2.—8 gr. samþ. með 9 : 4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 : 4 atkv.

Á 44. fundi í Ed., föstudaginn 14. júní, var frv. tekið til 3. umr. (A. 170, 347, 355).

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Bjargráðanefndin hefir athugað brtt., sem fram hafa komið, og hefir orðið sammála um að mæla með brtt. á þgskj. 347, en um brtt. á þgskj. 355 er það að segja, að þær koma í bága við skoðun nefndarinnar á málinu.

Nefndin hefir litið svo á, að frv. veiti vel stæðum sveitarfjelögum of auðveldan aðgang að hjálp úr landssjóði, og brtt. á þgskj. 355 ganga einmitt í þá átt, að styrkur til slíkra sveitarfjelaga verði hækkaður.

Annars eru atkvæði nefndarmanna óbundin um brtt. þessar, og munu sumir ef til vill greiða atkv. með einhverjum þeirra, en þó er það nokkuð komið undir því, hvernig brtt. á þgskj. 347 reiðir af.

En við nefndarmenn lítum svo sumir á, að ef frv. verður samþykt óbreytt, þá sje í því sú gloppa, sem ekki megi við una, þar sem það bendir ekki á neina leið til nægrar dýrtíðarhjálpar handa þeim, sem bágast eiga.

En það getum við ekki sætt okkur við.

Magnús Torfason: Jeg vildi að eins gera grein fyrir brtt. á þgskj. 355. Brtt. 2, við 2. gr. frv., er til þess að gera stjórninni hægra fyrir með að takmarka styrkinn til sveitarfjelaganna við verulega neyð.

Svo getur farið, að full þörf sje dýrtíðarhjálpar í einhverju sveitarfjelagi, þótt ekki sje þörf á landshjálp. Jeg skal til skýringar benda á það, að í einum hreppi var í fyrra haust engin fjölskylda á sveit og í fyrra vetur komst að eins ein fjölskylda á sveitina. Hreppur þessi er vel stæður, með blómlegum kaupstað; en þurrabúðarfólki og fátæklingum var þar hjálpað með gjöfum frá einstökum mönnum.

Það virðist því eðlilegt, að slíkt sveitarfjelag hafi leyfi til þess að veita hjálp úr opinberum sjóði, ef það óskar þess.

En jeg tel það meira en hæpið, að sveitarstjórnir geti veitt framfærslustyrk, án þess að það geti talist sveitarstyrkur.

Því er þessi 1. málsgrein brtt. til þess gerð, að landsstjórnin geti samþykt dýrtíðarráðstafanir sveitarstjórna, án þess að veitt sje landshjálp.

En hins vegar er gert ráð fyrir, að eftirlitið sje ríkara en til er ætlast í frv., með því að veruleg neyð sje fyrir hendi, þegar hjálpin er veitt.

Þar á meðal getur landsstjórnin gert að skilyrði fyrir landshjálp, að útsvör hafi hækkað, því að það virðist ófært að veita slíka hjálp þar, sem útsvör eru lág, og með því sýnt, að skattgreiðendur þurfa ekki, eða vilja ekki, neitt á sig leggja, að minsta kosti í bráð.

Á Ísafirði var t. d. ákveðið að byggja skólahús, og var til þess tekið 20,000 kr. lán, í 40 ár, enda þótt útsvör bæjarins væru ekki nema tæp 3000 kr. En eftir 7 ár varð að stækka hús þetta um helming.

En ástæðan til þessarar lántöku var sú, að skattgreiðendur vildu hlífa sjer við beinum og bráðum útgjöldum.

En eins gæti hjer farið, ef hjálpin væri ekki bundin við hækkun útsvaranna.

En stjórninni er það í lófa lagið, með því að rýna sveitarreikninga fyrri ára, að hafa eftirlit með því, hvort hagur sveitarfjelaganna hefir batnað eða versnað, og haga hjálpinni eftir því, því að það er bein mótsögn í því, að veita þeim sveitarfjelögum styrk, þar sem útsvörin eru tiltölulega lág, eftir efnaþoli manna.

Þá er brtt. við 3. gr. frv. Hún fer fram á, að landshjálpin verði misjöfn, eftir því sem við á.

Yfir höfuð er til þess ætlast, að landsstjórnin rífki hjálpina þar, sem neyðin er mest. — Jeg vil í þessu sambandi geta þess, að jeg tek aftur 3. varabrtt.

Jeg hefi furðað mig á því, hversu tregt þingið hefir verið á að veita þessa almennu dýrtíðarhjálp, en jeg hefi skilið það svo, að geigur væri í mönnum við það, að hjálp þessi yrði misbrúkuð, en til þess að fyrirbyggja það eru brtt. þessar komnar fram.

Jeg get ekki hugsað mjer, að stefna þingsins sje sú, að beita miskunnarleysi við þá, sem mest eru hrjáðir og þjáðir af erfiðleikum stríðsins.

Í Grímseyjarför, er þeir Sturlungar gerðu atsókn að mönnum Guðmundar biskups góða, minnist jeg hjer eins atriðis. Biskup náði ekki að leggja blessun sína yfir óskabarn sitt, Aron Hjörleifsson. Í þess stað rjeð hann honum heilræði, en það var þetta: »Ver góður við fátæka, Aron minn«.

Fór Aron að ráðum hans og varð gæfumaður hinn mesti.

Nú er það trú mín, að Alþingi muni eigi síður farnast vel og bera giftu til góðrar úrlausnar málanna á þessum neyðartímum, ef því ferst vel við þá, sem bágast eiga.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg vil að eins benda á ósamræmið, sem er í brtt. á þgsk. 347, staflið a. Ef sú brtt. yrði samþykt, þá liti út eins og bæjarstjórnir heyrðu undir sýslunefndir, en eins og allir vita, þurfa bæjarstjórnir ekki að leita til sýslunefnda um samþykki á lántökum, heldur til stjórnarráðsins. Það er því vafasamt, hvort flutnm. (S. F.) á að halda þessari brtt. fram. Rjettast væri af honum að taka hana aftur. Um staflið b skal jeg ekki ræða, því að það er þegar búið að tala svo margt um lánin.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg er alveg á sama máli og hæstv. atvinnumálaráðh., hvað snertir staflið a á þgskj. 347. Hvað síðari liðinn, staflið b, snertir, þá get jeg fyrir mitt leyti ekki annað en verið á móti honum. Frv. stjórnarinnar ætlast til þess, að sveitarstjórnirnar verði að leggja talsvert á sig til þess að fá styrk. Með brtt. þessari er viss aðgangur veittur að lánunum. Gæti þá farið svo, að þær hækkuðu ekki útgjöld sín um 10 krónur á mann, heldur færu lánaleiðina. Jeg held því, að það »kontrol«, sem liggur í því, að stjórnin veiti styrk, sje farið, ef brtt., b-liður, verður samþykt.

Aftur á móti verð jeg að segja það um brtt. á þgskj. 355, að þær eru samdar á sama grundvelli og stjórnarfrv. Þó álít jeg, að ef frv., með þeim breytingum, kæmi aftur fyrir háttv. Nd, þá yrðu þær því að falli. — 1. og 3. brtt. miða til hækkunar á styrknum. Sú hækkun mundi geta numið yfir 500 þús. krónur, ef veitt yrði að fullu. En nú er það engan veginn útilokað með stjórnarfrv., að sveitarfjelögin geti ekki veitt meiri hjálp en sem svarar 15 kr.

á mann. Meiningin með þeirri upphæð er að eins sú, að tiltaka hvað þurfi minst til þess, að landssjóðsstyrkurinn fáist.

Mjer finst enn fremur 2. brtt. óþörf. Þar er talað um, að stjórnarráðið geti sett hækkun útsvara sem skilyrði fyrir hluttöku landssjóðs í útgjöldum, sem ráðstafanirnar hafi í för með sjer. En í stjórnarfrv. er gert ráð fyrir tveim leiðum til framkvæmdar lögunum, að hækka útsvör og taka lán.

Að öllu athuguðu verð jeg að leggja á móti þeim brtt., sem fram eru komnar. Landsstjórnin hefir í svo mörg horn að líta, og jeg skil ekki, að nokkur geti láð henni það, þó að hún vilji ekki láta binda landssjóði of þunga bagga.

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Í raun og veru hefði breytingin við 5. gr. þurft að vera fyllri; þar hefði þurft að koma »og stjórnarráðs« á eftir orðunum »samþykkis sýslunefnda«. Og til þess, að þetta þurfi ekki að reka sig á, er jeg að hugsa um að taka aftur staflið a, við 5. gr., og mætti svo leiðrjetta þetta í háttv. Nd.

Viðvíkjandi því, sem háttv. þm. Ísaf. (M. T.) talaði um, að þingið ætti að sýna vilja sinn í því að hjálpa bágstöddum, með því að samþykkja brtt. hans, þá skal jeg geta þess, að brtt. nefndarinnar voru einmitt þess eðlis, að hægt var að veita ótakmarkaða hjálp samkvæmt þeim, þar sem þess þurfti við. En þær hjálpaði háttv. þm. (M. T.) til þess að drepa, og sýnist mjer ónauðsynlegt að tala þar um fleira.

Magnús Torfason: Eins og við vitum, er hlutverk fjármálaráðherra í öllum löndum að smala fje í ríkissjóðinn. Fjármálaráðherrann okkar má vera ánægður með að hafa tekist það vel hjer á þingi. En vitanlega skoðar hann þá líka sem sitt hlutverk að »passa« upp á gullið í gjánni. Þess vegna hefi jeg átt bágt með að skilja, hvers vegna dýrtíðarhjálpin hefir verið látin heyra undir fjármálaráðherrann, en ekki undir innanríkisráðherrann, eins og alstaðar tíðkast í heiminum. Jeg hjelt, að fjármálaráðherrann hjer ætti engin undantekning að vera annara fjármálaráðherra heimsins.

Hann var að gera mikið úr hækkun útgjalda fyrir landssjóðinn, sem brtt. mínar mundu valda. En ef fyrsta varatill. mín yrði samþ., yrði hækkunin aldrei yfir 150,000 kr. fyrir landssjóðinn, með $^1/_3$ endurgreiðslu af upphæðinni. 3. brtt. mín hækkar endurgreiðsluna að eins um $^1/_6$, og þarf ekki að endurgreiða nema alt að helmingi. Þar með er ekki sagt, að reglan geti ekki verið að veita að eins 3. hluta, þó að lengra megi fara, þegar fylsta þörf krefur. — Þá er 2. brtt. mín. Með henni á landinu að sparast fje, því að hún kemur í veg fyrir, að sveitarstjórnir sæki um styrk nema um verulega neyð sje að ræða.

Við getum hjer á þinginu fundið nóg ráð til að fylla landssjóðinn, og það er áreiðanlegt, að það verða sveitarfjelögin, sem nú stynja undir dýrtíðinni, sem fyr eða síðar koma til að borga, ef skórinn kreppir að. En jeg álít enga hjálp í því að veita þeim lán með 6% vöxtum.

Fjármálaráðherra (S. E): Jeg vil að eins benda á það, áður en gengið verður til atkv., að verði brtt. á þgskj. 355 samþ., þá eru það 12 kr. 50 aur. 90,000 sinnum eða ein miljón hundrað tuttugu og fimm þúsund krónur, sem landssjóður getur komið til með að verða að láta úti, og er það margfalt

meira fje en svo, að landið beri slík útgjöld.

ATKVGR.

Brtt. 347, a. og 355, 3, varatill., teknar aftur.

— 347, b. samþ. með 9:2 atkv.

— 355, 1., aðaltill., feld með 10:1 atkv.

— 355, 1., varatill., feld með 7:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Jóh. Jóh., K. E., K. D., M. K., M. T., S. F., G. G.

nei: G. Ó., H. St., H. Sn., S. E., S. J., E. P., G. B.

Brtt. 355, 2. tekin aftur.

— 355, 3. (aðaltill.) feld með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: K. E., K. D., M. K., M. T., S. F.

nei: G. Ó., H. St., H. Sn., Jóh. Jóh., S. E., S. J., E. P., G. G., G. B.

Frv., svo breytt, samþ. með 8:3 atkv. og endursent Nd.

Á 50. fundi í Nd., laugardaginn 15. júní, var útbýtt

Frumvarpi til laga um almenna hjálp vegna dýrtíðarinnar,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 362).

Á 51. fundi í Nd., þriðjudaginn 18. júní, var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 52. fundi í Nd., fimtudaginn 20. júní, var frv. aftur tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Nd., mánudaginn 24. júní, var frv. enn tekið til einnar umr. (A. 362, 375, 377).

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Svo er nú komið um þetta mál, að það er komið hingað í því nær sömu mynd og það fór. Eins og háttv. deild er kunnugt, var meiri hl. bjargráðanefndar ekki ánægður með frv., er það var fyr meir til umr. hjer, og þar sem það er enn þá í sömu mynd, leyfir meiri hl. bjargráðanefndar sjer að koma enn þá einu sinni með brtt. Aðalmunurinn á brtt. meiri hl. bjargráðanefndarinnar og frv. er sá, að til þess »að afstýra verulegri neyð af matvælaskorti« vill meiri hl. veita lán, en frv. hallærisstyrk eða gjöf. Hvor leiðin, sem farin er, verður landssjóður, eins og fjárhag hans er nú komið, að taka lán til þessarar dýrtíðarhjálpar. Að vísu mun ekki rjett að tala hjer um hallærisstyrk, því að þennan styrk eða gjöf á ekki að veita þegar hallærið er komið, heldur á að veita hann til þess að afstýra verulegri neyð eða hallæri. Mjer finst það nokkuð undarlegt að vilja gefa mönnum fje til að »afstýra hallæri«, því að verði þeim tilgangi náð með hjálpinni, þá eru líkurnar sem 10:1 fyrir því, að lánahjálpin verði endurgreidd að fullu, en ef hjálpin er veitt sem styrkur, þá eru peningarnir með öllu tapaðir landssjóði. Þetta er grundvallar-mismunurinn á skoðunum meiri hl. bjargráðanefndar og hæstv. stjórnar. Jeg tel það skyldu háttv. Alþingis að líta á fjárhag landsins, er um slík stórmál og þetta er að ræða, og ef stjórnin hefir skýrt rjett frá fjárhagnum hjer í deildinni -- og engin ástæða er til þess að efa það — þá ættu þm. í lengstu lög að reyna að forða landssjóði frá því að grípa til þeirra örþrifaráða, að búta hann niður í hallærisgjafir, og það áður en nokkurt verulegt hallæri er að höndum borið. Dýrtíðarlánin koma alveg að sömu notum og gjafirnar, að því er til þess kemur að afstýra »verulegri neyð«. Gjaf-

irnar forða mönnum ekkert fremur frá hallæri en lánin, en lánin getur landssjóður fengið að fullu endurgreidd, er í ári batnar og gjaldþol landsmanna vex. Lánaleiðin er því og verður eina rjetta leiðin, þótt hún hafi ekki til þessa fundið náð fyrir augum þingsins.

Hæstv. stjórn gerði ráð fyrir því í ástæðunum fyrir frv. sínu, að þessar dýrtíðargjafir, 5 kr. á hvern landsmann, gætu numið 450 þús. kr. Sú upphæð, sem landssjóður kemur til með að lána eftir vorum till., getur að vísu orðið helmingi meiri. Vjer gerum ráð fyrir, að landssjóður láni 10 kr. á hvern íbúa, móti því, að sveitar- eða bæjarstjórn hafi áður lagt fram 10 kr. á hvern íbúa, auk hinna venjulegu útgjalda. Það má því með rökum segja, að ef viðhöfð er aðferð stjórnarinnar, þá sje of fjár kastað á glæ, án allrar endurgjaldsvonar, þar sem með lánsaðferðinni er full trygging fyrir endurgjaldi, er í ári batnar. Þetta vil jeg biðja háttv. þm. að athuga vel, áður en til atkvæða kemur.

Auk þessa verðum vjer að líta á afstöðu þessa máls til landsmanna. Hallærisgjafirnar eru síst til þess fallnar að auka sjálfstæði þeirra eða viðleitni einstaklinganna til þess að bjargast á eigin spýtur; þær eru nokkurskonar sveitarstyrkur. Þetta er því ekki leiðin til þess að efla hug og dug einstaklinganna, heldur ala þær upp í mönnum vesalmensku og amlóðaskap og vantraust á sjálfum sjer. Ef þingið því fellst á þessa aðferð stjórnarinnar, gerir það gyllingar til þess að gera landsmenn að þurfamönnum landssjóðs, og landssjóðinn, sem verður að taka lán til þessarar gjafahjálpar, að enn ver stöddum skuldunaut, og það ef til vill þeirrar þjóðarinnar, sem vjer knýjum nú fastast á um aukið sjálfstæði. Þessa annmarka er lánaleiðin laus við.

Það er ætlast til þess, að þessi lög gildi til eins árs. Meiri hlutinn verður að telja það nokkuð mikla bölsýni, að dýrtíðin gangi á þessu ári svo milli bols og höfuðs atvinnuvegum og fjárþoli þjóðarinnar, að til þess örþrifaráðs skuli þurfa að grípa, að útbýta gjöfum. Ef slík neyð yrði, þá er jeg á sama máli og hæstv. fjármálaráðherra var hjer á dögunum, að öll sú hjálp, sem heitið yrði eftir frv. og till., hvort heldur sem gjöf eða lán, kæmi að engu gagni, og þá yrði auðvitað stjórnin að grípa til einhverra þeirra ráða, og þó að það yrðu örþrifaráð, til þess að forða mönnum frá hungurdauða. En jeg verð nú þvert á móti að álíta, og er jeg ekki talinn bjartsýnn maður, að það verði meiri hluti landsmanna, þetta ár sem lögin eiga að gilda, sem stendur jafnrjettur, hvort sem hann fær 5 kr. fjárstyrk eða ekki. Sama má að vísu segja um þetta 10 kr. lán, en sá er þó munurinn, að landssjóður fær þær aftur, eftir að þær hafa gert sitt gagn, en þessi 5 kr. smágjöf er ekki annað en sundurbútun landssjóðs til óverulegrar hjálpar, sem þó getur numið alt að $^1/_2$ milj. króna og landssjóður þannig fleygir út, án þess að þess sjáist nokkur staður. Þessi styrkur er því, eins og áður er getið, með öllu óendurkræfur fátækrastyrkur, sem þó er veittur, eftir því sem greinir í frv., ekki til þess að bjarga í verulegri neyð, heldur til þess að afstýra verulegri neyð. En verði styrkurinn til þess, að menn standi betur að vígi gagnvart dýrtíð og óáran, þá á að borga hann aftur þegar gjaldþolið vex. Jeg vil leyfa mjer í þessu sambandi að minna á hallærisárin, sem gengu yfir landið nýlega, 1883—88. Þá var svo mikið hallæri, að mönnum lá við dauða af hungri og harðæri. Ár eftir ár var fiskleysi umhverfis Faxaflóa, og grasbrestur var um alt land. Menn geta því nokkurn veginn gert

sjer í hugarlund, hvernig líðan almennings víða á landinu hefir verið. Þegar þetta harðæri steðjaði að, hafði þjóðin fyrir skömmu byrjað þjóðarbúskap sinn, og þótt svo ilt væri ástandið, þá datt samt stjórninni aldrei í hug að gefa einn eyri til hallærishjálpar, en hún veitti upp á sitt eigið eindæmi, og án þess svo mikið sem að spyrja þingið, marga tugi þúsunda að hallærisláni. Það kom heldur engri sveitarstjórn til hugar að biðja stjórnina um gjafir til þess að geta klofið örðugleikana, en þær báðu um lán, og það var þeim veitt, og veit jeg ekki betur en að öll þessi lán hafi verið endurborguð. Þá var að vísu ekki samskonar dýrtíð í landi og nú, en skortur á lífsnauðsynjum var miklu meiri en enn er orðið að þessu sinni, en undir eins og hann var hjá liðinn og í ári batnaði, þá streymdu innborganir til landssjóðsins, svo að á öllum þessum lánum mun hann, þegar öll kurl voru komin til grafar, hafa tapað sáralitlu fje. Jeg held nú, að vjer getum lært mikið á reynslu þessara ára, sem voru sannkölluð hallærisár. Reynslan hefir sýnt oss, að lánaleiðin reyndist þá mjög hentug. Þá bjó líka landið svo vel, að ekki þurftum vjer að taka lán erlendis til þess að geta veitt þessa hjálp. En aftur á móti nú, þegar landssjóðurinn er kominn í óbotnandi skuldafen, höfum vjer stjórn, er dettur slík fásinna í hug, að ausa út fje landsins í gjafir, til þess að afstýra hallæri. Jeg verð því að segja, að það sje ekki vansalaust fyrir þingið að vera að »monta« sig með að heita mönnum hallærisgjöfum, sem landið verður að taka lán til að geta veitt; hitt vansaminna, að lána mönnum fjeð, eins og ástæður vorar eru nú. Mjer virðist það skrítinn búskapur að taka lán með háum vöxtum til þess eins, að gefa peningana, og mjer er nær að halda, og er meira að segja sannfærður um, að bændur, sem sæti eiga í þessum sal, mundu ekki telja það búhnykk að fara svo að ráði sínu. Auðvitað má gera ráð fyrir því, að þótt þetta næsta ár verði ekki svo erfitt, að hallæri standi fyrir dyrum, þá geti næstu ár orðið svo erfið, að erfitt verði um endurgreiðslu lánanna, en þá er hægurinn hjá fyrir þing og stjórn að haga sjer eftir því við skuldunautana og veita þeim lengri borgunarfrest, og í versta tilfelli að gefa jafnvel upp lánin. En jeg fyrir mitt leyti álít, að á næstu árum verði meiri líkur fyrir því, að lánin borgist, heldur en að þau tapist með öllu, og því verð jeg að álíta þessa leiðina æði miklu hyggilegri búskaparaðferð fyrir landssjóðinn. Það má ef til vill hafa það sem keyri á brtt. vorar, að þessi 10 kr. lánsheimild sje helmingi stórtækari á fje landssjóðs heldur en 5 kr. gjafaheimild stjórnarfrv., en þessu er því að svara, að landið stendur sig miklu betur við að taka lán, til þess að lána það út aftur með hæfilegum vöxtum, heldur en að taka helmingi minna lán, til þess að útbýta því sem smágjöfum. Þá finst mjer, að hjer komi til athugunar, hver afstaða sveitar- og bæjarstjórna verði til þessara laga, og jeg verð að álíta, að ef samþ. verður styrkveiting stjórnarinnar, þá veiti hún minni tryggingu fyrir því, að hjálpin komi niður á rjettum stað og þar, sem þörfin er mest, heldur en ef lánaleiðin er farin.

Þessi gjafaleið freistar efnaðri sveitarfjelaga til fjárframlaga, þótt engin veruleg neyð sje fyrir dyrum, til þess að ná í þennan styrk. Efnamennirnir »spekúlera« í því að taka lán fyrir sveitina og ná í landssjóðsstyrkinn, til þess að ljetta á sjer gjöldunum til sveitarinnar, sem menn verða að greiða eftir efnum og ástæðum, og koma því mest á efnamennina, án þess að fátækling-

arnir beri sanngjarnan hlut frá borði. Á þessu er hættan minni, ef lánaleiðin er farin. Efnamennirnir verða þá að bera mest af þeirri byrði, sem á sveitarfjelagið legst, fyr eða síðar, og þá er lítil freisting fyrir nokkurn mann að stuðla að því að ná í fje úr landssjóði, og lítil von um að geta grætt á því, þegar um upphæð er að tefla, sem verður að endurborga að fullu. Þess vegna verður meiri hl. bjargráðanefndar að álíta, að sveitarfjelögin tefli meir á fremsta hlunn með að bjarga sjer sjálf, ef þessi leið er farin. Fátækum sveitarfjelögum gæti að vísu verið það þarfur ljettir, að fá þennan landssjóðsstyrk, en þau yrðu þá að leggja mjög hart að sjer til þess að verða hans aðnjótandi. Ríkari sveitarfjelög geta blátt áfram haft hann að gróðafyrirtæki fyrir sveitina, eða til hlunninda fyrir efnaðri menn í sveitarfjelögunum.

Þegar á þetta er litið, skoðar meiri hl. nefndarinnar þá leiðina, að lána sveitarfjelögunum 10 kr. á mann, í stað þess að gefa þeim 5 kr. á mann, bæði rjettlátari og hollari, og um leið er meiri trygging fyrir, að hún komi að notum og minni freisting fyrir sveitarfjelögin til að leita fjár úr landssjóði um skör fram. — Jeg segi hollari? — Það er hollara fyrir sjálfstæðistilfinningu þjóðarinnar, að þeim, sem hjálpar þurfa, sje veitt fje að láni til að sjá sjer borgið, í stað þess að gera landsbúa að þurfalingum landssjóðs.

Jeg get ekki búist við, að þessar brtt. verði samþ., heldur en fyr, en meiri hl. nefndarinnar vildi samt koma fram með þær til þess að gera enn eina tilraun til að koma málinu í viðunandi horf. En við getum ekki álitið, að málið komist í viðunandi horf, nema gengið sje inn á lánaleiðina í einhverri mynd. Í háttv. Ed. vildi nefndin ekki hætta fyr en í fulla hnefana við tilraunir til að koma frv. í þetta horf, í stað þess að fylgja fram frv. stjórnarinnar, og í þessari háttv. deild er sjálfsagt að reyna það til hins ítrasta.

Forsætisráðherra (J. M.): Mjer þykir leitt, að ekki skuli vera hægt að koma á einhverju samkomulagi um þetta atriði milli þings og stjórnar og milli þingmanna innbyrðis. Mjer sýnist þessu máli komið í það óefni, að ástæða sje til að reyna enn þá að finna einhverja leið til samkomulags. Jeg lít svo á, að vel hefði mátt bíða með að samþ. þessi lög þangað til rjett fyrir þinglitin. Fyr þarf ekkert á lögunum að halda. Það væri ef til vill líka rjettast að geyma að samþ. þau þangað til allra síðast.

Jeg verð að segja það, að jeg er óánægður, bæði með frv., eins og það kemur frá háttv. Ed., og líka með till. meiri hl. bjargráðanefndar. Mjer þykir leitt að heyra þingmenn nú vera að fjargviðrast út af því og berjast á móti því með hnúfum og hnefum, eins og það sje einhver fjarstæða, að landssjóður rjetti mönnum hjálparhönd til að bera dýrtíðarbyrðarnar. Þótt þingið veiti nú tæpa $^1/_2$ miljón til dýrtíðarhjálpar, þá er það ekki neitt óheyrilegt, þegar þingið í fyrra veitti svipaða upphæð í sama tilgangi, að eins til að setja niður verð á einni vörutegund og það þó ekki nema að nokkru leyti. Það er alveg samskonar, sem farið er fram á í þessu frv., og það, sem gert var í fyrra, með niðurfærslu kolaverðsins. Nú eru allar vörur dýrari en þær voru þá, og því er enn meiri ástæða til að lækka verðið. Það er ekki nema eðlilegt, fyrst að haldið var inn á þá braut að veita mönnum hjálp, að haldið sje áfram á þeirri braut.

Jeg skal játa það, að frv., eins og það kom frá háttv. Ed., er nær stjórn-

arfrv. en till. meiri hl. bjargráðanefndar. En inn í það hefir þó verið sett það atriðið, sem stjórnin vildi sjerstaklega varast, en það er heimild til þess að lána úr landssjóði. Eins og frv. liggur nú fyrir, ætlast það til þess, að landssjóður bæði gefi og láni sveitarfjelögunum fje til hallærisráðstafana. Jeg verð að telja þetta mjög varhugavert atriði í lögunum og töluvert tvísýnt um, að landssjóður geti lánað fje, svo að nokkru nemi. Hann þarf fyllilega á öllu sínu lánstrausti að halda.

En það, sem lakast er við frv, eins og það kom frá Ed., er það, að eftir orðalagi þess þurfa sveitarfjelögin ekki að leggja neitt fram frá sjálfum sjer til þess að fá landssjóðsstyrkinn. Ef þau að eins taka lán, sem nemur 15 kr. á mann í sveitinni, og kaupa fyrir það vörur, til þess að útbýta meðal þeirra, sem hjálpar þurfa, þá geta þau látið sinn part sem lán, en útbýtt þessum $^1/_8$, sem landssjóður leggur til sem gjöf. Þetta gæti orðið til þess, að landssjóður legði fram fje án þess að brýn þörf kallaði að. Það er hætt við því, að sum sveitarfjelög reyndu til þess að taka þessi lán, til þess að græða á þeim styrkinn, án þess að þeim væri það óhjákvæmilegt. Það stendur að vísu í frumv., að lánin eigi að vera tekin til þess að afstýra verulegri neyð. En það gæti orðið erfitt að líta eftir því, hve veruleg neyð væri fyrir dyrum, og hætt er við, að einhverju sveitarfjelagi yrði veittur styrkur, sem ekki hefði þess brýna þörf.

Jeg þarf svo ekki að tala meira um þetta mál. Jeg sje enga frágangssök að ganga að frumv. stjórnarinnar. Það heldur að eins áleiðis sömu brautina og lagt var út á í fyrra. Aftur á móti finst mjer frágangssök að lána fje úr landssjóði, því að landssjóður á nóg með sig. Það er að minsta kosti varla heppilegri leið en hitt.

Sem sagt, þetta er frumv., sem ekkert liggur á, fyr en rjett fyrir þinglokin, og er því rjettast að samþykkja það ekki fyr en allra síðast, svo að menn geti hugsað um það til síðustu stundar. Ef til vill getur líka eitthvað komið fyrir á þeim tíma, sem gæti haft áhrif á það, hvernig frá því yrði gengið. (**S. St.**: Hve nær koma þinglokin?). Jeg geri ráð fyrir, að menn viti það að minsta kosti 3 eða 4 dögum áður en að þeim kemur, þótt ekki sje hægt að segja neitt um það enn þá. Það er varla hægt að búast við því, að þau beri svo bráðan að, að ekki verði hægt að afgreiða málið, og tæplega kemur að þeim fyrsta hálfa mánuðinn, og á þeim tíma kynni að vera hægt að finna einhverja leið til samkomulags.

Jeg tel varla hægt að bjóða upp á lán úr landssjóði, eins og hann þarf mikið á fje að halda. En ef þingið vill nú kippa að sjer hendinni með að hjálpa, sem það hefir áður útrjett, þá verður það að vera þess sök og á þess ábyrgð, ef illa fer. — Jeg fyrir mitt leyti verð að vera á móti því að bjóða upp á lán úr landssjóði, eins og hagur hans stendur nú.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg verð að taka í sama strenginn og hæstv. forsætisráðh. og óska þess, að málið verði tekið út af dagskrá og látið bíða, þangað til fullreynt er, hvort ekki er hægt að koma á samkomulagi. Í háttv. Ed. komu líka fram raddir um þetta sama, að ráða málinu ekki til lykta fyr en í þinglok, og voru þær rökstuddar á sama hátt og hæstv. forsætisráðh. gerði í ræðu sinni, að komið gætu fram ýmsar breytingar, eftir því sem tíminn líður, sem vert væri að taka til íhugunar.

Jeg hefi þegar farið mörgum orðum um þetta mál, bæði í þessari hv. deild

og hv. Ed. Jeg ætla því ekki að bæta við langri ræðu að þessu sinni. Hún mundi verða að miklu leyti endurtekning á því, sem jeg hefi áður sagt.

Viðvíkjandi tillögunum, sem fyrir liggja, vildi jeg leggja það til, að frv. yrði aftur fært í það horf, sem það var í, er það fór frá þessari háttv. deild, en tekin út lánsheimildin, sem Ed. setti inn í það.

Að því er snertir till. meiri hl. bjargráðanefndar og ástæður þær, sem háttv. frsm. (S. St.) færði fyrir þeim í ræðu sinni, þar sem hann sagði, meðal annars, að lánaleiðin væri rjettmætari en gjafaleiðin, þá get jeg vísað til þess, sem jeg hefi sagt í háttv. Ed. Jeg get með engu móti litið svo á, að komið geti til mála, að kalla það fátækrastyrk til þjóðarinnar, þótt landssjóður veiti þessa dýrtíðarhjálp. Þá hefði líka, eins og hæstv. forsætisráðh. tók fram, verið ástæða til þess að kalla það fátækrastyrk, þegar niðurfærslan á kolaverðinu var veitt í fyrra. Jeg hefi ekki orðið var við það, að neinn hafi tekið það í mál. Þessi leið er líka farin hjá öðrum þjóðum, t. d. hjá Dönum. Þeir hafa veitt dýrtíðarstyrk, vissa upphæð á mann í sveitarfjelögunum, og bæði þar og annarsstaðar hefir verið veitt niðurfærsla á vörum, t. d. smjöri, en hvergi hefi jeg orðið þess var, að þessi hjálp hafi verið kölluð fátækrastyrkur. En jeg tel heppilegra fyrir sveitarfjelögin að fá ákveðna upphæð, þótt ekki sje fullnægjandi, heldur en að binda sig í skuldasúpu, sem tvísýnt er um, hve nær þau geta leyst sig úr.

Háttv. frsm. (S. St.) var að bera hallærishjálpina núna saman við hallærishjálpina, sem veitt var árin 1880—88. Jeg lít nú svo á, að hagur landsins sje, þrátt fyrir alt, betri nú en hann var þá. En jeg skal ekki fara frekar út í það. Þá hjelt hann (S. St.), að ef haldið væri inn á styrkleiðina, þá mundu efnamennirnir leggja kapp á að ná í styrk handa sveitarfjelögunum, til þess að ljetta útgjaldabyrði af sjálfum sjer. Jeg álít að niðurstaðan yrði alveg öfug. Til þess að ná í landssjóðsstyrkinn, verða sveitarfjelögin að leggja á sig meiri byrði en venjulega. Þessi aukna byrði kemur að sjálfsögðu þannig niður, að hærri upphæð verður að jafna niður eftir efnum og ástæðum. Hún lendir því aðallega á efnamönnunum. Mjer þykir ólíklegt, að þeir vildu fara að stuðla að því, að jafnað væri niður hærri upphæð. Jeg get ekki skilið það.

Jeg verð að líta svo á, að hjálpin, sem frv. fer fram á, sje svo takmörkuð, sem frekast er unt. Og landssjóður getur betur staðið sig við, að veita svo takmarkaða hjálp en að binda sig við að lána, eftir því sem þörf gerist. Lánaleiðin er alls ekki heppileg frá landssjóðsins sjónarmiði.

Jeg ætla svo ekki að bæta fleiru við það, sem jeg hefi áður sagt. En jeg vildi óska þess, að málið yrði tekið út af dagskrá að þessu sinni, og reynt að finna einhverja leið, sem þingið gæti sameinað sig um. Jeg segi ekki, að það sje örvænt um, að hægt sje að finna einhverja leið.

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Það var víst síðastliðinn mánudag, sem málið var tekið út af dagskrá, að jeg held, eftir beiðni hæstv. fjármálaráðh. Jeg hafði ekkert á móti því þá, og hjelt, að það væri gert til þess, að koma með brtt., sem gengi eitthvað í áttina til samkomulags. En þessi von hefir brugðist. Alt til þessa hefir ekki bólað á neinni samkomulagstilraun, og verð jeg þó

að álíta, að málið hafi ekki verið tekið út af dagskrá til neins annars en þess, að reyna að koma á samkomulagi.

Það er síður en svo, að meiri hluti bjargráðanefndar hafi neitt á móti því, að málinu sje frestað. Hann hefir fullan vilja á því, að komist verði að einhverri skynsamlegri niðurstöðu en útlit er fyrir að komist verði að nú. Ef það tækist, þá væri málinu góðu heilli frest að. En eigi það að takast, þá verður stjórnin að gera einhverja tilraun til þess að koma á móti nefndar meiri hl. Í trausti þess, að hún ætli sjer að gera það, og geri það, get jeg fallist á, að málinu sje frestað. En það er líka það eina, sem jeg get fallist á í ræðum beggja hæstv. ráðh.

Hæstv. forsætisráðh. vildi byggja dýrtíðarstyrkinn á því, að þingið í fyrra fór einnig inn á þá leið, að veita dýrtíðarhjálp. Það er alveg rjett, að þingið í fyrra hjelt inn á þessa braut. En óvíst er hve margir þeir eru nú hjer í salnum, sem telja nú að t. d. niðurfærsla kolaverðsins hafi verið hyggileg ráðstöfun. Líklega eru þeir fleiri, sem telja, að dýrtíðarráðstafnir þær sumar, sem gerðar voru í fyrra, hafi reynst hið mesta óráð. Að því er lánin snertir, hefir reynslan sýnt, að þegar til framkvæmdanna kom, sá stjórnin sjer ekki fært að veita lán með svo góðum kjörum, sem lögin ákváðu. Hún hafði blátt áfram ekki fje handbært til þess. Það er síður en svo, að jeg lái stjórninni, þótt hún gæti ekki framkvæmt þau lög. En reynslan bendir þá til þess, að nú verði að taka upp aðra aðferð en þá var tekin. Um dýrtíðarkolin held jeg, að jeg verði að segja það, að líklega fengist nú ekki eitt einasta atkvæði með því, að veita þann afslátt aftur. En eftir ræðu hæstv. forsætisráðh. á að skoða dýrtíðarráðstafanirnar í fyrra að eins sem byrjun, og að nú sje sjálfsagt að halda lengra á þeirri braut. En það dugir ekki að halda áfram á einhverri braut, þótt byrjað sje á henni, ef reynslan sýnir, að brautin hafi verið óheppilega valin. Þá er að læra af reynslunni og reyna að finna aðra leið, sem líklegt er að reynist betur.

Mjer er með öllu óskiljanleg sú fjármálapólitík, að heppilegra sje að gefa en lána, þegar lánin koma þiggendum að sömu notum og gjafir, og líkur eru til að lánin geti orðið endurborguð fyr eða síðar. Jeg verð að játa, að mig brestur skilning til að skilja þá fjármálapólitík; sú ákvörðun í 5. gr. frv., að lánin megi veita úr landssjóði, virðist mjer vera óþörf og koma inn í frv. eins og »deus ex machina«, eða fjandinn úr sauðarleggnum. Því að þess ber að gæta, að í 7. gr. er einnig heimild til lántöku fyrir stjórnina, og jeg lít svo á, að sú heimild eigi ekki einungis við lánin, sem talað er um í 6. gr., heldur öll þau lán, sem lögin hljóða um.

Að hægra sje fyrir landssjóðinn, að gefa en lána, er mjer öldungis óskiljanlegt. Og vilji menn styðjast við þá reynslu, sem fyrir liggur frá 1880—88, þá var farin lánaleiðin í miklu verulegri neyð en nú er sjáanleg fyrir dyrum í nánustu framtíð, og kom hvergi að baga. Hitt væri ærinn skorbítur í fjárhag landsins, ef nú ætti að fara að búta $^1/_2$ miljón niður í gjafir og strá þeim út um sveitirnar. Menn verða að líta á hag landssjóðs, líta á það, að hann hefir fje af mjög skornum skamti. Þótt auðugri þjóðir geti leyft sjer að veita verulega dýrtíðarhjálp, sem um munar, með gjöfum úr ríkissjóði, þá leyfir hagur landssjóðs það ekki. Það dugir ekki að vitna í aðrar þjóðir, sem hafa miklu meira fje handbært.

Jeg sje ekki heldur neina hættu á því, að dýrtíðarhjálpin verði frekar misbrúkuð þótt hún sje veitt sem lán, held-

ur en þótt hún sje gjöf, nema miklu síður.

Jeg verð að álíta, að það sje skylda þingsins, að ganga inn á einhverja aðra leið en það gekk inn á í fyrra. (**Fjármálaráðherra:** Það var lánaleiðin). Það var alt önnur lánaleið. Og geti landið fengið $^1/_2$ milj. kr. lán, til þess að úthluta sem styrk, þá efast jeg ekki um, að lánstraust þess sje svo gott, að það geti fengið 1 milj. kr. til þess að lána landsmönnum. En munurinn er sá, að láni landssjóður landsmönnum 1 miljón kr., til þess að afstýra neyð, getur hann vænst þess að fá meiri hluta þess fjár endurgreiddan, en veiti hann $^1/_2$ miljón kr. styrk, verður það fje aldrei endurgreitt.

Það þótti því strax undarleg aðferð í frv. stjórnarinnar, er hún fer nú, eftir reynsluna frá því í fyrra, að bjóða út að fyrrabragði $^1/_2$ milj. kr. að gjöf, og það á því herrans fullveldisári 1918. Það er ófyrirsynju, að stimpla þjóðina með öreigastimplinum, í sömu andránni sem hún krefst þess, að henni sje fenging fullveldi mála sinna í hendur. Og enn undarlegra er, að sama stjórnin, sem ekki gat veitt lögákveðna hjálp í fyrra, sökum fjeleysis, skuli nú bjóða fram hallærisgjafir. Þetta væri verjandi, ef ástandið væri svo miklum mun verra, en í fyrra, að yfir vofði hallæri og mannfellir. En svo ilt er þó ekki í efni.

Jeg hygg, að jeg geti sagt fyrir hönd bjargráðanefndar, að hún hafi ekkert á móti því, að málinu sje frestað. En nefndin vonar þá, að hæstv. stjórn komi til móts við hana og reyni að lagfæra verstu misfellurnar á frv., sem eru svo miklar, að nefndin hikar sjer ekki við, að greiða atkvæði gegn því, verði þeim ekki kipt í lag.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg þori ekki að fullyrða hvort það eru 3 eða 4 dagar síðan jeg æskti þess, að málið væri tekið út af dagskrá. Jeg hefi íhugað málið síðan, en er ekki algerlega undirbúinn undir að ræða það enn þá. Jeg ætlaði að hafa tal af hv. bjargráðanefnd um málið, en er jeg kom á fund hennar, vildi svo til, að hún hafði þegar gert till. sínar.

Mjer finst háttv. frsm. (S. St.) ekki í fullu samræmi við sjálfan sig. Hann gat þess, að lánsleiðin hafi ekki reynst vel í fyrra. Þar er jeg honum algerlega sammála, og það var einmitt af þeirri ástæðu, að stjórnin vildi snúa frá þeirri leið og inn á aðra braut. Ef lán yrðu veitt, yrði það stór halli fyrir landssjóðinn.

Ástæðan til þess, að dýrtíðarlánin voru ekki veitt í fyrra, var ekki sú, að ekki væri fje fyrir hendi. Fje var nægilegt til þess, en hefðu lánin verið veitt, hefði landssjóður orðið fyrir stórhalla. Því þó að það hjeti einungis lán, þá hefði landssjóður tapað margfalt meiru, heldur en þótt ákveðin upphæð væri veitt sem styrkur. Þegar málið var hjer fyrst til umræðu, var stjórninni fundið það til foráttu, að styrkurinn væri alt of lítill. Þetta var aðalmótbáran þá.

Háttv. framsm. (S. St.) mintist á kolaúthlutunina. Skildist mjer hann fara þeim orðum um hana, að hann liti svo á, að hún væri ófyrirsynju, og lýsti hann því, sem sú væri skoðun fólks almennt. En jeg er sannfærður um, að mikill þorri manna lítur svo á, að hún hafi verið til afarmikils góðs, og jeg veit fyrir víst, að svo hefir verið. Enda hlýtur öllum að vera það skiljanlegt, að þar sem kolin voru í svo háu verði, að allur fjöldi manna gat ekki keypt þau, þá hefði orðið hreinasta neyð með-

al almennings, hefði landið ekki veitt neinn afslátt af þeim.

Þá segir háttv. framsm. (S. St.), að landsstjórnin sje að bjóða út gjafir. Þetta er ekki rjett. Landsstjórnin býður ekki út styrkinn, hún bindur hann einmitt skilyrðum. Sveitarstjórnirnar verða að leggja á sig talsverðar byrðar, en svo var ekki í fyrra. Í þessu er fólgið það eftirlit, er vantaði í fyrra, en full þörf er á. Er því algerlega rangt að segja, að landsstjórnin bjóði styrkinn út. Því að vitanlega er ekki tilætlun að veita hann, nema hans sje full þörf.

Háttv. framsm. (S. St.) sagði enn fremur, að ekki væri rjett að taka til greina reynslu annara þjóða, t. d. Dana. Þar væru menn miklu auðugri. En hyggur háttv. framsm. (S. St.) ekki, að þótt þeir sjeu ríkir, þá muni þeir samt fara þær leiðir, er þeir álíta hagfræðislega bestar. Vitanlega verður að gera ráð fyrir því, að hver hyggin þjóð fari þær leiðir, sem völ er á. (**S. St.:** Þar hefir lánaleiðin verið farin). Háttv. framsm. (S. St.) segir, að lánaleiðin hafi verið farin þar. Jeg hygg, að sú leið sje ekki farin af þeim þjóðum, er fara viturlega með fje sitt, að þær teymi almenning ekki út á lánabrautina. Það er vitanlegt, að óholt er að taka lán til annars en til þess að auka framleiðsluna. Lán til einstakra manna til eyðslueyris, eru lítt holl.

Miklu rjettari er sú leið, að segja við almenning, að svo eða svo háa upphæð skuli hann fá. Þá veit landssjóður, hve há útgjöldin til þessa verða í hæsta lagi, og þá geta allir þeir fengið styrk, sem uppfylla þau skilyrði, er sett eru.

Háttv. framsm. (S. St.), sem er sjálfsagt mikill ráðdeildarmaður, mun og á því, að einstaklingum er óholt og hættulegt að draga fram lífið með lánum. Og hann veit, að Danir muni ekki vilja leiða fólk sitt inn á þá braut.

Eftir að háttv. framsm. (S. St.) er nýbúinn að segja, að auðugri þjóðir geti veitt styrk, þá segir hann, að þessi þjóð sje að stimpla sig með því að veita öreigastyrk. Jeg á bágt með að skilja, hvað hann er að fara. Hann hefir gripið sig fastan í lánaleiðina. En þó geri jeg ráð fyrir, að hann vilji eigi hleypa mönnum alment inn á þá leið. Sú leið er ekki heldur holl.

Stjórnin hefir haft það fyrir augum, að taka fult tillit til landssjóðsins og binda honum ekki of þunga bagga. En hún vill og taka tillit til almennings. Þegar allar vörur eru í jafn-háu verði, sem nú, útlenda varan afardýr og innlendar vörur ekki síður, þegar smjörpundið kostar yfir 3 kr. og mjólkurpotturinn 52 aura og ekkert er gert til þess að halda verðinu niðri, þá á almenningur heimtingu á styrk. Og algerlega er rangt að kalla það ölmusu, þó að landssjóður hlaupi undir bagga með almenningi. Jeg geri ráð fyrir því, að þeir sem vinna við landbúnað, ættu að geta unnað almenningi einhvers styrks, þar sem afurðir þeirra eru í svo háu verði.

Hv. framsm. (S. St.) ber einmitt landssjóðinn ekki fyrir brjósti, því að hann gætir þess ekki, að lánin verða til margra ára, 5 ára. Þá verður ófriðurinn vonandi á enda, en verði hann það ekki, þá fær landssjóður ekki heldur lánin endurgreidd á þeim tíma. Frá sjónarmiði háttv. framsm. (S. St.) ætti landssjóður að geta fremur veitt 450,000 kr. styrk, en 1 milj. króna lán. Landssjóður stendur sig betur við það, að sjá af 450,000 heldur en af 1 milj. kr. á þessum tímum, þegar vandræðin, er stafa af ófriðnum, kreppa að; honum veitist ljettara að standast ófriðarörðugleika, með því að gefa 450,000 kr., heldur en veita 1 milj. kr. lán.

Setjum svo, að öll sveitarfjelög á landinu fengju þennan styrk, þá mundi það

nema um 450 þús. kr. Það mundi ekki þýða annað en að almenningur yrði þeim mun færari til þess að taka þátt í ófriðarbyrðinni á eftir.

Styrkurinn er takmarkaður og bund inn föstum skilyrðum. Hann getur því aldrei verið hættulegur. En lánabrautin er hættuleg. Jeg hefi oft rekið mig á það, að sú er skoðun mjög margra manna, einnig innan þingsins, að landssjóður geti veitt lán takmarkalaust til hinna og þessara fyrirtækja, án þess að nokkur trygging sje fyrir því, að þau verði endurgreidd. Og margir hafa komist inn á landssjóðinn á þennan hátt. Háttv. þingmenn hafa ekki verið eins gætnir, að hamla á móti lánum, eins og á móti beinum styrkveitingum. Því er styrkveiting heppilegri en lánveiting. Þingið er ávalt betur á verði gegn styrkveitingum.

Verði málið tekið út af dagskrá, sem jeg vona, fæ jeg ekki sjeð, að nauðsyn sje á frekari umræðum um málið að sinni. Því að vonandi finst þá leið í málinu, sem allir geta unað við.

Forsætisráðherra (J. M.): Ef hæstv. forseti verður við þeim tilmælum, er komið hafa um að taka málið út af dagskrá, og háttv. framsm. (S. St.) hefir tekið vel í, þá er tilgangslaust að ræða málið frekar að þessu sinni. Ef til vill verður hægt að finna aðrar leiðir, er ekki verður deilt um, og er þá gagnslaust að ræða málið frekar, eins og það liggur fyrir nú. Verði málið tekið út af dagskrá, ætti hæstv. forseti ekki að leyfa frekari umr. um það, nema að mótmælum verði hreyft gegn því, að málið sje tekið út, en til þess hygg jeg ekki að muni koma.

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Ef málið verður tekið út af dagskrá, get jeg geymt mjer að leiðrjetta allan þann misskilning, sem kom fram í ræðu hæstv. fjármálaráðherra.

Umr. frestað.

Á 67. fundi í Nd., miðvikudaginn 10. júlí, var fram haldið einni umr. um frv. (A. 362, 375, 377, 475).

Afbrigði leyfð og samþ. um brtt. 475, er of seint var fram komin.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg sje enga ástæðu til, að halda nú uppi löngum umr. um þetta mál, en að eins vil jeg leyfa mjer að gera stutta grein fyrir þeim brtt., er jeg hefi leyft mjer að flytja, og stjórnin öll er sammála um.

1. brtt. fer í þá átt, að gera það með öllu ljóst, að sveitarfjelögin megi verja meiru en þeirri upphæð, 15 kr, sem tekin er til í 1. gr., að sveitarfjelögin megi verja til dýrtíðarhjálpar af eigin ramleik, ef sveitarfjelögin fá til þess leyfi sýslunefnda. Það var alt af meining stjórnarinnar, að hún vildi ekki á neinn hátt takmarka það fje, er sveitirnar veittu til dýrtíðarhjálpar, en af því að sumir virðast hafa misskilið þetta, eins og það er orðað í greininni, þá er nú sagt með brtt., að þessar 15 kr. megi veita án samþykkis sýslunefndar, sem sýnir, að með samþykki sýslunefndar má verja meiru.

Hin önnur brtt. gengur út á að taka það fastlega fram, að úr landssjóði skuli ekki veita neitt fje fyr en sveitarfjelögin eru búin að leggja fram þær 10 kr., sem gert er ráð fyrir sem skilyrði fyrir styrknum úr landssjóði. Jafnframt er líka þrengdur vegurinn að þessum landssjóðsstyrk, því að það er sett sem skilyrði fyrir því, að styrkurinn úr landssjóði verði heimtaður, að þessum 10 kr. hafi verið jafnað niður á sveitarfjelagið.

Svo er loks 3. brtt. við 5. gr., sem heimilar, ef ástandið í einhverjum slíkum hreppi er svo vont, að ekki sje hægt að ná inn með niðurjöfnun upphæð þeirri, er sveitin þarf að leggja fram, samkvæmt þessum lögum, þá megi undir þessum alveg sjerstöku ástæðum veita hreppnum lán úr landssjóði, og heimilast landsstjórninni að veita sveitarstjórninni þessi lán, en þó þannig, að þau fari ekki yfir 100 þús. kr., og skulu þau veitt með venjulegum bankakjörum.

Í háttv. Ed. var bætt því ákvæði inn í stjórnarfrv., að auk styrksins var gefin heimild til að lána undir vissum kringumstæðum. Þessi lánsheimild þótti stjórninni of stór, en til samkomulags var gengið inn á, að lána megi 100,000 kr. alls. Og vil jeg geta þess, að ef brtt. þessi verður samþ, sem jeg vona, mun mega telja víst, að háttv. Ed. muni ganga að frv. í þeirri mynd.

Sje jeg svo ekki ástæðu til frekari orða um málið, en að eins vil jeg mæla með því, að brtt. stjórnarinnar verði samþyktar.

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Jeg get tekið undir það með hinum hæstv. fjármálaráðherra, að það þýði lítið að eyða tíma í umr. um þetta mál frekar en orðið er. Jeg skal geta þess, að bjargráðanefnd hefir ekki gefist kostur á að kynna sjer brtt. stjórnarinnar, en hefir að eins talað við hæstv. fjármálaráðherra nú í gær, en þá voru brtt. ekki tilbúnar. Jeg skal lýsa yfir því fyrir mitt leyti, og jeg geri ráð fyrir, að flestir bjargráðanefndarmenn hugsi líkt, að mjer er jafnilla við frv. nú sem áður, þótt brtt. hæstv. stjórnar verði samþ. En þó skal jeg lýsa yfir því, að atkv. nefndarmanna eru með öllu óbundin af því, sem jeg segi. En það er enn sem fyr, að nefndin vill fara lánaleiðina og telur hana þá rjettu leið í þessu máli. Jeg fyrir mitt leyti skal lýsa yfir því, og jeg hygg að svo sje um fleiri bjargráðanefndarmenn, að verði brtt. á þgskj. 375 ekki samþ., þá mun jeg greiða atkv. móti frv. þessu. Þessar brtt. hæstv. fjármálaráðherra fara að vísu nokkuð lengra í að þrengja aðganginn að þessum styrk, en jeg álít, að þessi dýrtíðarhjálp eigi engan veginn öðruvísi að vera en lán, þar sem um það er að ræða, að afstýra hallæri. Jeg er með því, að veita lán til þess, en ef hallæri er afstýrt, þá er það ófyrirsynju, að veita gjafir. Það væri annað mál, ef hallæri væri komið, og þar af leiðandi veruleg bágindi, að styrkja þá með gjöfum þá, sem bágast ættu.

Fjármálaráðherra (S. E).: Að eins vildi jeg láta þess getið, sem jeg geri reyndar ráð fyrir, að óþarfi sje að taka fram, að stjórnin mun að sjálfsögðu gæta allrar gætni í framkvæmdum þessa máls, og aldrei veita styrkinn nema þörfin sje ótvíræð.

Jeg sje ekki ástæðu til að fara inn á baráttu þá, sem hjer á sjer stað milli »princip«-anna í þessu máli. En jeg hefi kynt mjer málið frekar og leitað upplýsinga um dýrtíðarráðstafanir annara þjóða, og hafa þær þjóðir, sem best hafa frá dýrtíðarmálunum komist, yfirleitt komist að þeirri sömu niðurstöðu og stjórnin, að lánaleiðin væri óheppileg.

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Hæstv. fjármálaráðherra hefir fyr sagt, að erlendis væri styrkleiðin almennari en lánaleiðin. Jeg skal ekki bera á móti því, en hjer verður fleira að koma til samanburðar. Jeg held, að vjer verðum líka að líta á, hvernig fjárhagur landsins er. Með þessum lögum er fje landssjóðs bútað og stykkjað niður í

óafturkræfar gjafir, en lánin er þó altaf von um að fá endurgreidd. Vjer höfum reynsluna fyrir oss frá lánunum, sem veitt voru 1880—88. Jeg veit ekki betur, en að hver eyrir af þeim lánum væri endurgreiddur, þegar batnaði í ári. En þetta er sú reynsla, sem við höfum við að styðjast. Það getur vel verið, að þeir, sem þurfa að fá almenna dýrtíðarhjálp og fá hana með láni, verði vel færir til að borga það aftur, og þá fær landssjóður hjálpina að fullu endurgreidda, en hallærisgjafirnar eru honum altapaðar, án þess að þeim, sem þeirra njóta, sje nokkuð meiri hjálp í þeim í bráðina.

Fjármálaráðherra (S. E.): Það er að eins örstutt athugasemd með tilliti til þess, sem jeg sagði áður, að menn eru miklu gætnari í framlögum sínum, þegar um endanlega greiðslu er að ræða heldur en lán.

Jeg vildi leyfa mjer að skjóta því til hæstv. forseta, hvort ekki mætti fresta atkvgr. um stund, með því að jeg sje, að nokkra háttv. þm. vantar enn þá, t. d. hæstv. forsætisráðherra; veit jeg að hann vildi gjarna vera viðstaddur við þessa atkvgr.

ATKVGR.

Brtt. 375, 1. feld með 14 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. J., M. Ó., P. J., P. O., S. S., S. St., Þorl. J., Þór. J., B. K., Ó. B.
nei: G. Sv., H. K., J. J., J. M., J. B., M. G., M. P., P. Þ., St. St., Sv. Ó., B. Sv., B. J., B. St., E. Árna.

E. A. greiddi ekki atkv. af ástæðu, er forseti mat gilda.

Einn þm. (Þorst. J.) fjarstaddur.

Brtt. 375, 2. og 3. teknar aftur.
— 475, 1. samþ. með 13 : 2 atkv.
Brtt. 475, 2. a. og b. samþ. með 13 : 1 atkv.
— 475, 3. samþ. með 13 : 4 atkv.
— 377. kom því eigi til atkv.
— 375, 4. tekin aftur, en tekin upp af S. S., 1. þm. Árn., og talin samþ. án atkvgr., með því að enginn mælti í móti.

Frv., svo breytt, samþ. með 13 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. Árna., E. J., G. Sv., H. K., J. M., J. B., M. G., P. Þ., S. S., Sv. Ó., B. Sv., B. J., B. St.
nei: J. J., M. P., M. Ó., P. J., P. O., S. St., St. St., Þorl. J., Þór. J., B. K., Ó. B.

Tveir þm. (E. A. og Þorst. J.) fjarstaddir.

Frv. endursent Ed. með fyrirsögninni *Frumvarp til laga um almenna dýrtíðarhjálp.*

Á 62. fundi í Ed., fimtudaginn 11. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um almenna dýrtíðarhjálp,

eins og það var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 479).

Á 64. fundi í Ed., föstudaginn 12. júlí, var frv. tekið til einnar umr. (A. 479).

Of skamt var liðið frá útbýtingn frv. — Afbrigði leyfð og samþ.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg þarf ekki að halda langa ræðu um þetta mál. Nokkrar breytingar hefir Nd. gert á frv., þar á meðal eina, sem miðar að því að gera örðugleikana meiri fyrir því, að verða dýrtíðarhjálparinnar aðnjótandi.

Þá er tekin úr frv. sú breyting frá

Ed., að landsstjórninni heimilist að lána sveitarfjelögum fyrir hverjar 10 kr., en í stað þess bætt inn í því ákvæði, að lána alt að 100.000 kr., þar sem erfiðleikarnir eru mestir. Jeg sje annars ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv. Jeg veit að stjórnin muni gera sjer far um að veita ekki dýrtíðarhjálpina, nema nauðsyn beri til. Vænti jeg þess svo, að deildin leyti málinu fram að ganga.

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Mjer kemur það nokkuð á óvart, að málið er tekið á dagskrá nú. Þó er það samkomulag með okkur, sem hjer sitjum, að setja okkur ekki á móti því, að atkvæðagreiðsla um málið fari nú fram. Jeg býst við að greiða atkvæði með frv., þótt jeg sje ekki allskostar ánægður með það. Jeg vona að þörfin fyrir dýrtíðarhjálp verði ekki mjög mikil þ. á., en ef svo verður, að stjórnin láti þá ekki lánsheimildartakmarkið, 100,000 kr., hindra sig að veita þá hjálp, sem nauðsynlegt er að veita.

Magnús Torfason: Eins og hv. deildarmönnum er kunnugt, hefi jeg litið svo á, að þessi dýrtíðarhjálp sje alveg ófullnægjandi, ef einhverja verulega neyð bæri að höndum.

Til samanburðar skal jeg geta þess, að kolaafslátturinn, sem kom á Ísafjörð síðastliðinn vetur nam 17850 kr. og sló þó lítið á kolaekluna. Nú ætlar landssjóður að leggja fram alls 100,000 kr. móti 20,000 kr. frá bænum. Þessu er þannig fyrir komið, að jeg get varla skilið, að bæjarstjórnin geti notað þetta, því að hún hefir ekki ráð á að leggja fje það fram, sem krafist er í móti. Frá þessu sjónarmiði verð jeg því að greiða atkv. á móti frv.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg sje ekki ástæðu til að fara að hefja aftur umr. um málið, en vísa til þess, sem jeg hefi sagt áður. Landsstjórnin verður að sníða sjer stakk eftir vexti, og þó að hún gjarna vildi hjálpa betur, þá sjer hún sjer ekki fært að leggja meira fram, enda ætti þessi hjálp að geta komið að allgóðu haldi.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 7 : 2 atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 501).

---

2. Stimpilgjald.

Á 16. fundi í Nd., laugardaginn 4. maí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um stimpilgjald (A. 55).

Á 17. fundi í Nd, mánudaginn 6. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (S. E.): Þegar jeg skýrði háttv. deild frá fjárhag landsins, ljet jeg þess getið, að stjórnin mundi leggja eitt, eða fleiri tekjuaukafrumvörp fyrir þingið. Ástæðan til þess að frv. voru ekki lögð fyrir í þingbyrjun, var sú, að stjórnin hafði lengi vel hugsað sjer að koma með engin skattafrumvörp. Var ekki álitlegt, að koma með slík frv., þar sem gangur tekjuaukafrv. var mjög örðugur gegnum síðasta þing, og jafn sjálfsagður tekjuauki eins og tekjuskattur af mesta gróðanum, stórgróðanum 1916, var feldur úr tekjuskattsfrv., sem varð að lögum á því þingi. Auk þess voru stjórninni kunnar örðugar ástæður almennings.

En er búið var að gera yfirlit yfir fjárhagsástand landsins, þá leist stjórninni svo, að það væri með öllu nauðsynlegt, að leggja tekjuaukafrv. fyrir þingið. En fjárhagsyfirliti þessu var lokið rjett fyrir þing, og því lítill tími til undirbúnings frv.

Það voru ekki miljónirnar, sem teknar voru til þess að reka landsverslunina og önnur nauðsynja fyrirtæki, sem riðu hjer baggamuninn, en það var landsbúskapurinn á árinu 1917, sem bar sig mjög illa samkvæmt yfirlitinu, og horfur þær, sem draga mátti af honum um árið 1918. En sýnilega mjög óholt að hafa lánin í hreinan eyðslueyri; með því stefnir alt niður á við. Hjer var því sýnilegt að fylla þurfti í skörðin með auknum sköttum.

Hjer er vitanlega að ræða um bráðabirgðaskatt, sem jeg vona, að hið háa Alþingi, sem þegar hefir kynst fjárhagnum, taki vel, og sjerstaklega þar sem líkt frv. lá fyrir síðasta þingi.

Þær breytingar, sem gerðar hafa verið á frv., miða allar til hækkunar, og er gerð grein fyrir því í greinargerðinni.

Í 4. gr. a—c, þar sem ræðir um afsalsbrjef o. fl., nemur hækkunin 1%.

Það er vitanlega mjög erfitt, að ætla nákvæmlega á, hversu miklar tekjur verði af þessu, þar sem ekki er hægt að fá nákvæmar upplýsingar um, hversu mikið er þinglesið á öllu landinu. Hins vegar býst jeg við, að í Reykjavík hafi 1917 verið þinglýst því, sem svaraði 7 miljónum króna, og ef mætti gera ráð fyrir, að þinglýst hafi verið því, sem svaraði 8 miljónum á öllu landinu, þá mundi tekjuaukinn af þessu nema 80 þúsundum.

Nú mun því ef til vill verða borið við, að það sje hart, að leggja slíkan skatt á það, sem selt hefir verið, en þessu vil jeg að eins svara því, að alt, sem selt hefir verið, hefir verið selt með miklum gróða.

Auðvitað hefði verið rjettast að leggja á verðhækkunarskatt, en hins vegar er það mjög erfitt að finna nokkurn grundvöll fyrir verðhækkuninni.

Um skuldabrjefin er erfitt að segja, hversu miklu er þinglýst, en ef má áætla það 6 miljónir, þá mundi tekjuaukinn verða 60 þús.

Þá er einn nýr liður í þessu frv., sem ekki var í frv. í fyrra, og það er liðurinn um farmskírteinin.

Jeg verð að játa það, að þótt þessu hafi verið bætt inn í frv., þá er þetta ekki rjettlátur skattur, því í »principinu« er það með öllu rangt, að leggja skatt á framleiðsluvörur. En nú er þörfin svo mikil á peningum í landssjóð, að ekki dugir að hirða um »princip«, eða þess háttar; aðalatriðið er að ná fje í landssjóðinn, og þá verður oft að víkja frá »principunum« í bili, og jeg álít það skyldu mína, sem fjármálaráðherra, að gera það, einmitt af því, að jeg hefi von um að koma tekjuauka í þessari mynd í gegnum þingið.

Því vil jeg taka það fram, að ef hv. deild gæti fundið einhvern annan tekjustofn, sem komið gæti í stað þessa og væri rjettlátari, þá mundi jeg með glöðu geði taka á móti því.

Annars er mjög erfitt að áætla tekjur af þessum lið, því að allur útflutningur frá landinu er svo óviss. Þó tel jeg, að óhætt muni að áætla, að fluttar verði út vörur fyrir það, sem svarar 10 miljónum, og jeg álít, að þetta sje alls ekki hátt reiknað, heldur meira að segja mjög lágt, en lágu tölurnar skaða aldrei. 1914 vörur vörur fluttar út fyrir 20 miljónir. 1916 var upphæðin miklu hærri og 1917 er áætlað að vörur hafi verið fluttar út fyrir 20—30 milj.

Þegar jeg því áætla hjer, að á árinu verði fluttar út vörur fyrir 10 miljónir, þá er upphæðin mjög lág, en jeg vil ekki nefna aðrar tölur en þær, sem byggja má á. Af þessari tekjugrein yrði því tekjuaukinn 100 þúsund.

Víxlar hygg jeg að í báðum bönkunum sjeu seldir fyrir 50 miljónir, og er lágt áætlað, að tekjuaukinn af þeim yrði 50 þúsund.

Jeg hygg reyndar, að ef frv. yrði samþykt, þá mundi það gefa meiri ágóða, en jeg held mjer við lægri tölurnar, því að þær skaða ekki.

Í greinargerðinni, sem hjer liggur fyrir, er getið nokkurra útgjalda upphæða, svo sem dýrtíðaruppbótar embættismanna, sem áætlað er að nemi 350 þús. kr. Almenn hjálp vegna dýrtíðarinnar, sem gert er ráð fyrir í stjórnarfrumv. að geti orðið alt að 450 þús. kr., og áætlaður tekjuhalli á árinu er ca. 400 þúsund.

Auk þess eru aðrar greinar, sem gera ráð fyrir að falli til útgjalda á árinu 1918, þótt útgjaldaliðir fjárlaganna geri ekki ráð fyrir þeim. Jeg hygg, án þess að nefna nokkrar ábyggilegar tölur, að hallinn á árinu 1918 muni nema ca. 2 miljónum króna.

Mjer hefir þótt skylda mín, að láta svörtu hliðarnar, engu síður en þær björtu, koma fram, er jeg lýsti fjárhagsástandinu, því að jeg álít að Alþingi og yfirleitt allir eigi að þekkja ástæðurnar eins og þær eru.

Leyfi jeg mjer svo að lokinni umr., að gera það að tillögu minni, að málinu verði vísað til fjárhagsnefndar.

Gísli Sveinsson: Jeg býst við, að fleiri þm. hafi farið líkt og mjer, er þeir sáu tekjuaukafrv. stjórnarinnar, að þeir hafi ekki oltið um af aðdáun. Það frv., sem hjer liggur fyrir til 1. umr., er sama frv., sem við í fjárhagsnefnd þessarar háttv. deildar í fyrra lögðum til, að samþykt yrði á þingi þá, en komst ekki fram. — Jeg ætla mjer nú ekki að fara að ræða um frv. þetta í heild sinni, heldur verður það, sem jeg segi, að eins nokkrar almennar athugasemdir.

Stjórnin hefir að vísu breytt að litlu leyti ýmsu í frv. frá því sem var, er það á síðasta þingi kom úr höndum fjárhagsnefndar, en breytingarnar eru ekki þær, að stjórnin hafi fundið nokkurn veg út úr því fjármálafeni, sem landið, að skoðun ýmsra, er sokkið niður í. Það ætti þó að virðast geta haft einhverja þýðingu, að þriggja manna stjórn er komin á í landinu, og til þess væri ætlandi, að fjármálastjórnin gæti fundið, ef ekki nýmæli, þá að minsta kosti eitthvert góðmæli, um tekjuauka. En það er kunnugt, að fyrri fjármálaráðherra tókst það ekki á síðasta þingi og þessum hefir ekki tekist það fremur.

Annað frv., sem hjer er um að ræða, frv. til laga um hækkun á vörutolli, er að eins tvöföldun á tveim liðum og lá auðvitað nærri, að grípa til þess, að hækka vörutollinn, svo að ekki ber það frv., fremur en hitt, vott um, að stjórnin hafi lagst mjög djúpt, til þess að finna nýjar tekjulindir. Bæði þessi frv. eru því síst á þann veg gerð, eða vel löguð, til þess að menn geti dáðst að uppfyndingasemi stjórnarinnar. Og er þó þess að gæta, að segja má, að þetta verk ætti að vera aðalverk hinnar sjerstöku fjármálastjórnar. Annað er það, sem kemur hálfundarlega fyrir sjónir í þessu sambandi, og það er, að stjórnin skuli ekki hafa lagt tekjuaukafrv. sín fyrir þingið þegar í þingbyrjun. Nú er ef til vill komið undir þinglok. Undir öllum kringumstæðum ætti þetta þing að vera hálfnað. Hæstv. fjármálaráðh. hefir skýrt þetta þannig, að ekki hefði verið hægt að leggja frv. fram, fyr en fjármálayfirlit það, sem hann lagði fram

í þingbyrjun, hefði verið samið. En þetta er engin afsökun. Þó að stjórnin hafi ekki vitað nákvæmlega um fjárhaginn fyr en þing kom saman, þá mátti hún þó vita svo mikið, að tekjuauka þyrfti með og átti að hafa búið sig fyrir löngu undir það að hafa frv. tilbúin í tíma.

Það var öllum í landinu kunnugt um, hversu mikið var eytt. Og stjórnin átti þó ekki að vera fáfróðari en almenningur um fjárhagsástandið. Slíkt er ómögulegt að ætla henni. Frv. gátu því komið í þingbyrjun, og áttu að koma þá, einkum þegar þau eru ekki merkilegri en það, að tekið er upp, eins og jeg hefi getið um, lagafrv. frá síðasta þingi með örlitlum breytingum, og hitt er um það eitt, að hækka vörutollinn um 100%. Hæstv. fjármálaráðh. sagðist vænta þess, að Alþingi mundi taka þessu frv. vel; það kann vel að vera, að Alþingi geri það, því að háttv. þm. vita, að brýn nauðsyn er á tekjuauka og að stjórninni bar að sjá fyrir honum þegar í þingbyrjun. Jeg skil líka þessi frv. stjórnarinnar svo, að landsstjórnin ætlist til þess, að þau verði að eins samþykt sem bráðabirgðalög, þótt ekki sje það tekið fram í frv. Er þess því að vænta, að menn andæfi ekki málinu sjálfu, þó að nndirbúningurinn hafi verið vanræktur. Hins vegar er þó ekki að dyljast, að ýmiskonar kostnaður fellur á menn við frv. þessi. Sjerstaklega verður stimpilgjaldsfrumv. til þess, að íþyngja einstökum mönnum á ýmsan veg, auk sjálfskattsins, og kemur ekki eins alment niður, eins og hitt. Það er því ósannað mál, þótt öllum sje það ljóst, að þörf sje á tekjuauka, og þótt háttv. þm. hafi yfirleitt tekið vel í slíkt mál, að mikið fylgi fáist með frv. stjórnarinnar. Það munu fleiri vera með sama marki brendir og jeg í því, að þeir hafa búist við frv. mergjaðri en raun varð nú á.

Hæstv. fjármálaráðh. talaði mikið um það, að honum væri mikið áhugamál, að svarta hliðin á fjármálaástandinu kæmi í ljós, ekki síður en sú bjarta. Hann getur verið alveg rólegur fyrir því, að þjóðin muni ekki síður koma auga á fjárhagsvoðann, sem ef til vill er fyrir höndum; og honum átti að vera ljóst, að svarta hliðin var orðin svo áberandi, að hann bar skylda til þess að koma í tíma með eitthvað, sem lýsti upp ástandið, eitthvað, sem segja mætti um, að við gætum með góðum hug gengið til samþyktar á.

Sigurður Stefánsson: Það mun engum hafa komið á óvænt, að kveðja þyrfti Alþingi saman til aukafundar á þessu ári. Til þess gat svo margt borið nú á þessum tímum, þegar næstum því hver dagurinn getur fært þjóðinni þau verkefni, sem heimta bráða úrlausn af bestu mönnum hennar. En hins vegar mátti og búast við þeirri nærgætni af landsstjórninni við fjárhag landsins og þingmenn þá, er í fjarlægð búa, að hún kveddi þingið ekki saman á dýrasta tíma fyrir landið og lang óhentugasta tíma fyrir fjarlæga þingmenn, nema svo bráð nauðsyn bæri til samkomu þingsins, að fyrir henni yrðu allir erfiðleikar og allar kostnaðarástæður að lúta í lægra haldi.

En yrði stjórnin neydd til að gegna þessari bráðu nauðsyn, þá var henni þó ekki minna ætlandi en að hún að sínu leyti hefði alt svo vel undirbúið, að þingið gæti að vörmu spori gengið að verkum með henni í þeim málum, er hún hafði kallað það saman til að fjalla um.

Það var nú svo í vetur, er þingboð stjórnarinnar kom út á landsbygðina,

að þingmenn, að minsta kosti flestir, höfðu enga hugmynd um, hver þau stórnauðsynjamál væru, er stjórninni þótti svo mikils við þurfa um, að hún kallaði þingið saman í vetur og á óhentugasta tíma fyrir þingmenn og dýrasta tíma fyrir landið. En stórnauðsynjamál hlutu það að vera, bráðnauðsynleg bjargráð fyrir land og lýð. Í þeirri trú fór jeg að minsta kosti að heiman, og svo hygg jeg hafi verið um flesta þingmenn.

Þegar í þinglok 1917 voru fjárhagshorfur landsins þannig, að samkvæmt fjárlögunum var alt að miljón króna tekjuhalli eftir fjárhagstímabilið. Auk þess hafði þingið samþykt mörg lög og ályktanir, sem hlutu að auka tekjuhallann stórkostlega, að því ógleymdu, að mörg aðsteðjandi vandræði gátu bakað landinu stóraukin útgjöld umfram allar áætlanir og samþyktir þingsins. Þetta mátti öllum og hlaut öllum hugsandi mönnum að vera ljóst, nema ef til vill hinum háttv. fjármálaráðherra, ef dæma skal eftir því, sem nú er fram komið.

Eitt af sjálfsögðustu skylduverkum stjórnarinnar var því, að finna nýjar tekjuleiðir fyrir landið og aukaþingið til samvinnu og samþykkis um þær. Það bjargráðið hlaut því að vera fyrsta og stærsta málið á dagskrá þessa þings, ef fjárhag landsins ekki skyldi tefla í beinan voða. Til hvers er að vera að þrefa og þjarka aftur og fram hjer á þingi um hin og önnur bjargráð á þessum vandræðatímum, ef ekkert fje er fyrir hendi til framkvæmdar þeim ráðum?

Stjórnin átti ekki að kalla saman þingið til þess að láta það leita að tekjum til bjargráða landinu; hún átti sjálf að hafa fundið þær, þegar er þingið kom saman, svo að það strax gæti tekið þar til óspiltra málanna.

Þetta var lífsnauðsyn í augum hverrar hugsandi stjórnar, sem þekti skyldu sína og vildi gera hana, og engum átti hún að vera ljósari en hinum háttv. fjármálaráðherra. Enginn hefir heldur fært betri rök fyrir henni en hann sjálfur í fjárhagsyfirliti því, er hann þuldi upp fyrir deildinni á öðrum fundi hennar. Hann átti, og hann gat löngu áður en þingið kom saman, að hafa gert sjer það ljóst, að hjer þurfti bráðra aðgerða við, fjárhag landsins til viðreisnar. Hin sívaxandi útgjöld landsins sökum heimsstyrjaldarinnar, »skakkaföllin« óskaplegu í fjármálastjórn landsins, hin yfirvofandi fjárhagsvandræði, — alt þetta hrópaði til hans að gera nú skyldu sína.

Þegar síðasta Alþingi feldi verðhækkunartollsfrv. stjórnarinnar, sem jók tekjur landsins, ef samþykt hefði verið, um hundruð þúsunda króna, — árið áður nam tekjuauki verðhækkunartollslaganna yfir $^1/_2$ miljón kr., — þá hefði hver stjórn talið sjer svo misboðið, að hún óðara hefði svarað þinginu með því að leggja niður völdin. En eins og þessi stjórn gerði það; henni er annara um þau en svo!

En hins mátti þó vænta, að stjórnin nú í enn meiri nauðsyn lands og lýðs freistaði þess á nýjan leik, að afla landinu nýrra tekna, ekki með meira málamyndarkáki, heldur þannig, að verulega dragi um upp í miljóna tekjuhallann, sem nú er fyrirsjáanlegur.

En hvað heyrir maður svo frá háttv. fjármálaráðherra nú? Að hann er enn hræddur við, að leggja tekjuaukafrv. fyrir þingið, hræddur við þingið, hræddur við þjóðina, sökum undirtektanna í fyrra; hann er hræddur við að gera þá skyldu sína, að benda þinginu á leiðir út úr fjárhagsvoðanum, sem hann sjálfur hefir játað, að gæti verið fyrir höndum. Manni dettur í hug: »Er það ekki aðallega hræðslan um að missa völdin,

sem hjer hrjáir og hrekur hjarta háttv. fjármálaráðherra? Er það ekki skiljanlegasta ástæðan til alls atferlis hans í þessu máli?«

Þingið kemur saman, ekkert tekjufrv. lagt fyrir það af stjórninni, en þar á móti frv. um allverulegan útgjaldaauka. Dag frá degi rignir yfir þingið frá stjórnarskrifstofunum erindum, sem öll hafa útgjöld í för með sjer. Engin bending frá stjórninni, hvernig hún hafi hugsað sjer að fara með þessa fjárbeiðni, sem ómögulegt var að fara með á þinglegan og formlegan hátt, nema með fjáraukalögum, og loksins nú fyrir einum eða tveimur dögum barst það svar frá stjórninni, að hún fyrir sitt leyti ætli ekki að leggja fjáraukalög fyrir þingið.

Dagar líða, vikur líða, vjer sitjum hjer yfir frv. frá stjórninni, sem eru hjegómamál í samanburði við það lífsspursmál þjóðarinnar á þessum tímum, að fá meiri tekjur í landssjóðinn og tryggja honum hagkvæm lán — Vanalegur aukaþingstími er þegar liðinn. Vjer höfum að eins heyrt það fyrir munn fjármálaráðherrans, að tekjuhallinn geti vart orðið minni en tvær milj. á þessu ári, líklega meiri og sívaxandi eftir því, sem ófriðurinn stendur lengur. Loksins í fyrradag 4. maí birtist bjargráðið frá háttv. fjármálaráðherra, þetta frv. um stimpilgjald, sem nú er til umr. Þegar jeg sá það, datt mjer í hug gamla vísan:

»Forðum lögðust fjöll á gólf,
fengu strangar hríðir;
eftir vikur tíu og tólf
tísti mús um síðir«.

Það vanta miljónir til þess að tekjur landsins hrökkvi fyrir útgjöldunum nú þegar á þessu ári; ekkert líklegra en landið þurfi á miljónalánum að halda mjög bráðlega, ekki bráðabirgðarlánum, sem engin eða lítil von er um að geta borgað, heldur lánum til margra ára. Engin vitneskja um tilraunir stjórnarinnar í þá átt. Að eins þetta hálf-andvanafædda fóstur hennar, sem, ef þinginu tekst að tjarga í það lífinu, á, samkvæmt yfirlýsingu hæstv. fjármálaráðherra, að auka tekjurnar um einar 2—300 þús. kr. á ári. Það er alt og sumt upp í miljóna tekjuþörfina. Frv. er skrifað upp úr gömlum Alþingistíðindum, með helmingshækkun á stimpilgjaldinu frá því, sem þar er ákveðið, en aðalhækkunina á að fá með stimpilgjaldi á farmskírteinum útfluttrar vöru; það er grímuklædd hækkun á útflutningsgjaldinu, sem kemur harðast niður á öðrum aðalatvinnuvegi landsins, sjávarútveginum. Hjer er farin krókaleið, í stað þess að ganga beint framan að framleiðendum með því að hækka útflutningsgjaldið.

Háttv. fjármálaráðherra sagði í ræðu sinni, að það væri þvert á móti skoðun sinni og ekki ójettlátt, að leggja skatt á framleiðsluna, en eina úrræðið verður þó fyrir honum, að fara þessa leið til þess að afla landinu tekna. Skemtilegt er það ekki, en þó skal jeg ekki svo mjög saka hann um það; má skoða það sem neyðarúrræði, en því þá að vera að reyna að dylja það fyrir þjóðinni með þessari krókaleið.

En svo er annað. Þessi tekjugrein er mjög óviss; minki framleiðslan, eins og nú er fult útlit fyrir og það stórkostlega, þá getur orðið næsta lítið úr þessum tekjuauka. Fyrir landssjóðinn getur því þetta bjargráð stjórnarinnar orðið eins og að gefa hungruðum manni $^1/_{20}$ úr lítilli tvíböku, eða á óhefluðu alþýðumáli eins og »kræki̇ber í helvíti«.

Tekjuauki þessi gerir fyrsta árið að öllum líkindum ekki betur en að vega upp á móti þeim tugum og hundruðum

þúsunda af landsfje, sem horfið hafa í Tjörneshítina og Öskjuhlíðarfarganið fyrir ráðleysi og hirðuleysi stjórnarinnar.

Þvert á móti því, sem við mátti búast af hverri stjórn, sem var vitandi viti um hinar iskyggilegu fjárhagshorfur landsins og hafði bæði vit og vilja til að ráða eitthvað verulega fram úr þeim, verður ekki annað sjeð af atferli stjórnarinnar en að hún hafi kvatt þingið saman áður en henni sjálfri hafði hugkvæmst nokkur skapaður hlutur landinu til verulegra bjargráða fram yfir það, sem fyrri þing höfðu áður samþykt.

Hún veit, er þingið kemur saman, bersýnilega ekki sitt rjúkandi ráð; fjármálaráðherrann þylur upp eins og páfagaukur þetta fjárhagsyfirlit, þetta yfirlit, sem hann löngu áður átti að hafa gert sjer ljóst, þetta yfirlit, sem var hverri stjórn hin sterkasta hvöt til að leggja þá þegar fyrir þingið ákveðnar og vel athugaðar till. til fjárhags- og bjargráðabóta fyrir landið. En í stað þess kemur á elleftu stundu þetta stimpilgjaldsfrv., sem vel má nefna »stimpil« á rænuleysi og úrræðaleysi misviturrar og lítilsigldrar fjármálastjórnar.

Að endingu skal jeg taka það fram, þar sem jeg býst við, að mjer verði núið því um nasir, að jeg hafi fyrstur manna haft góð orð um að taka vel tekjuaukafrv, og kveðið upp úr um skyldu þm. í því efni, að jeg mun treysta á fremsta hlunn um sannfæringu mína, bæði hvað viðvíkur þessu frv. og öðrum, er miða að því sama, að auka tekjur landsins.

Mun jeg nú láta hjer staðar numið að sinni, þar sem jeg nú hefi sagt það, er jeg þurfti að segja, og skyldan bauð mjer.

Fjármálaráðherra (S. E): Jeg held, að á hverju þingi, sem jeg hefi átt sæti með háttv. þm. N. Ísf. (S. St.), hafi jeg altaf heyrt hann flytja eina glymjandi, orðmarga ræðu um sparnaðinn. En þegar jeg á eftir hefi farið að hugleiða, hvað háttv. þm. (S. St.) hafi sagt, þá hefir mjer dottið í hug sama erindið og háttv. þm. (S. St.) hafði yfir og hljóðar svo á latínumáli: »Partiriunt montes, nascitur ridiculus mus«. Fjöllin tóku jóðsótt og fæddist lítil mús.

Því var skotið að mjer þegar í byrjun þings, á biblíumáli því, er háttv. þm. (S. St.) temur sjer, að hann mundi ætla að vaka eins vandlega yfir sál fjármálaráðherrans, eins og sá gamli lengra niðri vakir yfir mannssálunum. En eftir að jeg hefi hlýtt á ræðu hans, þá sje jeg, að hann ætlar sjer ekki eingöngu að vaka yfir minni sál, heldur ætlar hann að láta barnslegu, saklausu fjármálaaugun sín vaka yfir allri stjórninni, enda eru frv. þau, er hjer liggja fyrir, ákveðin í sameiginlegu ráði.

Þeim árásum, sem hv. þm. (S. St.) hóf mál sitt með, var aðallega beint að forsætisráðherranum, sem þm. (S. St.) sjerstaklega styður með sinni alkunnu trygð. Háttv. þm. (S. St.) fáraðist yfir því, að stjórnin hefði kallað þingið svo snemma saman. Og hann spurði með sínum mikla eldmóði: »Hvers vegna var þingið kallað svo snemma saman?« Jeg held, að hver einasti kjósandi í þessu landi gæti svarað þessu spursmáli. Svo stór og mikilsverð mál eru nú á dagskrá þessarar þjóðar, að það er stórfurðulegt, að öldungurinn úr Vigur, sem var að vitna í gráu hærurnar sínar, skuli spyrja þannig. Í raun og veru er nægilegt að minna á fánamálið, minna á synjunina í ríkisráði á því, og ætti það mál eitt að vera ærið nóg til þess, að stjórnin kallaði þingið saman. Nóg ástæða var þar fyrir stjórnina til þess að kalla fulltrúana saman til að ráða ráðum sínum við þá um,

hvað gera skuli. Háttv. þm. (S. St.) lítur nú ef til vill öðruvísi á þetta, og minnist jeg þess af fyrri samvistum, hvað einkennilega loðinn hann var í þessu máli. En þó að þessu máli væri slept, þá liggja hjer fyrir önnur mál, sem beinlínis krefjast nærveru þingsins. Mál, sem skifta svo miklu fyrir þjóðina, að hver einasta stjórn mundi telja skyldu sína að ná þinginu saman vegna þeirra.

Eins og kunnugt er, standa nú yfir samningar við Breta. Þeir samningar eru svo alvarlegt mál, að þeir snerta hvert mannsbarn í landinu, og sú niðurstaða getur orðið af þeim, að þessi þjóð þurfi að breyta með öllu lifnaðarháttum sínum. Og skyldi þá ekki vera ástæða til, að þingið sæti, skyldi þá ekki vera ástæða til fyrir stjórnina, að hafa fulltrúana sjer við hlið, ef slíkar snöggar breytingar þarf að gera á lífi þjóðarinnar. Hvernig getur háttv. þm. (S. St.) kvartað yfir því, að þingið er kallað saman út af svo alvarlegu efni? Veit þm. (S. St.), hvað hann er að tala? — Þetta var fyrsta ákæran.

Þá talaði þm. (S. St.) um, að stjórnin hafi ekkert gert í, að undirbúa dýrtíðarmálin fyrir þing. Þetta er rangt — með öllu rangt. Stjórnin hefir lagt fram frv. um dýrtíðarráðstafanir. Háttv. þm. (S. St.) hlýtur að hafa lesið það; hann er í þeirri nefnd, sem hefir frv. til meðferðar. — Sami háttv. þm. (S. St.) kom aftur að því, að þingið væri komið saman til að eyða þúsundum króna í ónýtt hjal. Þetta er algerlega ósæmileg og ranglát árás á Alþingi Íslendinga, og vil jeg mótmæla henni kröftuglega. Síst ættu þingmenn sjálfir að gera sitt til þess að veikja traust og álit þingsins; nóg er að láta utanþingsmenn gera tilraunir til þess að veikja álit þess með gróusögum sínum.

Þá leyfði háttv. þm. (S. St.) sjer að segja, að stjórnin hefði ekkert gert fyrir fjárhag landsins. Jeg vil leyfa mjer að skjóta því undir dóm háttv. þm., sem hjer eru staddir í salnum, hvort ummæli þessi sjeu af sanngirni töluð. Það ættu þó allir að vita, og háttv. þm. (S. St.) einnig, að stjórnin hefir útvegað landinu mikil lán síðan þingi sleit; nema þau í kringum 10 miljónum. Þetta fje hefir fleytt áfram nauðsynjafyrirtækjum landsins, landsversluninni og skipunum. Ummæli háttv. þm. (S. St.) í þessa átt eru því lítt sæmileg. Háttv. þm. (S. St.) segir að stjórnina vanti það, sem sje »nervus rerum«, sem sje peninga. Ekki er þetta með öllu rjett, því að þegar fjárhagurinn var gerður upp 8. apríl, voru til í sjóði á fjórðu miljón og loforð til fyrir $1^1/_2$ miljón. Þegar svo mikið fje er til, mundi þó síst af öllu rjett að segja, að sjóðurinn sje tómur.

Yfir höfuð lítur svo út, sem hv. þm. (S. St.) hafi látið blöð andstæðinga stjórnarinnar æsa sig. Er það öllum kunnugt að þau hafa blásið mjög að þeim kolunum, að æsa gegn stjórninni. En þær árásir hefir stjórnin látið sjer í ljettu rúmi liggja. Fyrir oss er það hreinn hjegómi, þótt yfir oss dynji skammir í blöðum, eða annarsstaðar; hitt er oss aðalatriði, að vjer af fremsta megni reynum að ráða fram úr öllum þeim miklu vandræðum, sem yfir dynja á þessum tímum. Hver stjórn, sem finnur til ábyrgðar, lætur smánartilraunir lítilsigldra sálna sig engu skifta. Hitt er aðalatriðið, að vinna svo, að ekki þurfi að draga neitt undan dagsbirtunni. Stjórnin hefir lagt öll sín kort á borðið. Í fjármálaræðu minni í byrjun þingsins, leitaðist jeg við að láta dökku hliðarnar á fjárhagnum koma fram, svo að þingið gæti gert allar ráðstafanir sínar samkvæmt því. Jeg vík að því aftur, sem jeg mintist á áðan í sambandi við þingsamköllunina, að það liggur í hlut-

arins eðli, að ef þing hefði verið kallað saman seinna en nú var gert, þá er það ljóst, auk þess sem jeg hefi áður sýnt, að of seint kynni að verða að gera ýmsar ráðstafanir, sem nú kann að þykja þörf á að gera.

Vona jeg því, að háttv. deild játi það með mjer, að það var full og óhjákvæmileg nauðsyn á því, að kalla þingið saman. Og þá vona jeg, að háttv. deild játi einnig með mjer, að sú staðhæfing, að stjórnin hafi ekkert gert til þess, að sjá fyrir fjárhagnum, er hreint og beint — jeg verð að við hafa rjetta orðið — hreint og beint bull. En hitt er annað mál, eins og jeg vjek að í fjármálaræðu minni, að þótt miljónalán hafi verið fengin, og þó að það sje nauðsynlegt, til þess að bera áfram fyrirtæki landssjóðs, þá er hins að gæta, að of mikið af miljónunum fari ekki til þess að fylla í skörðin. En það varð fyrst sjeð, þegar búið var að athuga landsbúskapinn 1917, hvernig tekjurnar mundu hrökkva til, og á því getur maður einnig búið sjer til dálitla framtíðarmynd af því ári, sem nú stendur yfir. En nú var ekki hlaupið að því, að fá yfirlit yfir árið 1917, það var fyrst gert eftir 30. mars, þegar búi var að ljúka reikningunum hjá landsfjehirði. Bókfærslan er en svo gamaldags í stjórnarráðinu, að hún gefur ekkert heildaryfirlit yfir hag landssjóðs og veldur það því mikilli fyrirhöfn, að ná í það yfirlit. En fyrst, að því loknu, ákvað stjórnin, að koma með tekjuaukafrumvörp. Jeg skýt því hjer inn í, að stjórnin er nú að undirbúa nytísku bókhald í stjórnarráðinu og verður þá öll stjórn fjármálanna ljettari. Ætti að hafa verið búið að bæta úr þessu fyrir löngu. Annars er það dálítið einkennilegt, að háttv. þm. (S. St.) hefir varla minst á frumv. þau, sem hjer liggja fyrir. Það hefir að eins verið notað sem tilefni til þess að hefja eldhúsdagsumræður. Fyrir mjer má herða á þeim eins mikið og hver orkar.

Jeg hefi áætlað, að tekjur samkvæmt frv. þessu mundu nema 2—300,000 kr. En eins og jeg tók fram í dag, þá kæmi mjer ekki á óvart, þótt tekjuaukinn næmi 400,000 kr. á ári, eða 800,000 kr. á fjárhagstímabilinu, og einhverntíma hefði háttv. þm. N. Ísf. ekki talið það neitt smáræði. Háttv. þm. (S. St.) sagði, að það hefði átt að koma með tekjuauka, sem næmi miljónum, en það er mjög mikið álitamál, hvort nú sje fært að leggja svo gífurlega skatta á þjóðina, þegar harðast sverfur að. Þinginu yfirsást í því, að skattleggja ekki stríðsgróðann, sjerstaklega á árinu 1916. En þegar frá honum er horfið, þá mun örðugt að hitta á rjettláta tekjustofna. Hvar eru þeir? Getur háttv. þm. (S. St.) bent á nýjar og betri leiðir? Hefir honum á andvökunóttum sínum heima í Vigur, út af fjárhagnum, birst nokkrar nýjar leiðir. Og hverjar eru þær? Trúin á aðfinslurnar verður minni, ef þeir, sem finna að, geta ekki bent á neitt betra, eða á neitt annað. Þá vaknar grunurinn um að hjer sje verið að búa út fótakefli fyrir stjórnina. Ef jeg nú spyr háttv. þm. (S. St.) á hvaða leiðir hann vilji benda, þá býst jeg við, að fá ekkert svar. Jeg veit, að háttv. þm. (S. St.) er meistari í að berja barlómsbumbuna. En er það — einmitt það, sem okkur ríður mest á, á þessum tímum? Jeg efast um það. Hitt er víst, að þessi háttv. þm. (S. St.) setur sjer ekki fyrir mark, að telja kjark í þjóðina; það er eins og hann sje altaf að reyna að sannfæra alla um það, að hún sje að fara niður fyrir bakkann. Og það er eins og guðsmaðurinn í Vigur sje að bíða eftir því, að blessa yfir þjóðina, þegar hún sje komin niður fyrir bakkann.

Þá talaði hv. þm. (S. St.) um skakkaföllin. Jeg spurði við hvaða skakkaföll hann ætti, og svaraði hv. þm. (S. St.) því þannig, að hann ætti við Tjörnesnámuna og dýrtíðarvinnuna. Um Tjörnesnámuna skal jeg láta þess getið, að jeg er með öllu ókunnugur rekstri hennar, en veit hins vegar, eins og jeg hefi tekið fram áður, að á henni hefir orðið tap. En jeg hygg, að það sje víst, að námurekstur þessi, sem byrjaður var áður en jeg kom í stjórnina, hafi verið haldið áfram að tilhlutun síðasta Alþingis, sem vildi láta gera tilraun til þess að afla eldneytis.

Að því er hin skakkaföllin snertir, þá er það vitanlegt, að tap hefir orðið á landssjóðsvinnunni, enda fór hún fram á harðasta tíma ársins. Jeg hefi skýrt frá því áður, að tap þetta muni ekki nema minna en 70—80 þús. krónum, en jeg hygg, að ef háttv. þm. (S. St.) hefði verið í sporum stjórnarinnar, þá mundi hann ekki hafa sjeð sjer annað fært en að láta vinna hjer í vetur. Jeg minnist þess, að einu sinni er vjer vorum sessunautar í háttv. Ed., þá var hann að tala um að drottinn Zebaoth heyrði bænir fátæklinganna, þótt embættismenn þessa bæjar heyrði þær ekki inn á hlýjar skrifstofur sínar. Það sem háttv. þm. (S. St.) hamast nú yfir, er að stjórnin daufheyrðist ekki við bænum fátæklinganna; því að það má hann nú gjarnan vita, að svo krefti að hjer í Reykjavík í vetur, að margir hurfu grátandi frá atvinnuskrifstofunni, sem ekki áttu kost á að fá atvinnu. Jeg verð að játa það hjer, að jeg vildi ekki bera ábyrgð á því, að börn fátækra fjölskyldumanna hefðu dáið eða orðið heilsulaus, þótt á því hefði sparast eitthvað úr landssjóðinum. Og hver vildi bera þá ábyrð?

Háttv. þm. (S. St.) fjargviðrast út af því, að stjórnin hefði ekki farið frá, þegar verðhækkunartollurinn var feldur á síðasta þingi. Þetta snertir ekki mig, heldur fyrv. fjármálaráðh. En um það held jeg að allir muni mjer nú sammála, að það hefði verið barnaskapur af hverri stjórn, sem var á þeim tímum, sem nú standa yfir, að fara frá fyrir ekki meiri ástæðu en þessa.

Háttv. þm. (S. St.) fjargviðraðist einninnig yfir því, að stjórnin hefði fyrir stuttu sagt, að hún kæmi ekki með fjáraukalög. En háttv. þm. (S. St.) mátti marka það á því, að stjórnin lagði engin fjáraukalög fyrir þingið og sagði ekki heldur að hún ætlaði að gera það — að þau yrði ekki lögð fyrir þingið.

Ástæður fyrir því, að jeg kom ekki með fjáraukalög, voru þær, að jeg vissi að í þeim mundi hlaðast upp útgjaldaliðir, sem gott væri að vera laus við. Um þetta veit jeg að sá háttv. sparnaðarpostuli (S. St.) muni vera mjer sammála. — En jeg veit að hann hefir að eins viljað taka þetta með í þá lúsaleit, sem hann er að gera á stjórninni.

Háttv. þm. (S. St.) sagði, svo að jeg víki aftur að frv., á bibliumáli sínu, að það væri eins og kækiber í helvíti. Einhverntíma hefði háttv. þm. (S. St.) þótt 800 þús. kr. stórt kækiber. Hv. þm. sagði, að þetta frumv. væri andvandvana fætt. Jeg sje nú varla ástæðu til að komast svo að orði, úr því háttv. þm. (S. St.) ætlar að vera með frv., og hið sama heyrðist mjer á háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.). Og enginn annar hefir enn mælt á móti frv. Annars er það óneitanlega dálítið einkennilegt, að hv. þm. (S. St.) heldur þrumandi ræðu um það, hve mikil þörf sje á tekjuauka, og haldi svo aðra þrumandi ræðu um hann, þegar hann er kominn, án þess þó að vera á móti honum. Eðlilegra hefði

verið, að háttv. þm. (S. St.) hefði notað tíma sinn til þess að koma með ný tekjuaukafrv.

Jeg man ekki eftir, að jeg þurfi að svara háttv. þm. (S. St.) meiru, en hafi jeg gleymt einhverju, mun jeg víkja að því síðar.

Háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) skal jeg að eins svara örfáum orðum, því að jeg get vísað til ýmislegs af því, sem jeg hefi tekið fram í svari mínu til háttv. þm. N.-Isf. (S. St.). Annars get jeg ekki neitað því, að öll ræða hans var langt um þinglegri en hin ræðan.

Út af því, sem háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) nú gripur fram í, vil jeg minna á, að hann viðhafði þessi orð: »hyldýpi ráðleysis og hirðuleysi stjórnarinnar«. Þetta kalla jeg fullsterk orð. Minsta kosti þegar háttv. þm. (S. St.) hefir þau um flokksbróður sinn, forsætisráðherrann. Því kemur þingmaðurinn ekki með vantraustsyfirlýsingu á stjórnina, eftir að hann er búinn að fara svona orðum um hana.

Svo að jeg víki þá aftur að hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), þá sagði hann, að hann hefði ekki oltið út af af aðdáun þegar hann sá frv. Því bjóst jeg aldrei við. Því að sjálfur hefi jeg, þótt jeg telji nauðsyn á tekjuaukanum, talið ýmsa galla á frv. Annars býst jeg við, að þótt jeg hefði komið með eitthvað aðdáunarvert, að háttv. þm. (G. Sv.) mundi í lengstu lög dylja aðdáun sína.

Háttv. þm. (G. Sv.) sagði, að fjármálastjórnin hefði ekki haft annað verk með höndum en að undirbúa tekjufrv. Jeg er sannfærður um, að háttv. þm. (G. Sv.) hefir ekkert á móti því, að orða þetta öðru vísi, því að háttv. þm. veit vel, að verk þau, sem stjórnin hefir haft með höndum eru bæði mörg og erfið, og hefir öll stjórnin orðið að taka þátt í þeim mörgum hverjum, eins og líka frv. þessi eru lögð undir samþykki allrar stjórnarinnar.

Háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) lagði áherslu á það, eins og háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.), að þessir tekjuaukar væru litlir, og verð jeg að vísa, að því er það snertir, til þess sem jeg svaraði hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), en spái því, að ef frv. þetta verður að lögum, að það reki einhvern tíma að því, að landssjóð muni um tekjuaukann af því.

Björn Kristjánsson: Jeg hefi því miður ekki haft tíma til að setja mig inn í þetta frv., en sje þó að nokkrar breytingar hafa verið gerðar á því, frá því frv. sem lagt var fyrir síðasta þing. Það er eðlilegt, að tekjur vanti og að eitthvað þurfi að gera til þess að bæta úr þeim mikla reikningshalla, sem orðið hefir á seinasta ári, og verð jeg að segja, að síðasta þing hafði ekki nægja fyrirhyggju í því efni sem skyldi, þegar það nam í burtu verðhækkunartollinn, og gat ekki fallist á að leggja á alment útflutningsgjald. Útflutningsgjaldið er það, sem nú er gerð breyting á með stimpilgjaldinu, og það er ekki í mörgum myndum.

Jeg verð að drepa hjer örlítið á ýms atriði, þó að það þyki ekki tilhlýðilegt þegar við 1. umr.

Stimpilgjald þetta er eiginlega útflutningsgjald í þrem liðum. Það er stimpilgjald af verslunarsamningum, 1% eða sem því svarar, það er stimpilgjald af verslunarvíxlum, og svo loks þriðji liðurinn, stimpilgjald af »konnossementum« 1%; þetta er nú útflutningsgjald í þremur liðum, sem snertir landbúnaðarafurðir, og við þetta bætist svo 4. liðurinn, venjulegt útflusningsgjald, er um sjávarafurðir er að ræða. Þetta er því ekki annað en útflutningsgjald. Þetta er því prefalt útflutningsgjald af land-

búnaðarafurðum og fjórfalt gjald af sjávarafurðum, og þegar búið er að taka þessar tekjugreinir út úr frv., þá er það alveg eins og venjulegt stimpilgjaldafrv., og gefur út af fyrir sig afskaplega litlar tekjur, en mikið umstang. En eins og gefur að skilja, þar sem vörur eru í mjög háu verði, verður þetta miklu meira en 1%, eftir því sem vöruverð er undir venjulegum kringum stæðum; það verða 2—3%. Jeg lagði það til á síðasta þingi, talaði um það við stjórnina og þingflokkinn, sem jeg vann að nokkru leyti saman við, að leggja alment útflutningsgjald á, 1% af landbúnaðarafurðum og um 1½% af sjávarafurðum, en það fekk ekki áheyrn, og þyrfti þó að athuga vandlega útflutningsgjaldalöggjöfina, sem er orðin gömul og margbætt og í 7 lagabrotum. Það var því full nauðsyn á að koma útflutningsgjaldslögunum í eina heild.

Mig furðar á því, að stjórnin skyldi ekki heldur endurskoða útflutningsgjaldslögin, gera þau svo úr garði, að þau væri að eins ein lög og hækka svo útflutningsgjaldið; það væri miklu fyrirhafnarminna fyrir þá, sem ættu að innheimta tollinn, en sleppa svo stimpilgjaldinu, sem verið hefir þyrnir í augum manna frá því fyrsta.

1913 var frv. um sama efni lagt fyrir þingið, en komst víst aldrei úr nefnd. Ef hið sanna útflutningsgjald er tekið út úr frumvarpinu, er ekkert annað eftir en það, sem Alþingi hefir aldrei viljað líta við. Þess vegna teldi jeg rjettast að þessir 4 liðir yrðu fluttir yfir á útflutningsgjaldið, og þau lög gerð upp í einu lagi, því að þessi stimpilgjaldslög eru svo afar umfangsmikil og gefa svo litlar tekjur, þegar þau ná ekki lengra en lög um það efni gera venjulega.

Eins og menn muna, var jeg dálítið ósamþykkur nefnd þeirri, sem hafði málið til meðferðar á síðasta þingi; var það einkum út af stimpilgjaldi á víxlum.

Ef nú verður ofan á að breyta frv. í þá átt, sem jeg hefi bent á, þá ætti að fella í burtu víxilstimpilgjaldið, en ef það verður ekki gert, þá vil jeg nota tækifærið til að benda á, að hjer hefir altaf verið gengið mjög illa frá öllu, sem lýtur að víxilstimpilgjaldi.

Jeg benti á það 1913, að það væri ekki venja neinstaðar, að stimpla víxla, er falla í gjalddaga innan 3 daga eða við sýningu. Á þá víxla er litið eins og þeir væri borgun út í hönd, og því er ekkert gjald lagt á þá.

Þegar þetta er nú venja — mjer er óhætt að segja um allan heim —, þá skil jeg ekki, að háttv. þing eigi eitt að skera sig út hvað þetta snertir, og síst ætti slíkt að koma fyrir, þegar kept hefir verið að því, að koma verslunarlöggjöf vorri í samræmi við verslunarlöggjöf Norðurlanda. Má t. d. benda á, að ýms verslunarlög vor, svo sem víxillögin, og almenn viðskiftalög, sem er stór bálkur (**E. A.**: Og tjekkalögin), já, og svo tjekkalögin, eru orðrjettar þýðingar úr samskonar lögum hinna Norðurlandaþjóðanna.

Jeg skil því ekki, hvernig á því stendur, að ekki er hægt að vera í samræmi við frændþjóðir vorar, í öðru eins lítilræði og þessu, sem þó verður að stórræði í augum útlendinga, ef öðru vísi er ákveðið hjer um, heldur en venja er til annarsstaðar. Þess vegna vildi jeg mælast til, að nefndin, sem kemur til með að fjalla um málið, taki þetta til yfirvegunar, og athugi hvort ekki muni rjett, að undantaka víxla, sem greiðast eiga við sýning eða innan 3 daga.

Þá benti jeg á það á þinginu í fyrra, að smá víxlar, sem ekki eru verslunarvíxlar, ættu að vera gjaldfrjálsir upp

að vissu takmarki, t. d. 100 kr.; í Noregi minnir mig að takmarkið sje 200 krónur.

Jeg veit ekki nákvæmlega hvernig hagar til í útibúunum, en hjer í Reykjavík er fjöldinn allur af víxlum, sem bankarnir kaupa, keyptir beinlínis til þess að halda fátæklingum frá sveit. Það eru ýmsir kærleiksríkir efnamenn, sem hjálpa vilja, sem skrifa upp á þá, á veturna þegar þröngt er í búi, og svo borga fátæklingarnir þá þegar betur stendur á fyrir þeim.

Það væri því mjög óeðlilegt að leggja skatta á slíka víxla.

Svo kemur annað atriðið, og það er tímatakmarkið fyrir, hversu langan tíma stimpillinn á að gilda af víxlum. Hjer er ekkert ákvæði um það, svo að gjaldið fellur á í hvert skifti sem víxill er keyptur og framlengdur. Hjer er því tímatakmarkið algerlega ótakmarkað, en erlendis gildir stimpillinn fyrir vissan tíma. Vjer getum sjeð hversu órjett þetta er, af því, að ef fátæklingur t. d. tekur víxil til eins árs, og borgar hann upp í árslokin, greiðir hann að eins 1% stimpilgjald. En ef hann borgar 4 sinnum af honum, 25 kr. í hvert skifti á árinu, greiðir hann liðugar 8% í stimpilgjald fyrir utan vextina. Það verður að taka tillit til þessa, enda gera líka allar þjóðir það, en hjer er aftur á móti öllu haugað saman í einn graut.

Mjer finst að stjórnin hefði þó eitthvað getað lært af því, sem fram fór hjer á þinginu í fyrra.

Víxlar fátæklinganna eru oft svo smáir; mjer er kunnugt um, að þeir hafa oft verið 10—25 kr. Discontóin er 1 kr. minst, og þar við bættist svo þetta stimpilgjald, þá er það samtals tilfinnanlegur skattur á efnalausa menn.

Ef því frv. þetta á að verða að lögum, þá er nauðsynlegt að sníða það eftir erlendum lögum um þessi efni. Það þarf ekki annað en að líta í Hages »Haandbog i Handelsvidenskab«, og auk þess munu margir eiga víxilstimpillög annara landa, bæði norsk og dönsk, sem hægt mun vera að athuga, enda eru þau vitanlega í stjórnarráðinu.

Þá er enn eitt athugavert við þetta frv., og það er að hjer er gjaldið reiknað af þeim víxlum einum, er lánsstofnanir kaupa. Svo er það alls ekki erlendis, því að í Englandi t. d. er mjer kunnugt um, að stimpilgjald er borgað af öllum samningum og víxlum, sem ganga manna á milli, og stór sekt liggur við, ef einhver hefir ekki stimplað tjekk sinn. Mjer finst, að hjer ætti að haga því eins, og láta lögin ná til allra manna, en ekki til þeirra eingöngu, sem skifta við lánsstofnanir. Ef þetta frv. yrði að lögum, gætu sem sje allir stærri braskarar sloppið við að gjalda stimpilgjald af víxlum, sem ganga þeirra á meðal. Sama er að segja um skuldabrjefin, því að á þeim ætti að hvíla alment gjald, sem næði til allra.

Ef að á að búa til stimpilgjaldslög, sem að gagni eiga að koma, þá verður að undirbúa þau betur en hjer hefir verið gert, og varla treysti jeg þinginu til þess að ganga svo frá þeim, að að gagni komi.

Jeg vil því leggja það til, hvað svo sem gert verður við lögin, að nefndin sem málið verður falið, athugi, hvort ekki væri rjett að breyta svo til, að þeir póstar, sem jeg sagði að væru ekkert annað en útflutningsgjöld, yrðu fluttir yfir í útflutningsgjaldalögin. Það þyrfti ekki að taka langan tíma, og skal jeg lána nefndinni uppkast að lögum um útflutningsgjöld, sem jeg hefi heima hjá mjer. Sömuleiðis vil jeg ráða nefndinni til þess að haga víxilgjaldinu, ef á að halda því á annað borð, líkt og tíðkast í öðrum löndum. Þá ætti auðvitað að fella burtu gjaldið af samningum um

vörukaup, en láta það felast í útflutningsgjaldinu.

Jeg hefi nefnt þetta til leiðbeiningar nefndinni, og vona, að bæði henni og þinginu takist að finna tekjuauka, sem eru óbrotnir, og lítill kostnaður við að koma í framkvæmd. En nú er t. d. mjög dýrt að búa til stimpilmerkin.

Að þessu sögðu ætla jeg ekki að þreyta háttv. deild frekar í þessu máli, að svo komnu.

Sigurður Stefánsson: Það var nú svo um ræðu hæstv. fjármálaráðherra, að hefði hún snert mína ræðu nokkuð til muna, þá hefði jeg ef til vill þurft að svara henni nokkuð ítarlega, en það er um þessa ræðu hæstv. fjármálaráðherra, eins og aðrar ræður hans, að orð skáldsins: »umbúðirnar eru vætt, en innihaldið lóð«, eiga mæta vel við um hana.

Hann talaði mikið um, að ræða mín hefði verið árás á stjórnina, en mjer þykir nú hæstv. stjórn vera orðin nokkuð viðkvæm, ef hún þolir ekki, að sjer sje sagt skýrt og skorinort, hvað ábótavant sje gerðum hennar. Eða þykist hún má ske svo fullkomin, að ekki sje hægt að finna nokkurn skapaðan hlut að gerðum hennar? Ef svo er, má hún vera viss um, að enginn heilvita maður trúir slíku.

Þá lagði hann mikið út af því, hvílík nauðsyn hefði verið á að kveðja til aukaþingsins. Jeg hefi ekkert orð látið um það falla, að engin nauðsyn mundi verða á því, að aukaþing yrði kvatt saman á þessu ári, en tók það skýrt fram, að jeg hefði búist við að það yrði kvatt saman.

En hitt sagði jeg að skifti mestu máli, hve nær stjórnin hefði kallað aukaþingið saman á árinu. Og það vítti jeg, að hún skyldi kalla það saman áður en hún hafði undirbúið þau aðalmál, er það ætti að fjalla um. En þetta atriði varðist hæstv. fjármálaráðherra að minnast á, og var ræða hans að þessu leyti hreinasta vindhögg.

Þá fór hann að blanda sjálfum mjer inn í þetta mál, en til þess gaf ræða mín ekkert tilefni. En úr því að hann notaði þetta tækifæri til að bera mjer á brýn, að jeg hefði verið loðinn í sjálfstæðismálinu, þá vil jeg segja honum, að hafi jeg verið »loðinn« í því, að þá hefir hann verið »snoðinn« í því.

Þá tók hann það fram, að nauðsyn hefði borið til að kalla saman þingið á þessum tíma, vegna sjálfstæðismálsins. En nú er það komið á daginn, að þingið hefir setið mánaðartíma, og ekkert kvak frá stjórninni enn heyrst, og þó hlutu allir að búast við, að þetta yrði aðalmálið á aukaþinginu. Það er því þegar komið á daginn, að stjórnin hefir kvatt saman þingið mánuði fyr en þörf var á, þessa máls vegna, og fullar líkur á, að meðferð þessa máls á þinginu geti dregist annan mánuðinn til, og það af þeim ástæðum, sem stjórninni máttu vera kunnugri en flestum þingmönnum.

Þá fjargviðrast hæstv. fjármálaráðherra mikið út af því, að ræða mín hefði verið árás á Alþingi. Hvernig í dauðanum getur hann fundið það út úr þeim ummælum mínum, að þingið sje kallað of snemma saman og sitji hjer aðgerðalaust um aðalmálið, sem það var kvatt saman til að fjalla um. Það hefði miklu fremur mátt segja, að ræða mín hafi verið rjettmæt umvöndun til stjórnarinnar, heldur en árás á þingið.

Þá bar hæstv. fjármálaráðherra mjer það og á brýn, að jeg hefði sagt, að stjórnin hefði ekkert gert til þess að útvega landinu fje. Þetta hefi jeg að vísu aldrei sagt. Og þótt stjórnin hafi eitthvað gert í þessa átt og gert það miklu myndarlegar en raun er á orðin, þá sje jeg ekki, að nein ástæða sje

til, að lofa hana svo mjög fyrir þau afrek, því að hún hefði ekki gert meira en það, sem bláber skyldan bauð henni. Fjárútveganir hennar hafa sannarlega ekki verið svo merkilegar.

En fyrir það ámælti jeg stjórninni, að hún skyldi ekki strax, þegar þingið kom saman, leggja fyrir það tekjuaukafrv., og það því fremur, sem fjármálayfirlit það, sem hæstv. fjármálaráðherra las upp í þingbyrjun, gaf fullkomna ástæðu til þess. Þar sem nú stjórnin hefir trassað þennan undirbúning, þá lítur ekki út fyrir annað, en að hún, er þingið kom saman, hafi ekki vitað sitt rjúkandi ráð, hvað hún ætti að gera og hvernig hún ætti að útvega landinu tekjur.

Annars veit jeg ekki, hvernig jeg á að taka hæstv. fjármálaráðherra, þar sem hann segir, að »stjórnina vanti ekki fje«. Mjer er spurn: Hví er þá stjórnin að koma með þessi frv.? Ef hana vantar ekki fje, þá er engin þörf á þessum frv. (**Fjármálaráðherra:** Stjórnina vantar ekki fje, heldur tekjur). Undarlegt er þetta innskot, því að vanti stjórnina tekjur, þá vantar hana líka fje. Jeg býst líka við, að stjórninni hafi verið það fullljóst, þegar hún lagði þessi frv. fram, að hana vantaði fje, þótt hæstv. fjármálaráðherra sje nú orðinn á annari skoðun.

Þá var hæstv. fjármálaráðherra að tala um, að framkoma mín á þinginu væri líkari framkomu leikara, heldur en alvörugefins manns. Það er altaf hægt að slá fram slíkum glamuryrðum, þegar ekkert er til brunns að bera af rökstuddum andmælum. En jeg er alveg óviss um, hver okkar verður talinn meiri pólitiskur leikari. Mjer er að vísu ekki tamt að breiða út faðminn móti fólkinu með hávaða og handaslætti og segja: »Elskulega alþýða, hjer stend jeg með útbreiddan líknarfaðminn móti þjer, og vil gera alt fyrir þig og fórna mjer þín vegna«. Enda er jeg óviss um, hvernig slík fleðulæti verða tekin, sjer í lagi þegar faðmlögin verða svo föst, að þau kremja jafnvel hold frá beini fátæklinganna með hvatvíslega ráðnum fjárpyntingum á hendur alþýðunni, eins og stjórnin gerði tilraun til síðastliðinn vetur. Og samkvæmt athugasemdum háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.), þá er líka með þessu frv. verið að leggja ranglátan skatt á bláfátæka menn, sem eru að reyna að komast hjá sveit, með því að fá smálán í lánsstofnunum landsins til að seðja hungur kvenna og barna; þau faðmlögin eru ekki heldur sjerlega mjúk. Það er hægur vandi að hrópa með orðaskvaldri og handaslætti: »Jeg er óttalega mikill alþýðuvinur«; en betra er að sýna það í verkinu með öðru en slíkum spjátrungsskap.

Þá fanst hæstv. fjármálaráðherra það undrum sæta, að jeg skyldi ekki koma fram með tekjuaukafrv. En hvernig getur hann búist við, að maður, sem kemur utan af landi, í þeirri góðu trú, að stjórnin hafi fundið eitthvað, sem að gagni mætti verða til að afla landinu tekna, og þegar nú þar við bætist, að þessi maður hefir ekki meira til brunns að bera heldur en þm. N.Ísf. í augum hæstv. fjármálaráðherra, hvernig getur hann þá búist við því, segi jeg, að slíkur maður komi með undirbúið tekjuaukafrv., og fari þannig að hjálpa stjórninni til þess að gera það, sem hana ber heilög skylda til að gera.

Þá get jeg fullvissað hæstv. fjármálaráðherra um það, að mig langar ekki mikið upp í ráðherrastólinn, og það hefi jeg sýnt fyr, að jeg hefi lítið þjáðst af þeim sjúkdóm, sem »ráðherrafeber« er nefndur. En það get jeg bent á, að síðustu árin hafa ýmsir viljað lafa í þeim tignarsessi, þótt þeir væru lítt hæfir til þess.

Að jeg berji barlómsbumbuna er eitt af þessum rakalausu glamuryrðum hæstv. fjármálaráðherra. Þótt jeg hafi verið gætinn fjármálamaður og hafi viljað sníða oss stakk eftir vexti í fjármálum vorum, þá skammast jeg mín ekkert fyrir það, þótt sú ráðbreytni mín hafi oft mælst miður vel fyrir hjá athugalitlum fjármálafíflum. Jeg veit, að slíkt lætur illa í eyrum lýðskrumaranna, sem ætíð þykja allir vegir færir. En það hefir oft sýnt sig, að þeir, sem hægara fara, komast engu ver áfram heldur en þeir, sem lítt hugsað flana beint af augum, jafnvel út í hverja ófæru. Þá get jeg fullvissað hæstv. fjármálaráðherra um það, að mjer þykir alt annað en gaman að því, að sjá þjóðina »fara niður fyrir bakkann«, eins og hann gaf í skyn í ræðu sinni. Jeg mun heldur verja mínum veiku kröftum til þess, að ekki komi til slíkrar ógæfu, þótt sá róður sje erfiður á þessum síðustu og verstu tímum.

Þá mærðaði hæstv. fjármálaráðherra mikið um, að sjer þætti aðferð mín í þessu máli harla skrítin, þar sem svo líti út, sem jeg væri með og móti tekjuauka. En þetta er, eins og svo margt annað, talað út í bláinn.

Jeg sagði, að jeg myndi fegins hendi taka móti hverju því tekjuaukafrv., sem fram kæmi og eitthvert vit væri í, og þetta stend jeg við. En í ræðu minni var jeg að finna að leiðunum, sem stjórnin færi hjer, jafnframt því sem jeg vítti það, að þingið hefði verið látið sitja langan tíma yfir lítilsverðum málum, áður en stjórnin loksins ungaði út þessum tekjuaukafrv.

Þá var hæstv. fjármálaráðherra að brýna mig með því, að jeg hefði notað óþingleg orð um hæstv. forsætisráðherra. En slík orð hefi jeg aldrei viðhaft, enda fann hæstv. forseti ekki ástæðu til að taka fram í fyrir mjer. En það skal jeg láta hæstv. fjármálaráðherra vita, að jeg hefi ekki tekið því ástfóstri við hæstv. forsætisráðherra, að jeg móti betri vitund telji alt rjett, sem hann gerir. Það er heilög skylda hvers þm., hverju flokksbroti sem hann tilheyrir, að finna að því, sem honum þykir aðfinsluvert, hver sem í hlut á. Stjórnarfarið hjá oss er nógu öfugt og snúið, þótt allar þessar flokkanefnur þingsins geri ekki alt sitt til að halda því í sama óheillahorfinu með hræsni og hlífð við þá, sem með völdin fara. Jeg er ekki kominn á þing til þess, að halda dauðahaldi í ráðherrana, og því stend jeg mig vel við, að segja hverjum þeirra sem er til syndanna. Jeg segi ekki, að mjer geti ekki skjátlast í aðfinslum mínum, en þá er að leiðrjetta þær með kurteisi og skynsamlegu viti, en svo hefir ekki verið gert hjer, því að ræða hæstv. fjármálaráðherra var fimbulfamb út í loftið, sem ekkert snertir aðfinslur mínar. Hæstv. fjármálaráðherra var að ögra mjer til þess, að koma fram með vantraustsyfirlýsingu. Einhverntíma hefði ekki þurft að ögra þm. N.-Ísf. til slíkra hluta, en hann er ekkert eggjunarfífil hæstv. fjármálaráðherra.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Það eru ekki mörg orð, sem jeg ætla að segja, því að jeg vil ekki blanda mjer inn í þá orðasennu, sem hjer er háð. En mjer fanst háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) leggja aðaláhersluna á það bjargráðið, að hafa nóga peninga á reiðum höndum í landssjóðnum, en forðast lántökur. Jeg held, að skoðanir hagfræðinga um þessi efni, sjeu mjög misjafnar. Og þingið hefir sýnt það áður, þegar um stór fyrirtæki hefir verið að ræða, að það hefir treyst sjer til þess að taka lán, til þess að hrinda fyrirtækjunum í framkvæmd. Sú aðferð hefir líka gefist vel. Á sama hátt tel jeg síður en svo fráleitt, að taka

lán til þess að bjargast út úr núverandi vandræðum, svo að eigi þurfi með stórkostlega auknum álögum að ganga of nærri hinu veiklaða gjaldþoli almennings.

Þótt jeg neiti því enganveginn, að peningarnir sjeu gott bjargráð og að mikið sje undir því komið, að þeir sjeu nógir til í landinu, þá verða að koma fram raddir um fleiri bjargráð, og eitt það allra mikilvægasta, sem hægt er að benda á, er kraftur sjálfra vor til þess að framleiða sem mest af innlendri fæðu og innlendum vörutegundum yfir höfuð. Þau bjargráð býst jeg við að beri á góma seinna, og skal því ekki fjölyrða um þau nú, þar sem þau snerta ekki beint þetta mál. En hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) vill vonandi veita fylgi öllu því, sem eykur bjargráðin og fjölgar þeim.

Bjarni Jónsson: Jeg hafði satt að segja ekki búist við miklum tekjuaukafrv. á þessu þingi. og er yfir höfuð á alt öðru máli en háttv. sessunautur minn »sálugi« (S. St.), sem nú er dauður. Jeg tel þjóðina ekki færa um, að leggja á sig mikil gjöld umfram það, sem orðið er, þótt jeg verði einna helst að fallast á stimpilgjaldsfrv., með því að það gjald kemur í höfuðatriðunum helst niður á þeim, sem best hafa beinin. Háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) neitaði því, að hann hefði gert árás á þingið í fyrri ræðu sinni, en sagði þó um leið, að þingið hefði skilið illa og hirðuleysislega við fjárlögin, og þess vegna hefði sjer fyrst orðið fyrir að hugsa, er þetta þing var kallað saman, að það væri gert vegna fjárhagsins. Hvað er það annað en árás á þingið, að segja, að það skilji illa og hirðuleysislega við stærstu málin? Og hvað er það annað en árás á stjórn landsins, að komast þannig að orði um viðleitni hennar í að bjarga landinu fram úr ógöngum þeim, sem af heimstyrjöldinni stafa, að hún leggi fyrir þingið gömul tekjuaukafrumv., skrifuð upp úr Alþingistíðindunum, í stað þess að koma með nýjar tekjulindir. Það er undarlegt af háttv. þm. (S. St.) að vera að tala um nýjar tekjulindir, þegar helst lítur svo út, að allar gamlar tekjulindir ætli að lokast. Og þótt það sje mikilvægt, að hagur landsins standi vel, þá er annað mikilvægara, að landsmenn sjálfir þurfi ekki að þola neyð og jafn vel hungur. Standi hungur og neyð fyrir dyrum, án þess að reynt sje að ráða bót á, þá er landsmönnum dauði vís, en tekjuhalli er ekki dauði, heldur skuld, sem má borga síðar. (**S. St.:** Með hverju?). Sá, sem aldrei tekur lán, til þess að sjá sjer og sínum farborða, þegar neyðin steðjar að, hann fer í hundana; hinn hefir sig áfram, sem með lánunum klífur fram úr örðugleikunum, meðan þeir sækja að, og rjettir við, er þeim er lokið.

Það er undarlegt, að sami háttv. þm., sem ekki þekkir önnur ráð, til þess að rjetta við hag landsins en að kreista sem mest fje út úr landsmönnum, skuli vera formaður í bjargráðanefnd. Það er rjett, að það eru bjargráðin, næst sjálfstæðismálunum, sem gert hafa það nauðsynlegt að kalla saman þetta þing, og jeg býst við því, áður en þingi lýkur, að þá munum við spyrja hina háttv. bjargráðanefnd og formann hennar, hvaða ráð hún muni telja heppilegust til bjargar fólkinu í landinu, en þá býst jeg við, að háttv. þm. (S. St.) segi annað en að það verði gert með því, að pína fje út úr landslýðnum, sem á að fara að bjarga. (**S. St.:** Jeg sagði það aldrei). Það þýðir ekki að þræta fyrir það, og töluð orð verða ekki aftur tekin.

Sami háttv. þm. (S. St.) talaði mikið um það, hve sorglegt hefði verið, að verðhækkunartollurinn var feldur í fyrra, og spurði, hvers vegna stjórnin ekki

sagði þá af sjer. Finst honum í raun og veru, að það væri ástæða fyrir stjórn að segja af sjer, þó að við yrðum ekki svo langt leiddir, að leggja verðhækkunartoll á íslenskar afurðir, þar sem framleiðslukostnaðurinn hefir stigið margfalt meira en verðið. En þetta var nú djásnið, sem var drepið í fyrra. Verðhækkunartollurinn var altaf ranglátur, því að hann kom niður á tveim stjettum í landinu, og það á þeim, sem mest greiddu í landssjóðinn fyrir. Auk þess var hann svo vitlaus í eðli sínu, að ekki getur vitlausara, þar sem gjald var lagt á hækkun verðsins, án nokkurs tillits til framleiðslukostnaðar. Sök sjer hefði verið, ef lagt hefði verið á ágóða, í stað þess að láta menn gjalda skatt af skaða sínum.

Sami hv. þm. (S. St.) kvað undarlegt, hversu seint frv. koma frá stjórninni. Jeg vil skoða þennan drátt þannig, að stjórnin hafi viljað yfirvega nákvæmlega og skoðað huga sinn um það, hvort það væri sæmilegt, að koma fram með nokkur tekjuaukafrumv. á þessu þingi, þegar þjóðin horfir fram á hungur. Honum þótti leiðinlegt, hve þetta þing væri búið að standa lengi, og þó lítið gert. Jeg skal kannast við það, að háttv. bjargráðanefnd, sem hann er formaður í, hafi enn lítið gert, eða látið frá sjer heyra, en vil ekki áfellast hann fyrir það. Mjer er kunnugt um, að hann hefir haft forföll — verið veikur — og að hann hefir þó haldið fundi heima hjá sjer í nefndinni; vænti jeg, að árangur þeirrar starfsemi komi þó að minsta kosti í ljós áður en langt um líður. — Annars var það eftirtektarvert, að það fyrsta, sem þessi hv. þm. (S. St.) gerði, eftir að hann kom á þing, var að tala um, að hann þyrfti að fara heim. Og þó veit hv. þm. (S. St.), að stjórnin var til neydd að kalla saman þing, einmitt nú, þegar svo mörg vandamál ber að höndum, og að það á að vera henni til trausts og tryggingar.

Við skulum t. d. setja svo, að verslunarsamningar þeir, sem nú standa yfir við England, færu út um þúfur, hvað verður þá? Það, að öllum aðflutningum verður lokið, og að við verðum að búa við sömu kjör og á verstu einokunartímum. Þá verða búmennirnir á þingi að koma með ráð til bjargar og mega því síst um það hugsa nje tala, að komast burt af þingi sem fyrst.

Stjórnin hefir það sjer til afsökunar í þessu máli, að hún veit ekki fremur en aðrir, hvað upp á teningnum verður í þessum samningum. Það er því skiljanlegt, að hún vilji ekki taka svarið upp á sínar herðar, og þó að þingið hefði verið kallað saman til þess eins, að athuga svör Englendinga í þessu máli, þá hefði það eitt verið fullnægjandi ástæða.

Frá búmannsins sjónarmiði er það líka skýrt, að þingið mátti ekki koma seinna saman. Bjargræðistíminn fer nú í hönd og á þeim stutta tíma á fólkið að búa sig undir veturinn. Til þess að sá undirbúningstími geti orðið að gagni, þurfti þingið, í samráði við stjórnina, að gefa út hagkvæmar fyrirskipanir og sjá um, að þjóðina skorti ekki þau skilyrði, sem þarf til þess, að framleiðslan geti hepnast. Ýmislegt, sem sjávarútveginum tilheyrir, þarf þingið að útkljá sem fyrst, og nú liggur fyrir því fráfærnafrumv. stjórnarinnar, sem á að gilda fyrir sumarið í sumar, ef það kemst í gegn. Og fleira þessu líkt mætti upp telja. Það er nú í mesta lagi $^1/_2$ mánuður eða 3 vikur þangað til maður verður að vera kominn að niðurstöðu um þetta. En jeg held, að þingið sje ekki enn komið að neinni niðurstöðu. Stjórnin hefir því kallað þingið of seint saman, ef nokkuð er.

Jeg verð að vera mildur í orðum

við hinn hv. þm., framliðna þm. (S. St.), sem jeg beini aðallega orðum mínum til, en get þó ekki stilt mig um að minnast á tvö atriði; annað þeirra mintist háttv. þm. (S. St.) sjálfur á og kallaði Öskjuhlíðarfarganið; hitt er frá sjálfum mjer runnið. Mjer verður þá fyrst fyrir að spyrja: Hvað er þetta Öskjuhlíðarfargan? Því er fljótsvarað. Svo var mál með vexti, að menn urðu varbúnir við vetrinum síðasta, og sáu ekki fram á annað en að lítt gerlegt mundi að halda lífinu í þeim $^1/_4$ landsmanna, sem saman eru komnir hjer í Reykjavík, nema fólkið fengi peninga, sem það gæti bjargast með fram úr mestu örðugleikunum. Og úr því að bær og land varð að leggja til peninga til þess, að fólk dæi ekki úr hungri hjer í vetur, þá er ekki að álasa stjórninni fyrir það, að nokkrir steinar komu í staðinn, — verk, sem gaf af sjer nokkrar þúsundir. Þetta er nú kallað Öskjuhlíðarfarganið af þeim manni, sem verið hefir drottins þjónn í heilan mannsaldur og þá náttúrlega ekki gleymt kærleikanum og náðinni. Þessi æfilanga iðkun guðræknninnar hefir þá leitt hann til þess að kalla það Öskjuhlíðarfarganið, þegar fátækum mönnum er bjargað undan hungri og heilsuhruni.

Hitt atriðið, sem jeg vildi minnast á, er sparnaðarhugvekja frá sjálfum mjer. Þetta frumv., sem lagt var fram í morgun, var fyrst reifað af hæstv. fjármálaráðh., svo talaði háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) við hóf, svo að engar umræður þurfti af því að leiða, en að því búnu kemur háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) með klukkutíma ræðu, þar sem hann ræðst á stjórnina; stjórnin þarf að svara og út af ræðunni spinnast langar umræður. Háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) hefir því með þessu tafið þingið um heilan dag. Nú er talið, að þingið kosti landið 600 kr. á dag, svo telja má, að það láti nærri sanni, að klukkutíma þingræða, prentuð í þingtíðindunum, kosti 400 kr. Það er óhætt að gera ráð fyrir, að út af árásarræðu þm. (S. St.) spinnist að minsta kosti 10 ræður álíka; það gerir 4000 kr. Alls hefir því háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) bakað landinu 5000 kr. tjón fyrir að hafa velt úr sjer ókvæðisorðum um stjórnina.

Magnús Pjetursson: Jeg get undirskrifað flest af því, sem háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) og háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) sögðu um aðgerðir stjórnarinnar í þessu máli. Háttv. þm. Dala. (B. J.), þessi sjálfkjörni skjaldsveinn stjórnarinnar, sem altaf þýtur upp, ef hann heldur að andi á hana, bar fram sem ástæðu fyrir því, að stjórnin hefði ekki komið fram með tekjuaukafrv. fyr en nú, að hún hefði sennilega verið að skoða huga sinn um, hvort hún ætti að koma fram með nokkurt tekjuaukafrv. En þetta er ekki rjett, því að hv. fjármálaráðherra lýsti yfir því í þingbyrjun, að stjórnin ætlaði að koma með slík frv.

Eitt er undarlegt og nýstárlegt í þessu efni, en það er það, að sú breyting er nú gerð á gamla stimpilgjaldsfrv, sem brýtur mjög bág við þá stefnu, sem háttv. fjármálaráðherra og þm. Dala. (B. J.) hafa haft. Fjármálaráðherra játaði að vísu, að það væri á móti sínu gamla »principi«. Hann var nefnilega áður algerlega á móti því að leggja toll á vörur framleiddar í landinu. En þessi nýja viðbót stjórnarinnar er ekkert annað en útflutningstollur — grímuklæddur þó.

Hæstv. fjármálaráðherra játar það líka, að hann hafi haldið öðru fram um þetta á Alþingi 1915 en nú kemur í frv. stjórnarinnar, en það stendur þó í þingræðu eftir hann, að hann sje algerlega á móti öllum auknum tolli á innlendar

framleiðsluvörur; og þá hafði og háttv. þm. Dala. (B. J.) aðra skoðun á því en nú. (**B. J.:** Þetta er ekki tollur). Það verkar sem tollur, þótt það sje kallað stimpilgjald, og er því í raun og veru tollur. Það vita allir, jafnvel þm. Dala. (B. J.). Þá, 1915, var háttv. þm. Dala. (B. J.) svo mjög á móti þessum tolli, að hann tók mjög djúpt í árinni í orðum um hann; meðal annars bjó hann, eins og oftar, til nýyrði um toll á innlendum afurðum — verðhækkunartollinn — og kallaði hann »fátækrafláttu«, en nú lítur út fyrir, að háttv. þm. Dala. (B. J.) hafi ekki neitt á móti því, að flá fátæka alþýðu, og vilji leggja toll þennan á hana. (**B. J.:** Jeg get komið fram með brtt. síðar). Við sjáum til, hvað úr því verður, en ætli hann fari ekki eins og karlinn, sem ekki vildi jeta kjöt? — Hann át klauflax. Ætli það verði ekki eins? Hann vill ekki tekjurnar, þegar þær heita tollur, en ef skift er um nafn og þær kallaðar stimpilgjald, þá þykja honum þær gómsætar. Og jeg fæ ekki skilið, hvar þessi tollur ætti að koma niður, ef eigi væri það á almenningi. Ekki greiða kaupmenn hann úr sínum vasa, heldur munu þeir kaupa vöruna þeim mun ódýrar. Og þá er miklu betra að ganga hreint að verki, eins og háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) sagði, og hafa þennan útflutningstoll sjer með rjettu heiti. Jeg vil því taka undir þau tilmæli hans (B. K.), að háttv. nefnd, er fær málið til yfirvegunar, athugi, hvort eigi sje rjett að greina þetta frá frv. stjórnarinnar.

En hvar er háttv. þm. Dala. (B. J.)? Þótt jeg renni augum yfir salinn, fæ jeg ekki sjeð hann. (**S. St.:** Hann er í gættinni). Jeg vildi svara honum örfáum orðum, úr því að háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) er dauður. Mjer kom það ákaflega kynlega fyrir sjónir, að háttv. þm. Dala. (B. J.) skyldi vera að víta háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) fyrir, að hann hefði haldið langa ræðu. Jeg held, að hjer eigi fullkomlega við, að sá eigi ekki fyrstur að kasta grjóti, sem í glerhúsi býr, og jeg hjelt, að háttv. þm. Dala. (B. J.) hefði svo oft heyrt það, að hann sjálfur væri að þessu leyti dýrastur allra þm. og teföi þingið með löngum og leiðum ræðum, og eigi gerir hann hvað minst að því nú, er hann sprettur á fætur í hvert sinn, sem honum finst vera andað á stjórnina, jafnvel þótt það sje svo lint gert, að stjórnin finni það varla sjálf. Það er eins og þar sjeu einhverjir þreifiþræðir út úr stjórninni, sem sjeu miklu viðkvæmari en stjórnin sjálf.

Fjármálaráðherra (S. E.): Hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) hagaði mjög einkennilega orðum sínum í síðustu ræðu sinni. Þóttist alls ekki hafa ráðist á stjórnina, og dáðist að sinni eigin hógværð. Háttv. þm. (S. St.) minnist þó ef til vill þess, að hann talaði um »hyldýpi ráðleysis og aðgerðaleysis hjá stjórninni«. (**S. St.:** Hann sagði það, karlinn). Og þetta mun í flestum síðuðum löndum vera skoðað sem árás. En annað mál er það, ef háttv. þm. (S. St.) hefir iðrast þessara orða; þá er sjálfsagt að fyrirgefa honum það, gömlum manninum. Enn þá bljes háttv. þm. (S. St.) út af því, að aukaþingið hefði verið kallað saman. En jeg er búinn að færa glöggar ástæður fyrir samankölluninni. Var ástæðan sú ærin nóg, að gera þurfti samninga við Bretann. Og eðlilegt, að stjórnin í slíku stórmáli vildi hafa þingið sjer við hlið, því að sú getur niðurstaðan orðið af þessum samningum, að þjóðin þurfi alveg að breyta lifnaðarháttum sínum. Og hve nær er þörf á, að þing sje kvatt saman, ef ekki undir

slíkum kringumstæðum? Þetta hljóta allir að sjá, sem ekki eru gengnir í barndóm og hugsa um annað en að gera árás á stjórnina.

Þá ætti öllum að vera ljóst, eins og jeg vjek að í fyrstu ræðu minni, að höfuðástæðan til þingsamanköllunarinnar voru sjálfstæðismálin. Er nú gleymt, hver afdrif fánamálsins urðu í ríkisráði? Og er ekki öllum ljóst, að sú varð niðurstaðan í því máli, að stjórninni var nauðsynlegt að ráða ráðum sínum með þingjnu um það mál? Og ekki veit jeg betur en þetta mál sje enn í höndum þingsins. Fullveldisnefndin situr á rökstólum og hefir málið til meðferðar. Jeg skal ekki fara mikið inn á afskifti háttv. þm. (S. St.) af sjálfstæðismálunum, en ekki mundi of mikið sagt, að hann hefði verið loðinn í þeim málum, og má af því ráða áhugaleysi hans nú. Veit jeg, að allir skilja þau ummæli mín. (**S. St.**: Nei). Man þá ekki háttv. þm. (S. St.) framkomu sína í efri deild 1913? Mikil var veðrabreytingin þá í sál hans. Og roðinn í kinnum hans eftir þá framkomu var enginn sjálfstæðisroði.

Háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) sagðist ekki vera að tala fagurgala við alþýðu og hrópa elskuleg alþýða. Þetta skil jeg vel, því að enginn í alþýðustjett mundi trúa honum, þótt hann hrópaði þannig. Háttv. þm. (S. St.) hefir ekki verið forvörður alþýðunnar. Og hann vinnur ekkert á því, þótt hann reyni að gera tilraunir stjórnarinnar til að hjálpa í neyðinni í vetur tortryggilegar.

Jeg tel, að allir ættu að gleðjast yfir því, hve vel bærinn og landið slapp yfir þennan harða vetur. Það verður ekki metið til peninga. Annars man jeg ekki eftir, að jeg þurfi að svara háttv. þm. (S. St.) meira. Við stóryrðin vil jeg ekki eltast; þau dæma sig sjálf.

Háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) kom með nokkrar athugasemdir við frv., er jeg lít svo á, að frekar heyri til 2. umr. um málið en 1. umr., og mun því litlu svara þeim nú. Háttv. þm. (B. K.) sagði, að hann hefði kunnað betur við að leggja útflutningsgjald á vörur en stimpilgjald það á farmskrárnar, sem hjer er ráð fyrir gert. Jeg get alls ekki fallist á þetta, vegna þess að það er alls ekki ætlun mín að innleiða til langframa þennan skatt á afurðir landsins, heldur ætlast jeg að eins til þess, að hann sje til bráðabirgða. Jeg er jafnmótfallinn tolli á afurðum landsins og jeg hefi verið, en það hefir orðið að víkja vegna tekjuþarfar landsins. Og svo hefir farið fyrir öðrum háttv. þm. Þannig hafa margir, sem harðast stóðu gegn vörutollinum, framlengt hann vegna nauðsynjarinnar. Þetta er alt gert til bráðabirgða, með það fyrir augum, að skattalöggjöfin verði öll endurskoðuð hið fyrsta sem unt er, og reynt að koma meira samræmi í hana en nú er.

Háttv. þm. Stranda. (M. P.) var að finna að því, að stjórnin væri að grafa upp gömul frv. og leggja þau fyrir þingið — jeg sje ekki hvað er eðlilegra. Því skyldi stjórnin ekki eftir föngum hagnýta sjer vinnu fyrri þinga? Frv. þetta var samþ. hjer í háttv. Nd. á síðasta þingi. (**M. P.**: Ekki svona). Það er satt, en líkt í frumdráttum, og háttv. Ed. tók vel í það, þótt hún vísaði því til stjórnarinnar. Og hvað er þá eðlilegra en að stjórnin taki það frv., er hún býst við, að Alþingi samþ.

Háttv. þm. Stranda. (M. P.) sagðist ekki hafa búist við öðru en fálmi frá þessari stjórn. Þetta þykir mjer kynlegt, því að jeg hjelt, að hann bæri þó fult traust til hæstv. forsætisráðherra; að minsta kosti hefir hann verið í bandalagi og trygðaböndum við flokk hans, og þeir hafa tylt háttv. þm. Stranda.

(M. P.) í þær nefndir, er hann langaði mest til að komast í.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg hefi því miður orðið að neita mjer um það, að vera við þá skemtun, sem hjer hefir verið í dag, vegna þess að jeg hefi haft öðrum störfum að gegna, sem jeg hefi talið nauðsynlegri. Jeg mun því ekki svara því, er fram hefir komið í ræðum manna, en mjer hefir verið sagt, að einhverjir háttv. þm. hafi talið ónauðsynlegt að kalla saman þingið nú. Jeg veit ekki, hvort þeir hafa viljað kalla saman þingið fyr eða síðar. Jeg man það, að strax í vetur heyrðust háværar raddir um það, að nauðsyn væri að kalla þingið saman hið bráðasta, en það var þá ekki hægt, vegna þess að tíðarfarið var slæmt, en svo var þessi tími valinn í samráði við marga hv. þm.

En nú, er þing er komið saman, kunna sumir því illa, en jeg hygg, að þeir geti ekki bent á nokkurn tíma, þar sem það getur ekki verið nauðsynlegt, að þingið eigi setu til þess að vera í ráðum með stjórninni, enda er það nú víðast svo, að þingin sitja mestan hluta ársins. En það er eins og sumir háttv. þm. vorra vilji ekki láta ónáða sig að heiman. En sá hugsunarháttur er rangur.

Jeg hygg, að það væri sjálfsagt, að þingið kæmi svo snemma saman, að það gæti gert ráðstafanir fyrir sumarið, því að sumar ráðstafanirnar gátu orðið of seint fram bornar, ef komið var fram á sumar. Jeg hefi heyrt suma háttv. þm. gera mikið úr því, hversu fá frv. liggja fyrir þinginu, en jeg tel það ekki rjettan mælikvarða, heldur þann, hversu mikið gagn er að þinginu, og jeg er ekki enn úrkula vonar um það, að það geti gert ráðstafanir, sem að haldi geti komið.

Og þeir, sem eru óánægir með stjórnina, mega vera henni þakklátir fyrir að kveðja þingið svona snemma saman; ella hefðu þeir ekki getað sett rannsóknarnefndir, til þess að rannsaka gerðir sjórnarinnar. Það gat orðið of seint, og verkefni þeirra sumra er svo mikið, t. d. rannsóknarnefndarinnar, sem á að rannsaka landsverslunina, að það tekur marga mánuði. Þingið hefir líka nóg að vinna, ef það að eins vill vinna að því, sem nauðsynlegt er. Þessi ummæli háttv. þm. eru því alveg út í hött og hljóta að vera sögð út í bláinn, án þess að nokkur skoðun eða festa fylgi. Það er alveg hið sama og í fyrra, er háttv. Nd. var að óska þess, að borið yrði fram af landsstjórninni frumv. til laga um að bæta kjör kennaranna, en svo er stjórnin kemur strax á næsta þingi með frumv., þá liggur við, að háttv. Nd. verði vond yfir því, og flestir þeir, er bæta vildu kjör kennaranna, standa upp og berja sjer á brjóst og segja: Þetta var ekki meiningin! Jeg gat búist við, að menn hefðu fundið að því, að þingið væri kallað of seint saman, en ekki hinu, að það væri gert of snemma. Veðráttan tafði fyrir því, að það væri kallað saman. En jeg tek ekki við neinum ákúrum fyrir það, að hafa kallað þingið of snemma saman. Það getur vel verið, að þetta þing þurfi að sitja nokkuð lengur á ráðstefnu en annars er venja um aukaþing; en um það get jeg engu lofað að kalla ekki saman þingið á hverju augnabliki, sem nauðsyn krefur eða stjórnin telur þess þörf.

Magnús Pjetursson: Það var örstutt athugasemd út af nokkrum orðum hæstv. fjármálaráðherra, sem sprottin hafa verið af misheyrn eða misskilningi. Fyrst var þá það, að jeg mintist ekki neitt á víxla, heldur var það hv. 1. þm. G.-K. (B. K.).

Hitt var og sprottið af mjög miklum

misskilningi, er hann fór að bera af hv. þm. Dala. (B. J.). Jeg mintist að eins á ræðuhöld hans á þingi, ekkert annað.

En sjerstaklega vildi jeg þó mótmæla því, er hæstv. fjármálaráðh. undraðist svo mjög, hvað jeg væri harður í garð stjórnarinnar, þar sem jeg væri svo nákominn einum þeirra, og skildist mjer, að þar ætti hann við »pólitiskan« skyldleika. Mun hann þar hafa sveigt að sambandi mínu við Heimastjórnarflokkinn. En það samband er að eins kosningasamband, og veit jeg, að hæstv. forsætisráðh. mun bera mjer þess vitni. Vil jeg taka það skýrt fram, að milli mín og Heimastjórnarflokksins, eða þess flokks ráðherra, er ekkert »pólitiskt« samband. Mjer þótti vænt um að heyra, hve hæstv. fjármálaráðh. vill fylgjast vel með »Tímanum«, er hann segir, að jeg hafi að eins komist í þessar nefndir fyrir samband mitt við Heimastjórnarflokkinn. En ef hann vildi nú gera þá nýbreytni, að taka sjer penna og pappír í hönd og reikna út flokkahlutföll hjer í deildinni, mundi hann komast að því, að jeg gat vel komist í þessar nefndir, þótt jeg væri ekki í kosningasambandi við Heimastjórnarflokkinn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 538) með öllum greiddum atkv.

Á 22. fundi í Nd., þriðjudaginn 14. maí, var frv. tekið til 2. umr., (A. 55, n. 96).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Nd., fimtudaginn 16. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 55, n. 96).

Frsm. Magnús Guðmundsson: Eins og nál. ber með sjer, er það ekki með glöðu geði, að fjárhagsnefndin leggur það til, að þetta frv. verði gert að lögum, því að gjald það, er frumv. þetta leggur á, er nú helmingi hærra en það var í fyrra, og var þá samþykt með hangandi hendi á síðasta þingi, svo að nærri má geta, að það er ekki síður nú, þegar auk þess hefir verið bætt við gjaldi af farmskírteinum, sem ekki er annað en útflutningsgjald.

En þess ber að gæta, að nefndin leggur til, að frumv. þetta verði samþykt, vegna þess hvernig fjárhagurinn er og af því að hún veit, að nú er fylsta þörf á þessum tekjuauka. En hún hefir enn fremur lagt til, að þessi lög gildi ekki lengur en til ársloka 1921, ekki fyrir það, að nefndin sje mótfallin stimpilgjaldinu í sjálfu sjer, heldur af því, að nefndinni þykir þetta gjald alt of hátt, eins og það nú er, og enn fremur af því, að það þykir óviðkunnanlegt að hafa ákvæði um stimpilgjald af farmskírteinum inni í svona lögum. Vegna þess stingur nefndin upp á því, að lög þessi gildi ekki lengur en til ársloka 1921, svo að trygt sje, að þau verði endurskoðuð mjög bráðlega, og ætlast nefndin þá til þess, ef breyting verður þá komin á í heiminum, að stimpilgjald af farmskírteinum falli burt, því að nefndin er mótfallin útflutningsgjaldi.

Þær brtt., sem nefndin stingur upp á, eru alls ekki stórvægilegar; þær lúta flestar að þessum nýja lið, farmskírteinunum, og miða til þess, að gera ákvæðin um þau skýrari, því að þau raska þeim grundvelli laganna, sem þau voru bygð á í byrjun, þó að reynt hafi verið að setja ákvæðin þannig inn, að þetta kæmi ekki að sök. Nefndin vill styðja að því, að farmskírteinum verði ekki skotið undan stimplun, með því að skylda afgreiðslumenn skipa til þess,

að viðlögðum sektum, að afhenda lögreglustjórum öll farmskírteini til stimplunar. Hugsunin er sú, að afgreiðslumenn skipa eigi að ábyrgjast, að öll farmskírteini fari til lögreglustjóra, og svo er meiningin, að hann ákveði verð vörunnar eftir hinum gefnu reglum.

Jeg hefi heyrt raddir um það, að ekki væri nægilega skýrt ákveðið, hvernig setja skyldi verð á vörur þær, er farmskírteini ræðir um, en tilætlunin er, að verðið verði sett á vöruna á sama hátt og gert var ráð fyrir í verðhækkunartollslögunum frá 1915. Nefndin mun athuga til 3. umr., hvort þetta sje eigi nægilega skýrt, og mun koma með brtt. um þetta, ef þörf þykir. Það skal tekið fram, að slept er hjer því ákvæði verðhækkunartollslaganna, að verð vörunnar skuli sett eigi lægra en gangverð, og er ástæðan til þessa sú, að þar sem ekki er um endurgreiðslu stimpilgjalds að ræða, þótti ekki rjett að gefa undir fótinn um það, að setja verðið hátt, enda óþarft að mestu nú, þar sem bresku samningarnir setja fast verð á flestar vörur.

Nefndin hefir felt í burt stimpilgjald af borgarabrjefum handiðnarmanna, en sett í staðinn, að skipstjóraskírteini skuli stimpla með 10 kr. og stýrimannaskírteini með 5 krónum. Enn fremur er hækkað gjald af flestum leyfisbrjefum upp í 5 krónur.

Jeg tók það fram, að aðalástæðan fyrir því, að nefndin hefði fallist á þetta frv., væri sú, hversu fjárhagur landsins er þröngur.

Jeg vil nú, til þess að finna þessum orðum minum stað, leyfa mjer að fara nokkrum orðum um skýrslu fjárhagsnefndar um fjárhagsástand landsins. Vænti jeg, að hæstv. forseti taki það ekki illa upp, þar sem skýrsla þessi verður eigi tekin á dagskrá sjerstaklega og því eigi hægt að minnast á hana hjer í háttv. deild, nema í sambandi við eitthvert annað mál. Skýrslan sýnir, eins og áður er um getið af hæstv. fjármálaráðh., að tekjuhalli ársins 1917 muni nema nærri 2 miljónum. En upp í þennan tekjuhalla er til frá árinu 1916 tekjuafgangur, sem nemur kr. 143,021,43 og sömuleiðis er þá innieign hjá landsverslun, er nemur kr. 590,080,63.

Ef nú þessar 2 fjárhæðir eru dregnar frá tekjuhalla ársins 1917, verður tekjuhalli fjárhagstímabilsins 1916—1917 nákvæmlega talinn kr. 1,207,007,56. Þó getur þessi upphæð breyst eitthvað, vegna þess, að eigi eru enn fram komin öll útgjöld, er tilheyra árinu 1917, en miklu getur þetta ekki munað. Um innieign hjá landsversluninni er þó rjett að geta þess, að hún er alls ekki öll frá árinu 1916, heldur hefir hún safnast fyrir árin 1914, 1915 og 1916; en þar sem hjer er um eign að ræða, sem aldrei hefir komist inn í viðlagasjóð, er rjett að draga hana frá hjer, þar sem reikningur landsverslunarinnar bendir ótvírætt til þess, að hún geti borgað þessa skuld.

Ef spá á, hvernig fara muni 1918, þá mun það ekki svo auðvelt, en þó held jeg, að flest bendi á það, að tekjurnar verði yfirleitt svipaðar og gert var ráð fyrir í fjárlögunum, en sumir tekjuliðirnir verða eflaust nokkuð hærri, en aftur á móti sumir lægri en áætlað er. Eflaust fer tekjuskatturinn töluvert fram úr því, sem áætlað er, en útflutningsgjöldin munu aftur á móti verða mikið lægri. Ekki er gott að segja um kaffi- og sykurtollinn, en líklega mun hann ekki verða lægri en áður, og yfirleitt finst mjer rjett að gera ráð fyrir því, að tekjurnar verði svipaðar og þær voru áætlaðar í síðustu fjárlögum.

Hvað snertir gjaldaliðina, þá verður auðvitað ekki sagt um það með fullri vissu, hvort hún fer fram úr áætlun

eða ekki, en reynslan hefir sýnt, að svo fer venjulega. En naumast er þó ástæða til að ætla, að munurinn verði eins mikill og hann varð 1917, því að ýms lögboðin útgjöld eru tekin upp í gildandi fjárlög, sem eigi hafa verið tekin upp í þau áður, svo sem tillag til Landsbankans, til landhelgissjóðs, til fasteignamats, til ellistyrktarsjóða, til bjargráðasjóðs o. fl. Samtals munu þessar upphæðir nema um 300 þús. kr. Yfirleitt má segja, að það hefir jafnan verið galli á fjárlögum vorum, að í þau hafa ekki verið tekin nærri öll lögboðin gjöld. Hefir þetta orðið til þess, að gjöldin hafa jafnan farið mjög fram úr áætlun og gjaldabálkurinn ekki gefið sanna hugmynd um gjöldin. Þetta er að svíkja sjálfan sig, en að verulegri sök hefir þetta ekki komið, vegna þess að tekjurnar hafa jafnan verið áætlaðar varlega og farið fram úr áætlun að sama skapi og gjöldin.

Enn fremur má geta þess, að önnur atriði benda einnig til þess, að gjöldin 1918 verði ekki eins mikil og 1917, og á jeg þar sjerstaklega við það, að á árinu 1917 var greidd tvöföld dýrtíðaruppbót, tvöfaldur þingfararkostnaður, undir 100 þús. kr. til Tjörnesnámu, yfir 80 þús. til aðgerðar á stjórnarráðshúsinu, og síðast en ekki síst má telja það, að til að setja niður verð á kolum var varið um 490 þús. kr. Annars skal jeg í þessu sambandi taka það fram, að mjer kemur það undarlega fyrir, að kol þessi eru reiknuð landssjóði á 300 kr. smál., þótt vitanlegt sje, að þau kostuðu eigi nema 200 kr. hjer í Reykjavík við skipshlið. Að sjálfsögðu hefir lagst kostnaður á við uppskipun, geymslu, rýrnun o. fl., en eigi getur þetta valdið nándar nærri 100 kr. hækkun á smál. Játað skal það, að í raun og veru skiftir þetta ekki máli, því að verðmismunurinn hefir farið til landsverslunarinnar, og hún er eign landssjóðs, en rjetta aðferð get jeg þó ekki talið þetta, og allmikið af gróða landsverslunarinnar virðist stafa af þessu.

Fari nú svo, að þau tekjuaukafrv., sem nú liggja fyrir, verði samþykt, má eftir þessu telja líklegt, að tekjuhallinn á árinu 1918 verði ekki yfir 1 miljón. Vera má, að hann verði meiri, og býst jeg fremur við því heldur en að hann verði langt undir þessari áætlun.

Ef spá á um afkomu landsins 1919, getur sú spá ekki orðið glæsilegri en svo, að hún verði svipuð afkomunni 1918, ef þetta ástand heldur áfram, sem nú er. En ef stríðið skyldi hætta, þá fær landssjóður þegar í stað miklar tekjur. En ástandið getur líka versnað, og þá verður landssjóður miklu ver staddur en líkur eru til nú. Verði svipað ástand næsta ár og nú, þá má búast við, að tekjuhallinn í lok þessa fjárhagstímabils verði $3-3^1/_2$ miljón kr. Það er því auðsætt, að afla verður einhverra tekna, ef unt væri að minka þennan tekjuhalla. Það er ekki skemtilegt að hugsa til þess, að á árinu 1917 hefir eyðst meira en það, sem vjer höfum sparað samtals fyrir landssjóðinn síðan vjer fengum fjárforræði. Eins og hæstv. fjármálaráðherra hefir skýrt frá, voru skuldir landssjóðs 8. apríl 1918 19 milj. kr., og svipaðar voru þær um áramótin 1917—18. Nefndin tók sjer fyrir hendur að athuga, hvað orðið hefði af allri þessari upphæð, og það er tekið fram í skýrslu fjárhagsnefndar, hvar þessi mikla fjárhæð er, og sjest af henni, að það er rjett, sem hæstv. fjármálaráðherra skýrði frá í þingbyrjun, að því nær ekkert af þessari fjárhæð er eytt, en verði ekki að gert, er auðsætt, að töluvert af þessu verður að taka til að greiða með tekjuhallann á árunum 1917 og 1918. Það er því hin mesta nauðsyn á, að reyna að draga úr gjöldun-

um svo sem auðið er og auka tekjurnar eitthvað. Þess er að vænta, að þm. athugi þetta og sýni nú meiri sparnað en áður.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg hefi ekki ástæðu til annars en að vera mjög stuttorður. Jeg leyfi mjer að þakka nefndinni fyrir undirtektirnar undir frv, og þykir rjett að taka fram, að jeg sje einmitt ýmsa sömu agnúana á því og nefndin, eins og jeg hefi áður tekið fram, en þeir verða að víkja fyrir nauðsyninni.

Að því er brtt. snertir, vil jeg að eins lýsa yfir því, að jeg get fallist á þær allar. Þá gefur hvorki fjárhagsskýrslan nje ræða háttv. frsm. (M. G.) tilefni til langrar ræðu, því að undirstaðan virðist í öllum aðaldráttum hin sama. Þó vil jeg athuga, að þar sem nefndin dregur kr. 590,080,63 frá tekjuhallanum á árinu 1917, þá virðist mjer sú upphæð of há, þar sem á árinu 1916 að eins var lagt úr landssjóði til landsverslunarinnar 190,520 kr. Hvað framtíðarspánum viðvíkur, þá hefi jeg búist við því, að hallinn kynni að verða meiri 1918 heldur en nefndin gerir ráð fyrir, en ekki er hægt að segja, hversu miklu muni muna, enda slær líka nefndin þann varnagla, að hallinn geti orðið meiri.

Jeg vil mælast til, að frv. verði samþykt með brtt. nefndarinnar, og jeg vil láta ánægju mína í ljós yfir því, að háttv. fjárhagsnefnd skuli hafa komist að sömu niðurstöðu í aðaldráttum um fjárhag landsins og jeg, enda bjóst jeg líka altaf við því.

Magnús Pjetursson: Jeg bjóst við, að einhverjir fleiri yrðu til þess að taka til máls um þetta frv., og því kvaddi jeg mjer ekki hljóðs strax. Jeg ætla mjer auðvitað ekki að verða langorður, en vil að eins lýsa yfir því, að mig furðaði stórlega, hvernig fjárhagsnefnd hefir gengið frá þessu máli. Hún lýsir því auðvitað yfir, að hún hafi ekki fallist á þetta frv. með glöðu geði, og svo er að skilja á henni, að hún leggi þann skilning í stimplun farmskírteina, að það sje ekki annað en grímuklætt útflutningsgjald. En úr því að nefndin er á þessari skoðun, þá skil jeg ekki hvernig á því stendur, að hún skuli ekki hafa sjeð sjer fært að skilja þetta frá hinu, eins og jeg benti á við 1. umr. Jeg sje ekki, að það hefði þurft að vera nein sjerstök tímatöf að því, en það hefði gert málið skýrara, bæði fyrir þing og þjóð, og hún hefði þá vitað, hvað átt er við með þessu. Að vísu hefir nefndin bætt nokkuð úr skák með því að ákveða vissan tíma, sem þetta ákvæði skuli gilda.

Jeg ætla svo ekki að fjölyrða meira um þetta, en jeg vil lýsa yfir því, að af því að fjárhagsnefnd hefir ekki greint þetta sundur, þá mun jeg greiða atkv. móti frv. við þessa umr., og vona, að þetta verði lagfært áður en það kemur til 3. umr.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Háttv. þm. Stranda. (M. P.) sagði, að stimplun farmskírteina væri grímuklætt útflutningsgjald, en svo er ekki. Þetta er beint útflutningsgjald. (**M. P.:** Það er grímuklætt, af því að það kemur ekki í sjerstöku frv.). Það skiftir ekki máli í þessu efni, hvort útflutningsgjaldið er ákveðið í sjerstökum lögum, eða í lögum, sem einnig innihalda annað. Grímuklætt verður útflutningsgjaldið ekki fyrir því. (**B. J :** Það er ekki útflutningsgjald). Það þýðir auðvitað ekki að vera að stæla við háttv. þm. Dala. (B. J.) um þetta atriði, en jeg vil að eins segja honum, að þetta er útflutnings-

gjald, gjald, sem lagt er á útflutta vöru, og er mjer sama hversu oft þessi háttv. þm. (B. J.) neitar því; gjaldið verður hið sama fyrir það.

Fjárhagsnefndin var og er mótfallin útflutningsgjaldi, en eins og nú stendur, sjer hún sjer eigi fært að leggja á móti tekjuaukafrv. Hún tók því það ráð, að láta stimpilgjaldið á farmskírteinum eiga sig, til þess að þurfa ekki að búa til nýtt frv. um þetta efni. Hygg jeg, að enginn geti láð nefndinni þetta, eins og nú stendur á um fjárhag landsins, og það því síður sem nefndin hefir búið þannig um hnútana, að stimpillögin hljóta að verða endurskoðuð fyrir árslok 1921, og ætlast nefndin til þess, að þá verði bæði breytt stimpilgjaldinu í heild og eins, að þá verði stimpilgjald af farmskírteinum felt niður, ef auðið verður vegna fjárhagsins.

Hæstv. fjármálaráðherra benti á, að skýrslu hans og fjárhagsnefndar bæri ekki saman að öllu leyti, og taldi sína skýrslu rjettari, en þær eru báðar rjettar. Munurinn liggur að eins í því, að hann hefir gert upp tekju- og gjaldareikning, en nefndin efnahagsreikning, hvorttveggja fyrir fjárhagstímabilið 1916—1917. Af þessu kemur munurinn, því að af því að nefndin gerði upp efnahagsreikning var henni skylt að taka með alt, sem landssjóður á hjá landsverslun, en hæstv. fjármálaráðh. tekur eigi með það, sem greitt er árin 1914 og 1915.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 : 2 atkv.

2. og 3. gr. samþ. með 17 : 2 atkv.

Brtt. 96, 1. samþ. án atkvgr.

4. gr., svo breytt, samþ. með 17 : 2 atkv.

5. gr. samþ. með 17 : 2 atkv.

Brtt. 96, 2. a. og b. samþ. í e. hlj.

6. gr., svo breytt, samþ. með 17 : 1 atkv.

7.—9. gr. samþ. með 17 : 1 atkv.

Brtt. 96, 3. samþ. með öllum greiddum atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með öllum greiddum atkv.

11.—13. gr. samþ. með öllum greiddum atkv.

Brtt. 96, 4. samþ. með 17 : 3 atkv.

14. gr., svo breytt, samþ. með öllum greiddum atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 : 2 atkv.

Á 27. fundi í Nd., þriðjudaginn 21. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 153, 161, 167).

Björn Kristjánsson: Jeg hefi leyft mjer að koma fram með brtt. á þgskj. 161. Eins og jeg gat um við 1. umr. þessa máls, þá mundi stimpilgjaldið koma hart niður á þeim, sem þyrftu að taka smálán, sem oft kemur fyrir meðal fátæklinga; þess vegna er hjer í brtt. fylgt sama taxta, sem hv. deild samþykti í fyrra, er þetta mál var til umræðu hjer á þingi. Þó er sá munur á, að hjer er stimpilgjaldið alt tvöfaldað, svo að samræmi sje milli þessa atriðis og annars í stjórnarfrv., og svo er bætt við nýju atriði um erlenda víxla og ávísanir, sem koma hingað og alls ekki eru borgaðir nje samþyktir. Þetta er gert til þess að fyrirbyggja, að þeir menn borgi stimpilgjald, sem senda hingað upp víxla eða ávísanir, sem svo liggja hjer og alls ekki eru borgaðar, því að það er hart að láta útlendinga gjalda stimpilgjald fyrir algerlega verðlausa »pappíra«. Þess vegna ætti stimpilgjaldið ekki að falla á erlenda víxla

fyr en þeir eru samþyktir eða greiddir, og ef þeir eru það ekki, þá gætu bankarnir sent þá til baka, án þess að stimpilgjald falli á þá.

Jeg hefði viljað fara töluvert lengra í þá átt, að víxlar, sem borgaðir eru við sýningu, yrðu undanþegnir stimpilgjaldi, en jeg hefi þó ekki gert það, vegna þess að háttv. nefnd vildi ekki fara lengra. En það er þó mikil ósanngirni, að víxlar eða ávísanir, sem borgaðar eru út í hönd, skuli vera stimplaðar. Jeg vil enn fremur benda á það, að menn nota ekki nærri altaf tjekka, heldur ávísanir, á sparisjóðsinnieignir, en ef maður er svo hygginn að gleyma að nefna ávísunina tjekk, þá geta menn ekki komist hjá því að borga stimpilgjald. Þess vegna hefði ávísun, sem á að borga við sýningu, alveg átt að vera undanþegin stimpilgjaldi, og vildi jeg benda á þetta, ef háttv. Ed. kynni að vilja breyta þessu.

Annars þarf jeg ekki að eyða mörgum orðum um þessar breytingar á þgskj. 161, því að háttv. nefnd og hæstv. fjármálaráðh. hafa fallist á þær, og fel jeg svo háttv. deild að kveða upp úrskurðinn yfir þeim.

Framsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg vil að eins lýsa yfir því fyrir hönd fjárhagsnefndar, að við nefndarmenn höfum fallist á brtt. 1. þm. G.-K. (B. K.), svo að jeg tel óþarft að ræða þær. Hins vegar vil jeg taka það fram, að það er rjett hjá sama háttv. þm. (B. K.), að nefndin vildi ekki ganga lengra.

Svo eru það brtt. frá nefndinni á þgskj. 166. Þær ganga út á það að ákveða nánar, hvernig reikna skuli stimpilgjald af farmskírteinum, og er þar fylgt lögum um verðhækkunartoll frá 1915.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg ætla að eins að lýsa yfir því, að mjer finst öll sanngirni mæla með brtt. á þgskj. 161, og því hefi jeg fallist á hana, og vil jeg leyfa mjer að hvetja háttv. deild til þess að samþykkja hana. Sama get jeg sagt um brtt. háttv. nefndar á þgskj. 167.

Einar Arnórsson: Af því að þetta mál er í þann veginn að fara út úr deildinni, vil jeg leyfa mjer að lýsa afstöðu minni til þess.

Eins og þessu frv. er háttað, þá eru það alls ekki öll skjöl, sem stimpluð verða, heldur þau ein, sem fara í gegnum hendurnar á bönkum eða einhverjum valdsmönnum.

Ef frv. þetta verður að lögum, þá hefir það í för með sjer hið mesta misrjetti milli manna. Sá, sem fær víxillán í banka, verður að borga stimpilgjald, en sá, sem fær lán hjá einstökum manni og gefur út honum til handa víxil eða skuldabrjef, greiðir ekkert stimpilgjald. Á þá að hlynna með þessu að okurkörlum, en aftra mönnum frá skiftum við banka? — Sá, er gerir samning við mann og er svo heppinn, að þurfa ekki að leita dómstólanna út af þeim samningi, þarf ekkert gjald að greiða. En hinn, sem vegna mótþróa eða getuleysis kaupunauts síns er neyddur til þess að leita dómstóla, verður að greiða aukagjald, auk lögmæltra dómsmálagjalda. Hvers eiga slíkir að gjalda? Annarsstaðar er þessi munur eigi gerður. Hitt er rjett, að auðveldara er um eftirlit, þegar skjalið fer um hendur opinbers embættismanns. En sektaákvæði bæta mjög úr þessu. Ef skjalið væri stimpilskylt þegar án þess að til greina komi, hvort það komi í hendur valdsmanns, mundu menn alment inna þá skyldu þegar af hendi, ef sekt lægi við að gera

það ekki, því að fyrirfram er mönnum ekki unt að vita, nema skjalið þurfi síðar að koma í hendur valdsmanns, vegna þess að viðsemjandinn gegnir eigi rjettilega þeirri skyldu, sem hann hefir á sig tekið með skjalinu.

Og viðvíkjandi stimpilgjaldi af farmskírteinum, þá er það ótvírætt, að það verkar eins og útflutningsgjald. Það getur ekki orkað tvímælis. Hvort sem það er kallað beint útflutningsgjald eða grímuklætt útflutningsgjald eða hreint og beint stimpilgjald, þá verkar það eins og útflutningsgjald, sem lagt er á afurðirnar. Mig furðar því, ef þeir menn, sem eru mótfallnir útflutningstolli, geta greitt atkv. með þessu frv. Ef jeg man rjett, þá var ekki neitt slíkt fyrirmæli í frv. því um stimpilgjald, sem afgreitt var frá þessari deild í fyrra. Þar var ekki minst á stimpilskyldu »konnossementa«. Það er vonandi, að háttv. Ed. lagi frv. eitthvað til og ráði bót á verstu ágöllunum. Hjer mun ekki tjóa að spyrna á móti broddunum, því að jeg hygg, að afráðið sje, að frv. verði afgreitt frá þessari deild í dag.

Framsm. (Magnús Guðmundsson): Mjer skildist á háttv. 2. þm. Árn. (E. A.), að hann gæti ekki sætt sig við 6. gr., um stimplun rjettarskjala. Áleit hann, að þeir, sem fara í mál, yrðu fullhart úti fyrir því, þótt ekki þyrftu þeir að greiða stimpilgjald af málsskjölum. Það kann vel að vera, að þetta þyki hart. En skattarnir verða einhversstaðar að koma niður, og rjettarskjöl eru ekkert ver fallin til þess að greiða af þeim stimpilgjald en hver önnur skjöl. Víða í öðrum löndum eru miklu fleiri rjettarskjöl en um ræðir í 6. gr. f stimpluð, og ef svo er, að sá, sem í mál hefir farið, hefir góðan málstað, á hann samkvæmt lögum um málskostnað frá síðasta þingi að fá endurborgaðan málskostnaðinn hjá mótpartinum, þar með talið stimpilgjaldið. Þeim, sem aftur á móti hefir farið í mál, eða látið fara í mál við sig að ástæðulausu, er eigi vorkunn að greiða þetta gjald. Aðalatriðið er, að eigi má hjá líða að útvega landssjóði tekjur, og er eins og háttv. þm., sumum hverjum að minsta kosti, gangi nokkuð erfitt að skilja það.

Það er ekki með rjettu hægt að hafa það á móti þessu frv., að ekki eru öll skjöl gerð stimpilskyld, því að það gerir þá þeim mun minna ilt. Ástæðan til þess, að ekki eru nú gerð stimpilskyld fleiri skjöl, er sú, að meiningin er, að engin önnur skjöl sjeu stimpilskyld en þau, sem afgreidd eru af embættismönnum eða bönkum eða öðrum lánsstofnunum. Þetta er gert vegna eftirlitsins og til þess, að lögin verði eigi pappírsgagn að meira eða minna leyti. Síðar meir má ef til vill bæta við fleiri skjölum, ef lög þessi reynast vel, en rjettast er að fara varlega í byrjun og prófa sig áfram.

Nefndin hefir enga dul á það dregið, að stimpilgjald af farmskírteinum er útflutningstollur, og hún hefir fallist á þann útflutningstoll að eins til bráðabirgða, til þess að afla tekna, en hún er mótfallin útflutningstollum yfirleitt. Það er undarlegt, að sumir háttv. þm. eru að tala um, að stimpilgjaldið af farmskírteinum sje grímuklætt útflutningsgjald, þótt það hafi frá upphafi verið tekið fram, að gjaldið er útflutningsgjald, og hefir aldrei verið dregin nein gríma á það. Jeg vona, að háttv. Ed. sjái, hvað við liggur, og fari ekki eins að ráði sínu eins og í fyrra. Þótt ýmsa agnúa megi finna á frv., þá teldi jeg samt mjög misráðið að fella það.

Einar Arnórsson: Það er svo sem auðheyrt, að þetta frv. er skilgetið afkvæmi þess barlóms, sem mjög hefir

kveðið við hjer í deildinni upp á síðkastið. En eins og stendur, veit jeg ekki, hvort mikið munar um þennan tituprjónshaus í ámukjafti, eins og komist var að orði hjer á dögunum. En þetta er ekki annað. Það munar lítið um þann tekjuauka, sem þetta frumv. veitir, í samanburði við það, sem þarf til þess að vega á móti fyrirsjáanlegum tekjuhalla.

Litlu einu vildi jeg bæta við, viðvíkjandi stimpilgjaldi af farmskírteinum. Hjer voru til áður lög um verðhækkunartoll á útfluttum vörum, sem hækkað höfðu í verði af völdum ófriðarins. Þessi lög hjeldust fram á sumarið 1917. Þá voru þau feld úr gildi, með það fyrir augum, að þótt verð á vörum hefði ekki lækkað frá því sem áður var, »absolut« sjeð, þá hefði það samt lækkað »relativt« við það, að framleiðslukostnaðurinn hefði aukist. Jeg hefði nú gaman af að sjá þá menn, sem voru með því að fella þau lög úr gildi á síðasta þingi, greiða nú aftur atkvæði með þessu. Háttv. frsm. (M. G.) skýrði þetta útflutningstoll, enda er ekki hægt að neita því, að svo sje.

Viðvíkjandi því, sem jeg hafði að athuga við 6. gr. f, viðurkendi hv. frsm. (M. G.), að þetta væri í raun og veru misrjetti, en það væri sumpart komið af því, að menn hugsuðu meira um það til bráðabirgða, hvað hægast væri að framkvæma, og sumpart væru menn að byrja að prófa sig áfram.

Það getur nú verið, að sumum þyki skemtilegt að byrja á því að prófa sig áfram með því að gera upp á milli manna og stofna til fulls misrjettis. En jeg held, að það væri ekki svo mikil hætta að leggja stimpilgjald á öll skjöl, eins og víða við gengst annarsstaðar, þótt ekkert opinbert eftirlit sje hægt að hafa með öðrum skjölum en þeim, sem ganga í gegnum hendur banka eða valdsmanna. Það getur svo farið um öll skjöl, að þau fyr eða síðar komist í hendur valdsmanna, ef málaferli koma upp. Því mætti svo ákveða, að ef skjal væri þá ekki stimplað, skuli gefinn kostur á að stimpla það innan ákveðins tíma, eða menn látnir sæta sektum þegar í stað, ef óstimplað skjal fyrirfinst. Það má hafa hvora aðferðina sem vill, en með síðari aðferðinni er meiri trygging fyrir, að stimpilskyldunni sje fullnægt þegar í stað. Menn mundu þá ekki þora að eiga það á hættu, að eiga skjöl sín óstimpluð. Úr því að farið er að gefa út stimpilgjaldslög, þá ætti að reyna að gera öllum jafnt undir höfði, sem stimpilskyld skjöl gefa út.

Þá munu menn bera því við, að sökum þess, hve strjálbygt er hjer á landi, þá sje erfiðara um alt eftirlit. En til þess að greiða fyrir með stimplun skjala mætti láta embættismenn eða sýslunar í hverjum hreppi, hreppstjóra eða hreppsnefndaroddvita, hafa stimpilmerki eða stimplaðan pappír til sölu. Með því móti mætti ganga út frá því gefnu, að eftirtekjan yrði ekki minni en eftir þessu frv. Menn verða þó að ganga út frá því, að meiri hluti manna svíkist ekki undan þeim lögum, sem sett eru. Og það veit jeg, að vera muni stuðningsmönnum þessa frv. hið mesta áhugamál, að sem mestar tekjur fáist af lögunum. Í »principinu« eru öll skjöl jafnt skattskyld, og finst mjer síst ástæða til þess að leggja skatt á þau skjöl ein, sem hafa þarf sjerstakt ómak og fyrirhöfn fyrir. Það er svo sem auðvitað, að hver fullvita dómari gengur svo frá, að sá, sem mál vinnur, beri upp allan kostnað, og þá auðvitað eins stimpilgjaldið og annan kostnað. En oft lyktar máli þannig, að á hvorugan aðila verður dæmt að öllu leyti, og er þá málskostnaður látinn niður falla. Það er ekki ætíð hægt að dæma um það,

hvort Jón fer með rjett mál eða hvort Pjetur hefir rjett fyrir sjer. Þegar svo vill til, fellur stimpilgjaldið á þann, sem skjalið hefir með höndum.

Jeg sje ekki heldur hvers vegna menn eiga að sæta verri kjörum með víxil, sem seldur er til banka, heldur en ef hann er seldur til einstaks manns. Ef jeg sel víxil minn í banka, þá verð jeg að láta stimpla hann, en ef háttv. frsm. sýndi mjer þá vinsemd, að kaupa af mjer víxilinn (**M. G:** Það gerði jeg ekki), þá þarf jeg ekkert stimpilgjald að borga. Skýri þeir, sem geta, hvers vegna þetta á svona að vera. Jeg get ekki fengið það í mitt höfuð, hvers vegna það er. Jeg skal játa það, að mjer fyndist sanngjarnt að leggja stimpilgjald á báða. Þetta ósamræmi í þessu stimpilgjaldsfrumv. hefir verið í því síðan það varð til árið 1907.

Milliþinganefndin í skattamálunum, sem skipuð var á þinginu 1907, gerði uppkast að þessu frv. og hefir sjálfsagt komist inn á þetta, með þeim rökum, sem hún hefir fært fyrir því, að það væri ógerningur að ganga lengra en hún gerði. Rök hennar get jeg ekki viðurkent. Finst þau byggjast á misrjetti og ekki öðru.

Fjármálaráðherra (S. E.): Það var að eins örstutt athugasemd, sem jeg ætlaði að gera út af orðum háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) um »konnossementin«. Jeg get vísað til þess, sem jeg sagði við 1. umr. málsins. Þetta er að eins gert í bili, til þess að afla fje á þessum tímum, þótt ýmislegt sje við »principið« að athuga. Margt verður að víkja fyrir þörfinni, og skal jeg svo ekki fara inn á fleira um þetta atriði. Það er ekki ástæða til að tala frekar um það hjer. Málið er nú til 3. umr., og engin brtt. hefir fram komið um þetta atriði, svo að nú er það of seint.

Jeg sje ekki, að neitt misrjetti eða þungar búsifjar sjeu veittar þeim, sem þurfa að fara með skjöl sín fyrir rjett. Þessar búsifjar eru þyngri annarsstaðar, eins og bent hefir verið á, þar sem líka þarf að borga stimpilgjald af skjölum, sem ekki koma fyrir rjett.

Þá gerði sami háttv. þm. (E. A.) athugasemd um víxla, sem ekki eru seldir í banka. Það er auðsjeð, hvers vegna þeir víxlar eru ekki gerðir stimpilskyldir — það gerir »kontrollið«. Það er svo erfitt að fást við alla skattalöggjöf hjá okkur, sökum þess, að hjer vantar alt »kontroll«, sem er miklu fullkomnara annarsstaðar. Þetta kemur t. d. í ljós í vörutollslögunum. Þar er vörunum svo óheppilega skift í flokkana, af því að menn urðu að hafa þær vörutegundir saman í flokk, sem flytjast í svipuðum umbúðum, vegna þess, að okkur vantar alveg tollgæslu.

Sami háttv. þm. (E. A.) drap á, að ekki mundi muna mikið um þennan tekjuauka. Jeg get auðvitað ekki sagt með vissu, hve mikill hann kynni að verða. En það mun engin fjarstæða að gera sjer vonir um, að hann geti orðið alt að 800,000 kr. á fjárhagstímabili, og mjer kæmi ekki á óvart, þótt hann yrði jafnvel meiri. Jeg verð að segja það, að landssjóð munar um minna.

Jeg vona því, að málið gangi eins greitt út úr þessari háttv. deild eins og það hefir gengið hingað til, og eins vona jeg, að háttv. Ed. verði því ekki að fótakefli.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) gerði mikið úr misrjetti, sem þessi lög mundu skapa, og nefndi hann í því sambandi víxla, sem bankarnir kaupa, og svo aftur víxla, sem einstakir menn kaupa. Það er satt, að nokkurt misrjetti kemur hjer fram,

en þetta tekur því nær eingöngu til víxla, og er sannarlega ekki mikið úr því gerandi, því að langflestir víxlar eru seldir lánstofnunum og verða þá stimpilskyldir. Önnur verðbrjef verða menn undir flestum kringumstæðum að láta þinglesa fyr eða síðar, til þess að tryggja rjett sinn. Mig furðar á, að háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) skyldi ekki koma með þessar mótbárur gegn frv. þessu í fyrra, þegar þetta mál var til meðferðar hjer í háttv. deild. Þá hreyfði hann engum andmælum, en nú snýst hann alveg á móti.

Um lögin um málskostnað sagði sami hv. þm. (E. A.), að dómstólarnir hefðu eftir þeim smugu til að láta málskostnað eigi falla á þann, sem ynni málið, en þetta gildir að eins þegar úrslit eru vafasöm, og þegar svo stendur á, er ekki nema sanngjarnt, að málskostnaður falli niður, og eðlilegt, að stimpilgjaldið lendi þá á þeim, sem höfðaði málið, úr því að rjettur hans er vafasamur.

Sami háttv. þm. (E. Á.) sagði einnig, að sjer þætti gaman að sjá þá sömu menn, sem greiddu í fyrra atkv. með að fella úr gildi verðhækkunartollslögin, greiða nú atkvæði með þessu frv. Þessi ánægja veitist víst háttv. þm. (E. A.), en áður en hann gleður sig mjög yfir því vil jeg leyfa mjer að minna hann á, hvernig þá stóð á. Þá stóð sem sje þannig á, að hjer fyrir deildinni lá frv. til laga um tvöföldun útflutningsgjalds af fiski, sem átti að koma í stað verðhækkunartollslaganna, en þetta frv. fjell hjer í deildinni með jöfnum atkv., en þetta frv. var eitthvert hið sanngjarnasta tekjuaukafrv., sem fram hefir komið. Það stóð því alt öðruvísi á þegar verðhækkunartollslögin voru numin úr gildi en nú.

Björn Kristjánsson: Frumvarpið er þannig lagað, að sumar greinar þess hefðu þurft að skýrast betur. T. d. er í 3. gr. talað um stimpilgjald af samningum um vörukaup og sölu.

Þetta er nauðsynlegt að komi skýrt fram í umræðum, fyrst það er ekki greinilegt í frv. sjálfu, hvernig eigi að stimpla vörusamninga og hvað sje átt við með orðinu samningur, þegar um vörukaup er að ræða. Þeir geta verið með ýmsu móti. Stundum eru samningarnir algerlega munnlegir. Sá, sem selur, afhendir vöruna munnlega, og kaupandinn samþykkir munnlega. Þetta eru fullgildir samningar; eru þeir stimpilskyldir? Í öðru lagi verða samningar með því móti, að seljandinn býður fram vöru sína munnlega, en hinn samþykkir skriflega, þyki þá fulltrygt. Í 3. lagi er það, að einn býður vöru skriflega og annar samþykkir skriflega. Eru þetta samningar eftir 3. gr. frv.? Í 4. lagi setja kaupandi og seljandi samning með sjer, eins og þegar samið er um kaup á húsi eða jörð. Skrifa þá báðir undir sama samninginn, og er hann þá sennilega stimpilskyldur. En eru hin atriðin stimpilskyld? Þetta síðasta samningsform er það, sem á dönsku er kallað »Slutsedel«. Ef stimpilskyldan nær ekki til hinna atriðanna, þá verður »slutseðillinn« lagður niður. En ef hún á að ná til allra samninga um kaup og sölu á vöru, hvers eðlis sem samningurinn er, þá verður þetta fastur skattur á allri verslun í landinu. Þessu væri gott að fá skýringu á í umræðunum, fyrst það kemur ekki skýrt fram í lögunum.

Framsm. (Magnús Guðmundsson): Til svars fyrirspurnum háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) skal jeg benda honum á, að vörusamningar eru þá fyrst stimpilskyldir samkv. frv., er þeir eru þinglesnir. Með þessu hygg jeg svarað öllum fyrirspurnum hans, einnig um hvort munnlegir samningar sjeu stimpil-

skyldir, því að munnlegir samningar geta aldrei orðið þinglesnir, og ætti ekki að þurfa að taka slíkt fram.

ATKVGR.
Brtt. 167. samþ. í e. hlj.
— 161. samþ. í e. hlj.
Frv., svo breytt, samþ. með 17 : 2 atkv. og afgreitt til Ed.

Á 24. fundi í Ed., miðvikudaginn 22. maí, var útbýtt
Frv. til laga um stimpilgjald
eins og það var samþ. við 3. umr í Nd. (A. 183).

Á 25. fundi í Ed., fimtudaginn 23. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg hefi í háttv. Nd. skýrt frá fjárhag landsins, og sje því ekki ástæðu til að gera það aftur hjer, með því að margir úr þessari háttv. deild hlýddu á þá ræðu mína, og auk þess hefir hún komið út á prenti.

Þá gerði jeg grein fyrir þeim miljónum, sem teknar hafa verið að láni, og benti á, að meðan þær væru í arðvænlegum fyrirtækjum, svo sem landsversluninni og skipakosti landsins, þá væri ekki mikið að óttast. En jeg sýndi jafnframt fram á, að talsverður tekjuhalli mundi verða á árinu 1918. Í greinargerð þeirri, sem prentuð var með frv., er sýnt fram á, að til útgjalda komi fram yfir áætlaða fjárhagsliði:

1. Tekjuhalli samkv. fjárlögum h. u. b. . . . kr. 400.000
2. Dýrtíðaruppbót embættismanna h. u. b. . . . — 400.000
3. Verði dýrtíðarfrv. stjórnarinnar samþ., h. u. b. . — 350.000

kr. 1.150.000

en hjer eru að eins nefndir nokkrir liðir, en vitanlega verður hallinn meiri en þetta.

Það er sýnilegt, að útgjaldahallinn árið 1918 getur orðið alt að 2 miljónum eða meira, og fjárhagsnefnd háttv. Nd., sem líka hefir reynt að rannsaka það, hefir komist að svipaðri niðurstöðu. Jeg tek þetta fram til þess að sýna, að rjettmætt sje, að tekjuaukafrumvörp sjeu lögð fyrir Alþingi, því að engan mun langa til að brúka lánin í beint eyðslufje. Síðasta þing hafði mál þetta til meðferðar; var það þá samþ. í hv. Nd., en hv. Ed. vísaði því til stjórnarinnar. En síðan hafa verið gerðar nokkrar breytingar á frv.; aðalbreytingar eru, að stimpilgjaldið hefir verið hækkað; svo er bæði um 4. og 5. gr. frv., en auk þess hefir verið aukið inn í frv. nýju ákvæði um stimpilgjald af farmskrám.

Jeg vil taka það fram um þennan nýja lið, að jeg tel þann skatt ekki vera rjetttlátan, og jeg játa það, að jeg er í »principinu« mótfallinnn skatti á framleiðslu landsins, en nú er brýn nauðsyn fyrir hendi, og þegar velja verður milli brýnnar nauðsynjar og »principa, þá verða »principin« að víkja. En sjálfsagt tel jeg, að þessi skattur verði að eins til bráðabirgða, en nú er erfitt að finna aðra tekjustofna fyrir landssjóðinn.

Að svo mæltu leyfi jeg mjer að óska þess, að fjárhagsnefnd deildarinnar verði falið frv. til athugunar, að þessari umr. lokinni.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg verð að líta svo á, sem það sje ekki óeðlilegt, þótt hæstv. stjórn leggi fyrir þingið frv.

til tekjuauka, því að hin brýna þörf, sem er á því, er svo auðsæ, en jeg hjelt, að allir hefðu sjeð þörfina strax, og því hefði jeg vænst þess, að hæstv. stjórn hefði komið fyr fram með tekjuaukafrumvörp en raun hefir á orðið.

Hæstv. fjármálaráðherra gat þess, að það hefðu verið gerðar breytingar á frv. frá því sem það var, er það lá hjer fyrir háttv. deild í fyrra, og er það rjett, en jeg verð að líta svo á, að þessar breytingar sjeu ekki til bóta, þótt þær sjeu til að auka tekjurnar, heldur sjeu þær miklu fremur axarsköft, sem ættu ekki þar að vera. Aðalbreytingin er að setja inn í frv. stimpilgjald á farmskrár, sem er ekkert annað en útflutningsgjald á vöru þá, er við framleiðum, og sje jeg enga nauðsyn á að setja það inn í slíkan lagabálk sem þennan, þótt menn játuðu, að nauðsyn bryti lög, svo að lögleiða yrði skatt á framleiðsluna til bráðabirgða. Og mikið hefði mjer þótt eðlilegra, að útflutningsgjald þetta hefði verið sett í sjerstakt frv., og vil benda háttv. fjárhagsnefnd á það, enda þótt jeg dragi ekki í efa, að hún hafi opin augu fyrir því. Þetta útflutningsgjald er allhátt, 1% af verði vörunnar, einkum er þess er gætt, að það ætti ekkert að vera, því að það er miður heppilegt og ósanngjarnt, og auk þess er innifalið í verði vörunnar verð dýrrar aðfluttrar vöru, sem áður er búið að greiða vörutoll af. Þar má nefna bæði salt og tunnur, sem er dýr vara. Þetta gildir bæði um kjöt og síld. Og auk þess getur það komið fyrir, að oftar en einu sinni verði að greiða stimpilgjald af sömu vöru eða gjaldstofni. Sem dæmi þess skal jeg nefna: Kaupmaður gerir kaupsamning við annan kaupmann um að selja honum 500 tn. af kjöti. Verð þess mundi með verðlagi því, sem nú er, verða sem næst 70000 krónur. Til þess að tryggja samninginn sem best lætur kaupandinn stimpilmerkja samninginn; það kostar 700 krónur; svo flytur hann út kjötið og verður þá að greiða 700 kr. í stimpilgjald, og loks greiðir hann kjötið með 70000 kr. víxli; stimpilgjaldið af honum yrði 70 krónur. Stimpilgjald það, er landssjóður fær af þessu, verður því alls 700+700+70 eða alls 1470 kr.

Þetta verður þá alltilfinnanlegur skattur, einkum þegar þess er gætt, að um 30 kr. virði af hverri tunnu er áður búið að greiða af vörutoll, sem nú er hækkaður um 100% frá því sem var. Mjer dylst ekki, að þetta er harður skattur, sem ekki er lagður á nema í brýnustu neyð, og alls ekki má standa til langframa, en þá er betra að leggja hann á með sjerstökum lögum heldur en að fella hann inn í lagabálk, sem hvað grundvöllinn snertir á að standa um aldur og æfi. Í frv. er gert ráð fyrir, að það gildi til ársloka 1921, en þetta er of langur tími, og virðist mjer, að heppilegra hefði verið að láta lögin að eins gilda þar til heimsstyrjöldinni er lokið, því að við vonum í lengstu lög, að stríðinu verði fyr lokið.

Þá vildi jeg beina því til nefndarinnar, hvort rjett sje að hafa eins hátt gjald og hjer er gert ráð fyrir af víxlum, sem ætlaðir eru til greiðslu eldri víxla, svo nefndum framlengingarvíxlum. Gjaldið virðist vera fullhátt. Ef maður tekur 10,000 kr. víxil og greiðir hann með 10 jöfnum afborgunum eða 1000 kr. í hvert sinn, þá verður hann að greiða alls í stimpilgjald 55 krónur. Þetta verður fullhátt, ef víxillinn er má ske tekinn til þess eins, að geta haldið verslun sinni við og staðið í skilum um greiðslur sínar. Og oft eru víxlar til þess teknir.

Í frv. er svo fyrir mælt, að stimpil-

gjald þurfi að greiða af afsölum fyrir fasteignum, sem skiftarjettur gefur út til erfingja búsins. Þar mætti líta á það, að erfðafjárgjaldið er orðið allhátt, og þetta er eiginlega viðbót við það. Væri rjettara, að slík afsöl þyrftu ekki stimplunar eða gjaldið væri þá mjög lágt.

Loks skal jeg drepa á eitt atriði Borgarabrjef kosta nú 50 kr. Hjer er gert ráð fyrir, að greiða þurfi 100 kr. í stimpilgjald af þeim. Mjer finst það óviðkunnanlegt, að stimpilgjaldið sje 100% hærra en sjálft verðmætið Jeg hefði kunnað því betur, að borgarabrjefin sjálf hefðu verið hækkuð í verði upp í 100—150 kr., en stimpilgjaldið þeim mun lægra.

Þessar athugasemdir eru að eins gerðar til athugunar fyrir nefndina, og vænti jeg þess, að hún yfirvegi þær og sjái, að þær eru rjettmætar.

Fjármálaráðherra (S. E.): Hv. 4. landsk. þm. (G. G.) vjek að því, að rjettara hefði verið, að tekjuaukafrumvörpin hefðu verið lögð fyr fyrir þingið, en jeg sje ekki betur en að enn þá sje nógur tími til þess, að þau geti náð fram að ganga.

Ástæðan til þess, að stjórnin lagði ekki tekjuaukafrumvörpin fyr fyrir, var sú, að hún ætlaði sjer í öndverðu ekki að leggja slík frv. fyrir þingið, meðal annars vegna þess, að slík frumvörp áttu mjög örðugt uppdráttar á síðasta þingi, en nú sitja sömu fulltrúar á þingi og þá, svo að það væri ekki glæsilegt útlit fyrir, að þeim mundi byrja vel. En þegar stjórnin hafði lokið rannsókn sinni á búskap þjóðarinnar árið 1917, þá sá hún, að brýn nauðsyn var á að auka tekjur landssjóðsins, og þá bar hún fram frumvörp sín. En hún gat ekki lokið rannsókn þessari fyr en rjett fyrir þing, vegna þess að bókfærsla stjórnarráðsins er mjög gamaldags, svo að ekki er hægt að sjá hvernig haginn stendur fyr en reikningnum er að fullu lokið. En reikningsuppgerðinni var lokið fyr en venja er til hjá landsfjehirði, og var það að tilhlutun stjórnarinnar, og þá tók hún tekjuaukana strax til yfirvegunar. En jeg skal geta þess, að nú er verið að undirbúa breyting á bókfærslunni, svo að hægt verði að fylgjast með útgjöldunum. Og hv. þm. eru stjórninni sammála um það, að nauðsyn sje að auka tekjurnar; má sjá það best á því, að frv. þetta gekk mjög greiðlega gegnum Nd., og eins var með vörutollshækkunina, og 3. tekjuaukafrv., dýrtíðarskattinum, var vísað í fyrradag til fjárhagsnefndar Nd.

Háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) fann að stimpilgjaldinu fyrir farmskrárnar, og skal jeg játa það, að aðfinslur hans um það voru rjettar og eðlilegar. Jeg hefi aldrei dregið dul á það, að jeg er mótfallinn skatti á afurðir landsins, en hjer brýtur nauðsyn lög, því að það er knýjandi ástæða til að auka tekjur landssjóðs, og hins vegar fyrirsjáanlegt, að þetta frv. nær fram að ganga.

Jeg er alveg samþykkur háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) um, að þessi skattur eigi að eins að vera til bráðabirgða, og því samþykkur forsendum hans, en jeg get ekki verið honum samþykkur um ályktun þá, er hann dró af forsendunum, þá ályktun, að tryggara sje að hafa skatt þennan settan með sjerstökum lögum, svo að hann verði ekki til langframa. Jeg lít mótsett á það atriði; jeg tel miklu meiri trygging fyrir því, að hann verði til bráðabirgða, ef hann stendur í þessum lögum.

Háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) kom með dæmi þess, hversu oft væri hægt að greiða stimpilgjald af sömu vörunni, en jeg hygg, að dæmi hans sje ekki rjett. Hann gerði ráð fyrir samnings-

gjaldi, 700 kr., og svo farmskrárgjaldi, en jeg tel víst, að samningsgjald þetta falli burt Oft er slíku komið í kring með simskeytum einum. Annars er það, þar sem stimpillög eru, að mörg ágreiningsatriði koma fram, sem þarf að úrskurða, og svo verður vitanlega hjer, en jeg sje ekki ástæðu til að fara að ræða þau við þessa umr.

Þá fanst háttv. þm. (G. G.) óeðlilegt að greiða 100 kr. stimpilgjald af borgarabrjefi, þar sem brjefið sjálft kostaði að eins 50 krónur, en þetta rjettlætist af því, að gjaldið fyrir borgarabrjefið rennur í hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarsjóð, en stimpilgjaldið í landssjóð Ef hækka hefði átt borgarabrjefin, svo að landssjóður hefði tekjur af því, þá þurfti til þess ný lög, og þá jafnframt að skifta gjaldinu milli sveitarsjóðs og landssjóðs. Þetta er miklu einfaldara.

Kristinn Daníelsson: Það mun ekki vera til þess ætlast, að þessi 1. umr. verði löng, og síst að farið verði út í einstök atriði málsins. Það þýðir ekki heldur að tala um, hvort málið sje seint eða snemma inn á þingið komið; það verður að afgreiðast hvort heldur sem er. En gott gæti verið fyrir nefndina, sem fær málið til umsagnar, að heyra undirtektir manna við þessa umræðu. Þess vegna er það, að jeg tek nú til máls.

Þetta er ekki í fyrsta sinn, sem frv. um stimpilgjald er borið fram í þinginu. Ef jeg man rjett, hefir það komið fram á þrem þingum, og verð jeg að lýsa yfir því, að jeg hefi í engu breytt fyrri skoðun minni, sem hefir verið sú, að það svaraði sjer ekki hjer á landi að innleiða stimpilgjald. Umstangið við undirbúning og innheimtu stimpilgjaldanna er svo mikið, og haftið, sem lagt er á viðskifti manna á milli, er svo tilfinnanlegt, að arðurinn af svona lögum svarar ekki til þess. Mjer finst leitt að vera á móti frv., sem stefnir að tekjuauka fyrir landssjóð, því að tekjuaukans er þörf, en það er sannfæring mín, að stimpilgjald eigi ekki við hjer á landi.

Ef jeg væri því mótfallinn, að lagður væri skattur á framleiðsluna, þá mundi jeg áreiðanlega vera því mótfallinn, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., að lagt sje stimpilgjald á farmskrár. Jeg segi þetta ekki af því, að jeg sje yfirleitt mótfallinn því, að leggja skatt á framleiðsluna. Jeg sje eigi, að neitt sje á móti því að leggja skatta eins á þá, sem framleiða og hafa eitthvað að selja og taka inn verð fyrir, eins og hina, sem kaupa, svo sem gert er með venjulegum tollum. En jeg tek þetta fram af því, að það væri ósk mín, að háttv. fjárhagsnefnd gæti snúið stimpilgjaldsfrv. upp í einhverskonar beint og brotaminna skattafrv., og mætti hún þá fremur búast við fylgi mínu. Vona jeg, að mönnum skiljist það, að jeg er ekki á móti tekjuaukanum.

Fjármálaráðherrann tók það rjettilega fram, að hjer væri ekki að tala um nein bráðabirgðalög. Það er auðvitað mál, að ekki er hægt að leiða svo margbrotið kerfi, sem stimpilgjöld eru, í lög til bráðabirgða. Framkvæmd á slíkum lögum er svo margbrotin, umsvifamikil og kostnaðarsöm, að annaðhvort er að koma þeim á fyrir fult og alt, eða láta það algerlega vera.

Það voru að eins þessar athugasemdir um aðalatriði, sem jeg vildi hreyfa við 1. umr. málsins.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg ætla ekki að fara að koma með aðfinslur við svar hæstv. fjármálaráðh.; svör hans í minn garð voru skýr og glögg. Jeg ætlaði að eins að bæta við einu atriði,

sem jeg gleymdi áðan. Jeg vildi benda háttv. fjárhagsnefnd á b-lið 3. gr., sem er um stimpilgjald af farmskrám. Vandalaust er að ákveða stimpilgjaldið, þegar vörurnar eru seldar fob. Þá er bara að miða við söluverðið óhaggað. En nú eru vörurnar oftast sendar óseldar, og enginn veit, hvað verðið muni verða, að frádregnum flutningskostnaði. Um það getur jafnvel verið ókleift að áætla. En fyrst ekki er hægt að miða við söluverðið, hvað væri þá á móti því, að miða stimpilgjaldið við kaupverðið? Það má telja víst, að kaupverðið er oftast sanngjarnt. Svona væri þessu best fyrir komið, og væri þá rjett að geta þess berum orðum í frv.

Í frv. er gert ráð fyrir, að lögreglustjóri meti vöruna, ef hún er óseld, en á þessu geta orðið ýms vandkvæði. Sumstaðar býr lögreglustjóri mjög langt frá kaupstaðnum, sem flutt er út frá, og yrði því að hafa umboðsmann á staðnum. En vandkvæði geta verið á því að fá umboðsmann, sem er treystandi. Í minni sýslu eru tvö kauptún mjög langt frá sýslumanni, og á hvorugum staðnum nema einn kaupmaður, og hann jafnframt afgreiðslumaður skipsins. Miður heppilegt væri það að láta afgreiðslumennina sjálfa meta sína eigin vöru, en á þessum stöðum er varla um aðra að velja. Eins býst jeg við að sje ástatt á mörgum öðrum stöðum.

Fjármálaráðherra (S. E.): Vegna þess, hve mikið háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.) gerði úr því, hvað þetta yrði umfangsmikið kerfi, skal jeg geta þess, að stjórnin mun koma þessu fyrir á svo einfaldan og fábrotinn hátt, sem mögulegt er. Það hefir jafnvel komið til mála, að frímerki verði notuð sem stimpilmerki. En um þetta er ekkert enn fastráðið. Viðvíkjandi ósk sama þm. (K. D.) um, að fram kæmi nýtt skattafrv., mjer skildist helst einhverskonar útflutningsskattsfrumv., skal jeg geta þess, að jeg er mjög efins um, að slíkt frv. næði fram að ganga í háttv. Nd. En háttv. Nd. tók þessu frv. vel, þar var það samþ. með 17 : 2 atkv.

Um tillögu háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) er það að segja, að hún er þess verð að verða tekin til athugunar, og vænti jeg, að háttv. fjárhagsnefnd muni gera það. Af stjórnarinnar hálfu mundi það engum ágreiningi valda; hún mundi að eins þakklát, ef fyndust auðveldari leiðir í þessu máli en hún hefir komið auga á.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 : 1 atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 534) með 12 shlj. atkv.

Á 34. fundi í Ed., mánudaginn 3. júní, var frv. tekið til 2. umr. (A. 183, n. 272).

Framsm. (Magnús Torfason): Að því leyti, er snertir ástæðurnar fyrir máli þessu, er nægilegt að vísa til álits háttv. fjárhagsnefndar Nd. og svo álits nefndarinnar, sem prentað er á þgskj. 272, en jeg vil þó taka það frekar fram en gert er í nefndarálitinu, að nefndin telur að eins fyrir þá sök rjett að lögleiða þennan skatt, er hefir í för með sjer mikla fyrirhöfn, umstang og almenn óþægindi, að inn í frv. hefir verið aukið ákvæði um stimpilskatt af farmskrám, svo að miklu meiri tekjuauki stafar af frv. þessu en stimpilgjöld gefa eftir venjulegum grundvelli.

Um fyrstu brtt. nefndarinnar vil jeg láta mjer nægja að vísa til nefndarálitsins, og það því fremur, sem með öllu er óvíst, að frv. gildi sem lög lengur en eitt ár. Þegar um svo stuttan tíma er

að ræða, er með öllu óþarft að fara að búa til stimpilmerki. Annars er till. að öðru leyti mest orðabreyting.

Um 3 brtt. a hjá nefndinni vil jeg taka fram, að óljóst er í frv., hvort stimpilgjaldið á að vera 10 kr. eða alt framlag í fjelagið eigi að vera minst 10 kr. þegar staðfestingar er leitað. Brtt. miðar til að taka af allan vafa um þetta.

Þá er 4. brtt. b, um að orðin »Vígslubrjef með 1 krónu« falli niður. Það er af athugaleysi við meðferð málsins í háttv. Nd., að þetta er ekki felt niður, því að vígslubrjef eiga, eins og önnur leyfisbrjef, að stimplast með 5 krónum.

Við 6. gr. d ber nefndin fram þá efnisbreytingu, að þegar launin eru 4000 kr. eða meira, þá stimplist veitingarbrjefið með 20 kr., í stað 16 kr., eins og frv. gerir ráð fyrir. Þegar launin hafa náð þeirri upphæð, má segja, að þau sjeu orðin góð, og þá ekki of mikið, þó að stimpilgjaldið sje miðað við $^1/_2$% af lægstu upphæð.

Við 6. gr. i ber nefndin fram brtt. Byggingarbrjef eru örsjaldan þinglesin, rjett einstöku sinnum húsaleigusamningar, en aftur eru alloft þinglesnir grunnleigusamningar í kaupstöðum. En gjald þetta er vanalega lítið, því að víðast eru lóðirnar litlar og ódýrar; venjulega greiða húsmenn í sjávarþorpum 12—20 kr. árgjald af grunni sínum. Gjald þetta mun því oftast ekki nema meiru en 3 kr. af grunni hverjum.

8. brtt. nefndarinnar er um að lækka um helming stimpilgjald af erfðaskrám, eða færa það úr 10 kr. niður í 5 krónur. Það er oftast enginn ávinningur að því fyrir þann, er gerir erfðaskrárnar, og vanalegast er einvörðungu um litlar upphæðir að ræða; það er því ekki ástæða til að leggja hátt stimpilgjald á það. En auk þess gæti hátt stimpilgjald á erfðaskrám leitt til þess, að erfðaskrárgefendur hliðruðu sjer heldur hjá því að fara til notarii publici er þeir semdu erfðaskrárnar, og það er ekki holt að draga úr því. Það er best, að þær sjeu sem tryggast og lögformlegast úr garði gerðar, og vottorð notarii publici fyrir undirskrift erfðaskrárgefanda miðar að því.

11. brtt., við 10. gr., er talsverð efnisbreyting. Till. þessi kemur til af því, að þegar stimpla á allar farmskrár, þá getur það hæglega eins komið fyrir, að farmskrá sje skotið undan stimplun, eins og að skip láti frá landi án þess að greiða útflutningsgjald. Nefndinni hefir því þótt rjett að gera ráð fyrir þessu, og hefir því tekið það upp í greinina.

Síðast í 10. gr. er gert ráð fyrir, að skjóta megi úrskurði til yfirrjettar, en í 13. gr. stendur, að skjóta megi málinu til dómstólanna. Þetta fellur ekki saman. Samkvæmt 13. gr. má fara til hæstarjettar með mál um stimpilskyldu eða upphæð gjaldsins, en samkvæmt 10. gr. er ekki hægt að fara lengra en til yfirdómsins með mál þau, er varða beinlínis mannorð manna. Það sjá allir, að þetta nær engri átt og að það er sjálfsagt, að hægt sje að reka mál fyrir brot gegn 10. gr. alla leið til hæstarjettar. Að því miðar brtt. nefndarinnar.

12. brtt. nefndarinnar er til þess gerð, að færa 12. gr. frv. til betra máls.

Loks er 13. brtt. nefndarinnar við 14. gr.; þar er nefndin ekki á eitt sátt. Jeg fyrir mitt leyti get ekki greitt frv. þessu atkvæði mitt nema því að eins, að það verði látið gilda til 1921, því þó að við ættum að endurskoða frv. að ári, þá væri ekki hægt að gera það svo, að vel væri, því að þá vantaði alla reynslu fyrir lögunum og reikningarnir væru ekki endurskoðaðir. Endurskoðun á lögunum næsta ár gæti því ekki gert annað en að fella niður skattskylduna

af farmskránum, en það er aðalatriði laganna og hið eina í þeim, er gefur verulegar tekjur. Og þar sem nefndin leggur til, að frv. sje samþykt einmitt vegna þessa ákvæðis, þá væri það býsna einkennilegt að ætla sjer nú þegar að endurskoða þau á næsta þingi til þess eins að fella þetta ákvæði niður. En komi fram verulegir gallar á lögunum, þá er jeg viss um, að hæstv. stjórn kemur fram með lagfæringar á þeim.

Að síðustu skal jeg enn þá taka það skýrt og skorinort fram, að nefndin er með frv. þessu eingöngu vegna þurftar landssjóðsins á tekjuauka.

Jóhannes Jóhannesson: Því miður hefir mjer ekki unnist tími til þess að athuga frv. eins vel og þyrfti, en jeg vil þó leyfa mjer að bera fram nokkrar athugasemdir með þeirri ósk, að háttv. nefnd taki þær til yfirvegunar til næstu umræðu.

Í 2. gr. frv. er kveðið svo á, að stjórnin megi greiða 2 af hundraði af þeirri upphæð, sem inn kemur við sölluna, í innheimtulaun. Þessi sölulaun, 2%, eru, að því er mjer finst, óforsvaranlega lág, og skal jeg í því sambandi benda á, að sölulaun af frímerkjum er 4%, og þó að sölulaunin sjeu svona lág, þá er sá, sem sjer um stimplunina, skyldur til þess, samkvæmt 9. gr., að veita frest á skattgreiðslunni, en ber þó samkvæmt 11. gr. fulla ábyrgð á gjaldinu. Fyrir þessa ábyrgð, reikningsskil og stimplun, á hann að fá 2%. Jeg skil ekki, að það verði sótt eftir þeim starfa. En ef til vill er það ætlun þingsins að krefjast þessa af embættismönnum landsins, án nokkurs tillits til þess, hvort borgunin, sem þeir fá, er sæmileg eða ekki.

Þá er í 4. gr. talað um, að stimpla skuli skjöl um sölu fasteigna og skipa, hvort heldur eru kaupsamningar, makaskiftabrjef, gjafabrjef, próventusamningar eða önnur slík skjöl. Mjer finst þetta ekki heppilega orðað, þar sem strax á eftir sölu er verið að tala um gjafabrjef. Jeg vildi því beina því til háttv. nefndar að lagfæra orðalagið um þetta.

Í 5. gr. er talað um, að stimpla skuli fjelagssamninga um leið og þeir eru staðfestir eða þinglesnir. En nú eru þeir sjaldan þinglesnir eða staðfestir, en aftur eru þeir oft skrásettir. Ef þá á að stimpla þá, þá ætti að bæta »skrásettir« inn í greinina.

Í sömu grein og í sama staflið er sagt, að sje fasteign eða skip afhent fjelaginu til eignar og umráða, þá skuli greiða stimpilgjald, er nemi 1% af verðhæðinni, en nú kemur það oft fyrir, að fasteignir eða skip eru afhent öðrum til eignar á þann hátt, að nýi eigandinn tekur að eins að sjer skuldir þær, er hvíla á eigninni, en þá á að stimpla það líka samkvæmt sömu grein, staflið e, um yfirfærslu á skyldum skuldunauts til annars.

Í c-lið eru vígslubrjef tekin undan og ekki ætlast til nema einnar krónu stimpilgjalds af þeim. En hjer verður þess að gæta, að nú hafa menn jafnt leyfi til að giftast borgaralega eins og kirkjulega, og ætti því samræmis vegna að sjá svo til, að stimpilgjald lendi jafnt á þeim, sem gefin eru saman borgaralega, eins og hinum, sem velja kirkjulega vígslu, þannig, að sama stimpilgjald verði á leyfisbrjefum til undanþágu frá hjúskaparlýsingu og hjónavígslubrjefum.

Í d-lið er svo ákveðið: »Embættisveitingabrjef eða sýslanabrjef, sem stjórnarvöld veita, skal stimpla þannig« o. s. frv. Jeg vil að eins benda á, að þar undir hljóta að heyra skipunarbrjef fyrir hreppstjóra og yfirsetukonur, auk ýmsra annara launalágra sýslunarmanna. — Undir leyfisbrjefin heyra að sjálfsögðu

leyfisbrjef til lausamensku, og hækkar verð á þeim þá vegna stimpilgjaldsins um meira en helming, og virðist það nokkuð mikil verðhækkun.

Í f-lið stendur: »Fullkomnar dómsgerðir eða aðrar rjettargerðir in forma fyrir hjeraðsrjetti skal stimpla með 2 krónum«. Hjer er engin undantekning gerð, þótt rjettargerðirnar snerti opinber mál, og er þó víst ætlast til, að þær sjeu undanteknar. Má vera, að það eigi að felast í 1. gr. En nægilega skýrt kemur það ekki fram í greininni.

I-liður hljóðar svo: »Byggingarbrjef og leigusamninga skal stimpla« o. s. frv. En um það stendur ekkert, hvort brjefin eða samningarnir skuli því að eins stimpluð, að þau sjeu þinglesin. Hjer er og engin undantekning gerð um þjóðjarðir og kirkjujarðir.

Þá er eftir síðasti liður 6. greinar. Þar stendur svo: »Ákvæði um, að ekkja skuli sitja í óskiftu búi, skal stimpla með 1 krónu, ef þau eru sjerstaklega gerð«. Hjer er víst átt við það, ef maður veitir í erfðaskrá ekkju sinni rjett til að sitja í óskiftu búi, og ætti því að stimpla slíka erfðaskrá eins og aðrar erfðaskrár.

Í 7. gr. stendur: »Erlendir víxlar og ávísanir eru þá fyrst stimpilskyldir, er þeir eru samþyktir, og víxlar og ávísanir, sem eiga að greiðast við sýningu, um leið og þeir eru innleystir«. En nú getur farið svo, að víxlarnir verði alls ekki greiddir hjer. Það getur hugsast, að menn láti dæma sig til þess að greiða útlenda víxla af þeirri ástæðu, að það verði þeim kostnaðarminna en að greiða stimpilgjaldið. — Í síðustu málsgrein 7. greinar er svo ákveðið, að bankar og sparisjóðir skuli »annast innheimtu stimpilgjaldsins og afgreiðslu þess í landssjóð«. En hvaða líkur eru til, að þessar stofnanir vilji taka þetta að sjer fyrir þau ómakslaun, sem lögin ákveða, 2 af hundraði? Er ekki líklegast, að lánstofnanirnar segist helst vilja vera lausar við þess háttar »forretningu«?

Í 9. gr. er innheimtumönnum gert að skyldu að lána mönnum stimpilgjaldið, ef það getur valdið þeim rjettarmissi eða verulegum óþægindum að synja um stimplun skjals og afgreiðslu, en samkvæmt 11. gr. ber innheimtumaður og ábyrgð á stimpilgjaldinu. Hann ber ábyrgð á því fje, sem hann er skyldugur að lána öðrum. Þetta er ótækt, og má ekki svo búið standa.

Í 10. gr. stendur: »Sektina ákveður lögreglustjóri með úrskurði, er áfrýja má til yfirrjettar«. Eftir þessu getur bæjarfógeti hjer í Reykjavík ekki kveðið upp úrskurð um þessi efni.

Ákvæði 11. greinar um ábyrgðina hefi jeg áður minst á.

Í 12. gr. stendur, að »sá einn svari til sekta, sem gerst hefir sekur í brotinu«. En stundum gæti leikið vafi á því, hver er sekur í brotinu, ef ekki er frekar til tekið en hjer er gert.

Við hvað er átt með þessum orðum 13. greinar: »Ákvörðunum þeim og úrskurðum, sem lögmætur innheimtumaður stimpilgjalds gerir« o. s. frv.? Er átt við úrskurði, sem bankar og sparisjóðir gera um stimpilskyldu eða upphæð gjaldsins?

Eins og jeg tók fram í byrjun, skýt jeg þessum athugasemdum fram til athugunar í nefnd þeirri, sem fjallar um þetta mál.

Sigurjón Friðjónsson: Jeg var mótfallinn þessu frv. við 1. umr. og er það enn. Jeg lít svo á, að tekjuauki af eiginlegu stimpilgjaldi sje svo lítill, að ekki svari kostnaði að setja lög um það efni. Mjer skildist líka á frsm. (M. T.), að hann væri á sama máli um eiginleg stimpilgjaldslög. En töluverðar

tekjur muni verða af farmskírteinunum. Stimpilgjald á farmskírteinum er í raun og veru ekkert annað en útflutningsgjald. Hingað til hafa útflutningsgjöld ekki verið vinsæl hjer á landi, og er síst ástæða til að auka þau nú á þessum tímum. En þó að jeg fyrir mitt leyti gæti aðhylst einhvern hreinan skatt af útfluttum vörum þá get jeg ekki með nokkru móti stutt að því, að hann verði lagður á grímuklæddur sem stimpilgjald.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg er nefndinni þakklátur fyrir undirtektir hennar undir frv. Brtt. hefir hún að vísu gert, en jeg sje ekki ástæðu til þess að eyða mörgum orðum um þær, því að þær hafa engin veruleg áhrif á þann tekjuauka, sem lögunum er ætlað að gefa. Sumar orðabreytingar nefndarinnar álít jeg að sjeu til bóta. Að því er snertir fyrri brtt. við 10. gr. skal jeg geta þess, að hún felur ekkert í sjer, sem ekki felst í 10. gr. frv.; en hún er skýrari og því til bóta. — Að eins ein brtt. er veruleg, sú, að lögin gildi til 1919, í staðinn fyrir til 1921, eins og í frv. stendur. Mjer þykir það koma nægilega ákveðið fram, að þessi lög eru að eins til bráðabirgða, þótt þau sjeu látin gilda til 1921. Það yrði og of stuttur prófunartími fyrir lögin að standa að eins til næsta þings. Hins vegar er þetta ekki í mínum augum neitt aðalatriði. Því að þótt þessi brtt. verði samþ., er jeg viss um, að lögin fái að standa til 1921.

Í tilefni af ræðu háttv. 1. landsk. varaþm. (S. F.) skal jeg geta þess, að það hefir engin dul verið dregin á það, að stimpilgjaldið á farmskrám er í raun og veru útflutningsgjald. Það er ekki heldur rjett, að gjaldið af farmskrám sje það eina, sem verulega muni um. Það er örðugt að segja um það, hve miklu það nemi, sem þinglesið er árlega í landinu, en ekki mun ofætlað, að það sje fyrir 10 miljónir kr. Skatturinn af því mundi nema 100 þús. kr. Vixla má reikna um 50 miljónir króna á ári. Það ætti því að sjást, þótt jeg nefni ekki fleira, að farmskrárnar verða ekki einar um það að gefa tekjuaukann.

Um athugasemdir háttv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.) þarf jeg fátt að segja. Þær komu lítið við fjárhagsatriði þessa máls, að öðru leyti en því, að hann taldi of lágt innheimtugjaldið. En þetta er orðinn gamall siður hjer á landi, að fela sýslumönnum og lögreglustjórum mikil störf fyrir lítil ómakslaun.

Hvað ábyrgð innheimtumanna snertir, býst jeg ekki við, að hún verði neitt hættuleg. Innheimtumennirnir ráða sjálfir hverjum þeir lána (**Jóh. Jóh.**: Nei, þeir eru beint skyldaðir til þess að lána). Það finst mjer ekki heldur skifta máli, þótt nokkurt gjald lendi á skipunarbrjefum hreppstjóra og yfirsetukvenna. Annars skal jeg ekki segja fleira um þessar athugasemdir hv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.). Sumar voru kannske sanngjarnar, og býst jeg við, að hv. nefnd taki þær til íhugunar.

Magnús Kristjánsson: Jafnvel þótt mjer sje ljóst, að ýmsir agnúar eru á þessu frv., ýmist fyrirsjáanlegir eða ófyrirsjáanlegir, mun jeg ekki leggjast á móti því, og það af þeirri ástæðu, að tekjuaukaþörf landssjóðs er svo mikil. Að mínu áliti hefði þurft að undirbúa þetta mál betur en gert hefir verið. Nefndin hefir lítið úr því bætt. Brtt. hennar eru ekki mikils verðar, og jafnvel álitamál, hvort þær eru til bóta. Læt jeg mjer í ljettu rúmi liggja, hvort þær verða samþyktar eða ekki.

Það er eitt atriði í frv., sem mig langaði til að spyrjast fyrir um hvernig eigi að skilja. Þar er talað um, að afgreiðslumenn skipa eigi að bera ábyrgð á stimpilgjaldi af farmskrám. En hverjir eru »afgreiðslumenn skipa«? Helst

gæti jeg búist við, að það sje lögreglustjórinn. En nú eiga lögreglustjórarnir að hafa eftirlit með afgreiðslumönnunum, m. ö. o. með sjálfum sjer. Það er víst, að þetta getur valdið misskilningi, því að sjerstaka afgreiðslumenn hafa ekki önnur skip en þau, sem sigla eftir föstum áætlunum.

Mjer er og óljóst, af hverju leggja á 5000 króna sekt við, ef farmskrár eru ekki stimplaðar, en alt aðrar reglur eiga að gilda um undandrátt á öðrum skjölum; þá á sem sje að gjalda hundraðsgjald af verðmæti skjalsins. Jeg skil ekki, af hverju þetta háa sektarákvæði er sett um þessa einu tegund stimpilskyldra skjala. Jeg sje ekki ástæðu til þess að hagga samræminu vegna þessara skjala einna.

Jeg vona, að háttv. nefnd taki þetta atriði, farmskrárnar, til sjerstakrar íhugunar. Eins og ákvæðin eru um þær nú, gæti það valdið töfum á ferðum skipa. Enginn afgreiðslumaður mun þora að byrja að ferma fyr en farmskrárnar eru komnar stimplaðar í hans hendur. Þetta gæti valdið miklum óþægindum, því að oft er ekki ákveðið upp á hár, hve mikið eigi að fara með skipi, þótt byrjað sje að ferma það. Þetta er að mínu áliti stærsta atriðið í þessu máli, mikilsverðara en allar aðrar athugahugasemdir, sem komið hafa fram í umræðunum.

Frsm. (Magnús Torfason): Jeg get verið háttv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.) þakklátur fyrir athugasemdir hans, því að þær hagga ekki við brtt. nefndarinnar.

Þótt svo fari, að lög þessi um stimpilgjald verði almenn, þá er ekki hægt að ætlast til þess, að þau sjeu algerlega tæmandi þegar í stað. Hjer er ekki heldur gert ráð fyrir stimpilskatti af öllum skjölum.

Jeg get tekið til dæmis vöruvottorð, sem ekki eru hjer með talin, sömuleiðis fararleyfisbrjef, sem líka er slept.

En þar sem hjer hefir verið getið um lausamenskubrjef, þá skal jeg geta þess, að jeg skildi greinina svo, að þau heyrðu þar ekki undir, því að upptalningin sýnir, að þar er að eins átt við leyfisbrjef með konungsinnsigli.

Það var talað um, að gjaldið væri lágt, en miðað við frímerkjagjaldið er það ekki lágt, þar sem hjer er um miklu hærri upphæðir að ræða.

Að því er ábyrgðina snertir, þá vil jeg benda á, að við lögreglustjórar höfum átt því að venjast að bera ábyrgð á allri okkar innheimtu og það líka fyrir 2% þóknun. En það er ekki svo að skilja, að jeg líti svo á, að gjaldið mætti alls ekki vera hærra.

Um vígslubrjefin er það að segja, að brtt. nefndarinnar fer fram á að sleppa þeim líka, til þess að fá samræmi í greinina, og nefndin leit svo á, að fólk mundi helst hafa ráð á að fórna 5 kr., er það gifti sig. Það mundi ekki seinna vænna.

Að því er snertir opinberar fullkomnar dómsgerðir, þá er ekki til þess ætlast, að valdsmaður taki gjaldið af sjálfum sjer, heldur er átt við, að maður kemur til yfirvaldanna og beiðist afgreiðslu.

Viðvíkjandi því, sem háttv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.) sagði um 9. gr. frv., um frestun á greiðslu gjaldsins, þá lít jeg svo á, að sje fresturinn gefinn, þá geti viðkomandi valdsmaður enga ábyrgð haft á því gjaldi.

Annars er það vani, að innheimtumaður hafi rjett til að heimta gjaldið áður en skjalið er látið af hendi.

Í því sambandi vil jeg svara því, sem háttv. þm. Ak. (M. K.) sagði um afgreiðslumenn skipa. Með því er að sjálfsögðu átt við afgreiðslumenn áætlunarskipa, þá menn, sem hafa við það sjerstaka stöðu.

En vitanlega hefir lögreglustjóri í hendi sjer að afgreiða ekki skipaskjölin fyr en hann hefir fengið farmskírteinin. En þá er það gert til að ljetta undir, að skrifa megi undir, þótt farmskírteinin sjeu ekki í fullu lagi. Getur það oft komið sjer vel, til þess að þurfa ekki að hefta það, að skip komist út.

Jeg get tekið undir það með háttv. þm. Ak. (M. K.), að margar af brtt. nefndarinnar eru ekki stórvægilegar, en hún áleit það skyldu sína að færa til betra vegar, þar sem hún sá þess kost.

Að sjálfsögðu mun nefndin einnig taka til athugunar bendingar háttv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.) til 3. umr.

Fjármálaráðherra (S. E.): Það er eðlilegt, þegar slíkt frv. sem þetta kemur fram, að ýmislegt þyki við það að athuga.

Og alstaðar, þar sem stimpilgjaldslög eru, hefir orðið að kveða upp fjölda úrskurða um einstök tilfelli.

T. d. í Danmörku er nú orðið aragrúi til af slíkum úrskurðum, og hygg jeg, að nú muni skapaður fastur »praxis« í þessu efni.

En það var aðallega vegna orða háttv. þm. Ak. (M. K.) að jeg stóð upp.

Með afgreiðslumanni skipa er í lögum þessum ekki átt við lögreglustjóra, heldur þá, sem hafa afgreiðslu skipanna yfir höfuð á hendi, taka á móti vörum í þau o. s. frv. Get jeg bent á t. d. afgreiðslumann Eimskipafjelagsins eða Sameinaða fjelagsins o. s. frv.

Og sektin er ákveðin svona há vegna þess, að þetta er svo verulegur liður í lögunum, að þetta komi til greina.

Kristinn Daníelsson: Jeg er samdóma háttv. nefnd um forsendur hennar, sem hún vísar til í nál. Nd-nefndarinnar. En jeg skil ekki, hvernig hún getur komist að þeirri niðurstöðu, sem raun hefir á orðið.

Jeg lít svo á, að hún hefði átt að komast að þeirri niðurstöðu, að ekki væri hægt að samþ. frv. að svo komnu.

Allir eru á einu máli um það, að frv. þetta felur í sjer þungar kvaðir, og hinu er mjög hætt við, að árangurinn verði lítill. Það hækkar allmikið gjöldin á viðskiftum manna frá því, sem þau eru ákveðin í aukatekjulögunum.

En þegar þau voru endurskoðuð síðast, voru sumir liðir hækkaðir einmitt með tilliti til þess, að stimpilgjald var ekki til.

En við undirbúning og framkvæmdir laga þessara hlýtur að verða svo mikið umstang og tilkostnaður, að naumast munu tekjurnar verða því tilsvarandi, þegar þetta er orðið að hreinum stimpilgjaldslögum og búið er að sníða burt alt, sem ekki á þar heima.

Jeg verð að vísu að játa það, að auka þurfi tekjur landssjóðs, en nefndin hefði átt að velja til þess aðrar leiðir, og mundi henni hafa gefist nægur tími til þess eftir öllu átliti nú.

Það hefði t. d. mátt hækka aukatekjurnar til bráðabirgða, enda þótt vafasamt sje, að viðskifti manna þoli það.

Það mátti líka leggja hreint útflutningsgjald á, í staðinn fyrir stimpilgjald á farmskrár.

Jeg felst á það, að þörf sje fjárins, en jeg lít svo á, að fara mætti betri leiðir.

Jeg hefi ekki haft tíma til að rannsaka málið ítarlega og lesa frv. saman við aukatekjulögin.

En jeg vil benda á það, að t. d. þinglestrargjaldið er þegar orðið allhátt áður en þessu er við bætt.

Brtt. nefndarinnar álít jeg að sjeu yfirleitt til bóta, og mun jeg því greiða þeim atkv., ef til þess kemur, að frv. fái að ganga fram.

Við brtt. við 7. gr. frv., að í stað orðsins »framlengdur« komi »endurnýjaður«, vil jeg gera þá athugasemd, að mjer fyndist rjettast, að það ákvæði væri felt alveg í burt.

Jeg lít svo á, að það geti ekki komið til mála að leggja þetta á framlengdan víxil.

Jeg hefi heyrt skírskotað til þess gjalds, sem bankarnir leggja á framlengingu víxla, en jeg lít svo á, að fremur væri ástæða til að draga úr því en að á það sje bætandi.

Um ártalið vil jeg geta þess, að jeg felli mig betur við 1919, því að jeg lít svo á, að með því sje það enn þá skýrar ákveðið, að hjer sje um bráðabirgðaráðstafanir einar að ræða.

Magnús Kristjánsson: Það voru að eins fá orð út af skýringu hæstv. fjármálaráðherra á niðurlagi 10. gr.

Ef sá skilningur á að verða fastur í framkvæmdunum, þá tel jeg nauðsynlegt, að bætt sje inn í málsgreinina, að þar sje átt við afgreiðslumenn skipa, er sigla eftir föstum áætlunum.

En hvers vegna er verið að leggja þeim þyngri skyldur á herðar en öðrum, þar sem það er þó viðurkent, að lögreglustjórinn hefir aðalumsjónina á hendi? Auk þess er ákvæði þetta illframkvæmanlegt, nema í samvinnu við skipstjórann.

Ákvæðið ætti því að vera þannig, að afgreiðslumaður og skipstjóri sæju um, að farmskírteinin væru afhent, og væri það frekar viðunandi.

Líka teldi jeg rjettara, að lágmark sektanna væri einnig ákveðið, t. d. 50 --5000 kr.

Brotin yrðu auðvitað mjög misjöfn, og væri því ekki rjett að gefa undir fótinn með, að hæstu sektum yrði beitt fyrir lítils háttar brot.

Jeg gæti að vísu komið með brtt. um þessi atriði, en jeg tel betra, að nefndin geri það, því að brtt. frá nefndum hafa altaf meiri líkur til að verða samþyktar.

Fjármálaráðherra (S. E.): Það er að eins stutt athugasemd.

Viðvíkjandi afgreiðslumönnunum er hjer ekki að eins átt við afgreiðslumenn skipa, sem fara eftir föstum áætlunum, heldur alla þá, er sjá um flutning á vörum úr skipum og í.

Athugasemdir háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.) voru flestar almenns eðlis og hefðu því átt frekar að koma við 1. umr.

En jeg skal taka það fram, að tekjuaukinn, sem leiðir af lögunum, er alls ekki svo lítill, jafnvel þótt farmskránum væri slept. Jeg geri ráð fyrir, að hann yrði alls ekki minni en 200 þús. krónur.

Umstang hlýtur auðvitað að verða talsvert, en þrátt fyrir það hefir samskonar lögum víða verið komið á.

Og jeg álít það alls ekki ranglátt, þótt gjöld þessi sjeu hækkuð nú.

Fasteignir hafa hækkað mjög í verði, og vitanlegt er, að gróði á húseignum hjer er mikill; mikið af gjöldum þessum mundi því ekki koma hart niður.

Um víxlana er það að segja, að það eru venjulega velmegandi menn, sem með stóru víxlana fara, og mundi gjaldið þar því lenda á breiðu baki.

En það er gefinn hlutur, að ekki er hægt að finna þann skattstofn, að hvergi þyki koma hart niður.

Jeg vona því, að frv. þetta fái að ganga fram, en sjálfsagt verða farmskrárnar dregnar út eins fljótt og hægt er.

Frsm. (Magnús Torfason): Það er út af orðum háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.), að jeg tek aftur til máls. Hann sagði, að samkvæmt forsendunum hefði nefndin ekki átt að leggja það til, að frv. yrði samþ. Jeg sje ekki betur en að þar sem hann vísar til forsendna þeirra, sem koma fram í nál. Nd., þá stefni orð hans til þeirrar háttv. nefndar líka. (**K. D.:** Alveg rjett). En nú þykir það ekki álitamál, að teknanna sje full þörf, og vorum við því neyddir til að leggja það til, að frv. verði samþykt, þrátt fyrir það þótt við gerum það nauðugir.

Þetta eru að vísu þungar kvaðir, en með öðru móti er ekki hægt að fá mikið í aðra hönd.

Sami háttv. þm. (K. D.) vildi, að nefndin fyndi aðrar nýjar leiðir, t. d. útflutningsgjald. En þess verður að gæta, að ef lagt væri fram frv. um útflutningsgjald, og alt væri sundurliðað, þá mundi það alls ekki ná fram að ganga hjer á þingi. En það er erfitt að finna skattstofna þegar illa árar, eins og nú, og atvinnuvegir eru að rýrna og sumir komnir í kalda kol.

Um undirbúning málsins er það að segja, að hann hefir verið þó nokkur. Það var fyrst borið fram af skattanefndinni 1907 og hefir komið fram oftar á þingi síðan.

Um brtt. nefndarinnar um framlenging víxla skal jeg geta þess, að nefndin leit svo á, að það væri í rauninni ekkert til, sem kallast framlengdur víxill, heldur væri þar um nýjan víxil að ræða.

Gjaldið er hjer ekki miðað við gjald það, sem bankarnir taka, því að, eins og kunnugt er, þeir leggja þyngri kvaðir á þegar víxillinn er endurnýjaður, en hjer haldast sömu kvaðir, en nefndin leit svo á, að það væri ekki rjett að veita mönnum ívilnum fyrir að ríða víxlum.

Skipstjórar hafa oft ekkert að segja yfir farmskírteinum og geta jafnvel ekki sjeð um þetta. Ef skipstjórar láta eitthvað fara með skipinu óstimplað, þá er það valdsmannanna að athuga það, en vitanlega taka þeir tillit til þess, hve syndin er stór.

Jeg verð að halda því fram, að meiningarlaust sje að vera að samþykkja stimpillögin fyrir að eins eitt ár, heldur eigi þau að gilda til 1921, eins og frv. gerir ráð fyrir.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Þó að fram hafi komið raddir gegn þessu frv. hjer í háttv. deild, þá vona jeg samt, að frv. fái framgang. Það var líkt ástatt í Nd. Sumir höfðu þar ýmislegt að athuga við frv., en jafnframt hafði deildin glögt auga fyrir þörfinni á tekjuauka, og hann hlýtur líka að verða svo, að talsverðu munar, ef frv. verður samþykt.

Jeg vil eindregið hvetja háttv. deild til þess að samþykkja síðustu gr. frv. óbreytta, um að lögin skuli gilda til ársloka 1921, en ekki till. nefndarinnar, um að þau gildi að eins til 1919, því að fari svo ólíklega, að laganna verði ekki þörf á næsta þingi, þá má nema tímatakmarkið úr gildi þá. Ef til vill verður þá líka farmgjaldið tekið út úr og sett sem sjerstakt útflutningsgjald.

Halldór Steinsson: Jeg vildi að eins segja örfá orð út af ummælum

hæstv. atvinnumálaráðherra og háttv. framsögumanns (M. T.) og um leið gera grein fyrir atkv. mínu í þessu máli.

Síðasta brtt. er í fylsta samræmi við álit nefndarinnar á þessu frv. yfir höfuð, því að henni er í raun og veru mjög óljúft að samþykkja frv. og hefir að eins gert það með tilliti til þess, hve hagur landssjóðs er bágborinn. En þetta ákvæði, að lögin gildi ekki lengur en til 31. desbr. 1919, bendir þó fremur til þess, að lögin eigi ekki að standa um aldur og æfi. Þess vegna vill nefndin hafa það.

Í raun og veru ætti ekki að vera stimpilgjald á farmskrám, og væri sú leið eðlilegri að ákveða til bráðabirgða útflutningsgjald með sjerstökum lögum. Þótt jeg yfirleitt sje andvígur útflutningsgjaldi á innlendum afurðum, þá lít jeg svo á, að hjá því verði tæplega komist á þessum tímum. Hins vegar legg jeg áherslu á, að slíkt gjald sje að eins ákveðið til bráðabirgða, hvort sem það er í stimpillögum eða með sjerstökum lögum, og get því ekki greitt frv. í heild sinni atkvæði, nema síðustu brtt. nefndarinnar nái fram að ganga.

Jóhannes Jóhannesson: Háttv. frsm. (M. T.) vildi rjettlæta hina lágu borgun til sýslumanna og bæjarfógeta með því, að þeir væru orðnir slíku svo vanir. Þetta virðist óneitanlega alleinkennileg röksemd, því að margendurtekið ranglæti getur aldrei orðið rjettlæti, heldur að eins aukið ranglæti. En svo eru það ekki eingöngu sýslumenn og bæjarfógetar, sem eiga að sjá um þessa stimplun skjala og reikningsfærslu, sem þar að lýtur, heldur sparisjóðir út um alt land og bankarnir. Þeir verða því ekki síður hart úti með sín 2% af upphæðinni, sem inn kemur. Og jeg fyrir mitt leyti get ekki sjeð, að það geti komið til mála að samþykkja lögin án breytinga í þessu efni.

Annars hefi jeg ekki miklu við það að bæta, sem jeg tók fram í fyrri ræðu minni. Að eins vil jeg enn benda á það, að t. d. lausamenskuleyfisbrjef, útgefin af valdsmanni, verður nú að stimpla með 5 kr. gjaldi, eins og öll önnur samskonar leyfisbrjef. Nú kosta lausamenskuleyfisbrjefin 2 kr. Það er með öðrum orðum 150%, sem lagt er á þau.

Jeg vil endurtaka það, að jeg vona, að nefndin taki athugasemdir mínar til greina og athugi frv. nákvæmlega enn á ný.

Kristinn Daníelsson: Jeg vildi gjarnan biðja háttv. frsm. (M. T.) afsökunar á því, að jeg gleymdi að taka fram áðan, að jeg ætlaði ekki að saka háttv. nefnd þessarar deildar að eins, því að mjer fanst í raun og veru sama ósamræmið eiga sjer stað hjá báðum nefndunum, — bæði í Ed. og Nd., — í þessu máli. Viðvíkjandi því, sem hæstv. fjármálaráðherra sagði, að jeg vildi álíta lítinn tekjuauka að stimpilfrv., þá er það ekki nákvæmt. Jeg neitaði ekki, að nokkur tekjuauki mundi fást með því, en jeg vildi halda fram, að sá tekjuauki kæmi á ýmsan hátt ranglátlega niður á mönnum. Tökum t. d. útgerðarmanninn með hinum þungu kvöðum, sem á honum hvíla nú, þar sem hann verður að liggja með rentulaust »kapital«, svo sem salt, tunnur o. fl., og þetta hefir neytt hann til að taka háa víxla. Setjum svo, að hann taki 100,000 kr. víxil. Samkvæmt ákvæði frv. kostar það 100 kr. að stimpla víxilinn; gerum svo ráð fyrir, að trygging fyrir víxlinum þurfi að þinglesa í tveimur þinghám, það kostar 102 kr. í hvorri eða 204 kr.; auk þessa verður stimpil-

gjaldið af sjálfu veðskuldabrjefinu $^1/_2$% af verðhæðinni, samkvæmt frv., eða 500 kr. í þessu tilfelli. Það kostar m. ö. o. 804 kr. að fá víxilinn, fyrir utan alt rentugjald og rentutap.

Alt þetta finst mjer þurfa mjög vel að athugast og ekki vonlaust um, að háttv. nefnd geti athugað frv. enn þá og gert umbætur á því, en eins og það er nú álít jeg ófært að samþykkja það.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg get ekki sjeð, að brtt. háttv. nefndar sjeu þess eðlis, að nokkrar verulegar breytingar til bóta verði á frv., þó að þær verði samþyktar; hygg svipaða niðurstöðu hvort sem verður. Hún hefir ekki gert sjer far um að taka tillit til þeirra brtt., sem gert var ráð fyrir 1. umr., og þykir mjer það miður. Það er því að eins síðasta brtt. nefndarinnar, sem jeg tel til bóta, og mun jeg greiða henni atkvæði, en hinum ekki. En jeg vildi að eins beina einni fyrirspurn til hæstv. fjármálaráðherra. Samkvæmt frv. eiga farmskrár að stimplast með 1% af verðhæðinni. En hefir hæstv. stjórn athugað það, að farmskrárnar eru fleiri en ein, að af þeim eru gefin út 4 eintök í hvert sinn? Og hafi hún athugað þetta, sem jeg geri ráð fyrir, er þá meiningin, að eigi að stimpla þær allar? Og ef svo er ekki, hverja þeirra á þá að stimpla? Er það farmskráin, sem sýslumaður á að fá, eða sú, sem jeg held eftir, eða skipstjórans, eða þá sú, sem jeg sendi til hlutaðeigandi manns, sem vörurnar eiga að fara til? Um þetta er nauðsynlegt að vita skýrt og glögt.

Karl Einarsson: Jeg ætla að eins að minnast á eitt atriði. Jeg vildi sem sje skjóta því til háttv. nefndar í málinu, hvort ekki sje rjettara, áður en það kemur til 3. umr., að ákveða, hver á að borga stimpilgjaldið af vörum landsstjórnarinnar, þar sem hún mun framvegis kaupa allar vörur og sjá um útflutning á þeim. Mjer finst það liggja í augum uppi, að hún sjálf sem útflytjandi eigi að borga stimpilgjaldið, en í reglugerð þeirri hinni nýútkomnu, sem jeg hefi hjer fyrir framan mig, frá 31. f. m, er ekkert tekið fram um þetta annað en það, að seljandi greiði flutningskostnað til næstu útflutningshafnar, nema öðruvísi um semjist; fyrir vöruna, samkvæmt nýnefndri reglugerð, gefur stjórnin nákvæmlega það sama og hún fær fyrir hana, eða með öðrum orðum tapar kostnaði við móttöku, afhendingu, geymslu, útskipun o. s. frv. Þar sem jeg tel það sjálfsagt, að landsstjórnin greiði stimpilgjaldið, þá er þetta ákvæði um farmskirteini í frv. í raun og veru þýðingarlaust, þar sem stjórnin á að borga sjálfri sjer stimpilgjald. Slíkt er að fara í hring og ekkert annað.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg skal fyrst leyfa mjer að svara háttv. 4. landsk. þm. (G. G.). Auðvitað er það tilætlun stjórnarinnar, að að eins ein farmskráin sje stimpluð, þó að eintökin sjeu fjögur. Lögreglustjóri setur sinn embættisstimpil á eitt skjalið fyrir hið ákveðna gjald, en hin 3 verða stimpluð ókeypis. Það skiftir auðvitað engu máli, af hverju skjalinu gjaldið er tekið og hverju ekki.

Athugasemd háttv. þm. Vestm. (K. E.) um, að í rauninni sje ákvæðinu um stimpilgjald af farmskrám kipt í burt með reglugerð þeirri, sem hann mintist á, eða að þar sje farið í hring, hún er alls ekki rjett. Reglugerðin tilgreinir að eins sjerstaklega um flutningskostnað til hafnanna hjer, en getur ekki útrýmt lögboðnum sköttum.

Karl Einarsson: Þessar almennu reglur, sem hæstv. fjármálaráðherra

talar hjer um, eru nú einmitt þær, að sá, sem flytur vöruna út, hann greiði kostnaðinn frá því að hann eignast vöruna, og landsstjórnin á því hjer að sjálfsögðu að greiða stimpilgjaldið af farmskránni. Að minsta kosti vildi jeg biðja háttv. nefnd að athuga, hvort þetta sje ekki rjett hjá mjer. Það mun og áreiðlegt, að á þann, sem kaupir af stjórninni, er ekki hægt að leggja neitt af hjer umræddum kostnaði, og þá ekki heldur stimpilgjaldið.

Fjármálaráðherra (S. E): Hv. þm. Vestm. (K. E.) talar um þessa reglugerð eins og hún nái til allra vörutegunda, en þess ber að gæta, að hún gildir að eins um ullina. En mjer finst það liggja alveg í hlutarins eðli, að tollar og skattar, sem leggjast bæði á þessa og aðrar vörutegundir, verði að borgast af hlutaðeigendum, þó að landsstjórnin sje milliliður. (**K. E.:** Hún er kaupandi og útflytjandi, og er það upplýst af því, sem fram er komið, að hjer er »incuria« í reglugerðinni.). Að vísu er hún kaupandi, en hún dregur skattinn að sjálfsögðu frá söluverðinu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8:2 atkv.

Brtt. 272,1. samþ. með 7 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

— 272,2. samþ. án atkvgr.

3. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

4. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

— 272,3. a. samþ. með 8 shlj. atkv.

— 272,3. b. og c. samþ. án atkvgr.

5. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

— 272,4. a. samþ. án atkvgr.

— 272,4. b. samþ. með 8 shlj. atkv.

— 272,5. samþ. með 7:1 atkv.

— 272,6. samþ. án atkvgr.

Brtt. 272,7. samþ. með 8 shlj. atkv.

— 272,8. samþ. með 9 shlj. atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

— 272,9. a. samþ. án atkvgr.

— 272,9. b. samþ. með 8 shlj. atkv.

7. gr, svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

8. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

— 272,10. samþ. án atkvgr.

9. gr., svo breytt, samþ. með 9 shlj. atkv.

— 272,11. a. samþ. með 9 shlj. atkv.

— 272,11. b. samþ. með 8 shlj. atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

11. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

— 272,12. samþ. með 8 shlj. atkv.

12. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.

13. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

— 272,13. feld með 7:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: K D, S. F., G. G., G. Ó, H. St.

nei: Jóh. Jóh., K. E., M. K., M. T., S. E., S. J., G. B.

Tveir þm. (E. P. og H. Sn.) fjarstaddir.

14. gr. samþ. með 7:5 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 8:3 atkv.

Á 37. fundi í Ed., mánudaginn 10. júní, var frv. tekið til 3. umr. (A. 304, 317).

Framsm. (Magnús Torfason): Jeg skal geta þess þegar, að ritvilla hefir skotist inn í breytingartillögurnar. Það stendur, að þær sjeu »frá allsherjarnefnd« en á vitanlega að vera »frá fjárhagsnefnd«.

Brtt. eru fram komnar sumpart vegna þess, að háttv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.) benti á, hvernig nokkur atriði mættu betur fara. En alt eru það orðabreytingar.

Jeg finn sjerstaklega ástæðu til þess að nefna brtt. við 4. gr. c, sem jeg tel aðalbreytingartilllögu, að í stað orðanna »Afgreiðslumenn skipa eru skyldir til«, komi: »Sá, er afgreiðir skip, er skyldur til«. Nefndin leit svo á, að »afgreiðslumenn skipa« væru að eins þeir, sem hafa það fyrir atvinnu að afgreiða skip, sem ganga eftir föstum áætlunum. En er nefndin heyrði á hæstv. fjármálaráðh., að með þessum orðum væri átt við alla þá, sem skip afgreiða, fanst henni rjett að taka af skarið um, að svo bæri að skilja þetta.

3. brtt, við 6. gr. i, er gerð til þess, að það komi skýrt fram, að stimpilgjaldið eigi að eins að gjalda af byggingarbrjefum, sem þinglesin eru. Byggingarbrjef eru auðvitað leigusamningar, og kemur það gleggra fram, að sömu reglur eiga að gilda um hvorttveggja, ef sagt er »Byggingarbrjef og aðra leigusamninga«, eins og nefndin leggur til. En um leigusamninga yfirleitt er þetta ákvæði í 3. gr. c: »Í afsals- og afhendarskjölum og leigusamningum, sem þinglesnir eru, skal ávalt tilfæra kaupverð, leiguverð eða andvirði, sem fyrir rjettindin kemur«. Fyrst nú þetta er tekið fram um þinglýsta leigusamninga, en ekkert ákvæði sett um óþinglýsta leigusamninga, þá hljóta þeir — óþinglýstu leigusamningarnir, og þar á meðal byggingarbrjef — að vera stimpilgjaldsfríir.

Við 7. gr. er gerð sú brtt., að í stað orðanna »þeir eru innleystir« komi: »innlausn þeirra eða borgun fer fram«, til þess að ákvæði laganna nái líka til víxla þegar þeir eru greiddir samkvæmt dómi.

Loks er síðasta brtt. Hv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.) benti rjettilega á það, að orðið »lögreglustjóri« í 10. gr. nær ekki til bæjarfógetans í Reykjavík, sem hefir engin lögreglumál með höndum. Var sjálfsagt að laga það, og leggur nefndin til, að »valdsmaður« komi í staðinn.

Forseti: Hv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.) er ekki á fundi, og þykist jeg vita, að embættisönnum muni um að kenna. Þar sem annar háttv. þm. hefir gert mjer aðvart um, að hann muni ætla að koma með brtt. við frv., tek jeg málið af dagskrá að þessu sinni.

Vil jeg um leið gera háttv. deildarmönnum aðvart um, að fundur verður haldinn í þessari deild kl. 3 í dag. Í Nd. verður kvatt til aukafundar kl. $2^1/_2$, og verða mál þau, sem þar verða rædd, að loknum fundinum tekin hjer á dagskrá. Bið jeg háttv. deildarmenn að taka þetta sem þingfundarboð.

Umr. frestað.

Á 41. fundi í Ed., þriðjudaginn 11. júní, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 304, 317, 322, 343).

Jóhannes Jóhannesson: Jeg leyfði mjer að gera nokkrar athugasemdir við frv. þetta þegar það var til 2. umr. hjer í háttv. deild. Háttv. fjárhagsnefnd tók sumt af þeim athugasemdum til greina, en samt hefi jeg komið hjer fram með nokkrar brtt. á þgskj. 322. Flestar þeirra eru að eins til þess að skýra frv., en 1. 4. og 5. brtt. eru efnisbreytingar.

Í sambandi við 1. brtt. skal jeg geta þess, að við 2. umr, sýndi jeg fram á, hve óhæfilega lágt það væri að borga að eins 2% af söluupphæðinni fyrir stimplun, þar sem innheimta á stimpilgjaldinu væri mjög umsvifamikið starf. Laun-

in fyrir þetta eru samkvæmt frv. helmingi minni heldur en fyrir sölu á frímerkjum, en ábyrgðin þó margfalt meiri fyrir þann, sem um stimplunina á að sjá. Jeg gat þess einnig, að lægstu stimpilgjöldin mundu tíðast koma fyrir hjá sparisjóðum og póstafgreiðslum úti um sveitir. Þar mundu umsvifin verða mest, en ágóðinn minstur. Jeg endurtek það, að jeg álít mjög ósanngjarnt að hafa sölulaun inlægri af stimpilmerkjum en frímerkjum.

Hæstv. fjármálaráðherra kannaðist við, að launin væru of lág. Jeg býst því ekki við mótmælum af hálfu stjórnarinnar, og þó að bent hafi verið á það hjer í deildinni, að þetta væri ekki annað en það, sem áður hefði við gengist og því ekki ástæða til þess að fara að breyta því nú, þá er þar til að svara því sama og áður, að ítrekað ranglæti er ekki rjettlæti, heldur aukið ranglæti.

2. brtt. mín er að eins orðabreyting og fer betur en það orðalag, sem er í frv. »Gjafabrjef« finst mjer ekki geta heimfærst undir sölu fasteigna og skipa. Þess vegna vil jeg hafa »afhendingu« í stað »sölu«.

3. brtt., við 5. gr., er einnig til skýringar, því að það mætti leggja þann skilning í orðin, eins og þau standa, að með þeim væri átt við alla fjárupphæðina, en ekki verðhæð fasteignarinnar eða skipsins, sem sjálfsagt er þó meiningin.

4. brtt., við 6. gr., er gerð til þess að fyrirbyggja, að byggingarbrjef þjóðjarða og kirkjujarða verði stimpilskyld, nema þau, sem þinglesin eru.

Loks er 5. brtt., við 9. gr., um að fella burt skylduna á valdsmanni um synjun á stimplun, þótt eigi sje greidd þegar í stað, og heimila í staðinn frestun á greiðslunni. Sú regla gildir um aukatekjur, vitagjald o. fl., að óheimilt sje að veita frest á greiðslu. Ættu því að gilda sömu reglur um aukatekjur og stimpilgjald, en til samkomulags er hjer stungið upp á, að þetta sje heimilt undir vissum kringumstæðum.

Jeg legg ekki mikla áherslu á 2. og 3. brtt. mína, en á 1., 4. og 5. brtt. legg jeg svo mikla áherslu, að jeg sje mjer ekki fært að greiða frv. atkvæði ef þær verða allar feldar.

Frsm. (Magnús Torfason): Það sjer á ræðu háttv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.), að hann var ekki staddur á fundi deildarinnar við upphaf þessarar umræðu. Þetta kom berlega fram, er hann var að tala um 2., 3. og 4. brtt. á þgskj. 322. Það má segja um allar þessar tillögur, að þær sjeu óþarfar, því að það, sem brtt. eiga að skýra, kemur sæmilega skýrt fram í frv., og um 4. brtt. ber enn fremur að geta þess, að 3. brtt. nefndarinnar á þgskj. 317 hefir lagað þar það, sem áfátt var, og af orðalagi á 3. gr. c er það ljóst, að gengið er út frá því, að leigusamningur sje þinglesinn og stimplaður um leið og hann er afhentur til þinglestrar.

5. brtt. á þgskj. 322 getur ekki staðist eins og hún er orðuð.

Í frv. er bannað að neita um stimplun, þótt stimpilgjaldið sje ekki greitt strax, ef það getur valdið hlutaðeiganda rjettarmissi eða verulegum óþægindum, og er slíkt eins dæmi í lögum. En þar sem þetta er tekið svo berlega fram, þá er ekki hægt að líta öðruvísi á en að innheimtumaður beri ekki ábyrgð á stimpilgjaldi því, sem frestur er veittur á samkvæmt þessu ákvæði 9. gr. En háttv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.) vill færa yfir á innheimtumanninn ábyrgð á þessu stimpilgjaldi, sem frestur er veittur á með greiðsluna, og það er líka eins

dæmi í lögum, og verð jeg þá að segja, að jeg fyrir mitt leyti tel ákvæði frv. talsvert betri en brtt. Eigi er heldur hægt að samþykkja þessa brtt., ef gætt er nánar að orðalagi 9. gr. Síðar í greininni segir svo: »Eigi má heldur fresta afgreiðslu skjals« o. s. frv. Þetta orðalag fellur eins og flís við annað orðalag greinarinnar; má segja, að greinin sje þar samsteypt heild, en aftur er þetta orðalag í mótsögn við 5. brtt. háttv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.). Þetta sjá allir, er þeir athuga greinina og brtt.

En fjórar síðustu till. á þgskj. 322 eru að eins dilkar eða taglhnýtingar fyrstu till. á þgskj. 322, sem er um það að hækka innheimtulaunin um helming frá því er segir í frv. Eins og jeg tók fram við 2. umr., þá játa jeg það fúslega, að þessi brtt. er í sjálfu sjer sanngjörn og rjettmæt, og herðir það á till., að jafnósjerdrægur maður og háttv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.), maður, sem situr í einu besta, eða best launaða, embætti landsins, ber hana fram. En nefndin ber kviðboga fyrir því, að ef brtt. yrði samþykt, þá gæti það orðið frv. að falli í háttv. Nd., og þar sem landssjóði er mjög mikil þörf meiri tekna, þá vill nefndin ekki tefla málinu í tvísýnu eða samþykkja það, sem orðið gæti því að falli.

Nefndin telur því 2., 3. og 4. brtt. á þgskj. 322 óþarfar, 5. brtt. er hún mótfallin og 1. brtt. telur hún ekki ráðlegt að samþykkja, vegna þess, að með því gæti málinu verið stofnað í voða.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg verð að vera algerlega á mótsettri skoðun við háttv. þm. Ísaf. (M. T.) um 4. brtt. á þgskj. 322.

Samkvæmt 1. gr. frv. á að stimpla t. d. byggingarbrjef fyrir kirkjujörðum, því að þau eru gefin út af og afgreidd af embættismanni, en samkv. 6. gr. í á að reikna gjaldið, og það er ekki hægt að sjá annað en að stimpla eigi byggingarbrjefin, jafnt fyrir það, hvort þau eru þinglesin eða ekki. Annars er þetta atriði svo ljóst, að jeg hirði ekki að karpa um það við háttv. þm. Ísaf. (M. T.). Það geta allir háttv. þm. dæmt um það sjálfir með því að lesa greinarnar.

Jeg skal játa það, að mjer hefir skotist yfir þetta orðalag síðar í 9. gr., sem háttv. þm. Ísaf. (M. T.) var að tala um, en þetta má lagfæra með því að fella niður orðið »heldur«. Yrði orðalagið á þessu þá svo: »Nú er stimpilgjald eigi greitt þegar í stað, og má þá veita frest á greiðslu þess, ef það getur valdið hlutaðeigandi rjettarmissi eða verulegum óþægindum, og skal þá innheimtumaður innheimta gjaldið síðar. Eigi má fresta afgreiðslu skjals . . . . . .« Jeg hefi samið skriflega brtt. um það að fella orðið »heldur« niður, og vona jeg, að hæstv. forseti leyfi, að hún sje borin upp, þótt hún sje skrifleg (**Forseti:** Já) og að háttv. deild samþykki það.

Um innheimtulaunin vil jeg ekki heldur deila við háttv. frsm. (M. T.). Jeg álít þá upphæð, er jeg ber fram, sanngjarna, og hv. frsm. hefir margviðurkent það og nú síðast í ræðu sinni. Og við eigum að samþykkja það, sem við teljum sanngjarnast og rjettast, án tillits til þess, hvað aðrir óska, hvort svo sem það er háttv. Nd. eða aðrir.

Um það, hvor okkar háttv. þm. Ísaf. (M. T.) sje eigingjarnari eða hvor okkar sje betur launaður, ætla jeg mjer ekki að deila. Jeg sje ekki, að það komi nokkra minstu vitund við því máli, sem hjer liggur fyrir, og jeg er ekki vanur að blanda öldungis óviðkomandi málum inn í umræður um óskyld mál.

Frsm. (Magnús Torfason): Þessi nýja brtt., er háttv. þm. Seyðf. (Jóh.

Jóh.) hefir flutt, gerir það að verkum, að fært er að samþykkja 5. brtt. á þgskj. 322, og úr því að svo er, þá vil jeg ekki meina það og læt brtt. afskiftalausa.

Um 4. brtt. háttv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.) verð jeg að halda því föstu, að hún sje með öllu óþörf, því að það kemur skýrt fram í 3. gr. staflið c, að greiða eigi stimpilgjaldið þegar leigusamningurinn er þinglesinn, því að leigumálinn á að koma fram í skjalinu einmitt þess vegna. Og þetta gildir um alla leigusamninga. Þetta er ekkert karp, en jeg hefi eins mikinn rjett og háttv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.) til þess að skýra mitt mál.

Mjer þótti það harla einkennilegt, að háttv. þm. Seyðf. (Jóh Jóh.) skyldi stökka upp á sitt háa nef út af því, að jeg tók það fram, að hann væri maður ósjerdrægur, jafnframt að geta þess, að hann væri vel launaður. Það var sannarlega engin ástæða fyrir hann til þess að taka það sem ófugmæli, enda sjá allir, að svo er ekki, því að það væri brot á öllum rjettum hugsunarreglum.

Afbrigði um skriflega brtt. frá þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.) (sjá A. 343) leyfð og samþ.

ATKVGR.

Brtt. 322, 1. feld með 6 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. G., Jóh. Jóh., K. E., K. D., M. K., G. B.

nei: S. F., G. Ó., H. St., M. T., S. E., S. J.

Tveir þm. (E. P. og H. Sn.) fjarstaddir.

Brtt. 317, 1. samþ. með 8 shlj. atkv.
— 317, 2. — — 7 — —
— 322, 2. — — 7 — —
— 322, 3. — — 8 — —
— 317, 3. — — 8 — —
— 322, 4. — — 7 — —
— 317, 4. — — 10 — —
— 322, 5. — — 7 — —
— 343. samþ. án atkvgr.
— 317, 5. samþ. með 9 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 7 : 2 atkv. og endursent Nd.

Á 47. fundi í Nd., miðvikudaginn 12. júní, var útbýtt

Frumvarpi til laga um stimpilgjald,

eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed. (A. 345).

Á 48. fundi í Nd, fimtudaginn 13. júní, var frv. tekið til einnar umr. (A. 345, n. 348).

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. og nál. — Afbrigði leyfð og samþykt í e. hlj.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Þetta frv. um stimpilgjald er nú aftur komið hingað frá háttv. Ed. Hefir því verið lítillega breytt. Eru það mest orðabreytingar, en efnisbreytingar sáralitlar. Sje jeg ekki ástæðu til að fjölyrða um þessar efnisbreytingar. Þær eru svo smávægilegar, t. d. hvort borga skuli 16 eða 20 kr. í stimpilgjald af veitingarbrjefum fyrir embættum yfir 4000 kr., að ekki tekur því að vera að telja upp þessar breytingar hjer. Þess vegna mun jeg ekki orðlengja meira, en legg að eins til í nafni fjárhagsnefndar, að frv. þetta verði samþ. eins og það nú liggur fyrir.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 : 2 atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 351).

---

3. Hækkun á vörutolli.

Á 16. fundi í Nd., laugardaginn 4. maí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um hækkun á vörutolli (A. 56).

Á 17. fundi í Nd, mánudaginn 6. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg leyfi mjer að leggja það til, að máli þessu verði vísað til fjárhagsnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 538) í e. hlj.

A 22. fundi í Nd., þriðjudaginn 14. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 56, n. 86).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Nd., fimtudaginn 16. maí, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 56, n. 86, 115).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Eftir frv. stjórnarinnar er gert ráð fyrir, að ekki skuli hækka vörutoll nema á tveimur flokkum vörutollslaganna, sem sje 3. flokki og 6. flokki. Í 3. flokki eru vefnaðarvörur og fatnaður, en í 6. flokki eru allar vörur, sem ekki eru heimfærðar undir neinn hinna flokkanna. Stjórnin ætlast að eins til, að tollurinn á vörum, sem teljast undir þessa 2 flokka, sje tvöfaldaður, en tollurinn af öllum öðrum vörutegundum látinn halda sjer. Fjárhagsnefnd hefir lagt til, að vörutollurinn verði tvöfaldaður á öllum vörutegundum. Til þessa færir nefndin tvær ástæður. Önnur er sú, sem oft hefir verið nefnd hjer í deildinni, að landssjóði er þörf á miklum tekjum. Í öðru lagi telur nefndin verða betra samræmi í vörutollslögunum í heild sinni, ef tollurinn er hækkaður á öllum vörutegundum jafnt. Ef nokkurt vit og samræmi hefir verið í vörutollslögunum í byrjun, þá verður því best haldið með því, að hækka tollinn jafnt á öllum vörutegundum, og með því fást drjúgum mun meiri tekjur í landssjóðinn.

Flokkar þeir, sem hækkunartillögur nefndarinnar ná til, eru: 1. flokkur. Í honum eru kornvörur allar og ýmsar aðrar nauðsynjavörur, eins og t. d. steinolía, sóda og sement. 2. flokkur. Í honum er járn og allskonar járnvörur, ýmiskonar verkfæri o. fl. 4. flokkur, kol og salt, og 5. flokkur, timbur og bátar.

Það kann nú að þykja hart aðgöngu að fara að auka toll á allra nauðsynlegustu vörutegundum, eins og t. d. kornvöru. Jeg skal viðurkenna það, að fljótt á litið virðist það óeðlilegur gjaldstofn. En þegar þess er gætt, að þessi hækkun, sem um er að ræða, er ekki nema 10 aurar á hver 100 pund, þá er það auðsætt, að ekki munar miklu á verðinu, þegar það er orðið eins hátt og það er nú. Ef það er borið saman við tollinn á vefnaðarvörum, þá er það auðsætt, að hann er hlutfallslega miklu hærri en á kornvörum. Svipað er að segja um kol og salt. Það munar ekki mikið um það, þótt verðið á smálestinni verði 1 kr. meira á kolunum, þegar það er orðið á 4. hundrað kr., eða

50 aurum hærra á saltsmálestinni, þegar hún kostar um eða yfir 300 krónur. Timbur eru allar líkur til að lítið verði flutt af, og því hafi hækkun á því lítið að segja. Svo framarlega sem póstgjöld verða ekki hækkuð, er líklegt, að vefnaðarvörur verði mikið sendar í pósti frá útlöndum, því að með því móti fá kaupmenn slíka vöru með minni tolli en frv. stjórnarinnar gerir ráð fyrir. En eftir till. nefndarinnar getur þetta ekki komið fyrir, þar sem allur tollur er tvöfaldaður og þá einnig póstbögglatollurinn. Jeg verð því að telja till. nefndarinnar stórum betri en till. stjórnarinnar, og hinar fyrnefndu till. hafa þann stóra kost, að með þeim fást meiri tekjur, og eftir hinum fram komnu skýrslum um fjárhaginn er síst vanþörf á því.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg á hjer brtt. við þetta frv., á þgskj. 115. Hún er smávægileg, að eins orðabreyting, að í staðinn fyrir »helming (100%)« komi bara »100%«. Það er farið að tíðkast að telja það helmingshækkun á verði eða gjaldi, ef hækkar um 100%. Er þá orðið algengt að setja það til skýringar, að með helmingi sje átt við 100%. En þetta er ekki rjett. 100% er ekki hækkun um helming, heldur tvöföldun. Háttv. fjárhagsnefnd kemst rjett að orði í nál., en í brtt. kemur svo þetta, sem jeg vildi leyfa mjer að leiðrjetta með minni till. Reikningslega sjeð er hækkun um helming sama sem 50%.

Þó að jeg sje algerlega mótfallinn þessu frv., þá vil jeg, eins og nú er ástatt, ekki bregða fæti fyrir það, sökum þess, hve erfitt er að fá nokkrar tekjur. Jeg verð að beygja mig fyrir erfiðleikunum og nauðsyninni á tekjuauka, þótt jeg sje algerlega mótfallinn þeirri stefnu, sem fram kemur í frv.

Bjarni Jónsson: Jeg vildi að eins gera grein fyrir atkv. mínu í þessu máli. Jeg játa það, að fjárhag landsins er illa komið. En sá er munurinn á mjer og mörgum háttv. þm. hjer í þessari deild, að mjer finst það eðlilegt, að svo sje, eins og ástandið nú er. Jeg vil því ekki leggja á neinar kvaðir, sem falla á allan almenning, án tillits til gjaldþols. Þess vegna get jeg verið með þessu frv., að það er ekki nema nokkur hluti þeirrar hækkunar, sem það fer fram á, sem kemur niður á almenningi yfirleitt. En ef fylgja á þeirri stefnu, að tvöfalda allan vörutoll, þá er það kvöð, sem legst á alla menn í landinu, því að enginn getur með neinu móti komist hjá því að kaupa einhverja aðflutta vöru. Þessi kvöð legst sjerstaklega hart á þann hluta þjóðarinnar, sem erfiðast verður úti, það er að segja á þá, sem búa við sjávarsíðuna eða í bæjum og kauptúnum og ekki hafa neinn landbúnað að styðjast við. Mjer er það í raun og veru móti skapi að hækka vörutollinn, þótt ekki sje nema á 2 flokkum vörutegunda, en jeg er algerlega mótfallinn tillögu nefndarinnar, að hækka allan vörutoll.

Þótt við sjeum ekki að berjast með vopnum, þá verðum við samt að vinna eftir skipun ófriðarþjóðanna, og við verðum að sitja og standa eins og þær vilja. Á okkur hvílir því alt böl styrjaldarinnar, nema sjálft mannfallið. Að vísu hvílir ófriðurinn ekki eins þungt á okkur og á stríðsþjóðunum sjálfum, en allþungt samt og álíka þungt og á öðrum hlutlausum þjóðum. Það er því ekki til neins að fárast um það, þótt landssjóður beri halla á þessum tímum. Það lán, sem hann þarf að taka, til þess að standast þennan halla, er herlán, sem verður að veltast yfir á komandi kynslóðir. Þær geta ekki haft neitt á móti því að greiða þær skuldir, sem nú

verða til, því að þeir, sem þá lifa, eiga það þó okkur að þakka, að þeir verða til. Og þeir munu líka þakka okkur fyrir það, ef við getum fleytt þjóðinni óskemdri gegnum þessa erfiðu tíma, þótt þeir verði eitthvað að borga fyrir það. Jeg tel því algerlega rangt að koma fram með nokkur tekjuaukafrv., eins og stendur.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg gleymdi að minnast á brtt. háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.). Jeg get algerlega fallist á hana, enda er hún ekki nein efnisbreyting. En jeg get sagt það, að jeg er vanur þeirri málvenju, að hækkun um helming sje sama sem 100%. Á þinginu í fyrra voru líka samþykt lög, þar sem svona var að orði komist, og þetta stóð í stjórnarfrv. En jeg geri það ekki að neinu kappsmáli og skal ánægður greiða brtt. atkvæði mitt.

Hvað því viðvíkur, að hv. þm. Dala. (B. J.) er ekki með brtt. fjárhagsnefndar, þá kemur mjer það ekki á óvart. Það er margkunnugt, að hann fylgir þeirri stefnu, að leggja enga nýja skatta á þjóðina, heldur safna skuldum, meðan dýrtíðin stendur, til þess að niðjarnir borgi þær síðar. Fjárhagsnefndin er hjer á öðru máli. Hún vill reyna að komast hjá því, að arður góðu áranna, þegar þau koma, þurfi að ganga til þess að fylla upp í skörðin frá hörðu árunum. Jeg geri ráð fyrir, að þingmenn vilji stjórna fjármálunum á sömu leið fyrir hið opinbera eins og fyrir sjálfan sig, og í sínum eigin málum fylgja líklega flestir þeirri reglu, að reyna að komast af meðan hægt er, án þess að safna skuldum upp á ókominn tíma.

Jeg skil ekkert í því, að háttv. þm. Dala. (B. J.) skuli geta verið með frv. stjórnarinnar, fyrst hann er svona eindregið á móti tillögum nefndarinnar. Eða finst háttv. þm. (B. J.) t. d. nokkru rjettara að hækka toll af trjeskóm, sem teljast til fatnaðar, úr 3 kr. 50 kg. upp í 6 kr., heldur en að hækka kornvörutoll úr 20 au. upp í 40 au. fyrir hver 50 kg.

Vjer verðum að fylgja þeirri meginreglu, að safna sem minstum skuldum, og því getum vjer náð, bæði með því að takmarka útgjöldin sem mest og auka tekjurnar. Og vjer verðum að gera hvorttveggja.

Einar Arnórsson: Jeg ætla ekki að fara mörgum orðum um frv. við þessa umr. Í fyrradag var samþykt frv. um að leggja almenningi dýrtíðarstyrk. Átti það að vera til hjálpar almenningi til að lifa af dýrtíðina. Þessi hugmynd var, að mínu viti, í alla staði góð. En með þessu frv. er það tekið með annari hendinni, sem gefið var með hinni. Vörutollurinn kemur niður á öllum, eins þeim, sem minna hafa kaupþolið, og hinum, sem eiga nóg fyrir sig að leggja. Harðast kemur hann þó niður á menn í kauptúnum og við sjávarsíðuna. Jeg segi nú ekki, að það muni mjög mikið um það á hverju búi, þótt látinn sje af hendi einn blóðmörskeppur í sláturtíðinni. En það er »princip«-laust að leggja almennan toll á nauðsynjavöru, um leið og ástæða þykir til að leggja almenningi fje til að kaupa þessa sömu vöru.

Það liggur ekki fyrir að ræða tollinn sjálfan. Menn geta sagt, að það muni ekki mikið um þessa hækkun í samanburði við verðið. Það má líka segja, að fólk »spekúleri« í að fyrirlíta peninga. Þeir eru alment orðnir svo lítils virði, að mönnum finst ekkert til um að láta þá úti. En út frá þessu má ekki ganga við álögur skatta og tolla.

Eins og háttv. framsm. (M. G.) tók fram, munar það litlu, hvort hækkunin lendir á fáum flokkum vörutegunda eða

öllum. Í 6. flokki, sem er rjett nefndur ruslakista laganna, lendir margt, bæði þarft og óþarft, sem ekki verður heimfært undir neinn annan flokk í lögunum, svo að hækkun á honum fer alls ekki fram hjá því, sem talist getur til nauðsynjavöru. Í hinum flokkunum, þar sem stjórnarfrv. vill hækka toll, er skýlaus nauðsynjavara.

Það er ekki hægt að bera á móti því, að vefnaðarvörur sjeu skýlaus nauðsynjavara. Það er því »princip«-brot, sem stjórnarfrv. fer fram á, og get jeg því ekki verið því fylgjandi.

Fjármálaráðherra (S. E): Jeg skal að eins með nokkrum orðum skýra frá ástæðunni til þess, að stjórnin lagði til að hækka vörutollinn á þessum tveimur liðum sjerstaklega, nefnilega á 3. og 6. lið. Jeg kannast við, að undir báðum þessum liðum eru nauðsynjavörur, en hins ber líka að gæta, að undir báðum liðunum er mikið af óþarfavörum, í 3. lið í d. silkivarningur og. því um líkt, sem sjerstaklega er vel lagað til að tolla, og undir 6. lið ýms glysvarningur, gullstáss og annar óþarfi. Í Danmörku er t. d. hátt stimpilgjald á ýmsum gullvarningi. Tollhækkunin á þessum 2 liðum er því rjettmæt á óþarfavörunum, en vegna »princip«-leysisins í vörutollslögunum kemur hún einnig niður á sumum nauðsynjavörum.

Frv. lagði ekki til að hækka toll á fleiri flokkum en þessum tveimur, en stjórnin mun ekki setja sig upp á móti því, eins og nú standa sakir, að hækka vörutollinn allan, ef þingið vill ganga svo langt.

Bjarni Jónsson: Með fyrri ræðu minni ætlaði jeg að eins að gera grein fyrir atkvæði mínu. Nefndin þurfti því ekki að andmæla. En jeg ræð það af orðum háttv. framsm. (M. G.), að nefndin er á öfugri skoðun um grundvöll tollamálsins við það, sem jeg hjelt fram og hefi oft haldið fram áður. Háttv. framsm. (M. G.) kvaðst ekki vilja safna skuldum, til þess að þurfa ekki að verja afurðum góðu áranna til þess að rjetta við hallann frá þeim hörðu. Hann sagði enn fremur, að hann vildi viðhafa sömu aðferð við meðferð opinberra fjármuna eins og við meðferð síns eigin fjár. Það má vel vera, að hann geti talað þannig, því að hann er sjálfsagt mesti reglu- og reiðumaður, eftir því sem honum farast orð hjer í deildinni. Jeg hefi ekki annað til þess að byggja á dóm minn um reglusemi hans, en jeg efast alls ekki um, að hann sje rjettur. Jeg efast því ekki um, að hann geti með góðri samvisku tekið meðferð sinna eigin fjármuna til fyrirmyndar fyrir fjárreiðu hins opinbera. En ekki væri það góð regla og yrði naumast affarasæl, ef allir settu sjer það, að fara eins með fje landssjóðs og sitt eigið. Jeg segi fyrir mig, að jeg fer miklu ver með mitt eigið fje en fje hins opinbera. Það má með rjettu bera mjer það á brýn, að jeg fari illa með mitt eigið fje. En hitt getur enginn með sanni sagt, að jeg fari illa með fje landssjóðs. Þótt jeg þyki eyðslusamnr á þingi, þá er jeg aldrei eyðslusamur til annars en þess, að hjálpa mjög efnilegum mönnum til að komast áfram, sem annars mundu eyðileggjast, til margfalds tjóns fyrir land og þjóð.

Annars skal jeg geta þess, að hefði minum tillögum verið farið fram síðan stríðið hófst, þá mundu hafa verið sparaðar miljónir, sem nú sjest ekkert eftir af. Jeg sje, að margir háttv. fjármálamenn í deildinni fara að brosa og hrista höfuðið. En það gæti skeð að það færi af þeim brosið, því að jeg get sannað það með þingtíðindunum, að svo er sem jeg segi.

Svo er þetta með málvenjuna. Ef

jeg hitti dreng, sem er 10 ára, ef jeg er 5 ára, þá segi jeg að hann sje helmingi eldri. Eins ef jeg segi, að einhver sje helmingi hærri en jeg, þá á jeg við að hann sje tvær hæðir mínar. En málvenjan ruglast, þegar sagt er »um helming«; þá er ýmist átt við 100% eða 50%. Tillögumaður hefir því rjett fyrir sjer, en hins vegar er nefndin vítalaus.

Þess vegna hygg jeg það ekki óþarft að samþykkja brtt. á þgskj. 115. En hins vegar þykir mjer, sem nefndin sje vítalaus, þótt hún hafi sett hitt, sem er málvenja, þótt hún sje reikul á blettum.

Einar Arnórsson: Jeg er sammála hæstv. fjármálaráðherra um það, að í 3. og 6. flokki sje og hljóti að vera margar vörutegundir, sem ekki eru taldar nauðsynjavörur. En þegar tollur er lagður á vörurnar saman, og eftir sama mælikvarða, bæði þær, sem eru nauðsynjavörur, og hinar, sem eru ekki beint nauðsynjavörur, þá er verið að gera þetta gamla, sem kallað var að hengja bakara fyrir smið. Þær vörurnar, sem eru dýrari og síður nauðsynlegar, sleppa hjer um bil við tollinn, en hinar, sem þyngri eru, verða að bera nærri allan tollinn, þótt þær sjeu verðminni. En mjer er spurn: Hefði ekki verið vegur fyrir stjórnina að taka út úr þeim vörum, er falla undir 3. og 6. flokk, þær vörutegundir, sem eru mjög dýrar, en vigta lítið, og hækka tollinn aðallega á þeim? Mætti ef til vill segja, að það hefði orðið handahófsverk, en með nákvæmni og nægum tíma hefði þó sjálfsagt mátt leysa úr þessu atriði á viðunanlegan hátt.

Jeg skal taka til samanburðar danska tolllöggjöf. Hún er afarnákvæm og vel sundurliðuð, og mætti þar hafa gagn af og hafa hana til fyrirmyndar. Þar er t. d. að nokkru lagður verðtollur og að nokkru þyngdartollur á margar sömu vörutegundir. Jeg býst við, að allir hefðu sætt sig við, ef stjórnin hefði farið þá leið, að taka til hækkunar þær ákveðnu vörutegundir, sem reynslan sýnir að eru ekki bráðnauðsynlegar, en töluvert dýrar og gefa seljendum góðan arð, svo sem gull- og silfurvörur og jafnvel silki. Allir vita, að á gull- og silfurvörur er mikill kaupmannsgróði lagður og því gróðavegur að versla með þær. Og þeir, er kaupa þær, eru rjettir til að greiða hærra verð fyrir þær, því að það eru aðallega efnamennirnir. En fátækari hluti manna, og það er meiri hluti þjóðarinnar, það bið jeg menn að athuga, kaupa ekki þessar vörur, svo að nokkru nemi. Jeg skýt þessu að eins fram, hvort það væri ekki betra að taka þessi atriði til greina, þó að nú sjeu líkast til ekki tök á að kippa þessu í lag, með þeim tíma, sem nú er fyrir hendi.

Fjármálaráðherra (S. E): Jeg vil að eins gera þá athugasemd, að það væri sjálfsagt heppilegast, að teknar væru út úr og tollaðar gull- og silfurvörur, silki og annar slíkur dýrindis varningur, sem þolir vel skatt. En stjórnin hafði ekki tíma til þess nú, að endurskoða alla tolllöggjöfina, og auk þess er jeg hræddur um, að vegna þess, hversu tolleftirlit er hjer ófullkomið, þá hefði verið erfitt að gera þetta »effektivt«. Hjer er lítið tolleftirlit til, en annarsstaðar er strangt tolleftirlit og margir tollþjónar. (**E. A.:** Má jeg gera stutta athugasemd, af því að jeg er dauður? Þessar vörur flytjast, að minsta kosti nú, að heita má einvörðungu til Reykjavíkur, og hjer er þó tolleftirlit). Það er enn ekki komið svo fullkomið eftirlit, að á því verði bygt.

Framsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg veit, að það er vinsælla að mæla á móti tekjuaukafrv., sem leggja

aukin gjöld á landsmenn, en með þeim. En samt verð jeg að svara bæði hæstv. fjármálaráðherra og háttv. 2. þm. Árn. (E. A.).

Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) sagði, að það væri ekki rjett hugsað að vera fyrst að veita með lögum almenna hjálp vegna dýrtíðar, og hækka svo skatt á þeim vörum, er almenningur brúkar. Þetta lítur nú fallega út, en sje það athugað, er það ekki eins vel hugsað og ætla mætti. Því að þegar búin eru til lög um dýrtíðarhjálp, þá er búist við því, að hennar muni aldrei þurfa nema nokkur hluti landsmanna, og það lítill hluti. Það sjest á því, hve upphæðin er lítil, því að ef menn byggjust við, að meira en helmingur landsmanna þyrfti hjálpar, þá væri til lítils að ætla 15 kr. á mann. Það leiðir af sjálfu sjer, að þeir, er komu með þetta frv., telja það ekki hlægilegt. Vörutollurinn kemur niður á öllum, og þar mundi aurast saman frá þeim, er ekki þurfa hjálpar, til hinna, er hjálparinnar þurfa. Þetta er að vísu krókaleið, en hjá henni er ekki hægt að komast.

Þetta er því að eins »teoretiskt« rjett sjeð hjá háttv. 2. þm. Árn. (E. A.), en ekki »praktiskt«.

En þar sem sami háttv. þm. (E. A.) talaði um að taka út úr sumar vörur og hækka tollinn á þeim, vil jeg og taka undir það með hæstv. fjármálaráðh., að til þess vantar örugt tolleftirlit. Það er líklegt, að vörurnar yrðu fluttar í sömu umbúðum, og ef á að fara að taka út úr suma flokka, þá kostar það að skoða alla sendinguna.

En það er verið að segja, að í 6. flokki sje mikið af glingri og gullvörum, og silki í 3. flokki. Það er rjett, en í þessum flokkum er engu minna af nauðsynjavörum. Klæðavörur í 3. flokki eru t. d. engu minni nauðsynjavörur en kornvara. Það er ekkert betra að ganga ber en svelta. En í 6. flokki eru allar vjelar og önnur verkfæri, litur, eldspýtur, grænsápa o. fl., sem alt eru nauðsynjavörur. Og jeg held, að það náist einmitt betra samræmi með því að hækka alla flokka en einhvern einstakan flokk. (**E. A.**: Því var jeg ekki að mótmæla). Jeg er nú að svara hæstv. fjármálaráðherra.

Svo er annað, sem mælir á móti því að fara nú að taka út úr þær einstöku vörur, sem háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) mintist á, og það er það, að þessi lög gilda svo skamt. Þau eru að eins til bráðabirgða, fyrst um sinn í gildi til ársloka 1919, eins og vörutollslögin sjálf.

ATKVGR.

Brtt. 115. samþ. með 15 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þorst. J., B. J., B. K., B. St., E. A., E. Árna., E. J., J. J., J. B., P. J., P. Þ., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Ó. B.

nei: Þór. J., B. Sv., G. Sv., H. K., M. G., M. P., M. Ó., P. O., S. S., S. St.

J. M. greiddi ekki atkv.

Brtt. 86, svo breytt, (ný 1. gr.) samþ. með öllum greiddum atkv.

2. gr. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 : 3 atkv.

Á 26. fundi í Nd., laugardaginn 18. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 154).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með öllum gr. atkv. og afgr. til Ed.

Á 23. fundi í Ed., þriðjudaginn 21. maí, var útbýtt

Frv. til laga um hækkun á vörutolli,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 172).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg leyfi mjer að stinga upp á, að málinu verði vísað til fjárhagsnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 534) með 9 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed., föstudaginn 24. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 172, n. 190).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Þetta frv. er eitt af tekjuaukafrv. þeim, sem hæstv. stjórn hefir lagt fyrir þingið.

Ástæður stjórnarinnar eru þær, að vörutollur á árinu 1917 hafi orðið alt að helmingi minni en áætlað var, eða 190 þús. kr., og hin aðalástæðan er sú, að nauðsyn beri til að auka tekjur landssjóðs.

Í frv. stjórnarinnar var ekki farið fram á, að allur vörutollur hækkaði um helming, en í Nd. var sú breyting gerð, að svo skyldi vera. Eftir útreikningi háttv. fjárhagsnefndar þar ynnust við það tekjur, sem nema 10—20 þús. kr., og er þá allur tekjuaukinn af þessari breytingu á vörutollslögunum áætlaður 90—100 þús. kr. Breyting háttv. Nd. á frv. er, auk tekjuaukans, er af henni leiðir, mikið til bóta hvað samræmi snertir með toll af einstökum vörutegundum.

Það lakasta við frv. er, að vörutollslögin hafa aldrei þótt alls kostar sanngjörn, og þegar lögin voru sett 1912, var ætlast til, að þau giltu að eins í 2 ár.

Hafa þau altaf þótt hálfgert neyðarúrræði, enda hafa verið gerðar á þeim breytingar á öllum þingum síðan þau voru sett, og nú er stórfeldasta breytingin á ferðinni, þar sem hækka á toll þennan um helming.

En þótt breyting þessi geti engan veginn talist neitt sældarbrauð, þá leggur nefndin samt sem áður til, að hún verði samþykt. Sýnir þetta það tvent, að lög geta stundum staðið lengur en í fyrstu er ætlast til, og að nú verður að afla tekna á hvern hátt sem verður. Þegar svona er komið, verður að athuga vel — jeg vil segja betur en síðasta þing gerði — hvernig þeim tekjum er varið, er þannig eru reyttar af almenningi á þessum erfiðu tímum. Það má líka bæta því við, að um stimpilgjaldið, sem hjer var til umræðu nýlega í háttv. deild, var sagt, að það væri reglulegt neyðarúrræði, og það tók hæstv. fjármálaráðherra fram í framsöguræðu sinni, og mun þingið láta það ná fram að ganga. Skal jeg svo ekki segja meira að sinni, en eins og jeg tók fram sá fjárhagsnefnd sjer ekki annað fært, vegna hags landssjóðs, en leggja til, að frv. yrði samþykt.

Guðjón Guðlaugsson: Mjer fanst háttv. frsm. (G. Ó.) ekki í fullu samræmi við niðurstöðu nefndarinnar. Þó

að hann hafi samþykt nál. fjárhagsnefndar og skrifað undir það, þá virðist hann helst vera á móti nál., því að hann tók það rjettilega fram, að vörutollurinn væri ekki vinsæll og kæmi ranglega niður. Hann gat þess líka rjettilega, að það hefði verið gefið undir fótinn með það, að þetta væru að eins bráðabirgðalög, sem afnumin yrðu sem fyrst. En nú hefir samt nefndin lagt til, að frv. sje samþykt í deildinni og það ekki til bráðabirgða, því að það er hvergi tekið fram í frv. Þau geta því þess vegna gilt um aldur og æfi.

Jeg get fyllilega kannast við þörfina á tekjuauka, eins og nú er ástatt. En jeg get ekki fallist á eins gífurlega hækkun eins og hjer er farið fram á, án þess að tekið sje fram um leið, að hjer sje að eins um bráðabirgðaráðstöfun að ræða. En hjer er engin bending um það, hve nær skuli nema lögin úr gildi.

Og svo er annað. Þó að það sje vitanlega alveg rjett, að þessi fjárhagsvandræði, sem nú steðja að, stafi af dýrtíðinni, þá er mjer spurn: Er þessi vörutollshækkun rjetta aðferðin til þess að draga úr vandræðunum? Því hvaðan kemur þessi tollur? Einmitt frá þeim sömu mönnum, sem á að reyna að hjálpa fram úr dýrtíðarvandræðunum. Það eru framleiðendurnir, sem tollurinn kemur harðast niður á. En einmitt sú stjettin, sem er einna ófyrirleitnust í því að heimta stöðugt hærra og hærra kaup, verkamannastjettin, hún á að njóta gæðanna af því, sem sogið er út úr þeim, sem eitthvað framleiða.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg get verið háttv. nefnd þakklátur fyrir undirtektirnar undir þetta mál. Hinu gat jeg altaf búist við, að öllum sje ekki um að samþ. frv. — Í fyrstu fór stjórnin að eins fram á hækkun á 3. og 6. lið vörutollslaganna, þar sem er að ræða um ýmislegan glysvarning, sem t. d. í Danmörku er lagður sjerstakur skattur á. En tekjuþörfin er mikil, og mönnum gengur illa að koma með eitthvað til að fullnægja henni. Fjárhagsnefnd Nd. vildi láta hækka allan vörutoll um helming, og gat stjórnin ekki verið á móti því, eins og á stóð.

Viðvíkjandi því, sem háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) sagði, þá vil jeg geta þess, að jeg býst við, að þessi vörutollur lendi ekki síður á verkalýð en öðrum stjettum. Þeir, sem eitthvað framleiða, geta þó fremur búið að sínu en hinir, sem ekkert framleiða.

Um hitt atriðið, hve nær þessi lög falli úr gildi, er þess að geta, að vörutollslögin falla úr gildi í árslok 1919, og sama gildir þá auðvitað um þetta frv, ef það verður að lögum.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. — — — 12 — —
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., miðvikudaginn 27. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 172).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 230).

---

4. Dýrtíðar- og gróðaskattur.

Á 26. fundi í Nd., laugardaginn 18. maí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um dýrtíðar- og gróðaskatt (A. 168).

Á 27. fundi í Nd., þriðjudaginn 21. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg hefi tekið það fram áður hjer í háttv. deild, og mjer virðist það hafa fengið nokkurt bergmál, að rjettlátasti skatturinn, sem hægt væri að leggja á, væri gróðaskattur. Slíkur skattur hefði átt að vera lagður á fyrir löngu síðan. En betra er seint en aldrei, og leyfi jeg mjer því að koma fram með frumvarp í þessa átt. Ákvæði um tekjuskatt eru nú í lögum $^{14}/_{12}$ 1877 og viðaukalögum frá $^{26}/_{10}$ 1917. Samkvæmt þessum lögum báðum eru af 10 þús. kr. atvinnutekjum 270 kr. skattur, af 15 þús. kr. 595 kr., af 20 þús. kr. 1045 kr., af 25 þús. kr. 1620 kr. og af 30 þús. kr. ca. 2320 kr.

Jeg nefni hjer skatt af nokkrum upphæðum. Gróðaskattur sá, sem hjer er um að ræða, kemur fyrst til greina þegar tekjurnar eru orðnar 30 þúsund og þar yfir, og byrjar með 5%, en vex procentvis ($^1/_2$% af hverju 1000), þar til hann er orðinn 15% af upphæð, sem nemur 50 þús. kr. eða þar yfir. Þessi nýi skattur er h. u. b.:

370 kr. af 35 þús. kr.
820 — - 40 — —
1400 — - 45 — —
2100 — - 50 — —

en upp úr því 15% af upphæðum fyrir ofan 50 þúsundir.

En þegar atvinnutekjum er bætt við samkvæmt tveim áðurgreindum lögum, þá verður skatturinn samtals af þeim upphæðum, sem jeg nú tilfærði, hjer um bil þannig:

af 35 þús. kr. 3440 kr.
- 40 — — 4640 —
af 45 þús. kr. 5970 kr.
- 50 — — 7420 —

en skattarnir samlagðir fyrir ofan 50 þúsund verða 30%.

Magnús Pjetursson: Þá er það loksins fætt þetta frv., sem mig minnir að hæstv. stjórn boðaði þegar í þingbyrjun. Má það heita rösklega af sjer vikið að koma nú loks með það eftir 6 vikur, og ætti að sýna vel frjósemi þessa stjórnarheila.

Annars ætlaði jeg að beina nokkrum athugasemdum til þeirrar nefndar, sem væntanlega fær málið til meðferðar. Í sjálfu sjer er jeg alls ekki mótfallinn þeirri stefnu, að leggja á einhverskonar dýrtíðar- og gróðaskatt. En þetta frv. finst mjer athugavert. Sjerstaklega finst mjer nokkuð langt gengið, þegar farið er að taka $^1/_3$ af tekjum manna, eða 30%, eins og hæstv. fjármálaráðherra skýrði frá. En þó væri það nú sök sjer, ef það væri sá eini skattur, sem lagður væri á gróðamennina. En nú virðist það stefna þessa þings í dýrtíðarmálunum, að hvert sveitarfjelag taki innan síns umdæmis sem mest af því, er það þarf til þess að ljetta þeim dýrtíðina, sem verst eru staddir. Af því leiðir þá, að hvert sveitar- og bæjarfjelag verður að ná sem mestu fje hjá íbúum sínum, og má þá búast við, að stórgróðamennirnir yrðu allra þyngst úti. Útsvör þeirra yrðu hlutfallslega miklu meiri en annara. Það gæti vel hugsast, að í einu sveitarfjelagi, sem hefir þung dýrtíðarútgjöld, og því verður að leggja þung útsvör á menn, sem að sjálfsögðu yrðu mishá, eftir efnum og ástæðum, þá yrði lagt á einstöku stórgróðamenn útsvör í hreppnum, sem svaraði 30% af tekjum þeirra. Þetta er hugsanlegur möguleiki, og yrði þá skattar á slíkum mönnum 30% + 30% = 60% af árstekjum þeirra. Þetta vildi

jeg benda nefndinni á, því að jeg geri ráð fyrir, að hún athugi málið mjög ítarlega. Jeg held, að eins og nú er komið dýrtíðarhjálpinni, sje mest undir því komið, að sveitarfjelagið nái í þessa menn til þess að skatta þá, en að hitt geri minna til, þótt landssjóður taki ekki af þeim fje þeirra, því að hann muni lítið leggja til hjálpar almenningi í dýrtíðinni.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg veit, að það er meira en nógur tími til þess að koma þessu frv. gegnum þingið, ef háttv. Alþingi vill taka því vel og leyfa því að ganga fram.

Sjálfur er jeg ekki í minsta vafa um það, að þessi tekjustofn er sá langgrjettlátasti, sem hjer er völ á. Hjer er ekki heldur um það að ræða að hækka skattinn fyr en tekjurnar eru orðnar 30 þús. kr. Þeir, sem hafa slíkar tekjur og meiri, eru manna færastir um að bera skatta, og fæ jeg ekki annað sjeð en að þeir geti vel staðið sig við að leggja fram að auki nokkurt fje til bæjar- og sveitarfjelaga, svo að sú grýla, að þess vegna megi ekki leggja þennan skatt á, er lítilsvirði. Held jeg því, að bæði háttv. þm. Stranda. (M. P.) og aðrir, sem eru á líkri skoðun, geti verið alveg rólegir og þurfi ekki að taka það nærri sjer, þótt skattar sjeu lagðir á slíkan gróða. Skattálagið á upphæð, sem nemur 30 þús. kr., getur ekki talist mjög hátt, og er jeg þess vegna sannfærður um, að það sje fyllilega rjettmætt að leggja þennan skatt á. Hjá öðrum þjóðum, og þar á meðal þeirri þjóð, sem talin er að hafa farið viturlegast að í skattamálum, sem sje Dönum, eru lagðir afarmiklir skattar á stórgróða. Jeg skil alls ekki, að kenna þurfi neitt sjerstaklega í brjósti um þá, sem hafa 30 þús. kr. og þar yfir í tekjur, þótt þeir þurfi að gjalda nokkuð mikið fje til almenningsþarfa. Maður, sem hefir 50 þús. kr. tekjur, greiðir fyrst venjulegan tekjuskatt af 30 þús., en svo kemur fyrst stigandinn eftir 30 þús. og þar til komið er upp í 50 þús.

Sami háttv. þm. (M. P.) talaði um það, að mikið mundi verða lagt á stórgróðamenn til sveitarþarfa. Það getur vel verið, en það eru líka þessir menn, stórgróðamennirnir, eins og jeg tók fram hjer á undan, sem færastir eru um að leggja fram fje, bæði í landssjóðinn og til sveitar- og bæjarsjóðs.

Björn Kristjánsson: Háttv. þm. Stranda. (M. P.) hefir nú tekið fram margt af því, sem jeg vildi sagt hafa.

Það er mjög eðlilegt, að stjórnin vilji afla landssjóði tekna, því að þess er auðvitað full þörf. En það er vitaskuld ómögulegt að afla honum eins mikilla tekna og hann þarfnast, og eitthvað af þeim halla, sem landið bíður nú, verður óhjákvæmilega að bíða betri tíma.

Jeg held nú, að síðasta þing hafi gengið eins langt og hægt var með tekjuskattinn. Þótti mörgum það ærið langt gengið að koma skattinum upp í 15%. Það er eins og háttv. þm. Stranda. (M. P.) sagði, að það er ekki fyrir öllu sjeð með því að draga sem mest í landssjóðinn; það verður líka að sjá um, að sveitar- og bæjarfjelög njóti af gróða efnamannanna. Og það er t. d. vitanlegt, að í þessu bæjarfjelagi, Reykjavík, eru það fáeinir efnamenn, sem bera mestan hluta af útsvörum bæjarins. Liggur því í augum uppi, að ekki er ráðlegt að þjappa svo að þeim, að þeir verði ónýtir að gjalda til hreppsins. En það er vitaskuld, að því meir sem þeir eru veiktir með þungum sköttum til landssjóðs, því minna getur hreppurinn á þá lagt. Er þetta því varhugavert frá þessu sjónarmiði.

En svo kemur annað atriði til greina

í þessu sambandi, og það er það, að takmörk geta verið fyrir því, hvað menn láta bjóða sjer, og ef nokkuð á að leyfa að »pressa« efnamennina til opinberra þarfa, þá sætta þeir sig betur við að gjalda tiltölulega há gjöld til sveitarsjóðs en að greiða óhæfilega hátt gjald í landssjóð.

Það hefir nú verið gert töluvert til þess upp á síðkastið að hækka tekjuskattinn, og jeg sje varla hægt að fara lengra. Hæstv. fjármálaráðherra sagði, að þeim væri ekki vorkunn að gjalda háa skatta, sem hafa 30 þús. kr. og þar yfir í tekjur. Það getur verið álitamál, því að sá, sem hefir 30 þús. kr. í tekjur af atvinnu, á einatt mikið í hættu, getur jafnvel tapað 30 þús. kr., í stað þess að græða þá upphæð. 30 þús. kr. geta verið smáræði í samanburði við reksturinn, sem hann hefir, og þá ábyrgð, er rekstrinum fylgir. Það er ekki víst, að þetta sjeu tekjur, sem altaf loða við. Það er alt annað en tekjur af fasteignum eða verðbrjefum.

Menn líta mjög misjafnlega á þetta í ýmsum löndum. Þau lönd, sem mestar þurfa tekjur og mestan þurfa því að leggja á gróðaskatt, eru stríðslöndin. Jeg vil benda mönnum á að lesa »Finanstidende« frá 20. mars 1918. Þar í eru ummæli prússneska fjármálaráðherrans, Hergf. Þar í Prússlandi er verið að fara fram á mjög háan tekjuskatt, en landsmenn eru uppnæmir og vilja ekki ganga inn á þessa aðferð. Út af því segir þessi prússneski fjármálaráðherra:

»Jeg get lýst yfir því, að jeg álít tekjuskattsálögur 20—25% óþolandi (unerträglich). Til þess að róa landsmenn verð jeg þess vegna að lýsa yfir því, að jeg álít slíkar prósentur fullkomna fjarstæðu«.

Þetta er nú sagt í landi, þar sem skuldirnar safnast, miljarð á miljarð ofan. Og þetta sjer hæstv. fjármálaráðh. þar, en hann þorir ekki að leggja skatta á fólkið og ekki þá ríku heldur. Jeg bendi á þetta til þess að sýna, að takmörk eru fyrir því, hve langt má ganga í slíkum skattaálögum. Til þess geta verið ýmsar ástæður, t. d. þær, að sveitarþingið (Kommune) þurfi að leggja á menn þunga skatta, eða svo mikil óánægja verði í landinu, að menn fari af landi burt, ef svo er þröngvað kosti þeirra. Þetta vildi jeg benda á, af því að jeg er á þeirri skoðun, að hjer sje of langt farið. Og það var vitanlega skoðun manna hjer í deildinni í fyrra, að þá væri farið eins langt og óhætt væri.

Fjármálaráðherra (S. E): Mjer skildist svo á háttv. 1. þm. G. K. (B. K), að honum þætti þeir þegar borga nógu háan tekjuskatt, sem hafa tekjur undir 30,000 kr. Jeg vil þá minna hann á, að þetta frv. tekur ekki til þeirra, en þangað ná gömlu lögin. Þetta frv. herðir því ekki á, fyr en menn hafa ærið háar tekjur. Hvað svo sem prússneski ráðherrann segir, þá á jeg erfitt með að sjá, hvað er rjettlátur tekjustofn, ef ekki sá gróði, sem stríðið skapar, því að stríðið skapaði gróðann með því að verða nærgöngult við þá mörgu, og þeir eiga því síður að bera skattinn heldur en þeir, sem græddu. Ef þeir, sem hafa yfir 30,000 kr. árstekjur, eru ekki færir um að bera tekjuauka, þá veit jeg ekki, hverjir eru færir um það. Stjórninni hefir, sem kunnugt er, verið ámælt fyrir það af mörgum, að hún hafi ekki komið með tekjuaukafrv. Skil jeg nú ekki, að þeir sömu menn geti verið á móti tekjuaukafrv., sem er *jafnsanngjarnt og þetta.*

Það getur vel verið, að prússneski ráðherrann sje mjög eindregið á móti

tekjuskatti. Þess ber einnig að gæta, að það er svo í öllum löndum, að þeir menn, sem gróðann taka, vilja komast undan að greiða nema sem minstan skatt af honum. Þetta er mjög mannlegt. Og jeg hygg, að prússneski ráðherrann hafi junkarana prússnesku, stóreignamennina, að baki sjer, og það er eðlilegt, þó að þeir spyrni á móti auknum sköttum. Jeg held, að vjer getum ekki farið eftir þessari prússnesku fyrirmynd.

Sami háttv. þm. (B K.) kom með þá gömlu grýlu, að stóreignamennirnir mundu ekki þola þessar álögur, og flýja heldur af landi burt. Guð hjálpi mjer! Hvert ættu þeir að flýja? Búast þeir við að fá minni skatta annarsstaðar? Jeg skal játa, að jeg veit ekki vel, hvernig sakir standa í þessu efni, t. d. á Þýskalandi. En jeg vona, að þangað til málið kemur til 2. umr. muni mjer gefast færi á að rannsaka þetta atriði betur, en ótrúlegt þykir mjer, að þeir finni mörg athvörf þar, sem um minni skatta sje að ræða en hjer.

Háttv. 1. þm. G.-K (B. K.) sagði, að þingið í fyrra hefði ekki treyst sjer að ganga lengra. En jeg verð að segja, að skatturinn eftir síðustu lögum kemur ljett niður á gróðamönnunum. Þannig eiga menn eftir núgildandi tekjuskattslögum að greiða af 30,000 krónum 2320 kr. í skatt. Það er ekki ósanngjarnt. En af 50 þús. kr. eiga menn eftir núgildandi lögum að greiða í skatt 5320 kr.

Jeg vona þess vegna, ef ekki koma alvarlegri mótmæli en enn eru komin, að meiri hl. háttv. deildar sjái, að rjett sje að samþykkja þetta frv. En ef hæstv. Alþingi sjer sjer ekki fært að samþykkja gróðaskatt í einhverri mynd, þá hefi jeg gaman af að sjá, inn á hvaða skattaleiðir þeir telja sjer fært að snúa.

Gangi frv. þetta í gegnum háttv. Nd., þá get jeg ímyndað mjer, að eftir því, sem háttv. Ed. er nú skipuð, þá muni það ekki mæta þar miklum mótbyr.

Magnús Pjetursson: Það hlýtur að vera annaðhvort misskilningur eða þá útúrsnúningur hæstv. fjármálaráðh., þar sem hann var að tala um, að jeg væri að leggja á móti frv. Jeg sagði, að jeg væri í sjálfu sjer ekki á móti þeirri stefnu, að leggja einhvern skatt á í þessu efni, þótt jeg hefði ýmislegt að athuga við þetta frv., sem jeg vildi benda nefndinni á. Þetta tók jeg fram, og hæstv. fjármálaráðh. gat vel heyrt það, ef hann einungis vildi heyra rjett og taka eftir.

Mjer heyrðist á hæstv. fjármálaráðh., að skattur þessi yrði ekki lagður á fyr en komið væri yfir 30,000 kr. tekjur. Í frv. stendur »30,000 eða meira« og talað um skatt af tekjum frá og með 30,000. Jeg held, að hæstv. fjármálaráðh. hafi ekki lesið, eða að minsta kosti ekki skilið til fulls það frv., er hann ber sjálfur fram, ef hann segir, að þetta sje ekki rjett.

Það er alveg satt hjá hæstv. fjármálaráðherra, að aðrar þjóðir hafa tekið upp einhverja gróðaskatta, en þær hafa farið ýmsar leiðir í því efni. Sumar hafa farið þá leið, að láta sveitar- og bæjarfjelög hafa fyrir því að ná skattinum af mönnum. Og það var það, sem jeg vildi láta athuga, að ekki væri gengið inn á það svið, sem sveitarfjelögin hafa, eða skertir möguleikar þeirra til þess að ná auknum dýrtíðarskatti af stóreignamönnum, því að þar væri þörfin meiri en hjá landssjóði.

Fjármálaráðherra (S. E.): Hv. þm. Stranda. (M. P.) misskildi mjög frv., en það verður ekki misskilið, að gróðaskatturinn byrjar fyrst fyrir ofan 30 þúsundin; þetta hefi jeg tekið fram

skýrt hjer í háttv. Nd., og um það getur ekki verið að villast.

Það var óþarfi fyrir háttv. þm. (M. P.) að fara að taka upp fyrir háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.), því að hann ætti að vera maður til þess að svara fyrir sig í þessum og þvílíkum málum.

Annars get jeg skotið því fram, úr því að jeg stóð upp, að það er mjög eðlilegt, að þýsku »junkararnir« komi fram með mótmæli gegn auknum tekjuskatti, því að þar eru auðvitað rýrðir hagsmunir þeirra.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 538) í e. hlj..

Á 36. fundi í Nd., föstudaginn 31. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 168, n. 237).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Eins og nál. ber með sjer, leggur fjárhagsnefnd til að færa dýrtíðar- og gróðaskattinn niður eins og hjer segir:

1. Að skattur þessi verði ekki reiknaður af lægri tekjum en 50,000 kr., í stað 30,000, er stjórnin lagði til.

2. Að skatturinn hækki um $^1/_2$ af hundraði á hverjum 5000 kr., í stað 1000 kr. í stjórnarfrv.

3. Að hámark skattsins sje 10 af hundraði, er legst á tekjur, er nema 100,000 kr. eða meiru, í stað 15 af hundraði af 50,000 kr. tekjum eða meiru, eins og ákveðið var í frumvarpi hæstv. stjórnar.

Ástæður nefndarinnar fyrir þessu eru einkum þær, að menn, er ekki hafa hærri tekjur en 30,000 kr. eða rúmlega það, leggja oft mikið í kostnað og veita mörgum mönnum atvinnu, en hins vegar tekjurnar ekki svo háar, að þær þoli gífurlegar álögur, auk hins háa skatts, sem nú þegar hvílir á þeim til landssjóðs og sveitar. Eftir breytingu þeirri á tekjuskattslögunum, er samþ. var á síðasta þingi, eiga menn að greiða í landssjóð 15 af hundraði af 30,000 kr. tekjum og þar yfir. Í fyrra þótti þetta hár skattur, svo hár, að eigi þótti þá fært að hafa hann hærri. Ástandið hefir að sönnu versnað síðan og sjerstaklega er hagur landssjóðs nú verri en þá, og það er líka einmitt þetta breytta ástand, sem veldur því, að fjárhagsnefnd vill nú ganga lengra en í fyrra, jafnvel þótt hún treysti sjer eigi til að ganga eins langt og frv. hæstv. stjórnar gerir. Það sýnist ekki lítið að borga undir eða um þriðjung allra tekna í skatt til landssjóðs og sveitar eða bæjar.

Auk þess er svo um ýmsa, t. d. útgerðarmenn, að þeir hætta oft allmiklu fje við atvinnurekstur sinn. Þeir græða stundum annað árið, en tapa svo jafnmiklu hitt árið. Er því álitamál, hvort hækka beri skattinn á þeim, og að minsta kosti sýnir þetta, að ástæða er til að vera varkár, ekki síst gagnvart þeim mönnum, sem veita mörgum atvinnu.

Samkvæmt þessu vil jeg mælast til, að þessi háttv. deild samþ. till. nefndarinnar.

Fjármálaráðherra (S. E.): Verði brtt. nefndarinnar samþyktar, yrði skatturinn mun minni en gert er ráð fyrir eftir frv. stjórnarinnar. Er það einkum vegna þess, að háttv. nefnd vill eigi láta þennan nýja skatt koma til greina fyr en tekjurnar nema 50.000 kr. Á skattinum af lægri tekjum er engin breyting ger frá lögum þeim, er nú gilda.

Jeg get vísað til ummæla minna við 1. umr. þessa máls, að tekjur, sem fara fram úr 30.000 kr., eru svo háar, að

ekki er neitt við það að athuga, þótt talsvert sje af þeim tekið.

Eftir brtt. nefndarinnar skilst mjer, að skattur samkvæmt gildandi tekjuskattslögum og þeim nemi af fyrstu 100,000 kr. 16—17,000 kr., en af næstu 100,000 verði skatturinn samanlagður fjórðungur teknanna eða 25 af hundraði. Verði brtt. nefndarinnar samþyktar, býst jeg við því, að landssjóði hlotnist þarna nokkur tekjuauki, en fyrir mitt leyti kysi jeg helst, að stjórnarfrv. yrði samþykt óbreytt.

Jeg get fallist á, að það er hart að leggja mjög háan skatt á útgerðarmenn. Þeir leggja svo mikið fje í hættu, en hins vegar er útgerðin svo mikilsvarðandi fyrir alt landið, að rjett væri að gera upp á milli tekna þeirra og kaupmannagróða, ef þess væri nokkur kostur. En jeg get ekki sjeð neina leið til þess.

Skal jeg svo ekki orðlengja um málið, en leyfi mjer að mæla með því, að stjórnarfrv. verði samþykt óbreytt. Fallist háttv. deild ekki á það, er auðvitað mikil bót að till. nefndarinnar, og er miklu betra en ekki neitt að samþykkja þær.

Gísli Sveinsson: Eins og nefndarálitið og brtt. bera með sjer, gat nefndin ekki fallist á frv., eins og það lá fyrir. Nefndin var jafnvel í vafa um, hvort rjett væri að fara þessa leið og taka dýrtíðar- og gróðaskatt fram yfir það, sem samþykt var í fyrra.

Það var víst skoðun háttv. þm. á síðast þingi, að tekjuskattsaukinn, sem þá varð að lögum, væri svo stórfeldur, að ekki bæri að auka skattinn frekar að svo stöddu. Að vísu voru þau lög annars vegar komin fram vegna dýrtíðarinnar, en hins vegar vegna hins mikla gróða, er einstaka mönnum hefir hlotnast vegna styrjaldarinnar. Lögin voru því samkvæmt eðli sínu að eins bráðabirgðalög, þar til betra skipulagi yrði komið á tekjuskattslöggjöf landsins.

Eftir lögunum frá síðasta þingi er skatturinn yfrið hár, þegar tekjurnar fara hækkandi, í samanburði við það, er menn áttu að venjast áður. Það var sem sje kveðið á um í 2. gr. laganna, — hana er meira um vert en 1. gr., er ræðir um skatt af tekjum af eignum, — að tekjuskattsákvæðin frá 1877 skuli haldast, þar til skatturinn er orðinn 15 af hundraði, er greiðist af því, er tekjur nema yfir 29,000 kr. Það er fullvíst, að slíkur tekjuskattur til landssjóðs er nokkuð hár. Hann getur verið rjettmætur nú, en væri ef til vill ekki eins rjettlátur á eðlilegum tímum.

Þá er spurningin, hvort rjett sje að auka skattinn, tekjuskattinn, enn meir og kalla hann dýrtíðar- og gróðaskatt. Jeg er því heldur mótfallinn, en svo fer fyrir mjer sem fleirum, að illmögulegt er að mótmæla tekjuauka á þessum tímum, ef hans er ekki aflað með bláberri rangsleitni.

Stjórnarfrv. fer fram á, að leggja skuli 5% aukaskatt á tekjur, er nemi 30,000 kr. til 31,000. Skatturinn er þá allur orðinn 20 af hundraði eða fimtungur af tekjunum, er nema þessu, og meira af því, sem hærra er. Ef menn aðgæta nú, hver stefna þingsins hefir verið og hefir hlotið að vera í dýrtíðarmálunum, sem sje að krefjast þess, að sveitar- og bæjarfjelög berðust svo lengi við ástandið og óáranina, sem þeim væri kleift að standast, þá yrðu þeir, er eitthvað megna, að leggja svo mikið af mörkum til þess, sem þeim væri með nokkru móti unt. Gæti þessu þá verið beitt í Reykjavík og víðar þannig, að ósleitilega yrði lagt á efnamennina. Auk þess er nú á leiðinni í gegnum þingið frv.

um tekjuskatt fyrir Reykjavík, er kveður á um, hve háan skatt menn skuli gjalda til bæjarins, sem líklegast eigi verður minni en tekjuskatturinn til landssjóðs.

Þannig yrði það, að af háum tekjum, 50 þús. kr. eða meiru, verða, ef miðað er við stjórnarfrv., tekin 15% í viðbót við þau 15%, sem gjalda á eftir núgildandi lögum. Með öðrum orðum, það verður $^1/_3$ af tekjunum, er þar eru yfir, sem landssjóður einn tekur í slíkan skatt. Þar við bætist svo, að ef tekjuskattsfrv. fyrir Reykjavík yrði að lögum, þá yrði hjer í þessum bæ tekinn alt að helmingur af tekjum manna, er þær eru á háu stigi, í tekjuskatt einan, auk annara gjalda.

En það eru fleiri hliðar á málinu. Það má vel vera, að þessum gróðamönnum sje ekki vorkunn, og að það sje fyllilega rjettmætt að taka til almenningsþarfa helminginn af tekjum þeirra, eða kann ske $^3/_5$ af þeim, er þær eru mjög háar. En þá er þetta ekki skattur, heldur hrein og bein upptaka (konfiskation) í stríðsþarfir, eins og látin er fram fara í öðrum löndum, þó eigi nema í sjálfum stríðslöndunum. En þá er eftir að vita, hvort við getum staðið okkur við það, með ekki fleiri eða öflugri hátekjumönnum, að gera upptækar eigur manna. En hin hliðin er sú, að ef fara á að pressa menn og sjúga til skatta, eins og farið er fram á í frv. stjórnarinnar, — sem jeg vil kalla mjög ósanngjarnt —, þá er spurning, hvort það sje trygt, að það náist, sem að er stefnt, eða hvort þetta gæti ekki orðið meðal til þess, að menn gefi ekki tekjur sínar upp, og því náist ekki það framtal, sem stjórnarfrv. tiltekur og byggir á, og skatturinn verði þar af leiðandi miklu minni. Svo er og þess að gæta, að þótt öll kurl komi til grafar, þá er það eins og stendur og verður framvegis röng aðferð að sjúga menn út, og þá ekki síður efnamennina, því að það er vitanlegt, að hvarvetna þar, sem framkvæmdir eru í landi, þá eru eignamennirnir til þrifa og styrktar, yfirleitt tekið. Peningar þeirra liggja ekki í kistuhandraðanum lengur, heldur eru á ferð og flugi manna á meðal, standa í fyrirtækjum, sem veita mörgum mönnum atvinnu og landinu tekjur, og horfa til framfara á marga lund. Slík skattalöggjöf sem þessi gæti orðið til þess að stemma stigu fyrir eðlilegri og nauðsynlegri þróun í landinu. Þetta frv. hefir því eða getur haft svo mikið í för með sjer af því, sem kalla má hið illa, að fullan varhug verður við því að gjalda.

Nefndin hefir því komið með till. til breytinga á frv. Þær milda frv. nokkuð, en þó þykja mjer þær enn helst til harðvítugar. Samt hefi jeg ekki gert ágreining, eða viljað kljúfa mig út úr, og mun greiða þeim atkvæði og þá eftir atvikum frv. með þeim breytingum.

Í viðbót vil jeg láta þess getið, að í frv. stjórnarinnar er ákveðið, að skatturinn skuli í fyrsta sinni heimtur inn á manntalsþingum 1919, af tekjum ársins 1917. Það var nefndin ekki óánægð með og var þar í samræmi við stefnu sína í fyrra, þá er hún vildi, að gróðaskattur eða tekjuskattsaukinn væri tekinn af tekjum ársins 1916. Ljet hún þetta ákvæði því standa, þótt vera kunni, að það falli ekki í smekk háttv. efri deildar.

Menn muna, að í fyrra þótti það ýmsum óviðeigandi að fara þannig aftur fyrir sig, og var það ákvæði því felt í Ed. á síðasta þingi úr tekjuskattsfrv. En það hefir verið óbætanlegt tjón að sleppa árinu 1916, og verður það aldrei þingmönnum til heiðurs, heldur vanvirðu, eins og sakir stóðu. Menn töl-

uðu þá um, að slíkt ákvæði ætti ekki við í skattalöggjöf. En nú hefir stjórnin ekki lagt þá reglu, er þessir hv. þm. hömpuðu, til grundvallar; og það tel jeg rjett, því að sú regla er alls ekki algild. Það var sjálfsagt að leggja á eitthvað af þeim gróða, sem kominn var. Mönnum þótti það eftir dúk og disk í fyrra, ef ákvæðin næðu ekki til ársins 1916, einhvers mesta gróðaársins, og svo gætu sömu menn og sagt um þetta. En nefndinni hefir ekki þótt hlýða að breyta til um þetta, og vill hún nú láta þessa þingmenn um samræmið milli gerða sinna í fyrra og nú.

Fjármálaráðherra (S. E): Jeg skal játa, að mjer virðist það mjög erfitt að auka tekjur landssjóðs að mun, eins og mjer þó hefir virst vera vilji háttv. deildar og Alþingis, ef ekki verður snúið að þessum tekjustofni. Mjer finst sannarlega, að þegar gróðinn er stiginn svo hátt, að hann er orðinn yfir 30,000 kr., þá sje það ekkert óeðlilegt, að skattur sje lagður á þann gróða, og það ekki síst, er litið er til þess, að þessi mikli gróði er skapaður af sömu ástæðum og tapið hjá öðrum, af stríðinu. Stríðið er orsök þess, að sumir græða mjög mikið, en sumir verða mjög illa staddir. Það virðist þá ekki nema rjett, að þingið taki hjer fram í, minki gróðann og styrki þá, sem stríðið hefir bakað örðug eða óbærileg lífskjör. Jeg held, að þetta sje viðurkent rjett um allan heim. Og jeg held, að ef ekki er hægt að fá Alþingi til að samþýðast þessa stefnu í skattamálum, þá sje það mjög rangt af þeim mönnum, sem ekki geta fallist á hana, að áfellast stjórnina fyrir að koma ekki með tekjuaukatillögur.

Það er engan veginn rjett hjá háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), að nefndin hafi gerbreytt frv. stjórnarinnar. Nefndin hefir breyt svo, að skatturinn verður lægri, og skattur tapast á sviðinu 30—50 þús. kr. En þegar litið er á skattaútkomuna í heild sinni, þá er ekki að ræða um gerbreytingu.

Eftir till. stjórnarinnar er skatturinn af fyrstu 100,000 kr. h. u. b. 9600 kr. en eftir till. nefndarinnar er sami skattur h. u. b. 3650 kr. Af næstu 100 þús. er skatturinn samkvæmt till. stjórnarinnar 15,000 kr., en eftir till. nefndarinnar 10,000 kr. o. s. frv. Á fyrstu 100 þús. kr. hvíla því, ef stjórnarfrv. verður að lögum, samkvæmt því og gildandi tekjuskattslögum, h. u. b. 22,420 kr., en á þeim næstu 30 þúsundir o. s. frv., en ef till. nefndarinnar verða samþ., þá hvíla samtals á fyrstu 100,000 kr. h. u. b. 16,470 kr., en á næstu 100,000 kr. 20 þúsundir o. s. frv.

Sannleikurinn er sá, að háttv. nefnd hefir, sem betur fer, haldið áfram á sömu braut og stjórnin. Það er ekki »princip«-munur, heldur stigmunur, á brtt. og frv., svo að skatturinn kemur ljettar niður, en breytingin getur orðið til þess, að landssjóður missi allmiklar tekjur, þar sem þeir menn, sem hafa 100 þús. kr. tekjur eða meira, eru ekki ýkja margir, en margir, sem hafa í tekjur 30—50 þús. kr.

Jeg sje í raun og veru ekki ástæðu til að halda lengri ræðu. Spurningin er, hvort hjer á að fylgja stefnu nefndarinnar og fá á þann hátt minni tekjur, eða þá samþ. stjórnarfrv. óbreytt. Jeg hygg betra að samþ. stjórnarfrv. og held það með öllu verjandi, eftir þeim tímum, er nú standa yfir, að taka háan skatt af þeim gróða, sem stríðið hefir skapað, því að það hefir eigi síður skapað örðugleikana fyrir þá mörgu, og er þess vegna sjálfsagt að taka mjög mikið tillit til þessa í skattalöggjöfinni.

Einar Arnórsson: Það mun þykja óviðfeldið og óviðeigandi að mæla á móti frv. þessu og brtt. nefndarinnar, og verður sjálfsagt skoðað sem vörn fyrir »kapitalistana« eða auðkýfingana. En jeg er ekki svo mjög hræddur við það, sem menn kunna að segja, eða hverjar hvatir þeir telja liggja til grundvallar því, sem jeg eða aðrir segja eða gera. Mun jeg því tala um frv. og brtt. eins og það á skilið frá minu sjónarmiði.

Það er vitanlega rjett hjá hæstv. fjármálaráðherra, að stefna frv. og brtt. er mjög hin sama. Það sje í raun og veru fjarri mjer að neita því, að þeir, sem meira hafi, eigi að miðla af því og leggja drýgri skerf til þeirra útgjalda, er leiða af núverandi vandræðaástandi, en hinir, sem tapa á stríðsástandinu. Það er langt frá því, að jeg vilji bera þá, sem hafa háar tekjur, undan því að borga af gróða sínum. En hjer koma fleiri atriði til álita en það eitt, að skattur sje lagður á menn til landssjóðs.

Um þetta mál er það þá fyrst að segja, að það er bagalega seint fram borið. Það hefði verið rjett að taka þessa leið upp miklu fyr og helst þegar á þingi 1915. Mig minnir, að þá hafi komið fram frv. í líka átt frá háttv. þm. Dala. (B. J.), sem var hinn sami þá og nú. En þá vildu menn ekki líta við slíkum skatti. Það kann nú að hafa verið hugsun manna þá, að ekki myndi taka því að leggja á skatt, því að þá mun sú hugsun hafa legið í loftinu, að styrjöldin myndi standa skamma hrið. Það getur verið. En síðan 1915 hafa verið háð 2 þing og þetta hið þriðja, aukaþingið 1916—17, reglulegt þing 1917 og nú þetta aukaþing 1918. Á aukaþinginu 1916—17 man jeg ekki, hvort nokkuð kom fram í þessa átt, en á þinginu 1917 kom hjer fram í Nd. og var samþ. frv. frá fjárhagsnefnd neðri deildar um aukinn skatt af gróðamönnum. Eru það víst þau lög, sem heimta á eftir skatt af árinu 1917, í fyrsta sinni á manntalsþingum 1919. Nú hygg jeg, að á þingi í fyrra hafi menn hugsað sjer að fara eins langt í þessu efni og unt væri.

En í þessu máli er annars að gæta, sem miklu máli skiftir, og það er það, að aðalstyrjaldargróðinn er nú farinn hjá. Hann var fyrstu árin af stríðstímanum, 1914—15, allmikill og kom töluvert jafnt niður, og 1916 líka að nokkru leyti. En aðalgróðinn á því tímabili mun þó hafa fallið í skaut sjávarútvegsmönnum og kaupmönnum. En nú er svo komið, því miður, að útlitið er ekki glæsilegt eða von um, að mikill gróði muni falla til útgerðarmanna þessi ár, og líklega, því miður, ekki það sem eftir er af þessu stríði. Meira að segja er nú svo komið, að útlit er fyrir, að margir tapi töluverðu af því, sem þeir hafa grætt. Í fyrsta lagi geta þeir tapað af því, að þeir haldi áfram útgerðinni og kjörin sjeu svo slæm, að útgerðin borgi sig ekki eða þeir tapi á henni. Jeg býst við, að gera megi ráð fyrir því, að svo kunni að fara. En setjum nú svo, að þeir verði ekki fyrir því skakkafalli, en segjum, að þeir verði að draga inn seglin og hætta útveginum. Það er þá bæði tap fyrir þá og alla, er þeir veita atvinnu, og auk þess rentutap af þeim höfuðstóli, er liggur dauður í skipunum, fiskgeymsluhúsum, löndum, sem búin eru út sem stakkstæði, bryggjum og öðrum áhöldum. Nú má gera ráð fyrir, að þessir menn hafi grætt meira eða minna, yfirleitt allmikið, á þeim góðu árum, sem hjá liðin eru. En þessi lög ná ekki til þess gróða nema að litlu leyti, eða einungis til ársins 1917. Lengra hefir væntanlega ekki verið hægt að fara aftur í tímann.

En nú kynni að vera spurt, hvort

það sje sæmilegt landsstjórn og löggjafarvaldi að seilast svo langt aftur fyrir sig, og ef til vill til manna, er ekki mega nú við því Þessari spurningu má hreyfa. Án þess að jeg vilji mæla þá undan, er best geta, að leggja sinn hæfilega skerf til alþjóðarhagsmuna, þá vil jeg, að þess sje gætt, að margar af þeim atvinnugreinum, er skatturinn legst á, eru stórkostleg áhættufyrirtæki. Það getur sem sje vel hugsast, að einn útgerðarmaður græði stórfje eitt árið, og þá heldur hann áfram, en næsta árið getur hann orðið svo óheppinn, að tapa t. d. í einni útferð botnvörpungs, ekki svo tugum þúsunda króna skiftir, heldur jafnvel hundruðum þúsunda. Væri um áhættulausa og staðfasta atvinnugrein að ræða, væri alt öðru máli að gegna. Þetta á sjerstaklega við sjávarútveginn, en jeg skal játa, að þessi athugasemd á ekki við alla, er háar tekjur hafa. En nú er samt svo komið um þá kaupmenn, er grætt hafa, að við því er búið, að skorbildar nokkrir gangi í fje þeirra. Jeg get t. d. hugsað mjer, að takmörkuð yrði notkun skipa, þannig, að þótt vörur fengjust keyptar erlendis, yrði ekki hægt að flytja þær. Og mjer dettur ekki í hug að neita því, að það gæti verið fyllilega rjettmætt, að stjórnin takmarkaði flutninga á þeim skipum, er hún ræður, er um óþarfar vörur væri að tefla, svo sem gull- og silfurvörur og ýmisiegt glingur, sem arðvænlegt er kaupmanninum að selja, en ekki getur talist til nauðsynjavara. Margir kaupmenn myndu þá missa spón úr aski sínum, er þess háttar vörur, sem bestan gefa ágóðann, yrðu látnar sitja á hakanum fyrir nauðsynjavörum, svo að búast má við, að allmargir kaupmenn gangi frá af þessum ástæðum.

Þá býst jeg og við, að ein tegund stórgróðamanna, sem menn nefna umboðssalana, gangi frá að mestu það sem eftir er af stríðinu. Jeg býst við, að stjórnin taki mestalla verslun í sínar hendur, og þá fá þessir menn ekki leyfi til að flytja vörur til landsins nema í gegnum stjórnina. Og þar af leiðir, að um gróða þeirra manna verður væntanlega ekki slíkan að tefla sem áður.

Það mætti nú segja, að þessar athugasemdir mínar sjeu ekki mótbárur móti frv., því að segja má, að ef þær sjeu rjettar, þá verði afleiðingin sú, að þessir menn gangi undan skattinum, og landið fái ekkert frá þeim. Og þetta væri líka rjett athugasemd, en afleiðingin af henni væri sú, að þá væri rjóminn fleyttur ofan af frv., og þeir orðnir fjarska fáir, sem skattskyldir yrðu eftir frv. Landssjóður fengi þá hverfandi lítinn skatt eftir því, og varla tilvinnandi fyrir hann að seilast eftir þessum sárfáu mönnum.

En svo var annað atriði, sem jeg vildi minnast á, þótt áður hafi verið um það talað, og það er skattaálögurjettur sveitarfjelaganna. Sú stefna hefir verið ríkjandi hjer, og jeg vil ekki segja að hún sje röng, að sveitarfjelögin eigi að sjá fyrir sjer sjálf í lengstu lög. Það getur vel verið rjett. En eigi sveitarfjelögin að geta bjargað sjer, verða þau að hafa einhverja skattstofna til að leggja á. Aðaltekjulind þeirra er, sem kunnugt er, aukaútsvörin, sem jafnað er niður að lögum eftir efnum og ástæðum.

Um niðurjöfnunarnefndir er það að segja, að það er ekki mikil takmörkun á því, hve djúpt þær geta smeygt hendinni niður í vasa borgaranna, og það er gefinn hlutur, að þær verða að gera það ósleitilega á komandi ári, og það er ekki heldur erfitt að sjá, hvert þær muni snúa sjer. Það er auðvitað, að þær verða að leggja á þá fáu menn í hverjum stað, sem efnaðir eru og eitthvað hafa grætt. En með því að lands-

sjóður hraðar sjer nú að taka gróða þessara fáu manna til sín, get jeg ekki betur sjeð en að það sje að minka möguleika sveitar- og bæjarfjelaganna til þess að geta bjargað sjer sjálf, því að þá verða niðurjöfnunarnefndirnar að taka til greina þann aukaskatt, sem þessir menn eiga að greiða til landssjóðs, og það væri þá ekki forsvaranlegt af niðurjöfnunarnefndunum að leggja á þessa menn nokkur hærri gjöld til síns sveitar- eða bæjarfjelags. Jeg hefi, því miður, ekki getað komið því við, tímans vegna, að reikna út nákvæmlega, hvernig þessi lög myndu verka, reikna út skattinn, en mjer skilst þó, að maður, sem hefði 30,000 krónur í tekjur, búsettur hjer í Reykjavík, ætti eftir gildandi tekjuskattslögum að borga 15% af 29,000 krónum; það getur að vísu ekki náð alveg svo miklu, vegna þess, að skattastiginn er ekki 15% frá byrjun. (**Fjármálaráðherra:** Það er víst 2300 krónur). Já, það er eitthvað á milli 2000 og 3000 krónur, býst jeg við. Svo á hann, eftir frv. stjórnarinnar, að borga 5% af 30,000 krónum. Það verða 1500 krónur. Hann á þá að borga í landssjóð tæp 4000 krónur í alt. (**Fjármálaráðherra:** Nei, nei). Jú, ef hann borgar fyrst 15% af 29,000 krónum og svo 5% af 30,000 krónum að auki. (**Fjármálaráðherra:** Þetta er misskilningur). Jeg er að tala um, hvernig það væri eftir frv. stjórnarinnar; þar stendur »af tekjum frá og með 30,000 krónum«, 30,000 krónur því taldar með; það stendur svart á hvítu í frv. stjórnarinnar, og það strax í 1. gr.: »Þeir, sem hafa í árstekjur 30,000 kr. eða meira« o. s. frv.; svo stendur það síðar í sömu gr., þar sem tekjuupphæðirnar eru nefndar, svo að það getur hver maður sjeð, sem augu hefir til að lesa og skynsemi til að skilja. Þá verður tekjuskatturinn í landssjóð eitthvað upp undir 4000 kr., og svo mikill tekjuskattur til bæjarins, ef miðað er við Reykjavík. (**Fjármálaráðherra:** Þetta er misskilningur). Nú, ef ekki á að skilja tekjuskattsfrv. eins og orð liggja til, þá væri best fyrir hæstv. stjórn að vera ekki að semja slík lög; jeg þori að leggja það undir hvern einasta dómstól, sem íslenskt mál skilur, að það mundi dæmt, að jeg skildi þau rjett. Jeg var að reikna út eftir frv. stjórnarinnar, hvað maður með þessum tekjum þyrfti að greiða í landssjóð, og er þá kominn að því, hvað hann yrði að gjalda til bæjarins. Ef bæjargjaldafrv. Reykjavíkur gengur fram, eins og allsherjarnefnd skilur við það, ætti hann að gjalda 10% til bæjarins; það verða 3000 krónur. Hann ætti þá að borga upp undir 7000 krónur alls. Ef stjórnin vill nú skilja sitt frv. einhvern veginn öðruvísi, þá hefði hún virkilega átt að orða það í samræmi við, hvernig hún vildi láta skilja það; nefndin hefir þar á móti breytt orðalaginu í sinni till., ekki notað orðin »frá og með«, heldur »af tekjum frá«. (**Fjármálaráðherra:** Jeg skal sýna háttv. 2. þm. Árn. (E A), hvernig á að skilja þetta). Þá ætti hæstv. fjármálaráðherra að strika út orðin »og með«, því að jeg þykist hafa eins mikla æfingu í að útskýra mælt mál í lögum eins og hæstv. fjármálaráðherra, og jeg hefði gaman af að sjá þann lögfræðing, sem skildi þetta öðruvísi. Mjer finst líka, eftir brtt. háttv. nefndar á þgskj. 237, að hún skilji þetta á nákvæmlega sama hátt og jeg, og jeg býst ekki við, að hæstv. fjármálaráðherra álíti, að hún hafi vilja til að skýra rangt frv. stjórnarinnar.

Þá má benda á, að í till. háttv. nefndar er einmitt allmikill munur á útfærslunni. Þar er að vísu sama gjald í landssjóð af 30,000 krónum, og til bæjar-

þarfa hjer í Reykjavík myndi hann gjalda sömu upphæð.

Ef maður hefði 50,000 kr. í tekjur, þá skilst mjer, að hann ætti eftir núgildandi tekjuskattslögum að borga ca. 6000 krónur, svo mundi hann eftir till. fjárhagsnefndar borga 2800 kr., og loks til bæjarþarfa hjer í Reykjavík, eftir till. allsherjarnefndar, ef þær verða samþ., 13% af upphæðinni; það verða alls rúm 15,000 kr.

Það má nú kann ske segja, að um suma menn sje þetta rjettlæti, en þá kem jeg aftur að því, að menn, sem stunda áhættusama atvinnu, græða má ske annað árið en tapa svo aftur hitt árið, og er þá ósanngjarnt, að það komi svo hart niður á þeim. En um það, að skattalög verki aftur fyrir sig, þá veit jeg vel, að það hefir komið fyrir áður, að þau hafa verið látin gera það. Dæmi þess eru tolllög, er samþykt voru. En sú ráðstöfun mætti eðlilega allmikilli mótspyrnu af hendi lögfræðinga, enda getur það verið mjög hart að láta tollalög og skatta verka á atburði liðins tíma, sjerstaklega ef um háa skatta er að ræða, því að ekki er hægt að gera við sköttum og tollum, sem síðar eru lagðir á, og þess vegna er ómögulegt að vara sig á því, ef slíkir dutlungar hlaupa í löggjafarvaldið, að láta skatta verka aftur fyrir sig. Það má hugsa sjer, að það væri gert, en það væri gerræði af löggjafarvaldsins hálfu, jeg held að því verði ekki neitað með rökum, enda er þetta líka viðurkent í öllum siðuðum löndum. Það, að láta skattaákvæðin verka langt aftur í liðna tímann, er blátt áfram talin »barbarisk« aðferð. Jeg ætla að endurtaka það, því að það atriði legg jeg ekki litla áherslu á, að ef þetta frv. verður að lögum, þá virðist mjer, að það sje tekið nokkuð mikið frá sveitar- og bæjarfjelögum, og þá verða minni möguleikar fyrir þau til þess að bjarga sjer sjálf. En þeir, sem þetta kemur aðallega niður á, eru kauptúnabúar, og jeg vil segja, að það komi einungis niður á þeim, því að jeg býst ekki við, að það verði talsmál um, að bændur og búalið hafi slíkar tekjur, að þær geti komið til greina við álögur slíks skatts sem þessa. Það verða þá einungis kaupstaðirnir, sem til greina koma, og jeg býst ekki heldur við, að það geti orðið mjög skiftar skoðanir um, að það verði einmitt sjávarplássin, við getum sagt kaupstaðirnir Reykjavík, Akureyri, Ísafjörður og Seyðisfjörður, sem fyrst verða illa staddir, ef atvinnuleysi kemur og neyðin kreppir að, en þá hlýtur að reka að því, að niðurjöfnunarnefndirnar verði að taka mikið af þessum fáu efnuðu mönnum af því fje, sem þarf til þess að standa straum af útgjöldum bæjarfjelagsins, en því meira sem tekið er þaðan í landssjóð, því minna hljóta niðurjöfnunarnefndirnar að sjá sjer fært að taka til bæjarþarfa. Jeg held því, að það væri eins rjett, eftir því sem nú er komið, að eftirláta sveitar- og bæjarfjelögum þessa gróðamenn í sínar þarfir, því að þeir verða því miður fáir; það hefði verið alt annað, ef þetta frv. hefði komið fyrir svo sem 2—3 árum; þá var bæði nóg atvinna og gott kaup, og þá þurfti álagningarvaldið ekki að seilast of djúpt niður í vasa þeirra manna, en eins og nú er komið, held jeg það rjettara að lofa sveitarvaldinu að stinga höndunum niður í vasa þeirra og taka það, sem það þarf.

Fjármálaráðherra (S. E): Jeg skal ekki vera mjög langorður. Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) gat þess í byrjun ræðu sinnar, að það hefði verið rjettara að koma fyr með frv. eins og þetta. Þar er jeg háttv. þm. (E. A.) mjög sammála. Það hefði t. d. verið mjög heppi-

legt að koma með svona frv. á þeim tíma, sem háttv. þm. (E. A.) var ráðherra; þá hefði líka aldrei þurft að láta slík lög verka aftur fyrir sig. Jeg álít það einmitt mjög óheppilegt, að fyrri stjórnir skyldu ekki koma með frv. eins og þetta. Háttv. þm. (E. A.) tók fram í sambandi við þetta, að aðalstyrjaldargróðinn væri nú farinn hjá. Það er mikið rjett í þessu, og vitanlega er það einkum árið 1916, sem þingið í fyrra slepti undan skattinum, en jeg get þó ekki sjeð, að þetta sje í sjálfu sjer nein veruleg mótbára gegn frv., ef ástæða þykir til að skattleggja gróða, sem kom á árinu 1917, og jeg skil ekki, að gróði á því ári sje rjetthelgari en á hverju öðru ári, svo að þetta geti verið nokkur gild mótmæli gegn frv., heldur væru þau að eins til þess að sýna fram á, að lítið kæmi í landssjóð með þessum skatti, en ef svo lítið yrði um gróða á árinu 1917, þá finst mjer ekki ástæða til að gera þessa háværu mótstöðu gegn frv., því að þá gerir það ekkert til meins, ef það kemur hvergi við. En jeg er viss um, að á árinu 1917 hefir fallið stórgróði, svo að tugum eða hundruðum þúsunda skiftir, til einstakra manna á þessu landi.

Háttv. þm. (E. A.) mintist aðallega á tvo flokka manna, sem þessi skattur mundi falla á, og færði ástæður fyrir því að draga þá báða undan skattinum. Fyrsti flokkurinn voru útgerðarmennirnir, og þar benti háttv. þm. (E. A.) á þá miklu áhættu, sem væri samfara þeim atvinnuvegi. Þetta sama tók jeg fram í fyrstu ræðu minni, og að þess vegna væri ekki eins mikil ástæða til þess að láta þunga skatta skella á þeim eins og áður, þegar vissa var fyrir, að þeir græddu; en þegar litið er á þessa menn í samanburði við aðra borgara, sem við erfið kjör eiga að búa, þá verða menn að kannast við, að þótt töluverð áhætta sje fólgin í atvinnuvegi þeirra, þá sje engu að síður sjálfsagt að skattleggja þá, og það því frekar, sem vitanlegt er, að útgerðarmenn hjer á landi eru eftir þessi stríðsár orðnir mjög rótgrónir og hafa mikla krafta til að mæta þeim erfiðleikum, sem nú eru.

Jeg man eftir því, að þegar talað var um að skattleggja gróða þessara manna fyrir árið 1916, var því borið við, að það mætti ekki gera vegna þess mikla taps, sem þeir gætu beðið á árinu 1917, en sú ástæða er nú fallin. Jeg hygg, að það hafi verið alveg rjett stefna hjá þeim mönnum, sem vildu skattleggja hið mesta gróðaár á Íslandi, árið 1916, en háttv. þm. muna ef til vill eftir því, með hve miklum eldmóði var barist á móti því, og einni ástæðu var tjaldað fram, að lögin væru látin verka aftur fyrir sig.

Ef háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) hefði gripið tækifærið til þess að skattleggja gróðann á árinu 1916, þegar hann var ráðherra 1915, þá hefði verið hægt að ná í gróðann án þess að láta lögin verka aftur fyrir sig. En það tjáir ekki að vera að tala um þá viðsýni, sem ekki var til. Nú er það viðurkent af mjer og öðrum, að það er mjög erfitt að finna leiðir til þess að ná þeim sköttum, sem nauðsynlega þarf að fá. Þess vegna, þegar um það er að velja að fara dýpra í vasa þeirra manna, sem fátækir eru hjer á landi, eða að seilast meir í vasa hinna ríku, þó að það sje gert fyrir undanfarið ár, skil jeg ekki annað en að það verði viðurkent rjettara að seilast þannig aftur fyrir sig til stórgróðamannanna heldur en að vera altaf að seilast dýpra og dýpra niður í vasa fátæklinganna.

Það er nú ekki heldur svo, ef skatturinn er lagður á eftir frv. stjórnarinnar, að maður, sem hefir 100,000 krónur í tekjur, verði neitt nálægt því að verða

öreigi; það er mjög mikill misskilningur ef menn halda það, því að hann á þá að eiga eftir í hreinar tekjur h. u. b. 77,000 krónur, þegar hann hefir borgað skattinn, Jeg get nú ekki skilið, að almenningur hjer á landi að minsta kosti mundi líta svo á, að sá maður væri mjög nauðulega staddur, sem ætti slíka upphæð eftir, þegar hann hefði borgað skattinn, og maður, sem hefði 200,000 krónur í tekjur, ætti eftir h. u. b. 147,000 krónur. Jeg held, að menn, bæði hærri og lægri, mundu líta svo á, að hann væri ekki mjög nauðulega staddur, og að þeir yrðu ekki mjög margir, sem kendu í brjósti um hann af þessum orsökum, og það jafnvel þótt hann gyldi auk þessa einhvern skatt til sveitarfjelagsins.

Þá vildi háttv. þm. (E. A.) helst undanþiggja kaupmenn og stórsala dýrtíðarskatti, af því að þeir mundu eiga erfiðara hjer eftir en hingað til að flytja að sjer vörutegundir þær, er gefa þeim drýgstan arð, sem sje álnavöru og allskonar glysvarning. Jeg býst nú að vísu við, að landsstjórnin muni hafa gát á því, að skip hennar flytji ekki óþarfavarning til landsins, svo að gera má ráð fyrir, að gróði þessara manna rýrni við það. En að hinu leytinu ber að líta á það, að menn þessir hafa nú þegar grætt of fjár á slíkum vörutegundum, og þeir mundu græða framvegis, þó að aðflutningar yrðu bannaðir. Jeg hygg því, að mönnum þessum sje ekki neinn órjettur ger, þó að skatturinn sje látinn ná til þeirra, jafnvel þótt gera mætti ráð fyrir, að minna flyttist framvegis af glysvarningi til landsins.

En um stórsalana er það að segja, að við má búast, að velta þeirra verði minni þetta ár en að undanförnu. En jeg hygg, að allir verði sammála um það, að þeir hafi nú grætt stórfje, ef til vill mest af öllum atvinnurekendum þessa lands. Þeim er því engin vorkunn. Og yfirleitt á jeg bágt með skilja þessa vorkunnsemi háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) og álít, að hún geti ekki náð nokkurri átt, eins og nú er ástatt. Fjárveitinganefndin komst að sömu niðurstöðu og stjórnin, að nauðsyn bæri til þess að að útvega landssjóði auknar tekjur, og að þessum tekjum skyldi meðal annars náð með dýrtíðarskatti; og sannast að segja skil jeg ekki, að menn skuli ekki geta orðið algerlega sammála um það, að þennan skatt beri að leggja á þá menn, sem mest hafa grætt á ófriðnum og dýrtíðinni. Þetta ætti hverjum þm. að vera svo auðsætt mál, að ekki þyrfti um að þrátta hjer á Alþingi.

Háttv. sami þm. (E. A.) vildi skilja frv. stjórnarinnar á annan veg en hún hafði skilið það. Ætlun hennar var alls ekki að skattskylda menn, sem hefðu lægri tekjur en 30 þús. kr., heldur að eins hina, er tekjur hefðu fyrir ofan þetta mark (**E. A.**: Það sagði jeg ekki heldur, en það þarf að breyta orðalaginu). Ef orðið »með« getur orkað tvímælis, mun stjórnin ekki hafa neitt á móti því, að það sje felt burt. En jeg hefi bæði nú og við 1. umr. málsins sýnt fram á, hvernig stjórnin skilur þetta atriði og hvernig hún ætlast til að skatturinn verði lagður á. Stjórninni datt ekki í hug að auka skattinn frá því, sem hann var ákveðinn í gildandi lögum, á þeim mönnum, sem hefðu lægri tekjur en 30 þús. kr. En úr því að þessi ágreiningur hefir á orðið, tel jeg sjálfsagt, að breytt verði orðalaginu, til þess að taka af allan vafa, og mun Ed. verða til þess að gera þá breytingu, ef frv. verður samþ. hjer óbreytt.

Loks skal jeg geta þess, að þótt jeg óskaði helst, að frv. yrði samþ. óbreytt, eins og það kom frá stjórninni, þá tel

jeg þó bót í því, að það nái samþykki með breytingum nefndarinnar, því að þótt hlutskifti landssjóðs yrði minna, ef brtt. nefndarinnar næðu fram að ganga, er jeg ekki í vafa um það, að honum mundi áskotnast allálitlegur tekjuauki samt sem áður. Frv. og brtt. nefndarinnar fara í sömu átt, aðhyllast sömu grundvallarregluna, en greinir að eins á um það, hvort skattskylda skuli 30—50 þús. kr. tekjur.

Framsm. (Magnús Guðmundsson): Það lítur út fyrir, að till. nefndarinnar ætli að valda nokkrum ágreiningi. Sumir telja þær ganga of langt, aðrir of skamt, og er ef til vill ekki fjarri sanni að álíta, að þá muni till. vera nærri því rjetta, því að oft liggur hið rjetta miðja vega milli þeirra, sem lengst fara, og þeirra, sem skemst fara.

Jeg skal geta þess um þá menn, sem hafa 30—50 þús. kr. tekjur, að 30 þús. eru ekki háar tekjur, ef tekjuhafinn leggur fje sitt í hættu til þess að afla þeirra. Það, sem hann græddi þetta árið, gæti hann hæglega mist næsta ár. En 30 þús. kr. eru góðar tekjur þeim, sem eigi þarf að leggja fje sitt í hættu. Frv. gerir engan mun á þessu tvennu, enda er það ekki auðvelt. Þess vegna tel jeg þá leið rjetta, sem nefndin hefir valið, að hjer sje farið varlega, að menn þessir sjeu heldur allir undanþegnir aukaskatti en að þeim sje fleirum eða færri stofnað í hættu með skattaálögum.

En um hitt atriðið, að nefndin lækkaði hundraðstöluna, er það að segja, að með því hafði hún fyrir augum, að bæjar- og sveitarfjelögum er með frv. til dýrtíðarlaga, sem nú liggja fyrir Alþingi, gefið undir fótinn að nota sjer líka gróða þessara manna, með auknum álögum til dýrtíðarhjálpar.

Heyrst hafa og raddir um það, að eigi væri tilhlýðilegt að leggja skattinn á fyrir árið 1917. Jeg fæ ekki sjeð, að þetta álit sje á nokkrum rökum bygt. Og minna má á það, að í fyrra var hjer í deildinni samþ. samskonar ákvæði, að því er snerti árið 1916, og þá hneykslaðist enginn á.

Engin deila stendur milli stjórnarinnar og nefndarinnar um stefnu þessa máls. Báðar vilja fara sömu leiðina, en þeim ber að eins ekki saman um það, hversu langt skuli farið. Það hefir verið fundið frv. til foráttu, að meginstyrjaldargróðinn sje nú fram hjá farinn; en vitanlega er samt enginn skaði skeður, þó að málið næði fram að ganga. Afleiðingin yrði þá að eins sú, að landssjóður bæri ekkert úr býtum. En jeg trúi alls ekki, að sú verði reyndin á.

Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) gerði mikið veður út af 1. gr. frv. Hann vildi skilja hana á þá leið, að 1500 kr. aukaskattur skyldi lagður á tekjur, er næmu 30 þús. kr. En þessi skilningur er rangur. Frv. gerir ekki ráð fyrir, að lægri tekjur en 30 þús. kr. skuli skattskyldar í því efni, er hjer ræðir um. (**E. A.:** Það er ekki rjett). Háttv. þm. (E. A.) skilur þá ekki frv. (**E. A.:** 3 × 5 eru þó 15). Með þessum reikningi sýnir háttv. þm. (E. A) einmitt, að hann hefir misskilið frv., því að hann vill reikna með tekjur undir 30 þús. kr. En það er ekki rjett, eins og auðsætt er af því, að í frv. stendur »frá og með 30 þús. kr«. En nefndin hefir nú samt sem áður orðað þetta svo, að hvergi getur valdið misskilningi.

Þá ber og að taka það til greina, að lægri tekjur en 30 þús. kr. þurfa alls ekki að vera styrjaldargróði. Þær geta fengist af atvinnu, sem gæfi slíkar tekjur af sjer á venjulegum tímum.

Til þess að sýna fram á það, að hjer er sannarlega ekki farið vægt í að skatta háar tekjur, skal jeg benda á það, að

af 300 þús. kr. tekjum mun skattur nema í alt til landssjóðs um 67000 kr., og þegar þar við bætist skattur til sveitar- og bæjarfjelaga, sjest, að það er ekki lítill partur teknanna, sem fer í skatta. Og gagnvart þeim, sem telja tilgangslaust að samþ. þetta frv. vegna þess, að það muni engar tekjur gefa í landssjóðinn, skal jeg benda á það, að eigi þarf nema 2—3 menn með 300 þús. kr. tekjum til þess, að af þessu frv. komi eins miklar tekjur og af frv. um hækkun vörutolls, sem vel þótti ómaksins vert að samþ. hjer í þessari háttv. deild um daginn. Og jeg veit að minsta kosti um 2 menn, sem höfðu þessar tekjur árið 1917.

Að endingu vil jeg mælast til þess fyrir hönd nefndarinnar, að brtt. hennar verði samþyktar hjer í háttv. deild, því að jeg efast ekki um það, að þær verða að miklu gagni.

Gísli Sveinsson: Þótt jeg hafi gert áður grein fyrir afstöðu minni til þessa máls, vil jeg samt skýra hana dálítið nánar og jafnframt rekja að litlu þau atriði málsins, sem orðið hafa sjerstaklega að umtalsefni.

Mjer blandast ekki hugur um það, að orðalagið á 1. gr. stjórnarfrv. mundi verða skilið á sama veg sem háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) hefir skilið það og skýrt. En þetta atriði ætti samt ekki að verða að sundurþykkjuefni. Fjárhagsnefndin hefir nú breytt orðalaginu og sýnir það, að hún hefir skilið greinina eins og háttv. 2. þm. Árn. (E. A.).

Jeg sagði, að allmiklar breytingar væru gerðar á frv. stjórnarinnar, ef brtt. nefndarinnar næðu fram að ganga. En auðvitað er þar ekki um stefnubreytingu að ræða; ef svo væri, hefði nefndin hlotið að leggjast á móti frv. í heild sinni; enda gat slík breyting ekki komið til mála, úr því að nefndin vildi á annað borð fara tekjuskattsleiðina, því að stefnan er altaf eins í slíkum skattskyldufrv., sem sje sú, að leggja ákveðinn skatt á með því að taka ákveðið af hverju hundraði. En jeg býst við, að háttv. deild átti sig samt á því, að breytingar nefndarinnar á frv. stjórnarinnar eru allmiklar.

Í fyrsta lagi hefir stjórnin lagt það til, að 5% skattur skuli lagður á 30 þús. kr. tekjur, en nefndin vill ekki skattskylda lægri tekjur en 50 þús. kr. Þetta er afarmikil breyting.

Í öðru lagi vill stjórnin auka skattinn um ½% á þúsundi hverju, uns hann er orðinn 15 af hundraði, en nefndin af hverjum 5000, uns hann er orðinn 10 af hundraði. Hjer er um stórbreytingu að ræða.

Hæstv. fjármálaráðherra lagði mikla áherslu á það, að brtt. nefndarinnar sýndu stórgróðamönnum vorkunnsemi. Jeg hygg, að engin ástæða sje til slíkra ummæla. Nefndin ætlaðist alls ekki til þess, að stórgróðamenn væru undanþegnir skatti, heldur voru rökin til þessarar breytingar öll önnur. Jeg vil biðja hæstv. fjármálaráðherra að athuga, hvort hann hyggur, að skattur þessi komi í raun rjettri að eins niður á stórgróðamönnum. Ætlar hann, að skattur, sem lagður er á kaupmenn, komi ekki niður á öllum viðskiftamönnum þeirra? Á hinn bóginn mundu nokkrir falla undir skatt þennan, sem yrðu ef til vill að gjalda af eignum gróða sínum, t. d. útgerðarmenn. En t. d. þeir, sem bröskuðu með fisk, mundu láta skattinn koma niður á fiskverðinu og kaupgjaldi. Því fer fjarri, að hægt sje að ganga að því vísu, að stórgróðamenn beri þennan skatt, þó að hann sje af þeim tekinn að nafninu til. En þar verður auðvitað að taka skattinn, sem fjeð er fyrir. En reyndar þykir stórgróðamönnum eigi rjettlátt að

verða fyrir strangri skattalöggjöf. Þeir eiga margs að gæta. Þeir þurfa að reka atvinnu sína, til þess að geta haldið pyngju sinni fullri. En þá dettur maður um þá spurningu, hvort þessi atvinnurekstur svari kostnaði á þessum tímum. Það getur verið vafasamt, og því hefir nefndin kosið að fara þennan meðalveg. En ef brtt. nefndarinnar ná ekki fram að ganga, mun hún, býst jeg við, greiða atkvæði móti stjórnarfrumvarpinu.

Það hefði verið æskilegast, að stjórnin hefði sjeð sjer fært og talið sjer skylt, eins og stjórnir annara landa álíta skyldu sína, að gera sjer grein fyrir hversu mikilla tekna frv. mundi afla landssjóði.

Jeg býst reyndar við, að stjórnin þykist geta haft sjer það til afsökunar, að hún hefði ekki haft fyrir sjer skattskrár frá 1917. En þar til er aftur því að svara, að skattur þessi kemur einkum niður á Reykjavík, en þar sitja ýmsar nefndir að störfum, t. d. niðurjöfnunarnefnd, sem hafa slík gögn handa millum, og hefði stjórninni átt að vera innan handar að notfæra sjer þau til leiðbeiningar. En þetta hefir hún ekki gert, og er það bagalegt, því að fyrir bragðið renna þm. blint í sjóinn um tekjuaukann. Hæstv. fjármálaráðherra skildist mjer að legði mesta áherslu á 100 þús. kr. tekjur og þar yfir og reiknaði þar af, hversu tekjuaukinn í procentum mundi nema miklu. Í þessu gæti verið vit, ef þingmenn vissu um einhverja, sem hefðu slíkar tekjur. En þegar farið er niður að 30 þús., er ekki hægt að miða við 100 þús. einvörðungu. En jeg veit ekki, hverjir hafa þessar miklu tekjur. Ef til vill einhverjir fáir stórsalar. En jeg er efins í því, að útgerðarmenn beri slíkan gróða frá borði. En jeg hefi heyrt um 3 eða 4 menn hjer í bæ, sem grætt hafa alleinkennilega, jafnvel svo að hundrað þúsundum skiftir. Það er sem sje kunnugt, að nokkrir útgerðarfrömuðir höfðu trygt sjer smíðar á skipum hjá erlendum skipasmíðastöðvum. En nú hefir verið svo mikið kapp um það að fá smíðuð skip, að menn hafa selt skipasmíðarjett sinn, svo nefnt »númer« sitt þar, fyrir stórfje, jafnvel hundruð þúsunda. Þetta er auðvitað frábærlegur gróði. En hversu margir eru menn þessir hjer á landi? Þeir eru að eins örfáir, 2 eða 3 eða svo. Og ef ætti að taka skattinn einungis af þeim, mætti gera það með öðru móti. Það væri meira að segja auðvelt að gera þennan gróða þeirra upptækan að einhverju leyti, ef það þætti hlýða. Og ef frv. er fram komið vegna þessara fáu manna, ætti ekki að skattskylda aðra en þá, sem hafa 100 þús. kr. tekjur eða þar yfir, en halda sjer að öðru leyti við þann tekjuskattsauka, sem samþ. var á síðasta þingi.

Einar Arnórsson: Jeg get verið stuttorður, vegna þess að aðalkjarni eða atriði fyrri ræðu minnar hafa ekki verið hrakin. Það er mest deilt hjer um orðalagið á 1. gr. frv. stjórnarinnar og hvernig beri að skilja það. Það er auðvitað ósköp þægilegt að deila um svona lítil og vandalaus atriði, en ekki tel jeg með öllu rjett að eyða tíma til slíkra hluta, og eins og hjer stendur á, þá má hæglega laga þennan orðamun, ef frv. fer til 3. umr., og orða 1. gr. betur.

Annars eru það fleiri þm. heldur en jeg, og það skýrir menn, sem skilið hafa orðalagið eins og jeg hefi skýrt það og skilið.

Háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.) kom með einkennileg rök í sambandi við þetta mál, þar sem hann vitnar til liðna tímans og þess, sem þm. hafa gert þá til þess að sanna, að þeir sjeu skyldir til

þess að gera það sama nú. Hans hugsun er eitthvað á þessa leið: »Þið hafið, góðir hálsar, samþykt frv. í fyrra hjer í deildinni, sem fer í sömu átt og þetta frv., verkar aftur fyrir sig; þess vegna eigið þið að samþykkja þetta frv. nú«. Það er rjett, að í fyrra var samþykt hjer í deildinni frv., sem fór í þessa áttina, en þótt einhverjir hafi hlaupið á sig í fyrra, þá er ekki þar með sagt, að þeir eigi að gera það líka á þessu sumri. Það er lík hugsun í þessari rökfærslu eins og ef jeg segði: »Úr því að maður stal í fyrra, þá er best, að hann geri það einnig í ár«. Nei, þótt jeg hafi gert rangt einu sinni, þá er það rjett að kannast við það og ekki grípa tækifærið til þess að fremja ranglæti aftur, þótt það kunni að gefast.

Þá sagði háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.), að það væri ekki galli á þessu frv., þótt stórgróði fyrri ára hefði verið látinn fara hjá. Að forminu til er það ekki galli á frumv., þótt þeir sleppi undan þessum skatti, sem fyr hafa grætt, en það er óneitanlega galli, þegar litið er til gagnsins, sem af frv. getur orðið, eða með öðrum orðum tilgangs þess. Það er ekki það sama, þegar leggja á skatta á, er eiga að auka tekjur landssjóðs, hvort að eins er náð til eins eða tveggja manna, eða þá til miklu fleiri manna, eða með öðrum orðum hvort að eins er náð með skattalöggjöfinni 2 þús. eða t. d. 20 þús. Ef því skattalögin ná að eins til örfárra manna, þá getur þar af leitt, að tekjurnar af þeim verði svo litlar, að það muni engu fyrir landssjóð, en aftur á móti getur sveitarfjelögin munað mikið um þær, ef þeim yrðu þær eftir látnar.

Ef hæstv. fjármálaráðherra hefir skilið mig svo, að jeg væri að mæla menn, er getu hafa, undan því að greiða sín gjöld til almennra þjóðfjelagsþarfa, þá hefir hann misskilið mig mjög. Okkur greinir að eins á um leiðirnar. Jeg tel ekki rjett, eftir því sem atvik liggja til, að landssjóður komi á síðustu stundu og teygi klærnar í þá menn, sem eitthvað geta borgað, heldur vil jeg láta sveitarfjelögunum það eftir.

Þar sem hæstv. fjármálaráðherra var að tala um, að ekki væri rjett að seilast í vasa öreiganna, þá er það sannmæli, en spurningin er, hvort einmitt þetta frv. verði ekki orsök til þess, að seilst verði dýpra niður í vasa öreiganna, því að til þess að fá upp í þennan skatt leggja t. d. kaupmenn því meira á vöru sína.

Jeg hefi lýst því áður, að þar sem þessi aukaskattur er lagður á einstaka menn eða fjelög, þá leiði þar af, að niðurjöfnunarnefndin getur ekki bygt eins á gjaldþoli þeirra, og því ekki, ef rjettlætis er gætt, lagt á þá eins og hún mundi annars gera.

Jeg get á engan hátt tekið það til mín, sem hæstv. fjármálaráðherra bar mjer á brýn, að jeg vildi seilast ofan í vasa öreiganna. En það mætti miklu fremur segja það um tvö önnur frv. frá þessari góðhjörtuðu stjórn. Annað af þessum tveimur frv. var frv. um 100% hækkun á vörutollinum, en hitt var frv. um stimpilgjaldið, að nokkru leyti. Tollurinn eftir vörutollsfrv. kemur jafnt niður á ríkum sem fátækum og hittir af handahófi eins og vjelbyssuskothríð, og um stimpilgjaldið er svipað að segja, að svo miklu leyti sem þar er gert ráð fyrir, að tekið verði gjald af farmskírteinum, því að það hlýtur að koma niður á framleiðslu hinna smáu, engu síður en framleiðslu hinna stóru.

Jeg skal kannast við, að það er rjett hjá hæstv. fjármálaráðherra, að maður sem hefir 100 þús. kr. tekjur, er langt frá því að vera öreigi, þótt af þessum tekjum hans sjeu teknar 23 þús. En jeg vil endurtaka það, sem jeg sagði

áðan, að það er ekki rjett að sjá ofsjónum yfir gróða slíkra manna, því að atvinnuvegur sumra þeirra er þannig lagaður og svo hættumikill, að þótt þeir græði eitthvað á þessu ári, þá geta þeir tapað því og beðið stórtjón á næsta ári. Okkar þjóðfjelag er nú einu sinni þannig vaxið, að jöfnuður er ekki kominn á, og hafa því einstakir menn nokkur auðæfi í höndum sjer, og það er ekki nema eðlilegt, að þessir einstöku menn velti atvinnuvegum vorum og viðskiftum. Og meðan svo er, að ríkið tekur ekki þessar atvinnugreinar, þá megum við vera þakklátir fyrir, að einstaka menn hafa framkvæmdarsemi og dugnað til þess að leggja fje sitt í áhættu og veita atvinnuvegum vorum forstöðu, og yfirleitt halda uppi búskap þjóðarinnar. Hjer í Reykjavík er það t. d. ekki lítill hluti íbúanna, sem hefir lifað á starfi þessara manna í þágu sjávarútvegarins, og sje þrengt um of að þeim, sem halda uppi atvinnuvegum þjóðarinnar, og ef harkalega er að þeim farið, þá býst jeg við, að það geti haft slæmar afleiðingar er fram í sækir.

Jeg held, að jeg hafi svo ekki meira um þetta mál að segja, og það má búast við því, að það gangi í gegnum deildina, en jeg vil enda mín orð með því, að ef frv. stjórnarinnar verður samþykt við 2. umr., þá verði það gert svo úr garði, að enginn efi geti leikið á um það, hvernig beri að skilja 1. gr. þess.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg vil að eins gera örstutta athugasemd við ræður háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) og háttv. 2. þm. Árn. (E. A.). Þeir hjeldu því fram, að mjer skildist, að þessi skattur, sem lagður yrði á gróðamennina, væri eins nærgöngull við öreigana og skattur, sem lagður væri beinlínis á þá. Þetta nær nú ekki neinni átt. Enda er öruggasta sönnunin fyrir því sú, að gróðamennirnir hamast jafnan gegn svona sköttum, ekki vegna þess, að þeir komi hart niður á fátæklingana, heldur af hinu, að þeim finst þeir of nærgöngulir við sig. Og að því er verslunarrekendur snertir, þá vilja hv. þm. ef til vill halda því fram, að þeir leggi skattinn á vörurnar. Já, það má vel vera, en vanalega er lagt svo mikið á vörurnar, að skatturinn kemur að allega við »privat«-gróðann. Auk þess kemur þessi skattur á ýmsa aðra en verslunarrekendur, og enginn vafi er á því, að engin skattalög fremur en þessi sneiði fram hjá fátæklingunum.

Þá mintist háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) á tvö önnur tekjuaukafrv., sem stjórnin hefir komið með, sem sje vörutollsfrv. og frv. um stimpilgjald, og hann taldi þessi frv. ná jafnt til ríkra sem fátækra. Jeg skal játa það, að þessi skattafrv. koma of mikið við þá, sem fátækir eru, og það var af þeim ástæðum, að stjórnin lagði til, að ekki yrðu hækkaðir nema tveir liðir í vörutollinum. En þessi frv. eru þó fram komin af því, að þau voru nauðsynleg, eins og hag landsins er háttað nú sem stendur. Auk þess óvíst eftir undirtektunum frá síðasta þingi, að hægt væri að koma eins rjettlátu frumvarpi og þessu gegnum þingið, og jeg verð að segja, að í byrjun þingsins datt mjer ekki í hug, að hægt mundi vera að koma því áleiðis. En nú eru horfurnar aðrar, og þetta sýnir, og það gleður mig, að augu manna hafa opnast meir og meir fyrir nauðsyninni á tekjuauka og fyrir því, hve tekjuauki, einnig þessi, er rjettlátur. En það er augljóst, að slík lög sem þessi hljóta að mæta mikilli mótspyrnu, hjer eins og annarsstaðar, og það er eðlilegt, þar sem þeir menn, sem þau koma við, eru auðugustu menn þjóðfjelagsins.

Háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) virtist vera að álasa stjórninni fyrir það, að hún hefði ekki komið fram með áætlun um, hversu mikill gróði mundi verða af þessu frv. En í sannleika sagt sá stjórnin sjer ekki kleift, eftir þeim gögnum, er fyrir lágu, að koma með neina ábyggilega áætlun um það. Og þó að áætlun hefði mátt gera fyrir Reykjavík, þá dugði það ekki, því að jeg geri ráð fyrir, að utan Reykjavíkur sjeu margir, sem verða skattskyldir samkvæmt þessum lögum, en um þá verður ekkert sagt. Og jeg verð að álíta, að það sje betra að koma með enga áætlun um slíkt heldur en að koma með einhverja málamyndaáætlun, sem ekkert má byggja á.

Þá var það eitt atriði í ræðu háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), sem kom mjög flatt upp á mig, og það var, að jeg gat ekki skilið betur en svo, að hann teldi þetta frv. fram komið til þess, að hægt væri að ná í gróða af 2—3 mönnum, gróða, sem þeir hefðu átt að fá fyrir tilviljun eina. Vitanlega á þetta frv. að ná til allra, sem hafa hægan gróða, en það er langt frá því, að það sje fram komið vegna sjerstakra manna. Þetta er því alveg eins skaðlaust og ef jeg segði við háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), að hann væri á móti þessu frv. vegna þess eins, að það lenti á 2—3 mönnum, er væru vinir hans. En slíkar aðdróttanir kem jeg hvorki með í hans garð nje annara.

Þá talaði háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) um það, að ekki mætti þrengja um of að þeim mönnum, sem hjeldu uppi atvinnuvegunum og bæru þyngstu álögur landssjóðs En þess ber líka að gæta, að alþýða manna heldur líka uppi atvinnuvegunum með vinnu sinni o. fl., og ekki má heldur þrengja svo mjög að henni, að hún sjái sjer ekki farborða. Ekki græddu atvinnuvegirnir á því. Þingið heimtar tekjur fyrir landssjóðinn, og því verður að leggja skattana á þá, sem breiðast hafa bakið.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) vildi halda því fram, að fjárhagsnefndin hefði verið á einu máli um það, að skilja bæri orðalag 1. gr. stjórnarfrv. eins og háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) hefir skilið það, en jeg vil leyfa mjer að leiðrjetta þetta, því að það voru að eins tveir menn í nefndinni, sem voru þeirrar skoðunar. (**G. Sv.:** Þetta er ekki rjett). Það er áreiðanlega rjett, því að jeg hefi nú í þessu spurt nefndarmenn um þetta, svo að þessi framsláttur hlýtur að stafa af minnisleysi hjá háttv. þm. (G. Sv.).

Þá þótti háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) það undarlegt, að jeg skyldi ganga út frá því, að þessi háttv. deild teldi það rjett nú, sem hún taldi rjett í fyrra. En mjer finst þetta einmitt eðlilegur hugsanagangur, því að hann byggist á því, að menn vilji standa við orð sín og gerðir, og hjelt jeg, að háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) gæti ekki verið þetta þyrnir í augum. Og vel man jeg það, að hann sjálfur notaði sömu röksemdaleiðslu hjer í þessari deild fyrir nokkrum dögum út af öðru máli. Og til þess, að jeg viðhafi líkingu hins sama háttv. þm. (E. A.), skal jeg geta þess, að jeg get vel búist við því, að sá, sem stal í fyrra, steli einnig í ár.

Gísli Sveinsson: Það voru að eins nokkur orð viðvíkjandi ræðu 1. þm. Skagf. (M. G.), um afstöðu nefndarinnar til þess, hvernig skilja beri orðalag 1. gr. Jeg sagði það, að nefndin hefði orðið sammála um, að skilja bæri greinina eftir orðunum, og væri þá ekki hægt að skilja hana öðruvísi heldur en háttv. 2. þm. Árn. (E. A.), en þetta kom samt aldrei til atkvæða í nefndinni.

Að sumu leyti virtist mjer háttv. sami þm. (M. G.) vera að reyna að bera í bætifláka fyrir þetta orðalag stjórnarfrv., og er það skiljanlegt, þar sem hann ef til vill, þótt merkilegt sje, á einhvern þátt í þessu óljósa orðalagi. (**M. G.**: Jeg álít það ljóst).

ATKVGR.

Brtt. 237. (ný 1 gr.) samþ. með 13:6 atkv.

2., 3. og 4. gr. samþ. með öllum gr. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17:1 atkv.

Á 38. fundi í Nd, mánudaginn 3. júní, var frv. tekið til 3. umr. (A. 282).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með öllum gr. atkv. og afgr. til Ed.

Á 35. fundi í Ed., þriðjudaginn 4. júní, var útbýtt

Frv. til laga um dýrtíðar- og gróðaskatt,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 303).

Á 36. fundi í Ed., miðvikudaginn 5. júní, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg geri ráð fyrir, að menn sjeu búnir að fá nóg af umræðum um næsta mál á undan að þessu sinni. Leyfi jeg mjer því, án frekari formála, að stinga upp á, að málinu verði vísað til fjárhagsnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 534) með 12 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., þriðjudaginn 18. júní, var frv. tekið til 2. umr. (A. 303, n. 360).

Framsm. meiri hl. (Halldór Steinsson): Frv. hæstv. stjórnar um dýrtíðar- og gróðaskatt tók miklum breytingum í neðri deild. Meiri hl. nefndarinnar í þessari deild leit aftur svo á, að stjórnarfrv. hefði farið í rjetta átt, eins og það var upphaflega, og að þessi deild eigi að færa það aftur í líka átt. Á síðustu tímum hafa tekjulindir landssjóðs minkað mjög vegna stríðsins, en útgjöldin aftur aukist af sömu ástæðu. Það verður því ekki hjá því komist að leita að nýjum tekjustofnum. En sú leit er vandasöm, því að hvorki mega skattarnir vera svo litlir, að landssjóð muni ekki um þá, nje svo þungir, að þeir þjaki um of landsmönnum. Nefndin er nú þeirrar skoðunar, að skattur á mönnum eigi að aukast, því meir sem gróði þeirra er. Þó má sama segja um þessa reglu sem aðrar, að hún sje ekki án undantekningar.

Frv. stjórnarinnar fór fram á, að sjerstakur gróðaskattur væri lagður á þá, sem hafa frá 30 þús. kr. í árstekjur, 5% hækkandi upp í 15%.

Till. fjárhagsnefndar fara ekki fjarri þessu, þó að ekki fari þær eins langt, og hefði meiri hl. nefndarinnar fyrir sitt leyti getað fallist á stjórnarfrv. óbreytt. En fjárhagsnefnd neðri deildar þótti þar

byrjað á of lágum árstekjum og hundraðsgjaldið hækka of ört og of mikið. Samkvæmt þessari skoðun gerði hún brtt., sem voru samþykt í Nd., og er frv. í þeirri mynd komið til þessarar deildar. Eins og frv. er nú, er það að eins skuggi af því, sem það áður var. Má telja víst, að þó að það verði samþ. í þeirri mynd, mun landssjóð lítið muna um tekjuaukann. Það eru ekki margir landsmenn, sem hafa yfir 50 þús. kr. í árstekjur, en hinir eru ekki svo fáir, sem hafa frá 30—50 þús. kr. á ári. Ef landssjóð á að muna nokkuð um skattinn, verður því að leggja á þessar árstekjur.

Jeg skal fúslega játa, að skatturinn kæmi nokkuð misjafnlega niður, og jafnvel hart á sumum. Hann kæmi harðar niður á sjávarútvegsmönnum, sem leggja allar eigur sínar í hættu, því að sjávarútvegurinn er altaf fjárhættuspil; skatturinn kæmi miklu harðar niður á þeim en t. d. á heildsölunum, sem eiga nokkurn veginn vísan, áhættulítinn ársgróða. Þá er spurningin, hvort það eigi að sleppa þeim, sem eru vel færir um að greiða skattinn, vegna hinna, sem eru miklu færri, sem kynnu að tapa því eitt árið, sem þeir græða hitt árið. Til þess að koma á rjettum jöfnuði í þessu hefði eiginlega þurft að breyta tekjuskattslögunum frá 1877. En því er ekki hægt að koma við nú, og þess vegna tók nefndin það ráð, að fara meðalveg milli stjórnarfrv., eins og það var upphaflega og eins og það kom úr höndum neðri deildar.

Eins og brtt. eru, ætti skatturinn ekki að þurfa að koma hart niður á nokkrum manni. En aftur miða þær til þess, að þeir greiði skatt sem geta og því eiga að gera það. Hjer er ekki verið að pína gjöld út úr mönnum að nauðsynjalausu. Landssjóður verður að fá tekjuauka, og þá er ekki önnur leið heppilegri en þessi. Jeg geri mjer því fastlega von um, að háttv. deild samþ. brtt., og jeg hefi ekki ástæðu til að halda annað en að háttv. neðri deild fallist líka á þær, þar sem frv. var breytt þar af að eins litlum meiri hl.

Framsm. minni hl. (Magnús Torfason): Nefndin hefir ekki getað orðið sammála um að breyta frv., og skal jeg í stuttu máli gera grein fyrir skoðun minni hl.

Í fyrra var gerð viðbót við gömlu tekjuskattslögin frá 1877, og enn er verið að bæta áþekkum skatti ofan á alla hina. Tekjuskattslögin höfðu staðið óbreytt í 40 ár, og bera breytingarnar því nokkuð óðan að á þessum síðustu þingum. Vitanlega er það þörf landssjóðs, sem hefir leitt menn inn á þessa hálu braut, en það er ekki fullkomin afsökun. Ef brtt. nefndarinnar verða samþ., eru lagðir á tveir nýir skattar hvort árið eftir annað. Allir vita hvað það þýðir að vega tvisvar í sama knjerunn. Vitaskuld þarf ekki að amast við þessu frá sjónarmiði grasbænda. Þeir hafa sitt á þurru fyrir þessu frv. En það kemur niður á útgerðarmönnunum, þeim mönnum, sem hafa mest í hættunni við að stunda atvinnu sína. Útgerðarmenn hjer á landi, einkum þeir, sem eiga minni bátana, geta ekki fengið báta sína vátrygða nema undir verði, og það með ránskjörum. Þegar svo á stendur, og ekkert er gert af hálfu landsstjórnarinnar eða Alþingis til að koma þessu í viðunanlegt horf, svo að útgerðarmenn leggi ekki árlega mikið af höfuðstól sínum í hættu, þá sje jeg ekki, að ástæða geti verið til að leggja skatt á þessa menn hvað ofan í annað. Það væri því að eins verjandi, að fyrirfram væri víst, að þeir ættu góðar tekj-

ur í vændum. En útlitið er nú eitthvað annað. Það er hvergi nærri víst, að útgerðarmaður, sem að nafninu til hefir 35 þús. kr. í árstekjur, hafi nokkuð aflögu. Í lögunum er ekki hægt að taka tillit til þess, af hvaða höfuðstól þessar 35 þúsundir eru gróði. Sá sanni gróði getur verið tiltölulega mjög lítill, miklu minni en næsta árs tap. Jeg held, að betra sje að fara hægt í sakirnar. Það er betra að sleppa tveim ranglátum en hengja einn rjettlátan. Jeg get ekki greitt brtt. atkvæði. Það er og alveg óvíst, að þær fái byr í háttv. neðri deild.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg finn ástæðu til að þakka háttv. nefnd fyrir það, hvernig hún hefir tekið í þetta mál. Brtt., sem hún ber fram, ganga í líka átt og stjórnarfrv. í sinni upprunalegu mynd. Það er kunnugt, að stjórnin ætlaðist til, að gróðaskatturinn kæmi fram á tekjum, sem næmu 30 þús. og þar yfir, og færi vaxandi upp að 50 þús. Þá næmi hann 15% og væri það goldið af 50 þús. kr. árstekjum og þeim, sem fram úr því færu. Jeg hefi ekki komið með brtt., sem færðu frv. í samt lag, því að þótt þær hefðu náð samþykki hjer, efast jeg um, að þær hefðu náð fram að ganga í háttv. neðri deild. Hins vegar eru brtt. nefndarinnar svo sanngjarnar, að jeg get ímyndað mjer, að háttv. neðri deild fallist á þær. Jeg verð að leggja áherslu á, að þessi millileið verði farin. Á sviðinu frá 35 þúsund til 50 þúsund eru svo margir gjaldendur, svo að þótt þessi skattur sje ekki hár, þá munar landssjóðinn samt um hann. Skatturinn af fyrstu 5 þús., 35—40 þús. kr. tekjum, er 175 kr., af næstu fimm þús. 200 kr. og af þriðju fimm þús. 225 kr., en að öðru leyti er frv. eins og það kom frá háttv. neðri deild.

Það hefir verið fært sem mótbára á móti frv. í neðri deild og hjer, að skatturinn kæmi hart niður á útgerðarmönnum. Jeg skal ekki neita því, að svo gæti orðið, að skatturinn kæmi hart niður á þeim, sem yrðu nú fyrir stóróhöppum. Og atvinna útgerðarmanna er rekin oft og tíðum með áhættu, en hins vegar aukin framleiðsla lyftistöng fyrir landið. En þrátt fyrir það, þótt skatturinn kæmi illa niður á einhverjum undantekningum, þá verður ekki hjá því sneitt, en hins vegar eru margir af útgerðarmönnum orðnir svo rótgrónir frá fyrri árunum, að þeir þola þennan skatt, þótt ekki gangi alt sem best nú. Um hitt getur hins vegar ekki verið vafi, að kaupmennirnir, og sjerstaklega stórkaupmennirnir, eru allra manna færastir til að taka á móti skattinum, því að atvinna þeirra hefir verið rekin mjög áhættulítið síðan stríðið byrjaði, og sú stjett hefir enga sjerstaka ástæðu til að kvarta yfir stríðinu.

Það hefir verið sagt, að jeg hafi borið fram frv. af því, að mjer sje í nöp við kaupmannastjettina. En því fer fjarri að svo sje. Það er ekki af neinum illvilja, heldur hreint og beint af rjettlætistilfinningu, að jeg vil leggja skatt á þá stjett. Kaupmannagróðinn, og þá sjerstaklega stórkaupmannagróðinn, hefir verið svo stórkostlega mikill í seinni tíð og áhættan lítil eða engin. Því liggur það í hlutarins eðli, að ómögulegt er að finna rjettlátari tekjustofn en þennan, fyrst landssjóður hefir mikla þörf fyrir tekjuauka.

Háttv. þm. Ísaf. (M. T.) talaði um, að betra væri að sleppa tveim ranglátum en hengja einn rjettlátan. Jeg er honum alveg sammála um það. En jeg er hræddur um, að það verði að hengja svo marga rjettláta, ef slept er að leggja skatt á stórgróðann. Þegar gengið er fram hjá honum, eru að eins hinir eftir,

sem minst mega sín. Hjer er því um tvent að velja, annaðhvort að leggja á þá, sem hafa grætt á stríðinu, eða hina, sem hafa tapað á stríðinu. Sama orsökin liggur til gróðans og tapsins. Því fæ jeg ekki betur sjeð en að það sje rjett að taka toll af þeim, sem grætt hafa.

Af þessum ástæðum vil jeg leyfa mjer að greiða atkv. með brtt. meiri hl., og vona, að þær verði samþ. Geri jeg það í því trausti, að háttv. neðri deild muni fallast á þær. Það er enginn barlómur, að landssjóður þurfi tekna; þingið hefir sjálft viðurkent það. Og það er enginn vafi á því, að þessi leið, sem hjer er farin til að ná í tekjuaukann, er sú rjetta.

Frsm. meiri hl (Halldór Steinsson): Jeg vil að eins geta þess, að ef brtt. nefndarinnar verða samþ, þarf að breyta fjárhæðinni, sem til er tekin í 1. gr.; í staðinn fyrir 50 þús. kr. þarf að koma 35 þús. kr.

Framsm. minni hl. (Magnús Torfason): Jeg hafði ekki ætlað mjer að fara langt út í þetta mál, en eftir að hafa hlustað á ræðu hæstv. fjármálaráðherra er mjer vorkunn, þótt jeg skiljist ekki við þetta mál án þess að gera betur grein fyrir afstöðu minni en jeg gerði í fyrri ræðunni.

Jeg hafði litið svo á, að grundvöllurinn undir nýjum tekjuskattsauka hefði átt að vera lög um tekjuskatt frá 1877, en ekki lögin frá 1917. Ef stjórnin hefði lagt þau lög til grundvallar, hefði hún sloppið við að hengja talsvert af rjettlátum. En þessi stefna hefir ekki fengið náð hjá þingi eða stjórn. Það er fjarstæða, að hjer sje verið að ráðast á kaupmenn. Hitt er annað mál, að hjer er verið að ráðast á aðra, sem stunda miklu óvissari atvinnu og leggja miklu meira í hættu, nefnilega útgerðarmennina. Það er engu líkara, en að bæði þing og stjórn sje að gera sjer leik að því að hengja rjettláta. Það bar að minsta kosti ekki á öðru, þegar gengið var frá dýrtíðarlögunum. Með því frv. eru þeir, sem minstir eru í mannfjelaginu, settir út á gaddinn.

Jeg skal geta þess í sambandi við þetta mál, að jeg sje ekki betur en að með stjórnarauglýsingunni út af bresku samningunum sje einmitt verið að hengja hina rjettlátu; þar á jeg við smærri útgerðarmenn, sem skattur þessi legst á.

Þar er gert ráð fyrir, að framleiðendur fái 170 kr. fyrir fisk nr. 1. En þar sem verðið er 170 kr. lægst og 250 kr. hæst, getur vel farið svo, að meðalverðið verði 210 kr., ef vel aflast. Það eru þá 40 kr. af hverju skippundi, sem kaupmönnum er gefið. Og jeg verð að segja það, að mjer þykir það í meira lagi ríflegt. (**Atvinnumálaráðh.:** Jeg hygg þetta vera misskilning hjá háttv. þm. (M. T.)). Nei, þetta er enginn misskilningur, ef ekki verða gerðar frekari ráðstafanir en þær, sem eru í auglýsingu þessari.

Jeg þykist þá hafa tekið fram það helsta, sem mælir á móti brtt., enda skildist mjer á hæstv. fjármálaráðherra, að hann ætti orðið harla erfitt með að verja sinn málstað.

Fjármálaráðherra (S. E.): Hv. þm. Ísaf. (M. T.) sagði, að jeg ætti erfitt með að verja málstað minn, en jeg lít alt öðruvísi á það. Jeg þykist eiga mjög hægt með það.

Vanalega þykist jeg hafa góðan málstað að verja, en þó sjaldan betri en nú.

Hann tók það fram, háttv. þm. (M. T.), gegn tekjuskattinum, að lágmark fiskverðsins væri ekki nema 170 kr.,

og dró af því þá ályktun, að ekki mætti hafa háan skattinn.

En nú eru það stórgróðamennirnir, sem kaupa fiskinn við þessu lága verði, og niðurstaðan verður því sú, að einmitt þetta ójafna verðlag gerir ástæðuna enn þá ríkari til þess, að hafa skattinn hærri.

Sami háttv. þm. (M. T.) talaði í meðaumkvunarróm um veslings fátæku útgerðarmennina, sem hafa 30–40 þús. kr. í tekjur. En jeg verð að játa það, að við hinir getum ekki tárfelt af meðaumkvun til þeirra manna og teljum þá ekki í öreigahóp.

Yfirleitt verð jeg að líta svo á, að háttv. þm. Ísaf. (M. T.), sem annars er rökfimur maður, hafi tekist afarilla að sýna fram á, að ekki mætti leggja á þennan skatt, og ef hann kemur með fleiri röksemdir líkar þeim, sem nú hafa sjest, þá efast jeg ekki um, að till. meiri hl. muni bera sigur úr býtum.

Út af fiskverðinu vildi jeg taka fram, að mjer virðist, að ekki verði hjá því komist að reyna að jafna því, og hefir það verið tekið til yfirvegunar, enda engin meining, að sumir fengju lága verðið, 170 kr., en aðrir hærra verðið.

Framsm. minni hl. (Magnús Torfason): Jeg stend upp að eins til þess að leiðrjetta misskilning hjá hæstv. fjármálaráðherra.

Jeg mintist ekki á neinn öreigahóp í sambandi við þetta frv., heldur í sambandi við dýrtíðarlögin. En þótt útgerðarmenn græði 30 þús. kr. eitt árið, geta þeir verið fátækir eftir sem áður. En í sambandi við lágmarkið á fiskverðinu sje jeg ekki, hvernig á að fara að því að jafna verðinu niður eftir auglýsingunni. En aftur á móti treysti jeg stjórninni til að athuga það atriði nánar.

En nú eru það kaupmennirnir, sem kaupa fiskinn, en ekki útgerðarmennirnir, og þeir eru að eins fáir, og býst jeg ekki við, að lög þessi hafi nein veruleg áhrif á þeirra skatt.

ATKVGR.

Brtt. 360. samþ. með 11 : 1 atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

2.–4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., fimtudaginn 20. júní, var frv. tekið til 3. umr. (A. 374).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 53. fundi í Nd., föstudaginn 21. júní, var útbýtt

Frumvarpi til laga um dýrtíðar- og gróðaskatt,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 379).

Á 54. fundi í Nd., mánudaginn 24. júní, var frv. tekið til einnar umr. (A. 379, n. 390).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Ekki er þörf að fjölyrða um frv. þetta, eins og það nú liggur fyrir. Það er komið aftur frá háttv. Ed., og hefir þar tekið örlitlum breytingum. Sú breyting, sem Ed. hefir gert, er í því fólgin, að tekjuhámarkið, sem skatt skal af greiða eftir lögum þessum, er fært niður úr 50 þús. og niður í 35 þús. Skatt-

procentan, sem háttv. Ed. hefir samþ. að greiða skuli af tekjum frá 35 þús. til 50 þús., er þessi: Af tekjum frá 35 þús. að 40 þús. kr. 3½%, af 40 þús. að 45 þús. kr. 4%, og af 45 þús. að 50 þús. kr. 4½%. Þessi skattprocenta er í samræmi við skatthundraðsgjaldið að öðru leyti.

Fjárhagsnefndin hefir athugað þessar breytingar, og hefir hún fallist á þær. Einn nefndarmanna hefir skrifað undir nefndarálitið með fyrirvara, og býst jeg við, að hann geri grein fyrir, í hverju sá fyrirvari sje fólginn. Jeg hefi því ekki annars að óska, fyrir hönd meiri hl. nefndarinnar, en að háttv. deild samþykki frv. eins og það nú er.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 : 2 atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 395).

---

5. Ráðstafanir út af Norðurálfuófriðnum.

Á 2. fundi í Ed., þriðjudaginn 16. apríl, var útbýtt

Frumvarpi til laga um viðauka við lög 1. febr. 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðnum (A. 2).

Á 4. fundi í Ed., fimtudaginn 18. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Um þetta frv. er hið sama að segja og hitt, að það er öryggisráðstöfun út af Norðurálfuófriðnum.

Eins og kunnugt er, hafa skip landsins bæði strandað og verið skotin niður, og þótt landsstjórninni hafi hingað til tekist að draga nauðsynjavörur að landinu, með aðstoð Eimskipafjelagsins, þótti henni þó vissara að gera þessar öryggisráðstafanir, sem hún gæti þá gripið til, ef á lægi.

Vil jeg svo leggja til, að farið verði eins með þetta frv. og hitt, að því verði vísað til 2. umr., en henni frestað uns bjargráðanefndin hefir verið kosin.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 6. fundi í Ed., laugardaginn 20. apríl, var frv. tekið til 2. umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg vil leggja til, að frv. þessu sje vísað til samgöngumálanefndar og umræðu þessari þar með frestað.

ATKVGR.

Frv. vísað til samgöngumálanefndar (sjá A. bls. 536) með 12 shlj. atkv.

Umr. frestað.

Á 11. fundi í Ed., fimtudaginn 2. maí, var framhaldið 2. umr. um frv. (A. 2, n. 40).

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Það stendur í nefndarálitinu, að jeg sje framsögumaður, og vil jeg því standa upp til þess að kannast við undirskrift okkar nefndarmanna, þótt ekki sje ástæða til að ræða mál þetta frekar.

Eins og nál. ber með sjer, þótti nefndinni það eðlilegt, að hæstv. stjórn hafi heimild þá, sem hjer um ræðir, en um leið var haft orð á því í nefndinni, að

þess væri vænst, að landsstjórnin viðhefði jafnan alla varkárni í því að beita henni, t. d. að breyta áætlun skipa, sem hafa ákveðið verkefni, svo sem flóabátar, sem ganga milli vissra hafna. Það getur að sjálfsögðu ekki komið til mála, að slík skip verði tekin til notkunar á öðrum svæðum, nema brýn nauðsyn krefji.

Vil jeg svo leyfa mjer að leggja það til, að málinu verði vísað til 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

2. og 3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Ed., laugardaginn 4. mai, var frv. tekið til 3. umr. (A. 2, 49).

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Eins og sjá má á þgskj. 49, hefir samgöngumálanefndin komið fram með brtt.; sem fer fram á, að steypt verði saman í eitt þessum tveim frv., sem bæði hafa sömu fyrirsögn og eru hvorttveggja breytingar á sömu lögum.

Í stað tveggja breytinga í öðru frv. og einnar í hinu komi þá þrjár í sama frv.

Eins og sjá má eru þessar breytingar nefndarinnar engar efnisbreytingar, og geri jeg ráð fyrir, að öllum þyki þetta hentugra.

ATKVGR.

Brtt. 49,1. samþ. með 12 shlj. atkv.
— 49,2. — — 12 — —
— 49,3. — — 12 — —

Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 17. fundi í Nd., mánudaginn 6. mai, var útbýtt

Frv. til laga um viðauka við lög 1. febr. 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfufriðnum,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 58).

Á 18. fundi í Nd., miðvikudaginn 8. mai, var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Atvinnumálaráðherrann hefir beðið mig um að vekja athygli á máli þessu, og óska jeg, að háttv. deild vísi málinu til nefndar. Jeg hefi að vísu ekki fylgst algerlega með þessu máli, en jeg hygg þó, að þetta frv. sje soðið upp úr tveimur frv., er stjórnin lagði fyrir háttv. Alþingi. Býst jeg við, að þau hafi verið í bjargráðanefnd Ed. (**Forseti:** Annað í bjargráðanefnd, en hitt í samgöngumálanefnd). Hvað sem því viðvíkur, þá hygg jeg, að best sje að vísa þessu máli til bjargráðanefndar, og vænti jeg, að hún athugi frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj. og til bjargráðanefndar (sjá A. bls 545) í e. hlj.

Á 21. fundi í Nd., mánudaginn 13. mai, var frv. tekið til 2. umr. (A. 58, n. 82).

Frsm. (Pjetur Jónsson): Frv.

þetta er upphaflega stjórnarfrv. og kom óbreytt frá Ed., og leggur nefndin til, að það verði sömuleiðis samþ. óbreytt hjer.

ATKVGR.
1. gr. samþ. í e. hlj.
2.—4. gr. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til. 3. umr. í e. hlj.

Á 23. fundi í Nd., miðvikudaginn 15. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 58).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 138).

II.
Þingmannafrumvörp.

6. Bæjarstjórn á Siglufirði.

Á 6. fundi í Nd., laugardaginn 20. apríl, var útbýtt
Frv. til laga um bæjarstjórn á Siglufirði (A. 14).
Á 8. fundi í Nd., þriðjudaginn 23. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Stefán Stefánsson): Á síðasta þingi bárum við flutningsmenn þessa máls fram samskonar frv. og hjer liggur fyrir, og þótt það næði þá ekki fram að ganga, þá var því eiginlega vel tekið af háttv. þingd.; að eins minnist jeg þess, að hæstv. forsætisráðherra taldi nokkur tormerki á því, að málið fengi að ganga fram. Sjerstaklega gat hann þess, að það væri of lítið undirbúið til þess, og auk þess leiddi af því nokkurn kostnaðarauka fyrir landssjóð. Þetta voru andmælin helstu, sem fram komu á móti því. Annars mæltu engir þingmenn í móti. Málið komst í allsherjarnefnd og sat þar lengi, sem stafaði af því, að þegar það fór til nefndarinnar, var ókomið svar frá sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu, en nefndin vildi ekki, að málið gengi til háttv. deildar aftur, fyr en álit hennar væri komið. Svar sýslunefndarinnar var á þá lund, að mikill meiri hluti atkv. var á móti málinu. Hverjar ástæður voru fyrir því er mjer ekki nægilega ljóst. Þó hygg jeg, að sú hafi verið aðalástæðan, að sýslan misti þann hluta Hvanneyrar-

hrepps, er mestar átti eignirnar og hafði þar af leiðandi mest gjaldþolið.

Þegar þessi svör komu frá sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu, sá allsherjarnefnd sjer ekki fært að leggja til, að málið gengi fram, en ljet þó uppi, að öll sanngirni mælti með því, að Siglufjörður fengi kaupstaðarrjettindi. Þegar svo var komið, að allsherjarnefnd lagði þetta til í málinu, sáum við flutningsmenn okkur ekki fært að halda því lengra og tókum því frv. aftur.

Síðan þetta gerðist hefir málið verið tekið til rækilegrar íhugunar, bæði á Siglufirði og í sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu, og hefir nú samkomulag fengist, en þó með þeirri breytingu, að allur Hvanneyrarhreppur verði sjerstakt lögsagnarumdæmi, og enn fremur að sýslumannsembættinu í Eyjafjarðarsýslu verði sjeð fyrir hæfilegum tekjum.

Sú mótbára, að þetta sje kostnaðarauki fyrir landið, er ljettvæg. Því að sá tekjuauki, sem hlýtur að leiða af breytingunni, mun vissulega bæta hann upp, að líkindum margfaldlega. En það er sú tilfinnanlega vöntun á lögreglu eða valdsmannsleysið á Siglufirði, sem er sterkasta ástæðan fyrir flutningi þessa máls, og þetta er mjög svo eðlilegt, þar sem um jafnafskekt, stórt og fjölment kauptún að ræða, enda fólkið hvaðanæfa að komið, ekki einasta af öllum landshornum, heldur líka útlendingar í hundraðatali. Það er því að ýmsu leyti mjög sundurleitt í háttum og skoðunum.

Hjer er því um fylstu sanngirniskröfu og nauðsyn að ræða, eins og allsherjarnefndin á síðasta þingi ljet skýrt í ljós, og því vona jeg, að þingið taki nú málinu vel. Geri jeg það að till. minni, að því verði vísað til allsherjarnefndar, að umræðunni lokinni, og treysti henni enn til þess að afgreiða málið með sanngirni og svo fljótt, að því verði borgið í gegnum þingið.

Forsætisráðherra (J. M.): Það hefir ekki verið nein ástæða til þess fyrir ráðuneytið að athuga þetta frv. sjerstaklega, nje heldur verið snúið sjer til stjórnarinnar með það, sem þó hefði virst eðlilegt, því að þegar gera á breytingar á lögsagnarumdæmum landsins, bæta við einum lögreglustjóra o. s. frv., þá væri eðlilegast, að hlutaðeigendur sneru sjer til stjórnarinnar með það. En jeg geri ráð fyrir, að það hafi farist fyrir vegna þess, að það hafi ekki verið tími til þess. Það mun hafa staðið á sýslunefnd, og sýslunefndarfundur, víst rjett nýafstaðinn, svo að ekki hefir verið hægt að fara þessa leið.

En þá er spurningin um, hvort það sje svo nausynlegt að koma þessu frv. í framkvæmd á þessu þingi. Það er víst ekki nema eðlilegt, að kauptún eins og Siglufjörður hefði kaupstaðarrjettindi, þó að hann sje í sjálfu sjer fremur fámennur til þess að eiga heimtingu á slíkum rjettindum, en hjer stendur nokkuð sjerstaklega á. Þess vegna held jeg, að rjett sje, að öllu athuguðu, að Siglufjörður fái kaupstaðarrjettindi, en af því leiðir ekki, að þar þurfi að vera sjerstakur lögreglustjóri, sem hafi Siglufjörð einan og ekkert annað. Þetta þarf að athuga áður en þingið samþ. frv. Það er engin nauðsyn á því að fá nýjan lögreglustjóra. Auðvitað verður Siglufjörður að hafa sjerstakan bæjarstjóra og borga honum, eins og nú er farið að tíðkast.

Það var rjett, sem háttv. flutnm. (St. St.) sagði, að þar er ekki lögreglustjóri árið um kring, en hann er þar þó þegar mannfjöldinn er þar sem mestur. En hjer er um nýtt embætti að ræða, að líkindum allhátt launað, og það eru víst

afarmiklar aukatekjur, sem til þess falla. En ef nú á að fara að stofna hjer nýtt bæjarfógetaembætti, í stað þeirrar starfsemi, sem haldið er uppi að sumrinu og til ganga ca. 1000 kr., þá finst mjer rjettara, að launin sjeu fastákveðin, eins og gert hefir verið við skifting bæjarfógetaembættisins hjer í Reykjavík, en aukatekjur, sem til þess falla, renni í landssjóð. Jeg teldi það býsna athugavert, ef háttv. deild færi nú að rjúka til að stofna hjer nýtt embætti, að minsta kosti á þessu aukaþingi, án þess að það væri nákvæmlega athugað. En að leyfa þessu bæjarfjelagi að fá kaupstaðarrjettindi, finst mjer mætti svara mjög vel.

Flm (Stefán Stefánsson): Jeg skal ekki verða langorður. En hvað það snertir, að þingið hafi ekki tíma eða tök til þess að athuga þetta mál, þá veit jeg í sannleika ekki, hve nær það hefir tíma til þess að athuga mál. Eftir þeim störfum þingsins, sem fyrir liggja, sje jeg ekki betur en að annir þingmanna verði næsta litlar, svo að nú muni einmitt gott ráðrúm til þess að athuga þetta mál. Og svo hygg jeg, að frv. og önnur þau gögn, sem liggja fyrir um málið, verði til þess að skýra það svo ljóslega fyrir háttv. þm., að það þurfi ekki að taka langan tíma fyrir þá að sjá, hverjar breytingar hjer eigi að fara fram. Þess vegna finst mjer það engin ástæða hjá hæstv. forsætisráðherra, að ekki sje tími til þess að athuga málið, af því að þetta sje aukaþing; miklu fremur álít jeg einmitt nú þann heppilega tíma til þessa.

Kostnaðaraukinn finst mjer, eins og áður er sagt, hverfandi lítill, og auk þess hefir um mörg ár verið lagt til löggæslu á Siglufirði 1000 kr., og gæti jeg hugsað mjer, að þær 1000 kr. mundu ekki hrökkva til framvegis, þó að sama fyrirkomulagið hjeldist. Öll störf eru nú dýrari en áður, og má gera ráð fyrir, að við upphæðina verði að bæta hvort sem er. Útgjaldaaukinn verður þar af leiðandi, eftir öllum líkum að dæma, eigi mikill, því að frv. gerir ráð fyrir að eins 2000 kr. launum til bæjarfógeta.

Þótt fólksfjöldinn sje ekki nema rúmlega 900 manns, þá mun öllum það ljóst, að nauðsynlegt er fyrir bæinn að hafa eitthvert yfirvald, — hafa lögregluvald, — sem getur beitt sjer í þeim tilfellum, sem fyrir kunna að koma næstum daglega, og hafi menn sjer við hönd til að ráða fram úr þeim málum, sem mest nauðsyn er á að ráða fram úr í hvert skifti; að á þessu sje »engin sjerstök nauðsyn« er því hrein og bein fjarstæða. Það vita allir, hvernig afstaða Siglufjarðar er gagnvart sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu; það er ca. 10 mílna löng sjóleið til Akureyrar, en á landi illfærir fjallvegir, og hygg jeg, að öllum sje það ljóst, hvað slíkt er afar bagalegt, og getur jafnvel valdið stórtjóni fyrir slíkan bæ að hafa svo frámunalega ógreiðan aðgang að lögreglustjóra sínum. Um launahæð eða á hvern hátt þau greiðast, er auðvitað ekkert aðalatriði.

Staðhættir benda því ótvírætt á það, að hjer er um fullkomið nauðsynjamál að ræða, og á þetta hefir líka öll sýslunefndin fallist. Þótt hún að hinu leytinu vilji ógjarnan missa Siglufjörð úr sýslufjelaginu, þá er hún eigi að síður svo sanngjörn að viðurkenna, að ekki dugir að neita staðreyndum eða ganga fram hjá auðsærri nauðsyn. Enda var það engin sjálfsögð skylda síðasta þings að láta ekki málið ganga fram, þótt sýslunefnd væri þá mótfallin. Og þótt kauptúnið sje eigi fjölmennara, þá virðist

mjer, að hver maður hljóti að sannfærast um, er les greinargerðina, er frv. fylgir, að ekki verði lengi spyrnt á móti því, að Siglufjörður fái kaupstaðarrjettindi.

Það kann að vera, að þeim mönnum, sem aldrei hafa komið á Siglufjörð og eru þar alókunnugir, finnist þetta óþarfi, en jeg er viss um, að hver og einn, sem hefir dvalið þar, hefir farið þaðan með þeirri skoðun, að þar þurfi að komast breyting á.

Þeir sem stjórna kauptúninu — hreppsnefndin — eru dreifðir yfir afarstórt svæði; Hjeðinsfjörður fyrir austan fjörð- og Dalabæir fyrir vestan og illfærir fjallgarðar á milli. Það er því auðsætt, hversu óhægt það er fyrir hreppsnefndina að stjórna slíkum bæ.

Hvernig hugsa menn sjer, að slíkt sje framkvæmanlegt, svo að í sæmilegu lagi sje? Nei, þarna þarf kraftgóða stjórn; þá stjórn verður einn maður aðallega að hafa á hendi, og það er fásinna að ætlast til, að hann eigi heimili inn í Akureyrarbæ.

Jeg hefi gert það að till. minni, að málinu verði vísað til allsherjarnefndar, og vænti hins besta frá henni í málinu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. e. hlj. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 541) í e. hlj.

Á 18. fundi í Nd., miðvikudaginn 8. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 14, n. 37, 71).

Frsm. (Einar Arnórsson): Eins og sjeð verður á nál. á þgskj. 37, hefir allsherjarnefnd ekki getað ráðið til þess, að frv. á þgskj. 14 nái fram að ganga, með því innihaldi, sem það hafði, er það var lagt fram. Aðalástæðurnar eru taldar upp í nefndarálitinu, og er þá fyrst það, að með samþykt frv. er gengið á rjett sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu, og engar upplýsingar liggja fyrir um það, hve mikla uppbót hann mundi gera sig ánægðan með, ef frv. þetta yrði samþykt. Þess vegna hefir nefndin lagt það til, að máli þessu sje vísað til stjórnarinnar.

En síðan nefndarálit þetta var samið og undirskrifað hafa háttv. flutningsmenn frv. borið fram breytingartillögur við það, og eru þær á þgskj. 71. Verði þær brtt. samþyktar, er aðalagnúinn sniðinn af frumvarpinu, sem sje sá, að sýslumaður Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Akureyri geti haft nokkuð á móti því, því að ef brtt. verða samþyktar og síðan frv., með þeim breytingum, þá eru í engu skert laun hans, að því er kemur til þeirra tekna, er hann hefir haft af Siglufirði. Þvert á móti er hagur hans heldur bættur; hann hefir minna að gera, þar sem hann losnar við almenn lögreglumál á Siglufirði. Hins vegar fær hann sinn hluta af tekjum þaðan, eins og áður.

Allsherjarnefnd hefir, eftir atvikum, getað sætt sig við, að frv. verði samþykt með þessum breytingum. Þó er þess að geta, að frumvarpið þarf frekari lagfæringa í formsatriðum, sem leiða af samþykt brtt, og enn fremur hefir nefndin ákveðið að koma með brtt. við frv., eins og það væntanlega yrði þá, við 3. umr.

Aðalbreytingin eftir frv., þannig breyttu, yrði sú, að Siglufjörður yrði sjerstakt sýslufjelag eða kaupstaður, sem hefir sín fjármál aðskilin, eins og sjerstakur kaupstaður. Í stað hreppstjóra kemur lögreglustjóri, sem hefir dómsvald, en þó að eins takmarkað í almennum lögreglumálum. Hann er oddviti

bæjarstjórnar Siglufjarðar og hefir á hendi almennar fjárheimtur og lögreglustjórn, og ætti að innheimta skipagjöld og tolla og gegna öðrum störfum, er hreppstjóri hefir áður haft, gegn þóknun eftir sömu reglum og hreppstjórum er ákveðið í lögum. Sýslumaðurinn mundi því losna við almenn lögreglumál, lögreglustjórn Siglufjarðar og sýslumálefni, að því leyti er tekur til Siglufjarðar.

Slíkt fyrirkomulag sem þetta þekkist að vísu ekki hjer á landi sem stendur, en ekki virðist það neitt fráfælandi, og sýnist vel mega vera. En allsherjarnefnd veit ekki, hvort Siglfirðingar muni gera sig ánægða með þetta. Nefndin hefir hvorki sjeð símskeyti nje annað frá þeim um þessar breytingar. En álit sýslunefndar gekk út á það, sem farið var fram á í frv. upphaflega.

Annars sje jeg ekki ástæðu til að fara frekar út í málið. Allsherjarnefndin hefir hugsað sjer að leggja það til, að frv. sje samþykt með þessum brtt., en þó með þeim fyrirvara, að hún áskilur sjer að koma með brtt. við 3. umr. og gerir ráð fyrir frekari formbreytingum, er leiða af samþykt brtt. Og loks áskilur hún sjer að fá að vita, hvort Siglfirðingar muni gera sig ánægða með það, sem farið er fram á í brtt.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg get yfir höfuð að tala tekið í sama strenginn og háttv. nefnd að því leyti, að jeg get vel sætt mig við, að frv. þetta sje samþ. með þessum breytingum. Það er sjálfsagt, eins og háttv. frsm. (E. A.) sagði, að þörf er dálítilla frekari formbreytinga á frv., og enn fremur geri jeg ráð fyrir, að það yrði líka að vera skilyrði fyrir því, að frv. yrði samþ. endanlega í þinginu, eða þessari háttv. deild, að yfirlýsing komi um það frá hreppsnefnd Siglufjarðar, að hún geri sig ánægða með þetta, því að náttúrlega væri það ekki rjett af þinginu að samþ. þetta annars. En annars býst jeg við, að háttv. flutningsmenn sjeu þegar búnir að fullvissa sig um vilja Siglfirðinga í þessu efni. Þegar þessi yfirlýsing er fengin, get jeg ekki sjeð neina sanngirni í að neita Siglfirðingum um þetta. Það kostar svo lítið. Jeg býst við, að lögregluefirlitið yrði hvort sem er framvegis dýrara en nú. Frá þessum 2000 kr. launum, sem gert er ráð fyrir í frv. að landssjóður greiði, má draga það, sem hann hefir undanfarið veitt til lögregluefirlitsins og vera mun 1000 kr., enn fremur hreppstjóralaunin, sem munu vera 2—300 kr. Svo að þetta yrði þá ekki nema í mesta lagi 800 kr. aukinn kostnaður fyrir landið. Hitt kosta hjeraðsbúar sjálfir, og þar sem þeir vilja svo mikið á sig leggja, þá virðist mjer ómögulegt að neita beiðni þeirra í þessu formi.

Annars hefir nefndin tekið svo skýra afstöðu, að jeg sje ekki ástæðu til að fara frekar út í málið. Breytingin er nokkur á starfi bæjarfógeta á Akureyri og sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu, en á kjörum hans svo lítil, að varla er ástæða til að nefna það.

Jeg vil því fyrir mitt leyti mæla með því, að brtt. verði samþ. og frv. gangi svo breytt til 3. umr., en sjálfsagt er rjett að taka það ekki fyrir til 3. umr. fyr en fengin er yfirlýsing sú, er jeg nefndi.

Einar Árnason: Jeg býst ekki við, að mikið þurfi um málið að segja á þessu stigi. Eins og háttv. frsm. (E. A.) tók fram, eru nú fallnir í gras þeir agnúar, er nefndin fann á frv., með þeim brtt., er hjer liggja fyrir frá okk-

ur flutningsmönnum. En svo heyri jeg á háttv. frsm. (E. A.), að von sje á brtt. frá nefndinni til 3. umr. Þar sem við flutningsmenn vitum ekki nú, í hverju sú brtt. muni fólgin, verðum við að bíða með að taka afstöðu til hennar, þar til hún kemur fram.

Hvað það snertir, að nefndin hafi ekki fengið það svart á hvítu, hvort Siglfirðingar muni ganga að þessum breytingum eða ekki, er það að segja, að við höfum talað við þann mann í síma, er fremst hefir staðið um þetta mál á Siglufirði, og hefir hann tjáð okkur, að þeir muni sætta sig við þetta fyrirkomulag. En til frekari tryggingar höfum við sent honum símskeyti og beðið um símsvar með frekari skýringum og athugasemdum. Býst jeg við, að það verði komið þá er málið er tekið til 3. umr.

Um launin er það að segja, að þar getur naumast verið að ræða um nokkur aukin útgjöld fyrir landssjóð. Reikningslega sjeð er kostnaðaraukinn 7—800 kr., en eins og tekið hefir verið fram, mun þess varla að vænta, að maður fáist þar að sumrinu til löggæslu fyrir sömu þóknun og hingað til — 1000 kr. Og af þessu frv. gæti auk þess leitt það, að tolltekjur yrðu meiri af Siglufirði en ella.

Þar sem bæði hæstv. forsætisráðherra og háttv. frsm. allsherjarnefndar (E. A.) hafa lagt með brtt. okkar, sje jeg ekki ástæðu til að ræða þær frekar.

Forseti: Jeg vil skjóta því til háttv. frsm. (E. A.), hvort það er ekki rjett skilið, að allsherjarnefnd falli frá þeirri till. sinni á þgskj. 37, að vísa málinu til stjórnarinnar.

Frsm. (Einar Arnórsson): Jú.

ATKVGR.

Brtt. 71, 1. a. og b. samþ. án atkvgr.
1. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
2. gr. samþ. í e. hlj.
Brtt. 71, 2. (ný 3. gr.) samþ. í e. hlj.
4. gr. samþ. með öllum gr. atkv.
— 71, 3. (ný 5. gr.) samþ. með öllum gr. atkv.
— 71, 4. samþ. án atkvgr.
6. gr., svo breytt, samþ. í e. hlj.
— 71, 5. (ný 7. gr.) samþ. með öllum gr. atkv.
8.—15. gr. samþ. með öllum gr. atkv.
— 71, 6. samþ. án atkvgr.
16.—33. gr., svo breyttar, samþ. með öllum gr. atkv.
34.—38. gr. samþ. með öllum gr. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 21. fundi í Nd., mánudaginn 13. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 81, 98).

Frsm. (Einar Arnórsson): Brtt. á þgskj. 89 eru flestar þess eðlis, að ekki þarf að ræða um þær vegna þess, að þær hafa í sjer fólgnar nauðsynlegar leiðrjettingar á orðum frv. Það eru að eins tvær af brtt., sem dálítil ástæða er til að minnast á. Önnur er sú, að 2. gr. skuli falla burt, en þar stendur, að landssjóður skuli greiða kostnað þann, er stofnun hins nýja lögsagnarumdæmis hafi í för með sjer. Það getur vel verið, að þessi brtt. þyrfti ekki að vera, því að skiftingin verður nú að eins skifting á sýslufjelaginu, og virðist ekki þurfa að segja það í frv., að sá kostnaður skuli falla á landssjóð, ef hann kynni að verða nokkur. Þar á að vísu að vera lögreglustjóri, en eftir venjunni á hann að afla sjer bóka og ritfanga þeirra, er til stöðunnar heyra.

Þá er hin brtt., við 5. og 7. gr.

Nefndin kom sjer saman um að leggja til, að landssjóður skyldi borga 1500 kr. af þessum auknu útgjöldum, er bæjarsjóður Siglufjarðar ætti að borga; með því móti má segja sem svo, að það skifti hvorki til nje frá fyrir landssjóð, þó að þessi skifting komist á. Hreppstjóralaunin þar munu sjálfsagt ekki vera svo mikil, sem hæstv. forsætisráðherra gerði ráð fyrir við 2. umr. þessa máls, en sem sagt held jeg ekki, að það atriði hafi nokkra verulega þýðingu.

Hinar brtt. eru, eins og áður er sagt, að eins nauðsynlegar orðabreytingar, eins og t. d. brtt. við 5. gr. Þar stendur, að lögreglustjóri skuli skipaður af landsstjórninni, en oss þótti rjettara, að í frv. stæði dómsmálaráðherra.

Stefán Stefánsson: Það er svo um þessar brtt., sem háttv. allsherjarnefnd ber fram, á þgskj. 98, og háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) mintist á, að það er fátt eitt við þær að athuga, enda að mestu orðabreytingar. Það er að eins síðari brtt. við 5. gr. og brtt. við 7. gr., sem við flutningsmenn getum ekki felt okkur við og sjáum, í sannleika sagt, ekki, hvers vegna háttv. nefnd hefir sjerstaklega fundið ástæðu til að fara að breyta ákvæðum frv. um launamátann og draga 500 krónur af þeim 2000 krónum, sem lögreglu- eða bæjarstjóra eru ætlaðar að launum úr landssjóði, og bæta þeirri upphæð við árleg gjöld bæjarins, tvöfalda þau á þennan hátt. Það er víst öllum kunnugt, að til Siglufjarðar hefir verið varið 1000 krónum á ári síðustu árin, til þess að hafa þar löggæslu um tveggja mánaða tíma, og það eru fylstu líkur til, eins og jeg hefi tekið fram áður og hæstv. forsætisráðherra einnig drap á við 2. umr., að fyrir þessa tveggja mánaða löggæslu þyrfti framvegis að greiða alt að 1500 kr., og mundi þó sá, er fengi starfið, ekki þykjast betur haldinn með þá upphæð en áður var með 1000 kr. Þar að auki ganga upp í þetta hreppstjóralaunin í Hvanneyrarhreppi, um 150 kr.; með öðrum orðum, að sennilegur útgjaldaauki við breytinguna er 350 kr., sem þó ætti að vinnast margfaldlega fyrir landssjóð í bættri löggæslu. Því verður mjer að spyrja: Hvers á Siglufjörður að gjalda hjá háttv. allsherjarnefnd, þar sem að hún hefir þó játað kröfuna um bæjarrjettindin sanngjarna? Og hvaða blæ fær till. á sig, þegar þess er gætt, að þetta kauptún svarar næstum því eins miklu fje árlega til landssjóðs sem Akureyri og meiru en hinir kaupstaðirnir utan Reykjavíkur? Því víkur þess vegna óneitanlega alleinkennilega við, ef nú á að fara að skera svo við neglur sjer, að þetta kauptún fái því að eins þessi rjettindi, að það svari helmingi hærra gjaldi en aðrir kaupstaðir á landinu til lögreglu- eða bæjarstjóra, sem þó hefir ekki nærri eins mikið vald og venjulegur bæjarfógeti. Og Siglfirðingar verða að leita til bæjarfógetans á Akureyri um fjölda þeirra mála, sem að dómsvaldinu lúta. Þetta hygg jeg, að hver sanngjarn maður hljóti að sjá að er hrein og bein ágengni við bæjarfjelagið, þar sem líka verður að taka tillit til þess, að þarna er brýn þörf á að sje lögreglustjóri árið um kring, ekki einasta vegna kauptúnsins sjálfs, heldur einnig vegna gagns og sóma þjóðfjelagsins. Þetta væri því alls óviðeigandi smámunasemi og harðdrægni við Siglufjörð, enda ber jeg það traust til meiri hl. þessarar háttv. deildar, að hann greiði því ekki atkv. sitt. Það er sagt, að verður sje verkamaðurinn launanna, og eins vil jeg segja um Siglufjörðinn, að þegar tekið er tillit til þess, hvað kaup-

tún þetta greiðir og mun greiða í landssjóð, þá er kostnaðaraukinn eiginlega hverfandi lítill, sem landssjóður þarf að greiða, þó að það ákvæði frv., sem hjer er um að ræða, verði látið standa óbreytt. Þetta hlýtur háttv. deild að vera svo ljóst, að jeg býst ekki við, að jeg þurfi að tala frekar um það.

Frsm. (Einar Arnórsson): Það voru að eins örfá orð, sem jeg ætla að segja, til þess að leiðrjetta misskilning háttv. 1. þm Eyf. (St. St.). Það er sem sje misskilningur hjá honum, að lögreglustjórar hafi alment dómsvald hjer á landi; það er ekki svo, heldur á að eins hinn tilvonandi lögreglustjóri á Siglufirði að hafa það í almennum lögreglumálum.

Háttv. þm. (St. St.) var að tala um þá harðdrægni, sem kæmi fram í garð Siglufjarðar. En þetta finst mjer litlu skifta, því að sá harðdrægni mundi ekki koma fram við Siglufjörð eða kauptúnið, því að það hefir hefir haft mestar tekjur sínar af starfrækslu útlendinga þar í firðinum, svo að bæjarstjórn á Siglufirði mundi veitast ljett að ná þessu inn í aukaútsvörum, sem hún með tímanum mundi geta lagt á þessa útlendu kaupsýslumenn, og svo af öðrum utanbæjarmönnum, sem hafa þar atvinnu um nokkurn tíma.

Annars finst mjer það koma úr hörðustu átt, er háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.) fer að lasta það, að reynt sje að spara landssjóðsfje, því að honum til lofs skal það sagt, að hann er einhver sá allra sparsamasti, þegar talað er um fjárveitingar úr landssjóði yfirleitt, en það virðist ekki gilda, þegar fjárveitingarnar eiga að ganga til Siglufjarðar eða Eyjafjarðarsýslu.

Í þessu tilfelli skiftir þessi fjárveiting litlu fyrir landssjóð, en nefndinni virtist lítil ástæða til þess að skjóta miklu til, því að hún sá ekki neina brýna nauðsyn á þessari breytingu fyrir Siglfirðinga, að svo komnu máli, hvað sem verða kann að stríðinu loknu.

Það er annars engin ástæða til þess að ræða meira um þetta, og læt jeg mjer í ljettu rúmi liggja, hvað ofan á verður.

Stefan Stefánsson: Jeg ætla að eins að segja örfá orð viðvíkjandi ræðu háttv. 2. þm. Árn. (E. A.).

Þar sem háttv. þm. (E. A.) tók það fram, að Siglfirðingum þyrfti ekki að blæða, þótt gjaldið yrði 1000 kr. á bæjarsjóð árlega, þar sem þeir gætu náð því með því að leggja því hærri aukaútsvör á erlenda menn og aðra aðkomugesti, þá er því til að svara, í fyrsta lagi, að litlar líkur eru fyrir því, að útlendingar reki þar atvinnu, eins og nú standa sakir, að nokkrum verulegum mun.

Og í annan stað, að þótt hægt væri að leggja dálítið meira á aðkomumenn heldur en allra brýnustu þarfir heimta, eða bein skyldugjöld, þá er nóg við það fje að gera, því að mikil og mörg verkefni eru þar óunnin, bæði bryggjugerð í stórum stíl, vegalagningar og ýmiskonar mikilsverðar umbætur, sem kauptúninu er bráð nauðsyn að koma í framkvæmd.

Það sjá því allir heilsjáandi menn, að nóg er við fjeð að gera, þótt ekki sje verið að kría það út af þeim — liggur mjer við að segja — að ástæðulausu.

Annars vil jeg í þessu sambandi minna á þau orð hæstv. forsætisráðherra, sem hann viðhafði hjer við 2. umr., að hann sæi ekki ástæðu til þess að leggja á móti frumv., ef brtt. flutnm. yrðu samþyktar.

Hvað viðvíkur því, sem háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) var að tala um það, að jeg hafi sagt, að aðrir lögreglustjórar

hefðu dómsvald, þá var það auðvitað mín meining, að bæjarfógetar, sem líka eru lögreglustjórar kaupstaðanna og oddvitar bæjarstjórna, hafi fult dómsvald, og þó þurfa kaupstaðirnir ekki að greiða þeim nema 500 kr., en þessum lögreglustjóra, sem hefir svo takmarkað dómsvald, á Siglufjörður að greiða 1000 kr. Þetta er óneitanlega ekki samræmi og engan veginn sanngjarnt.

Að þessu sögðu læt jeg lokið máli mínu.

ATKVGR.

Brtt. 98, 1. samþ. í e. hlj.
— 98, 2. a og b samþ. án atkvgr.
— 98, 2. c feld með 15 : 4 atkv.
— 98, 3. sjálffallin.
— 98, 4.—9. samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með öllum greiddum atkv. og afgr. til Ed.

Á 18. fundi í Ed, þriðjudaginn 14. maí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um bæjarstjórn á Siglufirði,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 122).

Á 19. fundi í Ed., miðvikudaginn 15. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Halldór Steinsson: Jeg legg til, að málinu verði vísað til allsherjarnefndar.

Magnús Torfason: Mál þetta er af sjerstökum ástæðum tekið á dagskrá með afbrigðum frá þingsköpum, og væri æskilegt, að það væri ekki sett í nefnd fyr en að lokinni annari um. Eru það því tilmæli mín til háttv. þm. Snæf. (H. St.), að hann taki tillögu sína aftur að þessu sinni.

Halldór Steinsson: Jeg held fast við till. mína.

ATKVGR.

Frumv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 541) með 8 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., föstudaginn 17. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 122, n. 148).

Of skamt var liðið frá útbýtingu nál. á þgskj. 148. — Afbrigði leyfð og samþykt.

Framsm. (Jóhannes Jóhannesson): Eins og nál. á þgskj. ber með sjer, leyfir allsherjarnefndin sjer, eftir atvikum, að ráða háttv. deild til þess að samþykkja frv. það, sem hjer liggur fyrir, á þgskj. 122, óbreytt.

Þetta er þó ekki af því, að nefndin sje alls kostar ánægð með frv. eins og það liggur fyrir, og ef sjerstakar ástæður væru ekki fyrir hendi, mundi hún hafa komið fram með brtt. við það.

Eins og kunnugt er, fóru háttv. þingmenn Eyf. fram á það, að öllu sambandi, öðru en kjördæmissambandi, Siglufjarðar og Eyjafjarðarsýslu væri slitið og Siglufjörður gerður að sjerstöku lögsagnarumdæmi með kaupstaðarrjettindum, og báru þeir fram á þinginu frv. (á þgskj. 14), sem sniðið var algerlega eftir Hafnarfjarðarlögunum. Átti þar að vera bæjarfógeti með 2000 kr. launum, er hefði á hendi öll hin sömu störf og bæjarfógetar í hinum kaupstöðunum, væri sjálfkjörinn oddviti bæjarstjórnar og hefði atkvæðisrjett á fundum hennar.

Á þessa kröfu háttv. þingmanna Eyf.

gat allsherjarnefnd háttv. Nd. ekki fallist, af ástæðum þeim, sem teknar eru fram í nál. hennar, á þgskj. 37, sem jeg vænti að háttv. þm. hafi kynt sjer.

Komu flutningsmenn frv. þá fram með brtt. við það, og var það loks samþykt af háttv. Nd. eins og það nú liggur fyrir.

En aðalbreytingin er sú, að Siglufjörður eftir því verður ekki sjerstakt lögsagnarumdæmi, nema í almennum lögreglumálum, og í stað bæjarfógeta kemur þar lögreglustjóri, skipaður af dómsmálaráðherra og með sömu launum og bæjarfógetanum voru ætluð, er hafi á hendi stjórn kaupstaðarmálefnanna, dómstjórn í almennum lögreglumálum, lögreglustjórn, gjaldheimtu á skipagjöldum fyrir sýslumanninn í Eyjafjarðarsýslu og önnur störf, er hreppstjórum eru falin, alt hið síðasttalda gegn lögákveðinni sjerþóknun.

Nefndinni virtist nú, að eins vel eða betur hefði farið á því að samþykkja nú þegar fullkomin bæjarstjórnarlög fyrir Siglufjörð og setja í þau bráðabirgða ákvæði þess efnis, að þau kæmu ekki til framkvæmda, nema að því er það snertir, sem fyrir er mælt í þessu frv., fyr en við næstu sýslumannsskifti í Eyjafjarðarsýslu.

Eins hefði nefndin talið það rjettara að sníða lögin fremur eftir bæjarstjórnarlögum Ísafjarðar og Akureyrar en Hafnarfjarðar, sem eru eldri og frábrugðin hinum, t. d. í þeim ákvæðum, sem gilda um kosningarrjett og kjörgengi. En eftir þessu frv. fer í þeim efnum eftir lögum nr. 49, frá 30. júlí 1909.

Atvik þau, er liggja að því, að nefndin samt sem áður ræður til þess, að frv. verði samþykt óbreytt, eru þau, að 20. þ. m. eru liðin full 100 ár síðan Siglufjörður varð löggiltur verslunarstaður, og er þegar mikill undirbúningur hafður til þess að minnast þessa merkisviðburðar með hátíðahaldi á Siglufirði.

Þykir nefndinni því vel við eigandi og rjett, að Alþingi gefi verslunarstaðnum bæjarrjettindi í afmælisgjöf, og leyfi jeg mjer að vænta þess, að háttv. deild verði nefndinni sammála í því efni og hafi samþykt frumv. til fulls fyrir 20. þ. m.

En þá getur ekki verið um neinar breytingar á því að ræða.

En lögunum má breyta hve nær sem þurfa þykir, og það er trúa mín, að þess verði ekki langt að bíða.

Vil jeg svo leggja til, fyrir hönd nefndarinnar, að frumv. verði samþykt óbreytt.

Magnús Torfason: Jeg vildi að eins bæta ofurlitlu við orð háttv. frsm. (Jóh. Jóh.). Jeg lít svo á, að þegar á næsta þingi muni verða að samþykkja viðaukalög við þessi bæjarstjórnarlög Siglufjarðar, og munu sum þannig vaxin, að rjettara væri, að frv. til þeirra kæmi úr hjeraðinu sjálfu, en að Alþingi ætti frumkvæði að þeim.

Mun því þá verða kipt í lag, sem áfátt þykir við þessi lög.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

2.—37. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., laugardaginn 18. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 122).

Of skamt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgreitt sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 175).

7. Mótak.

Á 6. fundi í Nd., laugardaginn 20. apríl, var útbýtt

Frv. til laga um mótak (A. 17).

Á 8. fundi í Nd., þriðjudaginn 23. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Guðmundsson): Ástæðan til þess, að jeg hefi leyft mjer að koma fram með þetta frv., er sú aðallega, að það má búast við, að Íslendingar verði á eigin spýtur að sjá sjer fyrir eldsneyti fyrst um sinn. Það eldsneyti, sem landsmenn munu aðallega notfæra sjer, verður mórinn, því að þótt á síðari tímum hafi að nokkru verið byrjað á innlendu kolanámi, þá er ekki við því að búast, að það verði í svo stórum stíl, að það geti fullnægt eldsneytisþörf landsmanna.

Það er kunnugt, að í sjávarþorpum og kauptúnum hafa ensk kol verið aðallega notuð til þessa, en nú lítur ekki út fyrir annað en að þetta eldsneyti bregðist, þar sem þau bæði verða svo dýr, að lítt mögulegt er, að menn hafi efni á að kaupa þau, og svo þar sem að hinu leytinu er vafasamt, hvort þau fáist, hvað sem í boði er. Eitthvað verður því að koma í þeirra stað, og vafalaust verður mórinn best hentur til þess.

Tilgangur þessa frv. er því sá, að koma í veg fyrir, að eigendur og umráðamenn mólanda geti sett hóflaust gjald á mótak í landi sínu, en þó hefir verið reynt að útbúa frv. þannig, að ekki sje gengið of nærri hagsmunum eða rjetti eigendanna.

Jeg vona því, að háttv. Nd. telji þetta mál ekki óþarfa mál og leyfi því að ganga fram á þessu þingi.

Það getur verið vafamál, hvort málið eigi fremur heima í allsherjarnefnd eða bjargráðanefnd, en þó vil jeg heldur gera það að minni tillögu, að málinu verði vísað til allsherjarnefndar.

Bjarni Jónsson: Jeg vildi að eins benda á, að þetta mál var í fyrra í höndum bjargráðanefndar, og fyndist mjer því eðlilegra, að því yrði nú vísað til þeirrar nefndar.

Pjetur Ottesen: Jeg ætlaði mjer ekki að taka til máls um þetta frv. nú, ef því hefði verið vísað til allsherjarnefndar, því að þar hefði mjer gefist gott tækifæri til að gera þær athugasemdir við það, er mjer þykir við þurfa, en þar sem komið hefir fram till. um að vísa því til bjargráðanefndar, og þar af leiðandi óvíst í hverja nefnd það fer, þá vil jeg ekki láta hjá líða að segja nokkur orð um frv., því að mjer virðist það, eins og það liggur fyrir, allathugavert.

Það er engum vafa undirorpið, að með því er gengið meir á eigna- og umráðarjett manna en nokkur dæmi eru áður til.

Einkum og sjer í lagi eru sumar þær jarðir, sem eitthvert móland hafa og liggja nærri kauptúnum og sjávarþorpum, ofurseldar hættu og jafnvel eyðileggingu af jarðraski og átroðningi af mótekju eftir þessu frv.

Eins og kunnugt er, eru mólögin mjög

misjöfn að þykt og gæðum. Eins er ýms önnur aðstaða til móuppfærslu mjög mismunandi.

Sumstaðar er mólandið þurt, og á þurlendinu er mórinn æfinlega miklu harðari og betri. Á öðrum stöðum eru mjög miklir örðugleikar á því að ná mónum úr jörðinni sökum vatnsaga, og á slíkum stöðum er venjulega mjög slæm aðstaða með að þurka móinn. Þar sem svo stæði nú á nærri kauptúni eða sjávarþorpi, að á einni jörðinni væri öðrum fremur sjerlega gott mólag í jörðu, þá er svo sem sýnt, hver forlög slíkrar jarðar gætu orðið eftir þessu frv. Menn mundu eflaust heimta það hópum saman að taka móinn þar upp, sem best væri mólandið, og þá alveg eins þótt það væri í túni eða engjum, og veslings ábúandinn stæði alveg varnarlaus uppi og gæti ekkert sagt. Hann er skyldur til að láta mólandið af hendi eftir frv.

Með þessu móti gæti það hæglega komið fyrir, að alt móland á slíkri jörð yrði rifið og tætt í sundur á örstuttum tíma, svo að þar væri ekki eftir nokkur köggull í jörðu.

Afleiðingin yrði auðvitað sú, að jörðin yrði óbyggileg yfir lengri tíma, og eigandinn og notandinn, ef það væri þá ekki sami maðurinn, hefðu ekkert fyrir öll spjöllin nema mótollana.

Með frv. þessu á að upphefja og ónýta samninga milli leiguliða og jarðeiganda og einnig ábúðarlögin frá 1884 eða þá grein þeirra, sem hljóðar um skyldur leiguliða að því er landsnytjar og hlunnindi snertir.

Í þessu frv. eru sem sje engin ákvæði um það, hvernig gengið sje frá mógröfum að aflokinni móuppfærslu. Um þetta getur landeigandi ekkert sagt eftir frv.; hann verður nauðugur viljugur að láta mólandið af hendi til hvers sem vera skal, og að því er sjeð verður engin skilyrði sett. Hann á það alt undir dánumensku þeirra, sem móinn taka upp, hvernig þeir skilja við grafirnar.

Það er annars athuga- og íhugunarvert, hvernig gengið hefir verið frá mógröfunum alt til þessa. Lengi vel hugsuðu menn ekki einu sinni um að fella grafarbakkana eða fleygja ruðningnum ofan í grafirnar, og gína þær þannig við mönnum og skepnum. Slíkar grafir voru auðvitað verstu drápspyttir.

Þetta hefir að vísu breyst svo á síðustu tímum, að menn hafa gengið svo frá gröfunum, að þær væru ekki bráðhættulegar skepnum, en víðast hvar hefir það ekki þokast lengra í umbótaáttina.

Það er sorglegt til þess að vita, að slíkur viðskilnaður á mólandi skuli eiga sjer stað, í stað þess að sljetta yfir grafirnar jafnóðum og upp er tekið, og breyta mólandinu þannig jafnóðum í bestu slægjulönd, því að grafirnar gróa mjög fljótt upp, ef þannig er að farið, þó að ekki sje tyrft yfir sárið með grasrótinni, sem vitanlega er best og kemur fyrst að notum.

Það er annars merkilegt, hve hljótt hefir verið um þessar sjálfsögðu jarðabætur í ræðu og riti og það á þessum framfaratímum.

Það er næsta merkilegt, að Búnaðarfjelag Íslands, sem annars hefir ráðunauta úti um allar jarðir, skuli ekki hafa látið mál þetta neitt verulega til sín taka.

Það mun að vísu vera einhver lagastafur til fyrir því, að hreppar, með samþykki sýslufjelaga, geti gert samþyktir um þessi efni, en það er hins vegar mjög vafasamt, hvort sveitarstjórnarlögin heimila, að hægt sje að koma við sektarákvæðum í slíkum samþyktum, eða rjettara sagt, hvort hægt sje að beita þeim, ef með þyrfti. En slík ákvæði væru nauðsynleg, svo að engum á sam-

þyktarsvæðinu gæti haldist það uppi að skerast úr leik.

Sumstaðar gæti t. d. staðið svo á, að hægt væri að hafa samvinnu um að ræsa fram og þurka mólöndin.

Svo að jeg snúi mjer aftur að frv., þá get jeg ekki sjeð, að það geti komið til nokkurra mála að samþykkja það, eins og það liggur fyrir að minsta kosti.

Jeg er heldur alls ekki svo hræddur um það, að það sje svo mikil hætta á því, að menn fái ekki, nú sem undanfarið, með frjálsu samkomulagi að taka upp mó þar, sem móland er til og landeigendur geta mist það.

Þá er hin hættan, sem á að útiloka með frv., að menn fari að okra á mótekjunni. Þetta yrði kann ske hugsanlegt, en hitt er ekki nema eðlilegt, að mór stígi nokkuð í verði eftir því, sem jarðeignir í landinu hækka. En þá er verðlagsnefndin með hámarksverðsbrandinn reiddan. Ekki svo að skilja, að jeg álíti afskifti hennar af landafurðunum neina fyrirmynd, síður en svo, en þarna getur hún kann ske notið sín.

Þó að jeg álíti frv., eins og það er, alls óhafandi, og telji ekki í rauninni neina þörf á sjerstökum lögum í þá átt, sem frv. stefnir, þá vil jeg ekki leggjast á móti því, að málið fari í nefnd, því að jeg veit, að hinn háttv. flm. þessa máls (M. G.) er svo sanngjarn maður, að hann sje fús til nauðsynlegra breytinga á frv. Jeg vildi óska þess, að sú nefnd, sem fær mál þetta til meðferðar, vildi athuga sveitarstjórnarlögin í sambandi við hjeraðasamþyktirnar, sem jeg mintist á áðan, og það mál yfir höfuð.

Mjer er það mjög mikið áhugamál, að þetta atriði í ræktun landsins yrði tekið til rækilegrar yfirvegunar, og jeg heiti á alla góða menn að styðja að því, að hrinda því máli fram til sigurs.

Sveinn Ólafsson: Háttv. þm. Borgf. (P. O.) hefir að miklu leyti tekið fram það, sem jeg hefi að athuga við frv. þetta; þó er jeg honum eigi sammála um það, að opinber íhlutun sje óþörf um þetta efni. Jeg álít frv. orð í tíma töluð, og sjálfsagt á þessum tímum að reisa skorður við hugsanlegri einokun á innlendu eldsneyti.

Hins vegar felli jeg mig ekki við það, að eigendur mólands sjeu ofurseldir óskum og vilja þeirra, sem mó þurfa að kaupa, og skyldir án allra takmarkana að láta mólandið falt. Frv. hefir eigi nein tryggingarákvæði fyrir eigendur mólands gegn gerræði af hálfu móstungumanna.

Þetta og fleira þarf að athuga í nefnd, og á slíkum ráðstöfunum og þessum má engin skyndiskrift vera. Mundangshófið er hjer mjótt milli rjettar og órjettar, en byrði eins varpað á annan með lagaboði.

Tvent vil jeg leyfa mjer að taka fram fyrir væntanlega nefnd til athugunar.

Í fyrsta lagi, að fyrirmæli frv. um fortakslausan rjett til móstungu, hvar sem hún er til, geta gefið tilefni til megnustu rangsleitni, svo sem ef mó skyldi stinga í túni eða nærtækum engjablettum búanda, af því að grönnum hans, sem móstungu vantar, væri það hagfeldast. Jeg tel sjálfsagt, að ákvörðunin um það, hvar mó megi taka í hverri sveit, sje gerð að opinberri tilhlutun, t. d. af sveitarstjórn. Sama gildir í raun og veru um meðferð mólandsins að öðru leyti, eins og háttv. þm. Borgf. (P. O.) tók fram, um sljettun þess og ruðning.

Þá er það annað athugavert við frv.,

að í því er ekkert ákvæði um torfristu og hnausstungu. En eins og vitanlegt er, er oft svo ástatt fyrir þeim, sem móinn taka upp, að ekki er kostur að flytja hann heim að lokinni þurkun, heldur er það geymt vetri og akfæri. Þarf þá tíðast að rista torf til þakningar mónum og stinga hnausa í fyrirhleðslur. Landspjöllin, sem af því leiða, eru oftast miklu verri en sjálf móstungan, ef í engjum er eða slægjulandi, og er því fylsta ástæða til að gera mun á móstungunni einni sjer og móstungu ásamt torfristu og hnausstungu. Áf frv. verður eigi sjeð, hvort ákvæði þess um »þurkun og geymslu« taka til torfristu og hnausstungu, en ef svo er ekki, þá er móstungugjaldið sennilega of lágt, og virðist mjer eðlilegast að liða eftirgjaldið sundur, svo að fyrir móstungu og þerriland væri goldið sjer á parti, en í öðru lagi fyrir torfristu og hnausstungu.

Ágreinings hefir orðið vart hjer um það, hvert vísa beri þessu máli, hvort heldur í bjargráðanefnd, landbúnaðarnefnd eða allsherjarnefnd. Um það tek jeg afstöðu með háttv. flutnm. (M. G.) og vil fela það allsherjarnefnd. Sú nefnd hefir bestu skilyrði til að sjá við misfellum á málinu og er skipuð færum lögfræðingum, en lögfræðilega hliðin á þessu máli er einmitt mjög aðgæsluverð.

Pjetur Jónsson: Tilefni þess, að jeg tek til máls, er deilan um, í hvaða nefnd beri að vísa þessu frv. Ef taka ætti hvert mál, sem að einhverju leyti fjallar um dýrtíð og bjargráð, og steypa því í bjargráðanefndina, þá mundi hún fá að fjalla um meginið af þeim málum, sem fram koma í háttv. deild. Þessi nefnd hefir nú þegar svo mikið á sinni könnu, að mjer finst það að mestu leyti nægja henni, ef hún á að ganga sómasamlega frá öllu. Hin nefndin, allsherjarnefndin, hefir nú þegar fengið þrjú stór mál til meðferðar og hefir því ærið að starfa. Mætti að vísu vísa frv. þangað, en það, sem áður hefir sagt verið, mælir þó heldur á móti því, og sjerstaklega það, að eitt af þessum þremur málum, sem sje bæjargjaldafrv., er verulegt stórmál. Jeg álít, að þetta mál komi landbúnaðarnefndinni sjerstaklega við, og vil því vísa því til hennar. Sú nefnd hefir enn þá sem komið er ekki mikið að starfa, en það ætti að vera regla hjer á þingi að skifta verkum sem rjettlátast meðal manna, því að ella mundu sumir þm. verða of hlaðnir störfum, en aðrir aftur hafa lítið eða ekkert með höndum.

Bjarni Jónsson: Jeg vil að eins láta þess getið, að jeg tek aftur till. mína um að vísa málinu til bjargráðanefndar.

Flm. (Magnús Guðmundsson): Jeg verð að eins með fáum orðum að svara háttv. þm. Borgf. (P. O.).

Í sinni löngu ræðu talaði hann mest um það, að inn í þetta frv. vantaði ákvæði um, hvernig ganga skuli frá mógröfum. (**P. O.:** Jeg benti á það meðal annars). Jeg vil því láta hann vita af því, að til eru lög frá 1912, sem mæla fyrir um þetta atriði. Eftir þessum lögum er hægt að skylda menn til að ganga svo frá mógröfum, að ekki stafi hætta af. (**P. O.:** Er hægt að koma fram sektum, ef ekki er hlýtt?) Já, það er hægt. Af þessu getur því háttv. þm. (P. O.) sjeð, að í þessu frv. eiga ákvæði um slíkt alls ekki heima, svo að þetta atriði er misskilið af háttv. þm. Borgf. (P. O.).

Þar sem háttv. þm. Borgf. (P. O.) gerði mikið að því, að hnýta í Búnaðarfjelag Íslands, vil jeg geta þess, að

þessi lög frá 1912, um mótak, eru undan þess rótum runnin, svo að það er ekki rjett, að fjelagið hafi ekkert gert fyrir þetta mál. (**P. O**: Það hefir ekkert gert síðan). Það hefir ekkert getað gert, þar sem framkvæmd laganna er í höndum hreppsnefnda og sýslunefnda.

Hvað hinu atriðinu viðvíkur, sem hv. þm. Borgf. (P. O.) mintist á, að allur mór yrði rifinn úr þeim jörðum, sem liggja vel við, og jarðirnar þannig gerðar verðminni en áður, þá er því til að svara, að mjer finst rjettara að stuðla fremur að velferð landsmanna heldur en að sýta það, þótt eitthvað af mólandi kynni að eyðileggjast. (**P. O.**: Það er til meðalvegur). Já, en háttv. þm. (P. O.) virtist ófús á að fara nokkurn meðalveg, en jeg vil aftur láta þess getið, að jeg er fús á að ganga að þeim brtt., sem mjer finst sanngjarnar.

Enn fremur vil jeg láta þess getið, að jeg álít ekki, eins og háttv. þm. Borgf. (P. O.), að þótt þetta frv. yrði að lögum, þá yrði það til þess, að meiri mór yrði tekinn upp en áður fyr. Það vita allir, að mór verður tekinn mikið upp á þessu ári, hvort sem frv. nær fram að ganga eða ekki; en það, sem frv. vill aðallega koma í veg fyrir, er, að einstaka menn geti okrað fram úr hófi á mólandinu.

Sami háttv. þm. (P. O.) hjelt því líka fram, að frv. væri óþarft vegna þess, að þeir, sem taka þyrftu upp mó, og landeigendur gætu komið sjer saman hjer eftir sem hingað til. Þetta fer alveg fyrir ofan garð og neðan, því að þessi lög ná ekki heldur til eða útiloka viðunanlega samninga, heldur eiga þau að gilda að eins þar, sem ekki fæst samkomulag eða viðunanlegir samningar.

Enn fremur hjelt hinn sami háttv. þm. (P. O.) því fram, að frv. þetta eyðileggði samningana milli leiguliða og jarðeigenda, en þetta er að eins rjett í því tilfelli, að annar maður en leiguliði þarfnist mótaks í landi leigujarðar og jarðareigandi hafi bannað mótak. Og jeg get ekkert sjeð á móti því að gera slíka samninga ógilda, þar sem nægilegt mótak er í landi, því að það væri æði hart, ef eigendur slíks lands gætu alveg bannað mótak í þeim eldiviðarvandræðum, sem nú eru.

Að lokum vil jeg geta þess, að jeg þekki þess dæmi, að landeigendur, sem mikið mótak hafa í landi sínu, hafa haft í hótunum um að hækka gjaldið fyrir mótökuleyfið mjög mikið, en þar eð jeg tel slíkt athæfi með öllu ósæmilegt, þá vil jeg einmitt koma í veg fyrir slíkt með þessu frv.

Pjetur Ottesen: Jeg lagði aðaláhersluna á það í ræðu minni, að eftir þessu frv. gætu sumar jarðir verið ofurseldar eyðileggingu af gerræði manna. Jeg get ekki sjeð annað en að þetta sje rjett álitið, enda getur hv. flutnm. (M. G.) ekki mótmælt því.

Það þýðir ekkert fyrir háttv. flutnm. (M. G.) að vera að draga það nokkuð í efa eða gera lítið úr því, að það sje alvarlegt atriði, hvernig frá gröfunum sje gengið. Og þá væri það ekki síður alvarlegt, ef menn mættu taka mó upp í skjóli þessa frv., þar sem dýrmætustu eignir manna, tún og engjar og annað ræktað land, eru ofurseldar jarðraski og eyðileggingu.

Það þýðir ekkert að vera að vitna í samþyktir, sem nálega hvergi eru til. Menn standa jafnvarnarlausir uppi fyrir því.

Þess ber og að gæta, að þar sem lög þessi eiga að koma svo fljótt í gildi, hafa menn ekkert ráðrúm til þess að koma slíkum samþyktum á nú. Alt tal

um þessar samþyktir er því út í hött, hvað það snertir, að jarðeigendum sje nokkur vörn í þeim að svo stöddu.

Það er ekki rjett hjá háttv. flutnm. (M. G.), að jeg hafi sagt, að með frv. þessu yrði meiri mór tekinn upp en ella myndi, en hitt sagði jeg, að menn myndu hópast þangað, sem best væru mólöndin, og engu þyrma; þar er hættan fólgin í.

Háttv. flutnm. (M. G.) sagði, að það ætti að sitja við þá samninga, sem nú væru milli jarðareiganda og leiguliða. Þetta er ekki rjett. Hvað stoðar það t. d., þótt byggingarsamningar hljóði upp á það, að leiguliði megi ekki láta neitt af hendi af landsnytjum. Þar með er honum auðvitað bannað að selja mótak. Slíkir samningar mundu ná allskamt, hugsa jeg.

Það er þó alls ekki loku fyrir það skotið, að jeg geti gengið inn á meðalveg í þessu máli, þó því að eins, að eigna- og umráðarjettur manna sje nokkurn veginn trygður.

Jeg læt mjer í ljettu rúmi liggja, í hvaða nefnd málið fer, og geri það ekki að neinu kappsmáli.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 541) með öllum greiddum atkv. gegn 1.

Á 19. fundi í Nd., föstudaginn 10. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 17, n. 65).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg sje ekki þörf á því að fara mörgum orðum um þetta frv., því að allsherjarnefnd hefir orðið sammála um að láta það ganga fram, með nokkrum breytingum.

Allar þessar breytingar fara í þá átt, að tryggja jarðir nærri kauptúnum fyrir því, að mólandi þeirra verði að þarflausu eytt og jörðinni þannig spilt.

Breytingunni við 1. gr. frv. er þannig farið, að ef einhver krefst mótaks, en eigandinn vill ekki laust láta, þá skal bæjarstjórn eða hreppsnefnd, þar sem mólandið er, skera úr því, hvort hinum fyrnefnda sje nauðsyn á mótakinu á þeim stað, er hann krefst, eða ekki.

Aðalbreytingin við 2. gr. er sú, að gjaldinu, sem kemur fyrir mótak, þurkun mós, upphleðslu o. s. frv., skuli skift milli leiguliða og jarðeiganda, eftir mati þar til kvaddra manna. En eftir frv., eins og það var í byrjun, var ætlast til þess, að leiguliði fengi helming gjaldsins.

Þetta er sett inn til þess að fyrirbyggja, að leiguliðar bjóði upp mótak í landi sínu, í þeirri von að fá helming andvirðisins.

Við 1. umr. var það fundið að frv., að í það vantaði ákvæði um, hvernig ganga skyldi frá mógröfunum, eftir að tekið hefir verið upp úr þeim, og því hefir nefndin komið með þá brtt., að fjórða grein þess falli burt, en í hennar stað komi ákvæði um, hvernig ganga skuli frá mógröfum.

Annað sje jeg ekki ástæðu til að taka fram, og óska jeg, að málið nái fram að ganga.

Sveinn Ólafsson: Það var að eins ógnstutt athugasemd, sem jeg vildi leyfa mjer að gera við frv., eða rjettara sagt við brtt. allsherjarnefndar.

Í breytingunni, sem gerð er við 1. gr. frv., stendur, að úrskurði hreppsnefndar eða bæjarstjórnar verði ekki áfrýjað. Mjer flaug í hug, hvort það væri ekki nokkuð djarflegt að gera hreppsnefnd eða bæjarstjórn að nokkurskonar hæsta-

rjetti í þessum málum, því að frv. gerir ráð fyrir einskonar lögnámi, sem byggist á úrskurði bæjarstjórna og hreppsnefnda, og felur í sjer skerðingu eignarrjettarins, sem helgaður er með 53. gr. stjórnarskrárinnar. Jeg vildi aðallega vekja athygli nefndarinnar á þessu, því að ef lögfróðum mönnum sýndist þetta betur mega fara á annan veg, þá væri unt að breyta því við 3. umr.

Magnús Pjetursson: Það var að eins örstutt athugasemd eða fyrirspurn til nefndarinnar út af þessari sömu brtt. við 1. gr. Þar stendur meðal annars: »Meðan nægilegt móland er innan takmarka hrepps eða kaupstaðar, er óheimilt mótak utan þeirra takmarka, nema aðiljar sjeu ásáttir um«.

Mig langar til þess að fá nokkrar skýringar á þessu, því að jeg álít þetta talsverðan galla á frv., eftir því sem hagar til sumstaðar.

Það getur sem sje víða staðið svo á, t. d. þar, sem mjóir firðir ganga inn í landið og aðskilja hreppana, að í öðrum hreppnum sje illmögulegt að ná í móinn, þótt hann sje til í sveitinni, en aftur á móti getur verið miklu hægara fyrir íbúa kauptúna eða kaupstaða að ná í móinn í nágrannahreppnum, en þetta er þeim meinað með þessu ákvæði, eða þótt þeir fái það, þá geta þeir orðið að sæta afarkjörum.

Þetta vildi jeg benda nefndinni á til athugunar, ef henni fyndist ástæða til þess að breyta því við 3. umr.

Framsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg held, að háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) hafi misskilið brtt., ef hann heldur, að hún komi í bága við 53. gr. stjórnarskrárinnar, sem fjallar um helgi eignarrjettarins, því að þetta ákvæði var einmitt sett til þess að draga úr rjetti til mótaks og skyldu til þess að láta það af hendi, ákvæðinu eins og það var í upphafi, og vernda þar með eignarrjettinn.

Eftir 1. gr. frv. gat hvaða maður sem var heimtað mótak í landi annars manns, þótt hinn síðari vildi ekki láta það laust, en eftir brtt. er það bæjarstjórnar eða sveitarstjórnar að skera úr, ef deila skyldi rísa út af því, hvort sá, er mótaks beiðist, skuli fá það eða ekki.

Ef háttv. þm. (Sv. Ó.) hefði borið brtt. saman við 1. gr. frv., þá hefði hann hlotið að sjá þetta.

Hv. þm. Stranda. (M. P.) vil jeg svara því, að nefndin athugaði einmitt samskonar tilfelli og hann benti á, en þó varð það ofan á að hafa ákvæðin eins og það er hjer, en persónulega er jeg hlyntur því, sem hann sagði, og ef hann vill koma með brtt. til 3. umr., mun jeg styðja hana, en svo mun eigi vera um meðnefndarmenn mína.

Einar Arnórsson: Það var að eins lítils háttar athugasemd, sem jeg vildi gera við ræðu háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.). Hann virtist gera ráð fyrir, að úrlausn um þörf á mótaki gæti heyrt undir úrskurð dómstólanna. En hvar sem um lögnám er að tefla heyrir ekki þörfin undir úrskurðarvald dómstólanna, heldur úrskurðar löggjafarvaldið alment um hana, þegar það setur lögnámsheimildin. Hjer verður úrskurðarvaldið um þörfina í hverju einstöku tilfelli að heyra undir hreppsnefnd eða bæjarstjórn. Dómstólaleiðin um það atriði er ófær. Eða hvernig ætti t. d. yfirdómur eða hæstirjettur að geta gert sjer grein fyrir þörf háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) á mólandi í nágrannahreppi sínum?

Hitt er annað mál, hvort hægt væri að finna æðra yfirvald, sem dæmdi um slík mál sem þessi, en það hlyti þá líka að hafa aukinn kostnað í för með sjer.

En það, sem vakti fyrir nefndinni, er hún lagði til, að áliti hreppsnefndar og bæjarstjórnar yrði ekki áfrýjað, var, að ef öðruvísi hefði verið fyrir mælt og leyft hefði verið að áfrýja, þá hefði það tekið svo langan tíma, að allar líkur væru til, að enginn úrskurður hefði fengist um málið á því sumri, og hefði því ef til vill ekkert orðið úr mótaki það árið.

Viðvíkjandi aths. háttv. þm. Stranda. (M. P.), þá er það rjett, að í einstöku tilfellum getur verið mjög óheppilegt að geta ekki farið út fyrir hreppinn, þótt móland sje þar til. Og nefndin gæti tekið til athugunar þangað til við 3. umr., hvort ekki væri hægt að veita undanþágu undan þessari reglu, þar sem sjerstaklega stæði á.

Sömuleiðis mundi nefndin taka með þökkum, ef einhver gæti bent á annað og heppilegra úrskurðarvald heldur en hreppsnefnd og bæjarstjórn.

Björn R. Stefánsson: Það var út af 2. brtt. við 3. gr. á þgskj. 65, að jeg vildi gera örstutta fyrirspurn. Jeg er sem sje í vafa um, hvort með orðalaginu geti ekki farið svo, að gengið sje á rjett leiguliða, þann sem nú eiga þeir, því að í ábúðarlögunum frá 1884, í 13. gr., stendur, að leiguliði megi ekki lána landsnytjar nema með leyfi landsdrottins, nema því að eins, að aðrar landsnytjar komi í staðinn. Þetta skil jeg svo, að leiguliða sje frjálst að lána landsnytjar gegn öðrum landsnytjum, án þess að leita til þess samþykkis landsdrottins, og að hann einn eigi að njóta þeirra nytja, sem á móti koma, hvort heldur er engi, beit eða annað þess háttar, sje að eins í öðrum landsnytjum goldið.

Brtt. finst mjer liggja næst að skilja svo, að gjaldi, sem komi fyrir mótak, skuli skift milli leiguliða og landsdrottins eftir mati óvilhallra manna, í hverju sem goldið er. En ef nú heyskapur, beit eða aðrar landsnytjar koma fyrir mótakið í jörð leiguliða, þá finst mjer, að honum beri landsnytjar allar, eftir 13. gr. í ábúðarlögunum frá 1884, en með þessu ákvæði brtt., að gjaldið skuli skiftast milli leiguliða og landeiganda, finst mjer hinum fyrnefnda vera gerður órjettur, eins og jeg hefi áður tekið fram, og á þann rjett gengið, sem hann nú á að lögum.

Jeg vildi því beina því til háttv. nefndar, hvort henni fyndist ekki rjettara að bæta orðunum »sje í öðru goldið en landsnytjum« inn í 2. gr. brtt. á eftir orðunum »og skiftist gjaldið þá«.

Þá verð jeg og að segja, að jeg kann ekki við orðalagið síðast, þar sem tekið er fram, að ganga skuli svo frá mógröfum, að skepnum stafi ekki »verulegt« hætta af. Mjer finst, að það sje sjálfsögð skylda allra að ganga svo frá mógröfum, að þær sjeu ekki eingöngu hættulausar fyrir skepnur, heldur stafi beinlínis engin hætta af þeim fyrir menn heldur. Þess vegna ætti orðið »verulega« að falla burt, og áskilja það berum orðum, að svo skuli frá mógröfum ganga, að ekki standi hætta af. Mjer finst það vera sjálfsögð krafa.

Við 1. gr. brtt. hafa þegar verið gerðar athugasemdir, svo að jeg get leitt hana hjá mjer, og þarf jeg því ekki að taka annað fram.

Magnús Pjetursson: Jeg hefi ekki miklu að bæta við það, sem sagt hefir verið um þetta mál. Þó vildi jeg segja svolítið út af orðum háttv. framsm. (M. G.) um mínar aths. Jeg ætla að skýra þetta dálítið nánar. Það er ekki nægilegt, þó að það standi í greininni: »meðan nægilegt mótak er í hreppnum«, því að það getur verið full ástæða til að leita mótaks utan hrepps, þó að nægi-

legt mótak sje einhversstaðar í hreppnum. Það getur hagað svo til, að 4—5 tíma lestagangur sje til mótaks í hreppnum og flytja verði allan móinn í böggum, en í öðrum hreppi sje mótak, sem miklu hægra er að ná til. Því gæti svo farið, að menn yrðu fegnir að sæta afarkostum með mótak í öðrum hreppum, heldur en að nota það mótak, sem kostur er á innan hrepps, vegna þess að aðdrættir á innanhreppsmótakinu yrðu svo dýrir. Jeg bendi á þetta einnig í sambandi við 3. gr., sem sett er til þess, að eigendur mólands skuli ekki geta sett mönnum afarkosti. En utanhreppsbúar geta ekki komist undir þessi ákvæði, af því að eigendur mólandsins hafa svo mikil völd gagnvart þeim, að þeir geta neitað þeim um mótak og því neytt þá til að sæta afarkostum.

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg þarf ekki að segja nema örfá orð til svars ræðu háttv. 2. þm. S.-M. (B. St.). Það er misskilningur hjá honum, að brtt. nefndarinnar brjóti í bág við rjett leiguliða eftir ábúðarlögunum, því að ef leiguliði fær jarðarafnot í skiftum fyrir mótak, er auðsætt, að jarðareigandi á ekkert af gjaldinu fyrir mótakið. Og ef kvaddir menn ættu að gera um slíkt, mundu slíkir matsmenn strax sjá, að svo væri, og mundu kveða svo á, að leiguliði fengi alt gjaldið. Slík tilfelli sem þetta koma sem sje ekkert þessu frv. við, því að það tekur alls engan rjett af leiguliða, en leggur að eins þær skyldur á hann að þola, með ákveðnum skilyrðum, að mór sje tekinn upp í landi hans gegn gjaldi.

Háttv. þm. Stranda. (M. P.) hefi jeg þegar svarað.

ATKVGR.

Brtt. 65,1. samþ. í e. hlj.
1. gr., svo breytt, samþ. með öllum gr. atkv.
2. gr. samþ. í e. hlj.
Brtt. 65,2. (ný 3. gr.) samþ. í e. hlj.
— 65,3. (ný 4. gr.) — - - —
5. og 6. gr. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 21. fundi í Nd., mánudaginn 13. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 93, 97).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 22. fundi í Nd., þriðjudaginn 14. maí, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 93, 97, 116).

Afbrigði leyfð og samþ. um brtt. 116, er of seint var útbýtt.

Framsm. (Magnús Guðmundsson): Mjer finst heilög skylda mín að vera nokkuð stuttorður, þar sem umr. hafa staðið svo lengi um 1. mál á dagskrá. Allsherjarnefnd hefir komið fram með brtt. á þgskj. 97 um það, að ákvæði 3. gr. frv. gildi um mótak á árinu 1918. Ástæðan er sú, að frv. er orðið svo seint fyrir, að það nær ekki til mótaks á yfirstandandi ári, nema það sje tekið beinlínis fram. Svo er hjer brtt. frá háttv. þm. Stranda. (M. P.) við 1. gr., um mótak utan hrepps eða kaupstaðar, og get jeg vel fallist á hana, en eigi hefir hún verið borin undir nefndina í heild, svo að nefndarmönnn hafa atkv. sín óbundin. Fleira hefi jeg ekki að segja.

ATKVGR.

Brtt. 116. samþ. í e. hlj.
— 97. samþ. með öllum greiddum atkv. gegn 1.

Frv., svo breytt, samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Á 19. fundi í Ed., miðvikudaginn 15. maí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um mótak,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 130).

Á 21. fundi í Ed., föstudaginn 17. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Kristinn Daníelsson: Jeg stend ekki upp til þess að lýsa því yfir strax, að jeg sje á móti þessu frv., en sitthvað er í því, sem mjer þykir athugavert.

Jeg skal ekki heldur eyða mörgum orðum að því, hversu langt hefir verið gengið í því að taka eignir einstakra manna eignarnámi, þegar almenningsheill hefir krafist, en hjer finst mjer það álitamál, hvort ekki sje í þessu of langt gengið, eða að hjer sje um slíka almenningsheill að ræða.

Jeg tek það fram til athugunar fyrir þá nefnd, sem væntanlega fjallar um málið, að jeg lít svo á, að svo takmarkalaust ákvæði geti ekki staðist, eins og hjer stendur í 1. gr. frv., þar sem til þess er ætlast, að hver, sem á land, sem nokkurt mótak er í, sje skyldur til þess að láta hvern og einn nota það eftir vild.

Nú stendur víða svo á, að mótak landeignarinnar mundi ekki endast jörðinni sjálfri nema nokkurra ára bil, og virðist það þá allmikil óbilgirni að leyfa að rífa móinn þar upp, ef til vill allan á einu ári.

Jeg hefi sjálfur þekt slíkar jarðir, þar sem mótakið hefir ekki enst nema um fáein ár og verið þá þrotið.

Jeg vil því leggja það til, að væntanleg nefnd taki ákvæði þetta til íhugunar og athugi, hvort hjer þurfi ekki að minsta kosti nokkur takmörk að setja.

Vil jeg svo gera það að till. minni, að frumv. verði vísað til allsherjarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 537) með 11 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Ed., föstudaginn 30. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 130, n. 238).

Frsm. (Magnús Torfason): Jeg þarf eigi miklu við að bæta nefndarálitið, sem er á þgskj. 238. Brtt. við 1. gr. eru gerðar samkvæmt því, sem kom fram við 1. umr., að frv. gengi fullnærri eignarrjetti manna.

Jeg skal að eins geta þess, að persónulega er mjer ekki um ákvæði 3. gr., um gjald fyrir mótak. Er þar gjaldið ákveðið 10% um fram það gjald, sem tekið var fyrir mótak á sama stað árið 1917.

Þetta gæti valdið töluverðu misrjetti, því að á síðastliðnu ári var gjald fyrir mótak mjög mishátt. Sumir teygðu það eins langt og unt var, aðrir seldu við hæfilegu verði, en enn aðrir langt undir sannvirði, fyrir vináttu sakir eða vensla. En þar sem frv. þetta er nokkurskonar varaskeifa, leit nefndin svo á, að ekki tæki því að vera að raska þessu.

2. brtt., við 3. grein, er fram komin sökum þess, að svo leit út, sem kveða ætti sjerstaka menn til þess að skifta mógjaldi milli lánardrottins og leiguliða. Leit nefndin svo á, að það væri sjálfsagt, að sömu mennirnir, sem mætu gjald

fyrir mótak, gerðu það líka, og vildi, að það kæmi ljóst fram.

Skal jeg svo ekki pína langþreytta háttv. deildarmenn með lengri ræðu um þetta mál.

ATKVGR.

Brtt. 238, 1. a. samþ. með 13 shlj. atkv.
— 238, 1. b. — — — — —
1. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 238, 2. samþ. með 12 shlj. atkv.
3. gr, svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
4.—6. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., laugardaginn 1. júní, var frv. tekið til 3. umr. (A. 270).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 38. fundi í Nd., mánudaginn 3. júní, var útbýtt

Frv. til laga um mótak,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 289).

Á 40. fundi í Nd., miðvikudaginn 5. júní, var frv. tekið til einnar umr. (A. 289, n. 305).

Afbrigði leyfð og samþ. um nál. 305, er of seint var útbýtt.

Framsm. (**Magnús Guðmundsson**): Aðalefni framhaldsnefndarálitsins er það, að nefndin leggur til, að frv. þetta verði samþykt eins og það kom frá háttv. Ed. Á frv. hefir verið gerð sú breyting í háttv. Ed., að það er beinlínis fram tekið, að enginn sje skyldur til þess að láta mótak af hendi, nema jörð hans eigi mótak aflögu. En það er ekki skýrt, hvað átt er við með þessu orði, »aflögu«. Með þessu getur alls eigi verið átt við það, að nægilegt mótak sje fyrir jörðina sjálfa um ófyrirsjáanlega framtíð, því að þá væri frv. meiningarlaust og með öllu gagnslaust. Nefndin skildi þetta ákvæði þannig, að meiningin með því væri sú, að móland jarðar væri nægilegt í nánustu framtíð, og með þennan skilning fyrir augum leggur hún til, að frv. verði samþ.

Eitt atriði er það í nál. háttv. allsherjarnefndar í Ed. um þetta frv., sem mjer finst ástæða til þess að athuga. Þar er svo að orði komist, að frv., eins og það kom frá Nd., heimili mónám á jörð »hvar sem er og hvernig sem á stendur«. Þetta er algerlega rangt, eins og hver getur sjeð, sem les frv., eins og það kom frá Nd. Það heimilar ekki mónám á jörð »hvar sem er«, því að skýrt er tekið fram í 1. gr., að óheimilt sje mónám utan hrepps, meðan móland er til innan takmarka hreppsins. Það heimilar ekki heldur mónám »hvernig sem á stendur«, því að það skilyrði er þó sett, að þeim, sem óskar mótaks, sje nauðsyn á því og það einmitt á þeim stað. Það má ef til vill segja, að tryggilegar sje frá frv. gengið eins og það er nú. En hins vegar eru þessi ummæli háttv. allsherjarnefndar Ed. algerlega rakalaus og hljóta að vera sprottin af því, að nefndin hefir eigi athugað nógu rækilega, hvað felst í frv.

Að svo mæltu vona jeg, að háttv. deild samþ. frv., eins og það liggur fyrir, og með skilningi allsherjarnefndarinnar í þessari háttv. deild.

ATKVGR.

Frv. samþ. með öllum gr. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 309).

---

8. Eftirlaun Björns Kristjánssonar.

Á 7. fundi í Nd., mánudaginn 22. apríl, var útbýtt

Frumvarpi til laga um viðauka við lög nr. 80, 14. nóv. 1917, um breyting á lögum nr. 12, 9. júlí 1909, um breyting á lögum um stofnun Landsbanka, 18. sept. 1885, m. m. (A. 21).

Á 9. fundi í Nd., miðvikudaginn 24. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Þorleifur Jónsson): Jeg skal þegar geta þess, að það er samkvæmt vilja og vitund Björns bankastjóra Kristjánssonar, að við berum þetta frv. fram. Hann hefir skýrt oss frá, að hann geti ekki starfað lengur við Landsbankann, og tel jeg engan vafa á, að ástæður hans fyrir því, að hann nú hverfur þaðan, sjeu góðar og gildar. Við flutnm. væntum þess, að málinu verði vel tekið og álítum, að það þurfi ekki í nefnd; vona jeg, að formgallar sjeu ekki á frv., eins og það er. Hvað innihald frv. snertir, höfum við fordæmi áður, þar sem var Tryggvi sál. Gunnarsson; voru honum veittar 4000 kr. á ári eftir að hann fór frá bankanum, og þá upphæð fer þetta frv. fram á. Sje jeg svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um málið.

Einar Jónsson: Jeg ætla mjer ekki að mæla á móti frv. þessu, en háttv flm. (Þorl. J.) fórust orð á þá leið, að ekki mundi að ástæðulausu, að Björn Kristjánsson færi frá bankanum. Mun það vafalaust rjett vera, en jeg vil að eins biðja háttv. flutnm. (Þorl. J.) að skýra frá, hverjar þessar ástæður sjeu.

Flm. (Þorleifur Jónsson): Jeg hefi engu við það að bæta, er jeg áður sagði. Úr því að bankastjórinn fer frá, veit jeg, að hann fer ekki að ástæðulausu. Ástæðurnar geta verið margar, svo sem heilsubrestur og það, að maðurinn er nú hniginn að aldri. Má háttv. þm. (E. J.) vita, að slíkar ástæður eru góðar og gildar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með öllum gr. atkv.

Á 11. fundi í Nd., laugardaginn 27. apríl, var frv. tekið til 2. umr. (A. 21).

Sigurður Sigurðsson: Jeg ætla ekki að hefja neinar umr. um þetta mál. En á það vildi jeg benda, að jeg kynni betur við, að mál þetta færi ekki svo gegnum háttv. deild, að því væri ekki vísað til nefndar. Jafnvel þótt frv. sje stutt og flutningsmenn þess margir, þá hefir þó þetta mál, að því er mjer virðist, fleiri hliðar, sem vert er að athuga. Mæli jeg þetta ekki af neinum persónulegum ástæðum gagnvart þeim manni, sem hjer er um að ræða, Birni bankastjóra Kristjánssyni, heldur frá almennu sjónarmiði.

Geri jeg það því að till. minni, að 2. umr. sje frestað, og frv. vísað til allsherjarnefndar.

Flm. (Þorleifur Jónsson): Vjer flutningsmenn litum svo á, að þetta frv. væri svo einfalt, ljóst og óbrotið, að það þyrfti ekki að fara í neina nefnd. Og mjer virðist enn, sem það sje ekki svo flókið eða margbrotið, að nefnd þurfi í það.

Eiginlega er hjer ekki nema um tvent að ræða, annaðhvort að samþ. frv. eða fella. Auðvitað gæti það komið til mála að breyta upphæðinni, sem um er að ræða, en þó ímynda jeg mjer, að nefnd myndi ekki gera mikla breytingu á því, og fara mjög í sama farið og þegar fyrverandi bankastjóra Tryggva Gunnarssyni voru veittar 4000 kr. í eftirlaun.

Jeg sje ekki, að það geti skaðað málið, að það færi í nefnd, en hins vegar sje jeg enga knýjandi ástæðu til þess. Verð jeg því heldur á móti því, að málið fari til nefndar.

Forsætisráðherra (J. M.): Það varðar sjálfsagt ekki miklu, hvort þetta mál fer í nefnd eða ekki. En mjer sýnist, eins og háttv. flutnm. (Þorl. J.), að ef háttv. deild vill veita þessum bankastjóra þessa upphæð í eftirlaun, þá þurfi ekki neina nefnd. Málið er svo einfalt. Ef einhver vill breyta upphæðinni, stendur öllum opið að bera fram brtt. til 3. umr. Það hefir ekki verið vani hjer á þingi um slík mál að vísa þeim til nefnda eða ræða þau mikið. Menn hafa viljað láta þau ganga umræðulitið gegnum þingið. Og það væri einnig æskilegt um þetta mál.

Sigurður Sigurðsson: Gagnvart þessum andmælum gegn því að vísa málinu til nefndar vil jeg taka það fram, að um mjög skyld frv. hefir það verið regla að vísa þeim til nefndar. Það mátti t. d. segja, er ræða var um það, að stofna prófessorsembætti í hagnýtri sálarfræði við Háskóla Íslands, að þar væri ekki að ræða um nema eitt af tvennu, annaðhvort að stofna embættið eða ekki. Þó var því vísað til nefndar í báðum deildum og mikið um það rætt. Eins er um þetta frv., þótt ekki kunni að vera að ræða þar um nema 2 leiðir. En þær geta nú ef til vill verið fleiri. — Það geta vel verið þær hliðar á þessu máli, sem vert sje að athuga, enda þótt frv. sje stutt og ljóst og flutningsmenn þess margir, eins og jeg sagði áðan.

Held jeg því fast við uppástungu mína um, að málinu sje vísað til allsherjarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 541) með 13:9 atkv.

Umr. frestað.

Á 18. fundi í Nd., miðvikudaginn 8. maí, var fram haldið 2. umr. um frv. (A. 21, n. 61).

Frsm. (Þorleifur Jónsson): Eins og nál. ber með sjer, hefir allsherjarnefnd orðið sammála um það, að þetta frv. verði samþ. óbreytt. Þar sem engin brtt. hefir komið frá öðrum, álít jeg ekki þörf á að halda ræðu um málið, en legg það að eins á vald háttv. deildar.

Gísli Sveinsson: Jeg hafði frá upphafi ætlað mjer að gera grein fyrir atkv. mínu í þessu máli, áður en það gengi út úr þessari háttv. deild, en jeg hefi verið að bíða eftir því, að málinu

yrði vísað til nefndar, sem og varð, og vildi jeg gjarnan sjá nál. áður en jeg segði það, sem jeg ætlaði að segja.

Þetta nál. frá allsherjarnefnd er nú komið, og satt að segja finst mjer það furðu fátæklegt að rökum; má kann ske segja, að það komi til af því, að allir virðast vera einhuga álits í þessari háttv. deild um, að þetta mál beri ekki að ræða og sjálfsagt sje að samþ. það. Háttv. nefnd virðist einnig vera á þeirri skoðun, þótt lítið innskot í nál. gefi til kynna, að eitthvað hafi þótt athugavert í málinu. En jeg ætla ekki að ræða um nál., og ekki um frv. í sjálfu sjer, og þess vegna ekki heldur það, sem komið hefir til greina úti í frá, í blöðunum, að greinargerðin fyrir frv. muni tæpast vera samhuga álit þessarar háttv. deildar, heldur flutningsmanna, enda býst jeg við, að aðalflm. (Þorl. J.) hafi samið hana og að hún standi á hans ábyrgð. Hitt er og líklegt, að hinir aðrir flutningsmenn hafi ekki viljað vera að gera neinn ágreining út af lítilfjörlegu orðalagi; jeg á sem sje við það, hvort þessi viðkomandi maður, sem hjer er farið fram á að fái eftirlaun, hafi staðið prýðilega í stöðu sinni. Það er vitanlegt, að um þetta hafa verið deildar skoðanir, og má auðvitað halda áfram að deila um það, en það er svo lítilfjörlegt, þótt það standi í greinargerðinni, að ekki er talandi um slíkt. En það er viðurhlutamikið að ganga inn á þá braut, sem frv. fer fram á, vegna þess, hvernig á stendur. Hjer er ekki verið að tala um menn, sem taldir eru sjálfsagðir eftirlaunamenn, þó að þau sjeu ávalt veitt með eftirtölum. Hjer er verið að tala um mann, sem er starfsmaður eða sýslunarmaður við einstaka stofnun. Fyrir því er, eins og kunnugt er, eitt fordæmi; bankastjórinn, sem fór frá fyrir elli sakir, fjekk eftirlaun. Mjer er ekki kunnugt um, hvernig á því stóð, en líklega hefir það verið með hliðsjón af starfi hans, bæði við þessa stofnun og aðrar, að Alþingi hefir viljað viðurkenna verðleika hans; mjer er sem sje ókunnugt um, hvort um það hefir verið nokkur flokkarígur í sinni tíð, geri ráð fyrir, að svo hafi ekki verið, þó að það hefði vel getað átt sjer stað. Þetta mál virðist vera mál allra flokka, og það er eftirtektarvert, að þessi maður, sem hjer er um að ræða, — jeg ætla ekki að dæma störf hans — hefir, eins og hinn, sem frá fór, verið við sömu stofnun; það er að eins sá munur á því, að hinn fór frá í hárri elli, en þetta er maður á besta aldri, og eftir því, sem þeir menn, sem til þekkja og vilja halda heiðri hans á lofti, segja, hefir hann staðið vel í stöðu sinni, og skal jeg ekki bera brigður á það, því að hjer er annaðhvort að hrökkva eða stökkva. En jeg vil geta þess, að þetta er talsvert viðurhlutamikið; hjer er komið inn á braut, sem varla verður snúið út af, nema því að eins, að það sýni sig að vera hin mesta óþurft að veita slík eftirlaun. En um leið og háttv. þingd. ætlar að viðurkenna þessa braut, eða að það sje sjálfsögð leið, þá býst jeg við, að erfitt verði fyrir einstaka þm. eða nefndir, sem hjer eru, að færa föst rök fyrir því, að gamlir embættismenn, sem hafa slitið sjer út í þágu hins opinbera, eigi ekki heimtingu á eftirlaunum, — ekki einungis borgaralega, lagalega og pólitiska, heldur og siðferðilega. Þessi aðferð hefði átt að koma fram sem beinlínis viðurkenning á þeim rjetti, sem telja verður sjálfsagðan, að opinberir starfsmenn eigi skilið aðhlynning síns vinnuveitanda, þegar þeir komast á það skeið, að þeir geta ekki rækt starf sitt, en ef þeir hafa ekki staðið vel í stöðu sinni, þá eiga þeir ekki lagalega heimild til þeirra, og hafi þeir leyst störf

sín illa af hendi, eiga þeir að sæta vítum og fara frá án eftirlauna.

Í þessum lögum er ekki farið í neitt manngreinarálit, og getur verið, að það sje rjett. Jeg drep á þetta vegna þess, að samkvæmt eftirlaunalöggjöf þeirri, sem embættismenn verða að hlíta, á hver maður, sem að dómi stjórnarvalda hefir ekki staðið vel í stöðu sinni, það á hættu að fá ekki eftirlaun.

Upphæðin er há, miðuð við launin, enda býst jeg við, að menn hafi eitthvað fett fingur út í þessa upphæð hjer í deildinni; en hún mun vera miðuð við launin og við það, sem viðgengist hefir í landinu, að embættismenn hafi notið.

Hjer er talað um, að embættismenn við þessa stofnun eigi að fá eftirlaun sem samsvari $^2/_3$ af starfslaunum þeirra. Það getur verið, að þeir geti ekki lifað sómasamlega ef þeir hafa minna, en þess ber að geta, að það er eins og svo sje til ætlast, sem það verði ekki sagt, hvaðan eftirlaunin eiga að takast, en það er víst þannig, að það á ekki að vera af fje landssjóðs, heldur af fje bankans, eða svoleiðis hefi jeg skilið það, og vil jeg þá lýsa yfir því, að jeg greiði atkvæði með frv., og er þannig samþykkur nefndinni, en finst þó, að hún hefði getað skýrt betur frá ýmsum atriðum en mjer finst hún hafa gert. En með þessu er svo komið, að eitt bankastjórasæti þar er autt enn þá, og þá höfum við kann ske það, sem sagt hefir verið um þennan banka frá því að hann varð háður pólitísku flokkarifrildi og bitlingum, ef sama aðferð verður höfð að skipa menn, sem enginn maður getur sjeð, þó að góðir og gegnir menn sjeu, að færir sjeu til að skipa þau sæti, sem þeir eru þó látnir sitja í við bankann. Jeg vona, að landsstjórnin muni setja þar mann, sem ekki er að allra dómi óhæfur til þess — jeg segi landsstjórnin.

Nú vil jeg bíða og sjá hvað setur sjá hvort landsstjórnin heldur ekki uppteknum hætti, sem þó kæmi mjer mjög á óvart.

Hákon Kristófersson: Háttv. þm. V. Sk. (G. Sv.) hefir tekið margt af því fram í ræðu sinni, sem jeg vildi sagt hafa, þrátt fyrir það, að mjer virðist hann taka aftur fyrri hluta ræðunnar með seinni hlutanum; get jeg því verið stuttorður, þar eð skoðanir okkar í aðalatriðunum falla saman.

Það, sem kom mjer til þess að biðja um orðið, var hið einkennilega orðalag á nál.; þar stendur sem sje: »eftir því sem atvik liggja til«. Jeg verð að segja það, að fyrir mig, sem ókunnugan, hefði jeg kunnað því betur, að einhverjar skýringar um þörf á framgangi þessa máls hefðu komið fram í nál., en það síður en að því sje til að dreifa.

Þegar þetta mál kom fyrir háttv. deild, hjelt jeg, að ástæðan til þess, að hlutaðeigandi maður vildi fara úr bankanum, væri heilsulasleiki, og fanst mjer þá ekki mjög óeðlilegt, að þessi ósk kæmi fram, og það gæti til mála komið, að honum væri sýndur einhver sómi fyrir það, að hann hefir margt ár erfiðað, og að mínu viti vel, í bankanum, en um það má auðvitað deila, hve upphæð sú ætti að vera há, er vel sæmandi væri fyrir mann þennan sem viðurkenning fyrir trúlega unnið starf. Beri maður þetta saman við venjuleg eftirlaun embættismanna, þá dylst engum, að upphæð þessi, 4 þús. kr., er hærri en venja er til, borið saman við þjónustuár og launaupphæð. Þó að Tryggva sál. Gunnarssyni væri á gamals aldri veittar 4 þús. kr., þá var það ekki að eins fyrir starf hans í bankanum, held-

ur sem viðurkenning fyrir vel unnið æfistarf. En síðan frv. kom fram hefi jeg sannfærst um, að orsökin er ekki heilsubrestur hlutaðeigandi manns, og verð jeg þá að segja það, að ef samþykt þessa frv. yrði til þess, að viðkomandi maður færi úr bankanum, þá væri nærri ver farið en heima setið, því að það er atriði, sem ekki verður um deilt, að það er ekki hagur fyrir Landsbankann að missa slíkan starfskraft, sem hjer er um að ræða, og hefir slíka þekkingu á högum manna á öllum sviðum úti um alt land. Jeg verð því að segja það, að hjer verða að vera þvingandi ástæður til þess, að jeg geti samþykt þetta frv., og vildi jeg gjarnan óska, að það kæmi ekki til framkvæmda og að þessi háttv. maður (B. K.) sæti mörg ár í sama virðingarsessi, sem hann nú situr í.

Í sambandi við þetta vil jeg geta þess, að hjer í Reykjavík gengur mikið bæjarslúður um þetta mál. Vitanlega má nú tæplega taka mikið mark á slíku, því að hjer er svo mörgu logið. Þess þykist jeg líka vís, að háttv. nefnd byggi ekki álit sitt á hviksögum þeim, er um það ganga, að meðal annars sjeu það meðstjórnendur þessa bankastjóra, er geri honum dvöl hans í bankanum lítt bærilega, sökum samvinnustirðleika þeirra. Hver trúir nú slíku um þá menn, sem hjer er um að ræða og báðir eru þektir að samvinnulipurð?

Jeg verð að lýsa yfir því, að þrátt fyrir hinar hlýju tilfinningar og vinarhug, sem jeg ber til Björns Kristjánssonar, þá virðist mjer mál þetta horfa þannig við, að jeg get ómögulega greitt því atkvæði mitt, enda væri það gagnstætt afstöðu minni til eftirlaunamálsins yfirleitt. Má líka benda á það, að það fer í bág við þá stefnu, sem verið hefir efst á baugi hjá þjóðinni, án þess þó að jeg vilji segja, að hún sje í alla staði rjett, en jeg vil taka undir það hjá háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), að það væri alveg óverjandi, sem jeg líka þykist viss um, að engum þm. kemur til hugar að neita, ef Björn Sigurðsson bankastjóri, eða aðrir forstjórar bankans, færi frá á næstunni, að ekki væri látið ganga sama yfir hann eða þá eins og þann bankastjóra, sem nú er verið að tryggja eftirlaun. Það væri alveg rangt, meðan ekki er búið að minka eða taka af eftirlaun embættismanna landsins.

Jeg vil svo að endingu geta þess, að mjer finst sem það liggi einhverjar dylgjur í þessum orðum nál.: »eftir því sem atvik liggja til«. Vil jeg því fá að vita, hvað vakað hefir fyrir háttv. nefnd, því að ef þessar dylgjur eru rjettar, þá væri sjálfsagt ekkert að því að koma fram með þessi sanngjörnu atvik í málinu.

Að lokum vil jeg taka það fram, að jeg á viðkomandi manni (B. K.) svo margt gott að þakka, að jeg vil ekki taka höndum saman við suma af þeim mönnum, er fylgja frv., með því að stuðla að framgangi þess, því að jeg veit fyrir víst, að sumir af þeim mönnum, er nú leggja til, að frv. nái fram að ganga, gera það að eins af því, að þeir vilji koma Birni Kristjánssyni úr bankanum.

Bjarni Jónsson: Það er ekki annað en að jeg vildi beina þeirri spurningu annaðhvort til háttv. flutnm. eða nefndarinnar, hvort þeir vissu til, að þessi maður hefði í hyggju að láta af starfi. Ef það er ekki, er óþarfi að fara með þessi rök og þá rjettara að vísa málinu til stjórnarinnar, en ef hann er staðráðinn í því að segja af sjer, sökum heilsubrests, horfir málið öðruvísi við, og verður maður þá að vera fljótur til. (**G. Sv.:** Það stendur í greinargerðinni). Á þesskonar hálfum svörum verður ekki bygt; það þurfa að koma góð og greinileg svör um það,

hvort það er af heilsubresti eða öðrum ástæðum. Þessa spurningu leyfi jeg mjer að leggja fyrir nefndina.

Frsm. (Þorleifur Jónsson): Þessi fyrirspurn, sem háttv. þm. Dala. (B. J.) vill leggja fyrir flutningsmenn og nefndina, er þannig vaxin, að það er ekki gott að svara henni nema fyrir hlutaðeiganda sjálfan. En jeg get þó getið þess, að við okkur flutnm. mælti hann svo, að hann ætlaði bráðlega að fara úr bankanum; hvort það er sökum heilsubrests getur háttv. þm. Dala. (B. J.) látið stjórnina spyrja hann um þegar hann sækir um lausn. Hann hefir að eins skýrt svo frá, að hann ætlaði að fara frá þessari stofnun bráðlega; meira get jeg ekki sagt fyrir hönd þeirra manna, sem frv. flytja. En fari maðurinn ekki frá þessari stofnun, þá hefir hann sín laun sem bankastjóri eftir sem áður, og kemur ekki til greina kostnaður við eftirlaunagreiðslu á meðan svo stendur. (**B. J.:** En ef hann deyr í stöðunni, þá er þessi mikla fyrirhöfn til einkis).

Háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) vildi halda því fram, að þetta væri órjúfanlegt fordæmi; en jeg held ekki, að það þyrfti undir öllum atvikum að vera það, þótt jeg hins vegar búist við, að svo geti farið, að þessi stofnun greiði þeim, er henni stýra vel og lengi, einhver eftirlaun eða lífeyri, eða þá að launin yrðu hækkuð, eins og farið var fram á af sumum á síðasta þingi. En í raun og veru ætlast nefndin alls ekki til, að þetta verði sjálfsagt fordæmi fyrir því, að hver maður, sem færi frá þessari stofnun eftir svo og svo stuttan tíma, hefði þessi eftirlaun. Hvernig sem menn kunna að líta á þetta mál, — og jeg sje að sum blöðin hafa gert sjer mikinn mat úr þessu máli; þau hafa rætt það dag eftir dag — held jeg þó, að ekki verði bornar brigður á, að þessi maður hafi staðið vel í stöðu sinni. En ef það reynist, að það hafi verið miður, þá er það alveg nýtt atriði, sem þar kemur til skjalanna og oss flutnm. er ekki kunnugt um.

Með þessu tel jeg þá að nokkru leyti svarað því, sem háttv. þm. Barð. (H. K.) vjek að. Hann talaði um, að það væri hæpið vegna fordæmis að veita þessi eftirlaun og vildi, að það kæmi í ljós einhver knýjandi ástæða til þess, en eins og jeg hefi sagt, hefi jeg ekkert um það að segja; hlutaðeigandi mun á sínum tíma skýra stjórninni frá því, hvort það er fyrir heilsubrest eða annað, sem hann beiðist lausnar.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. G., M. P., M. Ó., P. O., P. Þ., S. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., E. A., G. Sv., J. J., J. M., J. B., Ó. B.

nei: S. S., St. St., Þór. J., B. Sv., B. J., E. Árna., H. K.

Fjórir þm. (B. K., B. St., E. J. og P. J.) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með öllum gr. atkv.

Á 20. fundi í Nd., laugardaginn 11. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 21, 99).

Brtt. 99. var ekki útbýtt fyr en á fundinum. — Afbrigði leyfð af ráðherra, en feld af deildinni með 11:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. Sv., H. K., J. J., J. B., M. G., P. Þ., St. St., Þorst. J., B. Sv., B. J., E. Arna., Ó. B.

nei: M. P., M. Ó., P. O., S. S., S. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þór. J., B. St., E. A., E. J.

Þrír þm. (B. K., E. J. og P. J.) fjarstaddir.

Bjarni Jónsson: Það fæst vonandi fyrir þessum miklu föðurlandsvinum að tala um frv., þótt ekki megi tala um till., sem fer eitthvað í bága við þeirra ágæta vilja, og er vonandi, að það verði í minnum haft, hve óðfúsir vissir menn voru að koma að till. En þess er að geta, sem gert er, og þótt jeg geti ekki komið fram till. hjer, þá hefi jeg þó alla hentugleika til að láta alþjóð fá að vita, hvað hjer hefir verið afrekað, svo að hún megi heyra og skilja, hvað fram fer hjer á Alþingi, og skal það eigi síður gert fyrir þá greiðvikni, er mjer hefir sýnd verið. (**S. St.:** O-já, við erum ekki hræddir). Hann segist ekki vera hræddur, þessi háttv. þm. (S. St.), en ef nokkur hefir ástæðu til að vera það, þá er það hann. En tölum um það síðar.

Nú segja háttv. flutningsmenn þessa frv., að þetta sje trúnaðarstaða svo mikil, að það þurfi endilega að moka eftirlaunum í hvern þann, sem kominn er í hana, og hvernig sem hann er kominn að henni. En það er líka undarlegt, eftir skoðun þessara ágætu manna, að þeir ímynda sjer sjerstaka ástæðu til að láta einn mann, sem gegnir þessari ákaflega miklu »trúnaðarstöðu hjá þjóð vorri«, fá eftirlaun, en engan annan, er sömu stöðu gegnir. Jeg tala hjer sjerstaklega til þeirra manna, sem ekki þorðu að láta þessa brtt. mína komast að, og þykir mjer undarlegt, ef þeir halda það, að það sje einn sjerstakur maður svo sjerlega kjörinn í þessa trúnaðarstöðu, að hann einn eigi að fá eftirlaun, en enginn annar. Jeg hefi heyrt það, að góðir stjórnmálamenn vilji hafa samræmi í því, sem þeir koma með á þingunum, og að það, sem rjett sje að veita einum, það sje einnig rjett að veita öðrum, en það lítur ekki út fyrir, að þessir ágætu menn skilji það; það lítur út fyrir, að þeim hafi verið svo fastir í huga verðleikar þessa eina manns, að þeir sjái ekki verðleika annara, eða virðist koma auga á þá. Og þegar nú þessir ágætu þm. og miklu föðurlandsvinir, sem hjer sitja, sáu, að hjer kom fram till. um að hafa samræmi í því og láta alla þá ágætu menn, sem gegna þessum miklu »trúnaðarstörfum með þjóð vorri«, fá eftirlaunarjett, þá hefðu þeir átt að minnast þess, að rjett var að gera öllum jafnágætum mönnum í öllum jafnmiklum trúnaðarstöðum jafnt undir höfði, en það hefir þeim ekki litist að gera. Jeg þykist nú vita, að þeir muni svara mjer með því, sem stendur í greinargerð frv., að það muni standa til, að hann láti bráðlega af stjórn bankans. En hvað er þetta bráðlega? Hver giskar á nær það verður? Jeg hefi spurt bæði háttv. flutnm. og allsherjarnefnd um það, hvort þessi maður ætlaði að fara frá stjórn bankans, því að það gæti mjög mikið breytt atkvæði mínu um málið, hvort hann er til neyddur, sakir vanheilsu, að segja starfinu lausu, heldur en ef einhver og einhver giskar á, að hann ætli bráðlega að láta af starfi sínu, en hverskonar mælikvarði á tíma þetta »bráðlega« er, það getur verið nokkuð mismunandi. Það getur vel verið, að maðurinn láti ekki af stöðunni fyr en eftir 15 ár, og það get jeg ekki talið bráðlega. Eða hálfa öld, segir sessunautur minn, Vigurklerkur (S. St.). (*Hlátur*). Já, hugsum oss, að þegar hann kom í Vigur, hefði verið sagt, að hann ætlaði bráð-

lega að fara frá, og nú hefir hann setið þar í hálfa öld. Það eru þess vegna engar upplýsingar, þótt háttv. flutnm. frv. (Þorl. J.) láti þess getið, að hann ætli bráðlega að fara frá starfi sínu, en ef jeg væri viss um, að maðurinn ætlaði að fara frá starfinu nú þegar, vegna þess, að hann væri miður sín af vanheilsu til að vinna sjer fyrir lífsviðurværi, myndi jeg undir eins greiða atkvæði með því, að hann fengi eftirlaun, en að veita þau einum manni í þessari ágætu trúnaðarstöðu, það geri jeg ekki.

Eftir því sem háttv. flutnm. (Þorl. J.) sagði um daginn, að það gæti varla staðið lengi, að forstöðumenn bankans ljetu sjer nægja með þessi 6 þúsund krónur, eftirlaunalaust, þá getur vel verið, að það sje lágt fyrir bankastjóra, en borið saman við aðrar stöður landsins, nokkuð miklar trúnaðarstöður, er það ekki svo mjög lágt. Við skulum taka lærðu stjettina, t. d. læknana hjer við Háskólann, sem hafa nokkuð miklar trúnaðarstöður, með því að tjarga lífinu í bankastjóra og aðra menn, og athuga hvort þeir kvarta um, að þeir hafi of lág laun, — eða sagnfræðikennarann þar, Jón Jónsson, þennan ágæta og fróða kennara, — hann hefir eitthvað 2800 krónur í laun, og enginn talar um, að hann þurfi að fá eftirlaun. Svona gæti jeg talið upp mýmarga, og getur verið, að sumir leggi eins mikið upp úr því, sem þarf að vera og á að vera, svo að rjett sje, eins því einu að halda sem mest í aurana.

Jeg vil ekki rengja þau ummæli flutningsmanna, að maðurinn hafi staðið sæmilega í stöðu sinni, nje rýra hann á nokkurn hátt, ef hann þarf þessara eftirlauna með, en það vil jeg láta um mælt, að stjórnin hefir vissulega altaf valið vel og mun velja vel í þessar stöður, og ætla jeg þess vegna rjett, að annaðhvort njóti allir hins sama, eða enginn.

Jeg mundi hafa sagt eitthvað fleira, ef menn hefðu leyft þessari till. minni að komast að; hefði jeg þá sennilega að ýmsu leyti stutt mál þeirra manna, er hafa haldið því fram, hversu ágætir þeir menn væru, er við þessi störf hafa fengist, en mjer er ekki hægt um vik, þegar þeir vilja útiloka alla menn nema þennan eina mann, því að þótt þeir telji það líklegt, að hann ætli að fara frá, án þess að nokkur skapaður hlutur heyrist um það, þá get jeg ekki trúað því, frekar en öðru, sem jeg heyri úti á götunni, t. d. eins og því, sem mjer var sagt hjerna úti á götunni áðan, að þm. ætluðu að fara að hlaupa heim af þingi.

Jeg hefði kann ske átt að gera mönnum það til eftirlætis að halda dálítið lengri ræðustúf, en mjer þykir þó þetta við hóf, að kosta þessu til, og segi því ekki meira.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. St., E. A., G. Sv., J. J., J. M., J. B., M. G., M. P., M. Ó., P. O., P. Þ., S. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Ó. B.

nei: B. J., E. Árna., H. K., S. S., St. St., Þór. J., B. Sv.

Þrír þm. (E. J., P. J.. og B. K.) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 17. fundi í Ed., mánudaginn 13. maí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um viðauka við lög

nr. 80, 14. nóv. 1917, um breyting á lögum nr. 12, 9. júlí 1909, um breyting á lögum um stofnun landsbanka, 18. sept. 1885, m. m.,
eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd. (A. 106).

Á 19. fundi í Ed., miðvikudaginn 15. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Halldór Steinsson: Jeg leyfi mjer að leggja til, að frv. þessu verði, að lokinni þessari umr., vísað til allsherjarnefndar.

Kristinn Daníelsson: Þó að jeg í sjálfu sjer sje ekki á móti því, að frv. þessu verði vísað til nefndar, vil jeg þó láta í ljós, að jeg tel þessa enga þörf. Jeg geri ráð fyrir, að því verði vel tekið í þessari háttv. deild. Það hefir verið alllengi til meðferðar í hv. Nd. og hefir þar verið athugað í nefnd, og það er svo óbrotið, að allir háttv. þm. hafa getað athugað það til fullnustu. Mjer finst því heppilegast að lofa frv. að ganga áfram rjetta boðleið nefndarlaust, þótt jeg hins vegar geri það ekki að neinu kappsmáli.

Sigurjón Friðjónsson: Jeg hefi litið svo á, að hjer á landi væru tvö aðalskilyrði fyrir því, að menn fengju eftirlaun og hversu há, hið fyrra, að embættismaðurinn væri orðinn ófær til þess að gegna embætti sínu, annaðhvort vegna elli eða heilsubilunar, og hið síðara, að eftirlaunahæðin væri miðuð við embættisaldur.

Frv. það, er hjer liggur fyrir, fer í bága við bæði þessi skilyrði.

Það er talinn almennur vilji hjer á landi, að eftirlaun verði afnumin, og svo er að sjá, að þingviljinn hafi fremur hallast á þá sveifina í seinni tíð. Í þessa átt bendir, meðal annars, álit milliþinganefndarinnar í launamálum. Jeg álít nú raunar, að almenningsviljinn sje á rangri leið í þessu máli og að hið rjetta markmið sje, að allir fái eftirlaun. Jeg er því ekki á móti þessu frv. vegna þess, að jeg sje andstæður eftirlaunum yfirleitt, nje heldur eftirlaunum til þess manns, sem hjer um ræðir sjerstaklega, heldur vegna þess, að jeg sje ekki, að hin rjettu skilyrði sjeu fyrir hendi.

Þetta tek jeg fram sem greinargerð fyrir atkvæði mínu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 537) með 8 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed., miðvikudaginn 29. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 106, n. 218, 235, 239).

Framsm. (Jóhannes Jóhannesson): Um frv. það sjálft, sem hjer liggur fyrir, og brtt. allsherjarnefndar, get jeg látið mjer nægja að vísa til nefndarálitsins á þgskj. 218, sem jeg vænti, að háttv. deildarmenn hafi fyrir sjer.

Að því er snertir brtt. á þgskj. 235 og 239, skal jeg leyfa mjer að benda á það, að eins og nefndarálitið ber með sjer, er frv. flutt eftir ósk bankastjóra þess, sem hlut á að máli, og að hann hefir einnig samþykt brtt. þær, sem allsherjarnefnd leggur til, að á því verði gerðar.

Verði eftirlaunaupphæðin færð niður, þykist jeg mega fullyrða, að hann vilji ekki sætta sig við frv. og þá halda áfram að eiga sæti í bankastjórninni, jafnvel þótt hann með því stofni heilsu sinni í voða. Það er því að mínu áliti talsverður ábyrgðarhluti fyrir háttv.

deildarmenn að greiða atkvæði með brtt., því að hart finst mjer það, að hálfsvelta menn til þess halda áfram að gegna störfum, sem eru heilsu þeirra ofvaxin.

Það mundi og líta undarlega út, ef til væru lög um, að greiða skuli bankastjóra þessum eftirlaun frá 1. júlí næstkomandi, sem hann hefir sjálfur óskað settan sem tímatakmark fyrir brottför sinni úr bankastjórninni, og að hann hjeldi samt áfram að vera í bankastjórninni, auk þess sem slík lög yrðu þýðingarlaus, því að það væri alveg á valdi bankastjórans, hvort þau kæmu til framkvæmda eða ekki.

Jeg verð því að ráða háttv. deild frá því að samþykkja þessar brtt og ráða henni til þess að samþykkja frv. með brtt. allsherjarnefndar.

Eggert Pálsson: Jeg hefi ásamt þrem háttv. þm. leyft mjer að koma fram með brtt. á þgskj. 235, þar sem farið er fram á að lækka eftirlaun Björns Kristjánssonar úr 4000 kr. niður í 2000 kr. Orsökin er engan veginn sú, að við berum öfund eða óvild til þessa manns, heldur viljum við, að eftirlaununum væri stilt við hóf og að eitthvert samræmi sje í þeim við eftirlaun annannara embættismanna. En hvorttveggja virðist vanta í frv. Okkur virðist ekki hófs gætt og hins ekki heldur, að rjett og hæfilegt hlutfall sje á milli þessara eftirlauna og annara embættismanna. Að veita $^2/_3$ sjálfra launanna í eftirlaun er of hátt, sjerstaklega þegar þess er gætt, að starfstíminn er að eins 9 ár. Og þetta verður enn þá meir áberandi, þegar þess er gætt, hve há upphæðin er. 4000 kr. er eins há upphæð og betri embættismannalaun gerast nú. Ósamræmið er því mjög áberandi. Manninum ber í raun og veru ekki nema 1400 kr., ef farið væri eftir reglum þeim, sem gilda um eftirlaun embættismanna þessa lands.

Það má ef til vill segja, að hjer hagi svo til, að fordæmi sje um þetta áður, þar sem Tryggva heitnum Gunnarssyni voru veitt eftirlaun jafnhá og hjer er farið fram á. En jeg lít nokkuð öðrum augum á það; jeg lít svo á, sem eftirlaun hans hafi eigi aðallega verið veitt fyrir starfsemi hans fyrir Landsbankann, heldur hafi það verið nokkurskonar heiðurslaun fyrir gjörvalla starfsemi hans í þarfir þjóðarinnar, auk þess sem svo sjerstaklega stóð á með hann, að hann varð að fara frá Landsbankanum í fullu fjöri og fullfær um að starfa fyrir bankann, einungis af pólitiskum ástæðum, og því harla ósanngjarnt að láta hann gjalda hinna pólitisku kringumstæðna, er þá voru.

Jeg býst við því, að einhver kunni að segja, að þessi eftirlaun eigi ekki að greiða úr landssjóði; það sje Landsbankinn, sem eigi að greiða þau, og þess vegna þurfi ekki að spara eða fylgja svipaðri reglu og þeirri, sem gildir um eftirlaun úr landssjóði. En jeg tel þetta vera nokkuð hið sama, því að Landsbankinn er eign landsins, og oss ber ekki síður að hugsa um hag hans en landssjóðsins.

Þessi till. hlýtur, ef hún verður samþ., að hafa eftirköst í för með sjer. Þeir bankastjórar Landsbankans, er láta af starfi sínu sakir elli eða heilsubilunar, geta, er þeir biðja um eftirlaun, bent á frv. þetta, og saman borið við það ættu þeir rjett á því að fá svipuð eftirlaun. Og slíkt hið sama gætu aðrir starfsmenn bankans einnig gert.

Við, sem berum fram þessa brtt., erum ekki mótfallnir því, að þessi maður fái hæfileg eftirlaun, saman borið við önnur eftirlaun, og á meðan eftirlaunalögin eru í gildi á annað borð. En við getum ekki verið samþ. því, að hið

háa Alþingi fari að rjúka til að láta honum í tje gífurlega há eftirlaun, samtímis og raddir koma fram um afnám eftirlauna alment, og nær samtímis og þingið hefir afnumið eftirlaun hjá sumum embættismönnum, það er að skilja ráðherraeftirlaunin. Mótsögnin, sem hjer á sjer stað, verður enn berlegri, þegar gefnar eru gætur framkomu þingsins í öðrum fjármálum. Þegar þetta sama háa Alþingi er að ræða um laun til starfsmanna landsins, þá eru launin numin svo við neglur sjer, að undan blæðir, og við borð liggur, að jafnvel heil stjett landsins hætti starfi fyrir það. Þótt því háttv. Nd. hafi samþ. þessi 4 þúsund kr., þá er jeg ekki í vafa um, eftir meðferð þeirri að dæma, sem önnur frv. um laun til starfsmanna landsins hafa fengið hjá henni, að ýmsir háttv. þm. þar hafi ekki gert það með góðri samvisku að greiða atkv. með þessari eftirlaunafúlgu.

Háttv. frsm. (Jóh. Jóh.) tók það fram, að ef eftirlaunataki fengi ekki svona há eftirlaun eins og frv. segir, þá mundi hann halda áfram að vera bankastjóri. En jeg fæ ekki skilið, að það væri neitt tjón fyrir Landsbankann eða landið, þótt svo yrði. En ef svo væri, þá væri það sannarlega ekki meðmæli með því að veita þessi eftirlaun svona óvenjulega há. Háttv. frsm. (Jóh. Jóh.) sagði og, að það væri heilsutjón og líftjón fyrir hann að sitja áfram í bankanum, og nefndin segir hið sama í áliti sínu. En þessi ummæli eru með öllu órökstudd, og þeim fylgir ekkert læknisvottorð, sem þó ætti að vera. Annars eru fleiri órökstuddir dómar í nefndarálitinu, t. d. að bankastjórinn sje eignalaus maður. Orsökina til þess segir nefndin vera þá, að hann hafi látið son sinn fá eignir sínar til umráða, en getur þess ekki, hvort það hafi verið fyrir gjald eða ekki neitt. En þótt hann hefði afhent syni sínum eignir sínar án þess, að beint gjald kæmi á móti, þá mætti álíta, að hann gæti stuðst við það í elli sinni. Að minsta kosti lítur almenningur svo á, sem sá sje ekki á hjarni staddur, sem á góð og efnileg börn til að styðjast við í elli sinni.

Jeg vænti, að hæstv. forseti beri till. okkar fyrst upp, þar sem það er lægsta tala, en annars mun jeg að sjálfsögðu beygja mig hvað það snertir fyrir úrskurði hæstv. forseta.

Frsm. (**Jóhannes Jóhannesson**): Jeg vil benda á, að það má ekki mæla eftirlaun bankastjóra eftir sama mælikvarða og eftirlaun annara embættismanna. Það hefir verið svo, að menn hafa þá fyrst fengið slíka stöðu, þegar þeir hafa sýnt dugnað og eru teknir að eldast, og því geta þeir ekki borið eins úr býtum og þeir, er verða embættismenn yngri að aldri.

4000 kr. eftirlaun þau, sem hjer er um að ræða, eru ekki há, þegar gætt er að því verðfalli, sem orðið hefir á peningum — eru ekki meira en 2000 kr. voru, er síðustu bankastjóraeftirlaun voru ákveðin. Ef Björn bankastjóri Kristjánsson hefði komist í embætti á þeim aldri, sem venja er til, þá hefði hann verið búinn að vera embættismaður í 30 ár og ætti heimting á $^2/_3$ launa sinna í eftirlaun, eða 4000 kr., eins og frv. fer fram á.

Háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) hjelt því fram, að nefndin færi með órökstutt mál, og virtist gera kröfu til, að nefndin færði lagasönnur á ummæli sín. Í tilefni af þessu skal jeg taka það fram, að ummælin eru eftir bankastjóranum sjálfum, og tel jeg, að við það megi una, og það hefir ekki verið siður hjer á Alþingi að krefjast þess, að bú væru skrifuð upp eða ummæli staðfest með eiði eða efnahagsskýrsla tek-

in af þeim, sem eftirlauna hafa átt að verða aðnjótandi, eins og gert er af þurfamönnum áður en þeir þiggja sveitarstyrk.

Kristinn Daníelsson: Við fyrstu umr. um frv. þetta tók jeg það fram, að jeg teldi enga þörf á því, að það væri sett í nefnd; annars vegar vegna þess, að maður sá, er hjer á hlut að, er svo kunnur öllum háttv. deildarmönnum, og hins vegar vegna þess, að málið væri svo einfalt; það væri öllum háttv. deildarmönnum fært að gera sjer sjálfum grein fyrir því, hvern kost þeir vilja gera Birni bankastjóra Kristjánssyni, er hann lætur af störfum sem bankastjóri fyrir Landsbankann. Og jeg fann enga ástæðu til að hrekja frv. á milli deilda, ef háttv. þm. gætu annars fallist á aðalefni þess, en nú sje jeg, að háttv. nefnd ætlast til þess, og tel jeg það miður farið, þótt jeg sje henni hins vegar samþ. í aðalatriðunum. Jeg hefi ekkert á móti því að breyta fyrirsögn frv., en jeg tel það ekki skifta svo miklu máli, að ástæða sje að hrekja frv. þess vegna, og ekki sje jeg heldur neina ástæðu til að setja inn í frv. tímatakmark það, er nefndin hefir sett. Jeg er því í sjálfu sjer á móti brtt. nefndarinnar og finst þær ekki skifta neinu máli, en best fara á því að samþ. frv. óbreytt. Slík afgreiðsla hefði mjer þótt samboðnust háttv. efri deild.

Það er öllum háttv. þm. fyllilega kunnugt og ljóst, að þessi maður hefir af mikilli óeigingirni lagt fram allan áhuga í þarfir bankans. Tel jeg víst, að hyggindi hans og þekking hafi komið að góðu í þeim störfum, og veit jeg, að jeg get mælt þetta fyrir munn margra. Og þótt einhverjir, sem minni velvild bera til hans, skoðuðu þetta á annna hátt, þá mundi þó enginn draga hitt í efa, áhuga hans og ósjerhlífni sína og hyggindi til þess að efla og bæta hag og viðgang stofnunar þeirrar, Landsbankans, er hann hefir unnið fyrir. Vil jeg hjer engar öfgar, heldur sannindi ein, sem jeg gæti jafnt sagt um óvin sem vin.

Brtt. þá, sem fram hefir komið og prentuð er á þgskj. 235, mætti líta svo á, að væri komin fram af ertni eða af því, að menn vildu móðga bankastjórann, ef hún væri ekki frá þeim mönnum, sem jeg ætla alls ekki slíkt og frítek þá frá því. En þar sem þeir færa þau rök og telja sig bera till. eingöngu fram í því skyni, að láta vera samræmi milli þessara eftirlauna og eftirlaunalaganna, þá mun erfitt að ná því samræmi, svo að engin missmíði finnist á, og ekki er það samræmi til nú í eftirlaunalögunum sjálfum; nægir þar að benda á eftirlaun presta, saman borið við eftirlaun t. d. sýslumanna. Hjer er ekki heldur um lögboðin eftirlaun að ræða, heldur um það, hvernig þingið vill gera til manni, sem lætur af samviskusamlega unnu mikils háttar starfi, og þá lít jeg svo á, sem þingið verði að greiða mönnum eftir því, hversu samviskusamlega þeir hafa leyst störf sín af hendi. Og þegar um bankastjórastarf er að ræða, þá munu einatt verða valdir þeir menn í það, er verða að leggja niður önnur arðvænlegri störf og þess vegna fá órífleg laun. Þetta hefir þessi maður gert og alls engan aukahagnað haft við hliðina á starfi sínu.

En ef það á að vera samræmi, þá ætti að bera saman við fyrv. bankastjóra. Og jeg þykist ekki gera þeim sál. heiðursmanni Tryggva Gunnarssyni neitt rangt til, þótt jeg segi, að Björn bankastjóri Kristjánsson hafi ekki síður nje síðra pund lagt fram í þarfir bankans.

Og þegar verið að ákveða upphæð eftirlaunanna, þá verða háttv. þm. að

gæta þess, að orðið hefir hin síðustu ár, stríðsárin, gífurlegt verðfall á peningum, svo að sama upphæð er nú í rauninni miklu lægri laun en þá.

Jeg vona því, að brtt. verði ekki samþykt, enda verð jeg að taka undir með háttv. framsm. (Jóh. Jóh.) um það, að það er vafasamt, hvort það hefði þá nokkra þýðingu að samþykkja frv., því að jeg get þá búist við, að þessi maður sjái sjer ekki fært að nota rjettinn, en hætti á um heilsufar sitt að halda áfram og láta ráðast um sinn, hvað við tekur á öðru þingi.

Jeg vil því eindregið mæla með því, að frv. verði samþ. óbreytt, að minsta kosti að efni og aðalatriðum.

ATKVGR.

Brtt. 235. feld með 9:4 atkv.
— 239. — — 9:5 —
— 218,1. (ný frvgr.) samþ. með 8:3 atkv.
— 218,2. (ný fyrirsögn) samþ. með 8:1 atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. G., H. Sn., Jóh. Jóh., K. D., M. K, M. T., S. E., S. J., G. B.
nei: E. P., G. Ó., H. St, K. E., S. F.

Á 32. fundi í Ed., föstudaginn 31. maí, var frv. tekið til 3. umr. með fyrirsögninni

Frumvarp til laga um eftirlaun handa Birni bankastjóra Kristjánssyni (A. 257).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 7:4 atkv. og endursent Nd.

Á 37. fundi í Nd., laugardaginn 1. júní, var útbýtt

Frumvarpi til laga um eftirlaun handa Birni bankastjóra Kristjánssyni,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 279).

Á 47. fundi í Nd., miðvikudaginn 12. júní, var frv. tekið til einnar umr. (A. 279, n. 316).

Frsm. (Þorleifur Jónsson): Eins og sjá má af nál. á þgskj. 316, hefir allsherjarnefnd ekki sætt sig við orðalagið á frv., eins og Ed. skildi við það. Í frv., eins og það er orðað af Ed., er eftirlaunarjetturinn einskorðaður við 1. júlí þetta ár. Þetta atriði þótti nefndinni sjerstaklega ankanalegt. Bankastjórinn hefir lýst yfir því, að hann óskaði lausnar frá embætti sínu, og farið þess á leit við þingið, að það veitti sjer eftirlaun. Því væri það ankanalegt, ef þingið segði: Jú, þú skalt fá eftirlaun, en þá verður þú að fara frá embætti þínu einhvern vissan dag. En það er óvenjulegt, að þingið setji þvílíkar skorður í slík lög. Man jeg það, þegar Tryggva sál. Gunnarssyni voru veitt samskonar eftirlaun, að þau voru ekki bundin neinu tímatakmarki, heldur miðuð við þann tíma, er hann hætti starfinu.

Bankastjórinn (B. K.) hefir, sem kunnugt er, skýrt svo frá, að hann óskaði að fara sem fyrst frá bankanum, og nefndin vill láta hann einráðan um, hve nær hann beiðist lausnar. Hún áleit það eigi á valdi þingsins að ákveða slíkt. Jeg býst við, að ákvæði það, sem Ed. setti í frv., gefi í skyn, að þingið setji bankastjóranum stólinn fyrir dyrnar. En slíkt gæti auðvitað ekki komið til mála. Það er ekki þingsins verk, eða á þess valdi, að leysa menn frá störfum; það er stjórnarinnar að ákveða slíkt, og þess vegna kom nefndinni sam-

an um að breyta orðalaginu í sama horf og það var áður, og væntir, að brtt. nái fram að ganga hjer í háttv. deild. En jeg vil geta þess, að ef brtt. verður feld, er vafasamt, að nefndin geti aðhylst frv.

Jeg hefi ekki fleira um þetta mál að segja, en fel það á vald háttv. deildar, og vænti jeg, að hún samþ. brtt. nefndarinnar.

Sveinn Ólafsson: Af því að jeg var meðflutningsmaður frv. þessa í upphafi, kann jeg betur við að skýra afstöðu mína til þess, einkanlega vegna þess, að það hefir orðið fyrir breytingum, sem komu mjer á óvart, og líka af því, að svo virðist, sem nefndin örvænti um úrslit þess, ef brtt. nær ekki fram að ganga. Jeg efast líka um, að málið lykti á æskilegan hátt, ef það hrekst deilda millum að nýju.

Um grunsemdir manna á breytingum Ed. skal jeg geta þess, að jeg sje hvergi þá hættu, að bankastjórinn þurfi að fara frá 1. júlí. En lögin heimila honum eftirlaun, hvort sem hann segir af sjer 1. júlí eða síðar. En jeg get ekki litið á þetta ákvæði sem skipun um, að hann eigi að fara frá 1. júlí, enda væri það ekki viðurkvæmilegt. Aðalatriðið er, að hann á að fá eftirlaun og er sjálfráður um, hve nær hann segir starfinu lausu; að því vil jeg ganga vísu og vil ekki eiga á hættu, að hrakningur frv. milli deilda valdi óheppilegri úrslitum. Þess vegna mun jeg greiða atkv. með frv. óbreyttu.

Björn Kristjánsson: Um leið og jeg þakka hinni háttv. deild fyrir, hve hlýlega hún tók á móti frv. um, að mjer yrðu ákveðin eftirlaun, er málið var til meðferðar hjer í hinni háttv. deild, vil jeg leyfa mjer að taka það fram, að þar sem sá skilningur mun nú af sumum vera lagður í frv., eins og það kom frá háttv. efri deild, að eftirlaunin sjeu því skilyrði bundin, að jeg láti af stjórn bankans 1. júlí þ. á., þá treysti jeg mjer ekki til að ganga að neinu slíku skilyrði, eða að taka við eftirlaunum bygðum á því, og óska jeg því, að frv. um eftirlaun til mín verði tekið út af dagskrá eða felt, ef brtt. allsherjarnefndar á þgskj. 316 verður ekki samþ.

Frsm. (Þorleifur Jónsson): Það eru að eins örfá orð, í sambandi við ræðu háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.).

Hann sagði, að ekki mætti líta svo á, að í frv. fælist kvöð á bankastjóranum um að fara frá 1. júlí. Vel getur verið, að svo megi skilja ákvæðið, en beinast liggur þó við að leggja í það þann skilning, að eftirlaunarjettur hans sje bundinn við þennan mánaðardag, þar sem lögboðið er, að honum skuli greidd eftirlaun frá þeim degi, og þar með ákveðið, að hann fari þá frá. — Ef þessi skilningur er rangur, er það gott og blessað; en jeg er hræddur um, að svo verði ekki álitið af dómstólunum og stjórninni.

Bjarni Jónsson: Þegar mál þetta var hjer áður til umr., bar jeg fram brtt., sem komst ekki að. Jeg vildi fá yfirlýsingu af hálfu flutningsmanna um, hvort bankastjórinn færi frá vegna heilsubrests. Ef heilsubrestur orsakar lausnarbeiðni hans, er jeg frv. fylgjandi, en ella mun jeg eigi greiða því atkv. mitt.

En þó að svo sje ákveðið í frv., að bankastjóranum beri eftirlaun frá 1. júlí, má ekki skilja þetta ákvæði svo, sem honum sje skipað að segja af sjer þann dag, ef heilsa hans færi t. d. batn-

andi og hann gæti gegnt starfinu í mörg ár enn. Í ákvæðinu felst að eins þetta, að upp frá þeim degi fær hann eftirlaun, hve nær sem hann segir starfinu lausu. Að minsta kosti fylgir því frá minni hendi sá skilningur.

Jeg býst við að greiða atkv. með þessu frv., eftir það, sem fram kom í Ed. En þar kom það skýrt fram, að bankastjórinn treysti sjer ekki, sökum heilsubrests, að gegna embætti þessu.

Sveinn Ólafsson: Jeg er meðflutningsmaður þessa frv. og finn mjer því skylt að styðja að framgangi þess í þeirri mynd, að það tryggi eftirlaunagreiðsluna.

Jeg vil geta þess, út af orðum háttv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.), að þetta með dagsetninguna 1. júlí lít jeg svo á, að eftir málvenju geti ekki komið til tals, að nokkrum manni sjeu veitt eftirlaun meðan hann gegnir embætti og þiggur embættislaun. Með þessu orðalagi er hann alls ekki skuldbundinn til þess að láta af embættinu 1. júlí, heldur er, eins og háttv. þm. Dala. (B. J.) tók svo ljóst fram, með þessari tímatakmörkun átt við, að frá þeim degi hafi hann tryggingu fyrir eftirlaununum, hve nær sem hann segir af sjer. Það nær engri átt, að bankastjórinn verði sviftur embætti frá 1. júlí, ef þetta verður samþykt og hann segir ekki af sjer.

Að breyta frv. þessu nú að nýju og flækja því á milli deilda, gæti auðveldlega orðið því að falli. Þess vegna mun jeg greiða því atkv. í þessari mynd.

Frsm. (Þorleifur Jónsson): Að eins örstutt athugasemd.

Það má vel vera, að tímaákvörðunina megi skilja eins og háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.). En ef svo er, langar mig til þess að spyrja hann, hvernig standi þá á því, að hann skuli vera hræddur um, að frv. verði felt í Ed., ef því verði breytt í það horf, er það fyrst kom í hjer inn í deildina? Mjer sýnist, að Ed. ætti, ef skilningur háttv. þm. (Sv. Ó.) er rjettur, að geta fallist tafarlaust á brtt. allsherjarnefndar.

Bjarni Jónsson: Jeg vil leyfa mjer í þessu sambandi að benda á álit allsherjarnefndar Ed. Þar stendur, að hún hafi haft tal af Birni Kristjánssyni bankastjóra um málið, og hafi hann lýst yfir því, að frv. væri borið fram eftir ósk sinni, og að það væri ósk sín að láta af embættinu 1. júlí. Síðar í álitinu stendur: »Rjett þykir og nefndinni að binda eftirlaunarjettinn við ákveðið tímatakmark og vill setja 1. júlí næstkomandi, eftir ósk bankastjórans«. Nú vitum við, að háttv. Alþingi hefir engin ráð til að setja menn af embætti, nema þá ráðherrana. Það er stjórnin, sem fer með það vald, og því kemur það þinginu ekkert við. Og síst af öllu er ástæða til að ætla, að háttv. Ed. hafi sett þetta tímatakmark inn í frv. af fjandskap við bankastjórann, því að svo verður að líta á, að þingið mundi ekki vilja gera svo við mann, sem því er svo vel við, að það ákveður honum eftirlaun, þótt hann hafi engan lagalegan rjett til þeirra.

Að það geti verið hættulegt að hrekja málið milli deildanna, get jeg vel skilið, því að ekki er ólíklegt, að mönnum detti í hug, að hjer sje verið að gera gys að þinginu. Jeg skil ekki, hvernig háttv. allsherjarnefnd Nd. hefir getað farið fram á að breyta þessu aftur, því að best hefði verið, að málið hefði gengið í gegnum þingið þegjandi og hljóðalaust. Það má líka nefndin vita, að það lá fyrir utan verksvið þingsins að

framkvæma frv. á þann hátt, sem hún hyggur.

Gísli Sveinsson: Jeg skal ekki lengja umr. að mun, enda hefi jeg gert grein fyrir atkvæði mínu, er málið var hjer til umr. áður í háttv. deild.

Jeg hefi verið dálítið hissa á gangi málsins frá upphafi, ekki alls kostar yfir því, að frv. kom fram, heldur af hinu, hvernig tekið hefir verið í það af mönnum. Jeg hefi sem sje sjeð, að þeir hv. þm., sem telja sig mestu sparsemdarmennina á fje landssjóðs, þeir hinir sömu hafa gengist fyrir þessu frv. og verið því samþykkir. Þess framkoma þeirra fær mig til þess að álíta, að þessir háttv. þm. sjeu nú komnir að þeirri niðurstöðu, að embættismenn eigi eftirlaunin skilið og að yfirleitt eigi svo að breyta við þá, sem hjer er gert.

Brtt. háttv. Ed. eru að vissu leyti til bóta, en að sumu leyti líka algerlega út í hött.

Það er breyting til bóta, að fyrirsögninni skuli hafa verið breytt, því að nú sjest það, sem er, að þetta eru sjerstök lög um eftirlaun handa þessum eina manni, en ekki breyting á bankalögunum, eins og það var áður orðað. En það skil jeg aftur ekki, hvernig háttv. allsherjarnefnd Ed. hefir komist að þeirri niðurstöðu, að setja þetta tímatakmark 1. júlí 1918, því að nú er því lýst yfir, að þetta skuli að eins vera ákvæði um það, að frá þessum tíma skuli þessi maður hafa rjett til eftirlaunanna. En aftur á móti hefi jeg heyrt því haldið fram af sumum háttv. þm. Ed., að með þessu væri verið að binda það fast, að bankastjórinn yrði að segja af sjer 1. júlí, og þessi skilningur hefir eitthvert vit í sjer, ef menn vilja binda eftirlaunin við einhvern slíkan vissan tíma.

Það hefir flogið fyrir orðasveimur um það, að sumir flutningsmenn þessa frv. og stuðningsmenn bæru það aðallega fram til þess að kaupa þennan mann út úr bankanum. Jeg skal ekkert um það segja, hversu mikið er hæft í þessum orðrómi, en eftir allan þennan rekstur fer jeg að halda, að eitthvað geti verið til í því, að þessir menn ætli sjer og hafi ætlað sjer að kaupa bankastjórann til þess að fara brott, á tilsettum degi, úr bankanum.

Hvað svo sem minni afstöðu til þessa manns líður og skoðunum okkar fyr og síðar, þá hefi jeg ekki sjeð ástæðu til að setja lög um það, hve nær hann skuli fara, því að það er verk landsstjórnarinnar einnar, í samráði við hann, eða að honum nauðugum. Annaðhvort er því að samþykkja enga tímaákvörðun og hafa frv. eins og það fór hjeðan úr deildinni, eða þá að samþykkja engin lög um eftirlaun handa manni þessum, og mun jeg fara því fram.

Bjarni Jónsson: Jeg hefi fengið að vita það af einum háttv. þm. Ed., að það hafi sjerstaklega vakað fyrir deildinni, er þetta ákvæði var sett inn í frv., að bankastjórinn gæti fengið eftirlaunin frá 1. júlí, þótt lögin hefðu þá ekki fengið staðfestingu. Það vita sem sje allir, að það getur liðið alllangur tími frá því að lögin eru samþykt af þinginu og þar til er þau ná fullkominni staðfestingu. Með þessu ákvæði er því manninum gert það kleift að segja af sjer hve nær sem er eftir 1. júlí, án þess að bíða nokkurn skaða. Þetta er það, sem háttv. þm. Ed. hafa í hug haft, er þeir bættu þessu tímatakmarki inn í

frv., og skil jeg því ekki, að neinn þurfi að sjá ofsjónum yfir því, að frv. verði samþykt með þessari breytingu.

ATKVGR.

Brtt. 316. samþ. með 13 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. M, M. G., M. P., P. O., P. Þ., S. St., Þorl. J., Þór. J., E. A, E. J., G. Sv., J. J., Ó. B.

nei: J. B., M. Ó., P. J., St. St., Sv. Ó., Þorst. J., B. Sv., B. J., B. St., E. Árna., H. K.

B. K. greiddi ekki atkv.

Einn þm. (S. S.) fjarstaddur.

Frv., svo breytt, samþ. með 18 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. St., E. A., E. J., G. Sv., J. J., J. M., J. B., M. G., M. P., M. Ó., P. O., P. Þ., S. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., B. J., Ó. B.

nei: E. Árna., H. K., P. J., St St., Þór. J., B. Sv.

B. K. greiddi ekki atkv.

Einn þm. (S. S.) fjarstaddur.

Frv. endursent Ed.

Á 43. fundi í Ed., föstudaginn 13. júní, var útbýtt

Frumvarpi til laga um eftirlaun handa Birni bankastjóra Kristjánssyni,

eins og það var samþykt við eina umr. í Nd. (A. 346).

Á 56. fundi í Ed., miðvikudaginn 3. júlí, var frv. tekið til einnar umr. (A. 346, n. 421).

Forseti: Háttv. frsm. nefndarinnar (Jóh. Jóh.) er ekki viðstaddur á fundinum, og tek jeg því málið út af dagskrá.

Á 57. fundi í Ed., fimtudaginn 4. júlí, var frv. aftur tekið til einnar umr. (A. 346, n. 421).

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Jeg vil láta mjer nægja að vísa til framhaldsnefndarálits allsherjarnefndar, sem prentað er á þgskj. 421. Þar er það tekið fram, að minni hluti nefndarinnar geti sætt sig við frv., eins og það kom nú frá háttv. Nd., en að meiri hluti nefndarinnar vilji gera á því þá breyting, að lögin öðlist strax gildi. Jeg lít svo á, sem þessi breyting meiri hlutans sje alveg nauðsynjalaus, og get því, eins og jeg tók áðan fram, greitt atkv. með frv, eins og það liggur fyrir.

Magnús Torfason: Jeg ætlaði mjer ekki að taka til máls um þetta efni, er hjer liggur fyrir, en það hefir farið svo, að jeg er neyddur til þess.

Þegar frv. þetta kom til háttv. Nd. frá háttv. Ed., þá stóð Björn bankastjóri Kristjánsson upp og las upp yfirlýsingu þess efnis, að hann gæti ekki sætt sig við frv., eins og það var orðað hjer.

Eins og gefur að skilja, þá kom þetta mjög flatt upp á nefndina, því að nefndarálitið var sjerstaklega borið undir hann, en þó verð jeg að segja, að ástæður bankastjóra og þingmannsins til þess, að hann gæti ekki sætt sig við frv., voru enn þá undarlegri. Hann sagði, að þar sem sá skilningur af sumum hefði verið lagður í frv., að eftirlaunin væru því skilyrði bundin, að hann ljeti af stjórn bankans 1. júlí þ. á., þá treysti hann sjer ekki til að ganga að neinu slíku skilyrði og gæti því ekki unað við lögin, þannig úr garði gerð. En

eins og allir heilskygnir menn sjá, þá er engin ástæða til að draga þessa ályktun út úr áliti allsherjarnefndarinnar hjer og ekki heldur af umræðunum hjer í hæstv. Ed., með öðrum orðum, þessi skilningur bankastjórans lýsir ekki öðru en því, að hann er orðsjúkur maður, en það er sjúkdómur sem enginn, allra síst þingmaður, má vera haldinn af.

Í nefndarálitinu er skýrt frá því, að meiri hluti nefndarinnar geti ekki sætt sig frv. með þeim búningi, er það hlaut í háttv. Nd, og verði »því fremur« að leggja áherslu á það, að lögin öðlist strax gildi.

Það er fyrir orðunum »því fremur«, sem jeg vil gera nokkur skil.

Það stendur svo á þessu, að jeg fyrir mitt leyti er ekki í nokkrum vafa um það, að bankastjórinn er sjúkur. Öll framkoma hans í bankanum síðan hann hvarf í hann aftur sýnir, að hann er sjúkur og að alt hugsanalíf hans er sjúkt, enda er það vitanlegt, að hann hefir ekki gegnt starfi sínu nema með höppum og glöppum.

Það er frágangssök fyrir bankann að hafa sjúkan yfirmann á þessum vandræðatímum. Bankinn verður að hafa þá menn eina, sem hafa alla hæfileika sína óbilaða, eru með fullum kröftum og fjöri; menn, sem eru í einskonar millibilsástandi eða sjúkir, duga þar ekki. Þingið tekur því á sig mikla ábyrgð, ef það samþykkir ekki brtt. nefndarinnar, ábyrgð, sem það fær ef til vill ekki undir risið, því að það er nauðsynlegt, að bankinn fái sem fyrst færa og góða starfskrafta.

Það hagar nú svo til, að bankann og landið vantar starfsfje. Það er því nauðsynlegt, að bankastjóri fari utan í fjárleitir; en ef svo verður, þá eru ekki eftir nema tveir stjórnendur bankans, og annar þeirra sjúkur. Það sjá því allir, að það er nauðsyn, að hann fái lausn sem fyrst — sem allra fyrst, Og taka vil jeg það fram, að bankastjórinn þarf, eftir stritt og erfitt starf, að fá frið sjálfs sín vegna, og mjer finst rjett og skylt, að háttv. deild styðji að því, að það megi verða sem fyrst.

Jeg hefi orðið var við það, að jeg hefi verið bendlaður við þetta mál á þann hátt, að jeg ætlaði mjer þá stöðu þá, er losnar, er Björn bankastjóri Kristjánsson lætur af starfi í Landsbankanum. Jeg hefi margoft tekið það fram, í viðræðum við menn, að ekkert sje í þessu hæft. En þar sem jeg hefi orðið þess var, að ekki er hægt að kæfa þennan orðróm niður, þá vil jeg lýsa yfir því hjer í háttv. Ed., að mjer hefir aldrei dottið í hug að sækja um þessa stöðu. Jeg veit það líka, að hver maður, sem nokkuð þekkir til kjara minna, hlýtur að sjá, að það gæti ekki komið til mála.

Að endingu vil jeg taka það fram, að jeg hefi ekki með þessum orðum viljað minka Björn bankastjóra Kristjánsson. Hann hefir verið mjög nýtur borgari að mörgu leyti, en honum er það ekki sjálfrátt, þótt hann sje sjúkur.

Karl Einarsson: Jeg ætlaði að láta þetta mál með öllu afskiftalaust og alls ekki taka til máls, en það kom fram mishermi í ræðu háttv. þm. Ísaf. (M. T.), sem jeg vil leiðrjetta.

Jeg hygg, að það muni vera best, til þess að eyða þessu mishermi, að lesa upp yfirlýsingu þá, er Björn bankastjóri Kristjánsson gaf um þetta í háttv. Nd. 12. júní.

Yfirlýsing hans hljóðar svo:

> »Um leið og jeg þakka hinni hv. deild fyrir, hve hlýlega hún tók á móti frv. um, að mjer yrðu ákveðin eftirlaun, er málið var til meðferðar hjer í háttv. deild, vil jeg leyfa

mjer að taka það fram, að þar sem sá skilningur mun nú af sumum vera lagður í frv., eins og það kom frá háttv. Ed., að eftirlaunin sjeu því skilyrði bundin, að jeg láti af stjórn bankans 1. júlí þ. á, þá treysti jeg mjer ekki til að ganga að neinu slíku skilyrði, eða að taka við eftirlaunum, bygðum á því, og óska jeg því, að frv. um eftirlaun til mín verði tekið út af dagskrá eða felt, ef brtt. allsherjarnefndar á þgskj. 316 verður ekki samþykt«.

Þessi brtt. frá allsherjarnefnd, sem hjer er nefnd, var um það að færa frv. í sama horf og það var, áður en það var sent til Ed., og var hún samþykt. Það er tekið fram í frv., að landsstjórnin greiði Birni bankastjóra Kristjánssyni eftirlaun, 4000 kr. á ári, frá þeim tíma, að hann lætur af bankastjórastarfi, og jeg hygg, að það geti ekki verið nokkur vafi á því, að stjórnin hafi, eftir venjulegum lögskýringareglum fullkomna heimild til þess að greiða honum eftirlaun þessi, þótt hann ljeti strax af starfi sínu.

Háttv. þm. Ísaf. (M. T.) sagði, að álit það, að eftirlaunin væru skilyrði bundin, ættu sjer enga stoð neinsstaðar. En þetta álit kemur berlega fram í framhaldsnefndaráliti allsherjarnefndar hv. Nd. Þar segir svo: »Nefndinni virðist algerlega rangt að binda eftirlaunarjettinn við ákveðinn mánaðardag, þar sem það alls ekki er á valdi Alþingis að taka nokkra ákvörðun um lausn embættis- eða sýslunarmanna frá störfum þeirra . . . .« Allsherjarnefndin hefir því lagt þennan skilning í þetta ákvæði, og því er ekki hægt að segja annað en að það sje rjett, sem segir í yfirlýsingu bankastjórans, að þessi skilningur hafi komið fram. Að hann lætur skoðun sína í ljósi á þessu atriði, gat því ekki komið flatt upp á háttv. þm. Ísaf. (M. T.).

Jeg fæ ekki betur sjeð en að háttv. þm. Ísaf. (M. T.) hafi sannað það með ræðu sinni, að rjettast sje að láta slag standa og veita eftirlaunin eins og hv. Nd. vill, og jeg efa ekki, að bankastjórinn láti af bankastjórninni þegar hann getur ekki þjónað því lengur, vegna heilsu sinnar.

Jeg hefi nú sýnt, að af yfirlýsingu bankastjórans verður ekki dregin sú ályktun, að bankastjórinn sje sjúkur, eins og háttv. þm. Ísaf. (M. T.) gerði.

Annars ætla jeg ekki að ræða málið sjálft og tel rjettast, að atkvæði ein skeri þar úr.

Halldór Steinsson: Jeg get ekki neitað því, að gangur þessa máls er harla einkennilegur og er fremur þinginu til vansa en til sóma.

Upprunalega er frv. borið fram í hv. Nd., að jeg tel, fyrir tilmæli háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.), eða bankastjórans sjálfs. Strax er málið kom fram, kom það í ljós, að þingið var þrískift í málinu. Í fyrsta flokknum eru þeir menn, sem telja Björn bankastjóra Kristjánsson alls góðs maklegan og vilja því veita honum eins há eftirlaun og frv. gerir ráð fyrir. Í öðrum flokknum eru þeir, sem í sjálfu sjer þykja eftirlaunin of há og eru í rauninni andvigir frv.. Þeir slæðast þó með því vegna þess, að þeir vilja fá þennan bankastjóra út úr bankanum. Það er þó hvorki af mannúð nje vorkunnsemi, eins og háttv. þm. Ísaf. (M. T.) sagðist frá, heldur af einhverju öðru, sem þeir hirða ekki að greina frá. Loks er þriðji flokkurinn; þeir hafa það eitt við frv. að athuga, að eftirlaunin sjeu alt of há, með tilliti til þeirra eftirlauna, sem aðrir fá.

Og þessi sama skifting kom einnig

fram hjer í háttv. Ed., og varð enn gleggri hjer, þegar allsherjarnefndin setti það skilyrði fyrir eftirlaununum, að bankastjórinn ljeti af starfi sínu 1. júlí. Brtt. nefndarinnar var samþykt, frv. fór til háttv. Nd., er breytti því aftur í fyrri búning sinn, og nú kemur háttv. nefnd aftur með skilyrðið, þótt í öðrum búningi sje.

Gangur málsins er því mjög óhreinn, og þótt frv. yrði samþykt, þá sýndi það alls ekki þann vilja Alþingis, að veita jafnhá eftirlaun og hjer er um að ræða.

Jeg vil því bera upp eftirfarandi dagskrá:

> *»Í því trausti, að næsta reglulegt Alþingi hlutist til um, að Birni bankastjóra Kristjánssyni verði veitt hæfileg eftirlaun frá þeim tíma að hann lætur af embætti, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.*

Jeg vænti, að háttv. þm. sjái, við nánari athugun, að málið er best leitt til hafnar með dagskrá þessari.

Magnús Torfason: Jeg þarf ekki að svara háttv. þm. Vestm. (K. E.) mörgum orðum. Hann hóf ræðu sína með því að segja, að jeg hefði farið með mishermi, en hann skýrði aldrei frá, í hverju þetta mishermi hefði verið fólgið, enda mundi það hafa verið allörðugt verk. Jeg hafði fyrir framan mig yfirlýsingu þá, er bankastjórinn gaf í háttv. Nd. og háttv. þm. (K. E.) las upp, og hljóðaði hún, eins og vita mátti, eins, svo að þar gat ekki verið um neitt mishermi að ræða.

Jeg skal geta þess, að undir umræðunum í háttv. Nd. var því lýst yfir skýrt og skorinort, að allsherjarnefnd Ed. hefði ekki lagt þann skilning í þessa grein, að Birni bankastjóra Kristjánssyni væri skylt að fara frá sem bankastjóra 1. júlí. Þetta var tekið skýrt og skilmerkilega fram, að minsta kosti tvisvar undir umræðunum, og nefndinni gat vitanlega aldrei komið til hugar, að hann færi frá öðruvísi en venja er til, það er að segja, sækti um lausn frá starfinu, eða yrði veitt lausn í »náð«, sem svo er kallað.

Og ekki fæ jeg skilið, hvernig unt er að leggja annan skilning í greinina en þann, er semjendur hennar, allsherjarnefndin, hefir margtekið fram að væri hinn rjetti, og það því fremur, sem frv. er flutt að tilhlutun bankastjórans og hann óskaði að losna sem fyrst frá bankanum. Var því breytingin gerð honum í vil.

Annars er ekki ástæða til að taka mikið tillit til allsherjarnefndar háttv. neðri deildar, eða þess, sem hún hefir gert í þessu máli. Við vitum, að þegar málið kom hingað, þá var það alveg undirbúningslaust, og ekkert af þeim skilyrðum fyrir hendi, sem eftirlaunalögin tilskilja. Það var ekki upplýst, hvort bankastjórinn óskaði eftir þessum eftirlaunum, og allsherjarnefndin þar hafði alls ekki átt tal við bankastjórann um málið. Þessu var fyrst kipt í lag hjer og þá borin fram brtt., enda var hún rjett og sjálfsögð, bæði frá sjónarmiði Björns bankastjóra Kristjánssonar og Landsbankans.

Háttv. þm. Snæf. (H. St.) var að tala um það, að gangur málsins hjer á þingi hefði verið óhreinn. Það kann vel að vera, að svo sje, en gangur þessa frv. er ekki óhreinni en fjölda margra annara, og það er altítt, að það liggja misjafnar ástæður til þess, að menn greiða atkv. með einhverju máli. Og þótt sumir leggi meiri áherslu á frv. þetta vegna bankans sjálfs, þá sje jeg ekki, að það sje neitt slæmt við það, eða að það sje bankastjóranum til hneisu.

Kristinn Daníelsson: Jeg vil þegar taka það fram, að jeg get ekki

fylgt dagskrá þeirri, sem háttv. þm. Snæf. (H. St.) ber fram. Báðar þingdeildirnar hafa þegar samþykt aðalefni frv. Þingviljinn er ábyggilega sá, að bankastjóranum sjeu nú þegar ákveðin eftirlaun frá þeim tíma, þegar hann lætur af starfi.

Annars var ýmislegt rjett af því, sem háttv. þm. Snæf. (H. St.) sagði. Hann sýndi fram á, að meðferð þessa máls hefir ekki verið sú, sem vera átti, og þinginu ekki til sóma.

En einkum stóð jeg upp út af því, sem háttv. þm. Ísaf. (M. T.) sagði, að bankastjórinn sje sjúkur maður. Með þeirri hugsun, sem það virtist fram borið, vildi jeg ekki, að það sjúkdómsvottorð fengi að koma hjer fram ómótmælt, en tel svo enga þörf á að fara um það fleiri orðum.

Um brtt. skal það sagt, að það er tæplega viðeigandi að fara að hrekja nú málið til sameinaðs þings. Eins og mönnum er kunnugt, þarf $^2/_3$ atkvæða til þess, að frv. nái samþykki þar; gæti því sá málarekstur orðið málinu að falli, þótt tilgangurinn eigi ekki að vera sá, og þannig orðið til þess að koma í veg fyrir, að glöggur þingvilji í þessu máli nái fram að ganga.

Fleira skal jeg ekki leggja til málanna. Jeg vildi að eins ekki draga dulur á, að jeg álít ekki viðeigandi, að málinu sje flækt lengur, og ekki annað samboðið en að samþykkja það nú til fulls

Magnús Kristjánsson: Það er háttv. þm. Snæf. (H. St.), sem hefir gefið mjer tilefni til að segja nokkur orð. Jeg er ekki ánægður með dagskrá hans. Það er búið að eyða svo miklum tíma í þetta mál, að full ástæða er til að ganga frá því fyrir fult og alt á þessu þingi. Bankastjórinn álítur sig ekki færan um að gegna starfi sínu lengur, vegna heilsubrests. Honum ætti sjálfum að vera kunnugast um það. Úr því að hann hefir fundið til þessa sjúkleika, er skylt, að honum verði sjeð fyrir sæmilegum eftirlaunum. Vegna þessa tel jeg þannig lagaða dagskrá, sem háttv. þm. Snæf. (H. St.) ber fram, ekki heppilega. Ef það þing, sem nú stendur yfir, er ekki fært um að taka ákvörðun í þessu máli, er síst ástæða til þess að halda, að sömu þingmennirnir verði færari um það þegar þeir koma saman næst. Drátturinn væri líka óhæfilegur ef svo skyldi fara, að bankastjórinn ljeti nú þegar af embætti. Jeg skal því leyfa mjer að bera fram aðra dagskrá. Deildin hefir þá um að velja tvær dagskrár, tillögu neðri deildar og brtt. allsherjarnefndar, og auðvitað mæli jeg fram með minni eigin tillögu. Í henni er gert ráð fyrir, að bankastjóranum »verði árlega greiddar 4000 kr. af fje Landsbankans sem eftirlaun, frá þeim degi talið, er hann lætur af bankastjórn«. Einhver kann að koma með þá mótbáru, að ekki sje viðeigandi að minst sje á fjárhagsatriði í rökstuddri dagskrá. En það er misskilningur, og það því fremur, sem hjer er ekki um ráðstöfun á landsfje að ræða.

Jeg veit ekki, hvernig atkvæðagreiðslunni verður hagað; það er á valdi forseta. En jeg vænti þess, að háttv. deildarmenn hugsi sig um tvisvar áður en þeir fella málið með öllu. Mín dagskrá miðar ekki að því, að draga málið til hliðar, heldur er hún endanleg ákvörðun í því. Dagskrána hefi jeg afhent forseta.

Forseti: Mjer hefir borist í hendur frá háttv. þm. Ak. (M. K.) svo hljóðandi rökstudd dagskrá:

»Með því að samkvæmt fram kominni yfirlýsingu má telja víst, að Björn Kristjánsson verði mjög bráðlega að láta af bankastjórastörfum, vegna heilsubrests, væntir deildin þess, að lands-

stjórnin hlutist til um, að honum verði árlega greiddar 4000 kr. af fje Landsbankans sem eftirlaun, frá þeim degi talið, er hann lætur af bankastjórn, og í því trausti, að landsstjórnin líti svo á, að nauðsyn beri til, að stjórn bankans sje í höndum manna með óbiluðu starfsþreki, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg hafði ekki ætlað mjer að skifta mjer af þessu máli. Hvað snertir viðbótartill. háttv. allsherjarnefndar, get jeg ekki sjeð, að í henni felist nein fyrirmæli um það, hve nær bankastjórinn eigi að segja af sjer. Hún gerir ekki aðra breytingu en þá, að bankastjórinn fær fyr greidd eftirlaun, ef hann segir af sjer nú þegar eða á næstu vikum, en vera mundi eftir frv., eins og háttv. Nd. hefir gengið frá því.

Um dagskrá háttv. þm. Ak. (M. K.) er það að segja, að jeg tel yfirleitt ekki viðeigandi, að fjárveitingar sjeu gerðar í dagskrám, sem ef til vill verða til í augnabliksáhrifum.

Það má ekki minna vera en að fjárveitingar sjeu gerðar að minsta kosti í þingsályktunartillögum, ef ekki í beinum aukafjárlögum. En nú er ekki um fjárveitingu úr landssjóði að ræða, og í raun og veru er búið að samþykkja þá fjárveitingu, sem dagskrá háttv. þm. Ak. (M. K.) felur í sjer, í báðum deildum þingsins. Því verð jeg að álíta, að í meðferð málsins liggi heimild fyrir dagskránni eins og hún er, svo framarlega sem engin mótmæli koma fram í deildinni.

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Í dagskrá háttv. þm. Ak. (M. K.) liggur að mínu áliti bending til landsstjórnarinnar um, að bankastjórinn skuli láta af störfum sínum nú þegar, og hlýt jeg því að greiða atkvæði á móti henni. Þykir mjer óliklegt, að háttv. deild leggi samþykki sitt á nokkrar slíkar bendingar.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Mjer kom til hugar, þó að mjer áðan láðist að geta þess, að skjóta því til háttv. þm. Ak. (M. K.), hvort ekki mundi heppilegra að bera dagskrá hans upp í tveim liðum, og bera þá síðari hlutann, frá »og í því trausti, að landsstjórnin líti svo á« og út, upp sjer í lagi.

Magnús Kristjánsson: Háttv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.) gaf mjer tilefni til andsvara, og hefði jeg óskað, að hann hefði ekki gert það. Það er ástæðulaust að vera að draga fram atriði, sem geta hleypt hita í málið. Skilningur þingmannsins (Jóh. Jóh.) á dagskránni var rangur. Síðari hluti hennar var blátt áfram bygður á yfirlýsingu bankastjórans sjálfs (B K.) um heilsufar hans. Það er ekki nema um tvent að velja fyrir háttv. þm. (Jóh. Jóh.); annaðhvort vefengir hann yfirlýsingu bankastjórans sjálfs, eða hann hlýtur að fallast á það, að full ástæða sje til að orða dagskrána eins og hún er orðuð, því að ummæli hennar eru rökrjett afleiðing af orðum bankastjórans. Annars vildi jeg helst komast hjá því að fara lengra inn á þetta atriði.

Jeg lýsti yfir því áðan, að ekki væri nema sjálfsagt að maðurinn ljeti af starfi sínu, þegar hann fyndi sig ekki mann til að gegna því lengur. Það væri ómannúðlegt að reyna að hindra, að svo geti orðið. Þetta vakti fyrir mjer er jeg kom með dagskrána, en því mótmæli jeg harðlega, að um nokkra persónulega óvild sje að ræða. Jeg vildi bjarga málinu úr því öngþveiti, sem

það er komið í. Jeg get ekki fallist á, að í niðurlagi dagskrárinnar sje nokkuð, sem ekki má koma fram. En ef dagskráin yrði þá líklegri til framgangs, er mjer ekki mjög á móti skapi, að síðari hlutinn sje feldur niður. Hinn hlutinn hygg jeg að geti staðið út af fyrir sig.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg skaut þessu fram áðan, að heppilegt væri að bera dagskrá háttv. þm. Ak. (M. K.) upp í tveim hlutum, að eins sem bendingu. Nú vil jeg bæta því við, að dagskráin væri aðgengilegri fyrir þá, sem þurfa að fara með málið samkvæmt henni, ef niðurlagið væri felt burt.

Eins og dagskráin nú er, stappar hún nærri vantrausti á stjórnina, því að vitanlega er það sjálfsögð skylda hverrar stjórnar að sjá um, að embættismenn sjeu vaxnir þeim starfa, sem þeir eiga að gegna.

Eggert Pálsson: Þar sem umræðurnar snúast nú um dagskrárnar, ætla jeg að láta í ljós álit mitt á þeim.

Jeg mun geta aðhylst dagskrá háttv. þm. Snæf. (H. St.). Að mínu viti kemur hún ein til greina. Samkvæmt henni verður það eftir sem áður á valdi þingsins að ákveða eftirlaun bankastjórans. Það er það eina, sem þinginu er samboðið. Hitt væri fjarstæða, að fela stjórninni úrslit málsins.

Þá er dagskrártill. háttv. þm. Ak. (M. K.). Þá er tvent til. Fyrst að samþ. till. í heilu lagi. En þá er því að svara, að niðurlagið er varhugavert. Þar er beint kveðinn upp sá dómur, að starfsþrek bankastjórans sje þegar bilað. En um það eiga aðrir að dæma en þessi háttv. deild. Það er ekki hennar hlutverk að gefa frá sjer heilbrigðisvottorð. Jeg gæti því ekki greitt till. í heild sinni atkv. Annar möguleikinn er sá, að fella burt niðurlagið, en halda fyrri hlutanum. Það væri barnaleikur einn, því að fyrri hlutinn er nákvæmlega eins að efni til og frv. sjálft. Sá, sem getur greitt dagskránni í þeirri mynd atkv., getur alveg eins greitt atkv. með frv. En þar sem jeg er á móti frv., get jeg ekki heldur verið með þessum hluta af dagskrá háttv. þm. Ak. (M. K.).

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Jeg vil vekja athygli deildarinnar á því, að það er alger óþarfi að fjölyrða um þetta mál. Báðar þingdeildirnar eru búnar að samþ. að veita bankastjóranum 4000 kr. eftirlaun. Ágreiningurinn er að eins um formið. Í mínum augum er formið ekki það aðalatriði, að ástæða sje til, vegna þess eins, að hrekja málið milli deildanna. Jeg sje ekki, til hvers alt þetta þref og þjark er og allar þessar till. Mjer virðist sjálfsagt að afgreiða málið nú þegar umræðulítið, þegar allir eru sammála um merg málsins.

Magnús Kristjánsson: Jeg neyðist til að svara 1. þm. Rang. (E. P.) nokkrum orðum. Mjer er óskiljanlegt, að hann skyldi geta haldið aðra eins ræðu og hann hjelt, eftir að jeg hafði gefið skýrar upplýsingar um dagskrá mína. Með sínum biblíulegu útskýringum vildi hann sýna fram á, að dagskrá mín væri annaðhvort óþörf eða móðgun við bankastjórann. Þetta verð jeg að kalla blekkingartilraun, svo að jeg noti ekki önnur verri orð, sem þó gætu lýst þessari aðferð þm. (E. P.) betur. Mjer finst leitt að þurfa að margtaka það upp, að niðurlag dagskrárinnar er rökrjett afleiðing af yfirlýsingu bankastjórans sjálfs. Það, sem er bygt á ummælum mannsins sjálfs, getur ekki verið móðgun við hann.

Jeg vil beina þeirri ósk til hæstv. forseta, að dagskrártill. mín verði borin upp í heilu lagi.

Halldór Steinsson: Háttv. þm. Ak. (M. K.) hjelt því fram, að dagskrártill. mín væri ófullnægjandi og næði ekki tilgangi sínum. Jeg vil mótmæla þessu. Í till. er ætlast til, að bankastjórinn fái eftirlaun, þegar þeirra þarf með. Sami þm. (M. K.) taldi ekki mikinn mun á till. okkar. Það verð jeg þó að telja. Í till. hans eru tiltekin 4000 kr. eftirlaun. Þessi fjárhæð hefir einmitt orðið töluverður ásteytingarsteinn. Margir líta svo á, að þessum manni beri ekki margfaldlega hærri eftirlaun en öllum öðrum embættismönnum landsins.

Annar munur á minni till. og till. háttv. þm. Ak. (M. K.) er sá, að í hans till. virðist koma fram vantraust á Birni bankastjóra Kristjánssyni. Hitt er algerður misskilningur, sem kom fram hjá atvinnumálaráðherranum, að þar lýsi sjer nokkurt vantraust á stjórninni. Það getur víst enginn skilið dagskrána á þá leið.

Að endingu vil jeg óska þess, að háttv. deild samþ. þá dagskrártill., sem jeg hefi borið fram.

Magnús Torfason: Jeg get ekki skilið, hvers vegna ekki má nefna »sjúkdóm« í sambandi við þetta mál, því að það er öllum vitanlegt, að heilsuleysi er eina ástæða Björns bankastjóra Kristjánssonar til að fara þess á leit við þingið, að hann verði settur á eftirlaun.

Háttv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.) hjelt því fram, að skoðanamunur væri að eins um formsatriði, en skoðanamunurinn er meiri en það. Það bera bæði nál. með sjer, og vísa jeg til þeirra. En það er víst um það, að meiri hl. er samþykkari sjálfum sjer en minni hl., enda var öll nefndin með því, að lögin gengju í gildi 1. júlí, og brtt. fara í sömu átt.

Misskilningur sá, sem orðið hefir milli deildanna, stafar einmitt frá bankastjóranum sjálfum. Þingið átti ekki að fá að ráða neinu, heldur að eins samþ. óbreytt það, sem hann vildi vera láta, svo að ef hjer er um skertan þingvilja að ræða, þá kemur það þar fram, í sambandi við bankastjórann, en ekki annarsstaðar.

Um rökstuddu dagskrárnar vil jeg geta þess, að jeg mun geta greitt dagskrá háttv. þm. Ak. (M. K.) atkv. mitt, því að jeg lít svo á, að hún sje fram komin til þess að komast hjá deilu og sundurþykki.

Aftur á móti lít jeg svo á, að dagskrá háttv. þm. Snæf. (H. St.) mundi verða til þess að vekja sömu deiluna aftur á næsta þingi, og mun því alls ekki ljá henni atkv. mitt.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá þm. Ak., M. K., (sjá A. 456) feld með 10:2 atkv.

Rökstudda dagskráin frá þm. Snæf., H. St., (sjá A. 455) feld með 9:5 atkv.

Brtt. 421, 2. samþ. með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. K., M. T., S. E., S. J., S. F., E P., G. G., G. Ó., G. B.

nei: H. Sn., Jóh. Jóh., K. E., K D., H. St.

Brtt. 421, 1. samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. G., Jóh. Jóh., K. D., M. K., M. T., S. E., S. J., G. B.

nei: G. Ó., H. St., H. Sn., S. F., E. P.

Einn þm. (K. E) neitaði að greiða atkv., og færði ekki til neina ástæðu, og lýsti forseti þá yfir því, að beitt mundi verða við þingmanninn ákvæðum þingskapanna um þingviti (53. gr.).

Frv. afgr. til Sþ.

Karl Einarsson: Jeg vil leyfa mjer að mótmæla þeirri yfirlýsingu hæstv. forseta að það varði sektum að greiða ekki atkv.

Forseti: Þingsköpin segja til.

Á 63. fundi í Nd, fimtudaginn 4. júlí, og á 58. fundi í Ed., föstudaginn 5. júlí, var útbýtt frá Sþ.

Frumvarpi til laga um eftirlaun handa Birni bankastjóra Kristjánssyni,

eins og það var samþ. við eina umr. í Ed. (A. 451).

Á 6. fundi í Sþ., laugardaginn 6. júlí, var frv. tekið til u m r.

Frsm allsherjarnefndar Nd. (Þorleifur Jónsson): Jeg skal leyfa mjer að taka það fram, að allsherjarnefnd Nd., sem hafði málið til meðferðar hjer í deildinni, hefir ekki í heild sinni tekið neina ákvörðun eða gert neina ályktun um málið, en mjer er óhætt að segja, að meiri hluti hennar hallast að því að gera ekki ágreining við háttv. Ed. á síðustu stundu.

Eins og háttv. Alþingi er kunnugt, þá er breyting háttv. Ed. að eins innifalin í því, að hún bætti við nýrri grein um það, að lögin öðluðust þegar gildi, en hefir ekki haggað við orðalagi frv. að öðru leyti, og stendur því aðalgreinin eins og allsherjarnefnd Nd. lagði til og samþykt var þar við eina umr. Það sýnist því í sjálfu sjer, að hjer geti ekki verið um mikinn ágreining að ræða, þar sem allsherjarnefd Ed. hefir aftekið það með öllu í álitsskjali sínu, þgskj. 221, að með tímatakmarki sínu, sem hún áður setti (1. júlí), hafi átt að felast nokkur bending um það, hve nær bankastjórinn ætti að fara frá, heldur hafi það átt að vera honum í vil, ef hann vildi beiðast lausnar heldur fyr en síðar.

Þessa umsögn háttv. nefndar vil jeg alls ekki leyfa mjer að rengja, og þar sem viðbótin, hin nýja grein í frv., mun eiga að skiljast sem vilkjör fyrir bankastjórann á líka lund, þá finst allsherjarnefnd Nd., að ekki sje veður gerandi út af þeirri breytingu, sem háttv. Ed. hefir gert, þótt ef til vill megi líta svo á, að sú breyting hafi ekki verið beint þörf, með því að fyrri greinin gefur það í skyn, að eftirlaunin verði greidd frá þeim tíma, sem bankastjórinn láti af starfi sínu. En til þess að koma málinu ekki í meira öngþveiti hefir meiri hluti allsherjarnefndar Nd. ekki viljað gera neinn ágreining um það, og vill því leggja til, að frv. verði samþykt eins og það er.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. Sv, G. G., G. B., H. Sn., J. J., J. M, J. B, K. E., K. D., M. G., M. K., M. P., M. T., M. Ó., Ó. B., P. O., S. E, S. J., S. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., B. J., B. St., Jóh. Jóh.

nei: G. Ó., H. St., H. K., S. S., S F., St. St., Þór. J., B. Sv., E. P.

Sex þm. (E. J., P. J., P. Þ., B. K., E. A., E. Árna.) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 464).

---

9. Lokunartími sölubúða.

Á 11. fundi í Nd., laugardaginn 27. apríl, var útbýtt

Frumvarpi til laga um viðauka við nr. 79, 14. nóv. 1917, um samþykir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum (A. 30).

Á 12. fundi í Nd., mánudaginn 29. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Matthías Ólafsson): Jeg þarf ekki að bæta miklu við það, sem stendur í greinargerðinni fyrir þessu litla frv.

Eins og mönnum er kunnugt, samþ. síðasta Alþingi heimildarlög til þess, að gera mætti samþyktir um lokunartíma sölubúða á landinu, en þar vantaði að taka fram um sektir fyrir brot á lögum þessum. Af þessu hefir stjórnin ekki sjeð sjer fært að samþykkja samþykt, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefir samið um lokunartíma sölubúða hjer, og af þeim ástæðum hefi jeg verið beðinn að flytja þetta frv.

Jeg vænti þess, — þótt ein eða tvær raddir kunni að hafa heyrst á móti því, — að þetta frv. fái að ganga hljóðalaust gegnum þessa háttv. deild og síðan alt þingið.

Jeg sje heldur enga ástæðu til þess að fara að skipa nefnd til þess að athuga það, því að það liggur í hlutarins eðli, að ef lög eru brotin, þá verður að finnast sektarákvæði í lögunum sjálfum við því, en með því að þau vantar eins og nú er, þá finst mjer sjálfsagt, að þessi sektarákvæði sjeu tekin upp í lögin.

Að farið sje með mál, sem rísa út af brotum á þessum samþyktum, svo sem almenn lögreglumál, finst mjer sjálfsagt.

Mjer hefir þótt viðkunnanlegra að ákveða, að viðauki þessi sje færður inn í meginmál laga nr. 79, 14. nóv. 1917, því að mín skoðun er, að svo ætti alla jafna að gera, er lögum er breytt eða viðaukar gerðir við þau. Slíkt gerir lögin aðgengilegri og veldur minni ruglingi.

Að lögin öðlist gildi þegar í stað finst mjer einnig sjálfsagt, með því að samþyktin er tilbúin, og Reykvíkingar þrá að koma henni í framkvæmd sem fyrst.

Leyfi jeg mjer svo að vænta þess, að frv. verði látið ganga sem greiðlegast gegnum þingið.

Forsætisráðherra (J. M.): Hv. flutnm. (M. Ó.) mintist á, að það gæti verið efamál hvort ekki ætti að gefa út eldri lögin og bæta þessu ákvæði inn í þau.

Jeg skal leyfa mjer að benda háttv. flutnm. (M. Ó.) á, að í þessu tilfelli væri það ekki heppilegt; í fyrsta lagi er gott að geta komist hjá því að þurfa að síma langt mál til útlanda, sem jeg býst við að þyrfti í þessu tilfelli, og í öðru lagi, þótt nauðsynlegt geti verið stundum að prenta lög upp aftur, til þess að bæta ákvæðum inn í þau, einkum ef um löng lög er að ræða, þá á það varla við um lög eins og þessi, því að þau hafa nærri því unnið sitt verk þegar reglugerð er gefin út eftir þeim.

Af þeim ástæðum vildi jeg skjóta því til háttv. flutnm. (M. Ó.), hvort hann vildi ekki taka þetta ákvæði í burt.

Svars frá háttv. flutnm. (M. Ó.) óska jeg ekki nú; það getur beðið til næstu umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 14. fundi í Nd., miðvikudaginn 1. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 30, 41).

Flm. (Matthías Ólafsson): Eftir bendingu hæstv. forsætisráðherra hefi jeg leyft mjer að koma fram með brtt. við frv. mitt á þgskj. 30.

Jeg get sem sje vel fallist á, að úr því að þörf er á að síma þessi lög út, þá sje það hentugra, að þau sjeu svo stutt, sem unt er. Og þar sem það sýnist óþarfi, að þau verði færð inn í meginmál laga nr. 79, 14. nóv. 1917, þá hefi jeg komið með þessa brtt., á þgskj. 41.

Annað hefi jeg ekki um þetta frv. að segja, en jeg vænti þess, að það gangi hljóðalaust og greiðlega í gegnum hv. deild.

ATKVGR.
1. og 2. gr. samþ. í e. hlj.
Brtt. 41. (3. gr. falli burt) samþ. með öllum gr. atkv.
4. gr. (verður 3. gr.) samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 15. fundi í Nd., föstudaginn 3. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 45).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Á 13. fundi í Ed, laugardaginn 4. maí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um viðauka við lög nr. 79, 14. nóv. 1917, um samþyktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum, eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 53).

Á 14. fundi í Ed., mánudaginn 6. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Ed., föstudaginn 10. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 53, 70, 85).

Magnús Kristjánsson: Þessi brtt., á þgskj. 70, er fram komin fyrir þá sök, að jeg lít svo á, að lögin um lokunartíma sölubúða sjeu ekki sett til þess að baka vissum mönnum atvinnuhnekki, heldur til hins, að gera það mögulegt í kaupstöðum, þar sem stór meiri hluti kaupmanna kemur sjer saman um einhvern tiltekinn lokunartíma, að því fáist framgengt með samþyktum, enda þótt einn eða fleiri sjervitringar vildu skerast úr leik og halda opnu fram á nætur.

Til þessa hygg jeg að lögin sjeu, að örlítill minni hluti geti ekki þvingað stóran meiri hl. eftir vild sinni.

Nú er svo ástatt hjer í Reykjavík, að samþykt hefir verið sett um þetta efni,

og er í henni öllum gert að skyldu að loka búðum sínum kl. 7 að kvöldi. En nú hefir það komið í ljós, að nokkrar verslanir hjer, þær sem versla aðallega með tóbak og sælgæti, eru óánægðar með ákvæði þetta, sem gekk í gegn hjá bæjarstjórninni með að eins 1 atkvæðis meiri hluta. Enda liggur það í augum uppi, að ákvæði þetta er óhagkvæmt fyrir verslanir þessar, sem aðallega versla síðari hluta dags, þegar fólk er hætt störfum sínum. Hefir þeim því verið haldið opnum til kl. 10—11, og mun það regla í flestum löndum, að slík verslun eigi sjer stað að kvöldinu, er menn ljetta sjer upp eftir hita og þunga dagsins.

Annað er það líka, sem gerir það, að full ástæða er til að koma inn í lögin þessu undantekningarákvæði, það, að ef svo færi, að þessi sami lokunartími yrði ákveðinn fyrir allar verslanir, þá mundi salan á vörum þessum flytjast til; menn yrðu sviftir atvinnu sinni og salan færðist yfir í kaffihúsin. En nú virðist þar áskipað og engu á bætandi, og mun gróði þeirra vera sæmilegur. Það væri því rangsleitni að svifta þessa menn gróðanum og leggja hann í annara hendur.

Það hefir verið notað sem ástæða fyrir ákvæðinu um sama lokunartíma alstaðar, að það væri gert til þess að tryggja verslunarþjónunum, að þeim yrði ekki misboðið með óhæfilega löngum starfstíma. En nú er því þannig háttað, að starfstíma þeirra, sem við slíkar verslanir eru, er venjulega tvískift, og starfa þeir því ekki nema 5—6 tíma á dag. Þeir verslunarmenn hafa því jafnvel meira frjálsræði en aðrir verslunarmenn.

Nú hefir verslunarmannafjelagið hjer tjáð sig fylgjandi því, að undantekning verði gerð með þessar verslanir, og kaupmannafjelagið hefir ekki heldur fundið neina ástæðu á móti því, að annar lokunartími yrði ákveðinn fyrir þær. Það getur ekki heldur að neinu leyti komið öðrum verslunum að baga, þar sem um aðrar vörutegundir er að ræða. Og þegar nú verslunarmannafjelagið og kaupmannafjelagið eru þessu ákvæði fylgjandi, þá get jeg ekki sjeð, að það sje rjett af háttv. þingi að setja sig á móti því.

Jeg treysti því þess vegna, að þessi háttv. deild samþykki ákvæði þetta, sem ekki er neinum til baga, en stórum flokki manna til bóta, þar sem atvinna þeirra mundi eyðileggjast, ef það næði ekki fram að ganga.

Frá sjónarmiði Reykjavíkur er ekki hægt að álíta annað en að bæjarstjórnin mundi verða hlynt þessu ákvæði, þar sem gert er ráð fyrir, að verslanir þessar greiði talsverðan skatt í bæjarsjóð fyrir undanþáguna. Og til tryggingar því, að sá skattur verði hæfilegur, er ætlast til, að stjórnarráðið ákveði hann fyrir eitt ár í senn. Svo að hvernig sem á er litið, held jeg, að brtt. þessi sje til bóta og frumvarpið muni þá fyrst að fullu gagni koma, ef hún verður samþykt.

Halldór Steinsson: Jeg vissi ekki af því, að brtt. á þgskj. 85 var á leiðinni, og er því minni ástæða fyrir mig að taka til máls eftir að hún er fram komin. Mál þetta þótti svo sjálfsagt við 1. umr., að ekki þótti þörf á að vísa því til nefndar.

Í lögunum um þetta efni frá síðasta þingi var sú glompa, að sektarákvæði voru engin. En nú lítur út fyrir, að háttv. flutnm. þessa frv. (M. Ó.) hafi viljað bæta fyrir það, svo að um munaði. Jeg lít svo á, að lágmark sektanna sje alt of hátt. Minna má nú gagn gera en að sekta hvern smásala um 100 kr. minst, þótt honum verði það á að halda búð sinni opinni 5 eða 10

minútur fram yfir ákveðinn lokunartíma. Tildrög þess geta líka oft verið óviðráðanleg. T. d. ef búðin er full af viðskiftamönnum og verið er að afgreiða þá, þá getur það verið ógerningur að reka þá út óafgreidda.

Jeg hefði því helst kosið, að frv. yrði sett í nefnd, til þess að athuga betur sektarákvæðið og færa niður lágmarkið frá því sem er í frv. Að vísu á jeg hægra með að sætta mig við brtt. háttv. þm. Vestm. (K. E.), þar sem að eins hámarkið er ákveðið, en ekki lágmarkið, því að ekki ætti dómurum að vera það neitt vorkunnarmál að ákveða sektirnar eftir brotunum.

Brtt. háttv. þm. Ak. (M. K.) get jeg ekki aðhylst. Jeg vona, að hann álíti það samt ekki niðurrifssýki hjá mjer, þótt jeg sje á móti henni. Jeg get ekki sjeð, að nein ástæða sje til undantekningar með sælgætis- og tóbaksverslanir. Því verður ekki neitað, að það eru óþörfustu verslanirnar, og þótt einhverjum hafi orðið það á að gleyma viðskiftum sínum þar, þá er honum ekki vandara um en fátæklingnum, sem kann að hafa gleymt að kaupa sjer matvöru áður en lokað er. Þetta mundi líka raska aðalgrundvelli laganna, sem er sá, að starfstími verslunarmanna verði ákveðinn hinn sami fyrir þá alla, og ef undantekning er gerð um nokkra, þá er hætt við, að fleiri vilji fylgja á eftir. Gjaldið met jeg einkis, því að það mundi koma niður á kaupendum sem verðhækkun. Það yrði því nokkurskonar tóbakstollur, sem að rjettu lagi ætti að renna í landssjóð, en ekki bæjarsjóð. Jeg get ekki sjeð, að þeir, sem þessa verslun reka, yrðu fyrir neinum atvinnuhnekki, því að ef þeir lytu sömu lögum og aðrir, mundu menn venjast á það að eiga viðskifti sín þar á öðrum tíma dagsins og ekki draga þau frekar en viðskifti sín við aðrar verslanir.

Magnús Torfason; Þessi brtt. hv. þm. Ak. (M. K.) breytir að nokkru leyti þeirri reglu, sem fylgt er í 1. gr. laga nr. 79, 14. nóv. 1917, um það, hverjir það eru, sem ráða skuli lokunartíma sölubúða.

Í 1. gr. þeirra laga er sagt, að bæjarstjórn geri samþyktir um það, og í 3. gr. er sagt, að stjórnarráðið staðfesti þær samþyktir. Með öðrum orðum, bæjarstjórnir og stjórnarráð hafa vald til að gera það í sameiningu. En þessi brtt. fer fram á, að stjórnarráðið eitt út af fyrir sig skuli ákveða, hve mikið gjaldið skuli vera fyrir undanþáguna fyrir hvert ár í senn. Þetta atriði er því tekið undan valdi og afskiftum bæjarstjórnar. En jeg get ekki sjeð, að nein ástæða sje til þess að útiloka það, að bæjarstjórn hafi frumkvæði um það, hvað gjaldið skuli vera hátt. Og ef sama á að gilda um þetta gjald og um lögin sjálf, þá ætti það að vera ákveðið af stjórnarráðinu eftir tillögum bæjarstjórnar, svo að girt væri fyrir, að það væri ákveðið þvert ofan í vilja hennar. En þessu mætti bjarga með því að setja ákvæði um það inn í brtt.

Það er enn fremur athugavert við þetta gjaldákvæði, að eftir brtt. á þgskj. 70 er ekki hægt að gera ráð fyrir öðru en að stjórnarráðið ákveði gjaldið fyrir alla kaupstaði landsins, og þá jafnt fyrir alla.

Það liggur í augum uppi, að full ástæða er til að hafa gjaldið annað hjer í Reykjavík en í kaupstöðum úti um land. Enn fremur er í sjálfum lögunum ekki gert ráð fyrir öðru en að sami lokunartími verði ákveðinn fyrir allar verslanir og sami tími á öllum dögum ársins. Það er að vísu ekki útilokað, að hafa megi önnur ákvæði um það, en það er að minsta kosti mjög mikið efamál. Jeg tel því rjettast, að háttv. flutnm. brtt. á þgskj. 70 (M. K.) láti

hana biða til 3. umr., eða að málið verði sett í nefnd og þessari umræðu frestað.

Magnús Kristjánsson: Það var hyggilegt af háttv. þm. Snæf. (H. St.), að taka það fram, að það væri ekki af niðurrifssýki, að hann er á móti brtt. minni.

Jeg sje ekki betur en að með sanni megi segja, að hjer ráði rík tilhneiging til þess að varna framgangi hvers sem er, þótt til bóta horfi.

Aðalástæðurnar fyrir mótbárum hans hljóta annaðhvort að stafa af misskilningi eða því, þó hann hefir alls ekki hlustað á orð mín.

Aðalástæða hans er sú, að starfsfólkinu muni verða misboðið. En jeg þykist hafa tekið það nógu skýrt fram áðan, að einmitt starfsfólk þessara verslana hefir styttri vinnutíma en annað verslunarfólk.

Sú mótbára fellur því um sjálfa sig.

En hitt, að það sje enginn atvinnuhnekkir að útiloka verslanir þessar frá því að starfa á allra hentugasta tíma sínum, það nær engri átt. Salan mundi þar að auki færast yfir á aðra staði, sem alls ekki hafa neinn rjett til hennar.

Af því mundi leiða, að þær verslanir mundu enga tilraun gera til vöruvöndunar á þessum vörutegundum, heldur »fúska« með þær, til óþæginda fyrir fyrri viðskiftamenn sína og sömuleiðis þá, sem færu að eiga viðskifti við þær með þessar vörutegundir.

Rök háttv. þm. Snæf. (H. St.) eru því ekki mikils virði.

Þá er háttv. þm. Ísaf. (M. T.) Honum finst með brtt. minni vera kipt fótunum undan grundvelli þeim, sem lögin byggjast á. Jeg er ekki löglærður og verð því að tala gætilega. En þó verð jeg að segja það, að hann legst alldjúpt, ef hann finnur það, að grundvellinum sje raskað.

Þar sem til þess er ætlast, að stjórnarráðið ákveði gjaldið, þá er líka til þess ætlast, að bæjarstjórnin láti í ljós álit sitt um það, hversu hátt gjaldið skuli vera. En samþyktin gengur fyrst í gildi þegar fengið er samþykki stjórnarráðsins.

Stjórnin hefir því æðsta valdið, bæði eftir lögunum og brtt, og vald hennar eykst ekkert þótt brtt. sje samþ.

En hitt er óskiljanlegt, að stjórnarráðið setji ákvæði fyrir alla kaupstaði í einu, því að það liggur í augum uppi, að það getur ekki sett nein ákvæði fyr en samþykt er fengin, frá hverri bæjarstjórn fyrir sig, og getur því ekki komið til mála, að stjórnarráðið grípi fram fyrir hendur bæjarstjórnanna í þessu atriði.

Jeg get ekki sjeð annað en að þær ástæður, sem fram hafa verið færðar gegn brtt. minum, sjeu svo lítilvægar, að þær eigi ekki að geta tafið málið. Jeg álít algerlega óþarft, að málið fari í nefnd, en skal samt ekki berjast á móti því, ef það gæti orðið fremur til þess, að málið næði fram að ganga. Það hefir einmitt komið til orða, að þingið stæði ekki lengi úr þessu, og ættu menn því ekki að tefja málin nema sem minst.

Jeg álít svo nægilegar umræður orðnar um ekki stærri mál en þetta er, og býst ekki við að taka oftar til máls um það að þessu sinni.

Magnús Torfason: Jeg vil leyfa mjer að stinga upp á því, að málinu sje vísað til allsherjarnefndar og umræðunni frestað.

ATKVGR.

Frv. vísað til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 537) með 10 shlj. atkv.

Umr. frestað.

Á 20. fundi í Ed., föstudaginn 16. maí, var framhaldið 2. umr. um frv. (A. 53, 70, 85, n. 123).

Frsm. Magnús Torfason: Það ætti ekki að þurfa að bæta miklu við nál., sjerstaklega þar sem mál þetta var rætt talsvert við 1. umr.

Nefndin hallast að því að samþykkja 2. brtt. á þgskj. 70, en getur ekki fallist á 1. brtt., að lögleiða slíka ákvörðun, sem þar ræðir um. Mundi það vera bein skerðing á valdi bæjarstjórna, eftir lögununum frá 1917.

Samkvæmt 1. brtt. (70) skipar löggjafinn fyrir, að í samþyktinni skuli veita undanþágu gegn árgjaldi, en eftir brtt. nefndarinnar er að eins veitt heimild til þess að gera slíka undanþágu.

Samkvæmt brtt. (70) á stjórnarráðið eitt að ákveða gjaldið fyrir undanþáguna, en eftir brtt. nefndarinnar eiga bæði bæjarstjórnir og stjórnarráð að gera það, og er það í fullu samræmi við heimildarlögin.

Eftir brtt nefndarinnar fellir Alþingi því engan dóm um það, hvort rjett sje að veita undanþáguna eða ekki, en gefur það á vald samþyktarvaldsins.

Virðist það fullkomlega rjett, þegar þess er gætt, að ýmislega stendur á í kaupstöðum landsins. Þessu ákvæði er líka hægara að breyta, ef það stendur að eins í reglugerð, heldur en ef það væri í lögunum sjálfum.

Þá er brtt. á þgskj. 85 (**Forseti:** Hún er tekin aftur). Að henni þarf þá ekki orðum að eyða, en nefndin tók upp það hámark sektar, sem þar er farið fram á; sömuleiðis hefir hún fært lágmarkið úr 100 kr. niður í 20 kr.

Að lokum vil jeg benda á það, að nái brtt. nefndarinnar fram að ganga, er sjálfsagt að samþykkja 2. brtt. á þgskj. 70.

Skal jeg svo ekki fara frekari orðum um mál þetta að sinni.

Halldór Steinsson: Jeg sje, að önnur brtt. háttv. allsherjarnefndar fer alveg í sömu átt og jeg hjelt fram við fyrri umr. þessa máls. Það er brtt. um, að lágmark sektanna sje óákveðið, og get jeg því felt mig við hana.

En nefndin hefir ekki fallist á brtt. háttv. þm. Ak. (M. K.), en flytur í þess stað brtt., sem fer fram á, að bæjarstjórnir hafi heimild til þess að veita undanþáguna. En þar á er að eins lítill munur, úr því að undanþágan má veitast hvort sem er, og get jeg því ekki frekar sætt mig við brtt. nefndarinnar.

Jeg hefi litið svo á, sem aðaltilgangur laganna væri sá, að ákveða fastan starfstíma verslunarmanna, og sje þeim aðaltilgangi laganna raskað, með undanþágu þessari, þá er grundvöllurinn um leið eyðilagður.

En fyrst jeg tek til máls, vil jeg geta þess, að skýringar háttv. þm. Ak. (M. K.) við 1. umr. málsins hafa ekki verið rjettar að öllu leyti, þótt jeg efist ekki um það, að hann hafi haldið, að þær væru rjettar; honum hefir sjálfsagt verið skýrt rangt frá.

Jeg hefi fengið þær upplýsingar frá kaupmannafjelaginu hjer, að 85 kaupmenn hafi verið á móti, en að eins 5 eða 6 með því, að undanþágan yrði veitt.

Sömuleiðis er mjer kunnugt um það, að mesti tóbakskaupmaðurinn hjer er á móti því. Enn fremur hefir mjer verið skýrt frá því, að starfstíma verslun-

armanna við flestar af verslunum þessum sje ekki öðruvísi hagað en starfstíma annara verslunarmanna.

Skýrslur þessar hefi jeg engar ástæður til að rengja, en því frekar hefi jeg ástæðu til þess að vera á móti því, að nokkur undanþága verði veitt.

Magnús Kristjánsson: Jeg vil fyrst minnast á brtt. nefndarinnar. Jeg mun ekki ekki gera það að neinu kappsmáli, hvort 1. brtt. hennar nær fram að ganga eða ekki, því að munurinn á henni og brtt. minni er sáralítill. Jeg gæti frekar trúað, að ekki hafi verið nákvæmlega skilin orð þau, sem orðið hafa að ásteytingarsteini móti brtt. minni.

Jeg álít, að það megi einu gilda, hvort sagt er, að »ákveða megi« eða »ákveða skuli« að veita undanþáguna. Í brtt. minni er það heldur alls ekki útilokað, að bæjarstjórnir fái að ráða með í þessu efni. Jeg skal því ekki eyða fleiri orðum að brtt. þessum, en hitt leiðir af sjálfu sjer, að verði brtt. nefndarinnar samþyktar, verður að samþykkja líka 2. brtt á þgskj. 70.

Um ræðu háttv. þm. Snæf. (H. St.) langaði mig til þess að segja nokkur orð.

Hann hjelt því fram, að það mundi vera eini eða aðaltilgangur laga þessara, að starfstími verslunarmanna yrði alveg fastákveðinn. En jeg lít svo á, sem það sje ekki eini tilgangur laganna; að minsta kosti væri það illa ráðið, ef löggjöfin ætlaðist til þess, að starfstíminn yrði svo ríkbundinn, að stórbagalegt yrði fyrir fjölda manna. En svo mundi fara, ef lögin væru eins bókstaflega skilin og þessi þm. vill vera láta.

Eins og jeg hefi áður sýnt fram á, mundi afleiðingin verða sú, ef engin undanþága yrði veitt fyrir verslanir þessar, að salan flyttist yfir á aðra staði, til kaffihúsa, mjólkur- og brauðsölustaða, og það er ekki heldur óhugsandi, að upp mundu rísa leynisölustaðir, ef það yrði lögboðið að loka búðum þessum kl. 7 að kvöldi.

En hver yrði þá ávinningurinn?

Ef til vill yrði minna selt af vörum þeim, sem hjer er um að ræða.

En hvers vegna á að meina fólki að leggja í landssjóð? Jeg sje ekki neina ástæðu til þess að berjast á móti því, að það sje gert af fúsum vilja og á jafnmeinlausan hátt og hjer er um að ræða. Þetta er því meinloka í höfðinu á háttv. þm. (H. St.), og væri henni betur burt kipt.

En sje málið rjett athugað, þá er valdboð um sama lokunartíma fyrir alla jafnbagalegt fyrir hlutaðeigendur og það, ef banna ætti bændum að slá tún sín á sumrin eða sá í garða á vorin, þar sem bannað er að stunda atvinnu á hagkvæmastan hátt, sem ekki getur heldur orðið neinum til meins.

Þá sagði sami háttv. þm. (H. St.), að jeg hefði ekki skýrt rjett frá við 1. umr. málsins.

Ef hann heldur því fram í alvöru, get jeg sýnt honum fram á það, svart á hvítu, því að jeg hefi full skilríki fyrir því, að bæði kaupmannafjelagið og verslunarmannafjelagið eru þessu hlynt. Aðrar skýrslur gaf jeg ekki.

Að 85 kaupmenn hjer hafi látið í ljós, að þeir væru þessu mótfallnir, liggur mjer við að vefengja.

En jeg veit ekki, hversu margir kaupmenn kunna að teljast hjer, ef kaupmannsheitið er notað um alla þá, sem þá atvinnu stunda. Sjálfsagt verða þeir þá margir, sem ekki er mikið tillit takandi til, og því lítilsvert atriði þetta, þótt rjett væri.

Þá hjelt háttv. þm. (H. St.) því fram, að starfstími fólks við verslanir þessar

væri áreiðanlega ótakmarkaður og óheppilega langur, en jeg held enn hinu fram, að hann sje tviskiftur, að minsta kosti við flestar þessar verslanir.

Þá er viska sú, sem háttv. þm. (H. St.) hefir frá einum stærsta tóbakskaupmanni bæjarins, sem tjáir sig mótfallinn undanþágunni.

Ekki veit jeg af hverju það stafar, en líkindi eru til, að það sje af því, að hann hafi breytt um verslunaraðferð. Til að byrja með hafði hann smásölu, en hefir nú einnig heildsölu, og mun þetta ákvæði því hvorki gera honum til nje frá.

En ekki get jeg skilið, hvers vegna hann vill stjettarbræðrum sínum svo illa, að vera mótfallinn undanþágunni.

Þessar upplýsingar háttv. þm. (H St) verða því ljettar á metunum.

Jeg býst við, að nefndin fylgi fram sínum till., hvort sem háttv. þm. Snæf. (H. St.) eða aðrir leggjast móti þeim eða ekki, og jeg lít svo á, sem þær megi til bóta verða, ef þær ná fram að ganga.

Halldór Steinsson: Hjer er ekki um neitt stórmál að ræða, og skal jeg því ekki lengja umr. nema með örlitilli athugasemd.

Mjer fanst gæta talsverðra hártogana hjá háttv. þm. Ak. (M. K.).

Hann áleit það mundu draga gjald frá landssjóði, ef undanþágan fengist ekki. Það álít jeg geta ekki komið til greina. Tóbaks og sælgætis mun verða neytt jafnt eftir sem áður. Að eins mundu menn birgja sig upp á öðrum tímum.

Slíkar staðhæfingar eru því allkynlegar og þungmeltar, og sama er að segja um samlíkingu háttv. þm. (M. K.) um túnasláttinn, sem ekki virðist heldur sem heppilegust.

Þá kvaðst hann hafa skýrt rjett frá sjálfur, en vefengdi aftur á móti skýrslur mínar.

En um »viskuc mína í þessum sökum er það að segja, að hún er fengin frá stjórn Kaupmannafjelags Reykjavíkur, og hygg jeg mjer óhætt að skýra frá því hjer.

Var mjer skýrt svo frá, að 85 kaupmenn hafi verið á móti, en 5 eða 6 með, og var mjer boðinn útdráttur úr gerðabók fjelagsins, ef þetta yrði ekki tekið trúanlegt. (**M. K.:** Jeg mun þá reyna að leggja fram eitthvað á móti).

Jeg vil því að endingu láta þá ósk mína í ljós, að breytingar þessar gangi ekki eins greiðlega fram og háttv. þm. Ak. (M. K.) hyggur.

Frsm. (Magnús Torfason): Jeg þarf ekki að segja margt. Háttv. ræðumenn hafa skýrt málið svo mjög, hvor frá sinni hlið.

Jeg vil að eins leggja frekari áherslu á þá skoðun nefndarinnar, sem kemur fram í brtt. hennar, að henni fanst hart, ef bæjarstjórnir fengju engu að ráða um undanþáguna.

Þess vegna leggur hún til, að bæjarstjórnir segi til í hvert sinn, eftir því sem til hagar, og fái síðan samþykki stjórnarráðsins.

Þá hefir löggjafinn ekki heldur lagt neiun dóm á þetta atriði.

Þá vil jeg geta þess, að nefndinni hefir borist brjef frá nefnd, sem skipuð er af Kaupmannafjelagi Reykjavíkur og verslunarmannafjelaginu »Merkúr«. Þar segir svo: »Þótt viðunandi sje, að undanþága verði gerð á reglugerðinni, þá finst oss það fráleitt, að slík undanþága verði fyrirskipuð með lögum«.

Þá vil jeg benda á, að lög þessi eru ekki að eins vegna stjettar þeirrar, sem í hlut á, heldur vegna kaupendanna líka.

Og jeg lít svo á, að rjett sje að selja

mönnum sælgæti á kvöldin, ef það skyldi verða til þess, að þeir nytu síður annars, sem skaðlegra er. En þótt sumir geti ekki neytt þeirrar vöru, sem þeim er mest ánægja að, þá ættu þeir þó ekki að meina öðrum það, þegar um saklaust sælgæti er að ræða.

Líka mætti benda á það, að flestar sælgætisbúðir opna seint á morgnana, og er það enn ein ástæða til að leyfa þeim að hafa lengur opið á kvöldin.

ATKVGR.

Brtt. 123, 1. (ný gr., verður 1. gr.) samþ. með 8:4 atkv.
— 70, 1. þar með fallin.
— 123, 2. samþ. með 12 shlj. atkv.
— 85. tekin aftur.
— 70, 2. samþ. með 10 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, (verður 2. gr.), samþ. með 10:1 atkv.
2. og 3. gr. (verða 3. og 4. gr.) samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 22. fundi í Ed., laugardaginn 18. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 152).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

A 27. fundi í Nd, þriðjudaginn 21. maí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um viðauka við lög nr. 79, 14. nóv. 1917, um samþyktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 174).

Á 29. fundi í Nd., fimtudaginn 23. maí, var frv. tekið til einnar umr. (A. 174).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14:4 atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 200).

---

10. Verslunarlóðin í Ólafsfirði.

Á 12. fundi í Nd., mánudaginn 29. apríl, var útbýtt

Frumvarpi til laga um stækkun verslunarlóðarinnar í Ólafsfirði (A. 34).

Á 14. fundi í Nd, miðvikudaginn 1. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Stefán Stefánsson): Í lögum frá 1905 eru til ákvæði um, að Ólafsfjarðarhorn skuli vera löggiltur verslunarstaður, en að öðru leyti eru ekki til ákvarðanir um nánari takmörk fyrir verslunarlóðinni.

En nú er svo komið, að Ólafsfjarðarhorn er að mestu fullbygt, og auk þess eru nú orðnar svo miklar grynningar við bryggjur þær, sem liggja fram af verslunarlóðinni, að sæta verður sjávarföllum til þess að komast að þeim með vjelbáta og jafnvel smábáta.

Þessi vandkvæði hafa orðið til þess, að Ólafsfirðingar hafa samþykt á fjölmennum þingmálafundi að fá verslunarlóðina stækkaða svo, að takmörk lóðarinnar að vestanverðu verði ákveðin beint á móti nyrðri takmörkum hennar

að austanverðu. En nyrðri takmörk á þeirri núverandi verslunarlóð, sem er öll austanvert við fjörðinn, er Brimnesá, en Kotnef er beint á móti að vestanverðu. Með öðrum orðum, þá bætist álíka mikil lóð við kauptúnslóðina vestan fjarðarins og hún er nú. En strandlengjan, sem við bætist, er haganleg sem byggingarsvæði, aðdýpi gott og bátalægi, eða sú eiginlega höfn þar fram undan, en alls ekki við Ólafsfjarðarhorn, enda hefir reynslan alloft orðið sú, þegar bjarga hefir þurft bátum á legunni, að ekki var mögulegt að komast út frá bryggjum eða verslunarlóðinni vegna brotsjóa, og vjelbátar þar af leiðandi eyðilagst meira og minna árlega.

Það er því öllum sjáanlegt, hversu brýn þörf er á að bæta þessari nýju lóð við, því að þar mundu bæði koma upp hús og bryggjur á næstu árum.

Það er ekki tekið fram í þessu frv., hversu langt verslunarlóðin skuli ná frá sjó. Þetta er líklega vöntun; og þótt ekkert sje heldur ákveðið um þetta hvað snertir löggildingu Ólafsfjarðarhorns og ýmsra fleiri kauptúna, þá væri þó heppilegra að taka fram ákveðið, hversu langt verslunarlóðin skuli ná frá fjörumáli á land upp.

Jeg sje ekki ástæðu til að vísa þessu máli til nefndar, en tel rjettara, að annarhvor okkar flutningsmanna tali til Ólafsfjarðar um það, hversu langt þeim finnist að verslunarlóðin skuli ná frá sjó.

Jeg óska þess því, að frv. verði vísað til 2. umr., en sje sem sagt ekki ástæðu til að vísa því til nefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 16. fundi í Nd., laugardaginn 4. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 34).

Flm. (Stefán Stefánsson): Við flutningsmenn þessa frv., um stækkun verslunarlóðarinnar í Ólafsfirði, væntum þess, að það fái að ganga til 3. umr., og búumst þá við að geta flutt ákveðna till. um breidd lóðarinnar frá sjó. Við höfum sent símskeyti með fyrirspurn um þetta atriði til Ólafsfjarðar og fáum að líkindum svar nú í dag eða á morgun.

Að öðru leyti sje jeg ekki ástæðu til að ræða málið frekar.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með öllum gr. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með öllum gr. atkv.

Á 17. fundi í Nd., mánudaginn 6. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 34, 60).

Afbrigði leyfð og samþ. um brtt. 60, er of seint var útbýtt.

Flm. (Stefán Stefánsson): Samkvæmt því, sem jeg gat um við 2. umr. þessa máls, höfum við flutningsmenn nú leyft okkur að bera fram viðaukatill. um stærð verslunarlóðarinnar, eða þó aðallega breidd hennar frá sjó.

Breiddina, 200 metra, höfum við tekið upp samkvæmt ósk Ólafsfirðinga sjálfra. Þeir hafa gert mælingar á lóðinni og telja nauðsynlegt, að hún taki þetta á land upp, og er það óefað rjett álitið, eftir því sem þar hagar til.

Vona jeg svo, að frv. þetta verði samþykt hjer í deildinni, svo að það geti gengið fljótt og óhindrað til háttv. **Ed.**

ATKVGR.

Brtt. 60. samþ. í e. hlj.

Frv., svo breytt, samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Á 15. fundi í Ed., miðvikudaginn 8. maí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um stækkun verslunarlóðarinnar í Ólafsfirði,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 68).

Á 16. fundi í Ed., föstudaginn 10. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Ed, mánudaginn 13. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 68).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Ed., miðvikudaginn 15. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 68).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 137).

---

11. Viðhald Ölfusárbrúar.

Á 12. fundi í Nd., mánudaginn 29. apríl, var útbýtt

Frumvarpi til laga um heimild handa landsstjórninni til þess að verja fje úr landssjóði til viðhalds Ölfusárbrúnni (A. 35).

Á 15. fundi í Nd, föstudaginn 3. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm (Sigurður Sigurðsson): Eins og kunnugt er, mæla vegalögin frá 1907 svo fyrir, að viðhald og gæsla Ölfusárbrúarinnar sje kostað af sýslusjóði Árnessýslu, en eftirlitið með viðhaldi flutningabrauta hefir stjórnarráðið á hendi samkvæmt 11. gr. vegalaganna. Er svo fyrir mælt í þeirri grein, að eftirlitinu skuli hagað þannig, að verkfræðingur eða annar hæfur maður skoði vegina — og þá að sjálfsögðu brýrnar um leið, — að minsta kosti annaðhvert ár. Það er því í raun og veru vegamálastjórinn, sem á að hafa eftirlitið á hendi.

Fyrir nokkru fjekk sýslumaðurinn í Árnessýslu símskeyti frá vegamálastjóra, þar sem hann skýrir frá því, að Ölfusárbrúin sje orðin allmjög ryðguð, missigin, viðir mjög fúnir og slitgólf eytt; telur hann viðgerð óhjákvæmilega og áætlar kostnaðinn við hana alt að 10

þús. kr. Þennan mikla kostnað kennir vegamálastjóri því, að orðið hafi dráttur og vanræksla á viðhaldi brúarinnar. Þennan drátt, sem orðið hefir á nauðsynlegu viðhaldi brúarinnar, verður fyrst og fremst að kenna því, að sýslunefndin hefir ekki verið — svo að mjer sje kunnugt — aðvöruð í þessu efni. Og mjer er næst að halda, að engin tilkynning um þörf á viðgerð hafi komið til sýslunefndar síðan brúin var afhent sýslunni. Hjer er því, að áliti okkar flutningsmanna, ekki svo mjög um að kenna vanrækslu sýslunefndar Árnessýslu, heldur afskiftaleysi þeirra, sem bar að líta eftir viðhaldi brúarinnar og tilkynna sýslunefnd, ef aðgerðar þyrfti með. Og af þeirri ástæðu, meðal annars, höfum við flutt þetta frv. á þgskj. 35.

Hins vegar er á það að líta, að fjárhagur sýslunnar er afarþröngur og að hún hefir í mörg horn að líta. Skal jeg víkja nánar að því með fáeinum dæmum.

Útgjöld sýslunnar síðustu 5 ár, — árin 1913—1917, — voru áætluð þetta:

Árið 1913	15580 kr.
— 1914	16186 —
— 1915	17658 —
— 1916	21000 —
— 1917	22465 —

Til viðhalds flutningabrautum þessi 5 ár voru samtals veittar 16500 kr. eða 3300 kr. til jafnaðar á ári hverju.

Á sama tíma hefir verið varið til sýsluvega í sýslunni 13520 kr. eða 2704 kr. til jafnaðar á ári.

Til vegagerða — auk hreppsvega — hefir þá samtals verið varið á tímabilinu 30020 kr., eða til jafnaðar ár hvert rúmum 6000 kr.

Sýsluvegagjaldið hefir um mörg ár verið 3 kr., eins og lögin heimila að jafnað sje niður á hvern verkfæran mann. Þetta hefir hvergi nærri hrokkið til. Þess vegna hefir orðið að jafna niður á hreppana stórri fúlgu, sem sífelt eykst með ári hverju. Þessi niðurjafnaða upphæð hefir numið 11—12000 kr. síðustu árin.

Á síðasta sýslunefndarfundi var áætlað þetta ár til viðhalds flutningabrautum 6500 kr., og til sýsluvega var gert ráð fyrir um 3100 kr., eða samtals til flutningabrauta og sýsluvega 9600 kr.

Öll útgjöld sýslunnar fyrir árið 1918 hafa verið áætluð 27000 kr. og þar af jafnað niður 15000 kr., auk hins lögákveðna sýsluvegagjalds, 3 kr. á hvern verkfæran mann í sýslunni.

Þar sem sýslunefndin á við svo mikla fjárhagslega örðugleika að stríða, og útgjöld sýslunnar aukast stöðugt, þá er ekkert undarlegt við það, þótt sýslunefnd fari fram á þennan styrk til Ölfusárbrúarinnar. Vanrækslan á því að aðvara sýslunefnd um viðgerð á brúnni verður að telja nefndinni til afsökunar. Jeg leyfi mjer svo að leggja til, að frv. sje vísað til fjárveitinganefndar, í fullu trausti til þess, að hún muni öll og óskift komast að þeirri niðurstöðu, að frv. sje rjettmætt og eigi að ná fram að ganga og verða að lögum.

Einar Jónsson: Jeg er háttv. fim. (S. S.) að öllu leyti samþykkur í þessu máli og álít ekki nema sjálfsagt, að landssjóður taki að sjer viðhaldið á Ölfusárbrúnni. Jeg er því líka samþykkur, að rjett sje að vísa málinu til nefndar. Jeg hafði nú hugsað mjer það eðlilegast, að samgöngumálanefnd fengi málið til meðferðar, en jeg skal ekki gera það að neinu kappsmáli, hvort það fer í þá nefnd eða fjárveitinganefnd, því að það skiftir ekki svo miklu máli. En jeg vil minna þá háttv. nefnd, sem málið fær til meðferðar, á það, að búast má við, að bráðlega þurfi að kosta miklu til aðgerðar á öðru samskonar

mannvirki, sem er brúin á Þjórsá. Og þegar að því rekur, að sýslunefnd Rangvellinga fer fram á, að landssjóður taki að sjer viðhaldið á Þjórsárbrú, þá vona jeg, að Alþingi áliti sjálfsagt að veita það, og ætti helst að samþykkja þegar í stað, að landið sæi um viðhaldið á báðum þessum brúm. Jeg vona að minsta kosti, að Alþingi verði æfinlega svo sanngjarnt að taka að sjer þetta mál og leiða til farsællegra lykta.

Jeg gæti nú búist við, að sumir óttist, að fleiri komi á eftir og biðji um það sama. En það er ástæðulítið að óttast slíkt, þar sem þetta eru langstærstu brýrnar og á fjölförnustu leiðinni. Svo tel jeg líka víst, ef þetta frv. verður samþykt og þær 10,000 kr. veittar, sem farið er fram á, að þá muni Árnesingar verða ánægðir fyrst um sinn, en að sjálfsögðu fara fram á viðhaldsstyrk síðar, í hvert sinn sem þess væri þörf. Virðist mjer því, að einfaldast og sanngjarnast væri, að landið tæki beint að sjer viðhaldið nú þegar, því að hitt er víst, að sýslufjelögunum er það langt um megn með þeim tekjustofnum, sem þau hafa.

Jeg vil biðja þá háttv. nefnd, sem með málið fer, að athuga, hvort þetta sje ekki tiltækilegt.

Jeg býst við, að það yfirlit yfir útgjöld Árnessýslu, sem háttv. flm. (S. S.) gaf háttv. deild, sje alveg rjett. Samskonar yfirlit gæti jeg gefið yfir útgjöld Rangárvallasýslu, en skal ekki þreyta menn á tölum í þetta sinn.

Benedikt Sveinsson: Jeg skal ekki lengja umræðurnar, en jeg vil vísa málinu til samgöngumálanefndar, því að jeg býst við, að hjer geti orðið um breytingu á vegalögunum að ræða, þar sem þau gera ráð fyrir, að hlutaðeigandi sýslusjóðir eigi að kosta viðhald á Ölfusárbrú og Þjórsárbrú. Það stendur samgöngumálanefnd næst að koma fram með till. um breytingar, ef gerðar verða, á lögunum.

Flm. (Sigurður Sigurðsson): Ástæðan til þess, að jeg kveð mjer aftur hljóðs, er sú, að hæstv. atvinnumálaráðherra hafði spurt, á hverjum sú skylda hvíldi að aðvara sýsluna, ef viðgerðar þyrfti. Þessi fyrirspurn hæstv. atvinnumálaráðh. fór fram hjá mjer, og þó að henni sje að nokkru svarað með fyrri ræðu minni, þá skal henni svarað nú ákveðið. Skyldan hvílir á landsstjórninni eða starfsmanni hennar, vegamálastjóranum, samkvæmt 11. gr. vegalaganna. Þar stendur, að stjórnarráðið eigi að hafa eftirlit með því, að flutningabrautum og þeim mannvirkjum, er þeim tilheyra og landssjóður hefir kostað í fyrstu, sje haldið svo við, að ekki gangi úr sjer. Verkfræðingur á að skoða vegina og sjálfsagt brýrnar líka, og sje um þörf á endurbótum að ræða er það hans verk að skýra sýslunefnd frá því. Þessi skoðun verkfræðings á að fara fram að minsta kosti annaðhvert ár.

Hins vegar kannast sýslunefnd fullkomlega við það, að hana beri skylda til að kosta viðgerðina, en segir, að vegna dýrtíðar o. fl. hafi viðgerðin dregist á langinn. Auk þess hafi sýslan engan mannvirkjafræðing í sinni þjónustu, en eftirlitsskyldan hvíli á landsstjórn eða vegamálastjóra, en það orðið í undandrætti hjá honum að aðvara sýslunefndina í þessu efni.

Hvað snertir athugasemd háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.), þá skal jeg taka fram, að hjer er ekki farið fram á breytingu á vegalögunum, heldur að landssjóður hlaupi undir bagga með sýslunni að þessu sinni um viðgerð á brúnni. Sýslu-

nefndin segist ekki að svo komnu máli fara fram á að ljetta viðhaldinu af sýslunni fyrir fult og alt.

Jeg verð því að halda við mína fyrri till., um að frv. sje vísað til fjárveitinganefndar.

Þórarinn Jónsson: Jeg álít ekki rjett að lengja mikið umræður um þetta mál. En mjer virðist aðalástæðan, sem háttv. flm. (S. S) færir fyrir frv., vera sú, að landsstjórnin hafi vanrækt þá eftirlitsskyldu, sem á henni hvíldi. En það virðist nú vera svo í sjálfu sjer, að hjeruðin sjálf ættu að vera til eftirlits á undan öðrum, þar sem þau ber skylda til þess að laga það, sem að er. Það stendur líka í vegalögunum, að hjeruðin eigi að geta fengið verkfróða menn til eftirlits, eða hæfustu menn, sem kostur er á. Jeg held þess vegna, að það sje ekki nema til þess að hanga í lagastafnum að segja, að eftirlitið hafi verið vanrækt af hálfu stjórnarinnar. Ef þetta gæti orðið viðurkend ástæða fyrir því, að geta heimtað fje af landsstjórninni, gæti það leitt til þess, að sýslurnar sæju sjer hag í því að draga viðgerðir þangað til þær gætu ekki eða þættust ekki geta risið undir þeim.

Annað er líka eftirtektarvert í þessu sambandi, og það er, að sýslunefnd Árnessýslu biður þingið um heimild til þess að setja toll á umferð um brúna og ná þannig upp þeim kostnaði, er til viðhaldsins þarf. Þetta er aðalkrafa hennar til þingsins, en hitt aukakrafa, að landssjóður leggi fram fje til viðgerðar á brúnni. Og sýnir það, að hún hefir ekki talið fjárbeiðsluleiðina þá sanngjörnustu. En þessu hafa háttv. flutnm. alveg gengið fram hjá.

Meðmæli þau, sem háttv. 2. þm. Rang. (E. J.) gaf frv, voru miður heppileg; það kom þá og fljótt í ljós hjá honum, að samskonar málaleitunar mundi verða að vænta úr hans kjördæmi. Ef þetta frv. yrði því samþykt, mundu fleiri koma á eftir og heimta það sama. Jeg held því, að það sje ekki heppilegt að samþykkja frv., og verði farið að breyta til í þessu efni, þá yrði það að verða á þann hátt, að landið tæki að sjer allar viðgerðir á brúm landsins, þar sem hjeruðin eftir núgildandi lögum eiga að hafa viðhaldsskylduna.

Jeg verð því að vera algerlega á móti því, að þetta verði tekið til greina.

Einar Arnórsson: Mjer leist hv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) líta óhýru auga til þessa frv., er hjer liggur fyrir. Hann fann að því, að við flutnm. málsins fórum ekki þá leið, að biðja löggjafarvaldið að heimila sýslunefnd brúartoll. Ástæðan til þess, að við flutnm. frv. tókum ekki þann upp, var sú, að vjer töldum það ekki gerlegt. Vjer vitum flestir, að þar sem slíkir tollar hafa átt sjer stað, hefir orðið að afnema þá. Þeir þykja »barbariskir«. (**Þór. J.:** En sýslunefndin vill þetta). Þótt svo væri, tel jeg það með öllu ósamboðið siðuðu þjóðfjelagi að leggja toll á þau mannvirki, er sjálf þjóðin kostar, og skattleggja þannig umferð manna. Jeg hefi jafnvel átt í erjum um þetta á undirbúningsfundum undir þingkosningu, og mun aldrei fást til þess að fylgja slíku fram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. G., P. J., P. O., P. Þ., S. S., St. St, Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., B. Sv., B. J., B. K., E. A., E. Árna., E. J., G. Sv., H. K., J. J., J. M., J. B., Ó. B.

nei: M. P., M. Ó., S. St., Þór. J., B. St.

Frv. vísað til fjárveitinganefndar (sjá A. bls. 538) með 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. J., G. Sv., J. J., J. M., J. B., M. P., M. Ó., P. J., P. Þ., S. S., S. St., Þór. J., B. K., E. A.

nei: E. Árna, H. K., M. G., P. O., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., B. Sv., B. J., B. St., Ó. B.

Á 51. fundi í Nd., þriðjudaginn 18. júní, var frv. tekið til 2. umr. (A. 35, n. 353).

Frsm. (Magnús Pjetursson): Menn hafa sjeð af nál. till. fjárveitinganefndar í þessu máli, og er í nál. gerð grein fyrir þeim rökum, er liggja til þess, að nefndin getur fallist á, að veitt sje fje til viðhalds Ölfusárbrúnni. Og eins og nál. ber með sjer, byggir hún á till. vegamálastjóra, sem virðast hafa við rök að styðjast.

Það virtist koma fram við síðustu umr. þessa máls, að þessi mikli viðhaldskostnaður, sem nú er þörf á, stafaði af því, að sýslan hefði vanrækt viðhald brúarinnar áður. Nefndin hefir leitað upplýsinga um þetta atriði og komist að raun um, að talsverðu fje hefir verið varið úr sýslusjóði í þessu skyni. Eitt árið var t. d. varið rúmlega 1000 kr. og árið 1916 á fjórða hundrað kr. til viðhalds brúnni.

Nú er það ekki tilætlun fjárveitinganefndar að ljetta af sýslunni þeirri skyldu, sem á henni hlýtur að hvíla lögum samkvæmt til þess að viðhalda brúnni. En þar sem viðhaldið hefir orðið svo dýrt sökum upphaflegra smíðagalla, virðist nefndinni rjett, að nú komi fje úr landssjóði til rækilegrar aðgerðar á brúnni. Vegamálastjóri hefir gefið upplýsingar um þessa smíðagalla, og eru þeir sumpart þannig vaxnir, að trjebútar hafa legið fast við járn, svo að ekki hefir verið hægt að komast að járninu til þess að halda því við og verja það ryði. Vegamálastjóri ætlar að færa þetta í lag, en getur ekki sagt með fullri vissu, hve mikið aðgerðin muni kosta. Til þess að hægt sje að komast að því, sem viðgerðar þarf, og áætla kostnað við það, þarf að rífa upp gólfið í brúnni. Vegamálastjóri giskar á, að ekki sje hægt að komast af með minna fje en 15,000 kr., ef vel á að vera.

Verði till. nefndarinnar samþykt, á Árnessýsla að greiða 5000 kr. af þeim kostnaði, og er það fullkomlega sú upphæð, sem hægt er að krefjast af sýslunni til venjulegs viðhalds. Sýslan hefir orðið hart úti og þarf að kosta miklu fje til viðhalds vegum. Eftir frásögn vegamálastjóra nema áætluð útgjöld til viðhalds vegum í sýslunni 10,000 kr. Sjá menn, að sýslubúar hafa þar talsverðan bagga að bera, og minkar hann ekki við það, að bætt er við 5000 krónur til viðhalds Ölfusárbrúnni.

Jeg skal taka það enn fram, þó að það standi skýrt í nál., að ekki er svo að skilja, að fjárveitinganefnd hallist að þeirri stefnu, að landssjóður styrki sýslufjelögin til viðhalds brúa þeirra, sem þeim ber að halda við samkvæmt lögum. Nefndin hefir fallist á þessa fjárveitingu einungis af þeirri sjerstöku ástæðu, að þetta getur ekki talist venjulegt viðhald.

Jeg vona, að háttv. deild samþykki till. nefndarinnar og háttv. flutnm. láti sjer það lynda, þótt nefndin fari ekki lengra en þetta, en í fyrstu mun ekki hafa verið ætlast til þess, að neitt fje kæmi úr sýslusjóði til aðgerðarinnar.

Sigurður Sigurðsson: Jeg get eftir atvikum verið háttv. fjárveitinganefnd þakklátur fyrir meðferð hennar á þessu máli. Jafnvel þó að óskum okkar flutnm. sje ekki að öllu leyti fullnægt, þá þykir okkur vænt um, að nefndin hefir komist að þessari niðurstöðu.

Jeg skil það mæta vel, að nefndin ætlast ekki til þess, að um neina skyldu fyrir landssjóð til að taka að sjer viðhald brúa alment sje að ræða, þótt till. hennar verði samþykt. Til þess þyrfti lagabreytingu. En annað mál er það, hvort ekki sje ástæða til að athuga það atriði betur, ekki einungis um viðhald Ölfusárbrúarinnar, heldur og um viðhald annara stórra brúa. Satt að segja er jeg á því, að viðhald þeirra ætti að hvíla á landssjóði.

Jeg skal þó ekki fara út í þá sálma. Við flutnm. sættum okkur við meðferð nefndarinnar á málinu og erum, eins og jeg tók fram áðan, eftir atvikum þakklátur nefndinni fyrir góðar undirtektir hennar í þessu máli.

ATKVGR.

Brtt. 353. (ný 1. gr.) samþ. með öllum gr. atkv.

2. gr. samþ. með öllum gr. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 52. fundi í Nd., fimtudaginn 20. júní, var frv. tekið til 3. umr. (Á. 373).

Pjetur Ottesen: Jeg verð að segja það, að mjer þykir háttv. fjárveitinganefnd nú nokkuð rík á stykkjunum, eftir því sem venja hefir verið til með fjárframlög til þeirra vega, sem viðhaldið hvílir ekki beinlínis á landssjóði. Eins og kunnugt er, hvílir skyldan um viðhald flutuingabrauta á sýslufjelögum landsins. Það hefir verið reynt að breyta þessu þannig, að landssjóður taki að sjer þetta viðhald, en það hefir ekki tekist enn.

Jeg fyrir mitt leyti tel það nú sjálfsagt og sanngjarnt, að landssjóður hafi viðhaldið á hendi, en þar sem það hefir enn ekki komist á, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir, þá finst mjer óþarft og órjett að taka út úr þessa braut, er hjer um ræðir, eða aðrar einstakar brautir, og láta landssjóð kosta þar viðhald, því að með því er öðrum sýslufjelögum, sem eins stendur á um, gert rangt til.

Mjer þykir þetta því óviðkunnanlegt. Raunar kvað vegamálastjóri hafa látið það uppi, að þessi brú, Ölfusárbrúin, hafi verið illa gerð í upphafi, og þurfi því meira viðhald en aðrar brýr, og sje því hjer öðru máli að gegna. Hið sama mundi nú mega segja um fleiri brýr, að þær sjeu ekki svo vel gerðar sem skyldi, svo að þetta er ekkert einsdæmi.

Eins og jeg hefi áður tekið fram, er jeg því eindregið fylgjandi, að landssjóður taki að sjer alt viðhaldið, en meðan það skipulag er ekki á komið, sje jeg ekki, að rjett sje að taka einstaka liði út úr. Annars kvað vegamálastjórinn vera að rannsaka og undirbúa þetta mál, og mundi mega vænta þess, að álit hans yrði tilbúið fyrir næsta reglulegt þing.

Framsm. (Magnús Pjetursson): Mjer finst gæta misskilnings í ræðu hv. þm. Borgf. (P. O.), þar sem hann er að blanda þessu frv. saman við alment viðhald flutningabrauta. Það var sem sje svo greinilega tekið fram í áliti nefndarinnar, að frv. á ekkert skylt við þesskonar, þar sem fjárveitinganefndin bygði eingöngu á því, hve brúin var illa gerð í upphafi.

Nefndin telur það rjett, að landssjóð-

ur taki einhvern þátt í viðhaldi eldri flutningabrauta, sem illa eru úr garði gerðar, því að viðkomandi hjeruð verða ver úti en hin, sem fá nýrri brautir, sem betur eru gerðar og með fullkomnari útbúnaði. Og nú hagar nokkuð svipað til þarna og á gömlum flutningabrautum.

Eftir því, sem mig minnir, hafði fjárveitinganefnd í fyrra til meðferðar beiðnir um það, að landssjóður tæki að sjer allar flutningabrautir og viðhald þeirra. Lýsti fjárveitinganefnd þá yfir því, að hún teldi, að þau sýslufjelög, sem hafa eldri flutningabrautir, yrðu hart úti, og væri ekki nema sanngjarnt, að landssjóður hlypi undir baggann um viðhaldið, einkum þó, að hann ljeti byggja steinbrýr þar, sem trjehlemmar hefðu verið settir í byrjun. Þetta, sem hjer er um ræða, er alveg samstætt dæmi því, sem lýst var yfir í fyrra, að jafna hallann á gömlu brúnum með því að gera þær nú sem næst því eins vel úr garði í viðgerðinni og þær brýr voru í upphafi, er síðar hafa verið gerðar.

Finst mjer þess vegna, að þrátt fyrir það, þótt eitthvað sje á leiðinni frá vegamálastjóra um breyting á viðhaldsskyldunni, þá megi ekki taka tillit til þess, að því er kemur til viðgerðar á þessari brú, því að það er afaráríðandi, að gert sje við hana þegar, ef ekki á að verða að tjóni. Að vísu segir vegamálastjóri, að sem stendur hafi skemdirnar ekki mikil áhrif á burðarmagn brúarinnar, en að þær sjeu svo miklar, að alt hvað líði geti þær valdið miklu tjóni, þegar minst varir. Virðist því ekki ráðlegt að bíða, því að búast má við miklu meiri kostnaði en svo, að sýslan geti undir risið, ef brúin er látin ryðga niður. Yrði þá landssjóður að borga alla þá viðgerð.

Það er sjálfsagt rjett, að fleiri brýr muni illa úr garði gerðar. En það vita menn þó, að þessi brúin er einhver elsta brúin, og því ekki nema eðlilegt, að hún sje allra verst úr garði gerð.

Vænti jeg því, að háttv. deild leyfi frv. þessu fram að ganga.

Pjetur Ottesen: Háttv. framsm. (M. P.) tók það fram, að þar, sem eldri flutningabrautir væru, yrðu hjeruðin langharðast úti. En hins ber þá og að gæta, að þau sömu hjeruð eru þá líka lengur búin að njóta þægindanna af bættum samgöngum, og menn hafa þar ekki þurft eins lengi og sumstaðar annarsstaðar að klöngrast yfir grjót og urðir og brjótast yfir fen og foræði. Vona jeg, að það verði stefna þingsins í framtíðinni, að ljetta þessu viðhaldi af sýslufjelögunum og að landssjóður taki það að sjer, því að eins og háttv. framsm. (M. P.) tók fram, eiga sýslufjelögin erfitt með slík útgjöld, þar sem þau hafa bæði litla og ljelega tekjustofna. En jeg vil, að jöfnuður komist á í þessu efni, áður en landssjóður tekur nokkursstaðar þátt í viðhaldinu, en það er alls ekki tilgangur háttv. fjárveitinganefndar, eftir því sem marka má af nefndarálitinu, síður en svo.

Pjetur Þórðarson: Það er að vísu rjett hjá háttv. þm. Borgf. (P. O.), að það er ekki sanngjarnt að taka einstök atriði út úr öðrum hliðstæðum í viðhaldi á flutningabrautum eða brúm, til þess að kasta því sjerstaklega á landssjóðs herðar. En þrátt fyrir það þótt háttv. framsm. (M. P.) endurtæki nú það, sem hann sagði við fyrri umr., að fjárveitinganefnd hefði alls ekki viljað ganga inn á, eða með þessari tillögu gengið inn á, þá braut, að ljetta öllu viðhaldinu af sýslufjelögunum, þá álít jeg, að nefndin hafi nú samt gengið inn á þessa braut, þó að skamt sje farið, en taki jafnframt tillit til sjerstakra ástæðna,

að því er þetta snertir. Og jeg fyrir mitt leyti samþykki þetta með fúsi geði, af því að jeg álít það svo sanngjarnt, að hjer sje hlaupið undir baggann. Og einhvern tíma verður að byrja. Því að hjá þessu sýslufjelagi mun þörfin mjög mikil. En það er ekki nóg ástæða, eins og háttv. framsm. (M. P.) tók fram, að taka sjerstakt tillit til þess, að hjer er um viðhald elstu brúarinnar að ræða. Það er ekki nóg ástæða út af fyrir sig, þótt hún sje rjettmæt. En hitt hefir miklu meira að segja, hvar viðhaldið hvílir svo þungt á, að sýslufjelögin geta ekki undir risið, eða vegaþörfin slík, að ekki verður fullnægt, þar sem aftur á móti má fullnægja henni með hægu móti í öðrum sýslum og af eigin ramleik.

Verð jeg því að vera á annari skoðun en háttv. þm. Borgf. (P. O.). Tel jeg sanngjarnt að byrja á þessu og rjett að fara inn á þessa braut. Og inn á hana er gengið með þessu frv., hversu svo sem háttv. framsm. (M. P.) vill krossa sig og nefndina fyrir, að svo sje þó ekki.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 : 2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 48. fundi í Ed., föstudaginn 21. júní, var útbýtt

Frumvarpi til laga um heimild handa landsstjórninni til þess að verja fje úr landssjóði til viðhalds Ölfusárbrúnni,

eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd. (A. 381).

Á 49. fundi í Ed., mánudaginn 24. júní, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg vil gera það að tillögu minni, að frv. þessu verði vísað til fjárveitinganefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9. shlj. atkv. og til fjárveitinganefndar (sjá A. bls. 534) með 10 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., miðvikudaginn 3. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 381, n. 430).

Guðmundur Ólafsson: Jeg bjóst við, að háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) mundi láta nokkur orð fylgja þessu máli, þar sem hann er eftir nál. að dæma framsögumaður. Fjárveitinganefndin er í seinni tíð farin að gera grein fyrir gerðum sínum. Í gær voru haldnar þrjár framsöguræður fyrir hennar hönd. En þetta ætlar fljótt að fara af.

Annars mun háttv. deild það kunnugt, að menn voru alls ekki sammála um þetta mál, þegar það var fyrir Nd.

Eftir núgildandi vegalögum eru það hjeruðin, sem eiga að halda við brúm, en hjer er farið fram á, að landssjóður greiði $^2/_3$ hluta af 10 þús. kr., sem þarf til viðgerðar brúnni yfir Ölfusá. Að mínu áliti væri það mjög athugavert að taka þessa brú út úr. Jeg væri kann ske ekki svo mótfallinn því, að þingið tæki þá stefnu, að kosta viðhald allra stórbrúa úr landssjóði. Þá gengi jafnt yfir alla. En jeg álít mjög óviðeigandi að láta annað gilda um viðhald á þessari brú en öðrum brúm. Það er ekki til mikilla málsbóta, þótt lengi hafi verið vanrækt að viðhalda brúnni sæmilega og það leitt til þess, að viðgerð kostar nú mjög mikið.

Jeg skal ekki segja fleira að sinni. Jeg vil bíða þar til frsm. (E. P.) sýnir mjer

betur á bak við tjöldin hjá háttv. fjárveitinganefnd; það kynni og að vera, að jeg breytti þá skoðun minni.

Þótt þau ummæli verði að líkindum látin fylgja frv., að þetta eigi ekki að skoðast sem fordæmi, legg jeg ekki mikið upp úr því. Yfirleitt finst mjer þessi klausa einhver sú ógeðfeldasta, sem látin er oft fylgja ráðstöfunum þingsins.

Frsm. (Eggert Pálsson): Háttv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.) mintist á það, að jeg hefði haldið þrjár framsöguræður í gær fyrir hönd fjárveitinganefndar. Þetta er rjett. En þar sem engar aðrar umræður urðu um þau mál og deildin samþykti tillögur fjárveitinganefndar breytingalaust, þótti mjer sem framsöguræður væru ekki altaf nauðsynlegar, þar eð sýnt var, að deildin bæri slíkt traust til nefndarinnar, að hún samþykti tillögur hennar orðalaust. En samkvæmt ósk háttv. 2. þm. Húnv. (G. Ó) er það velkomið að gefa nánari skýringar á máli þessu.

Upphaflega hljóðaði frv. svo, að öll viðgerðin á brú þeirri, er hjer er um að ræða, skyldi kostuð af landssjóði. En háttv. Nd. breytti því svo, að landssjóður skyldi ekki kosta viðgerðina nema að $^2/_3$ hlutum. Þetta var gert eftir tillögum Geirs Zoëga verkfræðings. Það liggja alveg sjerstakar ástæður til þess, að slíkar umbætur, sem hjer ræðir um, þurfa að gerast. Hið mikla fje, sem nú er þörf á, fer ekki beint til viðhalds brúnni, það segir sig sjálft, heldur að nokkru leyti til endurbyggingar eða umbóta. Brúnni hefir altaf verið sæmilega við haldið. Árið 1914 voru lagðar fram 1024 kr. til viðhalds, árið 1915 277 kr. og árið 1916 362 kr. Það sjá því allir, að einhverjar sjerstakar orsakir hljóta að liggja til þess, að nú þarf að ráðast í verk, sem áætlað er að kosti um 10 þús. kr. Frá upphafi hafa sem sje verið gallar á brúnni, sem sýslunefndinni hefir verið ókunnugt um. Ef henni hefði verið kunnugt um þá, þegar tekið var við brúnni, hefði auðvitað verið á þá minst, og landsstjórnin þá látið ráða bót á þeim.

Og það eru þessir gallar, sem nú þarf að bæta úr. Og þá endurbót ber landssjóði, ef ekki lagaleg, þá siðferðileg skylda til þess að kosta að einhverju leyti, nú þegar þeir koma í ljós.

Til stuðnings máli mínu skal jeg, með leyfi forseta, leyfa mjer að lesa eftirfarandi kafla úr brjefi verkfræðings:

> »Svo sem meðlagt eftirrit af símskeyti mínu til sýslunefndar Árnessýslu ber með sjer, tel jeg ekki viðhaldsvanrækslu eingöngu um að kenna skemd þá, sem orðin er á sumum brúarjárnunum, heldur og galla á gerð brúarinnar og uppsetningu í byrjun. Þá hefir verið gengið svo frá hliðarbitum úr járni eftir brúnni endilangri, að trje hafa verið lögð upp með þeim svo þjett, að ekki hefir verið unt að komast að þeim til viðhalds og málunar. Hafa þau því náð að ryðga svo, að jafnvel eru komin á þau smá ryðgöt«.

Af þessum kafla má sjá, að frá upphafi hefir verið stórgalli á brúnni. Hv. Nd. hefir viljað hlaupa undir bagga með sýslunefndinni, og vil jeg vonast til, að sama verði um þessa deild. Það hefir aldrei verið tilætlunin að afhenda sveitarstjórnum sem gölluðust mannvirki til viðhalds. Fyrst smíðin var í upphafi gölluð, er ekki nema sjálfsagt, að landssjóður bæti það upp. Um það má vel myndast fordæmi. Þetta verður hins vegar aldrei neitt fordæmi fyrir því að

ljetta eðlilegu viðhaldi af sýslunefndunum, hvort heldur á brúm eða vegum. Það liggur í augum uppi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. — — — 9 — —

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 hlj. atkv.

Á 58. fundi í Ed., föstudaginn 5. júlí, var frv. tekið til 3. umr.

Guðmundur Ólafsson: Jeg talaði nokkur orð við 2. umr. þessa máls og vakti athygli á, að óviðfeldið væri að fá ekki að vita, hvað vekti fyrir fjárveitinganefnd, er hún leggur til, að $^2/_3$ hlutar af 10 þús. kr., sem þarf til viðgerðar Ölfusárbrúnni, verði greiddir úr landssjóði.

Svo skýrði háttv. frsm. (E. P.) frá því, að ekki væri eingöngu um viðhald að ræða, heldur líka um endurbót á smíðagöllum, sem verið hafa á brúnni frá upphafi. Hann gat þess og, að háttv. fjárveitinganefnd teldi fyrir sitt leyti sjálfsagt, að landssjóður rjetti hjálparhönd, þegar líkt stæði á með samskonar mannvirki annarsstaðar. Við 2. umr. málsins hjelt jeg því fram, að sama væri látið ganga yfir allar stórbrýr landsins. Og nú hefir háttv. frsm. fjárveitinganefndar (E. P.) lýst yfir því, að nefndin sje á sömu skoðun.

Jeg skal að vísu ekkert segja um smíðagallana á brúnni, en seint þykir mjer þeir koma fram, þar sem brúin er búin að standa í rúm 20 ár.

Framsm. (Eggert Pálsson): Hv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.) þótti gallar þeir, sem á Ölfusárbrúnni hafa verið frá upphafi, koma seint í ljós. Ekki er ólíklegt, að slíkir gallar leynist fyrir augum annara manna en sjerfróðra.

Mjer er ekki kunnugt um, að brúin hafi verið athuguð af verkfróðum manni, frá því hún var gerð, fyr en í vor. Ef þetta á að kallast vanrækslа, sem jeg skal ekkert um segja, þá er sýslunefnd ekki um að kenna. Sýslunefndir hafa ekki á að skipa verkfróðum mönnum. Sökin væri þá einmitt hjá landssjóði.

Hvað hitt snertir, að landssjóður kosti viðgerð á upphaflegum smíðagöllum á stórbrúm, þá tel jeg það sjálfsagt. Þetta er mín persónulega skoðun, en hvað þingið mun gera í framtíðinni í þessum efnum, get jeg auðvitað ekkert sagt um. En jeg geri fastlega ráð fyrir, að þessari reglu verði fylgt.

Þegar steinbrýr hafa verið settar í staðinn fyrir gamlar trjebrýr, hefir verkfræðingur landsins lagt til, að $^2/_3$ kostnaðarins væru greiddir úr landssjóði. Þetta hefir þingið jafnan fallist á. Í þessu er fylgt sömu meginreglu og í frv. því, sem nú er til umræðu, og er engin ástæða til að halda, að sú regla verði lögð niður.

Það er ekki við því að búast, að sýslufjelögin geti staðið straum af endurbótum, sem kosta helming, eða $^2/_3$ hluta, af upphaflega brúarverðinu, má ske svo að tugum þúsunda skiftir.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 460).

12. Hafnsaga í Reykjavík.

Á 15. fundi í Nd., föstudaginn 3. maí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um hafnsögu í Reykjavík (A. 44)

Á 17. fundi í Nd., mánudaginn 6. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg get eiginlega skírskotað til athugasemdanna, sem eru við þetta lagafrv., og þarf því ekki að tala langt mál. Þörfin á breyttu skipulagi við hafnsöguna hjer er mikil, og þau lagaákvæði, sem til eru um það efni, eru gömul og ófullnægjandi.

Þetta frv. er samið af hafnarnefnd Reykjavíkur, og ætla jeg það af góðum kunnugleik gert og þannig úr garði gert, að vel megi við una, og sje því ekki neina ástæðu til þess að gera till. um, að því verði vísað til nefndar. Ætla jeg frv. svo vel athugað, að þess gerist ekki þörf. Skal jeg að eins leyfa mjer að geta þess, að ef til vill væri greinilegra, að í 1. gr., annari málsgrein, kæmi komma á eftir orðinu »skemtiskip«, eða þá orðið »svo«, til þess að taka af öll tvímæli um, við hvað það ætti.

Það virðist vera í alla staði vel frá frv. gengið. Vænti jeg því, að háttv. deild leyfi því að ganga til 2. umr.

Einar Arnórsson: Háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) gat þess, að frv. þetta væri samið af hafnarnefnd Reykjavíkur og vel undirbúið, og skal jeg ekki rengja að svo sje, en mjer finst samt rjettara að vísa málinu til nefndar, og þá líklega rjettast til sjávarútvegsnefndar. (**B. J.:** Eða til samgöngumálanefndar). Já, það skiftir litlu til hvaða nefndar það fer. — Jeg skal til samanburðar geta þess, að það liggur hjer annað frv. fyrir þessari háttv. deild, sem hefir hlotið langan undirbúning og þó virðist talsvert athugavert. Virðist því sjálfsagt, að þessu frv. sje vísað til nefndar, og að deildin leyfi ekki neinum að reiða sig á »autoritet« þeirra manna, sem að því hafa unnið. Jeg fyrir mitt leyti hefi ekkert á móti því, að frv. verði vísað til samgöngumálanefndar.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Það er fjarri því, að jeg hafi nokkuð á móti, að málinu verði vísað til nefndar, en mjer virðist það eiga heima í sjávarútvegsnefnd. Jeg heyrði ekki almennilega, hvort háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) gerði það að till. sinni, að málinu yrði vísað til samgöngumálanefndar.

Bjarni Jónsson: Má jeg gera þá athugasemd, að hafnsaga mundi heldur heyra undir samgöngumálanefnd en sjávarútvegsnefnd.

Gísli Sveinsson: Jeg stend að eins upp til þess að stinga upp á þriðju nefndinni, allsherjarnefnd. Það hefir verið bent á það áður, að ef vísa ætti slíkum málum sem þessu og fleirum til sjerstakrar nefndar sökum þess eins, að það við kemur að einhverju t. d. höfninni hjerna eða vegi úti á landi, þá gæti svo farið, að mál þau, sem nefndin fengi, yrðu nokkuð sundurleit og fráskilin hvert öðru, og gæti orðið til þess, að máli, sem heima ætti, málsins vegna, í einni nefnd, yrði vísað til annarar, og færi það illa, þótt ekkert væri við því að gera. En hjer er ekki verið að ræða um það, hvort hafnsaga eigi að vera hjer í Reykjavík, heldur að eins stutta lagasetningu um þessa hafnsögu, og spurningin verður þá að eins um það, hvort henni sje rjett fyrir komið. Vænti jeg því, að frv. verði

vísað til allsherjarnefndar, sem svo er vel skipuð af lögfræðingum, að hún getur vel um það fjallað. En til samgöngumálanefndar tel jeg það ekkert erindi eiga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 541) með 13:3 atkv.

Á 21. fundi í Nd., mánudaginn 13. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 44, n. 77).

Frsm. (Þorleifur Jónsson): Jeg þarf ekki að halda neina framsöguræðu um þetta mál, því að eins og menn sjá af nál., hefir nefndin komist að þeirri niðurstöðu að ráða til, að frv. þetta verði samþ. óbreytt. Frv. er aðallega breytingar á hafnsögumálum Reykjavíkurkaupstaðar, og þar sem málið virðist vera töluvert rækilega undirbúið frá þeim stjórnarvöldum, sem bera það fram, þá sjáum við ekki annað rjettara en að ráða til að samþ. það eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. í e. hlj.

2.—6. gr. samþ. með öllum gr. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 23. fundi í Nd., miðvikudaginn 15 maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 44).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Á 20. fundi í Ed., fimtudaginn 16. maí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um hafnsögu í Reykjavík,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 140).

Á 22. fundi í Ed., laugardaginn 18. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Rjett virðist að vísa þessu máli til allsherjarnefndar, og geri jeg það að tillögu minni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 8 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 537) með 12 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., mánudaginn 27. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 140, n. 205).

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Eins og nál. á þgskj. 205 ber með sjer, ræður allsherjarnefnd, sem haft hefir mál þetta til meðferðar, háttv. deild til þess að samþ. frv. óbreytt.

Þar sem hinni miklu hafnargerð hjer í Reykjavík er nú lokið og nýtt skipulag komið á stjórn hafnarmálanna, er ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að ný skipun verði gerð á hafnsögumálunum, sem standa í svo nánu sambandi við hafnarmálin.

Núgildandi ákvæði um hafnsögu í Reykjavík eru aðallega reglugerð frá 1.

desember 1841 og lög frá 16. september 1893, um hafnsögugjald í Reykjavík.

Eftir reglugerðinni skipaði amtmaður — nú stjórnarráðið — hafnsögumenn eftir tillögum bæjarstjórnarinnar; eru þeir 2 og launað með hafnsögugjaldi því, sem lögin ákveða. Er það svo lágt, að hafnsagan hefir, að dómi hafnarnefndar, ekki orðið rækt sem skyldi, meðal annars af því, að hafnsögumennirnir hafa ekki haft efni á því að útvega sjer nógu vandaða báta til þess að geta farið út í skip í vondum veðrum.

Í frv. þessu er stjórn hafnsögumálanna lögð undir hafnarnefnd Reykjavíkur, og virðist það ekki nema eðlilegt og rjett. Hún á að skipa hafnsögumenn og ákveður laun þeirra, sem greiðast úr hafnsögusjóði.

Hafnsögugjöld verða ákveðin í reglugerð, er hafnarnefnd setur og stjórnarráðið staðfestir, og um framkvæmd hafnsögunnar og innheimtu hafnargjalda, sem bæjarfógeti hafði innheimtu á eftir lögunum frá 1893, verða ákvæði sett í reglugerð þeirri, er jeg gat um áðan, eða annari, sem verður til á sama hátt og hin. Ætlast er til, að hinir nýju hafnsögumenn verði látnir leggja skipum að bryggjum, flytja þau til á höfninni og inn og út úr innri höfninni.

Hið fyrirliggjandi frv. er samið af hafnarnefndinni og flutt samkvæmt ósk hennar.

Allsherjarnefndin hafði það eitt við frv. að athuga, að hún hefði kunnað því betur, að helstu lagaákvæði, sem það fellir úr gildi, hefðu verið nefnd sjerstaklega í 6. gr. þess, en telur það þó eigi svo mikilsvert, að frv. eigi að fara aftur til háttv. Nd. vegna lagfæringa á því.

Jeg leyfi mjer því, fyrir nefndarinnar hönd, að leggja til, að háttv. deild samþ. frv. óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2.—6. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Ed, miðvikudaginn 29. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 140).

Enginn tók til máls.

ÁTKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 256).

---

13. Fræðslulagabreyting.

Á 15. fundi í Nd., föstudaginn 3. maí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 59, 22. nóv. 1907, um fræðslu barna (A. 46).

Á 17. fundi í Nd., mánudaginn 6. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Í greinargerðinni fyrir þessu frv. er drepið á þær helstu ástæður, sem voru þess valdandi, að við komum með þetta frv., og enn fremur á það, af hvaða ástæðum við gátum ekki lagt það til, að frv. það, sem stjórnin flutti, næði fram að ganga á þessu þingi.

Í 1. gr. frv. er sýnt, hvað kaup kennara skuli hækkað, og er það yfir höfuð svo ósköp einfalt mál, að ekki er ástæða til að fjölyrða um það.

Þessi hækkun, sem hjer er gert ráð fyrir, kemur ekki niður nema á stöku stað, því að svo er fyrir þakkandi, að minsta kosti í hinum stærri kauptúnum, að laun kennara þar eru langt fyrir ofan það lágmark, sem hjer er sett, svo að þess vegna kemur þessi hækkun ekki fram þar, svo að kostnaðaraukinn verður því ekki teljandi að nokkrum mun. Bætur verða þó nokkrar hjá þeim kennurum, sem fá nú laun samkvæmt fræðslulögunum.

Frv. þetta kom frá mentamálanefnd, og mjer sýnist því, að hjer sje ekki um annað að ræða en hvort málið skuli ná fram að ganga eða ekki, og ef menn annars vilja á nokkurn hátt greiða kennurunum betra kaup en hingað til hefir verið gert, þá virðist svo, sem ekki sje unt að hækka það minna en hjer hefir verið gert.

Um þetta mál mætti í sjálfu sjer margt segja, en jeg sje ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um það, en vænti þess, að háttv. deild sýnist hjer svo hóflega farið af stað, að hún leyfi því fram að ganga.

Forsætisráðherra (J. M.): Eftir ummælum minum um þetta mál, þegar það var hjer fyrst til umræðu, þá get jeg ekki beint mælt í móti niðurstöðu háttv. nefndar.

Það er og nokkurs vert að gera til bráðabirgða bætur á launum kennaranna, þótt það geti ekki orðið nema að nokkru leyti; er það augljóst, að þessar umbætur, sem háttv. nefnd gerir, eru alls ekki til frambúðar.

Aðalatriðið er, að minni skoðun, að kennarastöðurnar sjeu gerðar þannig úr garði, að hæfir menn geri kensluna að lífsstarfi sínu, en þetta er skilyrði fyrir því, að trygt sje, að menn hafi ekki kensluna á hlaupum.

Reyndar hefi jeg ekki í frv. haft fyrir augum verulega þá menn, sem kenna um stuttan tíma, heldur hina, sem hafa kensluna að aðalstarfi.

Frv. háttv. nefndar tryggir nokkuð hinn síðarnefnda flokk, og þótt þetta frv. sje í rauninni allra mesta kák, þá býst jeg þó við, að við það verði nú að sitja.

Þorsteinn Jónsson: Þetta frv. á víst að koma í staðinn fyrir það, sem stjórnin lagði fyrir þingið. En frv. þetta fjallar að eins um einn liðinn, launakjörin.

Eins og menn muna, voru hjer í fyrra tvær till. á ferðinni um það, að stjórnin tæki til athugunar fræðslumálalöggjöfina. Var önnur þeirra samþykt, sú till., sem lengra gekk og fór harðari orðum um þau kjör, sem kennarastjettin ætti við að búa í landinu. Nú sýnist mjer, sem stjórnin hafi með frv. þessu viljað fara að vilja þingsins, eins og hann lýsti sjer í fyrra.

Jeg skal taka það fram, þó að mjer virðist hjer um óhjákvæmlegt nauðsynjamál að ræða, að þá álít jeg það alls ekki heppilegt að þurfa að gera ákveðna endalykt um laun nokkurrar stjettar, á meðan verðmæti peninga er svo á reiki sem nú er.

Frv. stjórnarinnar ætlar háttv. mentamálanefnd víst að stinga undir stól, en þá vil jeg lítils háttar athuga gerðir nefndarinnar. Það er óneitanlega svo, að hún hækkar nokkuð launakjör kennaranna frá því, sem þau eru ákveðin með lögunum frá 1907. En þá er að athuga, hverjum sú hækkun kemur aðallega til nota, sem ákveðin er í þessu frv.

Eins og háttv. frsm. (J. B.) tók fram

áðan, vill svo vel til, að allur fjöldi kennara á landinu hefir ekki átt við þau kjör að búa, sem lögin frá 1907 ákveða lágmark fyrir. Þeir kennarar, sem eiga við lágmarkslaun að búa, munu vera þeir, sem nýir eru í starfinu, og farkennarar. Samkvæmt þessu frv. hækka aðallega laun farkennara og heimavistarskólakennara.

Um hina fyrri er það að segja, að þeir eru víst flestir lausir og slyppir menn, og geta því unnið fyrir lítil laun. En launakjör þeirra verða ekki til að draga þá að starfinu. Hækkun samkvæmt þessu frv. er þeim dálítil bót frá því, sem er. En auðvitað getur hún ekki trygt góða menn til lengdar við starf þetta.

Þá er um laun fastra kennara við skóla í kaupstöðum. Jeg hygg nú reyndar, að sú hækkun verði meira á pappírnum en í framkvæmdinni, því að nú mun á flestum stöðum búið að hækka laun þeirra, svo að þessi lög ná ekki til þeirra.

Þá er ein talsvert mikil launahækkun handa einum flokki kennara, það er aðalkennaranna við heimavistarskóla. Sú hækkun er 15 kr. á viku, en það er ekki svo hættuleg hækkun fyrir þann, sem borga þarf, vegna þess, að sú stjett kennara er ekki til og hefir ekki verið til hjer á landi. (**P. J.**: Hún er nefnd í fræðslulögunum). Já, það er hún að vísu, en hún verður víst ekki til hjer á landi fyrir þann tíma, sem frv. þetta, ef að lögum verður, fellur úr gildi, sem sje árið 1921.

Hæstv. forsætisráðherra (J. M.) tók það fram, að sjer fyndist það óþarfi, að þessi launahækkun ætti að ná til þeirra manna, sem að eins kendu fáeinar vikur af árinu, og er jeg honum sammála um það.

Jeg sje, að nefndin ætlast til, að haldið verði áfram undirbúningi til umbóta á fræðslulögunum. En þá vil jeg spyrja stjórnina, hvort hún sjái sjer fært að halda honum áfram, ef þingið heimilar ekkert fje til þess.

Jeg og háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) bárum fram till. á fyrra þingi um fjárframlag til undirbúnings breytingu á fræðslulögunum, en hún var feld. En ef stjórnin álítur sjer fært að halda áfram að undirbúa málið, án sjerstaks kostnaðar, þá er það auðvitað ekki nema gott og blessað.

Forsætisráðherra (**J. M.**): Jeg get ekki búist við öðru en stjórnin telji sjer heimilt að verja nokkru fje til þess að halda áfram að undirbúa og rannsaka málið og kosta til þess einhverju fje, en þó ekki nema litlu einu, svo að ef háttv. deild, eða þingið í heild sinni, vildi hafa mjög nákvæma rannsókn á málinu, þá er auðvitað ekki hægt að gera það, nema þá með því að skipa til þess milliþinganefnd; en jeg vil ekki gera till. um, að sú leið verði farin; sú till. verður þá að koma frá Alþingi sjálfu. Jeg held nú reyndar, að þetta megi bíða; jeg er ekki eins sannfærður um það og margir háttv. þm. sýnast vera, að það sje ástæða til að vera með miklar nje víðtækar rannsóknir um þetta mál, heldur sje þegar komið að nokkurn veginn ábyggilegri niðurstöðu um það, hvers hjer þurfi. Jeg get ekki hugsað mjer, að barnafræðsla þurfi að vera mjög mikið öðruvísi hjer en annarsstaðar í heiminum, sjerstaklega þar, sem fræðsla barna þykir best. Jeg get ómögulega skilið það, að Íslendingar sjeu svo alt öðruvísi skapaðir en aðrir menn, að þeir hljóti að hafa öðruvísi barnafræðslu.

Jeg benti á það við 1. umr. þessa máls, að það liti ekki út fyrir, að þeir

menn, sem um það hefði fjallað sjerstaklega óskuðu eftir nokkrum grundvallarbreytingum á fyrirkomulaginu.

Bjarni Jónsson: Jeg ætla ekki að mæla nema örfá orð að þessu sinni, svo að hæstv. forsætisráðherra getur vel hlýtt á það, sem jeg vildi sagt hafa.

Þetta frv. sýnist eiga að ganga fram eins og það liggur fyrir, og virðist svo, sem allir eigi að fylgja því, hvort sem þeir nú eru á mínu máli eða ekki.

Ekki sje jeg ofsjónum yfir því, þótt nefndin hafi hækkað laun allra þeirra, er við kenslu fást og nefndir eru í fræðslulögunum, svo að hv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.) hefði getað sparað sjer að úthella visku sinni hvað það áhrærir.

Ekki get jeg heldur gert mikið veður út af, að skilja beri þá menn úr, sem hafa kenslu að aukastarfi, eins og þeir gerðu hv. 2. þm. N.-M. (Þorst. J.) og hæstv. forsætisráðh., því að sparnaður af slíku yrði aldrei svo að nokkru næmi.

En annað er það, sem jeg vildi minnast á, úr því að aðrir hafa minst á það á undan mjer. Það var undirstaðan undir þessu máli, eða hvað gert hafi verið í því að athuga fræðslulagakerfið í heild sinni.

Jeg býst við, að mentamálanefndin, þótt jeg sje ekki í henni, (**H. K.:** Var í henni). Þótt jeg sje ekki í henni, sagði jeg. Annars vil jeg biðja háttv. þm. (H. K.) að taka eftir tíðunum. En svo að jeg snúi mjer aftur að málinu, þá býst jeg ekki við, að hún nje stjórnin hafi rannsakað það mál, því að þau skrif, sem fylgja stjórnarfrv. frá höfundi fræðslulaganna, er lítið að marka, því að maðurinn er ekki hlutlaus dómari í því máli. Það er eins og maður, sem grunaður er um einhverja sök, sje látinn sjálfur rannsaka mál sitt. Það er því langt frá, að nokkuð hafi verið gert af stjórninni til þess að rannsaka, hvort innleidd skuli verða skólaskylda fyrir unglinga eða ekki.

Annars er jeg samþykkur hæstv. forsætisráðh. og kenslumálaráðh. um það, að stjórninni hljóti að vera heimilt að leggja eitthvert fje til rannsóknar málinu, þó að hún setji það ekki í millilinganefnd. Henni hlýtur að vera heimilt að fá einhvern vitran mann til þess að athuga þetta mál og koma með till. um það, en þetta hefir ekki verið gert.

Það hefir aftur á móti þótt heimilt að verja miklu fje til þess að gefa út bók með eintómri vitfirringu um nöfn manna, og álít jeg því, að síst sje heimildarskortur, að því fje, sem lagt væri í það að gefa út bók um fræðslu barna.

Ekki get jeg heldur sjeð, að þjóðin muni hafa nokkuð á móti slíkri útgáfu, þar sem hún hefir krafist, að gefin væru út óskemtileg brjef, sem farið hafa milli tveggja manna, sem ekki eru langt hjeðan. (**S. St.:** Hefir þjóðin krafist þess?). Jeg veit ekki, hvort háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) hefir krafist þess, en hitt þykist jeg fara nærri um, að hann hafi eitthvað viljað vita um þetta lóðasölumál, engu síður en aðrir.

Að rannsóknin sje nauðsynleg efast jeg ekki um. En hún er það ekki af því, að Íslendingar sjeu öðruvísi en aðrar þjóðir eða ólíkir þeim að gáfnafari, en það er dálítið lengra á milli bæja hjer á Íslandi heldur en milli húsa í þorpum erlendis. (**S. St.:** Þetta eru skrítnar upplýsingar). Má vel vera, að háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) finnist svo, en það lítur þó svo út hjer á Alþingi á stundum, að fræða þurfi um það, sem annars liggur í augum uppi.

Hins vegar hefi jeg ekki komist að fastri niðurstöðu um það, hvort færa skuli skólaskyldualdurinn til 16—20 eða 14—20 ára, og leggja þá niður skóla-

skyldu á barnsaldri, eða þá að hafa hana eftir sem áður og bæta skólaskyldu unglinga við.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 : 5 atkv.

Á 19. fundi í Nd., föstudaginn 10. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 46, 66).

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg býst við, að jeg verði að sætta mig við þær umbætur á launakjörum kennara, sem nefndin fer fram á í frv. þessu, því að ekki mun nokkur von um að fá frekari kröfum framgengt. En jeg vil láta þess getið, að jeg hefi hugsað mjer að tala dálítið almennara um málið við 3. umr. frv. Jeg tek það fram nú, til þess að háttv. deild skuli ekki ætla, að jeg sje fyllilega ánægður með gerðir nefndarinnar.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 17 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. J., E. A., E. Árna., G. Sv., H. K., J. J., J. M., J. B., M. P., M. Ó., P. J., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J.
nei: B. K., B. St., E. J., M. G., P. O., P. Þ., S. S., S. St., Ó. B.

2.—4. gr. samþ. með 17 : 1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 : 2 atkv.

Á 21. fundi í Nd., mánudaginn 13. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 46).

Bjarni Jónsson: Jeg vildi að eins lýsa yfir því, að þó að þessar umbætur á launum kennara sjeu kann ske að mörgu leyti lítilfjörlegar, þá er það ekki þm. að kenna að þessu sinni, þar sem ekki er undirbúinn grundvöllur sá, sem gera átti ný launalög á. Þess vegna er það, að jeg hefi heldur fylgt fram því litla, sem hjer er boðið, heldur en alls engu, en að öðru leyti, ef grundvöllurinn hefði verið rannsakaður að öllu, þá mundi jeg sjálfsagt, eins og að undanförnu, vera því fylgjandi, að þeim mönnum væri borgað sæmilega.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg get lýst yfir því, að ef stjórnarfrv. hefði fengið aðrar undirtektir í þessari deild en það fjekk þegar það var borið hjer fram, mundi jeg hafa gengið lengra í breytingum til bóta fyrir kennarana. En mjer virtist sú undiralda, er fram kom hjer í deildinni, svo sterk, að engin von væri um, að miklar umbætur næðu fram að ganga, þar sem margir risu upp við 1. umr. og töldu litla ástæðu til að gera bætur á launakjörum kennaranna. Jeg skal viðurkenna, að sitthvað mælir á móti því að fara að breyta launakjörum barnakennara nú til frambúðar, einkum af því, að verðmæti peninga er svo breytilegt, og sömuleiðis af því, að ekki er víst, að um fræðslu verði svo mikið, sökum dýrtíðar og annara erfiðleika, uns ófriðnum lýkur. En vitanlegt er það, að í kaupstöðum verða skólar að starfa, svo framarlega sem tök verða á því að hafa nokkuð í ofninn, en þessar bráðabirgðabætur eða bráðabirgðakák, sem ekki er nú annað en kák, sem mentamálanefndin ber fram, nær varla til kennara, sem starfa í stærstu kauptúnum landsins. En eins og drepið er á í greinargerðinni fyrir frv., get jeg fyrir mitt leyti fallist á, að þessi leið sje farin, sem mentamála-

nefndin leggur til, vegna þeirra kringumstæðna, sem nú eru, en þó verð jeg að segja það, að frá mínu sjónarmiði má það sín allra mest um það, að jeg hefi ekki viljað stiga feti framar í þessu máli, að ekki er sýnt, hve erfitt þjóðin á með að bjargast yfir ófriðarárin, og í þessu efni verður þá svo að vera, að hver verður að gera sig ánægðan með sem allra minst og sætta sig við það, þó að kjörin verði ekki sem ákjósanlegust.

Jeg get ekki neitað því, að jeg varð dálítið undrandi þegar jeg heyrði þau ummæli sumra háttv. þm., að laun kennara yfirleitt væru hvergi nærri eins lág og orð væri á gert, þegar það er öllum vitanlegt, að það er nærri því sama, við hver önnur störf menn fást, þá fá þeir mikið betri borgun fyrir þau.

Það er annað, sem líka er mjög einkennilegt og leiðinlegt við fræðslustarfið í landinu, og það er, að víða er litið svo á, að launin, sem kennarar fá, sjeu nægileg fyrir ekki meira starf en það, sem þeir hafa með höndum.

En nú er það alkunna, og jeg veit, að hinir góðu bændur, sem sitja hjer á þinginu, játa það með mjer, að allir búendur leggja mikla áherslu á að fá góða menn til þess að hirða gripi sína. Sama er að segja um útgerðarmennina, að þeir sækjast eftir því að fá góða fiskimenn á skip sín. En þegar kemur til fræðslustarfsins, þá lítur út fyrir, að öllum standi á sama um, hverjum sje fyrir því trúað, og virðist eingöngu svo, að spurt sje um það eitt, hver fáist fyrir lægst kaupið.

Það getur nú raunar verið, að menn kjósi fremur góða menn sem kennara en að leggja nokkuð í sölurnar til þess að fá þá; það er talið úr á allan hátt, eins og það skifti miklu minna máli, hverjum sje falið að móta hug og stefnu hinnar upprennandi æsku, heldur en að hugsa um gripi og draga þorsk.

En ef vjer lítum á fræðslustarfið, þá getur hver maður sjeð, að því betur sem því er komið fyrir, þess meiri framfara má maður vænta, og því betur eru þjóðirnar undirbúnar að taka á móti þeim örðugleikum, sem að steðja. Og þegar menn íhuga aðstöðu þjóðanna í hinni ægilegu styrjöld, sem nú geisar, þá hljóta menn að viðurkenna, hvílíkur máttur fylgir auðlegð menningarinnar. Nægir í því sambandi að benda á eina helstu stórþjóðina, er nú á í styrjöld og best hefir haldið velli.

Annars vil jeg lýsa yfir því, að jeg mun ekki einungis greiða þessu frv. atkvæði mitt af því, að það sje til bráðabirgða, eins og háttv. þm. Dala. (B. J.) tók fram, heldur geri jeg það af því, að jeg hafði ekki von um, að meiri bætur væru fáanlegar að þessu sinni.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg get að nokkru leyti tekið undir með hv. frsm. (J. B) um það, að maður verði að sætta sig við niðurstöðu háttv. nefndar, með því að ekki munu fást samþykt á þessu þingi lög um laun kennara.

Mjer virðist samt, að hv. nefnd hefði vel getað tekið öðruvísi í frv. stjórnarinnar, ef hún, sem jeg hygg, telur það í rauninni á rjettum grundvelli bygt, því að þótt hún hefði talið efasamt, hvort það ætti að koma í framkvæmd nú, þá mátti vel taka upp í það ákvæði um frestun á framkvæmd.

Aðalörsökin til þess, að barnafræðslan er ekki svo góð, sem hún ætti að vera, hygg jeg vera þá, að kennurunum yfirleitt eru ekki boðin þau kjör, að hæfir menn fáist til þess að binda sig og framtíð sína við starfið. Jeg veit, að hjer eiga sjer stað undantekningar.

Jeg býst við, eftir þeirri þekkingu,

sem jeg hefi á þessum málum, að barnafræðslunni verði ekki breytt í grundvallaratriðunum, en skólahjeruðunum á sjálfsagt að breyta, fækka þeim eftir megni o. s. fr.

Það er ekki rjett, þvert á móti betri vitund, að segja við kennara: »Við getum ekki farið að búa til embætti handa ykkur, fyr en við vitum, hvernig fræðslukerfinu verði hagað«, því að það vita allir, að við höfum ekki efni á að hafa skólaskyldu á öðrum aldri en á barnsaldrinum. Menn verða að fara að vinna svo ungir, að ekki er hugsanlegt að leggja skólaskyldu á alla á aldrinum 16—20 ára. Skipun á högum barnakennara þarf því ekki að bíða eftir breytingum á fræðslufyrirkomulaginu í heild.

Annars held jeg, að það sje miklu rjettara að hafa skólana sem fæsta, en að launa svo vel kennurunum við þá, að hæfir menn fáist til þeirra. Skal jeg að eins nefna í þessu sambandi, að það væri miklu betra að hafa einn búnaðarháskóla á öllu landinu, og hann verulega góðan, heldur en að hafa þrjá, eins og nú er, og engan verulega vísindalegan.

Og jeg tel, að það væri betra að hafa einn verulega góðan lýðskóla í hverjum fjórðungi heldur en að hafa einhverja lýðskólamynd í hverri sýslu.

Af því að fræðslan í landinu hefir verið sett í samband við þetta launamál, þá vil jeg að eins segja lauslega frá skoðun minni á því máli, og hún er sú, að menn mega ekki búast við verulegum grundvallarbreytingum á fræðslulögunum, að öðru leyti en því, hvað búast má við, að kenslutíminn í skólunum verði lengdur, að skólarnir verði sem fæstir, en þá um leið góðir, og eftirlitið verði nákvæmara með kenslunni heldur en það hefir verið.

En aðalatriðið verður altaf góðir kennarar, góðir kennarar og góðir kennarar, og fyrsta skilyrðið fyrir því er að launa kensluna svo vel, að kennararnir geri hana að lífsstarfi, en hafi hana ekki sem ihlaupaverk. En yfirleitt mun því vera svo farið, að utan kaupstaðanna sje kenslunni allvíða ábótavant, því að þótt einhver fáist, sem er vel hæfur, þá er hann farinn, ef honum er boðin sæmileg staða. Og yfirleitt er ástandið orðið svo, að allir, sem geta, þyrpast úr þjónustu hins opinbera, vegna þess, hversu landið borgar illa þjónustuliði sínu.

Sigurður Stefánsson: Jeg mun hafa getið þess þegar frv. stjórnarinnar var lagt fyrir háttv. deild, að þótt jeg viðurkendi, að laun kennara væru alt of lág, þá mundi jeg ekki greiða atkvæði með því, að það mál yrði að þessu sinni tekið til gagngerðra breytinga, eins og stjórnarfrv. fór fram á, en það verð jeg að segja, að því síður er jeg fáanlegur til þess að greiða þessu frv. atkvæði mitt.

Mjer er nú þannig varið, að mjer er meinilla við alt kák, og þessi hækkun, sem hjer er farið fram á, er ekkert annað en kák, því að þótt laun sveitakennara væru hækkuð um 3 kr. á viku eða því um líkt, þá mundi kennarana muna næsta lítið um það.

En annars finst mjer það harla undarlegt, að menn skuli vera að koma með kákbætur á launum kennara, þegar það er á allra vitorði, að flestum skólum landsins verður lokað í haust, þar eð alþýða manna treystir sjer ekki til þess að halda þeim opnum.

Annars álít jeg, að engin trygging sje fyrir því, að betri kennarar fáist, þótt þeir fái 9 kr., í stað 6 kr. áður, og í raun og veru er þessi hækkun svo óveruleg, að þótt skólunum verði ekki lokað

í haust, þá held jeg, að hún dragi skamt til þess að fá kennara, sje annars hörgull á þeim.

Það er og aðgætandi í þessu máli, að þessi hækkun er sáralítil í samanburði við það, sem sveitaskólar nú verða að borga í hækkuðu fæði kennaranna. Jeg held því, að fremur dragi það kennarana að skólunum, að þeir fá fæðið ókeypis, heldur en þessi lítilfjörlega hækkun. Jeg vil láta þess getið, að jeg tala hjer aðallega um skóla úti um landið.

Jeg verð því að álíta, að hafi hingað til verið »miskunnarlaus meðferð á kennurum«, þá sje sárlítil bót ráðin á þeirri meðferð með þessari launahækkun, en þar sem þetta hefir samt í för með sjer útgjöld fyrir hið opinbera, þá verður ekkert betra gert við frv. heldur en að fella það.

Jeg get ekki tekið undir það, sem háttv. frsm. (J. B.) sagði, að alþýðu úti um landið fyndust laun kennaranna vera nógu há. Mjer er kunnugt um, að flestir í þeim sveitum, sem jeg þekki til, telja þau vera of lág, en það má ekki liggja mönnum á hálsi fyrir það, að þeir borgi ekki hærra heldur en lögin ákveða.

Hæstv. forsætisráðherra sagði, að mestur agnúinn á fræðslustarfinu væri sá, að kennararnir væru ekki starfinu vaxnir. Þetta má vel vera, en þeir verða ekki frekar starfinu vaxnir, þó að þessi smáræðishækkun verði samþykt.

En aðalástæðan fyrir því, að jeg greiði hvorki þessu frv. nje stjórnarfrv. atkv. mitt, er sú, að mestar líkur eru til, að öllum skólum verði lokað í haust, og þá er þetta með öllu þýðingarlaust.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Hæstv. forsætisráðherra gat þess, að nefndin hefði getað komið með betri bætur á launum kennara heldur en raun hefir á orðið. Jeg veit nú ekki með vissu, hversu langt sumir nefndarmenn hefðu viljað fara í slíkum umbótum, en það er mjer kunnugt um, að hefði verið gengið lengra, þá hefði nefndin ekki orðið sammála.

Það var líka vitanlegt af þeim undirtektum, sem stjórnarfrv. fjekk hjer í háttv. deild, að það mundi aldrei verða látið ná fram að ganga.

Það mundi nú einhver segja, að betra hefði verið að falla með rjettu máli heldur en að bera fram eitthvert kák, og þá er því til að svara, að svo getur staðið á, að lítið sje betra en ekki neitt. Og með þetta fyrir augum verð jeg fylgjandi þessum málamyndabótum.

Um þetta atriði hefir annars verið alt of hljótt, og því hefir verið gefinn alt of lítill gaumur, og jeg get ekki annað en látið í ljós undrun mína yfir því, að fræðslumálastjóri skuli ekki fyrir löngu hafa komið fram með tillögur um endurbætur á launum og kjörum kennara, og svo á fræðslulögunum, því að það verður maður að játa, að þeim er í mörgu mjög svo ábótavant.

Mig undraði að heyra háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) lýsa yfir því, að hann mundi enn síður verða með þessari frumvarpsnefnu heldur en frv. stjórnarinnar, því að það virðist ekki annað en að honum finnist þetta frv. ganga of skamt. Hvers vegna segir hann ekki, hvaða meðalveg hann vill fara. (**S. St.:** Engan meðalveg).

Þá drap háttv. þm. (S. St.) á, að ósýnt mundi vera, hvort nokkurt fræðslustarf yrði í landinu í vetur. Það má vel vera, að nokkur vafi leiki á því til sveita, en allar líkur eru til, að skólar í kaupstöðum starfi eitthvað. En þótt nú svo fari, að skólum verði lokað í haust, þá mælir það alls ekki á móti þessari launahækkun, því að kennararnir mundu þá alls ekki njóta hennar. Því að jeg

hygg, að kennarar sjeu yfirleitt þannig ráðnir, að auðvelt sje að losna við þá, án þess að láta sveitarsjóði blæða.

Jeg geng út frá því, að því fyrirmæli fræðslulaganna sje að jafnaði ekki fylgt, að ráða kennara með föstum samningi, sem ekki verði sagt upp nema með hæfilegum uppsagnarfresti.

Háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) drap á það, að ef þetta frv. yrði samþ., þá gerði það að eins fræðsluhjeruðunum erfiðara fyrir að starfa, en kennarana munaði lítið um það. Mjer þykir þetta kynleg skoðun. Gjaldendurnir í hverju hjeraði skifta tugum eða hundruðum, og í einstöku fræðsluhjeruðum jafnvel þúsundum, en kennarar ekki nema einn eða þá sárafáir. Ef hvern gjaldanda munar um þennan útgjaldaauka, þá ætti einn eða fáa kennara að muna töluvert um tekjuaukann. Það er ekki gott að koma þessu saman. Annaðhvort munar gjaldendurna ekki lífandi vitund um þennan launaauka, og þá kennarana má ske ekki heldur, eða hann verður til töluverðra bóta fyrir kennarana.

Viðvíkjandi því, að ekki fáist nýtari menn til kenslunnar þó að þetta frv. verði að lögum, þá má það vel vera. Umbæturnar, sem það fer fram á, ná ef til vill of skamt til þess. En það vita menn, að margur kennari getur reynst vel, þegar hann fær að njóta sín við starfið, þó að litlu gagni verði á meðan hann verður að hafa það í hjáverkum. Þó að manndygðir og mannkostir verði ekki keyptir fyrir fje, þá er hitt víst, að enginn getur staðið vel í stöðu sinni, nema hann hafi ráð á að lifa því lífi, sem staðan útheimtir. Jeg tel það undrum sæta, hve nýtir menn hafa fengist í kennarastöður. En hitt er líka alkunnugt, að þeir kennarar eru ekki margir, sem endast í stöðunni til lengdar. Menn hafa skotið sjer að kennarastarfinu 2, 3 eða 4 ár, en þá horfið frá því og tekið aðra arðmeiri atvinnu.

Jeg get ekki tekið undir það, að fræðslunefndir hafi altaf lagt áherslu á það að fá sem nýtasta menn til kenslustarfans, þegar völ var á öðrum ódýrari. Jeg veit jafnvel dæmi til þess úr einu fræðsluhjeraði, að tekinn var sveitarlimur til þess að kenna, án þess að tillit væri tekið til þess, hvort hann hefði nokkra hæfileika í þá átt eða ekki, bara til þess að ljetta af sveitinni þeirri byrði, að kosta kennarann.

Þórarinn Jónsson: Jeg ætla ekki að lengja umræðurnar mikið. Það, sem gaf mjer tilefni til þess að kveðja mjer hljóðs, voru síðustu ummæli háttv. frsm. (J. B.), sem sje þau, að sveitarlimir væru teknir til starfans, án nokkurs tillits til þess, hvort þeir hefðu snefil af hæfileikum til þess eða ekki. Þessi ummæli skoða jeg staðlausan tilbúning.

Hann hafði sagt það fyr í ræðu sinni, að fræðslunefndir legðu mesta áherslu á að fá ódýra kennara, en skeyttu því minna, hvort þeir væru starfinu vaxnir. Jeg verð að leyfa mjer að neita þessu algerlega og skoða það sem órökstuddan sleggjudóm. Jeg veit ekki til þess, að neinsstaðar, þar sem jeg þekki til, hafi verið teknir kennarar, sem ekki hafi annaðhvort gengið gegnum kennaraskólann eða gagnfræðaskólann á Akureyri. Mjer þykir leiðinlegt, þegar svo kallaðir mentamenn, sem komist hafa upp í kennarastöðu, annaðhvort af því, að þeir eru til þess hæfir, eða af öðrum ástæðum, mjer þykir leiðinlegt segi jeg, þegar þessir menn eru að níðra og níða niður þá menn, sem afskifti hafa af fræðslumálum úti um landið. Það er engan veginn víst, að menning þessa lands eigi sínar bestu stoðir þar, sem eru þessir svonefndu mentamenn. Lík-

lega á hún tryggustu og bestu ræturnar úti um sveitir landsins, eins og hún hefir altaf átt. Líka þótti mjer óviðfeldið að hlusta á það hjá hæstv. forsætisráðherra, að kennarar sjeu yfirleitt ljelegir af því, að laun þeirra sjeu svo lág. Jeg veit ekki til þess, að kennaraefni sjeu framleidd hjer á landi annarsstaðar en frá kennaraskólanum. Ef menn þeir, sem af þessum skóla koma, eru þannig innrættir, að þeir leysi ekki störf sín eins vel af hendi og þeim er unt, þótt þeir fái lág laun fyrir, þá finst mjer ekki rjett að hækka laun við þá. Ef alúðin við starfið væri bundin við launin, yrði naumast ástæða til þess að hlaða undir þá stjett. En jeg veit til þess, að þessir menn starfa yfirleitt vel, þó að þeim sje ekki betur borgað en nú er. Jeg hygg, að hjá þeim flestum sje starfið og alúðin við það eitt, en launin alt annað atriði. Það mun líka mega benda á það, að það eru ekki altaf bestu kennararnir sem best eru launaðir. Jeg er ekki á móti því, að kjör kennara þurfi að bæta og eigi að bæta. Úti um landið mun það að vísu verða svo, að barnakenslan verði aukastarf þeirra, sem hana stunda. En mjer dettur ekki í hug að hafa á móti því, að það er ekki lítil vinna, sem þeir leggja á sig fyrir lítið endurgjald. En jeg hefi ekki orðið var við neinar umkvartanir frá þeirra hálfu eða komist að því, að þeir fyrir þetta legðu litla alúð við starf sitt, eins og jeg áðan tók fram.

Jeg býst við að greiða atkv. með þessu frv.; þó að jeg mælti á móti frv. stjórnarinnar um laun barnakennara, af þeim ástæðum, sem jeg þá tók fram, þá viðurkenni jeg það, að það þyrfti að hækka þau, og get því greitt atkvæði með þeirri hækkun, sem hjer er farið fram á.

Forsætisráðherra (J. M.): Það getur verið gott og fallegt, ef menn vinna eitthvert verk af kærleika til starfsins, án þess að ætlast til launa fyrir. En mjer finst þó, að það sjeu nokkuð miklar kröfur gerðar til barnakennaranna, fram yfir alla menn aðra, ef ætlast er til, að þeir geri þetta. En um þetta þýðir ekki að tala. Út frá því verður að ganga, að barnakennarar sjeu menn eins og aðrir, sem bæði vilja og verða að fá eitthvað fyrir eitthvað. Það er ekki öllum unt að gefa vinnu sína. Jeg er töluvert hissa á, að heyra þessa kenningu hjá háttv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.). Jeg get ekki skilið, að hann ætlist til, að vel hæfir menn veljist í þá stöðu, sem þeir vita fyrirfram að er illa launuð. Það er algild regla, sem allir þekkja, sem á annað borð vita hvað það er að ráða fólk til starfa, að ef velja á menn í stöðu, þá verður að borga þeim sæmilega, ef menn vilja fá duganda menn, þótt ekki sje um annað að ræða en að ráða vinnumann, — með því segi jeg ekki, að vinnumannsstaðan sje óvirðulegri en hver önnur.

Nýtir menn og duglegir taka ekki að sjer atvinnu, nema þeir eigi von á góðri borgun fyrir. Það þýðir ekkert að tala um mannkosti og manndygðir í þessu sambandi. Fyrir góða vinnu ætlast menn til að fá góða borgun; hitt er undantekning, ef menn geta leyst af hendi gott starf, án þess að líta á, hvernig það er launað. Annað mál er það, ef um aukastarf er að ræða, en hjer á ekki svo að vera. Barnauppfræðslan í landinu á ekki og má ekki vera aukastarf. Það er grundvallarskekkja, sem verður að kippa í lag.

Hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) mintist á það, að fræðslumálastjórinn hefði átt að koma með tillögu um breytingu á fræðslulög-

unum og um hækkun á launum kennara. Það er nú álit fræðslumálastjóra, að rjett sje að lofa þeim lögum að reyna sig nokkurn tíma, áður en farið er að breyta þeim. Sumir hafa skilið ræðu háttv. þm. Dala. (B. J.) fyrir skömmu á þá leið, að hann væri að ráðast á þennan árvakra og nýta embættismann, sem áreiðanlega gegnir stöðu sinni með mestu samviskusemi og dugnaði. Jeg skildi ekki ræðu háttv. þm. Dala. (B. J.) svo, því að jeg veit, að það var ekki meining háttv. þm. (B J.) að kasta að honum. Hitt sagði hann í ræðu sinni, að það ætti ekki að spyrja fræðslumálumálastjórann um það, hvernig fræðslulögin hafa reynst, því að hann væri höfundur þeirra. Það er nú að vísu skakt. Hann er ekki höfundur þeirra, heldur annar maður. Að sjálfsögðu mundi hver stjórn sem væri snúa sjer einmitt til hans, þess mannsins, sem langmest kynni hefir af fræðslulögunum og því, hvernig þau hafa reynst víðs vegar um landið. Jeg verð að halda því fram, að það væri alveg ómaklegt, ef nokkur hefði fært að honum, hvort heldur hjer í deildinni eða annarsstaðar. Háttv. þm. Dala. (B. J.) þarf ekki að svara fyrir sig, því að jeg skildi orð hans alls ekki á þá leið, að þau væru árás.

Bjarni Jónsson: Jeg skal leiðrjetta þennan misskilning hæstv. forsætisráðherra og annara, sem jeg hefi reyndar ekki orðið var við hjá öðrum en honum, og ef hann hefir ekki sjálfur skilið orð mín á þessa leið, þá rak hann enginn nauður til þess að leiðrjetta misskilning, sem hvergi hafði fram komið. Jeg hefi aldrei ráðist á nokkurn mann. Og þótt jeg hafi átt óvildarmenn, þá hefi jeg aldrei ráðist á fjármuni þeirra eða embætti. Jeg læt þá um að beita þeirri aðferð, er það vilja; sjálfur hefi jeg aldrei verið neitt við hana riðinn og mun aldrei verða. Hitt sagði jeg, að það væri undarlegt, að stjórnin skyldi leita til þess manns, til þess að spyrja hann um reynslu og gagnsemi fræðslulaganna, sem sjálfur væri höfundur þeirra. Nú heyri jeg sagt, að hann hafi ekki samið þau, og jeg vissi það reyndar, að hann var ekki aðalhöfundur þeirra. En hann hefir tekið þetta afskræmi að sjer til fósturs, og jeg tel hann því ekki færan um að rannsaka það, hvort við þau megi hlíta eða ekki. Það, sem jeg vildi fá fram með tillögu minni í fyrra sumar var það, að fengist rannsókn þeirra manna, sem vit hafa á fræðslumálunum, en standa utan við fræðslulögin og eru ekki á neinn hátt við þau bundnir. Jeg vildi fá rannsókn þeirra um það, hvort grundvöllurinn undir fræðslumálum okkar Íslendinga er ekki alveg vitlaus. Jeg fyrir mitt leyti er sannfærður um það, að hann er alveg vitlaus. Jeg er alveg sannfærður um það, að fræðslumálakerfið verður til þess með afleiðingum sínum að gera þjóðina heimska og fávitra. Það er ekki skapað til þess að viðhalda og efla þann menningarþroska, sem varð forfeðrum okkar svo notadrjúgur, heldur er með því verið að veita inn yfir landið grein af útlendum snikjumenningarstraum, sem smám saman sýgur allan íslenskan merg úr beinum þjóðarinnar. Menn eru svo tilfinnanlega farnir að gleyma allri þjóðlegri menningu og þeim grundvelli, sem hún bygðist á. Og nú ganga menn upp í þeirri villu, að hver grænjaxlinn, sem um stund hefir numið 2 stundir á dag við skóla erlendis, sem sjaldan er trygging fyrir að sje góður skóli, — menn halda, að hann sje betur fær um að leggja grundvöll undir íslenska menning heldur en forfeðurnir, sem vildu láta og ljetu heimilin fræða börn sín. Þeirra menningarsjerkenni var ekki það

að láta börn ganga í skóla, gefa þeim háa vitnisburði fyrir það, sem þeir kunnu ekki og yfir höfuð að tala fá á þau kjarnalausa menningargrímu, sem þó alstaðar skín í gegnum. Áður lærðu menn að hugsa og lærðu að læra, og það gerðu menn í skjóli heimilanna. Menningin verður ekki dæmd eða metin eftir því, hve mörg kver, af þessum smásetningakverum, sem nú eru notuð við skólafræðslu bæði hjer á landi og annarsstaðar, menn komast yfir. Það er ekki það, sem hjálpar mönnunum til að lifa lífinu og gerir þá færa um að taka þeim skakkaföllum, sem nú koma yfir þetta land og oftar geta yfir það komið.

Jeg gef nú þá skýringu, að jeg ætlaði og ætla ekki að ráðast á fræðslumálastjórann. Jeg efast ekki um, að hann ræki störf sín eftir bestu samvisku og eftir því, sem hann hefir best vit á. En jeg vil, að kennurunum sje launað eins og öðrum mönnum, og það því betur, sem starf þeirra er vandameira en flestra annara. Kenslustarfið heimtar, að maðurinn, sem að því gengur, sje glaður og óþreyttur; annars getur hann ekki verið kennari. Það þýðir ekkert að taka þreyttan og útslitinn mann og segja við hann: »Al þú upp börn vor og ger þú úr þeim starfsmenn glaða og prúða«.

Það er öllum kunnugt, að margir kennarar geta ekki klætt sig eins snyrtilega og börnin, sem þeir kenna. Þeir fá ekki lengur umliðun hjá klæðskeranum, því að þeir fá ekki neitt fyrir vinnu sína til þess að borga gömlu reikningana með, — lífsviðurværið verður að sitja fyrir. Þetta á ekki heima um kennara til sveita, sem fá mat sinn sem einn hluta af kaupgjaldinu, en það á við um flesta kennara í kauptúnum. (**H. K.**: Að þeir gangi rifnir og skítugir). Ekki sagði jeg nú beinlínis það, en að þeir verða að ganga í slitnum fataræflum. Og það er ekki þeim til skammar. Það er engum skömm að því að ganga í þeim fötum, sem hann getur keypt fyrir það fje, sem honum er goldið fyrir vinnu sína. En það ættu allir þingmenn að vita og engrar skýringar við að þurfa, að það þarf ekki lítið fje til þess að geta fatað sig sæmilega.

Skólabörnin eru sum ríkari en kennarinn og geta því klætt sig betur. Annað skilyrðið til þess, að kennarinn geti verið góður, er það, að hann hafi tíma til að menta sjálfan sig. En nú er högum kennara svo háttað, að þeir hafa engan tíma til þess. Þeir verða að kenna alla daga, til þess að komast af. Jeg hefi sjálfur reynt, hvað það er mentandi að kenna 10 klukkustundir á dag og hafa þó varla ráð á að klæða sig. Lífið er annað nú, þegar jeg er orðinn það óskabarn þjóðarinnar, að hún getur talið eftir þessar 2800 kr., sem jeg fæ nú á ári hverju fyrir kenslustörf mín.

Ef menn ætlast til, að kennararnir vinni vel, þá verður að borga þeim vel og það reglulega gert, svo að þeir geti lifað á því alt árið, sem þeir vinna fyrir við 8 eða 9 mánaða kenslustarf. Þá geta þeir hvílt sig á sumrin, og auk þess eiga þeir að hafa nægan tíma til þess að menta sjálfa sig á veturna.

Svona á að fara með kennarana. Að öðrum kosti á enga kennara að hafa, láta heimilin sjálf um að menta börn sín. Það getur verið varhugavert að halda þá leið í kauptúnum, en í sveitum á enga aðra leið að halda í fræðslumálunum.

Jeg vildi láta rannsaka fræðslumálakerfið í heild sinni af óvilhöllum mönnum, en jeg fæ ekki þessa rannsókn. Stjórnin fjekk ekki neitt fje til hennar og gat því ekki látið framkvæma hana. Jeg lít svo á, að nefnd, sem sett hefði verið til þess að rannsaka þetta, væri

jafnvel þarfari og betri en síldarnefnd og verðlagsnefnd. (**S. S.:** Og þá fossanefnd). Já, líka betri en fossanefnd, því að jeg vil, að úr mönnum fossi eitthvað annað en eintóm vitleysa. Stjórnin á að heimta fje til þessa og fá svo til þess 2 eða 3 menn að rannsaka og finna betri og viturlegri grundvöll undir alt fræðslukerfið. Jeg hygg, að ekki ætti eða þurfi að senda neinn mann til útlanda til þess að finna þennan grundvöll. Hans er áreiðanlega að leita í fornri, þjóðlegri menningu. En ef sendur er maður til útlanda, þá ætti að fá til þess einhvern, sem einhvern tíma hefir sagt einhverjum til, en ekki einhvern alóreyndan og alókunnan kenslumálum.

Hákon Kristófersson: Jeg skal ekki lengja umr. mikið.

Að eins vildi jeg gera grein fyrir því, hvers vegna jeg skrifaði undir nál. með fyrirvara.

Eins og kunnugt er, hefir mál þetta verið til athugunar í mentamálanefnd, og var það afgreitt, eða rjettara sagt, nefndin hafði lagt það til, að það næði fram að ganga, eins og það nú er. Þegar það var ráðið, var jeg ekki kominn í nefndina, og þar eð jeg hafði ekkert unnið að málinu, enda ósamþykkur gerðum nefndarinnar að ýmsu leyti, þótti mjer rjett að skrifa undir nál. með fyrirvara.

Um frv. skal jeg ekki fara mörgum orðum, en vil geta þess, að jeg álít, að álit það, sem kemur fram í greinargerð nefndarinnar, sje að ýmsu leyti ekki svo sanngjarnt, sem vera bæri, t. d. þau orð, að alþýðukennarar eigi við »ókjör« að búa.

Það má vel vera, og jeg býst við að það sje rjett, að kjörum kennara sje að ýmsu leyti ábótavant, en mjer er spurn: Hvaða stjett myndi það vera í þessu fátæka þjóðfjelagi, sem á við þau kjör að búa, að hún geti ekki æskt sjer þeirra betri?

Því hefir verið slegið fram hjer í þessari háttv. deild, að illa væri farið með kennara landsins. Það má vera, og ólíkur að vera einhver sannleikur í því, en því vil jeg mótmæla, að svo sje alstaðar á landinu, og það sem mín þekking nær er það ekki svo. (**Forsætisráðherra:** Það var samþykt í fyrra, að svo væri). Getur verið, það er nú eftir því sem á er litið, hvort svo hefir verið. Jeg mun þó ekki hafa samþykt það. Annars býst jeg við, að mestir sjeu agnúar á meðferð kennara í kaupstöðum, en í sveitum sje ástandið betra.

Jeg finn mjer skylt í þessu sambandi að þakka háttv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.), að hann mótmælti því, að sveitarlimir væru notaðir fyrir kennara. Annars gæti jeg litið svo á, að slíkt væri í mörgum tilfellum ekki frágangssök, en því mun ekki hafa verið slegið fram í góðgjörnum tilgangi. Það er heldur engin vissa fyrir því, að menn, sem einhverra ástæðna vegna hafa orðið fyrir þeirri óhepni að þurfa að þiggja sveitarstyrk, og hafa þar fyrir hlotið nafnið sveitarlimir, sjeu að neinu leyti óheppilegri til að vera kennarar en sumir af þeim, er böglast hafa gegnum kennaraskólann. Jeg man það t. d. vel, að maður nokkur, sem fyrir fám árum var blá fátækur, svo að hjelt við sveit, er álitinn nú einn með sæmilegustu kennurum.

Hæstv. forsætisráðherra sagði, að kennarastaða ætti ekki að vera höfð að aukastöðu. Jeg get vel verið þessu meðmæltur, að slíkt væri æskilegast, en hvernig hugsar hann sjer kennarastöðu þannig í fámennustu og fátækustu sveitum þessa lands, að menn geti lifað af því starfi eingöngu og þurfi ekki að hafa það að aukastarfi, þ. e. a. s. starfi

yfir vetrarmánuðina, en leita sjer að annari atvinnu yfir sumarið?

Það mátti ályktа af orðum hæstv. forsætisráðherra, að kennarar væru ekki starfi sínu vaxnir. Í því sambandi get jeg bætt við, að jeg hefi gert ráð fyrir, að kennarar við barnaskóla Reykjavíkur sjeu yfirleitt starfi sínu vel vaxnir. En á þingi 1915, að mig minnir, gaf einn mætur þingmaður þá lýsingu á þeim skóla, að ætla mátti, að hann væri einhver lakasta skólahola og óþrifablettur þessa lands. Og ef sú ályktun væri af því dregin, að það væri kennurunum að kenna, þá væri ekki gott í efni, en mjer dettur ekki í hug, að slíkt eigi sjer stað. En meðan heimilin eru ekki því vaxin að styrkja skólana og gera sitt til að móta unglingana, þá er ekki að búast við góðum árangri, hvað góður sem skólinn er. Jeg býst við, að það verði að vera fleira en barnaskólarnir, sem starfi að því að móta manninn, svo framarlega sem það mót á ekki að mistakast.

Því hefir margsinnis verið slegið fram, að það væri launaspursmálið, sem hjer væri aðalatriðið. Nú er það svo, að með þeim launakjörum, sem kennurum hafa verið boðin, hafa kennarastöður úti um sveitir þessa lands verið eftirsóttar stöður og enginn vandi að fá kennara. Það mun því frekar hafa verið af getuleysi og sumpart hugsunarleysi sveitarfjelaganna, ef kensla hefir ekki farið fram í hverjum hreppi, eftir því er fræðslulögin gera ráð fyrir, en því, að ekki hafi verið hægt að fá kennara. Verð jeg því að halda því fram, að það sje einungis í kaupstöðum og sjávarplássum, sem illa er farið með kennara, en alls ekki til sveita. Enda er það kunnugt, að fræðslunefndir í sveitum greiða oft hærra kaup en lögákveðið er, ef þeim líkar vel við kennarann og vilja halda honum, og hugsa þær þar, sem og rjett er í mörgum tilfellum, að verður er »verkamaðurinn launanna«.

Eins og jeg hefi þegar bent á, þá munu kennarar í kaupstað verða harðara úti nú í dýrtíðinni en kennarar til sveita, og stafar sá mismunur af því, að sveitakennarar fá líklega flestir hús, ljós og hita, ásamt fæði, án þess að það sje þeim dýrara en áður var, með öðrum orðum, hrepparnir leggja það til. Þetta verða kennarar í kaupstöðum aftur á móti að leggja sjer sjálfir til, en þetta eru þó aðallífsnauðsynjarnar.

Jeg býst við að greiða frv. þessu atkvæði mitt, enda þótt það sje ekki mitt verk, og get jeg ekki betur sjeð en að hækkun þessi, þótt lítil sje, muni þó hvern einstakling dálitlu, og er þá betur farið en heima setið, þótt fylstu óskum sje ekki fullnægt. En það atriði, að hæfir menn muni ekki fást til þessa starfs vegna launanna, ætla jeg að leiða hjá mjer og láta mjer vitrari menn leiða getum um það.

Það vil jeg þó að endingu taka fram, að jeg vildi, að hagur þjóðarbúsins leyfði það, að hægt væri að launa kennurum svo, að þeir gætu vel af lifað og væru ánægðir yfir stöðu sinni.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Hæstv. forsætisráðherra misskildi það, sem jeg sagði um borgunina fyrir störf kennara. Jeg sagði á þá leið, að þótt jeg liti svo á, að manndygð og mannkostir yrðu ekki keyptir við fje, þá yrði þó að sjá um, að launakjörin væru svo, að mennirnir, sem þessu starfi gegna, geti lifað sómasamlega. Jeg held, að þetta sje ekki nein mótsögn eða neitt undarleg skoðun. Ef maðurinn rækir ekki starf sitt undir þeim kringumstæðum, þá mun hann ekki gera það þótt honum sje yfirborgað.

Háttv. þm. Barð. (H. K.) kvaðst ósam-

þykkur því orðalagi í greinargerð frv., að alþýðukennarar sættu ókjörum. Jeg skil ekki, hvernig háttv. þm. geta mótmælt þessu. Skilur ekki háttv. þm. Barð. (H. K.), að slík orð sjeu rjettmæt, er hann lítur til þess, að mennirnir verða að vinna í kaupstöðum 6—8 mán. fyrir 7—800 kr. kaupi, og er það þó óvíða sem þeir hafa svo mikið, óvíða yfir 3—400 kr. Eru þetta ekki ókjör, og þá einkum er litið er til þess verðs, sem nú er á allri nauðsynjavöru? Jeg held, að það sje vægast sagt ókjör, og ætti mikið betur við að kalla það hreint og beint ósæmilegt.

Með þessu atriði hefi jeg að nokkru leyti svarað háttv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.). Það kann vel að vera, að til sjeu þeir kennarar, sem ekkert skeyta um laun sín. En ef þeim er sama, þótt fjölskylda þeirra svelti, þá efast jeg um, að þeir geti nokkuð unnið unglingunum til góðs.

Það er vitanlegt, að þeir sveitakennarar eru langbest settir, sem taka fæði sitt hjá öðrum; þótt þeir fái minna kaup, þá kemur dýrtíðin ekki niður á þeim.

Það er gleðilegt, að þeir þar norður frá, í sveit háttv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.), leggja áherslu á að fá nýta menn í kennarastöðurnar, og býst jeg við, að þeir greiði þeim hærra en lágmarkskaup það, er fræðslulögin ákveða. Jeg veit, að kennurum er goldið hærra en beint er fyrirskipað, í þeim bygðarlögum, þar sem menn hafa skilning á störfum þeirra, og svo mun vera hjá háttv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.), en annarsstaðar mun þetta nokkuð á annan veg. (**P. J.**: Hvar er það?). Það mun vera mjög víða til sveita, og tel jeg til of mikils mælst, ef þess er krafist, að jeg fari að telja upp flestöll fræðsluhjeruð landsins, því að hitt munu að eins undantekningar frá aðalreglunni. Þær geta átt sjer stað í Húnavatnssýslu, Þingeyjarsýslu og ef til vill í Eyjafjarðarsýslu. Á þessum stöðum mun ástandið skárst. Þessi hjeruð landsins hafa einna mest látið sig skifta almenna fræðslu.

Sami háttv. þm. (Þór. J.) mintist á það, að jeg hafði skýrt frá, að sveitarlimur hefði verið tekinn til kenslu. Jeg þekki fræðsluhjerað, þar sem þetta var gert, án nokkurs tillits til hæfileika eða þekkingar, er þetta starf útheimtir. Jeg var ekki að lasta þessa ráðstöfun, að skipa slíkan mann, ef um næga hæfileika hefði verið að ræða, en í þessu tilfelli var því atriði mjög áfátt.

Tel jeg svo ekki, að jeg þurfi að fjölyrða frekar. En það hygg jeg, að þótt þeir sjeu ekki þessari stjett, kennarastjettinni, þarfastir, sem kvarta yfir kjörum hennar, þá sjeu hinir þó ekki betri, er þegja eða leggjast móti öllum umbótum.

Forsætisráðherra (J. M.): Að eins örlítil athugasemd út af orðum hv. þm. (H. K.). Já, það er einmitt það sorglega í þessu máli, að jafnvel sumir háttv. þm. geta ekki skilið, hvernig barnafræðsla getur verið annað en aukastörf. Hinn háttv. þm. (H. K.) virtist ekki geta skilið, að barnafræðslan væri annað. Og hann furðaði sig á því, að nokkur skyldi hugsa sjer hana öðruvísi. Má nærri geta, hvernig barnafræðslunni muni komið í landi, þar sem þetta er skoðun leiðandi manna.

Jeg ætla ekki að svara háttv. þm. Dala. (B. J.) miklu. En jeg vil segja, að ef nú á að fara að setja nefnd til þess að athuga, hvort ekki sje rjett að sleppa öllum barnaskólum og koma fræðslunni á heimilin, þá muni sú nefnd annaðhvort sitja mjög lengi eða starfa mjög stutt. Jeg held, að þessi háttv. þm.

(B. J.) standi aleinn uppi með þá skoðun, að hægt sje að hverfa aftur til heimilisfræðslu. Það þýðir ekki að rannsaka það. Á það benda svör frá mjög mörgum mönnum víðs vegar um land, að hann sje einn þessarar skoðunar. Í sambandi við það skal jeg taka það fram, að jeg tel það ekki líklegt til mikils árangurs að skipa milliþinganefnd í þetta mál.

En þótt þetta frv., sem stjórnin flutti, verði nú ekki látið fara lengra, þá mun það koma aftur, og get jeg ekki hugsað mjer, að langur tími liði þar til þessar kröfur kennarafjelagsins, sem eru mjög svo höglegar, fái fullan byr. Er þá leitt, að háttv. deild gat ekki fallist á þær þegar í stað, jafnvel þótt nú hefði má ske, eftir ástæðum, verið rjett að fresta framkvæmdum á þeim. Jeg man ekki til þess, að frá nokkurri stjett eða einstökum manni í landinu hafi komið eins fyllilega sanngjarnar kröfur og frá kennarafjelaginu í þessu máli.

Sveinn Ólafsson: Jeg skal ekki lengja umr. mikið. Jeg hefi setið hjer og hlýtt á umr. þær, er fram hafa farið í máli þessu, og hafa mjer fundist þær liggja sumpart utan við verkefni vort í dag, sjerstaklega að því leyti sem þær hafa hnigið að skólafyrirkomulaginu alment. Það var hjer ekki á dagskrá, en er þó eðlilegt, að það beri á góma, þar sem þingsályktunin í fyrra gerir ráð fyrir því að það verði og tekið til meðferðar jafnhliða kennaralaunum. En sjerstaklega í þessum efnum, um fyrirkomulagið, hefir ágreiningurinn orðið óbærilegur. Einn háttv. þm. hefir þar haldið fram mjög sjerkennilegri skoðun, sem sje háttv. þm. Dala. (B. J.). Hann vildi taka upp heimafræðslu og leggja niður barnafræðslu þá, sem nú á sjer stað í barnaskólum landsins. Svo hefir virst, sem hann stæði hjer uppi einn síns liðs með þá kenningu, en svo er þó ekki. Jeg er honum að nokkru leyti sammála um þetta efni. Jeg held, að það hafi verið óheppilegt, að heimilisfræðslan var afnumin og í staðinn sett jafnófullkomin fræðsla sem farkensla í sveitum. Heimilin hafa varpað allri sinni áhyggju upp á farkennarana. En þeir þurfa að ferðast úr einum stað í annan, dvelja tiltölulega stuttan tíma á hverjum bæ, og hafa því eðlilega ekki getað komið eins miklu til leiðar og heimilin, meðan þau stunduðu daglega kenslu. Verð því að taka undir það með háttv. þm. Dala. (B. J.), að nær hefði verið að efla og styðja heimiliskenslunna í sveitum en uppræta hana, eins og sýnt er að skólafyrirkomulagið nýja gerir. Heimilin verða þó ætíð aðalþáttur uppeldisins, og enginn skóli jafnast við gott heimili. Ekki er það samt mitt álit, að fyrir því eigi að nema burt barnafræðslu eða leggja niður skóla í kauptúnum og kaupstöðum, eða þar sem þjettbýli er, heldur að styrkja beri og endurreisa heimilisfræðsluna hvarvetna í strjálbygðum hjeruðum.

Meira mun jeg ekki segja um fræðslufyrirkomulagið. Þá bagar þekkingarleysi á landsháttum að fornu og nýju, sem halda, að vandinn sje leystur með farskólafræðslu og heimilisfræðslan lítilsverð. Um það er jeg að mestu sammála háttv. þm. Dala. (B. J.).

En svo er um launakjörin, eins og það mál liggur nú fyrir. Jeg tók svo eftir, að háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) liti svo á, sem sú uppbót, er farkennarar fengju eftir frv. því, er fyrir liggur, 9 kr. á viku í stað 6 kr., væri lítilsverð. Þessu get jeg ekki samsint. Jeg held ekki, að laun þeirra sjeu minni en heimangönguskólakennara. Eftir þessari breytingu eiga þeir að fá 30 kr. á viku, eða 120 kr. á mánuði. Af þeim ganga ca. 100 kr. til fæðis og húsnæðis. En far-

kennarar hafa sínar 36 kr. á mánuði frádráttarlaust, fá fæði og húsnæði ókeypis.

Jeg kannast við, að laun þessi eru lítil, en þó eru þau ekki svo lítilfjörleg, að eigi sje bót frá því, sem áður var. Lítið er betra en ekki neitt. Meðan dýrtíð er í landi og allur þorri manna verður að sætta sig við þröngan kost, tel jeg ekki nema sanngjarnt og eðlilegt, að kennarar reyni að sætta sig við lág laun, og býst jeg við, að þeir geri það; þeir verða að bera sinn hluta af afleiðingum dýrtíðarinnar. Um þetta frv. verð jeg að segja, að það er mikil bót frá því, sem nú er, þótt varlega sje farið í sakirnar, og sjerstaklega held jeg, að það feli í sjer tiltölulega mikla launaviðbót handa farkennurum, sem nú eru víða að breytast í eftirlitsmenn heimiliskenslunnar og eiga að gera það.

Vona jeg þess vegna, að kensla í sveitum geti haldið áfram þrátt fyrir dýrtíðina, og með því tel jeg mikið unnið.

Það var eitt orð eða setning hjá hv. 1. þm. Reykv. (J. B), sem mjer fjell ekki vel. Hann gaf í skyn, að menn væru hirðulausir í kennaravali og veldu þá, sem væru lítt eða ekki hæfir, gerðu sjer meira far um að velja vel til þess starfs en annara, t. d. fiskdráttar eða fjárhirðingar. Jeg hefi heyrt þessu fleygt fram fyrir mörgum árum, þegar allri kenslu var mjög ábótavant, og þá kann það að hafa átt sjer einhvern stað, en nú kannast jeg ekki við, að það sje rjett, að svo sje farið að. Þar, sem jeg er kunnugur á landinu, veit jeg ekki betur en að alt kapp og áhersla sje á það lögð að fá góða kennara og koma börnunum í skóla, því að nú er sú hjátrú að verða landlæg, að skólavist sje upphaf og endir uppeldisins, þótt að eins sje 8 vikur árlega.

Mjer fanst því ekki til um stóru orðin hjá háttv. 1. þm. Reykv. (J. B) um þetta eða um ámælið til sveitamanna, sem veldu sveitalimi fyrir kennara. Þau ummæli eru villandi og óvirðandi. Ef þess eru dæmi, þá er það undantekning frá reglunni. En slík dæmi geta auk heldur verið með öllu afsakanleg. Eða hví skyldi maður, sem óhappa vegna hefir orðið sveitarþurfi, eigi geta verið hæfur til kenslu, ef hann hefir viðeigandi mentun og skilyrði til starfans?

Frekar mun jeg ekki fjölyrða um þetta eða tefja tíma.

Framm. (Jörundur Brynjólfsson): Það er að eins örstutt athugasemd út af ummælum háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) Jeg var búinn að margtaka það fram, og segja það þegar jeg talaði fyrst, að það út af fyrir sig að taka sveitarlim fyrir kennara væri ekkert, en þegar hann var með öllu óhæfur til þess, að því er mentun snerti, þá var það rangt, enda var það eingöngu gert til þess að ljetta honum af sveitarsjóðnum. Og til þess nú að rökstyðja það enn betur, sem jeg hefi sagt, að ekki væri vandað mjög til kennaranna, skal jeg geta þess, að í öðru fræðsluhjeraði veit jeg til þess, að einn maður var tekinn þar til kennara, sem var þeim gáfum búinn, að hann gat ekki komist í gegnum 1. bekk kennaraskólans, og þegar slík dæmi sem þessi finnast, þá segi jeg, að ekki sje nægilega vandað til kennaranna.

Þorsteinn Jónsson: Jeg tók það fram við 1. umr. þessa máls, að jeg teldi frv. það, sem kom frá hv. mentamálanefnd, og bætur þær, er það fjallar um, mjög lítils virði. Víðast um land eða að minsta kosti þar, sem jeg þekki til, hafa kennarar hærri laun en lágmarkslaun þau, sem ákveðin eru í

fræðslulögunum. Að minsta kosti er svo um flesta kennara við fastaskóla. Mörgum farkennurum mun að vísu ekki borguð hærri laun en þau, sem lágmark laganna leyfir. En sumir þeirra hafa þó skárri laun en ákveðin eru samkvæmt lágmarkstaxta frv. þess, sem hjer er til umr.

Það er því alls ekki rjett, að fræðslunefndir eða skólanefndir hafi ekki víða reynt til þess að útvega góða kennara, en ef það hefir oft ekki tekist, er það vegna þess, að starfið hefir yfirleitt verið illa launað, og því ekki um nóga góða kennara að velja. Flestir af þeim, sem hafa ætlað að gera barnakenslu að aðalstarfi sínu, hafa komist að þeirri niðurstöðu, að þeir gátu ekki lifað af því starfi. Hafa þeir því orðið að leita sjer einhvers annars starfs, því að þótt það sje gott og blessað, eins og háttv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) tók fram, að aðalmarkmið margra kennara sje að vinna einungis af því, að þeir geri svo mikið gagn, þá er það þó svo, að enginn getur unnið lengi að því starfi, sem hann getur ekki lifað af.

Háttv. þm. Barð. (H. K.) tók það fram, að þar sem hann þekti til væri mjög sótt eftir farkennarastörfum. Skal jeg ekki rengja, að svo geti verið, en hygg það koma af því, að þeir, sem sækja um þau störf, sjeu ungir menn, sumir nýkomnir frá skólum, og hafa ekki getað fengið neina fasta kennarastöðu eða einhverja aðra stöðu í svip. En að menn sækist eftir slíkum starfa til þess að gera hann að lífsstarfi sínu, því trúi jeg ekki. (**H. K**: Það sagði jeg ekki heldur).

Þá vildi jeg svara háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) nokkrum orðum. Jeg hefi heyrt það á honum áður, að fræðslulögin frá 1907 hafi gert ógagn, vegna þess að þau hafi lagt heimilisfræðsluna fyrir óbul. Jeg er hjer á annari skoðun, því að þegar fræðslulögin gengu í gildi, var búið að taka upp líkt fræðslufyrirkomulag í sveitum og lögin sögðu fyrir; það var búið að taka upp farkensluna fyrir löngu. Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) álítur, að heimiliskenslan hafi verið ágæt í fyrri daga, en það verð jeg bera miklar brigður á, að svo hafi verið, nema þá á einstökum heimilum. Á einstökum heimilum hefir heimafræðsla verið í góðu lagi og er enn, en sum heimili hafa rækt kensluna illa, enda alls ekki getað rækt hana, vegna þekkingarskorts og tímaleysis.

Nú er svo komið, eins og menn vita, að fólki fækkar í sveitum og heimilisfeður hafa svo miklum störfum að gegna, að þeir geta ver sint því en áður að kenna börnum sínum, þótt þeir væru færir til þess. Þess vegna held jeg, þó að lög yrðu búin til um það hjer á þingi, að heimilin tækju aftur að sjer fræðsluna, að heimilin reyndu að fá sjer kennara til að kenna börnunum, eins og nú tíðkast.

Fræðslulögin fá 1907 mæla svo fyrir, að heimilin eigi að kenna börnunum að lesa og skrifa, svo að þau sjeu tæk í skóla þegar þau eru 10 ára, en mjer er full kunnugt um það, að víða er misbrestur á þessu. (**B. J.**: En það last). Já, en það er satt, og það er ekki til neins að vera að bera það lof á menn, sem ekki er satt. Það getur að vísu látið vel í eyrum kjósenda sumra þingmanna, en það er ekki til neins að loka augunum fyrir því, sem er. (**B. J.**: Ef þjóðin er orðin svona, þá hafa skólarnir gert hana það). Þjóðin hefir að vísu breyst, og skólarnir eiga sinn þátt í þeirri breytingu. Enda hefir nú breyting á menningarlegum sviðum orðið til batnaðar.

Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) tók það fram, að heimilisfræðslan ætti eingöngu að styðjast við eftirlitskenslu. Eftir því,

sem þeir menn segja, er til eftirlitskenslu hafa þekt, þá hefir hún alstaðar reynst mjög illa. Víða hefir reynslan orðið sú um farskólana, að sveitirnar hafa ekki sjeð sjer fært að halda þeim áfram. Einstök heimili hafa orðið að taka skólana að sjer, og það hefir að lokum víða farið svo, að heimilin hafa ekki fengist til þess.

Til þess að koma góðu skipulagi á barnafræðslu í sveitum þarf að byggja heimavistarskóla. Skólarnir ættu að starfa í 9 mánuði, en hvert barn ætti ekki að þurfa að vera nema þrjá mánuði á ári í skólanum. Einn skóli gæti verið fyrir 60 börn. Væri þeim skift í þrjár deildir og hver deild væri þrjá mánuði í skólanum, þá gæti einn kennari kent við slíkan skóla. Með þessu væri svo um búið, að skólunum fækkaði og hægt yrði að launa kennarana betur.

En þó að jeg álíti, að þetta frv. mentamálanefndarinnar sje kák, þar sem t. d. er verið að hækka mest laun kennara, sem ekki eru til hjer á landi, mun jeg þó greiða því atkvæði, því að það bætir ofurlítið kjör þeirra kennara, er hafa allra minst laun.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: P. J., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. J., E. A., E. Árna, G. Sv., H. K., J. J., J. M., J. B., M. P., M. Ó.

nei: P. O., P. Þ., S. S., S. St, B. St., E. J., M. G., Ó. B.

Tveir þm. (B. Sv. og B. K.) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Á 18. fundi í Ed., þriðjudaginn 14. maí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 59, 22. nóv. 1907, um fræðslu barna,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 121).

Á 20. fundi í Ed., fimtudaginn 16. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Ástæðan til þess, að þetta frv. er hingað komið, er erindi frá kennarafjelagi Íslands, sem raunar kom til þingsins í fyrra, en þá var ekki sint eða tekið til athugunar. Því var svo hreyft aftur við stjórnina að bera þetta erindi fram við þingið, og var landsstjórnin því samþykk.

Það frv., sem enn er í háttv. Nd., er mikið öðruvísi. Ráðuneytið gat sætt sig við breytingar þær, sem háttv. Nd. gerði á frv. stjórnarinnar, en jeg vona, að háttv. deild athugi bæði þetta frv. og einnig það, sem er ókomið hingað. Þær bætur, sem þetta frv. fer fram á, eru betri en ekkert, en engan veginn er með þeim nægilega vel tekið í erindi kennara, sem var mjög hóflegt og átti það fullkomlega skilið að vera tekið til greina, því að jeg minnist ekki að hafa sjeð svo hóflegt erindi lagt fram fyrir hið háa Alþingi.

Jeg vil skjóta því til þessarar háttv. deildar, hvort hún sjái sjer ekki fært að verða betur við beiðni kennara en orðið er.

Svo vil jeg leggja til, að málinu sje vísað til mentamálanefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til mentamálanefndar (sjá A. bls. 536) með 10 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., þriðjudaginn 18. júní, var frv. tekið til 2. umr. (A. 121, n. 361).

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Á öndverðu þingi lagði stjórnin fyrir það frv. til laga um skipun barnakennara. En mentamálanefnd Nd. sá ekki fært að leggja til, að það frv. næði fram að ganga, en kom í þess stað með þetta frv, á þgskj 121. Mentamálanefnd þessarar háttv. deildar hefir að vísu að eins átt að athuga þetta frv., en þó hefir hún jafnframt athugað hitt og fallist á skoðun Nd. um það. Skal hjer ekki nákvæmlega farið út í það, en yfirleitt þótti nefndinni of mikill kostnaður vera því samfara og tímar og ástæður of erfiðar nú til þess, að það frv. verði að lögum að þessu sinni. Hins vegar ræður nefndin til, að þetta frv. nái fram að ganga, þótt ánægð sje hún ekki með það, og skírskota jeg í því efni til nál. á þgskj. 361, en vil að eins bæta við fáeinum atriðum til skýringar.

Það er með sannindum sagt, að tímarnir, sem vjer lifum á, sjeu erfiðir til kostnaðarauka bæði fyrir landssjóðinn, einstök hjeruð og allan fjölda einstaklinga þjóðarinnar. Enda er kaup það, sem kennarar fá nú af hálfu hins opinbera, svo lítið, að vart verður af því lifað. Það er líka vitnað til þess, þar á meðal í nál. Nd., að kennarar starfi nú víða lítið að kenslu, heldur fái sjer eitthvað arðvænlegra að starfa. Það er nú að vísu annars vegar vorkunn, að erfitt þyki á þessum tímum að gjalda hærra kaup fyrir störf, sem ekki eru unnin, en hins vegar liggur sú alvarlega hætta fyrir dyrum, að kennarar margir hætti til fulls við kenslustörf, ef þeir geta fengið eitthvað arðvænlegra, og jafnframt er mjög líklegt, að það verði efnilegustu og duglegustu mennirnir, sem hverfa frá kenslustörfunum. Oss virðist því, þegar einu sinni er komin hreyfing á málið í þinginu, að ekki sje hægt að skilja svo við það, að þingið veiti enga úrlausn.

Með frv. þessu þykir oss þá líka nokkur úrlausn vera gerð og þó nokkur bót að því, þótt hún kunni ekki að þykja fullnægjandi og koma nokkuð misjafnlega niður. Fyrir kaupstaðakennara verður væntanlega lítil bót að því, því að kaup þeirra allra mun nú vera orðið fullkomlega svo hátt, sem frv. gerir ráð fyrir, og hjá mörgum hærra. Aftur á móti verða farkennarar vel úti samkvæmt frv. Þeir fá mikið af kaupi sínu í friðu, það er að segja frítt fæði og húsnæði, sem er notadrýgra nú. Og þegar svo krónutalið hækkar nokkuð, má segja, að þeir verði vel úti.

Nú kann að verða sagt, að með þessu sje kaupstaðakennurunum gert lægra undir höfði, en það er þó sú bót, að bæjarstjórnir hafa þegar nokkuð bætt kjör þeirra, eins og jeg gat um.

Þá leggur nefndin til, að frv. verði samþykt með þeirri breytingu, að þátttaka landssjóðs í greiðslu launahækkunar kennara verði hlutfallslega meiri en gert er ráð fyrir í 2. gr. frv., eða að landssjóður greiði $^2/_3$ hluta af launahækkun kennaranna samkvæmt 1. gr.

Nefndin álítur alls ekki fært að leggja allan kostnaðaraukann á sveitarsjóðina, því að þeir hafa nú þegar margir svo þungar byrðar, að þeir rísa ekki undir þeim. Og þar sem skólahaldið er dýrt, þó að misjafnt sje í hinum ýmsu sveitum, þá yrði þetta alt of mikil viðbót á sveitarsjóðina Hlutfallið milli hækkunarinnar, sem kæmi á landssjóðinn, ef till. okkar og frv. sjálft yrði samþykt, yrði svo, sem nú skal sýnt fram á.

Samkvæmt skýrslu fræðslumálastjóra er kennarakaup á öllu landinu við skóla kr. 46,385, en í fræðsluhjeruðum kr. 58,544. Hækkunin yrði þá eftir frv.

við skóla um $^2/_3$, þ. e. kr. 30,923, og í fræðslubjeruðum um $^1/_2$, þ. e. kr. 29,272, eða samtals kr. 60,195.

Af þessari hækkun kæmi eftir frv. á landssjóð:

Fyrir skóla	kr.	6550
— farkenslu	—	9700
Samtals	kr.	16,250

Alt hitt kæmi á sveitarsjóðina, eða kr. 43,945.

Nú er það tll. okkar, að landssjóður greiði $^2/_3$ af hækkuninni og sveitarsjóðir $^1/_3$. $^2/_3$ hlutar af kr. 60195 eru kr. 40130. Mismunurinn yrði þá kr. 20065, sem er sannarlega nóg byrði á sveitarsjóðina, og við sjáum ekki annað fært en þessu verði þannig hagað. Og þótt allur kostnaðaraukinn hefði verið lagður úr landssjóði, sem tveir af oss nefndarmönnum að minsta kosti hefðum helst viljað leggja til, þá var með því ekki farið fram úr því, sem fjárlögin gera ráð fyrir. Þar hefir jafnan staðið, að landssjóður mætti greiða alt að helmingi kostnaðar við skólahaldið, en fjárveiting aldrei hrokkið til að greiða nema $^1/_4$.

Jeg vil enn fremur sjerstaklega benda á það, að þar sem í frv. er ákveðið, að landssjóðsstyrkurinn hækki að tiltölu við það, sem fræðslukostnaður fræðslubjeraðanna eykst, þá er sá kostnaður annar og fleira en kennarakaupið og verður þess vegna eftir frv. hækkunarhlutfallið úr landssjóði því minna sem kostnaðurinn við einn skóla er meiri, eða með öðrum orðum því minni þátttaka landssjóðs, því meira sem skólinn þarf í rauninni á fjárstyrk að halda. Úr þessu bætir till. vor nokkuð.

Jeg hefi þá tekið fram aðalatriðin, sem jeg áleit sjerstaklega þurfa skýringar við, og legg svo brtt. okkar fyrir háttv. deild, í fullu trausti þess, að deildin samþykki hana.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg tel ekki ástæðu til að fara lengra út í þetta mál en þegar hefir verið gert áður. Jeg er fullkomlega sömu skoðunar nú, eins og jeg var áður, að þingið hefði átt að halda sjer við frv. stjórnarinnar. Hins vegar ljet háttv. mentamálanefnd Nd. þá skoðun uppi, að þetta frv, sem hjer liggur fyrir, væri að eins bráðabirgðabót, og sama hefir hv. nefnd hjer látið í ljós.

Háttv. frsm. (K. D.) sagði, að ef til vill kæmi hækkunin ekki heppilega niður á kennurunum, en færði það til málsbóta, að kaupstaðakennarar hefðu þegar fengið nokkra uppbót. Það er samt alveg rjett hjá háttv. frsm. (K. D.), að hækkunin kemur ekki heppilega niður. Bótin er hvergi nærri eins mikil og ætti að vera hjá þeim, sem helst skyldi, þ. e. þeim, sem gera kenslu að lífsstarfi sínu, ekki þeirra, er að eins koma að starfinu, heldur hinna, er starfa að því áfram. Það er ekki nema rjett og sjálfsagt að bæta kjör þeirra svo, að þeir hverfi ekki strax frá kenslunni, þegar þeim býðst annað.

Það er ekki ástæða til þess að hafa á móti brtt. nefndarinnar, og það er ekki ósanngjarnt, að landssjóður nú til bráðabirgða leggi fram meira fje en sveitirnar, en ef það á að vera til frambúðar, þá er það mjög athugavert, að landssjóður leggi fram meira fje til að launa barnakennarana en sveitirnar.

Mjer skilst að nefndin hefði átt að leita álits fjárveitinganefndar um frv. og brtt. sínar, samkvæmt því er þingsköp mæla fyrir, þótt jeg hins vegar telji víst, að fjárveitinganefndin hafi ekkert við fjárhagshlið málsins að athuga, og aðalatriðið er, að gerð sje sæmileg bót á launakjörum kennara. En frá landssjóðs hálfu er hjer ekki eingöngu um fjárhagsspursmál að ræða, heldur er frv. og athugavert vegna þess, að það

gengur inn á þá braut, að landssjóður leggi fram meira fje en hlutaðeigandi sveitarsjóðir.

En þar sem þessi hlið málsins snertir mig ekki sjerstaklega, skal jeg ekki tala frekar um hana, og sem bráðabirgðabót handa kennurum má una við frv., en það gleður mig, að nefndin telur frv. stjórnarinnar vera heppilegt til frambúðar.

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Hæstv. forsætisráðherra tók rjett fram skoðun vora á stjórnarfrv. Jeg fyrir mitt leyti neita því ekki, að hann hafi mikið til síns máls, en eins og jeg tók áðan fram, þá liggur það frv. ekki fyrir okkur að þessu sinni. Jeg þakka og hæstv. forsætisráðherra fyrir undirtektir hans um brtt. nefndarinnar, er hann taldi ekki ósanngjarna.

Eins og hagað hefir hin síðari ár, þá hefir fræðslukostnaðurinn allur numið kringum 200 þús. kr., en samkvæmt fjárlögunum er gert ráð fyrir því, að framlag landssjóðs til hans megi vera $^1/_2$ kostnaður, en framlagið hefir víða ekki numið meiru en $^1/_4$ hluta af skólakostnaðinum. Ef brtt. nefndarinnar yrði samþykt, þá yrði alt framlag landssjóðs samkvæmt fjárlögunum 50 þús. kr. og svo eftir þessu frv. um 40 þús. kr., eða alls um 90 þús. kr., eða 10000 kr. minna en fjárlögin gera ráð fyrir að það megi nema.

En í sambandi við þennan kostnaðarauka eftir brtt. vorri skal jeg geta þess, að hann verður naumast eins mikill eins og jeg hefi gert ráð fyrir, því að víðast í kaupstöðum fá kennararnir, eins og jeg tók fram, hærri laun en fræðslulögin gera ráð fyrir, svo að landssjóður þyrfti ekki að greiða $^2/_3$ af kauphækkun þeirra samkvæmt brtt. nefndarinnar. Raunverulega yrði kostnaðaraukinn því ekki nema 35 þús. kr., eða jafnvel ekki nema 30 þús. kr., og þá yrðu það ekki nema 80 þús. kr., er landssjóður legði fram af þeim 200 þús. kr., sem barnafræðslan kostar, og jeg fæ ekki sjeð, að neitt athugavert sje við það.

Hæstv. forsætisráðherra gat þess, að rjettara væri að forminu til að bera málið undir fjárveitinganefnd, og er það rjett, og getur nefndin sjeð um, að svo verði gert til þriðju umræðu. Að nefndin hefir ekki þegar gert það stafar meðfram af því, að einn nefndarmannanna er einnig í fjárveitinganefndinni, og við töldum víst, að nefndin hefði ekkert við málið að athuga.

Jeg vænti þess, að háttv. deild sjái, að meðalvegur sá, er nefndin fer, er mjög sanngjarn, og jeg veit, að ýms sveitarfjelög eru ekki fær um að bæta á sig 7—900 kr. útgjöldum til mentamála. Landssjóður verður þar að hlaupa undir bagga.

Forsætisráðherra (J. M.): Hv. frms. (K. D.) vildi skilja 1. gr. svo, að þar sem búið væri að hækka laun kennaranna áður en lögin ganga í gildi, þar þyrfti landssjóður ekki að greiða $^2/_3$ hluta launanna samkvæmt brtt. nefndarinnar. Jeg held, að þessi skilningur geti ekki staðist. Jeg held, að ekki sje unt að skilja þetta öðruvísi en að landssjóður eigi að greiða $^2/_3$ hluta af þeirri launahækkun, er kennararnir hafa fengið fram yfir það, er fræðslulögin ákveða, og það er efalaust hagkvæmast í framkvæmdinni, enda hart, að sveitarfjelög, er hafa hækkað laun kennaranna, verði ver úti en hin, sem ekki hafa hækkað launin. Ef það kemur eigi berlega fram, að háttv. deild skilji þetta öðruvísi, þá geng jeg að því sem vísu, að þessi skilningur sje rjettur, því að það er nauðsynlegt fyrir stjórnina að fá ljósa grein fyrir því,

hvernig beri að skilja. Jeg hefi því enga trú á því, að útgjöld landssjóðs af brtt. verði minni en 40 þús. kr., enda finst mjer það eiga ekki að hafa áhrif á atkvæði háttv. þm., þótt útgjöldin gætu orðið 5000 kr. minni; það er ekki svo stór upphæð í þessu sambandi.

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Jeg hefi ekki á móti því, þó að brtt. nefndarinnar yrði skilin svo, sem hæstv. forsætisráðherra gerði. En jeg er jafnviss og hann um það, að sá skilningur sje rjettur.

Kaupstaðirnir og fræðsluhjeruð þau, sem hækkað hafa laun kennaranna, hafa ekki verið skylduð til þess, og þar sem tekið er fram í 2. gr. frv., að landssjóðsstyrkurinn hækki að tiltölu við það, sem fræðslukostnaður fræðsluhjeraðanna eykst, þá sje jeg ekki, að landssjóð beri skylda til þess að greiða $^2/_3$ af þeirri hækkun, sem þannig er orðin á kaupinu, því að í 1. gr. segir, að fyrir »18 kr.« komi »30 kr.« og fyrir »12 kr.« komi »20 kr.« o. s. frv., en þar sem búið er að hækka launin, fer, skilst mjer, engin hækkun fram eftir þessari gr., og getur þá ekki verið heimting á greiðslu úr landssjóði eftir brtt. nefndarinnar. Annars væri þetta verkefni fyrir lögfræðinga að skera úr eða stjórnina að úrskurða, er til kæmi.

Aðalatriðið er, að kjör kennaranna sjeu að nokkru bætt; það tel jeg sjálfsagt og vil styðja.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg vil leyfa mjer að vekja athygli háttv. frsm. (K. D.) á því, hvernig brtt. er orðuð. Hún hljóðar svo:

»Auk landssjóðsstyrks þess, sem um ræðir í fjárlögunum, 14. gr. B. XIII, 1.—2., skal greiða úr landssjóði $^2/_3$ hluta af launahækkun kennaranna samkvæmt 1. gr.«.

Þetta er ómögulegt að misskilja. Hjer er ekki talað um þá hækkun, sem orðin er sumstaðar á launum, heldur er miðað við laun þau, er fræðslulögin ákveða.

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Nefndin mun taka þetta atriði til athugunar. Jeg hefi kennaranna vegna enga tilhneigingu til þess að andæfa þessum skilningi hæstv. forsætisráðh.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 361. feld með 8:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: K. D., E. P., G. Ó., H. St., H. Sn.

nei: K. E., M. K., M. T., S. E., S. J., S. F., Jóh. Jóh., G. B.

Einn þm. (G. G.) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

3. og 4. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., fimtudaginn 20. júní, var frv. tekið til 3. umr. (A. 121).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Ed., föstudaginn 21. júní, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 121, 378).

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Mentamálanefndin hefir leyft sjer að koma fram með brtt. þessa, á þgskj. 378. Allar röksemdir, sem mæla með

henni, hefi jeg borið fram áður og sje ekki ástæðu til þess að endurtaka þær.

Nefndin ber brtt. fram vegna þess, að henni er kunnugt um, að ýmsum háttv. þingdm. þykir hún aðgengilegri, en fyrir mitt leyti get jeg sagt, að hún fullnægir ekki skoðun minni, en jeg tel hana þó málamiðlun og vona því, að hún verði samþ.

ATKVGR.

Brtt. 378. samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv, svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 54. fundi í Nd., mánudaginn 24. júní, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 59, 22. nóv. 1907, um fræðslu barna,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 385).

Á 56. fundi í Nd, miðvikudaginn 26. júní, var frv. tekið til einnar umr. (A. 385).

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Jeg hefi nú ekki átt tal við alla meðnefndarmenn mína, en samt hygg jeg mjer óhætt að segja, að nefndin fallist öll á breytingu þá, sem háttv. Ed. hefir gert, svo að frv. þurfi ekki að tefjast lengur.

ATKVGR.

Frv. samþ. með öllum gr. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 402).

---

14. Skemtanaskattur.

Á 18. fundi í Nd., miðvikudaginn 8. maí, var útbýtt

Frv. til laga um heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til að leggja gjald á kvikmyndasýningar og aðrar opinberar myndasýningar, aðrar en málverka- eða teiknisýningar (A. 75).

Á 19. fundi í Nd., föstudaginn 10. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Mál þetta er svo ofur einfalt, að jeg sje enga ástæðu til að fjölyrða um það. En jeg vil gera það að till. minni, að frv. verði vísað til allsherjarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 541) í e. hlj.

Á 31. fundi í Nd., laugardaginn 25. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 75, n. 171).

Frsm. (Einar Arnórsson): Allsherjarnefndin hefir orðið á eitt sátt um það, að misrjetti sje að leggja skatt eingöngu á þá, sem sækja kvikmyndahús, því að um það er ekki að villast, að skemtanaskattur kemur einungis niður á þeim, sem skemtanirnar sækja. Það er því meira samræmi í því að leggja skatt á allar skemtanir yfirleitt, innan þeirra takmarka, sem sett eru í lögunum.

Aðalbreyting nefndarinnar við frv. það, er háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) flutti, er sú, að skattinn skuli ekki miða við tekjurnar, eins og þær eru í heild sinni, heldur eftir að kostnaðurinn er dreginn frá.

Nefndin leggur til, að skatturinn megi ekki vera meiri en 20% af aðgöngueyri.

Það þarf ekki að mæla með þessari breytingu, því að allir sjá, hve það er óhæfilegt að leggja svona hátt hundraðsgjald á brúttótekjur. Það gæti orðið til þess, að þeir, sem slíkar sýningar halda, yrðu alveg að hætta því, og mætti þá eins vel loka fyrir þær á annan hátt.

Vel getur verið, að eitthvað komi fram við þessar umræður, athugasemdir við einhver atriði í tillögum nefndarinnar, sem mætti laga við 3. umr. Nefndin er þakklát fyrir allar slíkar athugasemdir og er fús á að taka þær til greina og koma með nýjar brtt. við 3. umr., ef hún sjer fært og ástæða þykir til.

Magnús Pjetursson: Fyrst nefndin er svona frjálslynd, — eins og jeg reyndar bjóst við að hún væri, — að bjóða mönnum upp á að gera athugasemdir og lofa öllu góðu um að taka þær til greina, þá ætla jeg að leyfa mjer að gera athugasemd við 1. brtt. nefndarinnar. Þar er talað um að leggja skatt á ýmsar skemtanir, og nefndar meðal annars leiksýningar. Er það þá meining nefndarinnar, að leggja megi skatt t. d. á leiksýningar þær, sem Leikfjelag Reykjavíkur heldur uppi. Fjelag þetta er styrkt af opinberu fje og er af öllum viðurkent að vera menningarfrömuður, sem fremur eigi skilið, að því sje veittur styrkur, en að álögur sjeu á það lagðar. Þetta er ekkert gróðafyrirtæki fyrir þá, sem halda uppi sýningunum, heldur gera þeir það að eins listarinnar vegna. Enda er því veittur styrkur, bæði í fjárlögunum og eins úr bæjarsjóði Reykjavíkur. Jeg vildi því leyfa mjer að skjóta því til háttv. nefndar, hvort ekki muni fært að taka það skýrt fram í lögunum, að Leikfjelag Reykjavíkur skuli vera undanþegið skattaálögum. Ef það er ekki skýrt tekið fram, þá gæti það orðið til þess, að ýmsir álitu, að skatt mætti leggja á leiksýningar þess, og gæti óttinn fyrir því, að lagður kynni að verða skattur á leiksýningarnar, haft áhrif á störf fjelagsins.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg get nú verið nefndinni þakklátur fyrir það, hvernig hún hefir tekið þessu frv. Brtt. hennar eru ekki stórvægilegar í sjálfu sjer og raska ekki þeim grundvelli, sem það er bygt á.

Háttv. frsm. (E. A.) talaði um það, að frv. setti skattinn of háan, svo að hætta gæti stafað af fyrir þann, sem heldur sýningum uppi. En jeg ætlaðist til þess, að treysta mætti sveitar- og bæjarstjórnum til þess að gæta hófs í því efni og leggja ekki meiri skatt á en vissa er fyrir að fyrirtækið gæti borið. En jeg hefi ekkert að athuga við það, að skatturinn sje miðaður við aðgöngueyri.

Jeg hafði upphaflega ætlað mjer að láta skattinn ná til skemtana yfirleitt. En jeg heyrði á ýmsum þingmönnum, að þeir óttuðust, að sveitar- og bæjarstjórnir mundu skatta um of saklausar skemtanir, eða jafnvel skemtanir, sem væru til nytsemda, svo að jeg óttaðist, að það mundi draga úr fylgi frv., ef svo langt væri gengið. Þessi brtt. er því í áttina til þess, sem jeg ætlaði mjer upphaflega, og er jeg fyrir mitt leyti alls ekki mótfallinn henni.

Eins og háttv. þm. Stranda. (M. P.) tel jeg vafasamt, hvort rjett sje að lögin nái til leiksýninga Leikfjelags Reykjavíkur. Sá fjelagsskapur á erfitt uppdráttar, og þeir, sem að sýningunum vinna, verða að mestu leyti að gera

það í frítímum og svefntíma sínum. Þó að ætlast sje til þess, að þeir, sem leikhúsið sækja, borgi skattinn, þá er það að athuga, hvort það yrði þá ekki minna sótt, ef aðgöngueyririnn hækkaði. Það vita allir, að leiksýningarnar eru engin tekjulind. En jeg verð að treysta því, eins í þessu sem öðru, að hlutaðeigandi bæjarstjórn hagi sjer eftir ástæðunum og leggi ekki skatt á, nema það geti talist fært. Til skýringar skal jeg geta þess, að nú greiðir leikfjelagið eitthvert gjald af sýningum sínum.

Yfirleitt eru brtt. á þá lund gerðar, að ekkert er út á þær að setja.

Bjarni Jónsson: Jeg get ekki setið hjá aðgerðalaus og látið þetta frv. mig engu skifta. Það er eins og nú eigi að fara að leggja skatt á leikhúsið hjerna, eða ef einhver myndhöggvari ætlaði að sýna listaverk sín. (**E A:** Nefndin hefir tekið þá undan). Jeg bið afsökunar. Jeg tók ekki eftir því, að þetta stendur í brtt. nefndarinnar. En jeg sje hvergi, að leikhús sjeu undantekin. (**E. A.:** Nefndin ætlar að athuga það til 3. umr.). Ef nefndin tekur líka upp þetta atriði, þá hefði jeg ekki þurft að standa upp, og get látið úttalað.

Eitt atriði ætla jeg þó að athuga áður en jeg sest niður. Nefndin ætlast til, að skatturinn megi vera alt að 20% af inngöngueyri. Þetta gerir ekkert til, ef þessar sýningar eru undanteknar, sem ekki borga sig.

Þótt söngskemtanir sjeu ekki nefndar hjer, virðist sjálfsagt, að þær heyri undir sama lið sem höggmynda-, málverka- og teiknisýningar og leikhús. Það kemur ekki til mála að leggja jafnvel 1 eða 2 af hundraði á þá fáu menn, er syngja hjer opinberlega. Því að þótt einstaka frægir söngmenn, er hingað koma, fái húsfylli nokkur kvöld og geti haft allálitlegan ágóða af söngskemtunum sínum, þá er þó hitt tíðara, að enginn hagnaður er af skemtuninni og aðgangseyrir hrekkur naumast fyrir auglýsingakostnaði, aðstoð og húsaleigu.

Svo mun vera um 90 af 100 af slíkum skemtunum hjer í bæ, að þær þola ekki að greiða neinn skatt, því að þá mundu menn þeir, er að þeim standa, verða að greiða skatt af skaða sínum.

Jeg vona því, að háttv. nefnd taki þessar athugasemdir til greina og beri fram brtt. við 3. umr., á þá leið, að undanskilja þessar skemtanir og leiksýningar skatti.

Þá þykir mjer sem það muni geta verið háskalegt að leggja skatt þenna á aðgöngumiðana. Aftur væri rjett að taka ákveðið hundraðsgjald af tekjunum að frádregnum kostnaði. Kæmi þá skatturinn niður á þeim skemtunum einum, sem gefa arð af sjer. Að öðrum kosti mundu menn hækka aðgangseyrinn um það, sem skattinum næmi, og væri þá miklu rjettara að banna þessar skemtanir með öllu. Skemtanirnar færu þá að eins freklegar í vasa almennings og þar sem það er almenningur, sem njóta á skattsins, hefði fje þetta einungis vasaskifti. En væri skatturinn lagður á hreinan ágóða af skemtunum þessum, mætti hann vera fult eins hár og frv. fer fram á, eða jafnvel nokkru hærri.

Jeg vænti þess fastlega, að nefndin gangi svo frá frv., að bannað verði að leggja skatt á listir, svo að þær verði ekki kyrktar í fæðingunni.

Gísli Sveinsson: Jeg er dálítið smeykur við slík ákvæði í löggjöfinni sem þau, er hjer ræðir um, ekki síst í þeirri mynd, sem þau koma í frá háttv. nefnd.

Það er ekki ófyrirsynju, þótt frv. komi fram, sem beinast að því að leggja skatt á kvikmyndasýningar og aðrar

opinberar myndasýningar. Ekki af þeirri ástæðu, að menn líti saklausar skemtanir öfundarauga, heldur vegna þess, að kvikmyndasýningar þróast hjer svo vel og hafa svo miklar tekjur, að nærri liggur að taka eitthvað af þeim tiltölulega mikla gróða, er þeim fellur í skaut. Og í annan stað hefir mönnum þótt nóg um aðstreymið að þessum sýningum, ekki hvað síst af unglingum og alþýðu fólki, er menn ekki vita til að hafi svo mikið fje milli handa, að því sje kleift að sækja slíkar skemtanir, jafnvel oft á viku eða kvöld eftir kvöld. Það gæti því verið vit í því, að hafa eftirlit með aðsókninni. Sýna hlutaðeigendum fram á, að hið opinbera á að hafa hönd í bagga og taka dálítinn hlut af tekjunum. Þykir mjer því rjett, að gjaldi þessu sje komið á og bæjar- og sveitarfjelögum sjeu veittar nokkrar tekjur með því.

Lengra vil jeg ekki fara. Sumstaðar erlendis veit jeg til að hefir verið lagður á, til bráðabirgða eða um lengri tíma, svo nefndur »Luxusskattur«, sem þó nær skemra en háttv. nefnd leggur til að hjer sje farið. Eftir tillögum nefndarinnar eru allar skemtanir skattskyldar. Það er reglan, að heimilt sje að leggja skatt á allar skemtanir, hvort sem þær eru fræðandi, í góðgerðaskyni, vísindalegar eða þá aðrar og saklausar skemtanir. Varnagli er ekki fyllilega sleginn með því, að með reglugerð megi undanskilja ýmsar skemtanir skattinum. Þessu get jeg ekki verið fylgjandi. Jeg vil ekki ofurselja allar skemtanir undir einræði sveitar- og bæjarstjórna. Það er alkunnugt, að ýmsir menn bera misjafnan hug til allra skemtana, þótt saklausar sjeu. Það geta verið þeir menn í bæjarstjórn eða hreppsnefnd, er líta allar skemtanir óhýru auga, nema bróðurparturinn af ágóðanum renni til sveitarfjelagsins. Slíkt alræði, um skattálögu allra skemtana, væri óþolandi.

Skattheimildin á því að vera takmörkuð; það þarf að fastákveða, hverjar skemtanir skuli undanþegnar skattinum. Og þessi takmörk voru einmitt sett í frv. af háttv. flutnm. (J. B.) Reyndar hafði skotist yfir að undanþiggja höggmyndasýningar, og einnig er ástæða til þess, ef skattur á að leggjast á skemtanir yfirleitt, að undanskilja leiksýningar.

Þó getur verið vafamál, ef ganga á inn á þessa braut, hvort gefa eigi annað en heimild. Undir þessu nafni væri sem sje hægt að halda sýningar, er væru lítt fræðandi eða uppbyggilegar, heldur að eins gróðafyrirtæki.

Best mundi jeg fella mig við, að í lögunum væri ákveðið ótvírætt, hverjar skemtanir skuli undanþegnar skattinum. Jeg vil ekki fara lengra en frv., en þykir ekki viðlitamál að ganga inn á þá braut, sem nefndin vill fara.

Frsm. (Einar Arnórsson): Jeg get fyrir hönd nefndarinnar þakkað þær athugasemdir, sem gerðar hafa verið við brtt. hennar. Það var aldrei tilætlun nefndarinnar að skella skolleyrum við rjettmætum athugasemdum.

Nefndin mun taka til athugunar, hvort ekki sje ástæða til þess að undanskilja í lögunum Leikfjelag Reykjavíkur þessum skatti. Þó virðist mjer, sem það mundi gera Leikfjelaginu nauðalítið mein, þótt þetta ákvæði verði ekki sett í lögin. Bæjarstjórnin á að semja reglugerð um skattaálagninguna og stjórnarráðið að samþykkja hana. Má því búast við, að sæmilega verði farið með málið. En þó að menn treysti því, er rjett að setja það í lögin, sem eigi virðist mega vanta í þau.

Mjer virðist skemtununum ekki gera

mikið til, þótt skattur þessi komist á, því að hann kemur niður á þeim, er skemtanirnar sækja. Að leggja skattinn að eins á hreinar tekjur, eins og háttv. þm. Dala. (B. J.) lagði til, lítur vel út í fljótu bragði. En þegar að er gætt, sjá menn, að það er ekki rjettlátt. Skemtistofnanir þær, sem hjer er aðallega um að ræða, kvikmyndahúsin, bera þunga skatta áður. Þau greiða, að jeg hygg, tekjuskatt í landssjóð og þar að auki tvöfaldan skatt í bæjarsjóð: ákveðið gjald fyrir heimild til þess að halda sýningarnar — annað kvikmyndahúsið hjer í bæ mun nú greiða 720 kr. fyrir þetta leyfi — og aukaútsvar. Þau greiða þannig til sveitarþarfa á borð við aðra, auk gjaldsins fyrir sýningarleyfið. Ekki má skilja orð mín svo, að jeg sje að telja þau undan skatti, en verði lagt á beinan arð þeirra, greiða þau þrisvar skatt, þar sem aðrir greiða að eins einu sinni. Mjer er óhætt að fullyrða, að annarsstaðar, þar sem líkur skattur er lagður á skemtanir, t. d. kvikmyndasýningar, þá er hann ákveðið hundraðsgjald af aðgöngueyrinum. Á aðgöngumiðana er prentað verð þeirra og skatturinn þar fyrir neðan. Kosti aðgöngumiði t. d. 15 aura og sje skatturinn 20%, eða 3 aurar, greiða menn alls 18 aura. En nefndinni þótti eigi ástæða til þess að setja nánari ákvæði um þetta, þar sem til er ætlast, að það yrði reglugerðaratriði, sem bæjarstjórnir sæju um.

Jeg get lofað því fyrir hönd nefndarinnar, að hún muni íhuga þær athugasemdir, er hjer hafa verið gerðar, verði brtt. hennar samþ. til 3. umr.

Magnús Pjetursson: Jeg get þakkað háttv. frsm. (E. A.) góðar undirtektir undir athugasemd mína.

Mjer skilst, að tilgangur nefndarinnar sje sá, að leggja einungis skatt á þá, er sækja skemtanir, að skatturinn sje einskonar stimpilgjald á aðgöngumiðana. (**E. A.:** Hlýtur altaf að koma þannig fram). Háttv. frsm. (E. A.) kvað það mundu gera Leikfjelagi Reykjavíkur lítið til, þó að skatturinn yrði lagður þannig á. En mjer er kunnugt um, og það mun öllum Reykvíkingum, að eigi Leikfjelagið að geta haldið sýningum sínum áfram, mun það tæplega geta hækkað aðgöngueyrinn. Það yrði líklega að hætta starfi sínu, og munu allir telja það illa farið. (**E. A.:** Er ekki altaf húsfyllir?) Nei, alls ekki og það jafnvel ekki nú um þingtímann, og mætti þó ætla að munaði um þingmennina, því að sjálfsagt sitja þeir sig ekki úr færi með að njóta listarinnar.

Jeg býst við því, að tilgangurinn sje sá, að skatturinn komi niður á ónytsamlegum og fánýtum skemtunum. En markmið Leikfjelagsins hefir Alþingi viðurkent að sje beinlínis nytsamlegt, með styrk sínum.

Verði brtt. nefndarinnar samþ., þætti mjer vænt um, ef nefndin vildi láta mig vita nógu snemma, hvort hún ætlar að bera fram brtt. í þessa átt. Geri hún það ekki, mun jeg gera brtt. við frv. til 3. umr.

Bjarni Jónsson: Jeg hlýt að viðurkenna, að nefndin er mjög góðlátleg í tilsvörum. Þó get jeg ekki fallist á skoðun háttv. frsm. (E. A.), að það mundi koma ranglega niður, þó að skattur verði lagður á hreinan ágóða af skemtunum, í stað þess að leggja gjald á aðgöngumiða. Getur verið, að þeim sjerstöku skemtunum, er hann mintist á, komi betur að fá að hækka aðgöngueyrinn. En það mun hann játa, að þá mundu margar hollar skemtanir verða að leggjast niður. Stofnunum, sem kvikmyndahúsunum hjer, er sýna kvöld eftir kvöld daðursögur og innbrotsþjófnað, mundi þetta ekki gera neitt til. Þær

draga altaf að sjer húsfylli, og sama mundi uppi á teningnum, þó að aðgöngueyrir yrði hækkaður um 10 aura eða svo. En skatturinn yrði tekinn úr vasa þess fólks, sem bærinn þyrfti að styrkja, og hefðu peningarnir þá að eins vasaskifti, eins og jeg hefi áður drepið á.

Jeg var staddur í Kaupmannahöfn er samskonar skattur var leiddur í lög þar. Var 10 aura skattur lagður á 35 aura aðgöngumiða, og fældi það engan frá sýningunum, þótt miður sjeu þær sóttar þar en hjer, því að það verð jeg að segja frændum vorum við Eyrarsund til lofs, að þeir sækja góðar skemtanir betur en vjer.

Svo að jeg víki að söngskemtunum, þá mun bærinn taka alt að 15% af þeim, er þær halda, og nemur það oft miklu fje. Er það alltilfinnanlegt gjald á söngmönnum, er varið hafa fje og tíma í nám sitt og koma síðan til að láta menn heyra list sína. Það væri líkara stórri sekt eða gjaldi fyrir eitthvert afbrot, sem þeir hefðu drýgt með því að láta menn verða listar sinnar aðnjótandi.

Ætti því að banna með öllu að leggja á slíkar skemtanir. Það er gagnslaust að heimila bæjarstjórnum að veita undanþágur frá lögunum, eins og háttv. þm. V. Sk. (G. Sv.) tók fram. Það gæti orðið til þess að ofurselja allan vísi til lista geðþótta sveitar- og bæjarstjórna. Ef ein bæjarstjórn kveðst t. d. ekki vilja hafa myndir af skapanornunum eða örlögum guðanna á fótstalla Ingólfslíkneskisins, þá má nærri geta, hvernig færi, ef leggja ætti saklausar skemtanir undir dóm þeirra manna, sem útþandir eru af sjálfsþótta og heilagleikshroka innra trúboðsins eða þ. u. l.

Það er ekki nema sjálfsagt að leggja skatt á daðursýningar. En alt, er telst til lista, verður að skilja undan og banna sveitar- og bæjarstjórnum að leggja nokkurn skatt á þær skemtanir. Vil jeg skora á háttv. nefnd að breyta frv. þannig.

Forsætisráðherra (J. M.): Mjer virðist frv. ekki breyta miklu frá því, sem nú er, því að nú hefir bæjarstjórn og lögreglustjóri vald til þess að ákveða gjald af öllum opinberum skemtunum, er haldnar eru hjer í bæ. Frv. gerir ekki annað en að takmarka þetta vald. Nú er það óbundið, og lögreglustjóri og bæjarstjórn geta lagt miklu hærra gjald á allar skemtanir, ef þau vilja. Mjer virðist ekki rjett, að Alþingi geri annað frekara en að setja þessu valdi einhver takmörk.

Eftir skoðun háttv. þm. Dala. (B. J.) ætti þingið ekki að gefa lög, er ýttu undir þetta vald, heldur banna að neyta þess, nema gagnvart einstöku skemtunum. En þá er álitamál, hvort það kæmi ekki fullnærri rjetti sveitarstjórnanna.

Jeg ætla brtt. nefndarinnar skynsamlegar, og mun varla ástæða að óttast það, að sveitar- og bæjarstjórnir misbeiti þessu valdi sínu. Jeg get talað um þetta af kunnugleik, frá því er jeg var bæjarfógeti í Reykjavík, og hygg jeg, að hvorki jeg nje bæjarstjórnin hafi beitt neinn mann ósanngirni í þessu efni. Jeg veit og til þess, að víðar í kaupstöðum hefir skattur verið lagður á opinberar skemtanir, og man jeg þess eigi nein dæmi, að hann hafi keyrt úr hófi.

Held jeg því, að þetta sje óþörf hræðsla hjá háttv. þm. Dala. (B. J.).

(**B. J.:** Hefir hæstv. forsætisráðherra nokkurn tíma, meðan hann var bæjarfógeti, lagt skatt á listsýningar?). Að vísu var lagður skattur á listir, svo sem samsöngva, hljómleika og fleira, en það kom einatt fyrir, er fátækir menn efnilegir áttu í hlut, að skattgjaldið var eftir gefið að miklu eða öllu.

Annars verð jeg að segja, að þótt skattur væri lagður á samsöngva slíkra manna, eins og háttv. nefnd stingur upp á, þá yrði það alls ekki þeim tilfinnanlegt. Það hefir sýnt sig, að alstaðar, þar sem slíkir skattar hafa verið settir, minkar aðsókn að vísu stundum í bili, en svo sækir þegar í sama horfið; aðsóknin eykst aftur. Og jeg held, að svona skattur á aðgöngumiða sje langrjettasti og skynsamlegasti skatturinn, því að þessir föstu skemtistaðir, sem búið er að minnast á, kvikmyndahúsin, borga bæði tekjuskatt og aukaútsvör.

Jeg vil því mæla með brtt. háttv. nefndar. Þær fara víst mjög nærri tilgangi frv. og eru að mínu viti skynsamlegar.

Bjarni Jónsson: Athugasemd, sem jeg má til að gera. Jeg man það nú, að jeg hefi oft sjálfur orðið að sækja til bæjarfógeta um leyfi til að halda fyrirlestra og annað fleira, og hefi jafnan fengið það gjaldlaust. Þessi lög eru því alveg óþörf, því að menn hafa þetta nú þegar í hendi sjer. En það eina, sem þarf að setja í lög, er að fyrirbjóða mönnum að leggja skatt á listir. Það verður að takmarka vald bæjarstjórnar í því efni. Jeg þekki til dæmis ágæta söngkonu, sem hjer hefir búið um hríð, skemt bæjarbúum oft og mörgum sinnum með ágætum söng, kent öðrum sönglist og hjálpað til með list sinni við mörg góðgerðafyrirtæki. Svo heldur hún söngskemtun fyrir sjálfa sig, af því að hún þarf að fara utan með barn sitt til lækninga. Þá varð hún að greiða 15% í skatt. Þetta þarf að banna.

Jörundur Brynjólfsson: Að eins örstutt athugasemd. Það er ekki alveg rjett hjá háttv. þm. Dala. (B. J.), að þessi lög sjeu alveg óþörf, þótt að vísu sje til það ákvæði í lögum, sem heimilar þau gjöld, sem þar er farið fram á. Jeg veit, að sum leyfi til kvikmyndasýninga eru svo úr garði gerð, að ekki er hægt að breyta sýningargjaldinu án laga. Þarf því að fá lög til þess að mega leggja þetta gjald á, og því ekki óþarft að samþykkja þetta frv. Annars held jeg, að frv. sje svo úr garði gert, að alveg sje óhætt að samþykkja það.

ATKVGR.

Brtt. 171, 1. (ný 1. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

— 171, 2. (ný 2. gr.) samþ. með 19 shlj atkv.

— 171, 3. (ný 3. gr.) samþ. í e. hlj.

4. og 5. gr. samþ. í e. hlj.

— 171, 4. (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 33. fundi í Nd, þriðjudaginn 28. maí, var frv. tekið til 3. umr., með fyrirsögninni:

Frumvarp til laga um skemtanaskatt (A. 226, 233).

Afbrigði leyfð og samþykt um brtt. 233, er of seint var fram komin.

Frsm. (Einar Arnórsson): Jeg vil að eins lýsa yfir því, að allsherjarnefnd hefir athugað frv. síðan það var til annarar umr. hjer í háttv. deild, og hefir það orðið að samkomulagi milli nefndarmanna að koma ekki með neinar brtt. við það. En ef brtt. kæmu fram, sem eigi röskuðu meginhugsjón frv., skyldi nefndin öll hafa óbundnar hendur um atkvæðagreiðslu.

Gísli Sveinsson: Brtt. mín er í samræmi við það, sem jeg ljet um mælt

við 2. umr. málsins og fleiri háttv. þm. tóku þá fram. Jeg býst við, að nefndin geti sætt sig við og háttv. deild samþykt brtt. þessa, þar sem farið er mjög hógværlega í sakirnar. Brtt fer sem sje fram á, að beinlínis í lögunum skuli undanþegnar skatti skemtanir, sem einvörðungu eru söngskemtanir eða reglulegar leiksýningar, eða málverka-, höggmynda- og dráttmyndasýningar. Aðrar breytingar er ekki farið fram á í brtt.

ATKVGR.

Brtt. 233. samþ. með 14 : 3 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með öllum gr. atkv. og afgr. til Ed.

Á 30. fundi í Ed., miðvikudaginn 29. maí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um skemtanaskatt, eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 240).

Á 31. fundi í Ed., fimtudaginn 30. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Best sýnist hlýða, að þetta mál fari í nefnd, og legg jeg til, að það verði allsherjarnefnd.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 537) með 10 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., miðvikudaginn 26. júní, var frv. tekið til 2. umr. (A. 240, n. 397).

Afbrigði leyfð og samþ. um nál. 397, sem of seint var útbýtt.

Frsm. (Magnús Torfason): Eins og háttv. deildarmenn sjá, hefir allsherjarnefndin hjer leyft sjer að gera allmiklar breytingar við frv. þetta frá því sem var, er það kom hingað í deildina. Eins og það kom hingað í deildina, á þgskj. 240, var ákveðið, að talsvert af skemtunum skyldi vera skattfrjálst. Nefndinni þótti rjettara að leggja þetta á vald bæjar- og sveitarstjórna og gera skattálagninguna að reglugerðaratriði. Undantekningar frá skatti mundu bæjarstjórnir og hreppsnefndir veita, að því er snertir þær skemtanir, sem vitanlegt væri um að haldnar væru í einhverjum þörfum og nytsömum tilgangi. En sjálfsagt væri að veita undantekningar ávalt þegar svo stæði á.

Samkvæmt þgskj. 240 eiga leiksýningar að vera skattfrjálsar. Jeg býst við, að sama yrði oftast raunin á, þótt brtt. yrði samþykt, en það geta líka komið fyrir þau tilfelli, líka hvað leiksýningar snertir, að skatt eigi að leggja á þær. Það hefir t. d. komið nokkrum sinnum fyrir, að útlendir leikendur hafa komið til landsins og rakað saman fje. Jeg sje ekki, að það væri rjett að láta þá vera undanþegna skatti. Eins og frv. var upphaflega orðað, var að eins gert ráð fyrir því, að skatturinn yrði tekinn af lifandi myndasýningum svokölluðum. Nefndin hjerna álítur, að þetta eigi að vera sjálfsagt reglugerðaratriði, eftir því sem hagar til á hverjum stað. Nd. nefndin gerði og ráð fyrir undanþágum, og átti dómsmálaráðherra að skera úr. En mun rjettara er að trúa bæjarstjórnum og hreppsnefndum fyrir því að ráða fram úr þessu í hvert sinn.

Eins og frv. var upphaflega, var ætl-

ast til þess, að skatturinn gengi til almennra þarfa bæjar- og sveitarsjóða. En síðan kom til orða, að skattinum yrði varið til guðsþakka, eða til að styðja listir og vísindi. Nefndin hefir fallist á þetta, en ekki viljað ganga lengra en gert er í 2. brtt., b.-lið, þar sem mælt er svo fyrir, að skattinum megi ekki verja til venjulegra sveitarþarfa, eða til að draga úr byrðum skattgreiðenda. Bæjarstjórnum og hreppsnefndum er í sjálfsvald sett — að öðru leyti — hvað þær gera við skattinn, og verði ekki í annað hús að venda með hann, þá geta þær ánafnað ellistyrktarsjóðnum hann. — Skemtanir voru oft áður haldnar í guðsþakkaskyni, svo sem til líknarstarfsemi, eða þá til að styðja nauðsynleg fyrirtæki. Svo er þetta líka víða enn. Þó eru sumir nú á síðustu tímum farnir að gera sjer skemtanafýsn almennings að atvinnu og það með góðum árangri. Og það er sannarlega kominn tími til að skattleggja slíka atvinnu. Eðlilega verður slíkum skatti varið í margháttuðum tilgangi, og sjálfsagt mörg guðsþakkafyrirtæki, sem vilja verða hans aðnjótandi. En jeg sje ekki neitt annað heppilegra en að láta sveitar- og bæjarstjórnir ráða því, hverjir eigi að njóta skattsins.

Annað fleira hefi jeg ekki að segja um brtt. nefndarinnar. Að eins skal jeg benda á það viðvíkjandi 5. gr., að brtt. við hana er fram komin vegna þess, að það er sýnilegt, að lögin geta ekki öðlast gildi 1. júlí 1918, eins og ákveðið er í Nd. frv.

ATKVGR.

Brtt. 397, 1. (ný 1. gr.) samþ. með 8 shlj. atkv.

— 397, 2. a. samþ. án atkvgr.

— 397, 2. b. samþ. með 6 : 3 atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 8 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. G., H. St., H. Sn., Jóh. Jóh., K. D., M. T., S. E., G. B.

nei: S. F., G. Ó., K. E., M. K.

Tveir þm. (E. P. og S. J.) fjarstaddir.

3. og 4. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 397, 3. (ný 5. gr.) samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 : 1 atkv.

A 53. fundi í Ed., föstudaginn 28. júní, var frv. tekið til 3. umr. (A. 399, 407).

Brtt. 407 of seint fram komin. — Afbrigði leyfð og samþ.

Halldór Steinsson: Jeg gat þess, er jeg greiddi atkv. um 2. gr. þessa frv. við 2. umr., að jeg greiddi atkv. með henni með fyrirvara. Jeg hjelt þá, að nefndin mundi koma fram með brtt. til að lagfæra greinina, en þar sem hún hefir ekki gert það, þá hefi jeg ásamt öðrum háttv. þm. komið fram með brtt. um hana.

Jeg skal taka það skýrt fram, að jeg lít svo á, að allsherjarnefnd hafi breytt frv. til bóta, bæði með það, að það nái til allra skemtana, nema undanþágur sjeu veittar, t. d. við skemtanir, sem haldnar eru í góðgerðaskyni, og eins að hinu, að ætlast til þess, að þessum skatti sje varið til lista eða líknarstarfsemi. Þetta er til bóta og kemur skýrt fram í áliti nefndarinnar, en aftur kemur það ekki skýrt fram í frv., því að þótt það sje tekið fram í frv., að skatturinn eigi ekki að ganga til sveitar-

þarfa og ekki til að ljetta byrði skattgreiðenda, þá mætti samt verja honum til ýmislegs í þjónustu sveitarfjelagsins, sem ekki snertir listir eða líknarstarfsemi, og því er rjettara að orða greinina eins og brtt. tekur fram. Það virðist og mega ganga að því sem vísu, að reglugerð sú, sem samin yrði, yrði samin samkvæmt þeirri skoðun, sem kom. ið hefir fram í nál., og jeg skil ekki annað en að stjórnarráðið, sem samþ. reglugerðirnar, mundi gæta þess, að þær færu ekki í bága við tilætlun þingsins í þessu máli.

Frsm. (Magnús Torfason): Jeg þóttist við aðra umr. málsins taka skýrt fram ástæður allsherjarnefndar um breytingar þær, er hún gerði, og einnig tók jeg skýrt fram þær ástæður, er liggja til þess, að eigi er unt að ákveða nánar í lögunum sjálfum, hvernig skattinum skuli varið. Það er ekki hægt að gera þar frekar að en afmarka svæðið.

Eftir brtt. á þgskj. 407 get jeg ekki betur sjeð en að sveitarfjelögin hafi rjett til að nota þennan skatt til almennra sveitarþarfa, svo sem framfærslu ómaga. En nefndin lítur svo á, að það sje ekki rjett að verja skattinum svo; það sjeu nógar aðrar holur fyrir hann. Og ef skattinum yrði varið til almennra sveitarþarfa, þá græddu vitanlega hæstu gjaldendurnir mest á því, og mun þó enginn ætlast til þess. Jeg man t. d., að sveitarfjelagi voru eitt sinn gefnar 10,000 kr., því til framfara, en svo hefir verið með gjöf þessa farið, að hæsti gjaldandinn hefir mest á henni grætt. Hann greiðir um 20% af útsvörum þar, og græðir því árlega 20% af vöxtunum.

Nefndinni barst ósk um, að skatturinn gengi til styrktar leiklistinni, en það er ekki unt að lögbinda það. Svo eru ýms líknarfjelög, sem vilja njóta góðs af skattinum, t. d. barnahælið hjer í Reykjavík, en nefndin vildi ekki heldur lögbinda skattinn þeim til handa, en láta bæjarstjórnum eða sveitarstjórnum það í vald, til styrktar hverju skattinum yrði varið.

En eins og jeg tók fram áðan, þá er, samkvæmt brtt., heimilt að verja skattinum til almennra sveitarþarfa, en því er nefndin ósamþykk. En það, að hún vill ekki lögskorða skattinn, er meðal annars vegna þess, að líknarfjelögin eru ekki svo fastgróin, — þau breytast. Og þótt einhver sveit vilji í ár verja skattinum til styrktar barnahæli, þá má vel vera, að hún næsta ár vilji verja honum til alls annars, t. d. til styrktar leiklist.

En auk þess mætti þetta ákvæði verða til þess að ýta undir þá, er hefjast vilja handa um líknarstörf og framlög til þess. Það gæti og hjálpað sjúkrafjelögum, en þau hafa átt örðugt uppdráttar.

Jeg varð var við það, þegar gengið var til atkvæða við síðustu umr., að sumum háttv. þm. þóttu ákvæði frv. um þetta ekki nógu skýr, en það mun stafa af því, að þeir hafa ekki athugað ákvæði 3. gr., því að þar segir svo um reglugerðina, að þar skuli kveða á um »innheimtu og annað, er þar að lýtur«, eða með öðrum orðum um alt, er málið varðar. Það var því óþarfi að kveða ger á um þetta en brtt. nefndarinnar gerði. Það var því og er nóg að útiloka það, að leyfilegt sje að verja skattinum til að ljetta skattabyrði skattgreiðanda.

Ef flutnm. brtt. vilja, eins og háttv. þm. Snæf. (H. St.) tók fram, láta verja skattinum til líknarstarfsemi eða lista, þá hnígur brtt. þeirra ekki í þá átt, og

þeir gerðu því rjettast í að taka hana aftur. Nefndin ræður til, að hún sje feld, ef hún kemur til atkvæða.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg gat þess, er jeg greiddi atkv. um 2. gr. frv. við 2. umr., að jeg gerði það með fyrirvara, og var það vegna þess, að mjer finst það ekki koma skýrt fram í frv. til hvers eigi að verja skattinum. Auðvitað mætti ákveða í reglugerð, hvernig með hann skuli farið, en best og hagfeldast er þó, að það sje skýrt tekið fram í lögunum sjálfum. Jeg ætlaði að koma fram með brtt. um þetta, en varð of seinn með hana, enda má lagfæra það í háttv. Nd.

Eins og brtt. er orðuð, er það alfarið lagt í vald sveitarstjórnanna, hvernig þær verja skattinum; þeim eru engin takmörk sett, því að þótt einhverjar óskir komi fram um það í umr. um frv., þá hygg jeg, að ekki sje unt að telja þær bindandi fyrir bæjar- eða sveitarfjelögin.

Mjer skilst, að báðir aðiljar vilji, að skattinum sje varið til lista eða líknar, og færi þá best á því að taka það fram í frv. Við það ættu allir að geta unað.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg verð að játa það, að jeg skil ekki vel afstöðu háttv. þm. Snæf. (H. St.), þar sem hann hrósar svo mjög allsherjarnefndinni fyrir breytingar hennar á frv. og það, að hún vill ekki láta verja skattinum til beinna sveitarþarfa, en svo jafnframt þessu hrósi sínu ber fram brtt., sem kippir burt einmitt því atriði nefndarinnar, sem hann hrósar mest. Brtt. hv. þm. (H. St.) er orðuð svo, að eftir henni má verja skattinum til hverra almennra sveitarþarfa sem vera vill, t. d. ómagaframfærslu, refaveiða, vegagerða o. s. frv. En það sjá allir, að þetta fer í öfuga átt við það, sem nefndin ætlaðist til, og í öfuga átt við það, sem sami háttv. þm. (H. St.) hrósaði nefndinni mest fyrir. Nefndin telur æskilegast, að þessu sje varið til líknar eða lista, en hún hefir ekki lögbundið neitt sjerstakt líknarstarf, heldur að eins afmarkað svæðið.

Jeg heyrði á mönnum um daginn, að þeir lögðu mikið upp úr því, að sveitirnar fengju sjálfar að ráða þessu; að eins væru þeim takmörk sett. En eins og þingið hefir vald til að setja skattinn, eins hefir það vald til að segja, hvernig honum skuli verja. Ef þessi skattur gengi beint í sveitarsjóð, þá mundi hann nærfelt undantekningarlaust verða til þess eins, að ljetta byrði á hæstu gjaldendum sveitarinnar, því að þegar útsvörunum er jafnað niður, eru áætlaðar allar tekjur sveitarsjóðsins, og svo jafnað niður því, er menn telja að til vanti. Því mundu útsvörin minka ef svo væri gert. Og eigi mun það vera ætlunin að ljetta undir með hæstu gjaldendunum.

Í öllum sveitum landsins munu og vera til nógar holur, er gætu notið góðs af skatti þessum; á meðal þeirra skal jeg nefna lestrarfjelög. Í sveitarstjórnarlögunum er ekki gert ráð fyrir, að sveitirnar leggi fram tillag til þeirra eða styrk, en víða hefir verið unnið að þeim af kappi, og sumstaðar jafnvel um efni fram. Þau mundu því vel geta notfært sjer skattinn, og hann þar gert hreppsbúum mikið gagn og gaman.

Eini skatturinn, sem sveitirnar fá nú, er hundaskatturinn, og mjer þykir hálfóviðfeldið að setja þennan nýja skatt við hliðina á hundaskattinum í reikning sveitarsjóðanna. En mjer virðist rjettara, að þessi nýi skattur komi alls

ekki inn í sveitarreikning, heldur standi fyrir utan hann, líkt og ellistyrktarsjóðurinn.

Magnús Kristjánsson: Það er ekkert stórmál, sem hjer liggur fyrir, og því í sjálfu sjer ekki mikið um það að segja, en þó kemur fram hjer mikill stefnumunur.

Nefndin og hæstv. fjármálaráðh. vilja láta það vera lögbundið, hvernig eigi að verja þessum skatti, en jeg, og væntanlega fleiri háttv. þm., er því algerlega mótfallinn. Jeg vil ekki taka með annari hendinni, það sem jeg gef með hinni, og því er jeg á móti því að lögbinda þetta, og jeg tel það heppilegast, að þingið fari sem allra varlegast í að takmarka vald sveitarstjórnanna að ástæðulausu.

Jeg skil ekki, hvernig menn fara jafnmikið og nú er gert að tala um sjálfstæði, þrælabönd o. s. frv., en vilja á sama tíma gera alt það, sem unt er, til að gera sveitarstjórnir sem ósjálfstæðastar. Sveitarstjórnirnar eru þó best færar til að ráða fram úr málum sínum það gerir meðal annars innbyrðis kunnugleiki þeirra, og jeg sje ekki, hví þær ættu að vera ófærari til að ráða því, hvernig hagfeldast er að notfæra þennan skatt, fremur en aðrar tekjur sveitarfjelagsins. Ef þær færu illa með þetta vald sitt, þá geri jeg fastlega ráð fyrir, að stjórnarráðið mundi taka í taumana.

Samkvæmt þessum skilningi, að takmarka sem minst vald sveitarstjórnanna, þá er brtt. til bóta.

Við skulum gera ráð fyrir, að skatti þessum yrði einhversstaðar varið í almennar sveitarþarfir. Það er til að ljetta undir með hæstu gjaldendunum, segir nefndin, en gæti þá ekki staðið svo á, að hin síðustu ár hefði orðið að tefla fulldjarft og að nota út í æsar gjaldþol einstaklinganna? Og ef svo væri, er það þá nokkurt ódæmi, þótt þessu fje væri að einhverju leyti varið til að bjarga mönnum í vandræðunum?

Gamanyrði verð jeg að telja það, að finna það að þessu, að skemtanaskatturinn yrði við hliðina á hundaskattinum í reikningum sveitarsjóðanna. Á það getur enginn lagt áherslu.

Brtt. miðar að því, að sveitarstjórnirnar hafi sem frjálsastar hendur, en nefndin vill draga sem mest úr valdi þeirra. Þetta er meiningamunurinn. Hann er ljós, og jeg er ekki í neinum efa um, að stefna sú, er kemur fram í brtt., er hollari fyrir þjóðfjelagið.

Halldór Steinsson: Mjer þykir háttv. frsm. (M. T.) gera lítið úr nál. sínu, þar sem hann telur, að stjórnarráðið geti ekki bygt á því. En þó að ganga megi út frá því, að þessi ummæli hans sjeu rjett, þá er engin trygging fyrir því í 2. gr. frv., að fje þessu verði varið til lista eða líknarstarfsemi, því að það eru margar aðrar dyr opnar. Skal jeg t. d. benda á, að verja mætti fjenu til að leggja vegarspotta, sem sveitarsjóður hefir ekki ætlað að leggja fje til eða ber ekki skylda til. Fyrir það er ekki girt með 2. gr., eins og hún er orðuð. Brtt. mín er því rjettmæt í alla staði.

Fjármálaráðherra (S. E.): Það kemur skýrt fram í umræðunum, að hv. þm. Snæf. (H. St.) og háttv. þm. Ak. (M. K.) leggja mismunandi skoðun í brtt. á þgskj. 407.

Jeg hefi skilið það svo, að háttv. þm. Ak. (M. K.) vilji ekki binda bæjar- og sveitarstjórnir í þessu máli, og samkvæmt brtt. mundi hver bæjar- eða sveitarstjórn líka skoða sig óbundna og frjálsa að því að verja skattinum eins og hún vildi. En eins og jeg hefi tekið

fram, þá vil jeg, að það komi fram í lögunum, að skattinum sje varið í ákveðnu augnamiði.

Frsm. (Magnús Torfason): Það er leitt að lengja umr. um jafnlítið mál og þetta er. En það skýtur nokkuð skökku við hjá háttv. þm. Ak. (M. K.) og hæstv. fjármálaráðherra. Fjármálaráðherrann vill hafa »positivt« ákvæði í lögunum um það, hvað eigi að gera við skattinn, en hv. þm. Ak. (M. K.) vill að eins það eitt, að skatturinn renni í bæjarsjóð eða sveitar óskoraður.

Í 1. gr. frv. er tekið fram, að undanþágu frá skatti megi veita fyrir þær skemtanir, sem haldnar eru til styrktar líknarstarfsemi og listum, og jafnframt hefir það komið fullgreinilega fram hjer í deildinni, að það er ætlast til, að skatturinn gangi til líknarstarfsemi og lista. Það var því, held jeg, óþarfi af háttv. þm. Ak. (M. K.) að fara að tala um þrælabönd í sambandi við þetta mál, eða brýna mig á, að jeg vildi leggja á slík bönd. Jeg hygg nú sannast að segja, að skemtanaskatturinn yrði aldrei svo hár, að honum yrði varið til margs í einu, a. m. k. meðan dýrtíð og neyð standa fyrir dyrum.

Í þessu sambandi dettur mjer í hug eitt atriði í sögu leiklistarinnar hjer í Reykjavík, sem gerði það að verkum meðal annars, að allsherjarnefnd vildi ekki fela sveitarstjórnum fult vald á hagnýting skattsins. Leikfjelagið hefir haft styrk úr landssjóði gegn styrk úr bæjarsjóði, en samt hefir bæjarstjórn lagt skatt á hverja sýningu, og þar að auki ákveðið, að leikfjelagið ætti að leika frítt 3—5 kvöld, svo að útgjöldin hafa í raun og veru orðið meiri en tekjurnar frá bæjarsjóði. Þetta má ekki svo til ganga. Jeg get vorkent þeim leikendum hjer, sem leggja á sig vinnu fyrir lítið eða ekkert, og ætti það alls ekki að viðgangast framvegis, að skattur sje lagður á slíkar skemtanir.

Vænti jeg svo, að ef menn eru sammála um, að láta þennan skatt ganga til lista, vísinda eða líknarstarfsemi, þá geti þeir ekki heldur með góðri samvisku samþykt brtt. á þgskj. 407.

Guðmundur Ólafsson: Mjer fanst niðurlagið á 2. gr. frv. strax óheppilega orðað og greiddi henni atkv. með fyrirvara. Og jeg býst við, að það yrði nokkuð óþægilegt að verja skattinum á þann hátt, að ekki kæmi í bága við þetta ákvæði í niðurlagi 2. gr., enda mjög varhugavert ákvæði að setja það sem skilyrði fyrir ráðstöfun skattsins, að hann komi aldrei skattgreiðendum að notum. Öllum kom saman um að verja skattinum til góðgerða, lista, og þá mætti líka bæta við — til fróðleiks og þarflega fyrirtækja.

Mjer finst alls ekki hættulegt að lofa sveitarstjórnunum sjálfum að hafa tillögurjett um þetta; þær mundu alls ekki fara að verja skattinum í ráðleysu.

Annars býst jeg við, eftir því sem háttv. þm. Ísaf. (M. T.) sagðist, að það hafi verið leikfjelag Reykjavíkur, sem ruglaði menn. Það er alveg rjett um það fjelag, að síst ætti að skatta skemtanir þess, en úti um sveitir eru talsverðar skemtanir, og margar þeirra gefa töluvert af sjer og eru jafnframt ekki ætíð haldnar í svo þörfum tilgangi, að ástæða væri til að hlífa þeim við skatti, og ekki mun þetta síður eiga við um flestar skemtanir í kaupstöðum.

Að öllu athuguðu verð jeg að greiða atkvæði með brtt. á þgskj. 407.

Kristinn Daníelsson: Jeg er ekki fjarri því, að það sje alveg rjett, sem háttv. þm. Ak. (M. K.) sagði, að úr því að sveitar- og bæjarstjórnir eiga að semja reglugerðina, þá eigi þær og

að ráða skattinum. Hins vegar er jeg alls ekki á móti því, að honum sje varið til líknarstarfsemi, og ætti þess að einhverju leyti að vera getið í lögunum. Jeg er þess vegna með hvorugt vel ánægður; hefði getað verið alveg samþykkur fyrri hluta 2. gr. með brtt. á þgskj. 407, en hefði viljað bæta við nýju atriði um, á hvern hátt ætti að ráðstafa skattinum með reglugerðarákvæði. Væri því ekki rjettast að laga þetta og taka málið út af dagskrá í þetta sinn, uns þessu hefði verið kipt í lag?

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg hefi ekki enn fengið neinar upplýsingar um það út úr umræðunum, hvers vegna hv. deild vill sjálf ákveða, hvernig skattinum eigi að verja. Ef þessi skattur á að teljast sektir eða eitthvað slíkt, þá er eðlilegast að verja honum til líknarstarfsemi. En nú er ólíklegt, að menn telji skattinn sektarfje.

Þá kemur hin spurningin til greina, hvort hjer sje verið að útvega tekjur, og það hefir altaf vakað fyrir mjer, að svo væri, en þá finst mjer líka einkennilegt að binda þennan tekjuskatt að eins við eina notkun, og af því að brtt. gengur í þá átt að láta hlutaðeigandi sveitar- og bæjarsjóði sjálfráða um það, hvernig skattinum skuli varið, þá er jeg með henni.

Frsm. (Magnús Torfason): Mjer finst það lýsa nokkuð miklu vantrausti á sveitarstjórnum, ef þær eiga ekki að geta samið reglugerðir um það, hvernig skattinum skuli varið, þegar búið er að ákveða það í lögum, að honum megi ekki verja til venjulegra sveitarþarfa. En eftir því, sem fram er komið í umr., verður nefndin að vera algerlega á móti brtt., því að það er fullkominn stefnumunur í henni frá því, sem er í frv.

Forseti: Einn háttv. þm. (K. D.) hefir óskað, að málið yrði tekið út af dagskrá, en nefndin telur ekki þörf á því. Heldur háttv. þm. (K. D.) fast við ósk sína? (**K. D.:** Nei).

ATKVGR.

Brtt. 407. samþ. með 8 : 6 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 12 : 2 atkv. og endursent Nd.

Á 59. fundi í Nd., laugardaginn 29. júní, var útbýtt

Frumvarpi til laga um skemtanaskatt, eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 416).

Á 62. fundi í Nd., miðvikudaginn 3. júlí, var frv. tekið til einnar umr. (A. 416, n. 434).

Gísli Sveinsson: Það er öðru nær og ekki svo að skilja, að jeg standi upp fyrir hönd háttv. frsm. (E. A.), sem ekki er viðstaddur, enda er jeg ekki í hlutaðeigandi nefnd, heldur stend jeg upp til þess að lýsa yfir því, að jeg get ekki greitt frv. þessu atkvæði mitt, eins og það liggur nú fyrir. Það hefir tekið þeim gerbreytingum í háttv. Ed., að það er nú alt annað en það var, er þessi deild ljet það frá sjer fara. Það, sem mest áhersla var lögð á hjer í d:ildinni, var, að frv. yrði að bera með sjer, hvaða skemtanir ættu undir öllum atvikum að vera undanþegnar skattinum, en að ekki skyldi fela bæjar- eða sveitarstjórnarvöldum að útkljá, hvað skuli í hvert sinn teljast t. d. list eða vísir til listar. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að bæði í bæjar- og sveitar-

stjórnum sitja menn, sem sumpart alls ekki vilja hafa neitt með skemtanir að gera, hversu fræðandi eða glæðandi tilfinninguna fyrir hinu góða sem þær kunna að vera, eða sumpart skortir algerlega hæfileika til að greina á milli í þeim efnum. Alment tekið eru þeir fáir, sem geta greint þar í milli. En fyrir því ber alls ekki að fela þessum mönnum eða slíkum stofunum það verk, að vera þar æðsti dómari yfirleitt, heldur verður löggjafarvaldið að taka það upp á sig að gera þar beinar undantekningar, þótt ætið geti tvímælis orkað. Það var þá líka svo, að í frv., eins og það fór frá Nd., voru undanteknar leiksýningar, söngskemtanir og listmyndasýningar, sem ekki mátti leggja skatt á, en að öðru leyti var heimilt að leggja á skemtanir alment.

Þá er enn fremur það atriði í frv., að skatturinn eigi nú að renna í bæjar- eða sveitarsjóð, en ekki í landssjóð. Fyrir mjer er þetta ekki mikilvægt atriði; hitt er mjer meira áhugamál, er jeg drap á fyrr. En hins ber þó að gæta, að þar sem landssjóður leggur fram allmikið fje til styrktar listum, þá er ekki nema eðlilegt, að skattur af þeim öðrum skemtunum, sem keppa við listina, skuli renna í landssjóð.

Jeg fyrir mitt leyti vildi nú helst óska, að málið væri tekið út af dagskrá, til þess að tími vinnist til að koma fram með brtt., en ef nefndin vill ekki ganga inn á það og frv. verður afgreitt nú, þá mun jeg greiða atkvæði á móti því, þar sem jeg tel það í þessari mynd geta orðið til skaðsemdar.

Matthías Ólafsson: Jeg skal geta þess, að fjárveitinganefndinni barst í hendur erindi frá leikfjelagi Reykjavíkur, þar sem það fer fram á talsverðan aukinn styrk úr landssjóði og telur vafasamt, að það geti haldið áfram starfsemi sinni að öðrum kosti. Nú mun öllum bera saman um það, að fjelag þetta starfar ótvíræðlega í listaráttina. Nefndin vildi því gjarnan styðja að því, að fjelagið gæti haldið áfram. Hins vegar virðist nú varhugavert að leggja til fje úr landssjóði án þess að geta bent á einhverjar tekjur á móti. Enn fremur leit nefndin svo á, að margar þær skemtanir, sem hjer eru sýndar, geti með engu móti heimfærst undir sanna list. Virðist því ekki nema rjett að leggja skatt á slíkar skemtanir, einmitt til þess að styrkja sanna list. Þar sem nú þetta mál var einmitt þá á döfinni í Ed., þá sneri nefndin sjer til Ed. og fór fram á það, að skemtanaskatturinn væri látinn renna í landssjóð, svo að hægra væri að styrkja leikfjelagið. En þessu virðist háttv. Ed. ekki hafa sint. Verður að telja það óheppilegt, og segi jeg því, eins og hv. þm. V.-Sk. (G Sv.), að jeg get ekki greitt atkvæði með frv., eins og það er nú. En af því að jeg vildi geta samrýmt það að leggja skatt á óþarfar skemtanir, til þess að geta betur stuðlað að framförum og viðgangi sannrar listar, er jeg því fylgjandi, að frv. verði nú tekið út af dagskrá.

Magnús Guðmundsson: Úr því að háttv. frsm. (E. A.) er ekki við, skal jeg leyfa mjer að lýsa yfir því, að jeg býst ekki við, að nefndin hafi neitt á móti því, að málið sje tekið út af dagskrá, ef það kemur bráðlega aftur til umr. Annars hefði verið nægilegur tími fyrir háttv. þm. að koma með brtt. nú, því að nál. allsherjarnefndar kom í fyrradag, og gátu menn vel verið búnir að kynna sjer það síðan og skrifa brtt.

Annars er mjer það ekkert kappsmál, hvort málið er tekið út af dagskrá eða ekki, en þess skal jeg geta um efni málsins, að það getur verið vafasamt,

hvort það er nokkuð heppilegt að setja í lögin föst ákvæði um það, hvaða skemtanir skuli undanþegnar skattinum. Þótt sagt sje í lögunum, eins og stóð í frv., er það fór hjeðan úr deildinni, að skatturinn skuli lagður á skemtanir, aðrar en þær, sem einvörðungu eru söngskemtanir eða reglulegar leiksýningar eða myndasýningar, þá getur verið vafasamt, hverjar samkomur geti einvörðungu heyrt undir slíkt, og getur því úrskurður um það einnig fallið undir sveitar- og bæjarstjórnir. Og af því að allsherjarnefnd þessarar háttv. deildar komst að því, að allsherjarnefnd Ed. vildi alls ekki mæla með frv., eins og það kom hjeðan, þá gerði hún tillögu um það að samþykkja frv., eins og það liggur nú fyrir, og vil jeg mæla með því, að sú tillaga verði samþykt.

Gísli Sveinsson: Jeg vil að eins geta þess, að jeg trúði því varla, þótt jeg sæi nál., að allsherjarnefnd þessarar deildar tæki svo frv. frá Ed., að hún flytti enga brtt. Þess vegna bjó jeg ekki undir neina brtt. En jeg vildi beina því til háttv. þm. Skagf. (M. G.), að þótt hann og nefndin hafi viljað hlynna að einræði bæjar- og sveitarstjórna í þessu máli, þá gat hann látið sjer nægja það, sem lagt var í þeirra vald í frv., eins og það fór hjeðan. Þær geta gjarnan haft ákvörðunarrjett um það, hvað sjeu reglulegar leiksýningar, einvörðungu söngskemtanir o. s. frv. En þá tel jeg til of mikils mælst, ef þær eiga að ráða algerlega, af hvaða samkomum skattur skuli greiddur. Með frv., eins og það er nú, er þeim gefið í hendur að skattleggja allar listsýningar. Þetta einveldi vil jeg ekki selja þeim í hendur. Það getur vel verið skoðun þeirra manna, sem þar um fjalla, að skatt eigi að leggja á allar skemtanir, en það tel jeg ótilhlýðilegt.

Þess vegna er athugasemd mín fram komin.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg held, að það sje óþarfa ótti hjá háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), að bæjarstjórnir muni misbeita því valdi, sem þeim er veitt með þessu frv. Þær hafa haft þetta vald, og held jeg, að engin ástæða sje til þess að kvarta yfir því, að þær hafi farið illa með það. Sje jeg því ekki annað en að öldungis áhættulaust sje að samþykkja frv.

Viðvíkjandi því, sem háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) talaði um, að skattleggja aðrar skemtanir til þess að styrkja leikfjelagið eða þesskonar stofnanir, skal jeg geta þess, að jeg álít ekki rjett að ákveða slíkt í lögum, skattleggja til sjerstakra stofnana, heldur sje miklu rjettara, að bæjar- og sveitarstjórnir hafi ráð á fjenu og styrki af því, sem sinu fje. Eins og öllum er kunnugt, styrkir nú bæjarsjóður Reykjavíkur leikfjelagið. (**M. P:** Tekur með annari hendi það, sem það gefur með hinni). Jeg held, að það sje smáræði, sem bærinn tekur af fjelaginu, og hygg, að hann sje fús til þess að hækka tillagið til leikfjelagsins. Sýnist mjer því alls ekki rjett að skattleggja sjerstakar skemtanir á þennan hátt. Með því tel jeg skapað misrjetti.

Mjer liggur í ljettu rúmi, þótt málið sje tekið út af dagskrá, en vænti þó, að það verði samþykt óbreytt.

Matthías Ólafsson: Örfá orð til þess að leiðrjetta það, sem háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) sagði um styrkinn frá Reykjavíkurbæ til leikfjelags Reykjavíkur. Það er rjett, að bærinn veitir

fjelaginu 500 kr. styrk, en tekur svo aftur af fjelaginu 5 kr. fyrir hverja leiksýningu. Þetta kalla jeg að taka með annari hendinni það, sem gefið er með hinni, og var það því alveg rjett, sem háttv. þm. Stranda. (M. P.) skaut fram í ræðu háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) Það, sem vakti fyrir fjárveitinganefndinni, er hún fór fram á það við Ed. að láta skattinn renna í landssjóð, var að tryggja leikfjelaginu sem hæstan styrk, til þess að það geti orðið öllu landinu til sóma. En þó verður það fyrst og fremst auðvitað Reykjavíkurbæ til sóma. Að vísu veitir það gestum, er heimsækja bæinn, holla gleði, en það er þó fyrst og fremst bænum til sóma, að það starfi vel. Og þar sem nú landssjóður þarf að hlaupa undir bagga, er ekki nema eðlilegt, að hann taki í staðinn fje af þessum óþörfu skemtunum.

Af þessum ástæðum vil jeg ekki, að skatturinn falli til bæjarstjórna, heldur til landssjóðs, til þess að hann verði til gagns, með því að auka sanna list í landinu. Með því getur sá skaði og böl, sem segja má að þjóðin bíði af ljelegum sýningum og skemtunum, vegið nokkuð upp í þeirri gleði og mentunaráhrifum, er sönn list veitir mönnum.

Sigurður Stefánsson: Jeg verð að vera háttv. allsherjarnefnd sammála um það, að rjett sje að samþykkja frv. þetta óbreytt. Jeg get ekki vantreyst bæjar- eða sveitarstjórnum til þess að fara með það vald, sem þeim er hjer gefið. Mjer þykir vænt um, að frv. þetta er fram komið, því að það getur miðað að því að styðja listir í landinu. En þar sem svo langt er liðið á þingtímann, þá er allur dráttur á samþykt frv. tilraun til þess að drepa það. Og ef því yrði breytt hjer, yrði það að ganga aftur til Ed. og loks í sameinað þing, og þá er vansjeð um forlög þess.

Er jeg því á móti því, að málið sje tekið út af dagskrá, og vona, að tillögu allsherjarnefndar verði fylgt og frv. samþ.

Jörundur Brynjólfsson: Háttv. þm. V.-Ísf. (M. O.) taldi það lítinn höfðingsskap að taka með annari hendi það, sem gefið væri með hinni, og er það rjett, og jeg veit ekki til þess, að bæjarstjórnin hafi í þessu tilfelli gert það. En hinn háttv. þm. (M. Ó.) hefir nú verið búsettur hjer í nokkur ár, og engar raddir hafa heyrst frá honum, heldur en öðrum, um það að styrkja fjelagið betur. En jeg efast ekki um það, að ef slíkar raddir hefðu komið fram, hefði leikfjelagið verið betur styrkt. Og þótt frv. þetta yrði samþ. með breytingum, væri ekki úr því böli bætt, er háttv. þm. (M. Ó.) nefndi. Og víst er það, að úr böli skapa menn aldrei gæfu, eins og hann virtist vilja gefa í skyn. Annars skal jeg benda á það, að þyki bæjar- eða sveitarstjórnum þessi lög eða ákvæðin um það, hvernig skattinum skuli varið, ótæk, þá leggja þær vitanlega aldrei gjald á nokkra skemtun.

Vona jeg, að frv. verði samþ. óbreytt.

Magnús Pjetursson: Örstutt athugasemd út af orðum háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) í sambandi við leikfjelagið. Þótt það sje satt, að ekki hafi verið hreyft röddum um það í bænum að hækka styrkinn til leikfjelagsins, þá held jeg, að það sje algerlega heimildarlaust að taka fje það af leikfjelaginu, er bærinn tekur í skatt. Það er sem sje áskilið í fjárlögunum, að á móti landssjóðsstyrknum skuli koma svo og svo mikið fje frá bæjarstjórninni. Nú tel jeg ekki, að bærinn leggi fjelaginu annan styrk en mismuninn á þessum 500 kr. og því gjaldi, er hann tekur

aftur af leiksýningum. Svo framarlega sem Alþingi hefði fengið þetta að vita, hefði það lagt bann fyrir slíka aðferð, því að þegar taka má 5 kr. af hverri sýningu, þá má eins taka 10 eða 20, og þá er ekki lengur um neitt víst tillag að ræða frá bænum móti landssjóðsstyrknum.

Annars vil jeg mæla með því, að þetta mál sje tekið út af dagskrá, svo að gera megi brtt. við það. Held jeg, að mjer sje óhætt að lofa, að málið geti komið eins á dagskrá á morgun fyrir því.

Umr. frestað.

A 83. fundi í Nd., fimtudaginn 4. júlí, var fram haldið einni umr. um frv. (A. 416, n. 434, 447, 450).

Afbrigði um brtt. 447 og 450, er of seint var útbýtt, leyfð og samþ.

Frsm. (Einar Arnórsson): Jeg skal að eins leyfa mjer að skýra frá því, að allsherjarnefnd hefir athugað frv. síðan það kom úr háttv. Ed. Þar hefir sú breyting verið gerð á frv., að ekki sje beinlínis lögákveðið að undanþiggja neinar skemtanir skattinum, heldur sje það reglugerðaratriði, og ákveði bæjar- eða sveitarstjórn í hvert skifti, hvort skemtun sje undanþegin skattinum eða ekki. Þær skemtanir, er undanþiggja má með reglugerð, eru yfirleitt þær sömu sem undanþegnar voru í frv., eins og það var afgreitt frá þessari háttv. deild.

Þar sem það er nú vilji þingsins, að listsýningar og fræðandi skemtanir sjeu undanþegnar skattinum, má gera ráð fyrir, að bæjarstjórn muni ekki fara í bága við hann, enda ætti dómsmálaráðherra, sem á að leggja samþykki sitt á reglugerðirnar, að gæta þess, að þær sjeu í samræmi við vilja þingsins.

Jeg hygg, að það hafi vakað fyrir háttv. Ed., að lista- og söngskemtanir ættu ekki saman nema nafnið, og væri því ekki rjett að undanskilja þær almennt skattinum í lagatextanum sjálfum.

Hjer liggur fyrir, á þgskj. 447, brtt. frá háttv. þm V.-Sk. (G. Sv.) Fyrri liðurinn fer í þá átt, að 1. gr. frv. orðist mjög svipað því, sem þessi háttv. deild skildi við hana. Jeg býst ekki við því, að ástæða sje að deila um þessi atriði. Menn munu sammála um þau og munu ætlast til, að lögunum verði beitt á þann veg, sem brtt. kveður á um.

Síðari liður brtt. á þgskj. 447 er tiltölulega meinlaus. Þar er kveðið á um, að skatturinn skuli renna að $^2/_3$ hlutum í landssjóð, en að $^1/_3$ í bæjar- eða sveitarsjóð. Jeg veit ekki, hvort ástæða er til að skifta slíku lítilræði, sem skatturinn verður, — um stórfje getur aldrei verið að tefla. Það er miklu nær, að hann renni allur í bæjar- eða sveitarsjóð, heldur en að skifta honum. En annars læt jeg mjer þetta í ljettu rúmi liggja.

Þá er brtt. á þgskj. 450, er fer í þá átt, að sje sjónleikum, sem styrks njóta af landsfje, haldið uppi í bæjar- eða sveitarfjelagi, skuli skattinum varið til þess að styrkja þá leiklist. Í frv., eins og það kom frá háttv. Ed., stendur, að í reglugerð þeirri, sem um er getið í 1. gr., skuli ákveðið, hvernig styrknum skuli varið. Menn hafa lagt það til að ákveða þetta í reglugerðinni. Slík leiklist gæti komið hjer til greina, en auk þess getur skatturinn runnið til einhverra þjóðþrifastofnana í bæjar- eða

sveitarfjelaginu, og sjeu þær ekki til, þá ætti hann að renna í ellistyrktarsjóð þess.

Mjer skilst nú, að útkoman verði svipuð í framkvæmdinni, hvort sem brtt. á þgskj. 447 og 450 verða samþyktar eða ekki. Að minsta kosti er óhætt að treysta því, að svo verði, ef hæstv. stjórn vildi láta í ljós álit sitt um það, hvernig þessu myndi hagað í væntanlegri reglugerð og hún lýsti yfir því, að því mundi hagað á þennan veg. Hæstv. forsætisráðherra er því miður ekki viðstaddur nú, en væntanlega verður hægt að fá álit hans um þetta atriði síðar.

Nefndin leggur til, út frá þessu sjónarmiði, að frv. verði samþ. óbreytt. Henni finst ekki ástæða til þess að hrekja það frekar á milli deildanna og ef til vill til sameinaðs þings. Telur nefndin það vart munu borga sig.

Bjarni Jónsson: Jeg hefði tekið til máls um þetta frv. hefði hæstv. forseti ekki svift mig atkvæðisrjetti við atkvgr. um síðasta mál og með því afgreitt ólöglega frv. frá deildinni.

Forseti: Út af þessum orðum háttv. þm. Dala. (B. J.) vil jeg geta þess, að atkvgr. var lokið og atkv. talin þegar háttv. þm. (B. J.) kom inn í deildina. Og það er síður en svo, að hann hafi nokkurs rjettar að reka, þar sem hann bar skylda til þess að vera viðstaddur atkvgr.

Bjarni Jónsson: Mín forföll voru fullgild, þótt menn tali eigi um slík forföll á þingum.

ATKVGR.

Brtt. 447, 1. feld með 13:3 atkv.

— 447, 2. tekin aftur,

Brtt. 450. feld með 15:8 atkv, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. P., M. Ó, St. St., B Sv., B. J., G. Sv., H. K, J. J.

nei: J. M., J. B, M. G., P. O, P. Þ, S. S., S. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þór. J, B. St., E. A., E. Árna., E. J., Ó. B.

Þrír þm. (P. J., Þorst J. og B. K.) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 14:4 atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 453).

15. Löggilding Hvalsíkis.

Á 19. fundi í Nd, föstudaginn 10. maí, var útbýtt.

Frumvarpi til laga um löggilding verslunarstaðar við Hvalsíki í Vestur-Skaftafellssýslu (A. 78).

Á 21. fundi í Nd., mánudaginn 13. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. Gísli Sveinsson: Jeg skal láta mjer nægja að vísa að eins til greinargerðarinnar, sem þessu frv. fylgir, og býst jeg ekki við, að þess gerist þörf að ræða það, hvorki nú nje síðar. Að eins vil jeg geta þess, að orðalag frv. kemur til af þeim sökum, að lög og venjur segja til um það, að hjer skuli í þessu tilfelli kalla löggilding verslunarstaðar, en eins og kunnugt er um allflesta staði, sem hafa verið löggiltir, þá verða það sjaldnast reglulegir verslunarstaðir, heldur að eins uppskipunar- og lendingarstaðir, margir lítið

notaðir annað, og verða sumir sennilega mjög lítið notaðir. En jeg býst við, að það, sem hjer er látið fylgja, sje nóg til að sýna háttv. þm. fram á, að ekkert sje gerandi til þess að standa í vegi fyrir þeirri þurft, sem þetta hjerað hefir til viðkomustaða fyrir alla þá farkosti, sem til kunna að verða þar með ströndinni.

Jeg vil því mælast til þess, að þetta frv. nái fram að ganga, bæði við þessa umr. og síðar, án þess að það þurfi að koma til nefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 23. fundi í Nd., miðvikudaginn 15. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 78).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. í e. hlj.
2. gr. — - —

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 25. fundi í Nd., föstudaginn 17. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 78).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Á 22. fundi í Ed., laugardaginn 18. maí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um löggilding verslunarstaðar við Hvalsíki í Vestur-Skaftafellssýslu,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 163).

Á 23. fundi í Ed., þriðjudaginn 21. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., fimtudaginn 23. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 163).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. — — 11 — —

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., laugardaginn 25. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 163).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 217).

16. Kynbætur hesta

Á 21. fundi í Nd., mánudaginn 13. maí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um viðauka við lög 11. des. 1891, um samþyktir um kynbætur hesta (A. 100).

Á 23. fundi í Nd., miðvikudaginn 15. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurður Sigurðsson): Jeg vil að eins óska þess, að frv. þessu, um kynbætur hesta, verði leyft að ganga til 2. umr. og síðan til landbúnaðarnefndar. Jeg vona, að sú nefnd athugi málið og geri till. um það, og geri jeg ráð fyrir, að hún fari fram á að samþ. frv. En jeg skal ekki eyða frekari orðum að þessu, að eins óska, að frv. fái að ganga til 2. umr. og síðan til landbúnaðarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með öllum gr. atkv. og til landbúnaðarnefndar (sjá A. bls. 540) með öllum gr. atkv.

Á 36. fundi í Nd., föstudaginn 31. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 100, n. 242).

Frsm. (Sigurður Sigurðsson): Landbúnaðarnefnd, sem falið var þetta mál, hefir rætt það á fundum sínum og leggur það til, að frv. verði samþykt óbreytt. Frv. sjálft, um kynbætur hesta, er á þgskj. 100 og nál. á þgskj. 242, og þar sem jeg geri ráð fyrir, að sjerhver þm. hafi kynt sjer hvorttveggja, þá sje jeg ekki ástæðu til að eyða fleiri orðum um málið. Menn munu hvort eð er hafa ákveðið með sjálfum sjer, hvernig þeir ætla að greiða atkv. Það ræður kylfa kasti um, hvernig fer fyrir frv. við atkvgr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 : 2 atkvgr.

2.—6. gr. samþ. með öllum gr. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 : 1 atkv.

Á 38. fundi í Nd., mánudaginn 3. júní, var frv. tekið til 3. umr. (A. 100).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með öllum gr. atkv. og afgr. til Ed.

Á 35. fundi í Ed., þriðjudaginn 4. júní, var útbýtt

Frumvarpi til laga um viðauka við lög 11. des. 1891, um samþyktir um kynbætur hesta,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 302).

Á 36. fundi í Ed., miðvikudaginn 5. júní, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ.

Halldór Steinsson: Jeg leyfi mjer að stinga upp á, að málinu verði vísað til landbúnaðarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til landbúnaðarnefndar (sjá A. bls. 536) með 10 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Ed., þriðjudaginn 18. júní, var frv. tekið til 2. umr. (A. 302, n. 354).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Frv. það, er hjer liggur fyrir, er breyting á nýjum og óslitnum lögum frá síðasta Alþingi. Eins og sjest á nál., þá hefir landbúnaðarnefndin ekkert að athuga við þá breytingu, er frv. þetta gerir á lögnnum.

Breyting sú, sem frv. þetta hefir að færa, gerir strangari ákvæði um, hverju það getur varðað, ef graðhestur hittist annarsstaðar en í heimalandi folaeigenda; þá megi taka graðhestinn og geyma hann eða gelda á kostnað og ábyrgð eigandans. *(Ýmsir þm. brostu).* Mig furðar ekki, þótt ýmsir háttv. þm. brosi að þessu, því að þeim mun þykja þetta ólíkt skemtilegra umræðuefni en það, sem var hjer til umræðu næst á undan, og eiga betra með að gera sjer grein fyrir því en öllum þeim tölum, er þar voru nefndar. En svo að jeg víki aftur að efninu, má telja líklegt, að ef þetta ákvæði er hert, svo sem hjer er gert ráð fyrir, þá mundu menn síður láta graðhesta sína ganga lausa í annara manna landi, og þá ætti að vera hægra að hafa eftirlit með kynbótum, sem meira væru en nafnið tómt. Þar sem hrossaræktarfjelög eru er víðast mikill áhugi fyrir kynbótum hrossa, og er það því vel til fallið að fela þeim að hafa eftirlit með, að þessum lögum sje hlýtt. En þar sem slíkur fjelagsskapur er ekki mun áhuginn vera lítill alment, og þeim fáu mönnum þar, er hugsa um kynbætur hrossa, vera mjög örðugt að koma því við í framkvæmd sökum hirðuleysis annara, en ákvæði þetta gerir aðstöðu þeirra miklu betri, er nokkra reglu vilja hafa í þessu efni.

Jeg vænti þess, að háttv. þm. hafi ekkert að athuga við þessa brtt., og vænti því, að allir gjaldi frv. jákvæði og það fái að verða að lögum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

2.—6. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 47. fundi í Ed., fimtudaginn 20. júní, var frv. tekið til 3. umr. (A. 302).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 8 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 380).

---

11 Aðflutningar til landsins.

Á 42. fundi í Nd., mánudaginn 10. júní, kl. 1 miðdegis, var útbýtt

Frumvarpi til laga um viðauka við lög nr. 6, 8. febr. 1917, um heimild handa landsstjórninni til ráðstafana til tryggingar aðflutningum til landsins (A. 318).

Á 43. fundi í Nd., sama dag, kl. 2,30 miðdegis, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti: Með því að svo er til ætlast, að þetta frv. og sömuleiðis hitt frv. á dagskránni, um bráðabirgðaútflutningsgjald, gangi hratt fram og verði skjótt afgr. sem lög frá þinginu, er nauðsynlegt við allar umr. um frv. þessi, ekki að eins þá fyrstu, heldur einnig aðra og þriðju, að hafa afbrigði frá þingsköpum, og skal jeg leyfa mjer að leita þeirra.

Afbrigði leyfð og samþ. með öllum gr. atkv.

Frsm. (Pjetur Jónsson): Jeg Jeg þarf enga framsögu að hafa í máli þessu. Bjargráðanefnd hefir tekið að sjer að flytja frv. þetta eftir beiðni atvinnumálaráðherra. Aftan við frv. er prentuð stutt greinargerð, þar sem gerð er grein fyrir tildrögum málsins, og með því að hv. þm. hafa rætt málið í flokkum, sje jeg eigi til neins að vera að ræða það frekar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með öllum gr. atkv.

Á 44. fundi í Nd., sama dag, kl. 2^{45} miðdegis, var frv. tekið til 2. umr. (A. 318).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með öllum gr. atkv.

2. gr. — — — — —

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með öllum gr. atkv.

Á 45. fundi í Nd, sama dag, kl. 2^{48} miðdegis, var frv. tekið til 3. umr. (A 318, 325).

Einar Arnórsson: Jeg skal leyfa mjer að koma fram með brtt., sem er þess efnis, að orðin »ef nauðsyn krefur« verði feld úr frv. (**M. Ó.:** Ekki annað). Þm. (M. Ó.) ætti að venja sig af því að vera alt of bráðlátur, því að jeg hefi ekki enn lokið máli mínu. Þetta »ef nauðsyn krefur« finst mjer vera algerlega óþarft, því að jeg býst við, að löggjafarvaldið ákveði, hvers nauðsyn sje til. Hitt, sem jeg vil að breytt verði, er að orðin »að tryggja aðflutninga til landsins« falli burt, því að það er ekki annað en upptugga á orðunum í fyrirsögninni. Ef brtt. mínar verða samþ., þá ætti upphaf greinarinnar að hljóða þannig: »Enn fremur veitist ráðuneyti Íslands heimild til þess að taka eignarnámi til útflutnings íslenskar afurðir hjá kaupmönnum, fjelögum, framleiðendum eða öðrum, gegn fullu endurgjaldi, að frá dregnu lögboðnu útflutningsgjaldi« o. s. frv. Það má því heita, að þessar brtt. mínar sjeu að eins orðabreytingar; þær koma í veg fyrir, að það sje endurtekið, sem áður er sagt, og svo verður löggjafarvaldinu falið að segja fullum fetum, hve nær nauðsyn sje til.

Jeg leyfi mjer svo að afhenda hæstv. forseta till. og vonast til, að þær verði samþyktar, þó að þær sjeu skriflegar.

Frsm. (Pjetur Jónsson): Ef landsstjórnin hefir eitthvað við þessar tillögur að athuga, þá vildi jeg, að hún ljeti það í ljós áður en jeg greiði atkv. mitt. Jeg get sagt það fyrir mitt leyti, að jeg finn ekkert athugavert við þær.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg get lýst yfir því fyrir hönd landsstjórnarinnar, að hún finnur ekkert athugavert við brtt. háttv. 2. þm. Árn. (E. A.).

Afbrigði leyfð og samþ. um skriflegu brtt. frá 2. þm. Árn., E. A., (sjá A. 325) leyfð og samþ. í e. hlj.

ATKVGR.

Brtt. 325. samþ. í e. hlj.

Frv., svo breytt, samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Á 38. fundi í Ed, sama dag, kl. 3[30] síðdegis, var útbýtt

Frumvarpi til laga um viðauka við lög nr. 6, 8. febr. 1917, um heimild handa landsstjórninni til ráðstafana til tryggingar aðflutningum til landsins,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 323).

Á sama fundi í Ed. var frv. tekið til 1. umr.

Afbrigði frá þingsköpum um, að frv. mætti þegar taka til meðferðar, til 1. umr., og samdægurs til 2. og 3. umr., leyfð af ráðherra og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

A 39. fundi í Ed., sama dag, kl. 3[40] síðdegis, var frv. tekið til 2. umr. (A. 323).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. — — 9 — —

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., sama dag, kl. 3[55] síðdegis, var frv. tekið til 3. umr. (A. 323).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 329).

---

18. Bráðabirgðaútflutningsgjald.

Á 42. fundi í Nd, mánudaginn 10. júní, kl. 1 miðdegis, var útbýtt

Frumvarpi til laga um bráðabirgðaútflutningsgjald (A. 319).

Á 43. fundi í Nd., sama dag, kl. 2[30] miðdegis, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti leitaði leyfis til afbrigða frá þingsköpum um að mega taka frv. þegar til umr. og að hafa allar umræður samdægurs.

Afbrigðin leyfð af ráðherra og samþ. með öllum gr. atkv.

Flm. (Magnús Guðmundsson): Eins og tekið er fram í greinargerðinni við frv., hefir fjárhagsnefnd flutt það að tilhlutun landsstjórnarinnar.

Jeg sje eigi ástæðu til þess að eyða að því mörgum orðum, því að allir munu sammála um, að það eigi fram að ganga. Að eins vil jeg benda á það, að hjer er um nýja aðferð að ræða í skattalöggjöf landsins, sem sje þá, að veita heimild til skattaálögu til landssjóðs með reglugerðum. En slík aðferð er fyllilega lögmæt, enda stendur nú sjerstaklega á. Enn fremur má benda á það, þessu til stuðnings, að tekjur sýslusjóða og sveitar- og bæjarsjóða eru teknar að miklu leyti með niðurjöfnun. En takmörkin fyrir þessum skatti eru þau, að

hann verði aldrei hærri en svo, að landssjóður verði skaðlaus af verslun sinni með innlendar vörur, sem hann hefir neyðst til þess að taka að sjer.

ATKVGR
Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 44. fundi í Nd., sama dag, kl. 2^{45} miðdegis, var frv. tekið til 2. umr. (A. 319).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. í e. hlj.
2. gr. — - - —
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 45. fundi í Nd., sama dag, kl. 2^{48} miðdegis, var frv. tekið til 3. umr. (A. 319, 326).

Einar Arnórsson: Jeg vil leyfa mjer að koma með brtt. við 1. gr. frv. þessa. Það er að vísu ekki nema orðabreyting, en ef hún yrði samþ., ætla jeg, að frv. yrði skýrara. Það stendur í frv., að það megi »leggja með reglugerð eða reglugerðum útflutningsgjald, auk þess útflutningsgjalds, sem nú er lögboðið, á vörutegundir þessar« o. s. frv. Í staðinn fyrir orðin »auk þess útflutningsgjalds, sem nú er lögboðið«, vil jeg að komi orðin »auk lögboðinna útflutningsgjalda«.

Það er kunnugt, að það er frv. á leiðinni í Ed, og í því er farið fram á, að lagt verði útflutningsgjald á vörur. Þetta frv. er frv. um stimpilgjald, með ákvæðinu um, að stimpla skuli farmskírteini. Þar sem telja má víst, að frv. þetta verði að lögum, þá verða innan skamms tvenn lög um útflutningsgjöld. Þau útflutningsgjöld, sem við þekkjum nú, eru frá 1881, 1894 o. fl.

Ef frv. yrði nú orðað eins og jeg vil, þá leikur enginn vafi á því, að hjer er um öll útflutningsgjöld að ræða, sem til eru eða verða að lögum meðan beitt er lögheimild þeirri, sem felst í þessu frv. Að svo mæltu leyfi jeg mjer að afhenda forseta tillöguna.

Fjármálaráðherra (S. E): Jeg vil að eins leyfa mjer að taka það fram, að stjórnin hefir fyrir sitt leyti ekkert að athuga við brtt. háttv. 2. þm. Árn. (E. A.).

Benedikt Sveinsson: Mjer virðist ekki alls kostar ljóst orðalagið á þessu frv. Jeg þykist sjá, að tilætlunin sje sú, að landssjóður biði ekki halla af vörum þeim, sem hann kynni að þurfa að láta taka eignarnámi og metnar væru hærra en breska verðinu nemur. En það kemur ekki glögt fram, hvernig landssjóður ætlar að fá upp þennan halla. Setjum svo, að landssjóður láti taka vöru manns eignarnámi og verði hún metin hærra en breska verðinu nemur. Er það þá tilætlunin, að sá maður, sem fær þetta hærra verð fyrir vöruna, skuli greiða til landssjóðs alt það, sem hann hefir fengið fram yfir breska verðið, eða á að jafna hallanum þannig niður, að hann komi á vörutegundina í heild? Mjer skilst, að það hljóti að eiga að jafna gjaldinu niður á alla vörutegundina samkv. frv. Ef ekki á að skilja orðalagið þannig, þá er umsvifaminna að taka það fram berum orðum, að seljandinn sje skyldur að greiða til landssjóðs skatt, er svarar því, sem verðið fer hærra en breska verðið.

Jeg vildi gjarnan heyra skýringu stjórnarinnar á þessu atriði.

Framsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg vil að eins benda háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) á, að það getur ekki komið til nokkurra mála, að sá borgi neitt, sem fær svo lágt verð fyrir vöruna, að landssjóður bíði engan skaða, enda er það tekið fram berum orðum, að landssjóður eigi ekki að bíða skaða. Annars á það að verða reglugerðaratriði, hvernig haga á skattinum, og sá, sem fær meira verð fyrir vöru sína en landssjóður getur selt hana, verður að greiða svo háan skatt sem nægir til þess, að landssjóður verði skaðlaus. Þetta er eftir frv. alveg ljóst.

Benedikt Sveinsson: Mjer þykir þessi skýring ekki ljós, því að það var ekki verið að tala um þá, sem fengju lægra verð heldur en breska verðið, heldur var verið að tala um þá, sem fengju hærra verð fyrir vöru sína.

Ef það er tilætlunin að taka alla verðhækkunina af hverjum seljanda, sem fer fram úr breska verðinu, hví á þá ekki að taka það berum orðum fram? Ekki tjáir að setja slíkt ákvæði í reglugerð, nema það sje heimilt að lögum. Hjer getur verið um verulegar fjárhæðir að ræða, og ef það er ekki fullljóst, hvað í lögunum liggur, þá verður það orsök að deilum og málaferlum. Það er hægurinn hjá að gera ákvæðin nógu glögg í lögunum, til þess að koma í veg fyrir prætur og málaferli, sem ella verður ekki hjá komist.

Einar Arnórsson: Jeg hefi skilið þetta atriði, sem háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) vakti máls á, svo, að það yrði að vera reglugerðaratriði, hvernig hjer yrði með farið. En það eru ekki nægilega ljósar heimildir í lögum til þess að samþykkja slíka reglugerð. Væri því betra að bæta því inn í, til skýringar, að tilhögun skattsins skuli vera reglugerðaratriði. Væri þá um leið þessi hnúturinn leystur, ef háttv. frsm. (M. G.) vildi koma með viðaukatillögu í þessa átt.

Framsm. (Magnús Guðmundsson): Jeg vil að eins benda á það, að meiri hluti frv. er um það, að öll tilhögun skattsins skuli vera reglugerðaratriði. Viðaukatillaga er því með öllu óþörf.

Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj. um skriflega brtt. frá 2. þm. Árn., E. A., (sjá A. 326).

ATKVGR.

Brtt. 326, a. og b. samþ. með öllum gr. atkv. gegn 1.

Frv., svo breytt, samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Á 38. fundi í Ed., sama dag, kl. 3^{30} síðdegis, var útbýtt

Frumvarpi til laga um bráðabirgðaútflutningsgjald,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 324).

Á sama fundi í Ed. var frv. tekið til 1. umr.

Afbrigði frá þingsköpum um, að frv. mætti þegar taka til meðferðar, til 1. umr, og samdægurs til 2. og 3. umr., leyfð af ráðherra og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., sama dag, kl. 3[40] síðdegis, var frv. tekið til 2. umr. (A. 324, 328).

Karl Einarsson: Jeg hlustaði á umr. um frv. þetta í hv. Nd, og skildist mjer á þeim, að meiningin með frv. ætti að vera sú, að gera landsjóð skaðlausan, þótt vörur, sem hann keypti, yrðu metnar hærra en hann getur fengið fyrir þær eftir samningunum við Breta, að frádregnum kostnaði.

En eins og frv. nú er orðað, er landsstjórninni veitt heimild til að leggja útflutningsgjald á eina vörutegund í heild sinni, ef landssjóður skaðast á henni, þótt ekki sje nema nokkrum hluta þeirrar sömu vörutegundar.

En eftir því, sem mjer hefir skilist á umr., þá er ekki til þess ætlast, að svo verði, enda get jeg ekki fallist á það.

En þetta er ekki skýrt tekið fram í frv., og vil jeg því leyfa mjer að bera fram brtt. við frv, sem fer fram á, að það verði skýrt tekið fram, að gjaldið skuli að eins lagt á þann hluta hverrar vörutegundar, sem landssjóður bíður halla á. Þetta verður þá nokkurskonar verðskattur.

Og þar sem því hefir verið lýst yfir, að til þess sje ætlast, vona jeg, að hæstv. stjórn og háttv. þingdm. hafi ekkert á móti brtt. þessari.

Fjármálaráðherra (S. E): Frv. þetta er, eins og kunnugt er, borið fram af fjárhagsnefnd Nd. í samráði við stjórnina, og greinargerð sú, er því fylgir, er svo ljós, að þar þarf engu við að bæta.

Eins og skiljanlegt er, þarf af kunnum ástæðum að veita stjórninni ýmsar heimildir nú, sem hún mundi ekki óska eftir, ef annars væri kostur.

Og jeg vil lýsa yfir því, að reglugerðarákvæðum þeim, sem hjer eru heimiluð stjórninni, mun hún alls ekki beita nema nauðsyn krefji, og komi það fyrir, mun þess verða gætt, að þeim verði beitt með sem allra mestu rjettlæti.

Jeg get því ekki fallist á brtt. háttv. þm. Vestm. (K. E); jeg álít hennar ekki þörf. Stjórnin mun gera sjer far um, að slíkt ranglæti komi ekki fyrir, sem brtt. gerir ráð fyrir að geti átt sjer stað eftir frv.

Jeg vona því, að frv. verði samþykt óbreytt, eins og það kom frá háttv. Nd., enda tel jeg ekki víst um afdrif þess þar, ef brtt. þessi verður samþykt hjer.

Karl Einarsson: Jeg hefi ekki sannfærst af ræðu hæstv. fjármálaráðherra og þeirri hótun, að háttv. Nd. muni ekki samþykkja frv. með þessari breytingu, get jeg ekki gert mikið úr.

Því hefir þegar verið yfir lýst, að tilgangur frv. sje sá, sem brtt. fer fram á, og hvers vegna má ákvæði þetta þá ekki vera skýrt og ljóst í frv.?

Jeg vona, að þessi háttv. deild vilji ekki ganga að því gruflandi, hvað hún samþykkir með frv. þessu.

Það þarf ekki nema einfalt dæmi til að sýna, hvað þetta ákvæði frv. er óljóst og óákveðið.

Svo getur farið, að nokkur hluti einnar vörutegundar verði metinn hærra en stjórnin getur fengið fyrir vörutegundina hjá Bretum.

Eftir frv. getur stjórnin þá lagt útflutningsgjald á alla vörutegundina. Og geri hún það ekki, mun það auðvitað

valda ágreiningi, og hafa þeir þá aðgang að dómstólunum, sem varan var metin hjá til hærra verðs.

Þetta liggur í augum uppi, þar sem engin heimild er veitt í frv. til þess að gera greinarmun á vöru innan sömu vörutegundar.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg vona, að þetta sje óþarfa hræðsla hjá háttv. þm. Vestm. (K. E), og jeg verð að segja það, að ef brtt. hans verður samþykt, þá efast jeg um, að stjórnin sjái sjer fært að fylgja því fram, að frv. verði samþykt þannig lagað.

Ef háttv. deild getur ekki orðið sammála við stjórnina og háttv. fjárhagsnefnd Nd., þá vildi jeg helst leggja það til, að málinu yrði frestað og reynt að koma á samkomulagi.

En hins vegar vona jeg, að þessari háttv. deild sje alveg óhætt að samþykkja frv. óbreytt, í því trausti, að stjórnin beiti ekki ósanngirni við framkvæmdir þess. (**K. E:** Ekki ef hún er sjálfráð). Stjórnin er að öllu leyti sjálfráð við framkvæmdir þessa máls. (**K. E.:** Dómstólarnir geta þó komið til greina). Auðvitað geta þeir komið til greina síðar meir, en þeir grípa þó ekki fram fyrir hendur stjórnarinnar.

En annars er sá ágalli, ef fresta þyrfti málinu, að í rauninni þolir það enga bið. Strax næstu daga þarf að taka til laganna.

Jeg vona því, að frv. verði samþykt óbreytt frá Nd., enda hafði jeg ekki búist við neinum andmælum, nema þá helst út af orðalagi frv., eftir því sem búið var að ræða um málið. Það væri líka mjög óheppilegt, ef deilur risu milli þings og stjórnar út af þessu máli.

Forseti: Jeg vil leyfa mjer, áður en gengið er til atkvæða, að skýra mismuninn á brtt. og frv., til þess að glöggva háttv. þingdm. atkvæðagreiðsluna.

Munurinn er sá, að frv. fer fram á, að leggja megi útflutningsgjaldið á vörutegund í heild sinni, en brtt. fer fram á, að gjaldið leggist að eins á þann hluta vörutegundarinnar, sem landssjóður tapar á.

Jeg get tekið sem dæmi, að ef markaðsverð á ull er 4 kr. kg., en ullin er metin sumstaðar á 5 kr., en á öðrum stöðum á 3 kr., þó meiri hluti ullarforðans metinn á 5 krónur, þá biður landssjóður halla, og vill frumvarpið, til þess að vinna hann upp, leggja útflutningsgjald á allan ullarforðann, en brtt. vill leggja gjaldið að eins á þann hlutann, sem metinn er til hærra verðsins.

Sá er munurinn, og vil jeg spyrja hæstv. forsætisráðherra, hvort þetta sje ekki rjett.

Forsætisráðherra (J. M.): Skilningur þessi er ekki alls kostar rjettur, því að með frv. er alls ekki fyrir girt, að stjórnin fari þá leið, sem brtt. fer fram á. Henni er ekki heldur boðið að fara hina leiðina, heldur að eins leyft það. En eftir brtt. er það afmarkað, hvora leiðina hún skuli fara.

Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj. um skriflegu brtt. frá þm. Vestm., K. E., (sjá A. 328).

ATKVGR.

Brtt. 328. feld með 8 : 1 atkv.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

2. — — — 11 — —

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 40. fundi í Ed., sama dag, kl. 3[55] síðdegis, var frv. tekið til 3. umr. (A. 324).

Karl Einarsson: Jeg stend að eins upp til að láta í ljós ánægju mína yfir því, að hæstv. stjórn hefir lýst yfir því, að hún ætli sjer að framfylgja lögunum á sama hátt og brtt. mín fer fram á að gert sje.

Með því einu móti get jeg líka greitt frv. atkv.

Fjármálaráðherra (S. E): Í tilefni af ummælum háttv. þm. Vestm. (K. E.), vil jeg að eins leyfa mjer að vísa til ummæla hæstv. forsætisráðherra og minna hjer í deildinni.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 330).

---

19. Kirkjugarður í Stokkseyrarsókn.

Á 51. fundi í Nd., þriðjudaginn 18. júní, var útbýtt

Frumvarpi til laga um afhendingu á landi til kirkjugarðs í Stokkseyrarsókn (A. 365).

Á 52. fundi í Nd., fimtudaginn 20. júní, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Arnórsson): Af greinargerð þessa frv. geta menn sjeð, hvernig á því stendur. Þar er farið fram á af sóknarnefnd Stokkseyringa, að þeim sje heimilað að taka eignarnámi land undir kirkjugarð. Þetta frv. er sniðið eftir lögum um sama efni fyrir Reykjavík, frá 1915. Sje jeg ekki að mál þetta sje svo flókið, að ástæða sje til að vísa því til nefndar, þótt jeg hafi ekkert á móti því í sjálfu sjer.

Skal jeg ekki ræða frv. frekar, en býst við, að óhætt sje að láta það ganga áfram nefndarlaust.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Á 54. fundi í Nd., mánudaginn 24. júní, var frv. tekið til 2. umr. (A. 365).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. í e. hlj.

2. og 3. gr. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 56. fundi í Nd, miðvikudaginn 26. júní, var frv. tekið til 3. umr. (A. 365).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Á 52. fundi í Ed., fimtudaginn 27. júní, var útbýtt

Frumvarpi til laga um afhendingu á landi til kirkjugarðs í Stokkseyrarsókn, eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A 401).

Á 53. fundi í Ed., föstudaginn 28. júní, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Ed., mánudaginn 1. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 401).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
2. og 3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Á 56. fundi í Ed., miðvikudaginn 3. júlí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 401).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgr. sem
lög frá Alþingi.
(Sjá A. 445).

---

20. Mjólkursala á Ísafirði.

Á 7. fundi í Ed., miðvikudaginn 24. apríl, var útbýtt
Frumvarpi til laga um mjólkursölu á Ísafirði (A. 23).
Á 8. fundi í Ed., föstudaginn 26. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (**Magnús Torfason**): Jeg skal að eins, með skírskotun til greinargerðar frv. og til þess, að samskonar lög fyrir Reykjavík voru samþ. hjer á síðasta þingi, leyfa mjer að óska þess, að máli þessu verði vísað til allsherjarnefndar.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 537) með 13 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Ed., miðvikudaginn 1. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 23, n. 36).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—8. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Ed., föstudaginn 3. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 23).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 16. fundi í Nd, laugardaginn 4. maí, var útbýtt
Frumvarpi til laga um mjólkursölu á Ísafirði,
eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 52).
Á 17. fundi í Nd., mánudaginn 6. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (**S. J.**): Frv. þetta var í allsherjarnefnd efri

deildar, og legg jeg til, að það fari í sömu nefnd hjer.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 541) í e. hlj.

Á 19. fundi í Nd., föstudaginn 10. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 52, n. 72).

Frsm. (Einar Jónsson): Mál þetta er að mínu áliti þannig vaxið, að ekki þurfi að spinnast miklar umr. um það.

Eins og nál. á þgskj. 72 ber með sjer, hefir enginn ágreiningur orðið um málið í nefndinni.

Frv. það, er hjer liggur fyrir, er nærri því sniðið orðrjett eftir lögum fyrir Reykjavík um sama efni, sem samþ. voru hjer á Alþingi síðast, og þar sem þörfin á svona lögum virðist ekki vera neitt minni á Ísafirði heldur en hún var í Reykjavík, þá fæ jeg ekki skilið annað en að frv. verði látið ganga fram.

Að svo mæltu lýk jeg máli mínu með þeirri ósk til háttv. deildar, að frv. verði vel tekið og í engu breytt.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með öllum gr. atkv.
2.—8. gr. samþ. með öllum gr. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 21. fundi í Nd., mánudaginn 13. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 52).
Enginn tók til máls.
ATKVGR.
Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 117).

---

21. Bæjarstjórn á Akureyri.

Á 8. fundi í Ed., föstudaginn 26. apríl, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 65, 14. nóv. 1917, um breyting á lögum nr. 22, 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri, og lögum nr. 43, 11. júlí 1911, um breyting á þeim lögum (A. 28).

Á 9. fundi í Ed., mánudaginn 29. apríl, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Kristjánsson): Jeg verð að biðja háttv. deild afsökunar á því, að jeg á erfitt um mál sökum kvefpestar, og jeg mun því ekki þreyta hana með langri framsögu.

Þetta frv. er aðallega komið fram til að leiðrjetta prentvillu, sem hefir komist inn í lög þau um bæjarstjórn á Akureyri, er samþykt voru hjer á síðasta þingi. Það hefir nefnilega slæðst inn í 4. gr. þessara laga prentvilla, bæjarstjórn fyrir bæjarstjóra; en þótt þessi villa sje lítil, fljótt á litið, þá er hún allmeinleg og raskar svo efni og þýðing laganna, að erfitt er að framkvæma þau.

Úr því að leiðrjetta þurfti þetta, er borin fram sú breyting á lögunum, að lengja um einn mánuð reikningsskilafrest. Er það gert að ráði bæjarstjórnarinnar, er telur þetta heppilegra, og getur það naumast valdið ágreiningi.

Hinar greinarnar eru að mestu að

eins gleggra orðalag, svo að síður geti risið ágreiningur út af þeim.

Jeg sje því ekki, að hjer sje um neitt það að ræða, sem geti orkað tvímælis, og því sjálfsagt, að frv. nái fram að ganga, en mjer virðist samt rjettara að vísa máli þessu til allsherjarnefndar að þessari umr. lokinni, enda hafði hún málið til meðferðar á síðasta þingi, og legg því til, að svo verði gert.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 537) í e. hlj.

Á 13. fundi í Ed, laugardaginn 4. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 28, n. 48).

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Það þarf ekki að gera grein fyrir efni þessa frv., því að háttv. flm. (M. K.) gerði ljóslega grein fyrir því við 1. umr. málsins.

Allsherjarnefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. með breytingum þeim, sem prentaðar eru á þgskj. 48. Brtt. eru þrjár, en þótt svo sje að forminu til, þá er ekki nema ein þeirra efnisbreyting.

Það er 1. brtt., við 4. gr., að talan 3 komi á undan tölunni 10. Brtt. er um 3 gr. laga nr. 65, frá 14. nóv. 1917, en grein þessi er um kosningarrjett Akureyrarbúa í bæjarmálum, og finst nefndinni rjett, að rýmkun kosningarrjettarins, sem í grein þessari felst, gangi þegar í gildi.

Nefndin hefir átt tal um þetta við flm. frv. (M. K.), og er hann samþ. brtt., svo að jeg býst við, að háttv. deildarmenn hafi ekkert við hana að athuga, en afleiðing af þessari brtt. er 3. brtt., og 2. brtt. er að eins orðabreyting.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. og 3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 48, 1. samþ. með 12 shlj. atkv.
— 48, 2. samþ. án atkvgr.
— 48, 3. — — —
4. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Ed., mánudaginn 6. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 59).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 18. fundi í Nd., miðvikudaginn 8. maí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 65, 14. nóv. 1917, um breyting á lögum nr. 22, 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri, og lögum nr. 43, 11. júlí 1911, um breyting á þeim lögum,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 67).

Á 19. fundi í Nd., föstudaginn 10. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg legg það til, að málið gangi til allsherjarnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 541) í e. hlj.

Á 23. fundi í Nd., miðvikudaginn 15. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 67, n. 102).

Frsm. (Magnús Guðmundsson): Að eins örfá orð um brtt. allsherjarnefndar á þgskj. 102. Þær eru að eins 2 og báðar smávægilegar.

Fyrri brtt. er um það, að í stað »málsgreinar« í upphafi 1. gr. komi: málsliðar. Þetta er að eins til samræmis við lög um sama efni frá f. á. og er rjettara mál.

Hin brtt. er um það að steypa saman 3. og 4. gr. frv. Nefndinni þótti þetta eiga betur við, einkum þar sem líklegt þykir, að fyr eða síðar verði öllum bæjarstjórnarlögunum steypt saman í eina heild, og þá fer betur á þessari breytingu. Lögin um bæjarstjórn á Akureyri eru nú 4, ef þetta frv. verður að lögum, sem sje lög nr. 65, 14. nóv. 1917, lög nr. 22, 8. okt. 1883, og lög nr. 43, 11. júlí 1911.

ATKVGR.

Brtt. 102, 1. samþ. án atkvgr.
1. gr., svo breytt, samþ. með öllum gr. atkv.
2. gr. samþ. með öllum gr. atkv.
— 102, 2. samþ. án atkvgr.
3. og 4. gr. (verður ein grein, 3. gr.) samþ. með öllum gr. atkv.
5. gr. (verður 4. gr.) samþ. með öllum gr. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Á 25. fundi í Nd., föstudaginn 17. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 142).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. í e. hlj. og endursent Ed.

Á 22. fundi í Ed., laugardaginn 18. maí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 65, 14. nóv. 1917, um breyting á lögum nr. 22, 8. okt. 1883, um bæjarstjórn á Akureyri, og lögum nr. 43, 11. júlí 1911, um breyting á þeim lögum,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 164).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 176).

---

22. Bæjarstjórn Vestmannaeyja.

Á 14. fundi í Ed., mánudaginn 6. maí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um bæjarstjórn Vestmannaeyja (A. 54).

Á 15. fundi í Ed., miðvikudaginn 8. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Karl Einarsson): Um þetta mál ætla jeg ekki að þessu sinni að vera langorður. Um leið og jeg vísa til greinargerðarinnar við frv. skal jeg að eins benda á það, að framgangur þessa máls hefir engan aukinn kostnað í för með sjer fyrir landssjóð. Frv. er algerlega sniðið eftir lögum um bæjarstjórn á Ísafirði frá í fyrra. Jeg álít alveg óþarft að fara að lýsa Eyjunum nánar og landsháttum þar, því að jeg veit, að háttv. deildarmönnum eru þeir kunnir.

Jeg vona, að háttv. deild taki frv. vel, og vil jeg leyfa mjer að stinga upp á því, að því verði vísað til allsherjarnefndar, að þessari umr. lokinni.

Í frv. er villa í enda 5. greinar. Þar stendur: »sjá þó 20. gr.«, en á að vera »sjá þó 22. gr.«

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 537) með 12 shlj. atkv.

A 19. fundi í Ed., fimtudaginn 15. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 54, n. 103).

Frsm. (Magnús Torfason): Eins og sjest á áliti nefndarinnar, sem prentað er á þgskj. 103, mælir nefndin eindregið með því, að frv. þetta verði samþykt.

Nefndin fær ekki sjeð annað en allir staðhættir mæli með því, að sú breyting verði gerð, að Vestmannaeyjar verði teknar í tölu kaupstaða, en kann hins vegar ekkert, er mæli á móti því.

Nú hagar þar svo, að hjeraðsstjórninni er tvískift, í hreppsnefnd og sýslunefnd. Þetta er miklu þunglamalegra fyrirkomlag en bæjarstjórnarfyrirkomulagið, og það getur ekki unnið með eins miklum krafti og festu að hag eyjabúa. Breyting þessi gerir það að verkum, að stjórnin verður miklu einfaldari og fær betur notið sín, auk þess sem hreppsnefndir og sýslunefndir vantar vald til að gera ýmsar samþyktir, sem bæjarstjórnir geta gert.

Í nefndarálitinu er gerð grein fyrir sumum brtt. nefndarinnar, og finn jeg ekki ástæðu til að endurtaka það.

2. brtt. nefndarinnar, við 2. gr. frv., miðar að því að taka það skýrar fram en gert er í frv., að bæjarfógeti Vestmannaeyja hafi víðtækari störf en aðrir bæjarfógetar. Hann hefir umboðsstörf á hendi. Því er það, að grein þessi er orðuð öðruvísi en í lögum hinna kaupstaðanna.

3. brtt. nefndarinnar, við 3. gr. frv., miðar að því að slá því föstu, að bæjarstjórninni beri að greiða oddvita sínum þann útlagðan kostnað, er hann hefir sem slíkur.

Með launalögunum 1875 voru stofnuð bæjarfógetaembættin í Reykjavík, Akureyri og Ísafirði. Bæjarfógetinn hjer í Reykjavík fjekk strax 1000 kr. í skrifstofufje, en hinir bæjarfógetarnir, á Akureyri og Ísafirði, fengu ekki einn eyri. Laun þeirra voru þó 3500 krónur. Síðar voru þeim falin enn víðtækari störf í þágu bæjarfjelaganna — með lögum frá 1883 — án þess að þeir fengju eineyring fyrir það. Þarna er gengið miklu lengra en í tilskipun frá 1872, þar sem svo er mælt fyrir, að sýslumenn fái endurgreiddan þann kostnað, er þeir hafa sem oddvitar sýslunefndarinnar. Þetta telur nefndin ekki rjetta stefnu, og þótt hún líti svo á, sem landið geti fyrst um sinn lánað Vestmannaeyingum embættismann, þá vill hún taka það fram, að það getur ekki orðið leng-

ur en meðan landið þarf ekki á öllum kröftum hans að halda, og það getur hæglega að því rekið. Þá má alls ekki eiga sjer stað, að embættismenn landsins geti ekki rækt starf sitt vegna þess, að þeim sje ofþyngt með störfum í þágu hjeraðanna.

Síðari liður 3. brtt. nefndarinnar er um, að hærri atkvæðatölu þurfi en frv. gerir ráð fyrir til þess, að bærinn geti tekið mál sín algerlega í sínar hendur, og er ástæðan fyrir þessari brtt. tekin fram í áliti nefndarinnar, svo að óþarft er að endurtaka hana.

4. brtt. er að eins leiðrjetting á ritvillu.

Það er spursmál, hvort konur eigi ekki að hafa sömu skyldur og karlmenn, fyrst þær hafa fengið sama rjett, en ef breyta á til um þetta, þá þykir nefndinni fara betur á því, að það sje gert með almennum landslögum, heldur en að annað ríki um þetta í Vestmannaeyjum en annarsstaðar á landinu, og því ber nefndin fram 5. brtt. sína.

6. brtt. er viðbót vegna fyrstu kosningarinnar í bæjarstjórnina, því að þá verður að kjósa fulla tölu bæjarfulltrúa.

Karl Einarsson: Jeg vil þakka háttv. nefnd fyrir ágætar undirtektir um málið og vona, að háttv. deild taki því eins vel.

Úr því að jeg stóð upp, þá vil jeg minnast á brtt. nefndarinnar 3. b. Ef nefndin álítur, að landsstjórnin ætti að eiga vísan fulltrúa í bæjarstjórninni, þar sem landssjóður á Eyjarnar, þá mætti koma þessu betur fyrir þannig, að bæjarfógetinn væri sjálfkjörinn bæjarfulltrúi, en bæjarfógeti væri kosinn, þegar kjósendur svo óska, samkvæmt ákvæðum frv. Jeg tek þetta að eins fram til athugunar, en geri enga till. þar um.

ATKVGR.

Brtt. 103,1 samþ. með 13 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
— 103,2. (ný 2. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
— 103,3. a. samþ. með 12 shlj. atkv.
— 103,3. b. — — 11 — —
3. gr, svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
— 103,4. samþ. án atkvgr.
5. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
— 103,5. samþ. með 12:2 atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 8 shlj. atkv.
— 103,6. samþ. með 12 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
9.—19. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
— 103,7. a. samþ. með 13 shlj. atkv.
— 103,7. b. og c. samþ. án atkvgr.
20 gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
21.—34. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 21. fundi í Ed., föstudaginn 17. maí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 141).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 26. fundi í Nd., laugardaginn 18. maí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um bæjarstjórn Vestmannaeyja,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 162).

Á 27. fundi í Nd., þriðjudaginn 21. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Forsætisráðherra (J. M.): Þetta frv. hefir sennilega verið í allsherjarnefnd í Ed., og býst jeg við, að því verði einnig vísað til allsherjarnefndar hjer. Leyfi jeg mjer að leggja það til.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 541) í e. hlj.

Á 33. fundi í Nd., þriðjudaginn 28. maí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 162, n. 204).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með öllum gr. atkv.

2.—19. gr. samþ. með öllum gr. atkv.

20.—34. gr. samþ. með öllum gr. atkv.

Fyrirsögn samþ án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Á 35. fundi í Nd., fimtudaginn 30. maí, var frv. tekið til 3. umr.

Enginn tók til máls,

ATKVGR.

Frv. samþ. í e. hlj. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 274).

---

23. Ófriðarráðstafanir.

Á 28. fundi í Ed., mánudaginn 27. maí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um viðauka við lög nr. 5, 1. febr. 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðnum (A. 219).

Á 30. fundi í Ed., miðvikudaginn 29. maí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Magnús Torfason): Þegar skipuð var bjargráðanefnd hjer í háttv. Ed., gat jeg þess, að við hefðum hjer á landi lifað og látið eins og friður væri væntanlegur á hverri stundu, látið hverjum degi nægja sína þjáning, látið reka á reiðanum. Jeg gat þess þá, að þetta mætti ekki lengur svo til ganga, því að eftir því, sem stríðið stæði lengur, hlyti að herða meir og meir að okkur.

Jeg hjelt í einfeldni minni, að síðasti vetur hefði átt að vekja okkur af þessu andvaraleysi, en ef hann hefir ekki gert það, þá hefðu atburðir síðustu viku átt að nægja til þess að sýna oss, að hjer er ekkert gaman á ferðum. Því að nú er það bert orðið, að alvarlegir og erfiðir tímar færast nær og nær oss og að örðugleikarnir á að stýra þjóðarfleyinu milli brims og boða fara vaxandi með hverri líðandi stund. Við megum því alls ekki fresta að búa okkur undir framtíðina, þessa síðustu og verstu tíma.

Frv. þetta á nú að gera oss færari til að bjarga oss, er neyðin kreppir að. Við höfum vonir um sæmilegar nauðsynjabirgðir næsta ár, en hvað þá tekur við vitum við ekki. Hins vegar er það með öllu óvíst, að við höfum nægan farkost til að viða að oss nauðsynjum vorum, og því er það skýlaus skylda vor að sjá um, að hann verði notaður sem allra best og á sem hagfeldastan hátt fyrir þjóðfjelagið í heild sinni.

En það er ekki nóg, að við seilumst til að ná vörunum einhvern tíma á árinu; það ríður á, að flutningarnir gangi sem greiðast. Það getur vel tálgast af okkar litla skipaflota. Einhverju af skipunum kann að verða sökt, og minkað gæti farkosturinn við það, að ófriðarþjóðir teldu óhjákvæmilegt að taka hann í sína þjónustu, án þess að spyrja okkur um leyfi. En auk þessa er það beinn peningasparnaður að flytja sem mest að okkur að sumrinu til. Allir flutningar eru ólíkt kostnaðarmeiri, örðugri og seinlátari að vetrinum, og stundum jafnvel algerlega teptir.

Okkur væri þarft að renna huganum oftar til annara þjóða en raun virðist á, og það eins þeirra þjóða, sem ekki taka þátt í ófriðnum. Meðal sumra hlutlausra þjóða hafa jafnvel efnamenn svo skarðan kost, að það gerir ekki meira en að þeir dragi fram lífið. Þegar við berum okkur saman við þessar þjóðir, hlýtur manni að blöskra allur óþarfinn og allsnægtirnar, sem hjer eru á boðstólum, og sjá, að frv. þetta er ekki ófyrirsynju fram borið.

Aðaltilgangur þessa frv. er að greiða fyrir nauðsynjaaðdráttum. En það er einnig sparnaðartillaga, því að vitanlega kaupir enginn það, sem ekki er til. Og við höfum sannarlega annað að gera við okkar fáu skildinga en að eyða þeim í óþarfa. Það sýna þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið til að hjálpa bjargarvana fólki. Hafa þær verið af alt of skornum skamti og sýnt, að þegar á þessu þingi verður að auka framlögur að stórum mun í því skyni. En síðan frv. kom fram hefi jeg fengið vitneskju um, að full þörf er á að taka mun fastar á þessu máli en gert er í frv. Það verður að sjá um, að leyfi verði að fá til að flytja inn og út hvað sem vera skal. Og það verður að kveða að fullu niður hið svo kallaða »keðjuprang«, eins og gert hefir verið í ýmsum öðrum löndum.

Leyfi jeg mjer svo að leggja til, að frv. verði, að lokinni þessari umr., vísað til bjargráðanefndar. Geri jeg ráð fyrir, að nefndinni sje kunnugt um þær ástæður, gagnvart útlöndum, sem eru til að taka jafnvel enn dýpra í árinni en gert er í frv., en sje mjer þó ekki fært að skýra frá hverjar sjeu, að minsta kosti að sinni.

Halldór Steinsson: Hjer er komið fram frv., er jeg hygg að sje lítt framkvæmanlegt, og þótt það væri framkvæmanlegt, mundi það í framkvæmdinni reynast viðsjárvert. Hjer er farið fram á að banna innflutning á öllum vörum, öðrum en nauðsynjavörum, nema stjórnin gefi sjerstakt leyfi til. En hver á nú að dæma um það, hvað sje nauðsynjavara og hvað ekki? Auðvitað landsstjórnin sjálf, eða með öðrum orðum okkar ágæta atvinnumálaráðaneyti. Nú eru vafalaust skiftar skoðanir um það í mörgum tilfellum, hvað sje nauðsynjavara og hvað ekki. Þá er það stjórnarinnar að úrskurða, og er þá hætt við, að sá úrskurður verði oft og einatt hæpinn og kunni að valda misskilningi og óánægju. T. d. mætti nefna óþarfar vörur, sem fyrir margra alda vana og neyslu hafa fest djúpar rætur með þjóðinni, svo sem kaffi og tóbak. Þessar vörur eru ekki nauðsynjavörur og geta

jafnvel verið skaðlegar, ef þeirra er neytt í óhófi, en þó hygg jeg, að allur þorri landsmanna tæki það óstiot upp, ef þing og stjórn bönnuðu aðflutning á þeim. En svo er annar flokkur af vörum, sem engum getur blandast hugur um að sjeu óþarfar, og um þær rís auðvitað enginn ágreiningur.

Jeg drap á það, að frv. þetta væri mjög óheppilegt, þótt framkvæmanlegt væri. Flestar þær vörutegundir, sem hjer kemur til mála að banna innflutning á, eru tollaðar, og eru tollarnir af þeim drjúgur hluti af tekjum landssjóðs. Með hverju hefir nú háttv. flutnm. (M. T.) hugsað sjer að bæta landssjóði þá rýrð, sem verður á tekjum hans, ef frv. þetta verður að lögum? Jeg hjelt, að fjárhagur landssjóðs væri ekki svo glæsilegur, nú sem stendur, að hann mætti við því, að kipt væri burt sumum stærstu tekjulindunum, án þess að sjáanleg væru nokkur sköpuð ráð til þess að bæta landssjóði þann halla með nýjum tekjustofnum.

Þá álít jeg, að þetta frv. gangi of nærri atvinnufrelsi manna og gæti valdið miklu misrjetti. Eins og jeg áðan gat um, eru skiftar skoðanir um það, hvort ýmsar vörutegundir sjeu nauðsynjavörur. Ef landsstjórnin gerir einni af þessum vafasömu vörutegundum hærra undir höfði en annari, er það sama og að hún geri einum kaupmanninum hærra undir höfði en öðrum. Mundi það ekki að ósekju geta vakið mikla gremju. Með þessu frv. væri stjórninni fengið óeðlilega mikið vald og vandi. Trúi jeg því ekki fyr en jeg tek á, að hún vilji takast þann vanda á hendur.

Annars er ekki óhugsandi, að sjóða mætti upp úr frv. annað sanngjarnara frv., sem fari fram á, að bannaður verði innflutningur á þeim vörum einum, sem ekki orkar tvímælis að sjeu óþarfar. Þess vegna vil jeg fyrir mitt leyti ekki meina frv. að ná fram að ganga við þessa umræðu. Geri jeg það í þeirri von, að háttv. nefnd beri frv. fram við næstu umræðu í nýrri og betri mynd.

Flm. (Magnús Torfason): Jeg gat þess í frumræðu minni, að jeg byggist við, að það þyrfti að herða á þessu frv., en ekki að draga úr því, og jeg vona, að þetta þing skilji svo við, að innflutnings- og útflutningsleyfi þurfi fyrir allar vörur. Háttv. þm. Snæf. (H. St.) virðist ekki hafa mikið álit á stjórninni eða handlöngurum hennar, sem í þessu tilfelli mundi verða verslunarráðið eða sjerstök nefnd, sem rjeði inn- og útflutningi, og jeg býst við, að bráðlega verði skipuð. Jeg geri ráð fyrir því, að gerður verði munur á vörum, sem eru gersamlega ónauðsynlegar, og öðrum, sem verður að ákveða um í hvert skifti, hvort flytjast megi inn. Um þær vörur, sem í síðari flokknum eru, kann að verða ákveðið, hve mikið megi flytjast inn, svo að ekki flytjist alt of mikið að af óþarfanum. Jeg fæ ekki sjeð, að stjórninni sje með þessu gefið hættulegt vald. Hún mun ekki fara lengra í að- og útflutningsbönnum en nauðsyn krefur, og leiki vafi á um einhverja vörutegund, hve nauðsynleg hún sje, býst jeg við, að stjórnin taki heldur þann kostinn, að leyfa aðflutninginn. Gróði sumra kaupmanna getur auðvitað minkað, þegar til framkvæmda á þessum lögum kemur. En það er ekkert meira en skeður í öðrum löndum. Jeg veit til þess, að um daginn kom útlendingur í hús hjer í Reykjavik, og var borið fyrir hann te. Þegar hann sá, hve rausnarlega fram var reitt, varð honum að orði við húsfreyjuna: »Ef þetta teborð hefði sjest í Englandi, mundi óðar hafa verið »kuttað« af yður höfuðið«. Þetta eru vitanlega hreysti-

yrði, en jeg get þessa til samanburðar á ástandinu hjer og á Englandi.

Frv. þetta er bráðnauðsynlegt af ástæðum, er jeg vil ekki geta um hjer í salnum. En það undrar mig ekki, þótt hv. þm. Snæf. (H. St.) sjái það ekki. Hann sýndi það, er hann bar fram fyrirspurnina um skömtunina á korni og sykri, að hann ber ekki skyn á þessi mál. Það er ekki af því, að þingmaðurinn sje óvitrari en aðrir þingmenn, heldur af hinu, að í þessum málum er hann blindur á báðum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til bjargráðanefndar (sjá A. bls. 544) með 9 : 2 atkv.

Á 41. fundi í Ed., þriðjudaginn 11. júní, var frv. tekið til 2. umr. (A. 219, n. 320, 331).

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Jeg þarf ekki að fara mörgum orðum um frv. þetta. Bjargráðanefndin hefir fallist á það í öllum aðalatriðunum; að eins hefir hún lagt það til, að frvgr. yrði orðuð á annan hátt, þannig, að það yrði lagt á vald landsstjórnarinnar, á hvaða vörutegundum megi banna innflutning.

Þá þótti nefndinni fara betur á því, að frvgr., sem er viðauki við lög nr. 5, 1. febr. 1917, yrði sett annarsstaðar inn í lögin en gert er ráð fyrir í frv.

Nefndin vill skeyta frvgr. aftan við 3. tölulið 2. gr. laganna, því að í þeirri grein eru taldar upp vörur, sem flytja megi inn, en í 3. gr. laganna er talað um, hvaða vörur megi banna að tilbúnar sjeu í landinu.

Nú á fundinum hefir verið útbýtt brtt. frá háttv. fim. (M. T.), og fer hún í sviparða átt og brtt. bjargráðanefndar; að eins er því við bætt, að landsstjórnin skuli hafa heimild til þess að ákveða, hve mikið megi leggja á vörurnar.

Jeg get ekki sagt um það með vissu, hvernig nefndin öll lítur á þessa brtt., en fyrir mitt leyti mun jeg fallast á hana, og mjer þykir líklegt, að bæði aðrir hv. meðnefndarmenn mínir og aðrir hv. þgdm. líti svo á, að brtt. þessi sje alt eins heppileg og brtt. nefndarinnar.

Sje jeg svo ekki ástæðu til þess að fara frekari orðum um málið.

Magnús Torfason; Jeg get verið hv. bjargráðanefnd þakklátur fyrir undirtektir hennar og þá ekki síður háttv. frsm. (G. Ó.) fyrir ummæli hans um brtt. mína á þgskj. 331.

En ástæðan til þess, að jeg ber fram brtt. þessa, er sú, að síðan frv. kom fram hefir aðstaða öll breyst í málinu.

Frv. var að eins til þess að heimila landsstjórninni að banna innflutning á ónauðsynlegum vörum, en brtt. er til þess, að ekkert verði flutt inn nema með leyfi landsstjórnarinnar.

Vegna bresku samninganna er það nauðsynlegt, að landsstjórnin hafi heimild til þess að koma hjer á nokkurskonar »licence« eða leyfisteppu á innflutningi.

Nauðsyn þessa sjest best á því, að landsstjórnin hefir þegar látið skipa útflutningsnefnd og aðflutningsnefnd.

Ástæðurnar fyrir brtt. eru því ekki að eins hinar sömu og fyrir frv., að koma því til leiðar, að farrými yrði sem best notað, heldur er þetta nú orðin knýjandi nauðsyn.

Jeg þarf því ekki að fara fleiri orðum um þessa hlið málsins.

Þá vildi jeg minnast á síðari hluta brtt., sem veitir landsstjórninni heimild til þess að ákveða, hve mikið sje lagt

á vörur. Það er öllum kunnugt, að nauðsynjavarningur er orðinn afardýr. Vil jeg benda á sem dæmi klæðnaðarvörur. En þetta geypiverð á þeim er að miklu leyti óþarft og stafar af því, að óhæfilega mikið er lagt á vöru.

En eins og kunnugt er, komast menn ekki af með þann klæðnað, sem hægt er að vinna hjer; að minsta kosti verða kaupstaðarbúar að nota mest klæðnað úr útlendum efnum.

Það mundi því vera sjerstaklega þörf á því að beita þessu ákvæði hjer.

En þess ber að gæta, að þetta er að eins heimild, en ekki skipun, til landsstjórnarinnar, og það ætti öllum að vera ljóst, að slíkrar heimildar er full þörf, þar sem hagur landsins getur breyst á svo margan veg, að full nauðsyn verði á að beita lögum þessum mikið og jafnvel út í ystu æsar.

Forsætisráðherra (**J. M.**): Jeg vildi að eins leyfa mjer að lýsa yfir því, að jeg er mjög þakklátur hv. flm þessa frv. Það hefði ef til vill verið ástæða til að gera þessa ráðstöfun miklu fyr, því að þetta er ekki annað en gert hefir verið mjög víða annarsstaðar, að taka fyrir það með lögum, að hægt sje að flytja inn hvaða óþarfa sem er og gera vörur miklu dýrari en ástæða er til. En þetta hefir hvorttveggja viðgengist. Varan er hækkuð með mjög hárri hundraðstölu, eftir því sem einn selur öðrum, uns smásalinn tekur við.

Óþarfur vöruflutningur til landsins gerir hvorttveggja, að tefja flutninga, sem eru nauðsynlegir, og tekur upp mikið skipsrúm. Verði frv. með brtt. samþykt, þá getur orðið fyrirbygt þetta hvorttveggja og auk þess hindraður óforsvaranlegur millimannagróði, þar sem landsstjórnin sjálf getur ákveðið, hve mikið skuli langt á vöruna. Jeg get því ekki hugsað annað en að háttv. deildarmenn sjái, að hjer er ekki farið fram á annað en það, sem sjálfsagt er. Og jeg fyrir mitt leyti vildi mjög sterklega mæla með þessu frv., sem bætir mjög úr með kaup og sölu.

Sumum kann ef til vill að finnast, að verðlagsnefnd gæti sjeð um þetta, en hún getur þó varla gert alt það, sem þarf í þessum efnum. Það þarf að athuga vöruverð frá byrjun og segja fyrir um, hve mikið megi leggja á. Þetta alt er hægt að gera, þar sem nú er komin nefnd, sem veitir aðflutningsleyfi, en til þess, að hún geti haft verulega þýðingu, þarf hún að fá slík lög sem þessi til að styðjast við.

Atvinnumálaráðherra (**S. J.**): Það getur verið, að sumir líti svo á lögin frá 1. febrúar 1917, að þau heimili það, sem hjer er farið fram á; en jeg býst samt við, að skiftar skoðanir yrðu um það, og getur þá þetta frv. tekið af allan vafa í því efni.

Jeg hallast helst að brtt. háttv. þm. Ísaf. (M. T.), enda mun nefndin geta fallist á að taka sína brtt. aftur.

Svo vildi jeg lýsa yfir því frá stjórnarinnar hálfu, að hún mun alls ekki ætla sjer að beita nokkru einræði í þessu máli. Hún mun leita umsagnar forstöðumanns landsverslunarinnar og nefndarinnar, sem nú er nýskipuð. Það er alveg ástæðulaust að halda, að kaupmönnum verði gert svo erfitt fyrir, að þeir treystist ekki til að halda áfram atvinnu sinni. Jeg fyrir mitt leyti treysti hinni nýskipuðu nefnd fullkomlega til þess að eyðileggja ekki hvötina hjá kaupmönnum til að halda áfram að versla með hagnaði.

Magnús Kristjánsson: Jeg hefi skrifað undir nál. með fyrirvara og skal

hjer með gera grein fyrir hvers vegna.

Í fyrsta lagi hefi jeg gert það af því, að frv. er óþarft, þar sem landsstjórnina brestur ekki þá heimild, sem það veitir. Sú heimild er fyrir í lögum frá 1. febrúar 1917.

Í öðru lagi getur ekki, eins og nú er ástatt, orðið um mikinn annan vöruflutning til landsins að ræða en þann, sem er landsmönnum bráðnauðsynlegur, vegna þess að skipastóllinn er hvergi nærri nógur.

Í þriðja lagi hefi jeg, ásamt öðrum stjórnendum landsverslunarinnar gert grein fyrir áliti okkar í þessu máli, í skjali til landsstjórnarinnar, og þar lagt til, að nauðsynjavörur, svo sem kornvara og sykur, sjeu seldar af landsversluninni, en aðrar vörur gangi til kaupmanna.

Jeg gæti fært til fleiri ástæður, svo sem þá, að eins og nú er komið, ræður landsstjórnin í raun og veru öllum inn- og útflutningum, og til þess að flytja inn nauðsynjavörur þarf leyfi landsstjórnariunar. Færi nú landsstjórnin að gefa út einhverja reglugerð fyrir því, hvaða vörur skyldu teljast ónauðsynlegar og hverjar ekki, þá má ganga að því sem vísu, að um það yrðu skiftar skoðanir, hve mikið rjettlæti væri í þeirri reglugerð, hvað væri nauðsynjavara og hvað ekki. Hún yrði eilíft þrætuepli. Jeg get því ekki heldur fallist á brtt. meðnefndarmanna minna um, að reglugerð sje gefin um, hvað ekki megi flytja til landsins.

Brtt. á þgskj. 331, frá fim. frv. (M. T.), er næst því að vera frambærileg, og skal jeg ekki leggjast á móti henni, a. m. k. fyrra atriðinu. En viðvíkjandi síðara atriðinu, þá hefir reynslan sýnt, að erfitt er að framfylgja landsstjórnarreglunum. Þegar landsstjórnin seldi sykurinn og kaupmenn áttu að hafa útsöluna á hendi, þá máttu þeir hvorki halda honum inni hjá sjer nje selja hann fyrir hærra verð en landsstjórnin setti á hann. En hvorttveggja átti sjer stað. Kaupmenn sumir seldu hærra en leyfilegt var og hjeldu sykrinum inni hjá sjer.

Jeg hefi þá þegar lýst því, að jeg sje á móti þgskj. 219 og 320. Þgskj. 331 get jeg látið blutlaust. En mig skyldi ekki undra, þótt árangurinn af öllu þessu yrði eitthvað minni en háttv. flm. (M. T.), forsætisráðherra o. fl. hjer í deildinni halda.

Guðjón Guðlaugsson: Við, sem erum í bjargráðanefnd, höfum komið okkur saman um að taka aftur brtt. á þgskj. 320.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Það hefir vakað fyrir útflutningsnefnd, að það gæti komið henni að gagni, að þetta frv. yrði samþykt. Jeg álít því sjálfsagt, að þingið taki það tillit til hennar, að það samþykki frv.

ATKVGR.
Brtt. 320. tekin aftur.
— 331. (ný frvgr.) samþ. með 10 : 1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 : 1 atkv.

Á 45. fundi í Ed., laugardaginn 15. júní, var frv. tekið til 3. umr. (A. 341, 342, 359).

Magnús Torfason: Eins og hv. þm. sjá, þá hefi jeg leyft mjer að koma fram með brtt. um að orða frv. öðruvísi, og eru brtt. prentaðar á þgskj. 359.

Um fyrstu brtt., um að skeyta 1. gr. framan við frv., skal jeg geta þess, að

það er gert samkvæmt tillögu hæstv. forsætisráðherra. Sú grein fer fram á það að breyta 1. gr. núgildandi laga um þetta svo, að í staðinn fyrir orðin »meðan Norðurálfuófriðurinn stendur« komi: »þangað til öðruvísi er ákveðið«. Eins og lögin eru nú orðuð, er hæpið, að ráðstafanir þær, er gerðar hafa verið, geti staðið lengur en Norðurálfuófriðurinn, en eins og gefur að skilja, er nauðsynlegt, að ýmsar ráðstafanir geti staðið lengur. Það sjá t. d. allir í hendi sjer, að jafnstóra stofnun og landsverslunin er orðin, er ekki hægt eða hyggilegt að fella niður samdægurs og friðarsamningar takast. Það gæti beinlínis stafað af því hætta fyrir landssjóðinn. Hann stæði þá uppi með ábyrgðina og tjónið. Að því getur vitanlega enginn þm. stutt; það er skylda vor þm. að sjá um, að tjón landssjóðs verði svo lítið sem unt er. Því er þessi grein rjettmæt.

Önnur greinin er hin sama og frumvarpsgreinin á þgskj. 331. Jeg skal geta þess um það, er sagt var í blaði nokkru og eins hjer í háttv. deild, að þessi grein er eigi sama efnis og sú, sem er í lögum nr 6, frá 8. febr. 1917, því að eftir þeirri grein má að eins beita þessu ákvæði þegar nauðsyn er á, sakir þess að aðflutningar til landsins eru ekki tryggir, en eins og greinin er orðuð hjer, má beita ákvæðinu þegar stjórnin telur vera þörf til þess. Það þekkja allir orðtakið: »oft er þörf, en nú er nauðsyn«. Þetta ákvæði er rýmra og mætti því vera haganlegra.

Þá er 3. brtt. Er hún gerð í samráði við hæstv. forsætisráðherra. Það þótti rjettara að láta lögin öðlast strax gildi, og þarf eigi að gera greinargerð fyrir því.

Jafnframt skal jeg taka það fram, að jeg tek aftur brtt. á þgskj. 342 sem óþarfar.

Halldór Steinsson: Við 1. umr. um frv. þetta talaði jeg á móti því og tók þá fram, að jeg teldi frv. varhugavert og að það gæti haft háskasamlegar afleiðingar í för með sjer, ef því væri misbeitt. Jeg bjóst nú við, að nefndin mundi lagfæra frv. og að það kæmi stórbreytt frá henni. En sú von hefir alveg brugðist; brtt. nefndarinnar voru mjög smávægilegar. En aftur hefir háttv. flutnm. (M. T.) færst mjög í aukana og vill altaf herða frv. meir og meir. Fyrst vildi hann láta frv. að eins ná til ónauðsynjavöru, en nú nægir honum það ekki lengur, heldur vill hann, að það taki til allrar vöru, jafnt nauðsynlegrar sem ónauðsynlegrar. En það er ekki nóg með það. Hann hefir fengið eftirþanka og vill kippa burt orðunum »ef þörf gerist«, og sjá allir, hvern mismun það gerir, er greinarnar lesa. Þetta hefir ekki einu sinni nægt honum hann hefir fært sig enn þá upp á skaftið, og með 1. brtt. sinni á þgskj 359 vill hann koma því til vegar, að lög þessi gildi um óákveðinn tíma, eða svo lengi sem stjórninni þóknast, en ekki að eins meðan Norðurálfuófriðurinn stendur, eins og núgildandi lög mæla fyrir.

Það er ekki hægt að segja annað en að það sjeu komnar margar útgáfur af frv., en það væri synd að segja, að það sjeu endurbættar útgáfur, því að þær fara stöðugt versnandi.

Hversu vitur stjórn sem sæti við stjórnvölinn, þá væru lög sem þessi athugaverð, en hjá misviturri stjórn geta slík lög, ef þeim er misbeitt, orðið stórhættuleg fyrir atvinnufrelsi og framþróun einstaklingsins.

Það getur verið rjett að veita stjórn-

inni heimildir milli þinga, en það verður ætíð að vera brýn nauðsyn til þess og gert með hinni mestu varúð. Alþingi hefir áður gefið landsstjórninni ýmsar heimildir á ýmsum sviðum, og að mínu áliti er of mikið gert að heimildum þessum, því að um ýms mál, er stjórnin hefir haft með höndum samkvæmt þessum heimildum, hefir risið upp talsverð óánægja, af því að stjórninni hefir ekki tekist að fara með þau samkvæmt tilætlun þingsins. (**Atvinnumálaráðherra:** Eins og hvar?). Það hlýtur stjórninni að vera kunnugt, en benda skal jeg þó hæstv. atvinnumálaráðh. sem dæmi á Tjörnesnámuna, og má þó fleira telja.

Með þessu frv. er stjórninni gefið alræðisvald um öll verslunarmál landsins, og er það mjög óheppilegt og má ekki eiga sjer stað. Í lögum þeim, er samþykt voru á síðasta þingi, voru stjórninni veittar nægilegar heimildir um þetta, og reynslan hefir sýnt, að fleiri eða meiri heimilda er engin þörf, en hinar eru fullmiklar, sem fyrir eru. Jeg mun því hiklaust eins og áður greiða atkvæði á móti frv.

Magnús Torfason: Jeg verð að segja það, að mig undra orð háttv. þm. Snæf. (H. St.), og jeg fæ ekki skilið, að hann geti talað svo sem hann gerði, nema af því, að hann viti ekki hvað er að gerast með þjóðinni, og viti ekki, á hvaða braut verslunin er nú komin.

Háttv. þm. (H. St.) tók það fram, að 1. brtt. á þgskj. 359 gæti verið hættuleg fyrir landið. Jeg skal nú ekki eyða löngu máli til að sýna þörfina á þessari brtt., en jeg vil benda á það, að eftir núgildandi lögum geta kaupmenn strax er Norðurálfuófriðnum linnir flutt til landsins eins mikið af vörum og þeir vilja og orka, en þá getur svo staðið á, og má enda telja víst, að landið eigi miklar vörubirgðir. Kaupmenn fá vörur sínar fyrir lægra innkaupsverð og flytja þær til landsins með minni kostnaði en landssjóður flutti vörur sínar. Það má því öllum vera ljóst, að kaupmenn geta þá selt vörur sínar mikið ódýrara en landssjóður, og hlyti landssjóður því að selja sjer í stórskaða og bíða af hið mesta tjón. Mjer dettur ekki í hug annað en að löggjafar og stjórnin hafi fulla heimild — og enda skyldu — til að verja landssjóð fyrir slíku áfalli. Og þeim mun fremur er það rjett og skylt, þar sem landssjóður hefir flutt og selt þær vörur, sem minstur arður er á, því að bæði fyr og síðar hefir mest verið lagt á ónauðsynjavöru, og hún oft og einatt látin bera alla verslunina. En landssjóður hefir ekki haft óþarfa vöru til sölu. Kaupmenn gætu því hæglega, ef þeir teldu þess þurfa og vildu, selt vörur þær, er landssjóður lægi með, undir verði, en lagt þeim mun frekar á óþarfa varninginn. Þetta má augljóst vera öllum lýð, og því er sjálfsagt við því að gera, og til þess er þessi heimild.

Þá fann sami háttv. þm. (H. St.) að því, að orðin »ef þörf gerist« væru feld niður, en óþarft væri það, því að þetta komst inn að eins í ógáti, því að jeg miðaði brtt. mína við 3. gr. En eins og nú hagar málinu, er hjer að eins um orðabreytingu, en enga efnisbreytingu, að ræða. Óþarfi að tvítaka orðin.

Jeg ætla mjer ekki að fara að verja landsstjórnina fyrir gerðir hennar; bæði er það langt frá umræðuefninu, og eins er hæstv. stjórn sjálf fær um það, en jeg veit ekki til, að stjórnin hafi misbeitt valdi sínu gagnvart nokkrum einstaklingi þjóðfjelagsins; þvert á móti hefir stjórnin fremur gert of lítið fyrir landsverslunina, og það einmitt af því, að hún hefir viljað forðast að troða á tær kaupmanna. Jeg hygg, að landið

hafi beðið stórtjón af þessari tilhliðrunarsemi stjórnarinnar. Og það virðist vera sjerstaklega óþarft að koma nú fram með þessa ljettvægu mótbáru, þar sem allir forstöðumenn landsverslunarinnar nema einn eru kaupmenn.

Í sambandi við þetta vil jeg taka það fram, að það er ósköp leiðinlegt að heyra þennan sífelda jarm kaupmanna um, að stjórnin fái alræðisvald yfir verslun landsins. Það er meiningin, að stjórnin notfæri sjer þetta vald, og jeg teldi það verst, ef hún gerði það ekki.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg vil að eins leyfa mjer að gera athugasemd við orðalagið á brtt. á þgskj. 359.

Í brtt. eru þrisvar nefnd lög nr. 5, 1. febr. 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðnum. Þetta er gert í 1. gr., 2. gr. og fyrirsögninni. Mjer finst, að það færi betur á, að í 2. gr. stæði »2. gr. sömu laga«, í stað »2. gr. laga nr. 5, 1. febr. 1917«, eins og nú stendur þar, og vil jeg beina því til forseta, hvort eigi megi líta svo á, sem það megi álítast sem »redaktionelt« atriði, ef 1. gr. verður samþykt. Eins hefði mjer þótt fara betur á því, að líkt orðalag hefði verið í 1. gr., en lagauppteknin sjálf að eins í fyrirsögninni. En annars lít jeg svo á, sem betur hefði farið á að fella lögin í eina heild en hafa þau í mörgum smábútum.

Kristinn Daníelsson: Jeg vil leyfa mjer að bera fram þá spurningu til hæstv. forseta, hvernig hann ætli að haga atkvgr. um brtt. á þgskj. 359. Þær eru allar bornar fram sem ein brtt, en eru í raun og veru þrjár brtt., svo að æskilegast væri, að hver einstök gr. fyrir sig sje borin upp. (**Forseti:** Jeg tel það rjettast). Jeg fyrir mitt leyti mun greiða atkv. með 1. og 3. gr., en jeg sje ekki ástæðu til að fella niður orðin »ef þörf gerist«, og mun því eigi greiða atkv. með 2. gr. Það gæti valdið misskilningi, en ekkert gagn gert.

Sigurjón Friðjónsson: Vegna þess, að mál þetta var til athugunar hjá nefnd, sem jeg á sæti í, þá vildi jeg gera stutta athugasemd við ummæli háttv. þm. Snæf. (H. St.) um, að altaf sje verið að herða ákvæðin. Þetta er ekki rjett, því að í frv., er það kom fyrst fram, var beinlínis bannað að flytja ónauðsynjavöru til landsins öðruvísi en með sjerstöku leyfi. Á þetta vildi nefndin ekki fallast, en vildi breyta því á þá leið, að stjórnin gæti bannað innflutning á þeirri vöru, sem hún teldi ónauðsynlega; en nefndin tók síðar þá till. aftur og fjelst á till. háttv. þm. Ísaf. og fim. frv. (M. T.) um að heimila stjórninni að banna innflutning á vörum til landsins, eftir því sem henni kynni að þykja nauðsynlegt.

Nú er í raun og veru búið að leggja bann á alla aðflutninga til landsins, nema eftir leyfi nefndar, er stjórnin hefir skipað. Þetta er gert með reglugerð, sem birt hefir verið í Lögbirtingablaðinu. Jeg veit ekki, eftir hverju stjórnin hefir farið, er hún gaf út þessa reglugerð; jeg verð að telja það hæpið, að hægt sje að finna nokkra stoð fyrir því í núgildandi lögum, en því lít jeg svo á, sem nauðsyn beri til, að lög sem frv. þetta verði afgreidd hjer á þinginu. En jeg skal játa það, að hjer er nokkuð langt farið, og jeg greiði hikandi atkv. með frv.

Halldór Steinsson: Háttv. þm. Ísaf. (M. T.) var að tala um það, að 1. gr. á þgskj. 359 væri nauðsynleg, því

að ef hún yrði ekki samþ., þá gætu kaupmenn sama daginn og stríðið hætti keypt vörur og flutt til landsins, og þá selt ódýrara en landsverslunin, svo að landsverslunin biði tap við það. Þessi ástæða er mjög ljettvæg, því að það eru engin líkindi til þess, að vörur stórfalli í verði alt í einu, og tap landsverslunarinnar gæti aldrei orðið mikið. Forðinn er ekki svo ýkjamikill. (**M. T.**: Hann gæti verið það). Hann hefir aldrei verið það hingað til, og líkt verður vist eftirleiðis.

Sami háttv. þm. (M. T.) sagðist eigi skilja jarm þann, er væri um mál þetta frá mjer og kaupmönnum landsins. Jeg hefi aldrei skoðað mig sem málsvara kaupmanna, en mín vegna má hann gjarnan nefna það »jarm«, þegar haldið er *fram rjettmætum kröfum fjölda* margra manna í landinu og rjetti vissra stjetta. Annars virðist svo, sem háttv. þm. Ísaf. (M. T.) hafi með undarlegum hætti gerst verndari stjórnarinnar um þessi mál, en honum hefir langt frá því farist það fimlega, og bendir það ótvírætt á það, að hugur fylgi litt máli. Það mega og allir skilja, er vilja beita skynsemi sinni, að eðlilegt er. Ætið slæmt að verja rangt mál.

Háttv. 1. landsk. varaþm. (S. F.) vildi færa bætur fyrir hönd nefndarinnar. Er það eðlilegt, þar sem hann á sæti í nefndinni, og gera skal jeg það honum til hugfróunar að játa, að frekar var bót að till. nefndarinnar, þótt þær væru, eins og jeg sagði áðan, óverulegar, því að eftir brtt. nefndarinnar var heimild þessi veitt stjórninni, en eins og oft hefir sýnt verið á þessu þingi, þá hafa stjórninni þegar verið veittar ofmiklar heimildir og því ekki rjett að bæta við þær. Á þetta atriði legg jeg áherslu, því að brautin, sem hjer er gengin, er **stórhættuleg og getur leitt beint til glötunar.**

Eggert Pálsson: Jeg hefi ekki átt kost á að taka þátt í umræðum um þetta mál, þar sem jeg hefi verið fjarverandi, og vil því nota tækifærið nú við þessa síðustu umr. til að gera með fám orðum grein fyrir atkv. mínu.

Jeg fæ ekki sjeð, að frv. sje á nokkurn hátt nauðsynlegt, eða að það bæti í einu eða öðru úr ástandinu, eins og nú er komið.

Stjórnin hefir nú nýlega skipað innflutningsnefnd, sem alla ber skylda til að snúa sjer til. Skal jeg láta ósagt, hvort stjórnin hafi haft nokkra heimild til þessarar ráðstöfunar, en þar sem þing nú er saman komið, og þar eð það hefir tekið þessu þegjandi og hljóða laust, má telja, að það hafi með þögninni viðurkent, að stjórnin hafi ekki farið *lengra* en hún hefir heimild til. Annars hefði þingið hlotið að nema þessa ráðstöfun hennar úr gildi. En fyrst nú svona er komið, er það öllum augljóst, að aðalatriði frv. er þegar gengið í gildi.

Hitt atriðið, að stjórnin fái heimild til að ákveða, hve mikið skuli lagt á innfluttar vörur, virðist í fljótu bragði meira nýmæli. En ef betur er að gáð, sjest, að það er líka óþarft. Enn sem komið er er verðlagsnefndin við lýði, og hennar verk er einmitt, eða á að vera, að ákveða verð á vöru. Fyrst þyrfti að minsta kosti að afnema verðlagsnefndina, áður en þörf er á þessu nýja ákvæði. Það væri til einkis gagns, en gæti orðið til bölvunar, að hafa það tvent í lögum, að bæði verðlagsnefnd og stjórn ákvæðu verðlag á vöru.

Frv. er fálm út í loftið. Fáar hreppsnefndir í landinu mundu láta slíkt smið frá sjer fara. Þegar litið er á kringumstæðurnar, sjest, að það er gersamlega óþarft, og greiði jeg hiklaust atkv. *á móti því.*

Atvinnumálaráðherra (S J.): Það hefir verið rjettilega tekið fram af háttv. flm. brtt. á þgskj. 359 (M. T.), að full þörf er á slíku lagaákvæði. Jeg lít svo á, að hugsanlegt sje, að einhver mótmæli yrðu hafin gegn skipun innflutningsnefndarinnar, þótt enn hafi þau ekki fram komið, og væri þá gott að hafa slík lög sem þessi, til þess að ekki geti orkað tvímælis um skipun nefndarinnar. Stjórnin hefir að vísu litið svo á, að hún hefði fulla heimild til að setja ákvæði um vöruaðflutninga, en heyrst hefir, að einhverjir líti öðruvísi á það mál.

Niðurlag 2. gr. er aftur alnýtt ákvæði. Nú mun vera til umræðu í háttv. Nd. frv. um afnám verðlagsnefndarinnar, og væri slíkt ákvæði og þetta nauðsynlegt, ef það umgetna frv. nær fram að ganga. Og þótt verðlagsnefnd verði ekki afnumin, er full þörf á ákvæðinu. Verðlagsnefndinni væri það kappnóg verkefni að ákveða verðlag á innlendri vöru.

Jeg verð að líta svo á, að frv. þetta sje þarft og gott og komi ekki í bága við neitt, sem nú er í lögum.

Guðmundur Björnson: Jeg tel mjer skylt að tala fáein orð í þessu máli áður en gengið er til atkv., því að talsvert hefir bryddað á misskilningi í umræðunum, einkum þó í ræðu háttv. 1. þm. Rangv. (E. P.). Hann áleit, að verðlagsnefndin væri að sjálfsögðu afnumin, ef þetta frv. verður samþ., og hefði átt að byrja á því áður en þetta frv. var borið fram. Þessi ummæli eru bygð á fullkomnu þekkingarleysi á því, hvernig þessum málum er nú hagað. Verðlagsnefndinni er ætlað það verkefni, að hafa eftirlit með vöruverði smásalanna og verði á innlendri vöru. Það liggur í augum uppi, að hvað sem frv. því, sem nú er til umr., líður, þá kemur það ekkert við verðlagi á innlendri vöru. Er því jöfn þörf á verðlagsnefnd eftir sem áður, þótt frv. verði að lögum. Það hefir komið í ljós, að sumum er ekki fullljóst, hvert frv. stefnir. Hæstv. forsætisráðherra var það ljóst, og því mælti hann öfluglega með frv., er það kom fyrst til umr. Í frv. er átt við, að landsstjórnin taki í taumana, ef stórkaupmennirnir, sem áður hjetu umboðssalar, — þeir, sem selja smákaupmönnunum —, ef þeir leggja of mikið á vöruna.

Jeg get frætt menn á því, að það er býsna erfitt að hafa eftirlit með kaupmönnum, en þó hvergi nærri ógerlegt, enda hefir það verið gert að miklu meira leyti en menn vita af. Rannsóknir verðlagsnefndarinnar í vetur leiddu í ljós, að álög smákaupmanna voru yfirleitt ekki fram úr hófi. En alt öðru máli var að gegna um stórkaupmennina. Áður en ófriðurinn mikli hófst var atvinnu þeirra öðruvísi hagað en nú er. Þá voru þeir umboðssalar. Þá keyptu þeir útlendar vörur fyrir reikning smákaupmannanna og fengu fastákveðin umboðslaun fyrir. En nú hefir þetta gersamlega breyst. Alveg umsnúist. Hjer er engin umboðsverslun til lengur. Ef smákaupmaður kemur til stórkaupmanns og biður hann að kaupa fyrir sig vörur, fær hann þetta svar: »Nei, það geri jeg ekki. En þú getur fengið þessar vörur keyptar hjá mjer«. Þessi breyting á stórversluninni hefir ekki orðið almenningi til hagsældar og ekki heldur hinni eiginlegu kaupmannastjett — hinni stóru verslunarstjett. En hvers vegna hefir þessi breyting orðið? Það liggur í augum uppi. Þegar vandræðin aukast, sjá stórkaupmennirnir sjer leik á borði og setja smákaupmönnunum stólinn fyrir dyrnar, neyða þá til að kaupa vörur hjá sjer. Það hafa þeir getað, því að sam-

kepnin er svo lítil. Þessa eru ótal dæmi. Verðlagsnefndin hefir sannanir fyrir því. Þetta er dómur hennar um flesta stórkaupmennina: að þeir hafa lagt óhæfilega mikið á vöruna. En lögin, sem verðlagsnefnd hefir haft við að styðjast, hafa gert henni ómögulegt að taka í taumana.

Þessi leið, sem nú er fyrirhugað að fara, til að koma í veg fyrir óhæfilegan stórkaupmannagróða, hefir fyrir lifandi löngu verið lögleidd annarsstaðar. Verðlagsnefndin fjekk áþreifanlegasta vissu um það þegar við fengum rúginn frá Danmörku. Honum fylgdi það ákvæði, að stórkaupmenn mættu ekki leggja á hann nema takmarkað, lágt ómaksgjald. Þess vegna fengum við rúginn með skikkanlegu verði. En hjer á landi hefir landsstjórnin hingað til ekki haft minstu heimild til að takmarka álag stórkaupmanna. Þess vegna er frv. það, er nú er fram komið, bráðnauðsynlegt. Það er bráðnauðsynlegt vegna þess, að það er sannanlegt, að stórkaupmenn hafa lagt óhæfilega mikið á brýnustu nauðsynjavörur.

Jeg ætla mjer ekki að fara að deila um það, hvort afnema skuli verðlagsnefndina. Jeg hefi haft þann starfa á hendi, eins og margan annan vanþakklátan starfa í þjóðfjelaginu, og kvíði jeg ekki því að losna við hann. En þótt þetta frv. verði samþ., er jöfn nauðsyn á verðlagsnefnd og verið hefir.

Jeg vona, að háttv. deild skilji nú, að hjer er hvorki vitleysa nje óþarfi á ferðum. En því vil jeg bæta við, að eins og alt er nú orðið örðugt hjer í landi, þarf Alþingi ekki síður að hugsa eitthvað um alla þá, sem kaupa, og ekki eingöngu um hina himnesku framleiðendur.

Eggert Pálsson: Háttv. 6. landsk. þm. (G. B.) virtist mjer ekki ósamþykkur um annað aðalatriðið í ræðu minni, sem sje það, að ákvæði um, að landsstjórnin geti bannað innflutning á vörum til landsins, sje algerlega óþarft, þegar búið er að skipa innflutningsnefnd. Það liggur í augum uppi, að um þetta þarf ekki nýjan lagabókstaf, enda hreyfði háttv. 6. landsk. þm. (G. B.) ekki andmælum gegn því.

Um hitt atriðið, hvort landsstjórninni skuli veitt heimild til að ákveða, hve mikið megi leggja á vöru, snerist ræða hans aðallega. Jeg leit aftur á móti svo á, að þetta heyrði undir verkahring verðlagsnefndarinnar. Háttv. 6. landsk. þm. (G. B) hjelt því fram, að verðlagsnefndin væri jafnnauðsynleg, þótt þetta frv. yrði samþ., væri nauðsynleg til að hafa eftirlit með verðlagi smákaupmanna, og má ske bráðnauðsynlegust til að ákveða verð á innlendri vöru, til þess að trygt verði, að hinir leiðu framleiðendur fái ekki of mikið fyrir sína vöru. Þessu má auðvitað halda fram, og það mætti kann ske eins vel halda því fram, að ein einasta verðlagsnefnd væri mjög ófullnægjandi, að það þyrfti helst eina fyrir sjávarafurðir og aðra fyrir landbúnaðarafurðir. Þá yrðu enn fleiri um bitlingana. Nú er það mín skoðun, að verðlagsnefnd eigi að ákveða alt verðlag. Háttv. 6. landsk. þm. (G. B.) hjelt því fram, að verðlagsnefnd væri ómögulegt að setja neinar skorður við álagi stórkaupmanna, en það er misskilningur, og síst skil jeg, að stjórninni yrði það auðveldara. Verðlagsnefnd getur ákveðið verðlag hjá smákaupmönnunum, og girt með því fyrir, að stórkaupmennirnir geti umsett vörur sínar nema með hæfilegu álagi. Þetta hefði verðlagsnefnd getað gert, en hún ljet ekki verða af því. Í stað þess hefir hún einlægt verið að höggva í innlendu vöruna. Útlendu vöruna hefir hún forðast eins og heitan eldinn og látið sig litlu

skifta, þótt verð á henni stigi von úr viti.

Ágreiningurinn milli min og háttv. 6. landsk. þm. (G. B.) er aðallega um það, hve langt verksvið verðlagsnefndar nái; þar sýnist sitt hverjum. Og hvor rjettara hafi fyrir sjer er ekki okkar að dæma um. En hvernig sem á það kann að verða litið, þá held jeg fast við þá skoðun, að verðlagsnefndin sje orðin alóþörf, ef frv. verður samþ., því að þá hefir hún ekkert annað að gera en að vaka yfir verðlagi innlendu vörunnar, sem jeg tel enga þörf á, því að verð hennar hlýtur, eins og líka reynslan hefir sýnt, að hækka eða lækka eftir því, hvort framboð á henni er litið eða mikið, hvað sem verðlagsnefnd segir.

Guðmundur Björnson: Það eru tvö atriði í ræðu háttv. 1. þm. Rang. (E. P.), sem jeg vil drepa á.

Það fyrra voru meiðyrðin til min um bitlingaþágu. Nefni jeg það bara til þess að sýna, að jeg skildi hvert fór, en ekki til þess að bera af mjer eða svara þeim á neinn hátt. Þeir koma tímarnir, að sannleikurinn kemur í ljós í þessu efni sem öðrum. Bíð jeg rólegur eftir dómi framtíðarinnar, þó að stundum seint komi, um mín störf, og læt mjer í ljettu rúmi liggja, hvaða dóm háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) kveður upp í dag um mig.

Annað atriðið er það, sem oft hefir verið minst á, að verðlagsnefndin hafi lagst á innlendu framleiðsluna, en alls ekki skift sjer af verði á útlendri vöru. En þetta er jafnrangt fyrir það, þótt oft hafi það verið haft á lofti. Verðlagsnefndin hefir sífelt rannsakað ítarlega vöruverð hjá kaupmönnum, og yfirleitt hefir það ekki reynst ósanngjarnt eftir innkaupsverði þeirra. Satt er það að vísu að einstöku sinnum hefir verð verið skrúfað upp í bili, einkum þegar skortur hefir verið á einhverjum vörutegundum. Þegar slíkt hefir komið fyrir eyru verðlagsnefndar, hefir hún ávalt lagfært það, ef það hefir ekki verið komið í samt lag áður en henni hefir verið gert viðvart, eins og átt hefir sjer stað. Það hefir því fátt þurft að lagfæra hjá kaupmönnum. En hvaðan fá þeir vörur sínar með þessu geypiverði? Þeir fá þær yfirleitt ekki frá útlöndum fyrir eigin reikning, heldur kaupa þeir af stórkaupmönnunum. Þarna er það, sem skórinn kreppir að! Þarna þarf að kippa í tauminn!

Vil jeg svo mælast til þess við háttv. bjargráðanefnd þessarar deildar, að hún kynni sjer þau skjöl frá verðlagsnefnd þessu máli viðvíkjandi, sem liggja innan þinghúsveggjanna og hafa legið hjer frammi frá þingbyrjun, án þess að þeirra hafi nokkurn tíma verið getið í prentuðum skjölum þingsins hingað til. Jeg vona, að þingmenn fari ekki svo heim, að þeir hafi ekki kynt sjer betur þessi skjöl. En þegar menn hafa kynt sjer þau, skal jeg tala betur við þá um þessi mál.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Það er mjög mikill munur á því, að setja hámarksverð á hverja vörusendingu, sem til landsins kemur, og hinu, að ákveða, í eitt skifti fyrir öll, hve mikið megi færa vöruverð fram, eftir að varan er komin í geymsluhús hjer á landi. Síðari aðferðin er miklu greiðari og framkvæmanlegri.

Jeg efast ekki um, ef þessar reglur verða samþyktar og koma til framkvæmda, að þá verði gætt allrar varúðar í því, að kosti seljenda verði ekki þröngvað, svo að það dragi úr viðleitni þeirra í því að draga vörur að landinu.

Og þá mun þetta einnig verða til

þess, að hægra verði að koma í veg fyrir álögur heildsalanna, sem háttv. 6. landsk. þm. (G. B.) mintist á.

En þetta þarf alls ekki að vera skelfandi fyrir kaupmenn, því að eftir upplýsingum háttv. 6. landsk. þm. (G. B.) hafa þeir flestir lagt á vörur sínar með sanngirni, en hafi einhverjir gengið þar of langt, er það ekki nema sanngjarnt, að þeir sætti sig við sömu kjör og stjettarbræður þeirra. En aftur á móti geta þeir losnað við grunsemdir, sem að ósekju hafa fengið orð fyrir ósanngjarnar álagningar.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg skal geta þess strax, að jeg er bókstaflega samþykkur brtt. háttv. þm. Ísaf. (M. T.), nema jeg álít, að gera þurfi orðabreyting þá, sem hv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.) benti á.

Jeg get ekki skilið, hvernig hv. þm. hafa getað haldið því fram, að frv. þetta væri óþarft, og það kemur af því, að jeg get hvergi fundið í lögum nr. 5, 1. febrúar 1917, eða lögum nr. 6, 8. febrúar 1917, neitt áreiðanlegt ákvæði, sem heimili stjórninni það, sem hjer er farið fram á. Og þar sem lagaákvæði um þetta er ekki til áður, þá er ekki hægt að segja, að frv. sje þýðingarlaust; hitt væri sönnu nær að segja, að það væri skaðlegt, ef menn þá hefðu nokkur rök að færa fyrir að svo væri.

Brtt. finst mjer fara að öllu leyti í rjetta átt. Það er vitanlegt, þar sem í fyrsta lagi verður að takmarka aðflutninga til landsins, vegna farkosta, og í öðru lagi verður að takmarka peningaútlát landsins, að þá verður stjórnin að hafa heimild til að banna aðflutning á ónauðsynlegum vörum og einnig að takmarka aðflutning á vörum, sem ekki teljast með öllu ónauðsynlegar, til þess að helstu nauðsynjar náist.

Það ætti nú öllum að vera ljóst, að svo mikilsvert atriði sem þetta þarf beint lagaákvæði, en ekki dugir að lesa það milli línanna í öðrum lögum, eða þótt fá megi það út úr anda þeirra, sem svo er kallað.

Jeg álít það einnig nauðsynlegt, að landsstjórnin hafi heimild til að ákveða álag á vörum.

Eins og háttv. 6. landsk. þm. (G. B) tók fram, hefir verðlagsnefndin rannsakað verðlag stórkaupmanna og komist að þeirri niðurstöðu, að þeir leggi óhæfilega mikið á vörur sínar.

Bjargráðanefndinni er einnig kunnugt um þetta, af dæmum, sem tilgreind eru í skjölum, sem stjórnin hefir lagt fyrir hana, og hefir hún komið fram með till. út af því um tilhögun landsverslunarinnar í ýmsum greinum.

Þá er ný brtt., við 1. gr. laga nr. 5, 1. febrúar 1917, sem háttv. þm. Snæf. (H. St.) kallaði síðustu útgáfuna. En jeg tel þá brtt rjettmæta og ekki þýðingarlausa.

Árangurinn af henni hlýtur að verða sá, að kaupmenn geta ekki samdægurs og stríðinu lýkur breytt verðlagi á vörum sínum og farið að keppa við landsverslunina. En það álít jeg að sje nauðsynlegur varnagli til að verja hana tjóni, því að eins og kunnugt er víkur öðruvísi við með hana en aðrar verslanir. Henni er altaf ætlað að selja eins lágt og hægt er, en kaupmenn geta lagt á vörur sínar eftir vild og bætt sjer þannig fyrirfram halla þann, sem þeir verða fyrir, þegar vörur falla í verði, en þetta er ekki heimilt fyrir landsverslunina. Það gæti því skift tugum þúsunda eða jafnvel miljónum, sem tapaðist við verðfall að stríðslokum, ef ákvæði þetta væri ekki. Öðru máli væri að gegna, ef landsstjórninni væri nú heimilað að leggja á vörurnar fyrir því væntanlega verðfalli.

Kaupmannastjettinni er ekki heldur

gert rangt til með þessu, þegar þess er gætt, að landsverslunin verslar með að eins fáar vörutegundir og þá helst þær, sem síst græðist á, og þar sem landsverslunin mundi strax hætta að flytja inn vörur, þá yrði það ekki nema nokkurra mánaða bil, uns kaupmenn gætu aftur farið að taka gróða sinn óskertan.

Og fyrst og fremst ber okkur að taka tillit til hags landssjóðs og setja hann hærra en kaupmannastjettina.

Jeg skil því ekki, hvernig sumir hv. þm. geta verið á móti frv. þessu, sem er í öllum greinum þarft og rjett. Verðlagsnefndin kemur í rauninni ekki þessu máli við, en jeg lít þó svo á, að ef út. flutningsnefndinni verður starf sitt ofvaxið, þá sje rjett að halda verðlagsnefndinni, en auðvitað mun þetta ljetta störf hennar að miklum mun.

Magnús Torfason: Jeg vil að eins út af orðum háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.) taka það skýrt fram, að orðin »ef þörf gerist« voru tekin úr 2. gr. sem orðabreyting að eins. Þar liggur ekki á neinn hátt efnisbreyting á bak við.

Jeg er því líka samþykkur, að í 2. gr. færi betur að segja: »Aftan við 3. tölulið 2. gr. sömu laga«, og vona jeg, að laga megi þetta í prentuninni, án þess að koma með brtt. um það.

Forseti: Út af orðum háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.) um atkvæðagreiðsluna skal jeg geta þess, að jeg er honum sammála um, að bera skuli undir atkv. hvern lið fyrir sig í brtt. þessari, sem er 3 í liðum.

Og verði 1. liður hennar samþyktur, þá fellur niður frvgr. á þgskj. 341, en verði sá liður feldur, verður hún að standa.

ATKVGR.

Brtt. 342. tekin aftur.

— 359., 1. gr., samþ. með 11 : 1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Jóh. Jóh., K. E., K. D., M. T., S. E., S. J., S. F., G. G., G. Ó., H. Sn., G. B.

nei: H. St.

Tveir þm. (M. K. og E. P.) greiddu ekki atkv., af ástæðum, er forseti tók gildar.

Brtt. 359., 2. gr., samþ. með 10 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. T., S. E, S. J., S. F., G. G., G. Ó., H. Sn., Jóh. Jóh., K E., G. B.

nei: K. D, M. K., E. P., H. St.

Brtt 359., 3. gr., samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 11 : 2 atkv. og afgr. til Nd.

Á 51. fundi í Nd., þriðjudaginn 18. júní, var útbýtt

Frumvarpi til laga um viðauka við lög nr. 5, 1. febrúar 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurdlfuófriðnum,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 368).

Á 52. fundi í Nd., fimtudaginn 20. júní, var frv. tekið til 1. umr.

Einar Arnórsson: Jeg vil leggja til, að þessu frv. sje vísað til bjargráðanefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með öllum gr.

atkv. og til bjargráðanefndar (sjá A. bls. 545) með öllum gr. atkv.

Á 60. fundi í Nd., mánudaginn 1. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 368, n. 408).

Frsm. (Björn Kristjánsson): Eins og sjest á nál, leggur bjargráðanefnd til, að frv. þetta verði samþ. eins og það kom frá háttv. Ed., með svolitilli breytingu, að í staðinn fyrir það, að stjórninni skuli heimilt að ákveða, hve mikið skuli lagt á vöruna, komi: hve mikið megi leggja á í heildsölu.

Fyrsta breytingin, sem frv. gerir, er sú, að í lögunum um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðnum er gert ráð fyrir, að þau standi meðan ófriðurinn stendur, en í frv. er ætlast til, að þau standi þangað til öðruvísi er ákveðið. Það getur ekkert verið á móti því, að þingið ákveði það sjálft, hve nær lögin skuli numin úr gildi, því að enginn veit, hve lengi ófriðurinn stendur eða hvort laganna muni þurfa við lengur eða skemur.

Þá er önnur breytingin sú, að leyfa stjórninni að banna innflutning á vörum til landsins. Þetta ákvæði á að miða að því að hefta aðflutning á vörum til landsins, sem menn geta verið án, meðan svo þröngt er um skipakost, að tvísýnt er, hvort nægilegar nauðsynjavörur fást fluttar. Þetta hefir nú auðvitað verið gert áður. Stjórnin hefir krafist þess, að skipaeigendur legðu fram skrá yfir þær vörur, sem óskað hefir verið að fá fluttar með skipum þeirra, og hefir stjórnin ákveðið, hvað skyldi leyft að flytja af því, sem um var beðið. Þó að þessum »praxis« hafi verið fylgt áður, þá er ekkert á móti því að ákveða hann með lögum.

Þá kem jeg að síðasta málsliðnum í þessari grein, að stjórnin hafi heimild til að ákveða, hve mikið skuli lagt á vöruna. Því virðist ofaukið, að þetta gildi yfirleitt meðan lög um verðlagsnefndir eru í gildi. Vill nefndin því binda þetta verðlag einungis við heildsölu, og bendir hún á í nál., að rjettast muni, að innflutningsnefnd hafi eftirlit með þessu, þar sem hún á kost á að sjá alla reikninga heildsalanna. Væntir nefndin þess, að háttv. deild samþykki þessa brtt. hennar.

Verið getur, að nefndin komi með frekari brtt. við frv. við 3. umr., eftir ósk hæstv. stjórnar. Stjórnin hefir óskað eftir heimild til þess að hafa frekara eftirlit með og jafnvel banna útflutning á innlendum vörum. En óráðið er enn þá, hvernig sú brtt. muni verða.

Jeg hefi svo ekki ástæðu til þess að ræða frekar um málið; það er ofureinfalt, og ræður nefndin háttv. deild til að samþykkja frv. með þessari breytingu.

Pjetur Ottesen: Jeg get ekki fallist á brtt. háttv. bjargráðanefndar við frv. þetta. Það kemur skýrt í ljós í nál., að nefndinni hefir ekki þótt frv. nógu ákveðið, en jeg hygg, að nefndinni hafi ekki tekist vel að bæta úr þeim ágalla, með því að draga úr gildi og þýðingu frv. Háttv. nefnd hefði þá átt að kveða nánar á um þessi atriði, án þess að draga jafnframt úr gildi frv. En jeg get ekki betur sjeð en að frv. sje allskýrt eins og það er.

Nefndin vill einungis heimila stjórninni að ákveða verð á vörum í heildsölu. Stærsti heildsali hjer á landi er landsverslunin, og veit jeg ekki, hvort þetta á að skilja svo, að nefndinni þyki ástæða til þess að gera slíkar ráðstafanir gegn henni.

Þá mintist háttv. frsm. (B. K.) á, að

komið væri fram frv. um að afnema verðlagsnefndina, og meðan ekki væri útsjeð um, hvernig því frv. reiddi af, þætti nefndinni ekki þörf á, að heimildin nái lengra en þetta. Jeg vona nú, að verðlagsnefndin verði afnumin, án þess að settur verði á stofn nokkur verðlagsnefndarbróðir eða því um líkt, eins og háttv. bjargráðanefnd leggur til. Það hefir þegar sýnt sig endur fyrir löngu, að verðlagsnefnd orkar engu í þessu efni; það er því engu bætt, þó að svo slysalega tækist til, að frv. um afnám verðlagsnefndar næði ekki fram að ganga.

Þar sem því hefir verið haldið fram, að verðlagsnefnd gæti betur haft eftirlit með vöruverði heldur en innflutningsnefndin, þá er það mín skoðun, að innflutningsnefnd hafi einmitt miklu betri tök á því. En um hitt eru mjög skiftar skoðanir, hvort nauðsynlegt hafi í rauninni verið að skipa innflutningsnefnd. Það líta margir svo á, að starf hennar verði ekki svo erfitt eða umsvifamikið, að forstjórar landsverslunarinnar hefðu ekki getað bætt því við sig. En þar sem nefnd þessi er nú skipuð hvort sem er, ætti hún mjög auðveldlega að geta tekið að sjer og framfylgt — að svo miklu leyti sem hægt er að framfylgja — því ætlunarverki verðlagsnefndar, að hafa eftirlit með vöruverði, ekki einasta heildsalanna, heldur einnig smásalanna.

Það er alkunna, hve langt eftirlit verðlagsnefndar hefir náð. Getur verið, að því hafi verið ábótavant af þeirri ástæðu, að henni hafi ekki verið fengið nóg vald til þess, að hún gæti látið til sín taka. En svo viðtækt vald ætti innflutningsnefnd að hafa, og það því fremur, sem allir vörureikningar ganga í gegnum hennar hendur.

Jeg verð því að álíta brtt. nefndarinnar til skemda og vænti, að hún nái ekki fram að ganga.

Frsm. (Björn Kristjánsson): Háttv. þm. Borgf. (P. O.) kvaðst ekki geta felt sig við brtt. nefndarinnar, þar sem hún dragi úr gildi frv. En jeg vil benda háttv. þm. (P. O.) á, að ef ætlast væri til þess, að hjer ætti að vera um alment eftirlit með vöruverði að ræða, þá hefði frv. þurft að vera miklum mun nákvæmara og ítarlegra. Stjórnin ætti t. d. að hafa heimild til þess að skipa menn sjer til aðstoðar og ráðuneytis. (**P. O.:** Þeir eru þegar skipaðir, sem sje innflutningsnefnd). Það er ekki sagt, að innflutningsnefnd eigi að vera stjórninni til aðstoðar í þessu efni, heldur er að eins bent á það í nál., að hún muni best til þess fallin. Í frv. sjálfu er ekkert ákvæði um þetta.

Að innflutningsnefnd hafi svo lítið að gera, að hún geti tekið að sjer alt eftirlit með vöruverði, verð jeg að draga í efa. Jeg hygg, að hún hafi mikið starf. Og þar sem háttv. þm. (P. O.) sagði, að henni ætti að veitast auðvelt að hafa eftirlit með vöruverði, þar sem hún tæki við öllum vörureikningum, þá er það að vísu svo, að hún tekur við reikningunum, en eftirlit með vöruverði á öllu landinu er svo umfangsmikið starf, að nefndin gæti ekki afkastað því, þó að hún gæfi sig alla við því og sinti engu öðru. Hygg jeg því, að ekki sje hægt að leggja þetta starf á hana, heldur verði að skipa aðrar nefndir til þess með sjerstökum lögum.

Pjetur Ottesen: Háttv. frsm. (B. K.) áleit, að ef hjer væri um alment eftirlit með vöruverði að ræða, þyrfti frv. að vera miklu nákvæmara og ítarlegra.

Jeg lít svo á, að þetta sje alls ekki

rjett eftir frv.; ef það nær fram að ganga óbreytt, eins og það kom frá Ed., hefir stjórnin fulla og óskoraða heimild til þessa. Þá mintist háttv. frsm. (B. K.) á það, að stjórnin þyrfti t. d. að hafa heimild til þess að skipa menn sjer til aðstoðar og ráðuneytis. Þetta er ekki heldur rjett að mínu viti, því að landsstjórnin hefir fulla heimild til þess að haga þessu eftirliti á þann hátt, sem henni þykir best henta, og liggur þá beinast við að nota innflutningsnefndina til þessa eftirlits, þannig, að hún gefi stjórninni nauðsynlegar upplýsingar í þessu efni. Enda er aðstaða hennar til þess einkar hagstæð, þar sem allir reikningar yfir aðfluttar vörur ganga í gegnum hennar hendur. En jeg vil blátt áfram mótmæla því, að stjórnin fari að nota þessa heimild sína til þess að hleypa af stokkunum fleiri nefndum en þegar eru skipaðar. Það er komið nóg af því. Jeg held því, að þetta, að vilja einskorða heimild stjórnarinnar við heildsalana, sje bara til þess að hafa dálitla átyllu til þess að halda við verðlagsnefnd í einhverri mynd, en það eru nú bara bæirnir, sem eiga að búa að þeim verðlagsnefndum, eftir frv. háttv. bjargráðanefndar, því sem er hjer næst á dagskrá.

Forsætisráðherra (J. M.): Það skiftir ekki miklu, hvort brtt. bjargráðanefndar verður samþykt eða ekki. Hún getur haft talsvert til síns máls. Ef verðlagsnefndir verða settar, verður að játa, að eðlilegast er, að þær hafi heimild til þess að ákveða verðlag kaupmanna á þessum vörum sem öðrum. Það, sem vakti fyrir þeim, er samdi frv, var, að ef til vill mætti fela innflutningsnefnd að ákveða verðlag í heildsölu og setja tryggingu fyrir því, að aðrir milliliðir legðu ekki of mikið á vöruna. Hugmyndin var að framkvæma þetta eftir föstum reglum. Það, sem milliliðir, er keyptu af heildsölum, mættu leggja á vöruna, færi ekki fram úr ákveðinni hundraðstölu.

Eftir verðlagsnefndarlögunum, sem nú gilda, getur verðlagsnefnd ákveðið þetta, en eðlilegast væri, að innflutningsnefnd ákvæði verðið hjá heildsölum. Að frekari lagaákvæði þurfi hygg jeg ekki, en athuga mætti það nánar. Ef verðlagsnefndarlögin haldast óbreytt, sje jeg ekki ástæðu til þess, að heimildin nái lengra en til heildsalanna. Brtt. fellur því og stendur með því, hvernig fer um verðlagsnefndina.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Meðan svo er komið málum, sem nú er, að óvíst er, hvort núverandi verðlagsnefnd heldur áfram störfum sínum eða ekki, og óráðið er, hvort verðlagsnefndir verða skipaðar í bæjarfjelögum, hygg jeg heppilegast, að þetta atriði verði óbundið í frv., að stjórnin geti einnig ákveðið verð í smásölu.

Jeg get því ekki fallist á brtt. nefndarinnar, svo að loku verði ekki skotið fyrir þetta, og er jeg að því leyti samdóma háttv. þm. Borgf. (P. O.). Það er ekki víst, að verðlagsnefndin sitji framvegis, og gæti stjórnin þá ekki skift sjer af verði smásalanna.

Legg jeg því til, að brtt. nefndarinnar verði ekki samþ.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16. shlj. atkv.

Brtt. 408. feld með 16 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. Ó., P. Þ., S. St., Þorst. J., B. K., G. Sv., J. B.

nei: M. P., P. O., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þór. J., B. Sv., B. St., E. A., E. Árna., E. J., H. K., J. J., J. M., M. G., Ó. B.

Þrír þm. (P. J., S. S. og B. J.) fjarstaddir.

2. og 3. gr. samþ. með 15 : 1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 62. fundi í Nd., miðvikudaginn 3. júlí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 368).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.
(Sjá A. 446).

---

24. Síldarkaup landsstjórnarinnar.

Á 56. fundi í Ed., miðvikudaginn 3. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um kaup landsstjórnarinnar á síld (A. 348).

Á 57. fundi í Ed., fimtudaginn 4 júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ.

Frsm. (Guðjón Guðlaugsson): Mál það, sem hjer liggur nú fyrir til 1. umr., er flutt að forminu til af bjargráðanefnd Ed., en að efni og innihaldi er það í rauninni frá báðum bjargráðanefndum þingsins komið. Allítarleg greinargerð fylgir frv., og er því ekki þörf langrar framsöguræðu.

Eins og kunnugt er, hafa hjer verið fulltrúar útgerðarmanna utan af landi, og hafa þeir, ásamt útgerðarmönnum hjer úr Reykjavík og Hafnarfirði, sent stjórninni og bjargráðanefndum þingsins álitsskjal það, sem greinargerð frv. getur um. Þó að nú nefndirnar hafi ekki getað orðið eindregið með þeim, þá hafa þær þó álitið rjett að bera málið fram í þinginu.

Í frv. er farið fram á það, að landsstjórnin kaupi 100,000 tunnur af síld, til þess að styðja þennan atvinnuveg, síldarútveginn. Sjálfir fóru síldarútvegsmennirnir fram á það, að landssjóður keypti 150 000 tunnur, en svo hátt þorðu nefndirnar ekki að fara og lækkuðu niður í 100,000 tunnur.

Nú er það engum vafa undirorpið, að síldarútvegurinn er sá atvinnuvegurinn, sem veitir mörgu fólki atvinnu hjer á landi. Jeg álít því, að þessi atvinnuvegur eigi rjett á að vera studdur, og vildi óska, að þeir háttv. þm., sem telja sig sjálfkjörna fulltrúa annara atvinnuvega, athugi það vel, að það er ekki rjett að leggja á móti þessum atvinnuvegi, sem er svo mikilvægur fyrir land og þjóð, heldur eigi þeir líka að styðja hann. Sjerstaklega vildi jeg beina þessu til fulltrúa landbúnaðarins; þeir mega ekki leggjast undir höfuð með að hjálpa öðrum atvinnuvegum, sem þörf er á að bjarga við, einmitt nú, þegar fyrirsjáanlegt atvinnuleysi kreppir að fólki.

Því er nú svo farið með þessa atvinnugrein, að þeir, sem hana stunda, skiftast annaðhvort í efnamenn, þ. e. menn, sem þegar hafa unnið upp það mikla fje, sem verður að leggja fram til þess, að slíkur útvegur sem þessi verði rekinn, og hafa þegar hlotið talsverðan arð um fram, og frumbýlinga, þ. e. menn, sem hafa þegar lagt mikið í kostnað, til þess að geta byrjað útgerðina, en ekki fengið neitt enn í staðinn. Þetta eru aðallega menn, sem hafa byrjað síldarútveg eftir að stríðið hófst, hafa

orðið að fá mikið fje lánað til þess að útvega efni og áhöld, sem því að eins er vissa um að borgi sig, að útvegurinn stöðvist ekki.

Eins og við vitum, eigum við að eins kost á að flytja út 50 000 tunnur af síld, eftir breska samningnum. Það má búast við því, að sá útflutningur yrði að eins í höndum efnamannanna, sem alt ættu skuldlaust, en menn, sem stæðu uppi með tugi þúsunda króna í skuldum, og skulduðu auðvitað fyrir alt í bönkunum, þeir mundu ekki geta komist af með öðru móti en því, að fá sjer enn meira lán í bönkunum. En þetta lán mundu bankarnir tæpast veita, meðan ekki má flytja út nema örlítinn hluta af þeirri síld, sem vant er að veiðast við strendur landsins á sumrin. Enda er óhugsandi að ætlast til þess, að bankarnir láni útgerðarmönnum, sem þegar skulda stórfje, enn meira fje, ef bankarnir hafa ekki að minsta kosti tryggingu fyrir því, að útgerðarmennirnir geti eitthvað klórað í bakkann, haldið útveginum nokkurn veginn í gangi. Kröfur frv. eru að eins þær, að síldarútvegurinn geti flotið, en hjer er alls ekki um það að ræða, að síldarútvegsmenn geti grætt, þó að landssjóður kaupi þessar 100,000 tunnur. Ef landssjóður gerir þetta, þá geta menn víxlað síldinni í peninga og borgað kostnaðinn, svo að þeir geti haldið öllu í gangi. Með öðrum orðum, hjer er að eins um óhjákvæmileg bjargráð að ræða.

Þessi atvinna er arðvænleg, ef vel gengur, og komin á þann rekspöl, að hún er með þýðingarmestu atvinnu landsbúa, þó að fáir reki hana. Og vegna þess, hversu hún er þýðingarmikil fyrir landið, þá er nauðsynlegt að styðja hana, svo að henni geti orðið haldið áfram í hófi.

Og ef svo fer, að áhætta sú, sem hjer kann að vera, verði til þess, að landssjóður biði hnekki, þá ber ekki að líta á það öðruvísi en sem lánveitingu til þessa atvinnuvegs, en með þessari lánveitingu getum við fleytt síldarútveginum yfir þá grunnboða, sem nú eru fyrir dyrum hjá honum, og þá, þegar þeir eru að baki, eru altaf nógir útvegir til að láta síldarútgerðina greiða halla þann, er landssjóður kynni að bíða nú.

Við höfum áætlað, að þær 50,000 tunnur af síld, er selja má til Svíþjóðar, verði seldar fyrir 85 kr. tunnan, og finst okkur þetta vera hin lægsta upphæð, sem við gætum búist við að fengist fyrir hana, eftir því sem horfur eru nú, og því mjög varlega farið.

Þá höfum við áætlað, að hægt yrði að flytja síld til Ameríku, og að þar mundu fást 50 kr. fyrir tunnuna, en fyrir 2 árum, er síld var seld þangað, þá seldist tunnan á 63 kr. netto, svo að við höfum þar áætlað 13 kr. lægra en það söluverð var, svo að það virðist ekki heldur vera of hátt áætlað. Þá verða eftir 25 þúsund tunnur af síld, og verðlögðum við þær á 20 kr. tunnuna, og verð jeg að játa, að þessi liður er hættulegastur, því að ef afgangurinn í landinu verður mikill, þá verður erfitt að fá þetta verð. En síðan þessi greinargerð var samin hefir nefndin fengið vissu fyrir því, að síldin til Svíþjóðar selst nokkru betur heldur en áætlað var, þó að jeg ekki geti þess, hvert það verð er, svo að við það verður áhætta landssjóðs engin eða þá mjög lítil. En þótt einhver áhætta fylgdi þessu, þá tel jeg víst, að allir háttv. þm. vilji styðja frv., þar sem áhættan er nauðalítil og í hlut á mjög mikilsverður atvinnuvegur landsmanna. Og eins og jeg tók áðan fram, er altaf hægt að láta þennan atvinnuveg greiða þann halla, er kynni að verða, þegar betur árar. Við það mundu allir síldarútgerðarmenn sætta sig vel.

Verst við mál þetta er það, hversu

það er borið seint fram, þar sem svo mikið er liðið af þingtímanum og búast má við þinglausnum dag hvern. En það hefir ekki verið hægt um vik, því að það er stutt síðan kunnugt varð um bresku samningana hvað þetta atriði snertir. Það hefir því ekki verið hægt að koma fyr fram með frv., en jeg vildi óska þess, að hæstv. forseti vildi hraða málinu sem mest að unt er. En að öðru leyti er bjargráðanefndin þakklát þeim háttv. þm., er gæfu henni viturlegar bendingar um málið, og skal athuga gaumgæfilega þær tillögur og athugasemdir, er háttv. þm. kynnu að gera við frv. og segðu henni frá. Því að þótt nefndin telji frv. gott, þá má líklega eitthvað að því finna, og betur sjá augu en auga.

Jeg leyfi mjer að óska þess, að háttv. deild taki frv. vel og afgreiði það hið fljótasta til háttv. Nd.

Hjörtur Snorrason: Jeg tók eftir því, þegar frv. var útbýtt, að það stendur letrað á það, að það sje flutt af bjargráðanefndinni. Hjer hlýtur að vera um villu að ræða, og í staðinn fyrir bjargráðanefnd hafi átt að standa »meiri hluta bjargráðanefndar«, því að það er hið rjetta. Að minsta kosti kannast jeg ekki við að eiga þann heiður skilinn að teljast flutningsmaður frv. þessa, þótt jeg hafi þá æru að vera í virðulegri bjargráðanefnd þessarar háttv. deildar, því að þótt margt sje vel um frv., þá er jeg því mótfallinn í mörgum atriðum, og get því ekki stutt það með atkvæði mínu, þótt jeg vildi.

Fjármálaráðherra (S. E.): Að þessu sinni vil jeg að eins gera örstutta athugasemd.

Landsstjórnin hefir ekki enn þá borið sig saman um frv., en hún mun vinda bráðan bug að því. En jeg lít svo á, að það sje á engan hátt hægt fyrir landsstjórnina að ganga inn á frv. fyr en vissa er komin um sænsku síldina, eða þá síld, er við getum selt til Svíþjóðar, og hvaða verð við fáum fyrir hana. En þótt við fáum eins hátt verð fyrir hana og nefndin áætlar, þá er samt halli landssjóðs ekki lítill.

Nefndin gerir ráð fyrir því, að hægt sje að selja 25,000 tunnur af síld til Ameríku á 50 kr. tunnuna, en jeg veit ekki til, að það sje nokkur vissa fyrir því, að Bandaríkjamenn vilji kaupa síld af okkur. Það er von um það, en enginn vissa. Hjer er því um áhættuspil að ræða, sem leikur á miljónum. Og þar sem nefndin ætlast til að selja síld hjer innanlands fyrir $^1/_2$ milj. kr., þá er það með öllu óvíst; það veit enginn, hversu mikið eða lítið er hægt að selja hjer innanlands.

Þá er gert ráð fyrir því í 6. gr. frv., að landssjóður leggi út andvirði síldarinnar til útgerðarmanna, þótt hann hafi ekki selt síldina. Þetta atriði skiftir miklu fyrir landssjóð, enda þótt hann fengi upphæðina síðar.

Þessar ástæður eru nægar til að sýna, að stjórn og þing verður að gæta varúðar um málið, enda þótt mjer dyljist það ekki, að málið hefir mikla þýðingu fyrir marga menn í landinu. En menn verða að athuga það vel áður en þeir binda landssjóði slíka áhættu á herðar, einkum nú, er hann hefir í svo mörg horn að líta og þarf að binda mikið fje í landsversluninni.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Háttv. frsm. (G. G.) var að biðja um sjerstakar athugasemdir við frv., og vil jeg verða við þeirri beiðni hans, enda þótt það heyri öllu frekar til 2. umr. Jeg lít svo á, að tímatakmark það, sem

til er fært í 5. gr., sje of stutt, og það ætti að lengja. Það gæti enn fremur komið fyrir, að landsstjórninni byðist ekki eins mikil síld og nefndin gerir ráð fyrir, og þá er hvergi getið um, hvernig með málið skuli farið. Þetta tek jeg að eins fram sem bendingar til nefndarinnar.

Landsstjórnin hefir ekki rætt málið með sjer enn þá, svo að hún hefir ekki enn tekið afstöðu til þess, en það verður gert hið fyrsta.

Eggert Pálsson: Háttv. frsm. (G. G.) tók það fram, að hann óskaði þess, að menn færu ekki í samjöfnuð milli þessarar atvinnugreinar og annarar atvinnu í landinu, og skal jeg verða við ósk hans um þetta, en get þó ekki stilt mig um að taka það fram, að líkt er háttað með þetta atriði í bresku samningunum og annað atriði í þeim.

Frv þetta er borið fram vegna þess, að í bresku samningunum er ekki gefinn kostur á að flytja til Svíþjóðar eða Norðurlanda nema sáralítinn hluta af því, er búast má við að síldarframleiðslan verði. Ef leyfi hefði verið gefið til þess í bresku samningunum að flytja utan, eða rjettara til Norðurlanda, nægilega mikið af síld, þá hefði vitanlega hvorki bjargráðanefnd nje öðrum dottið í hug að koma fram með þetta frv.

Í sambandi við þetta vil jeg skjóta því fram, að það hagar mjög líkt til með annað atriði í bresku samningunum; það er um hrossasöluna. Það er að eins lítið brot af tölu þeirra hrossa, er þyrfti að flytja utan, sem leyfður er útflutningur á, og það væri ekki nema næsta eðlilegt, ef önnur hliðin væri tekin, að reyna að bæta úr annmörkum á síldarútflutningnum, að þá væri og svo gert um hina, að reyna einnig að bæta að einhverju leyti úr takmörkuninni á útflutningi hrossanna. Sje það ekki gert jafnframt, er jeg hræddur um, að Alþingi fái ámæli af því, að hugsa hjer meir um aðra atvinnugreinina en hina.

En þegar jeg lít á frv. þetta og athuga það, þá er jeg ekki í efa um, að hjer er gengin sú leið að »spekúlera« með landssjóðinn, og þessi »spekúlation« nemur hjer um bil 6 miljónum króna.

Eigum við að fara að leggja fje landsins í »spekúlationir«? Það er spurning, sem hver einstakur þingmaður verður að svara. Jeg verð að segja fyrir mig, að jeg er ekki hlyntur þeirri stefnu, og með það fyrir augum er jeg mjög deigur með frv. En ef við viljum og teljum rjett að gera svo, þá eigum við vitanlega að »spekúlera«, alveg eins og hver einstaklingur gerir það, en þeirri reglu er ekki fylgt í frv. Allir, er eiga í slíkri áhættu, taka og þann gróða, sem af áhættunni leiðir, en í frv. er það tekið fram, að ef gróði verði á þessu, þá eigi framleiðendur síldarinnar að fá $^3/_4$ af honum, en landssjóður fjórða hluta. Hvaða einstaklingur haldið þið að »spekúleri« svo? Það er óhætt að fullyrða, að það gerir enginn.

En það getur engum dulist, að hjer er um »spekúlation« að ræða, því að öll bygging frv. hvílir algerlega í lausu lofti. Við höfum leyfi til að senda 50,000 tunnur af síld til Svíþjóðar, en það er enn hulið sjónum vorum, hvað Svíar vilja gefa fyrir síldina, og þar sem nefndin gerir ráð fyrir 85 kr. verði á hverri síldartunnu, þá er það að eins lausleg ágiskun, með öllu óábyggileg; verðið getur bæði orðið hærra, en líka mikið lægra, og jeg get ekki bygt atkvæðagreiðslu mína á svo lauslopalegri áætlun.

Svo ber og að líta á það, að þótt Svíar vilji eta síldina og kaupa hana, þá geta ófyrirsjáanleg atvik komið fyrir og gert það að verkum, að það verði ómögulegt að koma síldinni til þeirra.

Því að þótt þeir vilji kaupa síldina, þá býst jeg við, að þeir slái þann varnagla við kaupin, að þeir vilji fá hana til sín. Að því leyti er mál þetta og í óvissu.

Þær 50,000 síldartunnur, sem nefndin vill kaupa, er þó enn óvissara um sölu á. Nefndin segir að vísu, að hægt verði að selja Ameríkumönnum eitthvað af því, og áætlar, að það verði helmingurinn, eða 25,000 tunnur, en þar fylgir ekkert skilríki fyrir því, að þetta sje hægt, hvorki í greinargerðinni nje annarsstaðar. Það má alveg eins halda því fram, að það sje ekki von til að selja nokkra síld til Ameríku. Sú skoðun hefir jafnan rjett á sjer og hin.

Um þær 25,000 tunnur síldar, sem þá verða eftir, játar nefndin að hún viti ekkert hvað eigi að gera við. Hún talar að vísu um það að selja þær hjer innanlands, en það virðist vera harla meiningarlaust tal, eða veit nefndin ekki, að Bretar eiga hjer síldartunnur svo að þúsundum skiftir, og það hefir ekki heyrst, að þeir hafi fengið neitt tilboð í þá síld. Það eru því allar líkur fyrir, að þessi síld sæti sömu afdrifum.

Jafnframt og jeg tek þetta fram vil jeg undirstrika ummæli hæstv. fjármálaráðherra um, að mál þetta má ekki ná fram að ganga meðan ekki er komin vissa fyrir síldarsölunni til Svía; áhættan yrði ella alt of mikil; nóg samt þótt svo væri. Eins vil jeg leggja áherslu á það, að ef farið er að »spekúlera« með landssjóðinn, þá verður landssjóður að hafa þann hagnað, sem leiðir af »spekúlationinni« en ekki að eins tapið.

Mjer virðist svo, sem hjer hefði mátt fara annan veg, sem var miklu áhættuminni fyrir landssjóðinn. Landsstjórnin gat látið alla síldarsöluna ganga gegnum sínar hendur og jafnað síðan niður verðinu, á sama hátt og gert var með saltkjötið síðastliðið haust. Með þessu vinst það, að skamta má verðið svo, að allir síldarútvegsmenn fái jafnt verð fyrir hverja síldartunnu, og þá gætu ekki að eins einhverjir þeirra notið góðs af markaðinum í Svíþjóð, en hinir orðið að sitja með þennan ímyndaða markað í Bandaríkjunum, sem nefndin talar um, eða þá alls engan.

Að svo vöxnu máli finn jeg ekki ástæðu til að kryfja frv. frekar, en jeg skal geta þess, að jeg er að ýmsu leyti ósamþykkur mörgu, sem stendur í greinargerð þeirri, er fylgir frv.; einkum kann jeg illa við sjerstakt orðalag þar. Greinargerðin byrjar t. d. svo:

»Efni frumvarps þessa er að mestu tekið úr álitsskjali, er síldveiðaútgerðarmenn hjer úr Reykjavík og Hafnarfirði, ásamt fulltrúum síldveiðaútgerðarmanna á Norður- og Vestur landi, hafa samið og sent stjórninni og bjargráðanefndum þingsins til athugunar og eftirbreytni«.

Þessum síðustu orðum »og eftirbreytni« kann jeg afarilla og vænti, að svo sje og um flesta háttv. þm., sem sjálfstæðir eru í skoðunum sínum.

Magnús Kristjánsson: Jeg leit svo á, að það mundu ekki verða miklar umræður um þetta frv. við fyrstu umr. þess, því að jeg tel víst, að háttv. deild sje svo vel mönnum skipuð, að ekki geti orðið verulegur ágreiningur um jafnaugljóst nauðsynjamál og þetta er, og jeg vona fastlega, að hún sje aldrei svo illa skipuð, að frv. þetta verði drepið. Það á ekki heldur að vera þörf á því að fara að tína fram allar þær ástæður, er liggja til frv., því að þær ættu að vera svo augljósar hverjum meðalgreindum manni, og allra síst ætti að vera þörf á því vegna hæstv. stjórnar.

Jeg var svo óheppinn, að jeg þurfti að svara kalli við landssímann, og var

því fjarverandi meðan hæstv. fjármálaráðherra var að tala, og kom fyrst þegar hæstv. atvinnumálaráðherra var að enda ræðu sína. Jeg get því ekki svarað þeim, ef þess er þörf, en vænti, að háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) svari þeim, ef honum þykir ástæða vera til þess.

Háttv. 5. landsk. þm. (H. Sn.) ljet það í ljós, að hann vildi ekki vera kendur við þennan gallagrip, en þetta var stakur óþarfi fyrir hann og hlýtur að vera bygt á misskilningi. Á fundi bjargráðanefndarinnar fyrir tveimur dögum var það samþykt með yfirgnæfandi atkvæðafjölda að bera málið fram á þennan hátt, og það komu engin formleg mótmæli fram gegn því, hvorki frá háttv. 5. landsk. þm. (H. Sn.) nje öðrum, svo að það kom ekkert það fram, er gæfi ástæðu til þess að líta svo á, sem nefndin væri klofin, enda var hún það ekki.

Jeg heyrði, að hæstv. atvinnumálaráðherra sagði, að stjórnin hefði ekki enn þá tekið málið til athugunar (**Atvinnumálaráðherra:** Ekki til þess að mynda sjer ákveðna skoðun), en jeg vil leyfa mjer að vekja alvarlega athygli á því, að það er kominn tími til þess, því að málið þolir enga bið. Það er liðið svo langt á þingtímann, að það er nauðsynlegt að hraða málinu mjög, enda að afgreiða það með afbrigðum frá þingsköpum.

Frsm. (G. G.) hefir gert svo ljósa grein fyrir málinu, að jeg get farið fljótt yfir sögu. Jeg skal stuttlega víkja að andmælum háttv. 1. þm. Rang. (E. P.). Mig furðar ekkert á því, hvernig hann lítur á málið. Hann er að vísu sparnaðarmaður með afbrigðum, en að öllu má of mikið gera. Jeg vil ekki segja, að hann fari svo langt að spara eyrinn, en fleygja krónunni, en eitthvað í þá átt mætti segja um hann. Jeg hygg, að hann hafi ekki gefið sjer tíma til þess að athuga málið nákvæmlega, áður en hann snerist á móti því. Það sjest best á því, hve mikið hann talaði um áhættuna.

Áhættan er svo að kalla engin. Mjer finst leitt að þurfa að vera að margsegja það. Það ætti að vera svo augljóst. Jeg veit ekki, hvort jeg þarf að láta uppi öll þau rök, sem eru fyrir hendi, en frv. sjálft ætti þó að sýna, hve lítil áhættan er. Þar er ætlast til þess, að landið kaupi 100,000 tunnur af síld á 6 miljónir króna. Fram úr 6 miljónum kr. fer verðið ekki. Nú mun svo komið, að telja megi víst, að helminginn — 50 þús. tunnur — megi selja fyrir hátt á 5. miljón kr. Þá er eftir hinn helmingurinn, sem kostar landið ekki meira en rúma miljón. Enginn vafi er á því, að hægt er að selja tölu vert í Ameríku. Jeg hirði ekki að tiltaka neina tunnutölu. Það þarf ekki að selja mikið þangað, til þess að fá alveg upp verð síldarinnar. Það, sem þá verður eftir, kostar landið ekkert. Hjer á við hið fornkveðna: »sjáandi sjá þeir ekki«, því að þetta ættu allir að geta reiknað. Jeg verð því að telja mjög óviðeigandi af háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) að tala um þetta sem gróðabrallsfyrirtæki, sem eigi að draga landssjóð fyrirhyggjulaust út í.

Þá mintist háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) á það, að jafnmikil ástæða væri til þess, að landssjóður hefði afskifti af hrossasölunni, eins og af síldinni. En á því tvennu er stór munur. Í fyrsta lagi lá fyrir hvatning til þingsins frá síldarútgerðarmönnum sjálfum, um að bera fram slíkt frv. sem það, er nú er fram komið. Var málið vel undirbúið af þeim. En jeg veit ekki til, að nokkur slíkur undirbúningur hafi átt sjer stað af hálfu hrossaeiganda. Þetta veldur talsverðum mun. Auk þess er ólíkt, hvað útgerðarmenn hafa lagt miklu

meira fje en hrossaeigendur til atvinnu sinnar. Þeir hafa á örðugum tímum lagt stórfje í tæki og áhöld, sem nauðsynleg eru til atvinnurekstrarins Sama er tæpast hægt að segja um flesta hrossabændurnar. Þeir hafa komið upp hrossaeign sinni kostnaðarlítið, að minsta kosti sumir, með því að setja á guð og gaddinn að sumu leyti. Það er því ekki sambærilegt, hve mikið fje hvor framleiðendanna um sig hefir lagt í atvinnu sína, og auðvitað má sá síður við tjóni, sem meira hefir lagt til. Annars býst jeg við, þótt svona óliku sje saman að jafna, að jeg gæti stutt hrossakaupafrv., sem væri jafnvel undirbúið og þetta. Það gæti verið gróðavon, eða rjettara sagt gróðavissa, fyrir landssjóð. Öll hræðsla við þetta er algerlega út í loftið.

Viðvíkjandi því, hvernig áætlað er í frv. að skifta ágóða, ef hann yrði einhver, skal jeg geta þess, að vel mætti breyta því ákvæði, ef það væri nauðsynlegt fyrir framgang málsins. Þess ber reyndar að gæta, að landssjóður hefir annan hagnað af þessum lögum en væntanlega ágóða; jeg á við útflutn ingstollinn, sem af síldinni yrði greiddur.

Eina hættan í þessu máli er sú, að þingið láti það afskiftalaust. Þá er hætt við, að ekki verði veitt meira en þessar 50 þúsund tunnur, sem vissa er fyrir að megi flytja til Svíþjóðar. En það eru að eins örfáir menn, sem mundu taka þátt í veiðunum, ef svo yrði. Þeir mundu græða stórfje, en allur þorri síldveiðimanna mundi verða út undan. Þegar ætti að fara að jafna niður þessum 50 þús. tunnum, mundi svo örlítið — á að giska 100—200 tunnur — lenda í hlut þeirra, sem að eins halda úti einum bát. Smærri útgerðarmenn, sem hafa verið að undirbúa atvinnurekstur sinn undanfarin ár við lítil efni, mundu stórtapa. Þetta vil jeg biðja háttv. þing og stjórn að íhuga gaumgæfilega, áður en hún legst á móti frv. Þeir, sem í húsaleigumálinu þóttust bera hag hins minni máttar svo mjög fyrir brjósti, ættu ekki síður að gera það í þessu máli. Hjer er líka verið að hjálpa þeim, sem nauðulega eru staddir. Jeg vænti þess, að menn sjái, er þeir hugsa sig betur um, að með frv. er góður grundvöllur lagður fyrir framkvæmdum í þessu máli, þótt vera kynni ástæða til þess að taka einstaka smávægilega brtt. til greina.

Jeg get ekki stilt mig um það að fara nokkrum orðum um þá hlið málsins, hve mikið vinst, ef frv. verður samþykt. Þá verður stórfje hagnýtt í landinu, sem getur farið forgörðum, ef málið er látið afskiftalaust.

Í tunnum, sem nú eru til í landinu, standa 6 miljónir króna. Hvert ár, sem líður svo, að þær verði látnar liggja ónotaðar, veldur stórkostlegu vaxtatapi. Það mun því engin eign í landinu undirorpin jafnhröðu verðfalli. Þá eru 3 miljónir króna í salti. Að vísu væri hægt að nota saltið til annara hluta, en þá liggja 6 miljónirnar, sem í tunnunum liggja, ónotaðar. Saltið og tunnurnar verða því að fylgjast að. Þá er skipastóllinn; hann mun að minsta kosti vera alt að 5 milj. kr. virði. Samanlagt verða þetta 14 miljónir kr. Þá eru enn ótaldar bryggjur, geymslupláss, veiðarfæri, ýmiskonar áhöld o. s. frv. Hjer mun því vera um 15—20 milj. »kapital« að ræða, sem fer að nokkru leyti forgörðum, ef ekki er hægt að selja að minsta kosti 100 þús. tunnur af síld.

Margt fleira mætti segja, en að sinni ætla jeg að láta staðar numið. Upplýsingar þær, sem jeg hefi gefið, eru hárrjettar. Það er ekki fyrir það, að jeg hefi komið fram með þær, að jeg haldi, að það þurfi að halda langar meðmælaræður með frv., heldur hefi jeg gefið þær, ef einhverjir deildarmenn

skyldu vera ófróðir um þetta mál. Læt jeg svo lokið máli mínu með þeim ummælum, að jeg tel sóma deildarinnar í veði, ef frv. verður ekki samþykt með öllum atkvæðum.

Sigurjón Friðjónsson: Jeg hefi áður látið þess getið, að jeg teldi aðalbjargráðin í því fólgin að styðja atvinnuvegina. Þar sem nú stendur svo á, að síldarútvegurinn er hættulegast staddur af atvinnuvegum okkar, væri illa farið, ef þingið tæki með fljótræði tillögum til að styðja hann yfir örðugleikana. Að vísu er það líklegt, að síldveiðafólkið gæti fengið atvinnu við eitthvað annað, ef síldveiðarnar fjellu niður, t. d. þorskveiðar eða landbúnað. En á þessu máli eru fleiri hliðar. Fyrst og fremst er nú svo ástatt um marga síldarútvegsmennina, að þeir mundu verða gjaldþrota, ef þeir gætu ekki gert út í sumar, og bankarnir þá tapa stórfje. Af því leiðir aftur, að miklu færri mundu stunda þennan atvinnuveg framvegis en hingað til. Fjöldinn af þeim, sem gjaldþrota yrðu, myndi hætta þessum atvinnurekstri, og landssjóður þá hafa miklu minni tekjur af síldarútgerð eftir en áður. En þótt jeg líti svo á þetta mál, að frekar skuli því tekið vel enn illa, sje jeg mjer ekki fært að fylgja því, nema með þeim fyrirvara, að vissa fáist um það, að Svíar kaupi fyrir allhátt verð þá síld, sem leyft er að flytja til þeirra, og sjái fyrir flutning á henni sjálfir. Töluverðar líkur munu vera fyrir, að þetta verði, en vissa er ekki enn fengin. Þótt Svíar nú keyptu helminginn af þessum 100 þús. tunnum, er þar með ekki sagt, að fyrirtækið sje áhættulaust, því að eftir er hinn helmingurinn, 50 þús. tunnur. Hjer í landinu er enn mikil síld frá f. á., sem Englendingar eiga, og mun hún vera þeim útföl. Þær birgðir munu að líkindum vera nálægt því að vera nógar fyrir innlenda markaðinn þetta ár. Þess vegna hefi jeg ekki trú á, að markaður verði innanlands svo, að miklu nemi fyrir nýja síld þ. á. Jeg held því, að varla sje gerandi ráð fyrir, að hægt sje að fá það fje á þessu ári, fyrir 25 þús. tunnur síldar í landinu, sem gert er ráð fyrir í greinargerðinni fyrir frv., en af því þarf reyndar engin hætta að stafa, því að líkindum má þá selja hana að ári.

Gert er ráð fyrir, að síld sje keypt fyrir 6 miljónir króna. Upp í það kemur frá Svíum 4.250.000.00 kr. með 85 kr. verði á hverja tunnu, fyrir innanlandssölu $^1/_2$ milljón kr., og auk þess er gert ráð fyrir að selja 25 þús tunnur til Ameríku fyrir 1.250.000.00 kr. Með þessu móti mundu 6 miljónirnar hafast upp. En áætlunin er hvergi nærri óyggjandi. Ameríkusalan er áætluð alveg út í bláinn. En ef Svíþjóðarsalan er örugg, er hættan þó ekki mikil. Þótt það ætti að notfæra 50 þús. tn. innanlands, þá mundi það takast með tímanum. En verðið yrði að vera töluvert vægara en áætlað er. Við það mundi tap landssjóðs verða meira, en gróði einstakra landsmanna yrði að sama skapi meiri. Og þó að varið væri talsverðu fje af landssjóði til að styrkja þennan atvinnuveg í bili, jafnvel upp undir 1 miljón, þá sje jeg ekki, að það sje nein frágangssök.

Að lokum skal jeg geta þess, að jeg tel sjálfsagt, að hagnaðurinn, sem kann að verða, lendi allur í hlut landssjóðs, þar sem hann greiðir alt tapið, ef tap verður. Jeg mun því greiða atkvæði á móti 7. gr.

Guðmundur Ólafsson: Jeg hafði ekki ætlað mjer að taka til máls, en

ræða háttv. formanns bjargráðanefndar (G. G.) var svo lituð, að ekki er vanþörf á að fara nokkrum orðum um málið.

Hann byrjaði á að lýsa yfir því, að frv. væri í raun og veru flutt af báðum bjargráðanefndum, þótt það að formi til væri að eins flutt af bjargráðanefnd Ed. Þetta mætti skilja svo, að allir nefndarmenn hafi verið samdóma, að undanteknum 5. landsk. þm. (H. Sn.), sem nú hefir skýrt háttv. deild frá afstöðu sinni. En því er ekki að leyna, að það er alt annað en jeg vilji láta telja mig einn af flutningsmönnunum. Að bjargráðanefnd Ed. flytur málið mun stafa af því, að þar voru tveir menn, formaður nefndarinnar (G. G.) og háttv. þm. Ak. (M. K.), fúsari til fylgis við málið en nefndarmenn neðri deildar.

Aftur gerði jeg það, sem í mínu valdi stóð, til þess, að málið væri fyrst borið fram í Nd, því að er skoðun mín, að slík frv. sem þetta eigi að hefja göngu sína þar, svo að mótmælalaust er það ekki flutt af bjargráðanefnd þessarar deildar. Það mun raunar ekki hægt að segja, að nefndin hafi klofnað um málið, því að enginn nefndarmanna hafði á móti því, að mál þetta kæmi til athugunar og meðferðar þingsins.

Yfirleitt legg jeg lítið upp úr áætlunum og vissu þeirri, sem hinir sönnu flutningsmenn frv., háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) og hv. þm. Ak. (M. K.) færa fyrir því, að landssjóður verði vel af með síldina. Það er að vísu von um það, að selja má fyrir sæmilegt verð 50,000 tunnur til Svíþjóðar, en það er engin vissa fyrir því, hvernig það gengur að koma þeim þangað.

Háttv. þm. Ak. (M. K.) fullyrti, að selja mætti 25,000 tunnur til Ameríku, en þær fullyrðingar dreg jeg í efa. Hann ljet að vísu svo, sem hann bæri gott skyn á málið, og taldi það ekki geta komið til mála, að deildin væri svo illa skipuð, að hún snerist móti málinu. En jeg lít nú samt svo á, að ástæður þessa háttv. þm. (M. K.) hafi ekki verið til að gefa rjettan skilning á málinu, því að þær voru öllu frekar fullyrðingar en sannanir. Jeg get ekki sjeð annað en ef líklegt er, að þetta yrði til gróða fyrir landssjóð, þá gæti það eins orðið fyrir framleiðendur.

En að þetta sje gert fyrir fátækari útgerðarmennina eingöngu, finst mjer ekki geta komið til mála, því að sjálfsögðu gefur landsstjórnin reglur fyrir því, hve margar tunnur hver útgerðarmaður má flytja út af þeirri síld, sem vissa er um að seljanleg sje erlendis. Það getur því ekki komið til mála, að að eins 1 eða 2 útgerðarmenn fái að flytja 50000 tunnur af síld til Svíþjóðar; það væri líkt með það og ef útflutningur á þessum 1000 hrossum, er flytja má til Danmerkur, væri leyfður nokkrum hreppum, en aðrir fengju ekki að láta neitt.

Mjer finst því, að það mætti að sama gagni koma, að landsstjórnin sæi um útflutning og sölu á eins miklu af síld og hægt er að selja, og jafnaði svo verðinu niður á sama hátt og kjötverðinu síðastliðið haust.

Stjórnin gæti þá gert alt til að greiða fyrir sölunni, án þess að landssjóður yrði kaupandi, og sömuleiðis gæti hún fyrirbygt það, að einn veiddi alt, sem út flyttist. En gangi salan vel, þá væri það mestur hagur framleiðendanna, að landssjóður hefði ekki gerst kaupandi.

Eftir mínu áliti eru það miklu lakari kjör fyrir landssjóð að fá 100,000 tunnur fyrir sama verð og 120,000 tunnur, og skil jeg ekki, hvers vegna sá kostur er nú tekinn og talinn öllu betri í greinargerð frv., fyrst hitt stóð til boða hjá fulltrúum síldarútgerðarmanna, en þeir hafa víst í raun og veru töglin og hagldirnar í þessu máli.

Annars verð jeg að segja það, að mjer finst vera hver höndin upp á móti annari hjá formælendum frv. Í öðru orðinu er þetta talið áhættulaust og viss gróðavegur fyrir landssjóð, en í hinu orðinu er það talið ófært fyrir framleiðendurna, og svo til uppfyllingar þessum sundurleitu ástæðum er verið að gera ráð fyrir, ef skaði verði á sölunni, að þá muni hann verða endurgreiddur af útgerðarmönnum síðar. En í slíku vandamáli sem þessu álít jeg ekki viðlit að fara eftir svo völtum og rakalausum staðhæfingum.

Jeg þarf svo ekki að segja fleira, en læt mjer nægja að vitna til orða háttv. 1. þm. Rang. (E. P.), og er jeg honum sammála um það, að ekki komi til mála að samþykkja frv. þetta fyr en vissa er fengin fyrir sölunni til Svíþjóðar.

Eggert Pálsson: Jeg hefi ekki ástæðu til að vera langorður nú, því að jeg tel víst, að mál þetta eigi lengra líf fyrir höndum en í dag, og hefi jeg ekkert á móti því.

En það var háttv. þm. Ak. (M. K.), sem vjek orðum að mjer, og vildi jeg leyfa mjer að gera nokkrar athugasemdir út af því.

Jeg mintist á, að svipuð væri afstaðan, samkvæmt bresku samningunum, um útflutning hrossa og útflutning síldar. Og jeg held fast við þá skoðun mína. Það er afmarkað, að eins lítið eitt, sem út má flytja af báðum tegundum.

Sami háttv. þm. (M. K.) benti á, að undirbúningur væri ólíkt betri í máli þessu heldur en því, er snertir útflutning hrossa. Það er rjett mælt og mjög eðlilegt.

Hjer er um menn að ræða, sem búa í þorpum og kaupstöðum og eiga því hægt með að ná saman, hafa símasambönd, og yfir höfuð greiðar samgöngur. Þeir geta því verið fljótir til að gera samtök sín á milli, til þess að gæta hagsmuna sinna og semja frv. fyrir bjargráðanefndina, sjer sjálfum til bjargar.

En afstaðan er alt önnur hjá landbúnaðarmönnum. Þeir geta ekki rokið saman á svipstundu til að semja frv. í líkingu við þetta.

Annars mun það nú tæplega vera hlutverk háttv. bjargráðanefndar að láta aðra búa til frv. í hendur sjer; hitt mun liggja nær verksviði hennar, að athuga sjálf, hvar hlaupa þurfi helst undir bagga.

Sami háttv. þm. (M. K.) benti líka á það, hve mikið fje lægi í síldaratvinnunni. Taldist honum svo til, að fyrir lægju 6 000,000 kr. í tunnum, 3,000,000 í salti og ef til vill annað eins í áhöldum og skipum.

En jeg lít svo á, að draga megi tvo síðari liðina frá. Nóg mundi að gera við saltið, þótt það yrði ekki notað í síldina, og ekki þurfa skipin að verða ónýt eða ónotuð, þótt þau sjeu ekki höfð til síldveiða. Þau mætti nota til fiskveiða, og það því fremur, sem fiskur veður uppi og engin höft eru á útflutningi hans. Þess er líka að gæta, að verðlag á honum mundi stíga, ef framleiðslan ykist, þar sem verðið er 170 kr. á 12000 fyrstu tonnunum, en 250 kr. á því, sem fram yfir er. Meðalverðið mundi því stíga jöfnum höndum við það, sem framleiðslan ykist fram yfir 12000 tonn.

Það er því ekki hægt að reikna annað en tunnuverðið, 6,000,000 kr., sem óarðberandi fje. En af því fje er mikið í höndum þeirra manna, sem vel mundu þola að liggja með tunnur sínar um ársbil eða svo.

Þá er það alls ekki rjett, að bændur liggi ekki með ónotað fje líka.

Það hefir ekki verið reiknað, hve

margar miljónir liggja fyrir í hrossum úti um land alt. En það er meira en fjeð, sem þar liggur ónotað. Í því liggur einnig bein hætta. Hrossin geta sett alt í voða.

Það er ekki eingöngu, að þau geti sjálf fallið úr hor, heldur einnig annar fjenaður vegna þeirra. En tunnur geta aldrei fallið úr hor.

Þá hefir því verið haldið fram, að þetta væri gróðavegur fyrir landssjóð en ekki veit jeg, hvers vegna fram. leiðendurnir eru þá að leita á náðir hans, ef gróðinn er handviss.

Það getur nú vel verið, að gróði verði á sölunni, en hann er því að eins nokkur fyrir landssjóð, að hann fái að halda honum. En svo er ekki um hnútana búið. Það er að eins tapið, ef nokkurt verður, sem í landssjóðs hlut kemur.

Þá sagði háttv. þm. Ak. (M. K.) enn fremur, að selja mætti til Ameríku síldina. En nú er það alls ekki víst, að það verði sú síld, sem landssjóður kaupir, sem nyti góðs af þeim markaði, þótt einhver yrði, því að ef frv. verður samþ., þá mun það verða til þess, að lagt verði óhikað í síldarútveginn, og þá gæti af því leitt, að meira veiddist en þessar 100,000 tunnur, og mundu þá eigendur afgangsins reyna að ná samningum við Ameríku og ef til vill selja við lægra verði en landssjóður gæti gert. Slík samkepni er ekki með einum staf bönnuð í frv.

Jeg veit, að mjer verður svarað því, að til þessa þurfi útflutningsleyfi. En ef sótt væri um það og því neitað, þá veit jeg ekki, hversu þakklátir þeir yrðu fyrir frv., sem mest og best eiga að njóta þess.

Þá var það eitt, sem jeg átti bágt með að skilja hjá sama háttv. þm. (M. K.), að sala á 50,000 tunnum væri einkis virði, en sala á 100,000 tunnum væri nægilegt til þess að bjarga landinu.

Mjer þykir það undarlegt, að allir hafa forðast að minnast á þá till., að landsstjórnin taki alla síldina í sínar hendur og sjái um jöfnuð á verðinu. Sú leið hefir þó verið farin áður með kjötið og gefist vel. Jeg álít hana líka miklu farsælli og áhættuminni fyrir landssjóð heldur en leið þá, sem frv. vill fara láta.

En það vil jeg að síðustu taka enn fram, að jeg álít ekki viðlit að samþ. frv. þetta til fulls áður en fengin er vissa um þær 50,000 tunnur, sem fara eiga til Svíþjóðar, og í öðru lagi verður að búa svo um hnútana, að ef landssjóður á að hafa áhættuna, þá hafi hann gróðann líka.

Frsm. (Guðjón Guðlaugsson): Það er nú búið að segja svo margt um þetta mál, að jeg hefi tæplega fylgst með svo vel, að jeg geti rakið það alt.

Það var fyrst hæstv. atvinnumálaráðherra, sem kom með athugasemd, sem jeg skildi ekki og skil ekki enn. Það var um tímatakmarkið, 15. júlí, í 5. gr. frv. Jeg skil það vel, ef hann vill finna að þessu takmarki, þar sem það er nú orðið svo nálægt, því að í dag er 4. júlí.

En í sambandi við það talaði hann um framboð, og skildi jeg ekki, hvort hann átti þar heldur við framboð frá Svíum eða frá þeim, sem síldina ætla að veiða. (**Atvinnumálaráðh.:** Auðvitað hið síðara). En þá get jeg ekki skilið, hvernig á að gera framboð um óveidda síld.

Þá mintist hæstv. fjármálaráðherra á óvissuna um framboð Svía, en það kom mjer á óvart, að hann vissi þar ekki betur, þar sem svo má segja, að vissa sje fyrir, að þeir bjóði hærra en bjarg-

ráðanefndin áætlar í frv. Og mjög sterkar líkur eru fyrir því, að útflutningurinn verði ekki annmörkum bundinn.

Útlegg landssjóðs mintist hann einnig á, og þykir mjer það eðlilegt og rjett, að hann taki það til athugunar, þar sem það er varhugavert að binda honum þunga bagga, þegar þess er gætt, í hversu mörg horn hann hefir að líta.

En því til málsbóta er það, að fje það, sem fæst fyrir síldina, sem seljast á til Svíþjóðar, getur komið inn áður en landssjóður borgar síldveiðamönnunum. Og fje þetta er áætlað 4,250,000 kr., og hugsanlegt er, að síldin seljist því betur áætlun, að nemi 30,000 kr.

Þess er líka að gæta, að fje þetta á að taka hjá þeim, sem hægast er að fá fje hjá, sem sje bönkunum. Þetta verður því ekki annað en að taka úr einum vasanum og láta í hinn.

Hattv. 1. þm. Rang. (E. P.) talaði um, að salan til Svía væri enn þá óviss. Honum kann að vera nokkur vorkunn, þótt hann haldi það, en jeg á ekki eins hægt með að fyrirgefa háttv. 5. landsk. þm. (H. Sn.) framkomu hans í þessu máli, því að hann veit vel, að þetta er rangt. Og þegar hægt er að segja með fullum rökum um einn þm., að hann tali móti betri vitund, þá er það hið mesta skammaryrði, sem yfir höfuð er hægt að segja um nokkurn mann.

Háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) setti hrossasöluna í samband við þetta mál og svo sem hliðstæða við það. En hrossasalan er að eins ein lítil grein landbúnaðarins og í mörgum hjeruðum orðin til skammar og skaða fyrir landið. Svo margar horbykkjurnar eru búnar að hrökkva upp af vegna þess, að menn hafa sett á guð og gaddinn, eins og komist er að orði, til þess svo að geta tekið peninga fyrir alls ekki neitt, selt þau hrossin, sem lifað hafa af harðindin, án þess að þurfa annað fyrir þeim að hafa en að sækja þau úr högunum. Slíkt og þvílíkt hafa síldarútvegsmenn ekki getað gert; það sýndu tölur háttv. þm. Ak. (M. K.). Síldarútvegurinn hefir kostað miljónir, en í hrossaeigninni liggur mjög lítið »kapital« frá framleiðenda hálfu, en mikið fje ef selst. Og jeg vil, að þingið láti þrifa til í landinu með hrossasölunni, ef unt er. Og að leggja það að jöfnu, að kaupa 100,000 síldartunnur og að kaupa þúsund hross, nær sem sagt engri átt. Ef landsstjórnin tekur t. d. við 100,000 tunnum af síld á höfn, þarf kaupandi að borga 5 aura í grunnleigu á tunnuna til nýárs. Hvernig ætti nú að haga þessu með hrossin? Við skulum segja, að landsstjórnin tæki við ca. 1000 hrossum á eigin ábyrgð, t. d. frá 1. desember. Ætli hún vildi taka þau fyrir vanalega grunnleigu, 5 aura fyrir hrossið, eins og fyrir eina tunnu af síld? Jeg sje sannast að segja ekki, hvernig hægt er að líkja saman hrossasölu og síldarsölu.

Áhættuna við kaupin á síldinni hefir háttv. þm. Ak. (M. K.) tekið til athugunar, svo að jeg þarf ekki að fjölyrða um það atriði. Jeg neita því ekki, að þetta sje nokkur áhætta. En jeg skil ekki í því, að jafnstór þingmaður og háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) er skuli fara að koma með það, að við eigum ekki að hjálpa síldarútvegsmönnum nema áhættulaust sje. Því neitar þó enginn, að landið í heild sje færara um að bera áhættuna en ein einstök atvinnugrein.

Svo var minst á gróðann, og vildi háttv. 1. þm. Rang. (E. P.), að landssjóður fengi hann allan. Bjargráðanefnd áleit nú, að við ættum ekki að »spekúlera«, — sem líka háttv. þm. (E. P.) virðist vera á móti —, heldur að eins hjálpa, En það kalla jeg að landssjóður geri.

ef hann á bæði að hafa áhættuna og allan gróðann. En hjer er að eins að ræða um það, að atvinnuvegurinn sleppi að skaðlausu, en til þess þarf hallinn, ef nokkur verður, að skella á þjóðinni sem heild.

Jeg er annars hálfhissa, hvernig háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) hefir talað af miklum móði móti þessu máli. Ætli það hafi getað haft nokkur áhrif á hann, að háttv. 5. landsk. þm (H Sn.) fór af stað? Mjer þykir það mjög leiðinlegt, að hann skyldi geta gert svo lítið úr sjer, að fara út í aðra eins hreppapólitík eins og hann gerði. Það er ekki sjálfsagt að rísa strax upp til andmæla, ef eitthvert mál kemur fram, sem snertir annað en landbúnaðinn. Samkepninni verður að vera stilt í hóf, og við verðum að styðja hver annars atvinnuvegi Hann (E. P) fór t. d svo langt, að láta sem hann hneykslaðist á þeim orðum í greinargerðinni, að álitsskjal útvegsmanna ætti að vera og hefði verið bjargráðanefndum þingsins til eftirbreytni, og vildi af því draga þá ályktun, að það væru í raun og veru þessir menn, sem ljetu bjargráðanefnd koma með málið inn í þingið. En nú vil jeg spyrja þm. (E. P): Hvað var eðlilegra en að við í bjargráðanefnd bygðum frv. á áliti og skýrslum þessara manna, sem öllum fremur höfðu skilyrðin til þess að geta talað um málið af reynslu og þekkingu? Síldarútvegsmenn hafa aldrei komið með frv ; við í bjargráðanefnd höfum samið það, og frá okkur er það hingað komið. Háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) er alt of vel gefinn maður og góður þingmaður til þess að hlaupa undir jafnauðvirðilegt stýri og þetta er. (**E. P.**: Þm. (G. G) verður að gá að því, að jeg er dauður). Jeg vona, að þm. (E. P.) geti risið upp aftur við 2. umr. málsins.

Jeg skal bæta því við það, sem jeg sagði áðan um ágóðann, að þar sem í frv. er gert ráð fyrir, að $^3/_4$ væntanlegs hagnaðar gangi til seljendanna, en $^1/_4$ í landssjóð, þá var það upphaflega meiningin í nefndinni, að helmingurinn gengi í landssjóð. En svo breytti hún því vegna þess, að, eins og jeg er þegar búinn að taka fram, þá óskum við þess ekki, að landssjóður græði, heldur viljum við, að hann sleppi hallalaus. Og sá vilji okkar sannar það líka, að við ætlumst ekki til þess, að farið sje að »spekúlera« með fje landsins.

Þá efaðist háttv. þm. (E. P.) um það, að nokkuð yrði hægt að selja til Ameríku í ár af síld Nú fór síldarsalan þannig í hitt eð fyrra, að Ameríkumenn greiddu 65 kr. fyrir tunnuna nettó, og það er áreiðanlegt, að við höfum leyfi áfram til að flytja síld til Ameríku. Englendingar hafa alls ekki bannað það, heldur hafa þeir að eins sagt, að þeir vildu ekki binda sig við að kaupa neina síld. Það væri líka óskiljanlegt, þar sem Ameríkumenn selja matvöru til okkar, ef þeir vildu ekki jafnkjarngóðan mat og síldin er í staðinn, einkum þegar þess er gætt, að íslensku skipin ganga þangað hálftóm, svo að hægt væri að búast við því, að »fragtin« á síldinni þangað yrði ódýr.

Þá var háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) eitthvað að tala um það tvent, að yrði frv. að lögum, þá yrðu það auðmennirnir, sem mestan styrk hefðu af því, og — að það mætti vel hafa fiskveiðar í stað síldveiðanna. Jeg hjelt nú, að jafnskynsamur maður og háttv. 1 þm. Rang. (E. P.) er hlyti að skilja það og sjá, án mikillar fyrirhafnar, að það er ekki auðgert að breyta síldarútvegi í fiskútveg á skömmum tíma. Öllum veiðarfærum verður að farga og útvega önnur í staðinn, tunnur geta ekki kom-

ið að neinu gagni við þorskveiði og allur rekstur er gerólíkur. Þá var hitt atriðið, að auðmenn gætu notað sjer þessa ráðstöfun og haft einhvern hagnað af henni. Nú, þetta getur hugsast. En er það ekki nokkuð ísjárvert, að á sama þinginu og verið er að leggja háan gróðaskatt á efnamennina þá skuli það vera eins og að koma við opið sár hjá sumum þingmönnum, ef þeir sjá einhvern möguleika til, að þessir efnamenn geti grætt eitthvað áfram. Hjer kemur fram hrein og bein mótsögn. Þingið vill fá skatt af gróða landsmanna, og um leið á að fyrirmuna mönnum að græða meira. Ætli það væri ekki betra fyrir landið, að þeir græddu meira, svo að hægt væri að hafa áframhaldandi gróðaskatt.

Þá er að minnast á það fangaráð háttv. 1. þm. Rang. (E. P.), að láta landsstjórnina jafna niður verðinu, alveg eins og gert var með kjötverðið. Þetta væri líka hægt að gera, ef hægt væri að reikna út, hve margar tunnur af síld mundu veiðast á sumrinu, eins og hægt er að reikna út, hve margar tunnur af kjöti muni verða til í landinu árlega. Fyrst buðu nú Englendingar í fyrra ákveðið verð, 120 kr., fyrir tunnuna, svo að allir gátu fengið sama verð. Svo var kjötnefndin sett á stofn, sem hafði auðvitað fastan grundvöll að byggja á, en ekki aðra eins óvissu og hjer er um að ræða. Ef jeg á 10—12 kindur, þá þarf ekki að ganga að því gruflandi, en síldveiðamaðurinn getur ekki sagt neitt um það, hve margar tunnur hann veiðir. Kjötverðið er hægt að jafna undir eins fyrirfram, af því að við vitum, hve margt sauðfje er til í landinu og hve mörgu er lógað að meðaltali á hverju hausti. Það má líka afla sjer upplýsinga um það — nákvæmra upplýsinga — hve miklu bændur ætli að lóga af fje sínu að haustinu. En hvaða árangur mundi það hafa, ef landsstjórnin segði nú: Komið allir til mín og segið mjer, hve margar tunnur af síld þið ætlið að veiða í sumar? Ætli flestum yrði ekki erfitt um svarið? Og samt hugsar háttv. þm. (E. P.), að hægt sje að jafna verðinu niður — fyrirfram.

Magnús Kristjánsson: Jeg var svo óheppinn, að vera kallaður til viðtals í landssímann einmitt þegar háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) var að byrja að tala í seinna skiftið, og eftir því, sem jeg hefi heyrt síðan jeg kom hingað inn aftur, fór jeg víst sjerstaklega mikils á mis að heyra ekki ræðu hans. En svo mikið hefi jeg heyrt, að hann hafi ekki látið af villu síns vegar, heldur komið fram enn skilningsminni og illkvitnari en áður, ef jeg mætti viðhafa þau orð.

Þó kom hann með tvær mótbárur, eftir því sem jeg hefi heyrt, sem báðar eru þess verðar, að þær sjeu teknar til athugunar. Hin fyrri var sú, að fyrirkomulagið yrði ófært vegna þess, að síldveiðin mundi verða meiri en 100.000 tunnur, og útvegsmenn gætu því sjálfir orðið hættulegir keppinautar landsstjórnarinnar, þegar á að fara að koma vörunni út. En nú veit háttv. 1. þm. Rang. (E. P.), að landsstjórnin getur ráðið öllum útflutningum, og mundi ekki leyfa útflutning á annari síld, fyr en hún væri búin að koma sinni eigin síld í verð. Það er sjálfsagt rjett, að veiðin verði meiri en 100,000 tunnur, en það gerir ekki minstu vitund til. Þá var hin mótbáran sú, að síldin mundi rýrna svo, að stór skaði yrði að, en hann gerði alt of mikið úr þeirri rýrnun.

Þá benti hann á, að ekki þyrfti að verða tap á salteigninni, því að annaðhvort mætti selja það eða geyma. En þetta er langt frá því að vera rjett. Þótt síldarútgerðarmenn fækju það ráð

að selja salt sitt, þá gæti staðið svo á, að tunnueign þeirra yrði alveg ónýt og verðlaus eign, og þótt þeir geymi saltið, þá gæti líka svo farið, að það yrði ekki meira en hálfvirði móts við það, sem nú er, fjelli svo í verði.

Jeg get ekki litið öðruvísi á en að alt það, sem jeg hefi sagt, standi enn þá með öllu óhrakið, þrátt fyrir ræðu háttv. 1. þm. Rang. (E. P.). En þar sem háttv. þm. (E. P.) hefir óskað eftir að mæta ekki illu umtali, þar sem hann er dauður, þá vil jeg hlífa honum við að draga fleira fram á sjónarsviðið. Þó hefði víst margur gaman af því, ef hann gæti hlustað á líkræðu eftir sjálfan sig, því að venjulega er flest það, er betur má fara, til tínt, og í öðru lagi alt fært til betri vegar, og hefi jeg nú leitast við að fylgja þeirri reglu hvað þennan háttv. þm. (E. P.) snertir. En jeg tel víst, að meiri hluti háttv. þm. sje svo skynsamur og rjettlátur, að þeir greiði frv. atkv. sitt út úr deildinni, þrátt fyrir hin mörgu og órökstuddu ummæli háttv. 1. þm. Rang. (E. P.).

Jeg tel þýðingarlítið að fara að víkja orðum að því, sem þeir háttv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.) og háttv. 1. landsk. varaþm. (S. F.) voru að tala um, því að það voru aukaatriði ein. Að eins vil jeg geta þess, að þar sem háttv. 1. landsk. varaþm. (S. F.) taldi óvissu á því, hversu mikið við mundum fá fyrir síldina frá Svíum, er um það vissa fengin, að jeg kalla. Og ef alt fer með feldu, þá yrði það svo, að eftirstöðvarnar hjer kæmu til að standa landssjóði í 30 kr. tunnan, og er það ekki hátt verð. Það ætti altaf að vera hægt að selja síldina án tunnu fyrir helminginn af því, og eru eftirstöðvarnar þá ekki orðnar gífurlegar, og svo eru líka líkindi fyrir, að unt verði að flytja eitthvað til Ameríku, og eins er það ekki útilokað, að Englendingar kaupi síld hjer. Þeir hafa aldrei neitað því, og enda gert ráð fyrir ákveðnu verði, ef til þess kæmi. Það er því auðsjeð, að hjer er engin áhætta á ferðum, og enda líkur fyrir betra verði en frv. gerir ráð fyrir, en þetta er gert til þess, að sem flestir geti notið þess.

Því hefir verið hreyft hjer, að landssjóður annaðist söluna og ákvæði, hversu mikið hver má láta, en þetta er illfær og ófær leið, því að það er mjög erfitt fyrir útgerðarmenn að segja til um afla sinn fyrir, eða ganga til veiða algerlega í óvissu um, hvort þeir geti selt aflann eða ekki. Og þessi leið er í sjálfu sjer með öllu óhugsandi, nema síldarútgerðarmenn stofnuðu með sjer nokkurskonar sameignarútgerðarfjelag, þar sem ákveðið væri, hversu mikið hver einstakur mætti veiða, en það hefir ekki verið neinn tími til að stofna slíkt fjelag síðan árangurinn af bresku samningunum um þetta varð kunnur.

Margt fleira má færa frv. til stuðnings, en greinargerð sú, er fylgir frv., ætti að vera nægileg, enda málið svo gott, að það mælir með sjer sjálft.

Jeg ætla að sleppa að þessu sinni að svara háttv. 2 þm. Húnv. (G. Ó.). Það var ekki svo veigamikið, að ástæða sje til að athuga það, enda tækifæri til þess síðar að svara svo smávægilegum athugasemdum, ef þær skyldu koma fram aftur.

Frsm. (Guðjón Guðlaugsson): Jeg þarf ekki mikið að segja; vil að eins athuga ofurlítið ummæli háttv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.) um flutning málsins.

Það varð að samkomulagi í bjargráðanefndum beggja deilda, án þess að atkvæðagreiðslu væri óskað, að málið yrði flutt hjer í háttv. Ed. Þetta kom til meðal annars af því, að sá, er hafði kynt sjer málið best í háttv. Nd., hafði ekki tíma til þess að hafa framsögu í

því, vegna ýmsra annara þinganna. Því var flutningurinn falinn oss efri deildar mönnum.

En á hinn bóginn var litið svo á í nefndinni, og á móti því hreyfði enginn mótmælum, að sjálfsagt væri að lofa málinu að ganga fram á leið fyrst um sinn. Þó voru það einstöku menn, sem komu svo heiðarlega fram, eins og hv. 1. landsk. varaþm (S. F.) að taka það fram, að óvíst væri um fullnaðaratkvæði hans með frv., fyr en vissa væri komin um söluverð þeirrar síldar, sem seld verður til Svíþjóðar. Nú er sjeð, að verðið verður hærra en nefndin þorði að áætla, svo að engin ástæða er til þess, að þeir greiði nú ekki lokaatkvæði með frv., og það vænti jeg að allir góðgjarnir og greindir þm. geri.

Fjármálaráðherra (S. E): Út af ummælum háttv. frsm. (G. G.) um verð á síld til Svíþjóðar vil jeg að eins geta þess, að enn eru ekki gerðir fastir samningar um síldina, og því ekki auðið að segja, hvert verðið verður.

Jóhannes Jóhannesson: Mál þetta er borið fram af bjargráðanefndum þingsins og í eðli sínu bjargráðamál, og verð jeg að segja það, að það er frá því sjónarmiði einu, að jeg get greitt frv. atkv.

Jeg er þeirrar skoðunar, að ekki megi »spekúlera« með fje landssjóðsins. Löggjafarvaldið hefir vald til þess að leggja skatta, tolla og gjöld á landsmenn til landssjóðsins, til þess að hann geti staðist nauðsynleg útgjöld landsins, en að mínu áliti alls ekki til að »spekúlera« með.

En þar sem hjer er um bjargráðaráðstöfun að ræða, sem verið getur, og enda er líklegt, að baki landssjóði útgjöld, verður að fara með málið að öllu leyti sem bjargráðamál, og vil jeg því ekki, að neitt standi í frv., sem bendi til þess, að hjer sje um annað að ræða.

Þess vegna felli jeg mig með engu móti við 7. gr. frv., sem gerir ráð fyrir gróða af ráðstöfuninni.

Þótt svo ólíklega færi, að um tekjur yrði að ræða, þá fæ jeg ekki betur sjeð en að sá hagnaður eigi að renna til landssjóðs, sem ber alla ábyrgðina. Jeg mun því við 2. umr. greiða atkv. á móti 7. gr. frv.

Jeg skal benda á það, að 2. málsgr. 4. gr. er mikils virði. Það eru sannnefnd bjargráð, því að þar eru litilmagnanum, sem ekki hefir efni á að salta síld sína sjálfur, heldur verður að selja hana öðrum til söltunar, trygt hæfilegt verð fyrir vöru sína.

Frsm. (Guðjón Guðmundsson): Jeg sje ekki, að hjer sje um neina »spekúlation« að ræða. Þetta eru bjargráð, eða verslun með síld, einskonar deild af landsversluninni. Hjer er það tekið fram, að landssjóður eigi ekki að hafa allan ágóðan en um landsverslunina er ekki tekið neitt fram, hvernig skuli farið með ágóðann, enda hefir landsverslunin ekki verslað með innlendar afurðir til útflutnings. Og jeg sje ekkert á móti því, þótt framleiðendur beri betri hlut frá borði, ef landssjóður græðir vel á versluninni.

Þar sem hæstv. fjármálaráðherra var að tala um það, að enn væri eigi gerður fullnaðarsamningur um síld til Svía, þá verð jeg að líta svo á, að verðið sje ákveðið, þar sem þeir hafa boðist til þess að kaupa síldina fyrir ákveðið verð, og að minsta kosti verður verðið ekki lægra en það var í tilboðinu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 59. fundi í Ed., laugardaginn 6. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 438, 457).

Magnús Torfason: Aðalákvæði frv. eru í 2. gr.; þau hljóða um það, að keyptar skuli 100 pús. tunnur af síld, 50 þús. fyrir 75 aura hvert kg. og aðrar 50 þús. fyrir 45 aura hvert kg. Það, sem aðallega hefir verið haft á móti frv., er, að áhættan, sem því fylgir, sje svo mikil. Um þetta hefir verið deilt. Meðal annars hefir verið sagt, að áhættan hljóti að vera mikil fyrir landssjóð, þar sem hún er mikil fyrir síldarframleiðendur; ef engin áhætta hefði verið fyrir þá, mundi frv. aldrei hafa komið fram. En þetta þarf alls ekki að fara saman. Galdurinn er sá, að síldarframleiðendurnir hafa engin tök á að ná sínu upp ef síldin selst illa, en landssjóður hefir aftur margar leiðir til þess að bæta sjer skaðann, ef einhver verður. Landssjóður gæti alveg bætt sjer tapið með sköttum á síldarútgerðinni síðar meir. Hingað til hefir þingið ekki verið svo óviljugt að fara þá braut! Með öðrum orðum, áhætta landssjóðs getur að eins orðið í svip, en aldrei í lengd. Það yrði því engin þjóðhætta að því að samþykkja frv. Hins vegar gæti á margan hátt leitt stórtjón af því að samþykkja það ekki. Fyrir landssjóð mundi það verða beint og óbeint stórtjón, ef síldarútveginum er ekki hjálpað fram hjá þeim boðum, sem fram undan liggja, og afturkippur kæmi í hann. En það er ekki nóg með hættuna fyrir landssjóð og þá, sem stunda þennan atvinnuveg. Landbúnaðurinn gæti beðið af því mikið tjón, og þá sjerstaklega hrossaeigendurnir. Síldin er eini innlendi fóðurbætirinn, sem til er. Ef engin síld veiddist, gæti svo farið, að hrossaeigendur fengju þá ánægju að skoða horgrindur hrossa sinna í hverri laut. En ef nóg síld veiðist, er engin hætta á horfelli, svo framarlega sem menn hafa hugsun á að ná sjer í fóðurbæti nógu snemma, og atburði til þess. Jeg vil segja, að því meira sem tjón landssjóðs yrði í svip af síldarkaupum, því meiri yrði gróði landbúnaðarins vegna hins ódýra fóðurbætis. Nú, þegar enginn útlendur fóðurbætir fæst, neyðast menn til að nota þann innlenda, og er það argasti skrælingjaskapur, að það skuli þurfa neyð til þess að kenna mönnum að nota hann. Þá er annað. Því meira sem tjón landssjóðs verður, því ódýrari verður síldin til manneldis. Það væri ekki lítils virði, ef hægt væri að kenna okkur Íslendingum síldarát. Þegar á alt er litið, er því ekki um nema eina áhættu að ræða í þessu máli, þá að fella frv.

Á það hefir verið minst, að verðið á síldinni væri nokkuð hátt. Jeg skal ekkert um það segja, hvort ekki mætti lækka verðið lítils háttar, en ef það yrði gert, verður að breyta ákvæðum 4. gr., um kaupverð frambjóðenda. Lágmarkið fyrir því verður að lækka jöfnum skrefum og kaupverð landssjóðs, en það væri afarleitt.

Það hefir verið sagt, að ákvæði 6. gr. bindi landssjóði miklar byrðar; lánstraust landssjóðs sje búið að þenja svo langt, að ekki sje viðlit að fullnægja þeim ákvæðum. Jeg er ekki svo kunnugur, að jeg geti sagt með vissu, hvort þetta muni vera rjett. En mikill hluti þess fjár, sem landssjóður á að greiða síldarútvegsmönnum, mun fara til bankanna, og er mjer óskiljanlegt annað en að landssjóður geti notið sama láns-

trausts hjá bönkunum og þeir. Bankarnir þurfa ekki annað en að færa skuldir útgerðarmanna yfir á reikning landssjóðs.

Þá hefir loks verið talað um, að ekki sje rjett, að landssjóður taki fjórða hluta af hagnaðinum, sem kynni að verða. Jeg hefi aldrei litið svo á, sem hjer væri um gróða »spekúlation« að ræða fyrir hönd landssjóðs, en í sambandi við slíkt fyrirtæki sem þetta verða auðvitað ýmiskonar útgjöld og fyrirhöfn, sem hvergi kemur til reiknings, og hefi jeg litið svo á, sem $^1/_4$ af arðinum ætti að koma upp í það. Það er ekki »spekúlations«-gróði, heldur ómakslaun, og skaðlaus á landssjóður að skilja við þessa verslun, ef einhver ágóði verður.

Fleira skal jeg ekki tína til að sinni, þó að langt mál mætti um þetta alt tala, en jeg vona, að frv. fái greiðan byr gegnum deildina.

Fjármálaráðherra (S. E.): Eitt af fyrstu skilyrðunum fyrir því, að gengið verði inn á frv., er vissa fyrir sölunni til Svíþjóðar. En eins og áður hefir verið tekið fram, þá er þar að eins um líkur að ræða en enga vissu. En meðan svo er, álít jeg, að þingið geti ekki með neinu móti látið frv. frá sjer fara. En sú vissa gæti komið bráðlega, og teldi jeg því best, að málið biði þangað til.

En jeg fyrir mitt leyti sje ekki betur en að áhætta sje eftir sem áður nokkur, þótt vissa fengist um sölu til Svíþjóðar, jafnvel þótt hærra verð fengist en áætlað er í frv. Þrátt fyrir það er alt óvíst um þá síld, sem fara á til Ameríku, og það, sem seljast á hjer.

Jeg mun því ekki sjá mjer fært að greiða frv. atkv., án þess að dregið sje úr þeirri áhættu, og hefi jeg því hugsað mjer að koma fram með brtt. til 3. umr., til þess að færa niður ákvæðið í 2. gr, um síldarverðið.

Ákvæði 6. gr. finst mjer líka mjög óaðgengilegt. Jeg sje ekki betur en að á meðan ekki er víst, hve nær peningarnir koma frá Svíþjóð, þá geti það orðið allmikið fje, sem landssjóður verði að leggja út til bráðabirgða. Það gæti skift miljónum.

Og það láir mjer víst enginn, þótt jeg vilji gera mjer ljóst, áður en slíkt er samþykt, hvort landssjóður mundi geta haft slíkt fje á reiðum höndum. Jeg tel víst, að til þess þurfi að útvega ný lán og þau stór. Það getur háttv. deild sannfærst um af skýrslum, sem hjer hafa verið gefnar.

Auk þess er þetta ekki eini örðugi hjallinn, sem komast verður upp á, því að ekki er enn þá sagt, hve háar kröfur þær verða, sem verslunin gerir til landssjóðs til nýrra lána.

Jeg mun því einnig leyfa mjer að koma með brtt. við þessa gr. frv., til þess að lengja greiðslufrest landssjóðs.

Þá mun jeg einnig koma með brtt. við 7. gr. frv., þótt það skifti ekki eins miklu máli. En jeg lít svo á, að ef landssjóður á að bera alla áhættuna, þá verði hann einnig að eiga von á meiru af gróðanum, ef nokkur verður.

Háttv. þm. Ísaf. (M. T.) benti á, að þótt hjer væri áhætta, þá væri það að eins í svip, og þótt halli yrði, þá væri landssjóði auðvelt að ná því inn aftur með auknum sköttum.

Þetta má rjett vera, en þess ber að gæta, að á þessum örðugustu tímum getur það skift miklu fyrir landssjóð að taka á sig þó að ekki sje nema bráðabirgðaáhættu.

Jeg hefi ekki sjeð mjer fært að koma með brtt. nú, en mun, eins og jeg hefi sagt, gera það við 3. umr.

Við erum allir sammála í stjórninni

um það, en höfum að eins ekki komið okkur niður á því, hve langt skuli ganga.

Jeg mun því greiða frv. atkv. til 3. umr.

Magnús Kristjánsson: Við fim. höfum komið okkur saman um það, að sama sje hver okkar svarar, ef eitthvað það kæmi fram, sem svara þyrfti, og vona jeg, að hæstv. forseti sjái sjer fært að telja menn ekki hafa talað sig dauða, eftir venjulegum reglum, ef svars yrði vant.

Hæstv. fjármálaráðherra hefir komið fram með ýmislegt, sem hann telur nægilegar ástæður til þess að fresta málinu, eða ef til vill til þess, að því verði að fullu og öllu stungið undir stól.

En til þess, hvort málið þoli bið, er því að svara, að útgerðartíminn stendur fyrir dyrum, og verði málið ekki útkljáð fyrir miðja næstu viku, þá er málið sjálft þýðingarlítið og sum ákvæði frv. þýðingarlaus.

Eftir ákvæðum frv. á að tilkynna út um land alt, þegar í stað, hvers menn megi vænta í þessu efni, og þeir að segja til, sem viðskifti vilja eiga fyrir miðjan þennan mánuð.

Málið þolir því enga bið, og þess vegna hefi jeg óskað þess, að það yrði hjer einnig til 3. umr. í dag. Auk þess er einn eða fleiri, af þeim, sem mest afskifti hafa haft af málinu, á förum.

Þá var það annað, sem hæstv. fjármálaráðherra lagði mikla áherslu á, að hann sæi sjer ekki fært að styðja málið, nema verðlagsákvæðið væri lækkað og gjaldfrestur landssjóðs lengdur.

Það má sjálfsagt kalla þetta virðingarverða varfærni. En það verður að gera fleiri kröfur til hæstv. fjármálaráðherra en varfærniskröfur, t. d. kröfur um víðsýni og þekkingu og fleiri góða hæfileika. Með þessu er þó ekkert um það dæmt, að hve miklu leyti þeir hæfileikar eru hjer til staðar.

En jeg verð að segja það, að útreikningur hæstv. fjármálaráðherra var ekki ábyggilegur, svo að jeg segi ekki meira. Hann telur enga tryggingu fyrir sölu til Svíþjóðar og því síður fyrir ákveðnu verði. Þessu verð jeg að leyfa mjer að mótmæla. Jeg þori að fullyrða, að stjórnin getur selt til Svíþjóðar 50,000 tunnur og það með ákveðnu verði.

Jeg hefi þar fyrir mjer yfirlýsingu stjórnarinnar sjálfrar, að henni hafi boðist 90 aurar í kg. og að salan færi fram hjer á staðnum. Nú er gert ráð fyrir, að það kosti 6,000,000 kr., sem stjórnin kaupir. En fyrir síldina til Svíþjóðar er hægt að fá $4^1/_2$ miljón kr.; þá er það $1^1/_2$ miljón kr., sem vantar, og þarf það að fást fyrir afganginn, sem er 50,000 tunnur. Verðið á því verður þá 30 kr. tunnan, og verður það að teljast fullvirði þess, sem á vantar, að landssjóður fái sitt. Tunnurnar sjálfar er óhætt að reikna á 20 kr. og síldina þá að eins á 10 kr., og það tel jeg víst, að aldrei geti svo illa farið, að hún reynist ekki þess virði.

En af þessu sjest, að áhættan er í versta falli engin.

En geri maður nú ráð fyrir, að betur takist og að til Ameríku seljist í minsta lagi 20 þús. tunnur á 50 kr. hver, þá vantar að eins $^1/_2$ miljón kr., og fyrir því fje standa 30 þús. tunnur. Þá kostar hver þeirra 17 kr., og er það tæplega tunnu virðið.

En ef slíkt á að teljast áhætta fyrir landssjóð, þá er ástandið verra en jeg hugði. Ef hann telst ekki fær um að eiga 30 þús. tunnur af síld, sem varaforða í landinu, þá er kjarkur þingsins á þrotum og neyð fyrir dyrum.

Jeg verð því að álíta, að mótbárur

hæstv. fjármálaráðherra sjeu ekki svo veigamiklar, að ástæða sje til þess að hika við málið.

En væri þessi ótti hans, sem fram hefir komið, á rökum bygður, þá ætti honum þó að vera það ljóst að ef svo illa færi, að riftað yrði samningunum við Svía, sem jeg tel engin líkindi til, þá er þó nógur tími til þess að stöðva málið í Nd.

Þetta er því, ef ekki yfirskynsótti, þá að minsta kosti ástæðulaus ótti.

En hitt vil jeg benda á, að ef samningarnir við Svía komast ekki á, þá er það stjórninni að kenna, því að hún hefir haft tækifæri til þess að gera þá. Því hefir verið slegið fram sem ástæðu, að beðið væri eftir hærra verði, en jeg lít svo á, að rjettast væri að taka tilboðinu strax. Þá er áhættan engin.

En nú vil jeg skoða mál þetta á annan veg, úr því að farið er að ræða það svo mjög. Hingað til hefir að eins svartari hliðin verið skoðuð.

En skoði maður það frá hinni hliðinni, þá eru meiri líkur til þess, að ekki að eins útvegsmönnum og almenningi verði bjargað úr vanda, heldur græði landið einnig stórfje.

Setjum svo, að þessar 50 þús. tunnur flyttust allar út og seldust fyrir 50 kr. hver. Það gerir $2^1/_2$ miljón kr., eða með öðrum orðum þá hefir græðst 1 miljón kr. Það getur líka hugsast, að öll síldin seldist fyrir sama verð, ef Svíar gætu komist að rýmri samningum um útflutning hjeðan. Þá fengjust alls 9 miljónir kr. fyrir síldina, og væru þá 3 miljónir græddar.

Þetta er eins líklegt, og má eins sýna fram á það með fult eins góðum rökum og hitt, að landssjóður skaðist.

Jeg þykist því hafa sýnt fram á það, að óttinn er ástæðulaus og sprottinn af of mikilli varfærni, og færi betur, að honum yrði útrýmt áður en málið verður tafið um of, eða ef til vill felt.

Um borgunarskilmálana skal jeg ekki fara mörgum orðum, enda er það atriði smávægilegt.

En nú geta samningarnir við Svía orðið svo, að þeir borgi alt fyrir októberlok, og er það þá ekkert vandamál fyrir landssjóð að greiða 3 miljónir kr., ef hann fær $4^1/_2$ miljón kr. inn.

Háttv. þm. Ísaf. (M. T.) hefir einnig sýnt fram á það, að ótti við þetta atriði er ástæðulaus, þar sem hjer er í rauninni ekki um annað að ræða en tilfærslu í bönkunum.

En þótt við tökum versta tilfellið og segjum, að greiðsla fari ekki fram nógu snemma, þá er jeg sannfærður um það, að nógir vegir verða, þar sem um svona mikið verðmæti er að ræða. Bankarnir eru ekki svo þröngsýnir, að þeir láni ekki út á það. Og þá eru enn þá fleiri leiðir, sem jeg hirði ekki um að nefna, en gæti bent hæstv. stjórn á, ef hún teldi sig vera í vanda.

Þá er eftir að líta á málið enn frá einni hlið. Skal jeg að vísu vera stuttorður um hana og varast að deila á háttv. þm., því að jeg álít, að þetta mál sje alt of mikilvægt til þess, að hnútukast megi eiga sjer stað hjer í deildinni. En þessi hlið málsins er sú, hvernig horfir við, ef þingið gerir ekkert í málinu.

Síldarútvegsmenn skiftast í 2 flokka. Fyrri flokkurinn er stóreignamenn. Þeir eru sárfáir, svo sem 5 eða 6; þeir eiga tunnur fyrirliggjandi í tugum þúsunda og hafa að öllu leyti tæki til þess að veiða þessar 100,000 tunnur og meira til. Þeirra hagur væri, að þing og stjórn skildi ekki sitt ætlunarverk. Þeim væri stórhagur, að þingið feldi frv., því að þeim væri þá lagður upp í hendurnar stórgróði. Við skulum segja, að þeir

veiddu þessar 100,000 tunnur einir, og ef gera má ráð fyrir 90—100 kr. fyrir tunnuna, þá yrðu það 3—4 miljónir kr., sem yrði gróði örfárra manna. Ef svo rættist úr með útflutninga, og þeir veiddu þessar 100,000 tunnur upp á eigin ábyrgð, þá mundu þeir græða enn meira. Aðaltilgangur þessa frv. er nú einmitt sá, að koma í veg fyrir það, að stórgróði safnist á hendur einstakra manna. Og það er augljóst, að verði ekki veiddar nema þessar 50,000 tunnur í sumar, þá verða það að eins örfáir stórgróðamenn, sem fá veitt þær og selt.

Í sambandi við þetta vil jeg loks geta þess, að verði brtt. hæstv. fjármálaráðherra samþyktar, þá tel jeg málinu svo spilt, að mjer þykir þá ekki miklu skifta, hvort málið kemst í gegn eða ekki.

Hinn flokkurinn, af þeim tveimur, sem jeg áður gat um, nefnilega smáútgerðarmennirnir eða frumbýlingarnir, er miklu fjölmennari en sá fyrri, og eins og áður hefir verið bent á, ríður þeim flokknum lífið á því, að hægt sje að halda áfram útgerðinni. Þessir menn sitja uppi með stórskuldir vegna þess, hve atvinnuvegur þessi hefir gengið skrykkjótt nú síðustu árin.

Árið 1916 var útvegurinn ekki rekinn með nærri nógu miklum krafti vegna þess, að Englendingar settu mönnum þá stólinn fyrir dyrnar með tunnur o. fl. Árið 1917 brást síldaraflinn svo að segja alveg. Þar af leiðandi standa smærri útgerðarmenn á heljarþröminni fyrir óviðráðanleg atvik.

Þess vegna álít jeg, og ætla að vera svo djarfur að segja það, að þetta sje langþýðingarmesta málið, sem enn hefir fyrir þingið komið, og á því veltur það, hvort þing og stjórn á að halda fullum heiðri eða ekki.

Atvinnumálaráðherra (**S. J.**): Það getur vel verið, að háttv. flutningsmönnum frv. hefði þótt vel við eiga, að afstaða stjórnarinnar, nú á þessu stigi málsins, gæti verið skýr og ákveðin, en jeg álít tæpast hægt að ætlast til þess. Málið er svo að segja nýlagt fyrir þingið, og án efa það stórmál, að nokkurn tíma þarf til þess að átta sig á því, svo að vel sje.

Flutningsmenn frv. hafa haft mikinn undirbúningstíma til að kynna sjer alla málavöxtu; erindrekar frá útgerðarmönnum hafa verið hjer og túlkað mál sitt fyrir þeim. Það er því síst að furða, þótt þeir tali um málið með meiri öruggleik en þingmenn og stjórnin. Málið er stórt, eins og allir vita, og líka er hjer lagt inn á nýja braut, sem við 1. umr. var kölluð »spekúlations«-braut og ekki hefir áður verið farin hjer í þinginu. Verði þetta frv. nú að lögum, er með því skapað nýtt fordæmi, en þegar svo er, að sköpuð eru ný fordæmi af þinginu, þá veitir ekki af sem bestum undirbúningi, eigi ekki fremur ilt en gott af að hljótast. Af þessu leiðir, að mjer finst háttv. þm. Ak. (M. K.) ganga nokkuð langt í kröfum sínum um skjótan framgang málsins, þar sem hann leggur svo mikla áherslu á, að málið fái bæði 2. og 3. umr. í dag. Það er til of mikils mælst, og jeg fyrir mitt leyti get ekki verið með því. Enda ætlar fjármálaráðherra að koma með brtt., og þótt háttv. þm. Ak. (M. K.) ljeti svo, sem þær brtt. yrðu ekki til þess að bæta frv., heldur þvert á móti, þá getur hann tæpast neitt um þetta sagt fyr en brtt. eru fram komnar. Það er ekki lengra en síðan í fyrradag, að málið kom hjer inn í deildina, og þótt það biði til mánudags hjer, þá hefir það samt hraðari gang en margt

annað, og mjer finst háttv. flutningsmenn vel geta sætt sig við það, að að eins 2. umr. fari fram í dag.

Háttv. þm. Ak. (M. K.) var að tala um samningana við Svía og kom þar með eitt atriði, sem hann taldi geta orðið þungt ásökunarefni á stjórnina, ef rættist. Hann ljet nefnilega í ljós, að ef samningarnir við Svía væru ekki enn útkljáðir, þá væri það stjórninni hjer að kenna, og mjer skildist á honum, að það væri ábyrgðarhluti fyrir stjórnina, ef hún hefði þegar hafnað boði þeirra eða ætlaði sjer að hafna því. Jeg veit ekki, hvort jeg hefi misskilið háttv. þm. (M. K.), en jeg vil taka það fram, að ekkert hefir verið gert því til hindrunar, að boð Svía gæti gengið fram og erindrekar vorir geti gengið að því.

Eggert Pálsson: Jeg vil, áður en jeg sný mjer að málinu sjálfu, gera stutta athugasemd, sem ekki kemur því beint við. Mjer var borið það á brýn við 1. umr. málsins, af háttv. andstæðingum mínum, að jeg hefði talað með æsingi, en hins vegar var skorað á mig að tala hærra. Nú vil jeg spyrja háttv. andstæðinga mína, hvort þeir vilji heldur, að jeg tali í lágum róm eða háum, því að jeg hefi bæði bassarödd og diskant. (**M. K.:** En vantar millirödd?). Já, en mjer er illa við, að það verði kölluð æsing, þótt jeg tali nú nokkuð hátt.

Háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) og háttv. þm. Ak. (M. K.) gerðu mjer þann heiður um daginn, þegar jeg var dauður, að bauna báðir á mig. Jeg skrifaði ekkert af því niður, sem þeir sögðu, en fanst »summa summarum« af því öllu saman vera það, að jeg væri helst til lítill »spekúlant« og íhaldssamur hvað fje landssjóðs snerti. Jeg skal kannast við þetta. Hitt finst mjer eðlilegt, að háttv. andstæðingar mínir, sem báðir eru kaupmenn, sjeu hjer ódeigari. Þetta fanst mjer nú vera aðalásökun þeirra í minn garð, en jafnframt því, sem þeir kváðu mig deigan, gat jeg ekki betur heyrt en að þeir vörpuðu hrósyrðum til mín við og við.

Háttv. þm. Ísaf. (M. T.) kannaðist við það, að hjer væri talsverð áhætta á ferðum, en hjelt því jafnframt fram, að landssjóður ætti að taka hana á sig fremur en einstaklingarnir, og gæti hann náð sjer upp síðar á síldarútvegsmönnum, ef hann vildi. Þetta kann nú að vera. En jeg man nú svo langt, að áður, þegar þessi útvegur stóð í blóma, þá lá hjer fyrir frv. um að auka síldartollinn, og man jeg þá ekki betur en að háttv. þm. Ísaf. (M. T.) væri þá á móti tollinum, já, berðist á móti honum með oddi og egg. Annars játa jeg, að jeg vil gjarnan eiga eftirkaup við þennan háttv. þm. (M. T.) í »privat«-sökum, en síður í pólitiskum sökum.

Sami háttv. þm. (M. T.) skaut því fram, að það væri lífsnauðsyn fyrir hrossaeigendur, að síldarútvegurinn stöðvaðist ekki og frv. næði fram að ganga. En jeg hygg nú, að nóg síld væri til handa hrossunum fyrir í landinu, svo að ekki þyrfti að fara að veiða nýja síld vegna þeirra.

Annars man jeg ekki til þess, að hv. þm. (M. T.) flytti síldarfóðurbæti frá Reykjavík og austur í Rangárvallasýslu, þegar hann átti þar heima og við vorum grannar. Jeg held, að hann hafi þá ekki keypt eina einustu síldartunnu til fóðurbætis, þótt hann virðist nú vera orðinn annarar skoðunar um nytsemi síldar til skepnufóðurs. Sú breyting hefir orðið á honum síðan hann kom á Ísafjörð. En ætti hann enn þá bú á sama stað og áður, þá hugsa jeg, að hann mundi ekki gera mikið að því að flytja síld upp í sveit. Hann mundi áreiðanlega hörfa í þann flutning, er

hann vissi, hve mikið legst á hvert kilóið af síldinni, þegar á að fara að flytja hana þannig langar leiðir.

Þá talaði háttv. þm. (M. T.) um það í þessu sambandi, að brýn nauðsyn bæri til þess, að kenna fólkinu að eta síld. Jeg þekki nú engan skóla, sem kennir slíkt, og jeg hugsa, að meðan ekki eru allar bjargir bannaðar þá þurfi enginn að vænta þess, að síldarát útbreiðist meðal almennings öðruvísi en smátt og smátt.

Annars er alveg það sama að segja um málið í heild sinni eins og var við 1. umr. Það er enn sama óvissan og þá um síldarútflutninginn til Svíþjóðar, hvorki búið að semja um verð á henni þar nje vissa um útflutning þangað. Hvað svo söluna til Ameríku snertir, þá er þar einnig um sömu óvissuna að ræða. Og sje markaður fyrir síld opinn í Ameríku, þá geta þeir, sem ekki hafa selt landssjóði síld sína, boðið hana fram þar, og það fyrir lægra verð heldur en landssjóður getur staðið sig við að selja fyrir.

Undir umræðunum hefir ekki neitt nýtt atriði komið fram, sem gæti stutt frv., og allar þær athugasemdir, sem jeg hefi við það gert, standa með öllu óhraktar. Það er því óþarft fyrir mig að endurtaka nokkuð af þeim, heldur nóg að minna á þetta.

Halldór Steinsson: Það var háttv. þm. Ísaf. (M. T.), er gaf tilefni til þess, að jeg bað um orðið, en háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) hefir síðan að mestu svarað honum, svo að jeg get verið fáorður.

Háttv. þm. Ísaf. (M. T.) kannaðist við það, að áhætta væri að frv. þessu fyrir landssjóð, en hann taldi þá áhættu að eins vera í svip. Við skulum gera ráð fyrir, að landssjóður tapi 3 milj. kr. á þessu. Þá segir háttv. þm. Ísaf. (M. T.), að það sje að eins í svip, því að það megi altaf leggja skatt á síldarútveginn, til þess að ná inn þessu tapi. En þótt hægt sje að segja, að þessi leið sje fær, þá hefir reynslan sýnt, að hún er býsna erfið og torfær, því að hve nær sem hefir átt að hækka skatta á hærri gjaldendum þá hefir það átt mjög örðugt uppdráttar.

Annars eru harla mismunandi skoðanir um þetta mál; sumir líta svo á, sem málið sje lítið, óbrotið og jafnvel sjálfsagt, en aðrir telja það stórt, þýðingarmikið og jafnvel varhugavert. Það kemur og fram, að það er ósamræmi um málið meðal flutningsmanna sjálfra. Sumir þeirra halda því fram, að frv. sje nauðsynlegt vegna síldarútvegsins, en hins vegar sje engin hætta á ferðum fyrir landssjóðinn, þótt það verði samþykt, og háttv. þm. Ak. (M. K.) gekk svo langt um þetta, að hann hjelt því fram, að hið versta, er gæti skeð fyrir landssjóðinn, væri, að hann tapaði engu á frv. En aðrir meðhaldsmenn frv., eins og háttv. þm. Ísaf. (M. T.), viðurkenna, að áhætta fylgi frv. Jeg fæ nú ekki skilið það, ef engin áhætta fylgir frv. fyrir landssjóðinn, hver vinningur er að því fyrir síldarútvegsmenn. Nei, sannleikurinn er víst sá, að bæði síldarútvegsmönnum og flutningsmönnum frv. er það ljóst, að áhætta fylgir frv. á meðan ekki er fengin skýlaus vissa um, að hægt sje að selja síldina til Svíþjóðar, og um það fæst ekki vissa fyr en samningar eru gerðir.

Flutningsmenn frv. halda því fram, að ef það verði samþ., sje minni síldarútvegsmönnum hjálpað til að halda uppi útgerðinni, þar sem þeir þá eigi víst að fá sama verð fyrir síldina eins og hinir stærri útgerðarmenn. Þetta er rjett athugað. En hið sama vinst með því, að landsstjórnin taki að sjer söluna á síldinni og jafni síðan söluverðinu

niður á seljendur. Svo framarlega sem engin áhætta er samfara þessum síldarkaupum, þá er það ljóst, að þessi leið yrði báðum aðiljum hagkvæmari.

Jeg kannast við það, að það sje skylda þings og stjórnar að hlynna að einstökum atvinnugreinum, en sú aðhlynning að einni atvinnugrein er því að eins rjettmæt, að hún komi ekki niður sem skellur á aðrar atvinnugreinar, en það hlyti hún að gera þegar landssjóður leggur stórfje fram í því skyni. Þegar um bjargráð er að ræða, verður að gæta varúðar og gæta þess, hversu mikil nauðsyn er á þeim og hve mikið gagn leiðir af þeim móts við fje það, sem til þeirra er lagt. Hjer þykir mjer björgunarupphæðin, 6 milj. kr., mikil, og ef illa fer, kemur hún hart niður á landssjóði og landsbúum. Hjer veltur alt á því, að vissa fáist um síldarsöluna til Svíþjóðar, því að fáist vissa um hana, þá er áhættan ekki orðin meiri en það, að unt er að samþ. frv., en auðvitað að sjálfsögðu með þeirri breytingu, að 7. gr. verði feld, því að ef nokkur gróði yrði af þessari síldarsölu, þá virðist sjálfsagt, að hann lendi hjá þeim, sem áhættuna ber, þ. e. í þessu tilfelli landssjóði.

Magnús Torfason: Háttv. þm. Snæf. (H. St.) þóttist ekki skilja það, að síldarútvegsmenn gætu tapað, þótt landssjóður tapaði ekki. Þetta er þó ofureinfalt mál. Smáir og fátækir síldarútvegsmenn þora ekki að ráðast í útgerð, ef þeir hafa ekki vissu fyrir því, að þeir geti selt síldina. Og þeir fá ekki heldur lánstraust til þess að reka útgerðina, ef þá vissu brestur. Jeg veit dæmi þess, að minni útgerðarmenn hafa orðið að selja tunnur og salt undir sannvirði, einvörðungu af því að þá brast lánstraust til þess að geta legið með birgðarnar. Það má því vera öllum ljóst, er nenna og geta hugsað, að ef landið hleypur ekki undir bagga, þá lendir síldarútvegurinn í fárra manna höndum. Og það ættu þó allir að geta skilið, að ekki væri það holt eða heppilegt fyrir landið, einkum að því er snertir atvinnu við síldveiðarnar eða verkun síldarinnar. Öðru er óþarft að svara í ræðu þessa háttv. þm. (H. St.).

Þá kem jeg að háttv. 1. þm. Rang. (E. P.). Hann tók það rjettilega fram, að jeg hefði sagt, að landssjóður gæti beðið tjón af síldarkaupum í svip. En jeg veit ekki, hvert spor við getum stigið, hvorki fram nje aftur, til framkvæmda eða athafnaleysis, án þess að ætíð geti verið meiri eða minni áhætta á ferðum. Það er ekki hægt að snúa sjer við í lífinu án þess, nema fyrir þann, er ætíð lifir á föstu kaupi einu saman, hvort sem það er greitt af einstökum manni eða því opinbera. Það er ofureinfalt að tapa miklu fje á því, að þora ekki að ráðast í framkvæmdir, og jeg er ekki viss um, nema háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) væri mun ríkari en hann er, ef hann hefði ekki svo dyggilega fylgt þeirri reglu, að hætta engu. En um landssjóð stendur öðruvísi á en um einstaklinginn; landssjóður getur altaf náð sjer niðri, þótt hann bíði halla, og það á hann að gera. Við vitum, að síldarútgerð er misbrestasöm atvinna; í ár getur verið hagur að henni, en að ári tap. En nú hagar svo til, að Alþingi kemur saman einmitt á þeim tíma, þegar hægt er að sjá, hvernig síldarútvegnum reiðir af, og því er altaf hægt um vik að leggja á hann, ef vel árar, fyrir tapi því, er af þessu frv. kynni að leiða.

Háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) neri mjer því um nasir, að jeg hefði barist á móti síldartollinum á Alþingi 1916—1917. Það er satt mál, að jeg var á móti síldartollinum, og tel jeg mjer heiður að

því. En hann rakti ekki sögu þá nógu nákvæmlega. Hann gat þess ekki, hver ástæða mín var til þess. En ástæða mín var sú, að yfir stóðu stríðs- og hættutímar, og það var ekki hægt að sjá, hvernig síldarútgerðinni farnaðist næsta sumar. Það kom og á daginn, að jeg hafði rjett fyrir mjer, því að næsta þingi datt ekki í hug að hreyfa síldartollinum. Og eitt atriði var mjög athugavert við þetta tollmál. Það átti að skifta tollinum í tvent, og voru borin fram tvenn lög. Önnur þeirra voru um að endurgreiða innlendum mönnum tollinn að nokkru, en á meðan við vorum að afgreiða tollfrv. sjálft hjer við 3. umr. í háttv. Ed., þá drápu háttv. þm. í Nd. endurgreiðslulögin. Þetta var pólitík, sem jeg mundi bera kinnroða fyrir.

Háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) sagði, að það væri ekki gott að eiga pólitísk eftirkaup við mig. Eigi hann við síldartollsfrv., þá sagði jeg, að jeg skyldi greiða atkv. með síldartolli, ef stjórnin sæi sjer fært að leggja frv. um það fyrir þingið. Til þess hefir ekki enn komið, og jeg því ekki haft tækifæri til að bregðast heiti mínu. Annars hefi jeg ekki enn snúist í málum, svo að óþörf eru slík ummæli. Hins vegar má skilja þessi ummæli háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) á þá lund, að jeg hafi snúið á hann hjer í þinginu — jeg man nú reyndar ekki eftir því — en ef svo væri, þá væri hann bara minni þingmaður en jeg.

Háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) vildi halda því fram, að jeg væri ekki fær til þess að dæma um landbúnaðinn, og að jeg, er jeg bjó í Rangárþingi austur, hefði ekki notað fóðurbæti. En þetta er rangt. Jeg var þvert á móti fyrstur allra til þess að nota fóðurbæti að ráði, er jeg bjó þar eystra. Jeg sá, að það var ódýrara að kaupa korn í Reykjavík til fóðurbætis og flytja það austur í Rangárvallasýslu heldur en hafa fólk við heyskap í Safamýri. Þó kostaði smjörpundið þá að eins 70 aura. Og jeg framkvæmdi þetta, sýndi það í verkinu. En nú er smjörið margfalt dýrara, 3 kr. pundið. (**E. P.**: Ekki fæst smjör af hrossum). Nei, en kjöt og peningar tiltölulega eins miklir, og síldin er ódýrari fóðurbætir en sá, er jeg notaði, er jeg hokraði þar fyrir 15 árum.

Sami háttv. þm. (E. P.) talaði mikið um það, að ekki væri unt að kenna fólki að borða síld. En upplýst get jeg hann um það, að síldarát er að breiðast út meðal fólksins; t. d. hafði jeg þá ánægju að senda eina tunnu af síld austur í Rangárvallasýslu, sem ætluð var til manneldis. Það hefir og verið samþykt hjer till. um almenningseldhús, og jeg hefi litið svo á, sem það væri ætlunin að senda einhvern utan til þess að kynna sjer matgerð, og þá fyrst og fremst síldarmatgerð.

Annars vill háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) láta fara með mál þetta eins og kjötsöluna, en mál þetta er alt annars eðlis. Hjer er um afurðir að ræða, er fyrst verður að afla, en kjötið er á því þurra. Og ef þetta frv. nær ekki fram að ganga, þá verður ekki aflað síldarinnar nema að litlu leyti.

Fleiru er óþarft að svara þessum hv. þm. (E. P.).

Þá er hæstv. fjármálaráðherra. Mjer fanst hann taka bæði dauflega og stirðlega í frv. Mjer datt ekki í hug, að hann mundi strax lýsa yfir því, að hann væri á móti málinu og vildi ekki greiða því atkv. út úr deildinni. Það virðist sýnilegt, að hann ætli að taka að sjer fulla ábyrgð á málinu. Jeg vissi ekki, að hann mundi, jafnórætt og málið er, sýna það, að hann væri þvílíkur kjarkmaður, að taka ábyrgðina strax á sig, og það alveg að nauðsynjalausu, þar

sem hann gat látið málið eiga sig til 3. umr., að brtt. hans kæmu fram. En jeg heyrði, að hann lagði áherslu á það, að landssjóði væri fjár vant, og mjer skilst ekki betur en að því hnígi brtt. hans við 7. gr., og væri þá eðlilegast og rjettast, að hann bæri sig um það efni saman við flm. frv., sem og aðrar brtt. sínar.

En þar sem jeg þykist vita, að hæstv. fjármálaráðherra komi fram með þessar brtt. við 3. umr., þá finn jeg ekki ástæðu til þess að ræða um þær að sinni.

Fjármálaráðherra (S. E.): Mjer komu harla að óvörum ummæli hv. þm. Ísaf. (M. T.), þar sem jeg gat þess að eins, að jeg mundi koma fram með brtt. við frv. við þriðju umræðu og jafnframt greiða því atkvæði við aðra umr., enda ekki vel þægilegt að koma fram með brtt. við 3. umr. þessa máls, ef það yrði felt nú. En mig furðar það, þar sem um jafnstórt mál og þetta er — það skiftir miljónum króna — að það eigi að hvíla yfir því svo mikil helgi, að það sje skoðuð sem móðgun, þótt ráðherra ætli að koma fram með brtt. við það. Mjer þykir það hart, jafnvarlega og jeg talaði, að farið sje að minna mig á ráðherraábyrgð, en jeg skal lýsa yfir því, að jeg er með öllu óhræddur við þá ábyrgð.

Háttv. þm. Ak. (M. K.) var að tala um það, að fjármálaráðherra yrði að hafa viðsýni og verslunarvit. Jeg ætla mjer ekki að dæma um viðsýni og verslunarvit mitt, en jeg verð að tala með þeirri viðsýni og því verslunarviti, sem mjer er gefið. Og það er þingsins sjálfs að ákveða það, hvort það telur þá viðsýni og það verslunarvit nægja, eða hvort það þurfi viðsýni og verslunarvit í fjármálaráðherrasætið. En við þann dóm bið jeg mjer engrar vægðar. Jeg held fram þeim skoðunum, sem jeg tel heppilegastar og affarasælastar fyrir land og lýð, án tillits til þess, hvort þær falla í geð meiri hluta eða minni hluta þingsins. (**M. T.:** Virkilega?). Og það munu háttv. þm. verða varir við fyr eða síðar.

Þótt gengið væri að því, að telja mætti, að $4^1/_2$ milj. kr. fengist fyrir síld til Svíþjóðar, þá vantar þó $1^1/_2$ milj. kr. á það, er landssjóður þarf að leggja fram, og háttv. þm. Ak. (M. K.) getur ekki fært neinar sannanir fyrir því, að unt sje að selja síldina. Alt um síldarsöluna til Ameríku eru staðlausar fullyrðingar, sem að vísu geta ræst, en alveg eins geta að engu orðið. Sama er að segja um þá síld, sem á að selja hjer á landi. Enginn veit, hversu mikið er hægt að selja af henni nje fyrir hvaða gjald.

Og þótt landssjóður geti selt 50 þús. tunnur til Svíþjóðar, þá gæti hæglega svo farið, að landssjóður yrði að borga síldina til útgerðarmanna löngu áður en gjaldeyrir berst frá Svíum. Ef landssjóður liggur með síldina hjer — til útflutnings til Svíþjóðar — og hún skemmist á meðan, hver á þá að borga þær skemdir? Jeg sje ekki annað en að landssjóður yrði að gera það.

Jeg sje ekki ástæðu til að endurtaka það, sem sagt hefir verið, en augljóst er það þó, að áhætta fylgir frv. þessu. Það sjest best á því, að síldarútvegsmenn fylgja fast frv. og biðja landssjóð hjálpar; það mundu þeir ekki ella gera. Ef hjer væri ekki um þetta að ræða, þá mundi síldarútvegsmönnum ekki vera málið jafnmikið áhugamál eða viðkvæmt mál.

Svo framarlega sem útlitið verður gott, munu bankarnir styðja smærri útgerðarmennina engu síður en hina stærri. Háttv. þm. Ísaf. (M. T.) talaði um, að bankarnir myndu sýna landsstjórninni alla greiðvikni, því að þeim

væri áhugamál, að frv. næði samþykki. Jú, vitanlega er þeim það áhugamál. En af hverju? Af því að hjer er áhætta á ferðum. Ef ekki væri áhættan, hefði frv. aldrei komið fram.

Annars skal jeg játa, að mjer þótti þeir aðalflutningsmenn frv., háttv. þm. Ak. (M. K.) og háttv. þm. Ísaf. (M T.), taka fullhart á brtt., sem jeg boðaði að væru í vændum. Jeg vil draga úr áhættu landssjóðs. Mjer skildist háttv. þm. Ak. (M K.) líta svo á, að ákvæðin í 6. gr. um borgunarskilmálana væru ekki nein aðalatriði. Till. til breytingar á þeim ætti því ekki að vera honum sjerlegur þyrnir í augum.

Það hefir komið fram ósk um, að málið verði afgr. hjeðan úr deildinni þegar eftir þessa umr. Jeg held, að það væri mjög óheppilegt að fara svona geyst. Frv. ætti ekki að afgreiða frá Alþingi fyr en vissa er fengin um, hvað fæst fyrir sænsku síldina. Mun þá frv. fá betri byr, ef meira fæst fyrir hana en búist hefir verið við. Jeg hygg því, að það væri ráðlegast fyrir flytjendur þessa máls, að hraða því ekki alt of mikið, þegar þingið er orðið sammála um það, að hægt sje afgreiða það á einum degi, ef þörf verður á. Jeg vona, að 3. umr. verði höfð á venjulegum tíma, svo að kostur gerist á að gera brtt. Slíkt stórmál sem þetta má ekki afgreiða í flaustri.

Eggert Pálsson: Jeg hefi ekki ástæðu til að vera langorður; þarf að eins að svara nokkrum atriðum í ræðu háttv. þm. Ísaf. (M. T.).

Þm. (M. T.) vildi halda því fram, að það væri fjarstæða hjá mjer, að eins mætti fara með síldina og farið hafi verið með kjötið, jafna niður verðinu, svo að stórir og smáir framleiðendur fengju jafnt verð fyrir afurðir sínar. Þessi aðferð gafst vel, að því er snerti kjötið, og bar ekki á neinni óánægju. Það virðist því líka ástæða til að halda, að hún gefist líka vel um síldina. Háttv. þm. Ísaf. (M. T.) sagði reyndar, að sá væri munurinn, að síldin væri í sjónum en kjötið fyrirliggjandi. Jeg býst ekki við, að þær upplýsingar hans, að síldin sje í sjónum, mæti neinum andmælum, en hitt er ekki rjett, að kjötið sje fyrirliggjandi. Það þarf að leggja fram vinnu og fyrirhöfn til að framleiða það. Framleiðslunni fylgir einnig nokkur áhætta, svo að ómögulegt er að telja kjötið fyrirliggjandi fyr en á haustin, þegar búið er að slátra. Jeg held, ef sama regla væri höfð um síldina, sem höfð var um kjötið, mundi það koma í veg fyrir stórgróða-»spekúlation-ir« kaupmanna, og auk þess lyfta undir smærri útgerðarmenn.

Háttv. þm. Ísaf. (M. T.) vjek að þeim ummælum mínum, að jeg vildi gjarnan eiga við hann eftirkaup í einkaviðskiftum, en síður í pólitík, og fjekk út úr því, að hann hlyti þá að vera betri þingmaður en jeg. Jeg hjelt satt að segja, að það væri frumskilyrði fyrir að standa vel í hverri stöðu, sem vera skal, og þá líka þingmannsstöðu, að hægt sje að reiða sig á mann; sá væri því besti þingmaðurinn, sem öruggast væri að treysta. Jeg skal ekki draga í efa þingmenskuhæfileika háttv. þm. Ísaf. (M T.), en hann hefði þá ekki átt að fara rangt með það, að enginn hafi hreyft síldartollsmálinu á aðalþingi 1917. Jeg hefi hjer í höndum frv. um toll á síld á þgskj. 217, sem borið var fram í háttv. neðri deild á þinginu í fyrra, en ekki afgreitt, og liggur því fyrir þinginu enn óútrætt.

Þau ummæli sama háttv. þm. (M. T.) voru óþörf, að jeg hafi minna grætt um æfina af því að jeg hafi engu vog-

að; jeg segi óþörf, því að svona einkamál ættu ekki að berast í tal á þingfundum, og það því síður, sem jeg hygg, að háttv. þm. (M. T.) hafi aldrei heyrt mig berja mjer, nje heldur aðra, er til þykjast þekkja, gera lítið úr efnum mínum. Hins vegar er mjer kunnugt, að hattv. þm. Ísaf. (M. T.) var talinn efnabóndi meðan hann var samsýslungur minn þar austur frá, þott ekki legði hann þá meira í vogun en alment gerist. Hitt má hann best vita sjalfur, hvort hann hefir grætt mikið síðan hann fór að voga meiru en hann þá gerði.

Magnús Kristjánsson: Jeg gæti látið hjá líða að taka til mals, þar sem ekki eitt einasta atriði í minni fyrri ræðu hefir verið hrakið. En þar sem 3 háttv. þm. og 2 hæstv. raðherrar hafa sýnt mjer þann sóma, að nefna mig, er mjer skylt að gjalda í sömu mynt.

Mjer þykir leitt, að hæstv. atvinnumálaráðherra er ekki viðstaddur, því að á honum ætla jeg að byrja. Hann sagði, að það væri til ofmikils mælst af stjórninni að ætlast til, að hún væri búin að átta sig á málinu. Mjer finst það að vísu síst ofætlun, en fyrst svona er ástatt fyrir stjórninni, get jeg fallist á, að ekki verði nema ein umr. um málið í dag, og er mjer það þó þvert um geð. Það veldur og nokkru um, að nú mun háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) vera horfinn frá því ráði, að hverfa af þingi á morgun. En þörfin fyrir fljóta og góða afgreiðslu er engu minni fyrir það, þótt þetta sje gefið eftir til samkomulags. Jeg vil þá um leið skora alvarlega á stjórnina, að gera nú þegar ráðstafanir til, að samningunum við Svía verði lokið svo fljótt sem unt er. Bið jeg háttv. samþingismenn mína að taka eftir þessari áskorun minni, og hæstv. fjármálaráðherra að flytja hana þeim ráðherrunum, sem fjarstaddir eru. Allur drátturá samningslokum er ófyrirgefanlegur. Jeg held því fast fram, að samningar sjeu þegar sama sem fullgerðir, svo að það þurfi ekki nema eitt orð af hálfu stjórnarinnar til að fastbinda þá. Þegar búið er að binda þá að fullu, er ekki lengur hægt að vera með vofiur og vafninga með því yfirskyni, að alt sje í óvissu um síldarverð Svía.

Þa skal jeg vikja mjer að háttv. 1. þm. Rang. (E. P.). Hann var að kvarta undan vondri meðferð á sjer við síðustu umr. Það er að vísu óviðfeldið, er þung orð falla í garð þeirra, sem dauðir eru, en hann matti sjer sjalfum um kenna, bæði dauða sinn og dóminn, sem hann fjekk, því að græðgin í honum var svo mikil, að hann talaði sig dauðan fyrir tímann, og gerði sig þar með óhæfan til andsvara. Eins mun nú vera ástatt um þm. (E. P.), og vil jeg því ekki eyða fleirum orðum um hann, því að jeg vil helst ekki tala um þá látnu, nema jeg hafi eitthvað gott um þá að segja.

Hattv. þm. Snæf. (H. St.) kemst jeg hjá að svara sjerstaklega. Skoðanir hans voru í svo nanu sambandi við skoðanir hæstv. fjármálaraðherra, að jeg get svarað þeim báðum í senn. Jeg skil ekki í því, að þeir skuli geta haft sig til að vera að margfullyrða það, að engin vissa sje enn fengin um það, hvaða verð Svíar gefi fyrir síldina, eða að það verði af nokkurri sölu þangað. (**H. St.:** Það er ekki búið að semja). Þetta er að vissu leyti rangt, því að fyrir stjórninni liggur ákveðið tilboð, sem ekki þarf annað en kveða já eða nei við. Jeg álít, að það tilboð standi enn og sje vel aðgengilegt. Þetta aðalatriði, sem andstæðingar þessa máls virðast byggja alt sitt á, áhættan, er því grýla og ekkert annað.

Vegna þessa vandræðaskrafs út af áhættunni, vil jeg enn minnast á eitt

atriði, sem þó er svo augljóst, eins og flest annað, er snertir þetta mál, að leiðinlegt er að þurfa að vera að benda á það. Hver mundi áhætta landssjóðs verða, ef síldaraflinn yrði ekki meiri í ár en í fyrra? Ef ekki veiðist meira en 50 þús. tunnur, verður áhættan engin. Því minni sem aflinn verður því minni verður áhættan. En jeg fyrir mitt leyti vona, að aflinn verði sem mestur, því að jeg er sannfærður um, að það verður landssjóði og útgerðarmönnum til gróða, en ekki til taps.

Hæstv. fjármálaráðherra talaði með fjálgleik og skáldlegri andagift um það, að jeg hefði haldið því fram, að jeg hefði betri skilning á þessu máli en hann. Það hefi jeg aldrei sagt, en ekki skal jeg þvertaka fyrir, að það verði álit mitt að lokinni umræðunni, ef ráðherrann heldur svo áfram málinu, sem hann hefir það upp tekið. Hann virtist hneykslast á því, að jeg sagði, að eintóm varfærni væri varhugaverð í þessu máli, því að viðsýni þurfi ekki síður við. Jeg endurtek það, að þröngsýnin er í þessu, eins og öllum stórmálum, það hættulegasta.

Eins og jeg hefi áður getið, mun jeg sætta mig við. að 3. umr. verði á reglulegum tíma. Vona jeg, að það verði til að gera menn betur sammála. Margur hefir sansast á rjett mál á skemri tíma. Er það og von mín að úrslit samninganna við Svía verði þingi og stjórn kunn, áður en vjer komum aftur á fund saman.

Frsm. (Guðjón Guðlaugsson): Mál þetta hefir nú verið svo mikið rætt frá öllum hliðum, að jeg efast um að jeg bæti mig nokkuð þar á.

Hæstv. fjármálaráðherra sagði, að málið hefði legið svo stuttan tíma fyrir þinginu og væri því ókunnugt háttv. þm. Það get jeg ekki fallist á að sje rjett.

Síst af öllu getur hæstv. stjórn verið málið ókunnugt, þar sem síldarútvegsfulltrúarnir lögðu málið fyrir hana 11. júní og það á sama grundvelli og hjer kemur fram.

Álitsskjali þeirra, sem dagsett var 21. júní, hefir líka verið útbýtt, og er því ekki hægt að segja, að málið sje þingi eða stjórn ókunnugt. Auk þess hefir því ekki verið hraðað hjer í deildinni frekar en gerist um sum önnur mál. Háttv. þm. hljóta því að hafa kynt sjer málið, svo að þeir geti óhikað greitt því atkv.

Jeg verð að segja það, að mjer þykir það merkilegt, hve mikið hefir verið rætt um þetta tilboð frá Svíum. Jeg gat jafnvel ekki fallist á orð háttv. þm. Ak. (M. K) um það atriði, auk heldur orð hinna, þar sem hann var að skora á stjórnina að gera sem fyrst út um samningana.

Við vorum þó allir hjer staddir, bjargráðanefndarmenn úr báðum deildum, þegar hæstv. forsætisráðherra kom og kallaði okkur saman, og tilkynti okkur að Svíar hefðu boðið 90 aura í kg. af síldinni, og óskaði álits okkar. Og leist öllum að svara tilboðinu játandi. Jeg leit svo á, að hæstv. forsætisráðherra hefði ekki síðar en að 10 mínútna fresti sent fulltrúunum skeyti um að ganga að tilboðinu. Og þó er enn verið að tala um einhverja óvissu.

Þess ber líka að gæta, að 90 aura í sænskri mynt svara til 95 au. í danskri. Það verður því 10 aurum hærra en gert er ráð fyrir í frv. Það verða því alls 500.000 kr. munur. Fyrir það, sem til Svíþjóðar selst, fengist þá samtals 475 þús. kr.

Þeger þetta er athugað, þá hættir áhættan að vaxa í augum, eftir því

sem jeg get best sjeð, því að þótt ekkert af afganginum seldist til Ameríku, þá er verðlagið á honum orðið svo lágt, að næstum má heita ómögulegt að á honum verði tjón.

Jeg held því að hægt hefði verið að hraða málinu og ljúka því hjer í dag, þar sem svona ábyggilegar tölur hafa verið sýndar. Tel jeg það eingöngu vera af skilningsleysi eða þrjósku að ekki er við þær kannast.

Samanburður á kjötsölu og síldar á alls ekki við. Um kjötið er hægt að vita fyrirfram, þar sem það er föst eign í landinu, en um síldina verður ekki vitað fyr en hún hefir veiðst. Fyr verður ekki vitað, hve mikið kemur á markaðinn. En árið í fyrra sýnir, að ekki yrði mikið tapið fyrir landssjóðinn, ef ekki veiddist meir en þá.

Fjármálaráðherra (S. E): Jeg held fast við það, að ekki sje hægt að byggja á neinni vissu um söluna til Svíþjóðar, fyr en samningarnir eru fullgerðir. Jeg fyrir mitt leyti þekki ekki alla skilmálana. Ef svo er, að fulltrúarnir sjeu að bíða eftir betra verði, þá getur svo farið að tilboðið bregðist.

Yfirleitt getur það oft verið álitamál hve fljótt eigi að »acceptera« slík tilboð. En hitt, hvort rjett sje að skipa þeim strax að ganga að tilboðinu, það efast jeg um að sje rjett. Það væri óneitanlega heppilegra að leggja það í hendur fulltrúanna sjálfra. Ef til vill eru horfur á, að betra verð fáist.

Annars verð jeg að telja það fremur óheppilegt, að skýrt hefir verið frá tilboði þessu hjer, en um það tjáir ekki að fást framar; það er komið sem komið er.

Kristinn Daníelsson: Jeg stend ekki upp til að lengja umr. um málið. En jeg kann betur við, að skýra, hvað í atkvæði mínu felst. Jeg lít svo á, að niðurstaðan af umr. sje sú, að hjer sje um talsverða áhættu að ræða fyrir landssjóð, en hins vegar hafa háttv. flutningsmenn flutt fram mörg rök og sennileg, svo vandasamt væri að ganga móti málinu.

En þess verður vel að gæta að okkur ber fyrst skylda til að sjá um hag landssjóðs og vera góðir ráðsmenn hans, því er jeg í vafa hvernig jeg eigi að greiða málinu atkvæði. Jeg mun þó að sjálfsögðu greiða því atkvæði til 3. umr., en áskil mjer þó frjálst atkv.

Annars hafði jeg vænst þess, að mál þetta kæmi fyrst fram í Nd. og þykir miður að svo var eigi, því að sá er andi í löggjöf vorri, að slík stór fjármál sem þetta eigi fyrst að bera þar upp.

Jeg skal meðal annars benda á það, að ef nú svo færi, að málið yrði felt hjer, þá væri Nd. $^2/_3$ hlutum þingsins fyrirmunað að athuga það og yrði það að teljast illa farið.

Gæti þá svo farið, að þótt jeg væri ragur við málið, að jeg greiddi því atkvæði við 3. umr.; einmitt til þess, að háttv. Nd. gefist kostur á að athuga það, og í þeirri von, að atriði, sem nú þykja óvís, yrðu upplýst betur, meðan hún hefði það til meðferðar.

Jeg skal svo ekki fara frekari orðum um málið.

Magnús Kristjánsson: Þar sem útlit er fyrir, að málið fái að lifa af þessa umr. vil jeg enn þá einu sinni beina þeirri alvarlegu áskorun til hæstv. ráðherra að gera sem fyrst ráðstafanir til, að samningarnir verði fullgerðir, og ef enginn háttv. þm. mótmælir tel jeg þá mjer samþykka í því.

Jeg lít svo á, að ef frv. yrði felt hjer

vegna þess, að á því atriði stæði, þá væri hjer það óhappaspor stigið, sem erfitt mundi fyrir að bæta.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8 shlj. atkv.

2.—6. gr. samþ með 8 shlj. atkv.

7. gr. feld með 9 : 3 atkv.

8. gr. (verður 7. gr.), samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 60 fundi í Ed., mánudaginn 8. júlí, var frv. tekið til 3 umr. (A. 462, 467, 468, 469)

Of skamt var liðið frá útbýtingu brtt. 468 og 469.

Afbrigði leyfð og samþykt.

Fjármálaráðherra (S. E): Eftir upplýsingum, sem stjórninni hafa borist með símskeyti, skal jeg láta þess getið, að jeg sje mjer fært að taka aftur brtt. 1., a.—b. á þgskj 468.

Aftur á móti mun jeg halda fast við brtt. 2, á sama þgskj., sem fer fram á að lengja gjaldfrestinn. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að fyrri helmingurinn verði borgaður fyrir lok októbermánaðar, en hinn síðari fyrir árslok.

En jeg lít svo á, að slíkir skilmálar geti orðið mjög erfiðir og ef til vill ókleifir fyrir landssjóð, og hefi jeg því leyft mjer að fara fram á í brtt., að fyrri helmingurinn verði greiddur fyrir árslok, en hinn síðari fyrir 1 júlí næstkomanda.

En auðvitað helst það ákvæði 6. gr. eftir sem áður, að verðið greiðist seljendum jafn ótt og það kemur inn, þótt fyr verði en ákvæði þessi segja til.

Þettu er því ekki annað en varasemi, sem nauðsynleg er fyrir landssjóð.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að endurtaka það, sem jeg hefi áður sagt við fyrri umr. málsins, en vil að eins með tilvísun til þess, mæla með því, að þessi brtt. verðt samþykt.

Frsm. (Gunnar Ólafsson): Eins og menn muna var 7. gr frv. feld burt við 2. umr., en í henni voru þau ákvæði, að seljendur fengju $^3/_4$ hluta hagnaðarins, ef nokkur yrði.

Og jeg verð að lýsa yfir því, að jeg álít það ekki rjett, að fella það ákvæði burt, af þeim ástæðum, að jeg hefi aldrei viljað viðurkenna það, að hjer væri um »spekúlation« að ræða, heldur hitt, að bjarga einum af stærri atvinnuvegum landsins.

Þess vegna vildum við, að landssjóður fengi að eins brot af ágóðanum sem borgun fyrir óbeina áhættu.

Við höfum því komið fram með brtt., sem fer þó ekki fram á, að þessu verði kipt í samt lag aftur, heldur að ekki sje útilokuð öll von um, að framleið endurnir njóti einhvers af hagnaðinum, þannig, að næsta þing ráði hvernig ágóðanum verði varið. Með því móti er ekki tekið fram fyrir hendur þingsins og þá þurfa menn ekki að vera hræddir lengur; þá verð menn annað hvort ánægðir eða óánægðir með úrslitin. Jeg vona því að háttv. deild leyfi þessari nýju 7. gr. að komast inn í þessu formi.

Um brtt. 1, á þgskj. 468 þarf ekki að tala, þar sem hæstv. fjármálaráðherra hefir tekið hana aftur. En jeg hefði helst kosið, að hann hefði tekið brtt. 2, á sama þgskj., aftur líka. En ekki mun jeg þó gera það atriði að neinu þrætuepli.

Það er að vísu rjett að eftir ákvæðum 6. gr. frv. á landsstjórnin að borga

út jafnóðum og peningarnir koma inn, og ef svo færi að nægir peningar kæmu fyrir síldina frá Svíþjóð til þess að fullnægja þörfum útvegsins, þá gerið lítið til um ákvæði þessi.

En mjer þykir gjaldfresturinn á síðari helmingnum æði langur, til 1. júlí 1919, og get jeg ekki skilið að landssjóður sje kominn á þá heljarþröm, að svo langan þurfi gjaldfrestinn

En hjer er brtt á þgskj. 469, þar sem farið er fram á að skifta greiðslunni í þrent, þannig, að fyrsti þriðjungur greiðist jafnótt og fjeð kemur inn, annar fyrir árslok og þriðji fyrir lok marsmánaðar.

Er þar miklu vægar og hóflegar farið í sakirnar. og get jeg því miklu fremur felt mig við þá brtt.

Til þess að miðla málum vil jeg styðja brtt. á þgskj. 469, frá háttv. þm. Ísaf. (M. T.). Kýs jeg þannig að mæta hæstv. fjármálaráðherra á miðri leið. Þetta er sagt frá mínu eigin sjónarmiði, því að við bjargráðanefndina hefi jeg ekki talað um þetta atriði.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Mjer þykir vænt um að frv. kom ekki til 3. umr fyr en í dag Vænti jeg, að því vegni nú betur en ella hefði orðið.

Brtt. á þgskj. 467 get jeg vel fallist á. Eftir á mun í alla staði auðveldara að ráðstafa ágóðanum, ef hann verður einhver. Treysti jeg næstkomandi þingi fyllilega til þess að ráða með sanngirni fram úr því.

Tvær brtt. hafa komið fram viðvíkjandi greiðslu á verði síldarinnar. Mun jeg fyrir mitt leyti styðja brtt. á þgskj. 468, frá fjármálaráðherra. Mjer virtist háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) ekki skilja þá tillögu alveg rjett. Virtist mjer hann halda, að samkvæmt henni yrði ekkert greitt af fyrri helmingnum fyr en um árslok, og síðari helmingurinn allra fyrst 1. júlí. En svo er ekki, heldur á alt að vera borgað 1. júlí, en verður vitanlega borgað jafnóðum og andvirði síldarinnar innborgast til landssjóðs. Að vísu fer brtt. háttv. þm Ísaf. (M T.) meðalveg, en sá meðalvegur mun ekki heppilegastur fyrir landssjóð. Ef hann verður farinn, verður landssjóður ef til vill að leggja út 2 miljónir kr. áður en einn eyrir er innborgaður. Það virðist sjálfsagt að samþykkja brtt fjármálaráðherra, því að ekki verður sjeð, að það velti á miklu fyrir síldarframleiðendur.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg verð að halda fast við brtt. á þgskj. 464. Jeg fæ ekki betur sjeð en að það yrði afarmikil byrði fyrir landssjóð, ef frvgr. yrði samþykt óbreytt. Brtt. hv. þm. Ísaf. (M T.) dregur úr greininni, en samkvæmt brtt. þyrfti þó að greiða 2 miljónir kr. í október; en nú er alveg óvíst, að þá verði nokkrir peningar komnir inn. Einkum virðist ekki ástæða til þess, að ganga mjög nærri landssjóði um greiðsluna, þar sem ekki ber sjerlega nauðsyn til þess vegna útgerðarmannanna sjálfra. Þeir geta notað bankana, þar sem þeir eiga vísa peninga fyrir tiltekinn dag, því að með því skapast lánstraustið. Jeg er ekki sjerlega kunnugur síldveiðunum, en jeg held, að útgerðarmenn geti vel staðist að fá ekki borgaða síldina fyr en komið er fram á vetur. En vitanlega verður þeim borgað áður en sænsku peningarnir koma.

Sigurjón Friðjónsson: Brtt. á þgskj. 467 get jeg ekki greitt atkvæði. Það er ekki vegna þess, að jeg unni ekki síldarútgerðarmönnum neins hluta af ágóðanum, heldur vegna hins, að jeg vil ekki skapa með lögum þrætuepli handa næsta þingi.

Af tillögunum um borgunarfrestinn mun jeg fylgja till. hv. þm. Ísaf. (M. T.).

Magnús Torfason: Það gleður mig að málið horfir nú svo við, að hæstv. fjármálaráðherra hefir sjeð sjer fært að taka aftur fyrri brtt. sína. Hins vegar þykir mjer mjög leitt, að hann hefir ekki líka tekið aftur þá seinni. Jeg hefi komið með brtt. á þgskj. 479. Hún er ekki fram komin af því, að jeg sje óánægður með frvgr., heldur til þess að fyrirbyggja annað verra. Með öðrum orðum, jeg hefi komið fram með hana til samkomulags við hæstv. fjármálaráðherrann. Ráðherrann, og raunar tveir ráðherrar frekar en einn, heldur því fram, að landssjóður mundi þurfa að borga út þær 2 milj. kr., sem samkvæmt minni till. falla í október, en jeg er sannfærður um, að þess þarf ekki. Bankarnir þurfa ekki annað en að flytja skuldir útgerðarmanna yfir á landssjóð, og það er vafalaust, að bankarnir fengjust til þess. Landssjóður þyrfti því ekki að leggja út nema ef til vill örlítið af þessum fyrstu 2 milj. kr. Jeg vil því leggja til, að brtt. mín verði samþykt, þótt jeg vildi heldur hafa kosið frvgr. óbreytta. Aftur legg jeg afarmikla áherslu á, að brtt. á þgskj. 467 verði samþykt, þar sem áhætta landssjóðs hefir minkað stórkostlega síðan 2. umr. var háð. Nú eru miklar horfur á, að gróði verði af þessu frv., og getur deildin því sóma síns vegna ekki felt brtt.

Magnús Kristjánsson: Það gleður mig stórlega, að deildin virðist nú orðið nokkurn veginn einhuga um þetta mál, og vona jeg að eins verði um hv. neðri deild.

Svo einkennilega hefir skift um síðan við 2. umr., að nú eru þær ástæður, sem fluttar voru á móti frv., horfnar, og þar með sannað, að skoðun sú, er jeg hjelt fram við síðustu umr., hefir við góð og gild rök að styðjast. En aftur eru fram komnar aðrar ástæður, sem gætu orðið málinu hættulegar. Það er tilgangur frv. að styðja síldarútgerðina. En nú er svo komið, að ýmsir útvegsmenn mundu helst kjósa, að málið fjelli niður. Jeg vil þó leggja jafna áherslu á, að málið nái að ganga fram, og jeg hefi áður gert. Vona jeg, að hv. deild sjeu ljósar ástæður mínar af þeim umr., sem undan eru farnar.

Till. um gjalddagann eru að mínu áliti aukaatriði. Brtt. á þgskj. 467 er alt annars eðlis. Það er mjög æskilegt að hún verði samþykt. Ef hún verður feld, mun þess freistað að koma 7. gr. inn í frv. í Nd., óbreyttri, í sinni upphaflegu mynd, og væri það að vísu æskilegast. Af brtt. um gjalddagann mun jeg greiða atkv. með brtt. háttv. þm. Ísaf. (M. T.). Vona jeg, að hæstv. stjórn skoði það ekki sem móðgun við sig þó að hún verði samþykt. Er stjórninni í lófa lagið að gera samninga svo úr garði, að þetta verði landssjóðnum engin byrði. Aftur væru útvegsmenn nauðulega staddir, ef þeir gætu ekki greitt fólki sínu kaup fyrir veturnætur, og væri það þó raunar of seint fólksins vegna, því að það þarf að afla sjer bjargræðis fyrir veturinn fyrir laun sín. Mörgum útgerðarmönnum mun örðugt að útvega sjer lánsfje. Væri því heppilegast að samþykkja brtt. á þgskj. 469.

Svo að jeg víki að ummælum háttv. 1. landsk. varaþm. (S. F.), skil jeg ekki í því, að brtt. á þgskj. 467 verði á næsta þingi það þrætuepli, að standi í nokkrum manni. Ef um nokkurn verulegan hagnað verður að ræða, munu allir sanngjarnir menn verða því fylgjandi, að nokkur hluti hans gangi til síldarframleiðenda. Brtt. er mjög væg, og ber jeg það traust til háttv. Nd., að hún

setji inn aftur þá grein, sem feld var úr hjer í deildinni, ef þess þarf með.

Fjármálaráðherra (S. E): Það er vegna breyttra kringumstæðna, sem jeg hefi tekið fyrri brtt. mína aftur. Síðari till. um gjaldfrestinn kann í fljótu bragði að virðast aukaatriði, eins og háttv. þm. Ak. (M. K.) vildi halda fram, en jeg vil biðja menn að taka vel eftir því, að hún er enganveginn smávægileg. Eins og háttv. þm. Ak. (M. K.) mintist á, þurfa síldarútgerðarmenn að borga fólki sínu. Þeir þurfa því peninga frá landssjóði. En hvaðan á að taka þessa peninga, ef andvirði síldarinnar verður ekki komið frá átlöndum? Landssjóður getur áreiðanlega ekki útvegað tvær milj. kr. í þessum tilgangi, þó að um stuttan tíma sje. Þetta er mjög þýðingarmikið atriði. Það er ekki tilætlunin, að landssjóður eigi að vera banki fyrir alt landið.

Jóhannes Jóhannesson: Af ástæðum þeim, sem jeg tók fram við 1. umr. þessa máls, sje jeg mjer ekki fært að greiða atkvæði með brtt. á þgskj. 467, þótt jeg játi, að hún sje aðgengilegri en 7. gr. frv., sem feld var burt við 2. umr. Það er ekki svo að skilja, að jeg geti ekki unnað síldarútgerðarmönnum af fá einhvern hluta af ágóða þeim, sem verða kann af síldarkaupum þeim, sem hjer er um að ræða, heldur af ástæðum þeim, sem jeg tók fram við 1. umr. Mun það sýna sig, ef málið kemur seinna fyrir þing, sem jeg á sæti á.

ATKVGR.

Brtt. 468., 1. a. og b. tekin aftur.

— 468., 2. a. og b. feld með 8 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. E., S. J., E. P., G. Ó., H. St., H. Sn.

nei: M. K., M. T., S. F., G. G., Jóh. Jóh., K. E., K. D., G. B.

Brtt. 469. samþ. með 9 shlj. atkv.

— 467. — — 8 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: K. E., K. D., M. K., M. T., S. E., S. J., G. G., G. B.

nei: H. St., H. Sn., Jóh. Jóh., S. F., E. P., G. Ó.

Brtt. 467., 2. samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt samþ. með 9 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. T., S. J., S. F., G. G., Jóh. Jóh., K. E., K. D., M. K., G. B.

nei: S. E., E. P., G. Ó., H. St., H. Sn.

Frv. afgr. til Nd.

Á 66. fundi í Nd., þriðjudaginn 9. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um kaup landsstjórnarinnar á síld,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 470).

Á 67. fundi í Nd., miðvikudaginn 10. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ.

Pjetur Jónsson: Jeg ætla mjer fyrir hönd bjargráðanefndar að mæla nokkur orð um þetta frv., en þau verða þó fá, því að jeg býst við, að háttv. þingdm. sje málið allvel kunnugt, fyrst og fremst af þeirri greinargerð, sem fylgdi hinu upphaflega frv. og svo af

umr. í háttv. Ed., sem jeg býst við, að ýmsir þeirra hafi hlustað á, svo og við eigin athugun á frv. því, sem fyrir liggur.

Aðaltatriðið í frv. þessu, sem komið er frá háttv. Ed., er sem sje það, að landssjóður taki að sjer ábyrgð á ákveðnu verði á 100,000 tunnum af síld.

Þetta er aðallega gert vegna hinna smærri útgerðarmanna í síldarútveginum, og einnig fyrir tilmæli fleiri manna, því að eins og kunnugt er, voru nokkrir síldarútvegsmenn af Norður- og Vesturlandi komnir hjer saman og höfðu samið við bjargráðanefndir beggja deilda um að bera þetta mál fram, og ákváðu þeir að síðustu, að sætta sig við frv. það, sem borið var fram í háttv. Ed. Að vísu höfðu þeir hugsað sjer ábyrgð landssjóðs nokkuð meiri og víðtækari. En þegar þeir fundu, að háttv. þm. stóð svo mikill stuggur af allri verulegri ábyrgð í þessu máli, þá sáu þeir, að því mundi ekki verða fram komið, nema þeir slægju sem mest mætti af kröfum sínum. En eins og um málið var búið í háttv. Ed., var síst af öllu mikil hætta á því, að skaði gæti orðið af síldarkaupunum.

Í greinargerðinni fyrir því frv., er þetta atriði einmitt vandlega athugað, og þar er gert ráð fyrir því að við gætum selt 50,000 tunnur, á 85 kr. hverja, til Svíþjóðar, það verða alls 4,250,000 krónur, og að til Ameríku mætti selja 25,000 tunnur, svo að »netto«-verðið yrði 50 kr. á tunnu. Þá yrði afgangurinn 25,000 tunnur, sem þyrfti að selja á 20 kr. hverja, til þess að fá jafna upphæð við það, sem frv. ákveður að taka ábyrgð á, en það er 60 kr. tunnan, eða 6,000,000 kr. alls.

Þetta veit jeg, að háttv. þm. hafa athugað, og dæma það kann ske hver á sinn veg. Að minsta kosti sýnist mjer það svo, að dómarnir hljóti að verða nokkuð misjafnir um mál eins og þetta. En í mínum augum var ekki svo mikið athugavert við málið, vegna þess að jeg taldi það víst, að þetta fengist fyrir þá síld, sem selja átti til Svíþjóðar. Og svo í annan stað væri það harla ólíklegt, að ekki seldist töluvert af síld til Ameríku, fyrir ekki lægra verð en áætlað var. En engu að síður hygg jeg þó, að nokkrir hafi verið hikandi, vegna þess að enn þá voru eftir 25,000 tunnur. En rjett í þeim svifunum, sem verið var að leggja málið fyrir háttv. Ed., fjekst vissa fyrir því, að við gætum fengið enn hærra fyrir síldartunnuna í Svíþjóð, svo að það næmi að minsta kosti 10 kr. á tunnu, og hygg jeg þá, að upp frá því hafi menn ekki getað litið svo á, að hættan yrði sjerlega mikil.

En nú hafa fengist enn þá betri fregnir, svo að telja má líklegt, að síldin komist þar í enn þá betra verð, og að öllum líkindum verði ekki minna en 20 kr. hækkun á tunnunni.

Ef það kæmi nú til að muna 20 kr. á tunnu, sem seld yrði til Svíþjóðar, þá lækkar að sama skapi verðið á þeim tunnum, sem eftir eru. Með öðrum orðum, 50,000 tunnur til Svíþjóðar gera 5,250,000 kr.. Þá verða ekki eftir í landinu nema 50,000 tunnur, sem standa í 750,000 kr., og við gerum okkur von um að nokkuð megi selja af til Ameríku.

En þá kemur annað atriði til, og það er, að í frv. er ákveðið, að landssjóður taki að sjer að ábyrgjast greiðslu á andvirðinu, ekki að eins strax og andvirði síldarinnar kemur inn frá Svíþjóð, heldur líka á þeim helmingnum, sem óseldur kann að vera, og að landssjóður skuli hafa greitt síldarútvegsmönnum alt í árslok.

Það mun hafa verið nokkur ágrein-

ingur um þetta atriði í háttv. Ed., milli stjórnarinnar og háttv. frsm. nefndarinnar þar, og hefir nefndin í Nd. hugsað sjer að gera nokkra miðlun þar á milli. Koma þær brtt. fram við 2. umr.

Þá er eitt ákvæði í þessu frv., viðvíkjandi ágóða þeim, sem verða kann af kaupum landssjóðs á síldinni, og ætla má, að kynni að verða ekki svo lítill.

Það er í upphaflega frv. ákveðið, að $^3/_4$ af ágóðanum skyldi renna til seljenda, en $^1/_4$ til landssjóðs. Hvernig sem því hefir nú verið farið í háttv. Ed., þá var þessu breytt á þá leið, að það skyldi látið bíða til næsta þings að ákveða, hvernig skifta skyldi ágóðanum. Jeg skal geta þess, að frv. var rætt einnig með tilliti til þessa atriðis í bjargráðanefnd Nd., og virtist nefndinni rjettara að ákveða þegar, hvernig skifta skyldi ágóðanum, heldur en að það væri látið veru óákveðið til næsta þings, og væri þá heldur betra að slaka dálítið til frá frv. því, sem borið var fram í háttv. Ed. Brtt. um það efni eru nú komnar fram, en jeg ætla ekki að ræða þær að þessu sinni.

Vona jeg, að þetta mál verði látið ganga til 2. umr., og vildi jeg um leið skjóta því til hæstv. forseta, að taka það sem fyrst á dagskrá, því að nauðsynlegt er að því sje hraðað sem mest.

Fjármálaráðherra (S. E): Það er alls ekki ætlun mín, að fara að auka umræður um þetta mál nú, en mjer skildist á háttv. þm. N.-Þ. (P. J.) að nefndin hugsaði sjer að koma fram með brtt. um ágóðann. (**P. J.:** Þær eru komnar fram). Jæja, en jeg hefi líka hugsað mjer að koma fram með brtt. um greiðslufrestinn.

Sigurður Sigurðsson: Jeg vil að þessu sinni að eins leyfa mjer að láta þess getið, að þar sem háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) gat um afskifti bjargráðanefndar af þessu máli, þá nær það ekki til mín. Jeg hefi ekkert verið við þetta mál riðinn fram að þessu; eg var ekki heima, þegar bjargráðanefndin var að undirbúa það, og síðan jeg kom heim, hefi jeg ekki haft tíma til þess að athuga það nánar fyr en nú á síðustu stundu. Þegar því er verið að tala um afskifti bjargráðanefndar, þá nær það ekki til mín. Jeg er undanskilinn. Að öðru leyti skal jeg ekki að þessu sinni gera grein fyrir afstöðu minni til málsins, og geymi mjer það til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Nd., fimtudaginn 11. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 470, 473).

Of skamt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ.

Pjetur Jónsson: Jeg ætla að leyfa mjer að mæla nokkur orð fyrir hönd nefndarinnar um brtt. þær, sem hún hefir leyft sjer að gera við frv.

Fyrst er brtt. við 5. gr. Hún er um frestinn til þess að menn hafi óskað að nota þann rjett til síldarsölu, sem þeim er veittur með lögum þessum. Það er auðsætt, að fresturinn, sem hugsaður var í frv., er orðinn of stuttur, þar sem nú er kominn 11. júlí. Þess vegna hefir nefndin hugsað sjer að hafa frestinn til 31. júlí, þó að síldarveiði yrði þá byrjuð.

Þá er brtt. við 6. gr. frv. Hún fer í þá átt, eins og jeg drap á við 1. umr. málsins í gær, að gera nokkra málamiðlun milli þeirra, sem þótti greiðslu-

tíminn helst til langur. Það er hagað svo til, að fyrir þrjú greiðslutímabil, lok októbermánaðar, árslok og lok marsmánaðar 1919, komi að eins tvö tímabil, lok desembermánaðar og lok aprílmánaðar. Er þar og farið fram á þá breytingu, að landssjórnin skuli greiða seljendum helming verðsins að fullu í lok desembermánaðar og hinn helminginn fyrir lok aprílmánaðar, þó að hún hafi ekki fengið inn í desemberlok svo mikið, að nemi helming innkaupsverðs. Jeg vona, að þetta verði ekki svo fráfælandi fyrir seljendur, að það spilli fyrir frv., en hins vegar er það töluvert aðgengilegra fyrir landsstjórnina.

Þriðja brtt. er mestmegnis fólgin í því, að breyta ákvæðinu í 7. gr., um að næsta þing skuli ráðstafa arðinum, sem kynni að verða af síldarsölunni. Nefndin fer hjer fram á, að það sje nú þegar fastákveðið, hvernig arðinum skuli varið. Að vísu hafa heyrst raddir um það frá síldarútgerðarmönnum — meðal annars í brjefi, sem þinginu hefir verið sent frá síldarútgerðarmönnum —, að nema í burtu ákvæðið um að landssjóður fái nokkuð af hagnaðinum. En nefndin áleit þetta ekki sanngjarnt og hjelt að það mundi mælast illa fyrir, með því að landssjóður tæki að sjer ábyrgðina á síldarkaupunum. En hins vegar kom nefndarmönnum saman um það, að ekki væri vert að landssjóður slægðist of mjög eftir arðinum og ætlaði honum þess vegna 20% eða $^1/_5$ af hagnaðinum.

En í brtt. við þessa gr. er og orðabreyting, sem fer í þá átt, að með kostnaðinum dragist einnig frá útflutningsgjald. En þetta er raunar óþarft, því að það hefir verið tekið fram í 2. gr., b.-lið, að seljandi greiði útflutningsgjald af síldinni. Kemur ekki til mála, að gjaldið þurfi að draga aftur frá. Ef ekki verður hægt að komast að samkomulagi við forseta um að nema þennan hluta brtt. í burtu, geri jeg ráð fyrir að það verði hægt við 3. umr.

Mál þetta fjekk svo góðar undirtektir við 1. umr., að jeg býst ekki við, að jeg þurfi að skýra það nánar.

Sigurður Sigurðsson: Jeg ráðgerði í gær við 1. umr. þessa frv. um landsstjórnarinnar á síld, að gera grein fyrir aðstöðu minni til málsins.

Mjer hefir skilist, að upphaflegur tilgangur þessa máls og þessa frv. hafi verið sá, að tryggja það, að síldveiðar yrðu stundaðar í sumar, svo að síldarútvegsmennirnir gætu notað og komið í verð því, sem þeir eiga fyrirliggjandi af tunnum og salti. Hjer var verið að hlaupa undir bagga hjá síldarútvegsmönnunum og ljetta af þeim áhættu og ábyrgð. Þá var enn óákveðið um verðið, er fást mundi fyrir síldina, eða það af henni, er flytja má til Svíþjóðar. Það mun því auðsætt, að með því að láta landsstjórnina kaupa fyrir hönd landsins þetta mikið af síld, 100 þús. tunnur, voru síldarútvegsmenn eða síldarútvegurinn nálega úr allri hættu, er síldveiðin ella var undirorpin.

En síðan málið var fyrst flutt hjer á Alþingi, hefir sú breyting á orðið, að fengin mun nokkur vissa um gott verð fyrir það af síldinni, sem leyft er að flytja til Svíþjóðar. Síldarútvegsmenn, hinir stærri að minsta kosti, segja því nú, að áhættan við síldveiðina sje horfin. Og jeg heyri því haldið fram hjer á þingi, að það sje engin áhætta heldur fyrir landssjóðinn að kaupa þessar 100 þús. tunnur af síld.

Frá sjónarmiði síldarútvegsmanna virðist því óþarft, hvað áhættuna snertir, að samþykkja þetta frv. Enda hafa hinir stærri síldarútvegsmenn látið það

brjeflega í ljós við Alþingi, að þeir óskuðu ekki eftir að frv. yrði samþykt, úr því sem komið væri, og síst af öllu, ef síldarútveginum yrði ekki ákveðinn allur sá ágóði, er kynni að verða á sölu síldarinnar.

Jeg vil nú strax lýsa yfir því, að þessi upphaflega grundvallarhugsun fyrir frv., að koma allri áhættunni af síldveiðinni og síldarsölunni yfir á landssjóðinn, er lítt forsvaranleg. Og mig undrar það satt að segja, að nokkur þm. skyldi ljá frv. fylgi sitt, meðan svo stóð, að útlit var fyrir, að landssjóði væri bökuð stórábyrgð og áhætta með síldarkaupunum. En þó að þessi áhætta sje nú að líkindum miklu minni, eftir að fengin er von eða nokkur vissa um það verð, er muni fást fyrir þessa síld, sem leyft er að senda til Svíþjóðar, þá á landssjóður samt sem áður nokkuð á hættu, ef frv. verður samþykt og landsstjórninni falið að kaupa síldina.

En sje það nú hins vegar svo komið, að öll áhætta með síldarkaup og síldarsölu sje horfin úr sögunni, þá ætti um leið að vera rutt á braut ástæðunni fyrir því, að samþykkja þetta frv. Og sumir telja einnig, eins og áður er getið, að svo sje. Þeir, sem nú halda því eigi að síður fram, að það beri að samþykkja frv., færa það sem ástæðu, að með því sje trygður rjettur hinna smærri síldarútvegsmanna til sölu á sinni síld móts við hina, eða í rjettu hlutfalli við hina stærri og meiri máttar útvegsmenn. Og jeg skal strax kannast við, að þetta er nauðsynlegt. Það er vitanlega alveg sjálfsagt að tryggja það með einhverjum ráðum, að efnamunurinn og þeir, sem kraftinn hafa, geti ekki undirokað hina í samkepni um sölu á síldinni. Það segir sig sjálft. En það þarf ekki að gera það á þennan hátt, sem hjer er farið fram á, eða með því að samþykkja þetta frv. um kaup landsstjórnarinnar á síld. Það má gera það á annan hátt. Ráðið til þess er ósköp einfalt. Það á að fela útflutningsnefndinni að jafna því niður, hvað hver einstakur síldarútvegsmaður má eða fær að flytja mikið út af síld.

Útflutningsnefndinni er falið að sjá um útflutning á þessum 1000 hrossum, sem Englendingar — af náð sinni og miskunn — hafa leyft okkur að selja til Danmerkur. Hjer skal ekki rætt um það, hvað smánarlega lítið þetta er móts við þörfina, ekki nema $^1/_8$ eða $^1/_{10}$ hluti þess, er landsmenn þyrftu nú að selja af þessari vöru. En hvað sem því líður, þá er útflutningsnefndinni falið að jafna þessum útflutningi niður á helstu hrossahjeruð landsins. Og það er síst vandaminna eða ábyrgðarminna en að jafna niður síldarútflutningnum eftir sömu eða svipuðum reglum og gert er ráð fyrir í frv.

Mjer virðist því, að frv. þetta, um kaup landsstjórnarinnar á síld, sje algerlega óþarft, hvað þessa hlið — niðurjöfnun síldarinnar til útflutnings — snertir, en að öðru leyti ekki alveg hættulaust fyrir landssjóðinn að samþ. það.

Enn fremur má benda á það, að frv., ef það verður að lögum, skapar óheyrilegt misrjetti milli atvinnuveganna, bæði beint og óbeint. Beinlínis með því, að síldarútveginum eða sjávarútveginum er gert þarna hærra undir höfði með því að skylda landssjóð til þess að kaupa síldina. Ef jafnrjettis hefði verið gætt, átti landssjóður einnig að kaupa hrossin — 2000 hross — og selja svo annað þúsundið hjer innan lands til manneldis og skepnufóðurs, og jafna síðan verðinu niður milli seljanda.

Óbeinlínis kemur misrjettið fram í því, að hjer er sjerstaklega verið að hlynna að þeim útveginum, sem að undanförnu og enn þann dag í dag er

versti keppinautur landbænda, hvað verkafólk snertir. Fólkið þyrpist að síldarútveginum, og það oft svo, að úr hófi keyrir, og sjer jafnvel til skaða og skammar. Bændur sitja svo eftir mannfáir og geta ekki fengið nægilegan mannafla til nauðsynlegra verka, jafnvel hvað sem í boði er.

Þá skal jeg minnast á tvö atriði. Í annari málsgrein 4. gr. er sagt: »Þegar ákveðin er hlutdeild frambjóðenda í sölunni, koma — auk framleiðenda — þeir einir síldarkaupendur til greina, sem hafa greitt minst 20 krónur fyrir máltunnu nýrrar síldar«. Jeg vil leyfa mjer að vekja athygli á því, að þótt jeg telji 20 kr. fyrir máltunnuna sjálfsagðar, ef gert er á annað borð ráð fyrir, að menn fái að kaupa síld, þá get jeg ekki neitað, að landið er að hlynna að braski þeirra, sem síldina kaupa, að minsta kosti í öðru veifinu. Hjer hefðu ekki aðrir átt að koma til greina en framleiðendur. Ef þessi leið hefði verið farin, sem jeg benti á, ætti þeim að vera innan handar, er síldina kaupa, að selja tunnur sínar og salt til framleiðslunnar.

Jeg tel 7. gr. óþarfa og varhugaverða. Varhugaverða tel jeg hana fyrir ákvæðið um, hvernig hagnaðinum skuli skift niður. Jeg hefi litið svo á, að ef landssjóður keypti síld og bæri áhættuna af þeirri verslun, að þá væri sjálfsagt, ef um ágóða væri að ræða, að hann lenti óskiftur hjá landssjóði. Meiri hluti bjargráðanefndar hefir að vísu komið með brtt. um, að væntanlegum arði verði skift að $^4/_5$ og $^1/_5$. En mjer þykir $^1/_5$ í hlut landssjóðs alveg óhæfilega lítið. Til mála gat komið helmingur í hvorn stað. Mjer virðist, að það liggja í hlutarins eðli, að sá aðilinn, sem ber hættu og ábyrgð á sölunni, eigi að njóta arðsins.

Jeg álít því frv. þetta gersamlega óþarft, og mun greiða atkv. móti því.

Pjetur Jónsson: Jeg ætla mjer ekki í orðakarp um frv. þetta. En mjer þótti leiðinlegt, að háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), sem er vitanlega sá maðurinn á þingi, sem er ókunnugastur þessu máli, af því að hann var ekki viðstaddur, er það var undir búið, og hefir þess vegna ekki haft tækifæri til þess að kynna sjer það nema síðan í fyrradag, skyldi ráðast á það. Tvo undanfarna mánuði hefi jeg kynt mjer málið, og þó er jeg ekki eins öruggur um mína sannfæringu, eins og hann virtist vera um sína. Og þetta mun stafa af því, að jeg hefi sennilega sjeð fleiri hliðar á málinu en hann, og það gert mig hikandi.

Jeg get síst verið því samþykkur, að þm. sjeu hjer að vinna óforsvaranlegt verk með því að flytja frv. þetta. Víst er það, að jeg hefi ekki treyst mjer að magna mig svona upp á móti því á einum degi.

Það er að vísu rjett, sem háttv. þm. (S. S.) sagði, að síldarútvegurinn er keppinautur landbúnaðarins. En það kemur ekkert þessu máli við. Vjer tölum um síldarútveginn sem keppinaut landbúnaðarins, þegar alt gengur sinn vanagang, þegar reka má útveginn óhindrað og verð á síld er sæmilegt. En nú horfir svo við, að það gerir ekki neinn usla í landbúnaðinum, þótt landssjóður kaupi 100 þús. tunnur af síld til hjálpar landbændum. En hitt ætti hver maður að geta sjeð, að ef síldarútvegurinn hyrfi með öllu úr sögunni, væri það mikið tjón fyrir landið, þó að ekki sje til annars en hafa gjaldeyri fyrir lífsnauðsynjar. 100 þús. tunnur eru áætlaðar á 6 milj kr., og er ilt að vera án þeirra. Auðvitað stendur og fellur

síldarútgerðin ekki með þessu frv., því að nú lítur nokkru betur út um þennan atvinnuveg en áhorfðist. Síldveiðum verður þess vegna ekki yfirleitt hætt, þótt þingið láti málið afskiftalaust. En sumir treysta sjer ekki til þess, að reka síldarútveg í sumar, einkum hinir smærri útgerðarmenn, ef þeir eru ekki vissir um sölu og verð fyrir fram.

Með þessu frv. hlaupum vjer undir bagga með hinum veikbygðari, en það eru ekki þeir, sem mest fólkið hrifsa til sín, heldur hinir sterkari, sem tunnurnar hafa og stærsta útgerðina. En þeir menn, sem vjer hjálpum með þessu, eru þeir, sem hafa tunnur og hafa ef til vill nú þegar ráðið fólk til sín, en eru svo í vandræðum með að selja það sem aflast. Jeg ætla svo ekki að svara þessu atriði frekar.

Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) vjek þá að því, að hann feldi sig ekki við það atriði 4. gr., sem kveður á um, í hvaða hlutfalli skuli kaupa síldina. Þetta er margyfirvegað mál, hvernig ætti að skifta kaupunum á þessum 50,000 tunnum, hvort ætti að skifta þeim eftir því, hversu margar tunnur hver útgerðarmaður ætti fyrirliggjandi hjer á landi, eða þá eftir einhverjum öðrum mælikvarða. Þetta atriði hafði útflutningsnefndin til athugunar og síðar síldarútvegsnefndin. Niðurstaðan verður alt af sú, eftir langa yfirvegun, að best sje að skifta eftir tunnueign í landinu, en þó skuli þeir, sem eiga tunnur og ekki gera út, verða að gefa vel fyrir síldina, sem þeir kaupa, og þetta síðasta er líka trygt í síðari hluta 4. gr. En úr því að það var álitið hallkvæmast, að kaupa síldina í hlutfalli við tunnutal, þá er síðari hluti 4. gr. nauðsynlegur, því að þar er ljett undir baggann með framleiðendunum, með því að gera þeim, er tunnur eiga það að skilyrði fyrir því, að verða hluttakandi í þessu hnossi, að þeir kaupi síldina af framleiðendunum við góðu verði.

Eins og eðlilegt var gerði háttv. sami þm. (S. S.) athugasemd við 7. gr., og vildi hann halda því fram, að úr því að landssjóður yrði að bera þá áhættu, sem þetta hefði í för með sjer, yrði hann og að fá allan gróðann, ef hann yrði nokkur. Jeg hefi frá öndverðu litið svo á, að þetta gæti aldrei komið til nokkurra mála. Landssjóður tæki aldrei á sig svo mikla áhættu, að hann gæti borið hana saman við hugsanlegan gróða. Það er heldur alls ekki ætlunin, að gera þetta að gróðavegi fyrir landssjóðinn, heldur er þetta gert út úr ítrustu neyð og til þess að halda síldarútgerðinni við, svo að atvinnuvegur sá falli ekki í kalda kol. Það er og enginn vafi, að ef þetta yrði til þess, að þessi atvinnugrein gæti staðið með blóma í sumar, þá væri það sú besta björg og dýrtíðarhjálp, sem hægt væri að veita almenningi. Og ef oss tækist að halda framleiðslunni yfirleitt í samræmi við þörfina, þá væri slíkt betri hjálp en nokkuð annað. En vjer höfum, því miður, ekki haft miklu úr að spila til slíkra hluta. En þótt þetta megi telja útlátalítið, þá vil jeg þó ekki, að landssjóður kippi að sjer hendinni.

Þórarinn Jónsson: Jeg skal ekki fara mikið út í þetta mál. Jeg verð að leggja áherslu á það, að mál þetta er í öndverðu tekið upp sem bjargráðamál. Það er þó ekki og getur ekki verið alþjóðarbjargráðamál, þar sem á bak við stendur fjárhætta einstakra manna þjóðfjelagsins, en eigi heildarinnar. Hætta sú, sem samfara er samþykki þessa frv., er að sjálfsögðu töluverð fyrir landssjóðinn, en þar sem frv. miðar til þess, að styðja hina smærri síldarútvegsmenn í samkepninni við þá stærri og það einnig getur á annan hátt horft til

bjargráða, sem jeg síðar skal sýna fram á, er jeg hlyntur anda frv. Jeg hlýt að gera ráð fyrir, að Svíar kaupi og borgi á ákveðnum tíma þá síld, sem þeir vilja fá, og að vjer þurfum eigi að sjá um flutning til þeirra, því að það gæti verið óþægilegur böggull, eins og nú er ástatt um skipakost. Jeg geng því hiklaust út frá, að háttv. stjórn sjái svo um, að Svíar borgi þá síld, sem þeir kaupa hjer, á ákveðnum degi, hvort sem hún verður til þeirra komin eða eigi, og að þeir sjái um flutningstæki.

Með þessum fyrirvara get jeg fylgt frv., með því að jeg þykist sjá, að það einnig á annan hátt geti horft til bjargráða, eins og jeg vjek áður að, sem sje á þann veg, að sá hluti síldarinnar, sem eigi fer til Svía eða Ameríkumanna, verði notaður til fóðurbætis hjer í landi. Þetta getur orðið mikilsvert vegna þess, hversu afarilla nú lítur út um grasvöxt hjer á landi, sjerstaklega þegar tekið er tillit til, að eftir því verði, sem sagt er að Svíar muni gefa, ætti að vera hægt að selja hinn hluta síldarinnar fyrir 15 kr. tunnuna, án þess að landssjóður hefði halla, og væri slíkt ódýr fóðurbætir og vel leggjandi í nokkra áhættu með þetta fyrir það, að fá svo ódýran fóðurbæti. Ef stjórnin tæki þann kost um sölu síldarinnar, sem jeg hefi bent á, gæti hjer einmitt verið um bjargráð að ræða fyrir landbúnaðinn og það verð jeg að ætlast til, að hún geri.

Það hvetur mig einnig nokkuð til að fylgja máli þessu, að hinir stærri síldveiðamenn, sem í öndverðu fluttu málið af töluverðu kappi, hafa nú snúið við blaðinu og vilja helst að málið strandi, sennilega vegna þess að þeir sjá nú, að hættan er eigi slík sem þeir hjeldu í byrjun, og bendir þetta eindregið í þá átt, að þeir hafi ætlað landssjóði áhættuna, en sjer gróðann. Og jeg verð að segja, að jeg er ekkert hrifinnn af slíkum hugsunarhætti.

Sigurður Stefánsson: Það eru örfá orð, sem jeg vildi sagt hafa, því að háttv. 1. þm. Húnv. (Þór. J) hefir nú tekið til athugunar þá hlið málsins, er snertir landbúnaðinn. Þegar vjer lítum á frv., eins og það er nú, þá er það hrein og bein bjargráð fyrir landbúnaðinn. Vjer verðum að gæta þess, að samkvæmt horfunum á sölu síldarinnar til Svíþjóðar, þá er hægt að selja þar 50,000 tunnur, sem ef til vill yrðu seldar hjer í landinu fyrir mjög lágt verð. Það er því ekki ástæða til þess fyrir formælendur landbúnaðarins, að setja sig upp á móti þessu frv., því að jeg veit ekki hve nær auðfenginn fóðurbætir kemur sjer vel ef ekki nú. Jeg verð að álíta, að stjórninni sje alt hægara um vik, er hún er sjálfráð um þennan hluta, hefir umráð yfir allmiklum síldarforða, heldur en ef hún ætti að fá hann hjá framleiðendum með því verði, er þeir settu á hana, eða takmarka útflutninginn á þeirri síld, sem þeir hefðu yfir að ráða.

Þá dugir ekki í þessu efni að vera að tala um misrjetti milli sjáfarútvegsins og landbúnaðarins, því að jeg álít löggjafarvaldinu það skylt, að styðja hvern þann atvinnuveg, sem í nauðum er staddur. Þá verð jeg einnig að játa, að hversu mikið »lotteri«, sem síldarútvegurinn er, þá hefir hann þó og einkum aflað landssjóði stórkostlegra tekna, og þar að auki auðgað ýmsa menn. En eins og þessum atvinnuvegi er nú komið, þá er hann mjög svo nauðulega staddur, og munu nú þeir vera miklu fleiri, sem svo að segja fljóta meðan þeir ekki sökkva, heldur en hinir, sem nægilegt bolmagn og fjármagn hafa.

Þessi leið, sem hjer er gert ráð fyrir að farin verði, er því ágæt til þess að bjarga þeim, sem illa eru staddir, og halda þannig við útgerðinni. Auk þess ber þess að gæta, að þótt þetta frv. verði nú felt hjer, þá bætir það ekkert úr um fólkshald bænda á þessu sumri. Útgerðin er sem sje komin af stað og útgerðarmennirnir hafa þegar ráðið fólkið til sín, svo að bændur ná ekki í það í þetta skiftið. Auk þess hygg jeg, að margur búandinn muni hugsa sig um tvisvar, áður en hann fer að ráða dýrt kaupafólk til þess að vinna jörðina, eins og hún nú er á sig komin. Ef frv. verður aftur á móti samþykt, þá tel jeg, að það ljetti að vonum undir með landbúnaðinum, að landssjóður hefir ótakmarkað vald yfir miklum síldarbirgðum til fóðurbætis fyrir búpening.

Frv. þetta var í fyrstunni samið að ráði fulltrúa síldarútgerðarinnar, bæði af Vestur- og Norðurlandi, sem sátu á ráðstefnu hjer í Reykjavík fyrir skömmu.

Auðvitað eru nokkrir stórgróðamenn hjer, sem ekki þykjast kæra sig um neina liðveislu löggjafarvaldsins en það er allkynlegt, að þegar svo leit út, sem þetta mundi verða áhættuspil, þá þögðu þeir, en nú, þegar það er sjeð, að áhættan er lítil eða engin, þá þjóta þeir upp til handa og fóta og vilja engin afskifti þingsins af þessu máli. Þessi framkoma þeirra verður ekki skýrð á annan veg en þann, að nú sjái þeir, að gróðavon þeirra verður minni en ef alt hefði setið við það, sem áður var.

Þá ber og þess að gæta, að þótt þetta frv. verði samþ., þá er öðru nær en að útgerðarmönnum sje öllu góðu bættir. Hjer er að eins gert ráð fyrir, að landssjóður kaupi 100,000 tunnur, en vitanlega eiga þeir þrátt fyrir þetta $^2/_3$ af tunnum sínum liggjandi. Fiskist nú ekki meira en það, sem ráð er gert fyrir að landssjóður kaupi, þá liggja útgerðarmennirnir með stórt »kapital«, þó að þetta bjargi að nokkru. Jeg held því, að það væri ekki rjett af þinginu að fleygja málinu frá sjer, og það sem gerir mig enn ótrauðari fylgismann þess, eru horfur landbúnaðarins að þessu sinni. Það hafa líklega fáir núlifandi manna horft fram á önnur eins stórvandræði fyrir landbúnaðinn og nú, en ef síldin veiðist hefir maður von um vissan og ódýran fóðurbæti.

Jeg vil taka undir það með háttv. 1. Húnv. (Þór J.), sem hann sagði um sölu síldarinnar. Jeg álít og vona, að stjórnin gangi svo frá samningunum, að hættan verði engin, og að Svíar borgi síldina þegar hjer á staðnum, þó að ekki sje hún komin í skip. Jeg veit, að margir eru áhyggjufullir um þetta atriði, en jeg verð að treysta því, að svo verði gengið frá þessum samningum, að ekkert sje í hættunni. Og þó að einhver þau forföll komi fyrir, að skipasendingin farist fyrir, þá lendi sá skaði á Svíum en ekki á landssjóði. Það væri mjög ákjósanlegt, að stjórnin gæti nú þegar gefið skýlausa yfirlýsingu um þetta atriði.

Jeg vona svo að málið gangi fram, og sest því niður.

Einar Jónsson: Jeg á ekki hægt með að tala í þessu máli, því að jeg er síldarútgerðinni ókunnugur. En þegar það kom til mála hjá háttv. þm. S.-Þ. (P. J.), að þessi ráðstöfun mundi verða til góðs fyrir landbúnaðinn, þá get jeg að sumu leyti fallist á að svo kunni að geta orðið, en hins vegar hygg jeg þó, að öll ákvæði vanti í frv., sem tryggja það. Það er og orðið ljóst, að síldarútvegsmennirnir fóru fram á þessa ráðstöfun, af því að þeir þóttust í vanda og hættu staddir, og það furðar mig ekki. En nú hefi jeg heyrt, að ekki muni verða tjón af síldarsölunni vegna

samninga við Svía, sem kaupa muni síldina góðu verði. En þá kemur það upp úr kafinu, að síldarútvegsmennirnir kæra sig ekkert um, að frv. nái fram að ganga, og þykir mjer því framkoma þeirra nokkuð blendin. En nú vil jeg ekki láta landssjóð nota sjer þetta, heldur vil jeg láta framleiðendurna njóta hagnaðarins, ef nokkur verður.

Jeg er samþykkur háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) um, að það er athugavert að láta landssjóðinn bera alla áhættuna, en fá þó ekki nema $^1/_5$ af hagnaðinum, því að jeg álít, að sá, sem beri áhættuna, eigi og að fá gróðann. Svo er það eitt, sem jeg vildi spyrja háttv. frsm. (P. J.) að og aðra, af því að jeg skil það ekki vel, þar eð jeg hefi haft lítinn tíma til þess að athuga það. En það er þetta, að í 5. gr. geta allir lesið, að hver, sem óskar að nota þennan rjett, segi til þess fyrir 31. júlí 1918. En mjer er spurn: Hvernig fer þá fyrir þeim, sem ekki nota rjettinn og geta ekki komið síldinni á markaðinn? Getur hann þá sloppið með sína síld, eða á hann að vera útilokaður frá því, að geta selt sína síld til landssjóðsins? Það sýnist í 1. gr., að landssjóður hafi heimild til þess að kaupa alla síld, en við það getur 5. gr. komið í mótsögn. Á þessu vildi jeg beiðast skýringar.

Jeg segi ekkert um það, hvort jeg greiði atkvæði með þessu frv. En jeg segi aftur á móti, að landbúnaðurinn gæti haft verulegt gagn af þessu, eins og grasbresturinn er fyrirsjáanlegur, og síldin góður fóðurbætir; en tryggingin fyrir því, að þetta verði landbúnaðinum til góðs, er engin.

Háttv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) sagði, að ef 50,000 tunnur yrðu seldar til Svíþjóðar fyrir sæmilega hátt verð, þá væri hægt að selja mest af því, sem eftir væri, fyrir viðráðanlegt verð hjer innanlands, en því miður vitum vjer ekki með vissu, eða höfum neina tryggingu fyrir því, að svona muni fara; því að ef þetta væri víst, þá gæti hver bóndi greitt atkvæði með frv.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg heyri sagt, að háttv. formaður bjargráðanefndar (P. J.) hafi spurt um skilyrðin fyrir sölu á þeirri síld, sem selja á til Svíþjóðar. Jeg get ekki sagt neitt um það núna. En ef bjargráðanefnd óskar eftir því, mun stjórnin fús á að sýna henni skeyti, sem um það hafa farið milli, og eru í þeim skeytum allar þær skýrslur, er nú er hægt að fá hjer um þetta efni. Jeg þykist þess fullviss, að hinir ráðherrarnir hafi ekki neitt á móti því, eða nokkuð við það að athuga.

Jeg ætla mjer ekki að taka til máls um sjálft málið að svo komnu. Jeg er að vísu í dálitlum vafa um það, hvort alt frv. er svo heppilegt eða sjálfsagt, sem margir háttv. þm. virðast álíta. En það er eitt atriði í frv., sem jeg tel aðalatriðið, og sem er sjálfsagður hlutur, að þingið setji einhver ákvæði um. Það er ákvæðið í 4. gr. um það, hvernig skifta skuli síldinni á milli þeirra, sem framleiða hana. Jeg hygg, að í þessu efni sje ákvæði frv. mjög svo heppilegt og skynsamlegt. En hvað önnur atriði í frv. snertir, þá mun það vera nokkuð mikið vafamál, hvort alt er rjett athugað, sem þar stendur. Jeg geri ráð fyrir, að ekki þurfi að leggja aðaláherslu á önnur atriði en þetta eina, sem jeg hefi nefnt, en sum hinna eru samt nokkuð varhugaverð. Fyrst og fremst er þess að geta, að varlegra væri að hafa frestina til greiðslu á síldinni af landssjóðs hálfu lengri. En fjármálaráðherrann mun ætla að koma með brtt. um greiðslufrestinn við 3. umr.,

og skal jeg því ekki tala frekar um það atriði. En annað atriði er líka allviðsjárvert. Það er að skuldbinda landssjóðinn til þess að taka síldina á þeim höfnum öllum, sem nefndar eru í 3. gr. frv., þó að ekki sje hugsað um nema þessar 6 hafnir, er beinlínis er skyldað að kaupa síldina á. Það eru Seyðisfjörður, Eyjafjörður, Siglufjörður, Reykjarfjörður, Önundarfjörður og Ísafjarðarkaupstaður. Nú getur vel farið svo, að ómögulegt verði að faka síldina til útflutnings á einni eða tveimur höfnum. Það getur því orðið nokkuð mikill kostnaður að flytja alla síldina á útflutningshafnirnar. Mjer skilst, að í frv. sje ætlast til, að seljendur selji síldina á skipi á þeim höfnum, sem nefndar eru í frv. (**P. J.:** Jú, svo er til ætlast). Kostnaðurinn við að flytja hana til þeirra hafna, sem hún verður flutt út frá, legst því á landssjóðinn. (**P. J.:** Síldin verður landssjóði þeim mun dýrari, sem því nemur). Já, síldin verður þeim mun dýrari. En það er alveg óútreiknanlegt, hvað það getur orðið mikið. Menn hafa rekið sig á það, hverjum annmörkum þetta getur verið bundið, svo að þetta getur orðið mjög óþægilegt atriði.

Svo vildi jeg að eins drepa lauslega á það, að framleiðendur eru skyldaðir til að hafa umsjón með þeirri síld, sem þeir selja, þó ekki endurgjaldslaust, nema til ársloka. Nú getur vel farið svo, að þó að síldin sje seld, þá verði hún falin framleiðendum til geymslu fram á sumar. Það mun hafa komið fyrir áður. Þetta atriði getur því orðið varhugavert, þó að ekki sje líklegt að mikil hætta stafi af því.

Jeg legg ekki mikla áherslu á gróðahlutann, sem landssjóður fær. Jeg lít svo á, að það eigi ekki að vera tilgangurinn, að landssjóður græði á þannig lagaðri aðstoð við framleiðsluna. Það, sem sjerstaklega þarf að tryggja, er að landssjóður bíði ekki skaða við þá ábyrgð, sem hann tekst á hendur, þegar framleiðendur eru búnir að fá það fyrir sína vöru, sem þeir þurfa, til þess að geta framleitt hana.

Mín skoðun er sú, að frv. eigi fram að ganga. Í frv. er sem sagt eitt mjög nauðsynlegt atriði um skiftingu síldarinnar. Að öðru leyti er frv. varla eins mikils virði og menn virðast halda. Þessi einstöku atriði vildi jeg að eins nefna nú, ef ske kynni að nefndin vildi athuga þau til 3. umr. En líklega hafa þau þegar verið athuguð í nefndinni.

Að lokum skal jeg láta þess getið, að áhættu landssjóðs tel jeg eftir atvikum ekki mikla eftir frv.

Sigurður Sigurðsson: Háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) byrjaði ræðu sína með því að furða sig á því, að jeg ljet í ljós svo ótvíræða skoðun í málinu, þar sem jeg hefði að eins haft mjög stuttan tíma til þess að kynna mjer það. Í tilefni af þessu skal jeg lýsa yfir því, að jeg hefi lesið þau gögn, sem fyrir liggja í málinu, og kynt mjer þau. En jeg hefi ekki gengið í skóla til síldarútvegsmannanna sjálfra eða leitað fræðslu til þeirra. Jeg álít ekki nauðsynlegt fyrir mig að gera það, til þess að afla mjer fræðslu, óháðri öllum málspörtum, sem eiga hagsmuna að gæta í þessu máli.

Jeg ætla ekki að fara langt út í þetta mál, en að eins leyfa mjer að rekja þann hugsanagang, sem fylgt hefir verið í þessu máli hjer á þinginu. Þessi hugsanagangur er á þá leið, að landssjóður kaupi síldina af útgerðarmönnunum fyrir ákveðið verð, til þess að taka af þeim áhættuna og leggja hana á þjóðina í heild sinni. Þetta mun hafa verið meginástæðan til þess, að frv. kom

fram. Síðan það kom í ljós, að áhættan mundi ekki verða eins mikil og menn bjuggust við í fyrstu, þá hafa útvegsmennirnir dregið sig sem mest í hlje og vilja eins vel að frv. hverfi úr sögunni. Nú er það aðalástæðan til þess að halda því fram, að það sje nauðsynlegt til þess að jafna sölu síldarinnar niður á framleiðendurna og tryggja það, að þeir, sem eru minni máttar, verði ekki bornir ofurliði. Um þetta get jeg verið meðmælendum frv. alveg samdóma. Það er nauðsynlegt að setja undir þann leka. En það er ofureinfalt mál. Til þess þurfti ekki annað en þingsáltill., er hljóðaði um það, að fela útflutningsnefndinni að takmarka hve mikið hver síldarframleiðandi flytti út af síld. Líka hefði mátt gera við þessu með sjerstöku frv., þar sem ákvæði 4. gr. um skiftingu síldarinnar væru látin haldast.

Því hefir verið haldið fram af tveimur háttv. þm., að þetta frv. beri með sjer bjargráð fyrir landbúnaðinn. Jeg fæ ekki skilið með hvaða rökum er hægt að halda þessu fram. Jeg sje ekki í hvaða sambandi það stendur við þetta frv., þó að í till., sem er næst á dagskrá, sje talað um, að stjórnin sjái um útvegun á síld til skepnufóðurs handa bændum og veiti þeim ívilnun með flutning á heðni milli hafna. Sú tillaga kemur ekkert frv. við. Þegar menn því eru að segja, að þetta mál sje bjargráð fyrir landbúnaðinn, þá verð jeg að segja, að með því sje verið að, — ja, nærri því sagt — strá sandi í augu manna í þessu efni. Aðalatriði frv. er, eins og kom svo greinilega fram í ræðu háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.), að liðsinna síldarútvegsmönnum. Háttv. þm. (S. St.) komst einmitt þannig að orði. Jeg sje því enga ástæðu til þess að samþ. frv., að minsta kosti verður það ekki talið nauðsynlegt.

Jeg hefi styrkst í þeirri skoðun síðan jeg talaði síðast, eftir að hafa heyrt ræðu hæstv. forsætisráðh. En það hefir verið sýnt, að það er til leið til þess að jafna sölu síldarinnar niður á framleiðendurna, án þess að skylda landssjóð til þess að kaupa þessar 100,000 tunnur. Frv. hefði ekki átt að fjalla um neitt annað en skiftingu síldarinnar milli útvegsmanna.

Jeg finn svo ekki ástæðu til þess að fara frekari orðum um þetta mál. Jeg var þegar búinn að lýsa skoðun minni á því. Hún hefir ekki að neinu leyti breyst síðan, svo að jeg mun greiða atkv. á móti frv.

Pjetur Jónsson: Út af ræðu hv. 2. þm. Rang. (E. J.), sem flutti fyrirspurn til mín um þá menn, sem ekki selja landsstjórninni þá síld, sem þeir framleiða, hvort þeir muni geta flutt sína síld út sjálfir og þannig kept við landsstjórnina um markaðinn, þá vil jeg benda háttv. þm. (E. J.) á það, að samkvæmt lögum er ekki heimilt að flytja neitt út úr landinu án leyfis landsstjórnarinnar, hvorki síld nje annað. Það er því undir henni komið, hvort hún vill leyfa einstökum mönnum að flytja út síld, með ábyrgðinni á þessum 100,000 tunnum, sem landssjóður kaupir. Jeg geng út frá því, að hún muni engum leyfa útflutning á síld, nema hún sjái sjer borgið með þá síld, sem hún hefir handa á milli.

Hæstv. forsætisráðherra mintist á ýmislegt, sem honum fínst athugavert við frv. Meðal annars nefndi hann það, hve margar hafnir væru teknar inn í það, sem afhendingastaðir fyrir síldina. Jeg neita því ekki, að þótt hafnirnar

sjeu allar góðar, og vel mætti fá skip til þess að koma á hverja þeirra um sig, þá sje ekki víst að skip, sem flytja síldina út, fáist til þess að koma á þær allar. En það er erfitt að velja úr 3 eða 4 hafnir. Eyjafjörður er nú sjálfsögð útflutningshöfn, því að þar er útvegurinn svo mikill. (**Atvinnumálaráðherra:** Er ekki meint Akureyri?) Það er ætlast til þess að sama gangi yfir alla útgerðarstaði við Eyjafjörð. Það hefir alt af verið hægt að taka síldina þar alstaðar jafnt. Ef skip tekur þar síld á annað borð, munar það ekkert um að færa sig á milli stöðvanna við fjörðinn. Fjörðurinn allur verður því að teljast sem ein höfn. Það er ekki útlit fyrir, að nein síld verði lögð upp á Akureyri í sumar, sökum plássleysis.

En þar sem ekki varð búist við að fá síldina flutta út frá öllum þeim höfnum, sem síldin er veidd á, þá varð samt verðið að vera jafnt, sem framleiðendurnir fá fyrir hana. Það, sem legst á síldina frá einstökum stöðum, fyrir flutning til útflutningshafnanna, er sameiginlegur kostnaður á allri síldinni, sem landssjóður kaupir, og hækkar hana dálítið í verði, en það getur ekki orðið tilfinnanleg hækkun. Það er ekki heldur líklegt að það þurfi að vera svo mikið, sem flytja þarf til, ef hægt verður að flytja mestalla síldina út áður en ísa fer að leggja að landinu. Eyjafjörður er alveg sjálfsögð útflutningshöfn og þá Ísafjörður. Frá þessum höfnum mun verða reynt að flytja síldina fyrst, og svo fljótt sem auðið er.

Þótt þessi grýla kunni að líta illa út í augum sumra þingmanna, þá verð jeg að álíta, að hún sje ekki mjög hættuleg.

Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) gat þess, að útvegsmenn kærðu sig nú ekki mikið um það, að frv. gengi fram. Það getur verið að sumir sjeu komnir á þá skoðun; jeg hefi ekki talað við svo marga alveg nýlega. En mjer er kunnugt um það, að þeir sem unnu að undirbúningi þessa máls undir þingið, unnu allir að því með þeirri ósk, að það mætti ganga í gegnum þingið í sem líkastri mynd og þeir gengu frá því. Þar voru fulltrúar bæði fyrir stærri og smærri útvegsmenn, og allir voru á einu máli. Jeg hefi ekki heyrt, að neinn þeirra hafi snúist á móti frv. síðan, enda þótt útlitið fyrir síldarútveginn hafi batnað síðan um daginn.

Fjármálaráðherra (S. E): Jeg veitti því ekki eftirtekt fyr en í morgun, að þetta mál væri á dagskrá hjer í deildinni í dag. Þá var orðið of seint að koma með brtt., en jeg hafði ætlað mjer að koma með brtt. um sama efni og brtt. mín, sem feld var í háttv. Ed., það er að segja um greiðslufrestinn. Háttv. bjargráðanefnd þessarar deildar kemur að vísu með brtt., sem fara nokkuð áleiðis í sömu átt, þar sem þeir setja fyrri greiðslutímann þann sama og jeg setti í minni brtt., en síðari greiðslufrestinn nokkru styttri. En jeg verð að halda fast við það, að til 1. júlí sje ekki of langur frestur. Jeg tók það fram í háttv. Ed., að jeg yrði að leggja mikla áherslu á það, frá sjónarmiði landssjóðs, að ekki þyrfti að borga út andvirði síldarinnar fyrir þann tíma, sem landssjóður fær fjeð í hendur. Fyrir útvegsmenn hefir þetta ekki mikið að segja, og margir þeirra leggja ekki sjerstaka áherslu á þetta atriði. Auk þess sem aðalatriðið fyrir þá er, að þegar vissa er fyrir að fjeð verður útborgað á ákveðnum tíma, þá er lánstrausti þeirra að sjálfsögðu borgið í bönkunum.

Fyrir landssjóð skiftir það afarmiklu, ef hann þarf að taka lán til þessara nýju útborgana, og þau gætu numið miljónum.

Samkvæmt því, sem hjer er tekið fram, mun jeg bera fram við 3. umr. brtt. um frestinn, þá sem feld var í Ed.

Jeg ætla svo ekki að fara frekar út í þetta mál. Jeg vildi að eins sýna fram á, að hjer er um verulegt atriði að ræða frá landssjóðsins hálfu.

Pjetur Ottesen: Jeg skal ekki lengja umræðurnar mikið. Að eins vildi jeg leita mjer upplýsinga um það, áður en gengið er frá þessu máli, hvað líði samningunum um sölu á þessum 50,000 tunnum, sem heimilt er að flytja til Svíþjóðar, hvort borgun á þeim er bundin því skilyrði, að síldin sje komin um um borð í skip, eða hvort tiltekinn er einhver tími, sem síldin skuli borgast á, hvernig sem fer um flutning á henni til Svíþjóðar. Þetta er mikilsvert atriði nú, þegar svona þröngt er um skipakost til flutninga og siglingaleiðir ótryggar. Hæstv. forsætisráðherra mintist á þetta út af athugasemd háttv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.). En það svar var ekki fullnægjandi. Hann sagði að bjargráðanefnd gæti fengið að sjá skeyti, sem stjórninni hefir borist um þetta efni; en það er ekki nóg. Það er að vísu gott fyrir þá, sem sæti eiga í bjargráðanefnd, en við hinir, sem ekki eigum þar sæti, þurfum líka að fá tækifæri til þess að kynnast þessu máli. Það er mikið undir því komið, hvernig greiðsluskilyrðin á þessum hluta síldarinnar eru. Og jeg vildi helst, að málinu væri ekki ráðið til lykta hjer á þinginu fyr en þeir samningar eru fullgerðir.

Þá er annað atriði, sem jeg vildi vekja athygli á. Það er það, að þessar 100,000 tunnur sem landssjóður kaupir, verði að sjálfsögðu látnar ganga fyrir annari síld, sem veiðist í sumar, til útflutnings. Jeg veit, að útbúnaður er nú til þess að veiða allmikla síld á þessu sumri og einn útvegsmaðurinn hefir sagt mjer það, að ef afli yrði í meðallagi í sumar, þá mundi veiðast helmingi meira en þetta, sem gert er ráð fyrir að landssjóður kaupi.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg fæ ekki skilið, að háttv. þm. Borgf. (P. O.) geti ætlast til, að jeg fari að skýra opinberlega frá samningum, sem eru ekki fullgerðir. Háttv. þm. (P. O.) hlýtur að vera svo kunnugur þeim málum, að hann veit að það er ekki unt. Stjórnin hefir stöðugt sagt, að samningar væru ekki fullgerðir og gæti hún því ekki skýrt nánara frá þeim en hún hefir gert. Jeg get því alls ekki svarað fyrirspurn háttv. þm. (P. O.).

En ef samningar væru þegar gerðir, þá væri auðveldara að fást við þetta mál. Þá hefði síldarútgerðarmönnum líklega ekki komið til hugar, að leita til þingsins um annað en skiftinguna.

Pjetur Ottesen: Það getur verið, að málið sje þannig vaxið, að ekki sje hægt að skýra frá því opinberlega. En mjer finst, að fleirum en háttv. bjargráðanefnd ætti að standa til boða, að vita um þá samninga, sem þegar eru gerðir eða þá drög til samninga, sem fram eru komin og fyrir liggja. Jeg fyrir mitt leyti vil fá að vita þetta, og svo mun því vera varið með fleiri.

Atkv. manna getur oltið á því, hvernig samningum er komið, og verð jeg því að telja sjálfsagt, að mönnum sje gefinn kostur á að kynnast þeim. Að vera að halda þessum samningum leyndum fyrir þingmönnum er öldungis óviðeigandi.

Sigurður Stefánsson: Jeg er þakklátur hæstv. forsætisráðherra fyrir þann ádrátt, sem hann gaf um, að sýna bjargráðanefnd skeyti það, sem fjallar um málið frá hendi kaupenda síldarinn-

ar. En jeg vildi gjarnan óska þess, að því fylgdi yfirlýsing stjórnarinnar um það, hvernig hún lítur á ýms atriði, svo sem hve nær síldin skuli greidd, hvort hún skuli greidd, þegar hún er komin í skip eða áður. Þetta er ef til vill ekki svo hættulegt atriði, þegar litið er á fyrri reynslu. Bretar hafa t. d. keypt síld frítt um borð, en samt greitt hana áður en hún var flutt í skip, og sama ætti reyndin að verða hjer. En skoðun mín er sú, að það geri menn efasamari og meira hikandi við að greiða frv. atkv., ef nokkuð er í óvissu um þetta atriði. Stjórnin getur ef til vill ekki sagt neitt um þetta með vissu, en hún ætti að láta uppi við bjargráðanefnd álit sitt um þetta, og hvort nokkuð sje að óttast fyrir þingið í þessu efni, þótt svo færi, að samningar væru ekki fullgerðir, þegar málinu verður ráðið til lykta. Það er því ósk mín, að stjórnin gefi bjargráðanefnd ábyggilegar upplýsingar um, hvað hún telur fært í þessu efni.

Auðvitað væri einnig æskilegt að vita skoðun stjórnarinnar í þessu máli, hvort hún er frv. andvíg, eða ekki. Það höfum við ekkert heyrt um, en mjög mikilsvert er, að þingið viti, hverjum augum stjórnin lítur á málið í heild sinni. Það heyrir til mjög mikilvægrar samvinnu milli þings og stjórnar, að þingið renni ekki blint í sjóinn um skoðun stjórnarinnar. Jeg hefi heyrt, að hæstv. fjármálaráðherra hafi greitt atkv. gegn frv. í Ed. Jeg vil ekki skilja það svo, sem hann hafi verið »principielt« andvígur frv., heldur mun hann hafa álitið frv. óaðgengilegt af því, hve greiðslufresturinn er stuttur. Um skoðun hinna hæstv. ráðherra veit jeg ekki. Hæstv. forsætisráðherra hefir að vísu hreyft athugasemdum, sem eru vel þess verðar, að nefndin íhugi þær, en hann hefir ekki lýst yfir því, hvort það muni kosta atkv. hans, ef bjargráðanefnd felst ekki á, að taka þær til greina.

Mjer þótti háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) kveða nokkuð djarft að orði, þar sem hann sagði, að hann sæi ekkert samband milli þessa máls og landbúnaðarins. Þó að hjer sje ekki um landbúnaðarafurðir að ræða, þá er ekki hægt að líta á þetta mál öðruvísi en í sambandi við landbúnaðinn, eins og horfur hans eru nú. Jeg skal minna háttv. þm. (S. S.) á, að hve miklu gagni síldin kom landbúnaðinum á síðastliðnu voru. Þá keypti stjórnin hundruð sekki af síldarmjöli, sem til voru í landinu, og bjargaði það bændum frá því að fella skepnur sínar. (**S. S:** Það kemur ekki þessu frv. við). Mjer þykir það kynlegt, ef það kemur ekki málinu við, að trygging sje fyrir því, að mörg þúsund tunnur af fóðurbæti sjeu til í landinu, sem hægt er að grípa til eftir þörfum. (**S. S:** Sá fóðurbætir verður til hvort sem er) Háttv. þm. (S. S.) getur ekkert um það sagt; við getum ekki fengið neina vissu fyrir því að svo verði. (**S. S:** Hjer hafið þið fengið snaga til að hengja hattinn ykkar á). Þetta er enginn snagi; jeg vil frábiðja mjer þau orð. Jeg þykist vera jafnmikill vinur landbúnaðarins sem sjávarútvegsins Og þegar 20 milj. krónur standa í síldarútveginum finst mjer, að landið ætti að hlaupa undir bagga með honum, ef þörf krefur, án þess að taka tillit til þess, að hann sje keppinautur landbúnaðarins. Enda verður erfitt að reisa skorður við samkepni þessara atvinnuvega, og efast jeg um, að þeir muni sitja nokkurntíma á þingi, er það gætu með lögum gert, svo að rjettlátt yrði.

Hjer er að eins að ræða um lítilsháttar aðhlynningu fyrir síldarútveginn. Um neinn stórgróða fyrir þennan at-

vinnuveg getur ekki verið að ræða, heldur að eins að hann fljóti yfir verstu torfærurnar, sem nú eru á leið hans.

Það er mjög leitt, ef samningarnir við Svía verða ekki fullgerðir áður en þessu máli er ráðið til lykta. Vitanlega er ekki unt, að gefa stjórninni sök á því. En jeg vona, að fá skýr svör hjá stjórninni um afstöðu hennar í málinu og einnig um borgunarskilmálana. Jeg vænti þess, að hæstv. stjórn láti sjer ekki nægja, að kasta þessu skeyti í bjargráðanefnd, heldur láti hún einnig nefndinni í tje skilning sinn á því. Jeg hefi ekki heyrt um þetta skeyti fyr en nú. Jeg heyri sagt, að hæstv. fjármálaráðherra hafi skýrt frá því í háttv. Ed., en um það var mjer ekki kunnugt.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg hjelt, að jeg myndi ekki þurfa að bæta neinu við það, er jeg sagði áðan. Jeg hafði þegar svarað því, sem háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) talaði um. Jeg hefi sagt, að bjargráðanefnd standi til boða að sjá þau skeyti, sem hjer ræðir um. Þau skeyti eru þannig vaxin, að þau þurfa engrar skýringar frá hendi stjórnarinnar; hver sem les þau skilur þau.

Jeg sagði, að í frv. væri eitt atriði, sem jeg byggist við, að nauðsynlegt væri að ákveða með lögum, og mætti þegar af þeirri ástæðu ekki fella frv. nú.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Þegar frv. var til umræðu í háttv. Ed., hygg jeg, að áhersla hafi verið lögð á það, að nauðsynlegt væri að endanlegir samningar við Svía væru fyllilega kunnir og bindandi fyrir þá, áður en málið yrði til fulls afgreitt frá þinginu. Því vil jeg benda á, að heppilegt muni að hraða málinu ekki meir en svo, að það verði afgreitt áður en þingi er slitið, ef við kynnum að fá frekari vissu um samningana þangað til. Málið ætti ekki að taka til 3. umr. fyr en svo, að tími sje einungis til þess, að það geti gengið til háttv. Ed., sem gæti afgreitt það með afbrigðum frá þingsköpunum, eins og líklega verða forlög fleiri mála.

Jeg verð að leggja áherslu á það með hæstv. fjármálaráðherra, að greiðslufresturinn verði sem haganlegastur fyrir landssjóð. Í þá átt stefnir og brtt. háttv. bjargráðanefndar, en jeg taldi æskilegt, að fá greiðslufrestinn enn hagkvæmari, og vona, að brtt. verði borin fram í þá átt við 3. umr.

Um afstöðu mína til málsins læt jeg mjer nægja, að vísa til atkv. mins við 3. umr. í háttv. Ed., þar sem jeg greiddi frv. atkv., og sýndi með því, að jeg vil stuðla að því, að það nái að ganga fram.

Eftir þekkingu minni á landbúnaði og eftir því, sem horfur eru á um fóðurbirgðir, hygg jeg að heppilegt sje að eiga einhvern forða af fóðursíld í bakhendinni.

Síðastliðinn vetur rjeðist landsstjórnin í að kaupa mjög mikið af síldarmjöli og hefir verið skýrt frá því í þessari hv. deild, að hve miklu gagni það kom. Finst mjer álitlegra að tryggja sjer einnig nú einhvern forða fyrir næsta vetur. Auðvitað yrði samkepni milli þessarar síldar og þess, sem kynni að veiðast umfram það, sem leyft er að flytja út, en sú samkepni ætti síst að vera landbúnaðinum í óhag. Miklu fremur ætti áhætta landssjóðs að vaxa við það. Frá sjónarmiði landbúnaðarins ætti það að vera heppilegt, að sem mest veiddist umfram það, sem nú er leyft að flytja út, því að verið getur að eitthvað rætist úr og auðið verði að flytja enn meiri síld til útlanda en nú eru horfur á.

Pjetur Jónsson: Jeg vildi að eins minnast á aðalefni málsins í örfáum orðum. Hjer er verið að hlaupa undir bagga með einum atvinnuvegi, með því að landssjóður taki á sig dálitla ábyrgð. En þeir sem fluttu þetta frv. gerðu það ekki fyr en þeir sáu, að ábyrgðin gat ekki orðið stórhættuleg. Aðalábyrgðin er í því fólgin að tryggja útgerðarmönnum sölu á nokkrum hluta af síldarafla þeirra með því verði, er síldin stendur fyrir í landina sjálfu. Annar hluti ábyrgðarinnar liggur í því, að landssjóður leggi fram fje fyrir þann hluta af aflanum, er kynni að liggja óseldur til næsta árs.

Jeg hygg, að ekki geti til þess komið, að landssjóður yrði fyrir fjárhagslegu tjóni af þessu, en ef til vill þyrfti að hafa talsvert fyrir því að útvega fje það, sem nauðsynlegt er. En stjórninni ætti ekki að veitast það erfiðara en útgerðarmönnum sjálfum. Geti þeir fengið bankalán, ætti stjórninni að vera það auðveldara heldur en mönnum, sem hafa lagt mikið í kostnað og eiga mikið í hættu, en hins vegar geta ekki búist við miklum gróða í aðra hönd.

Þetta er aðalatriðið. En ef á að draga úr þessum tilraunum Alþingis með því að heimta, að trygging sje fyrir því, að alt síldarverðið verði goldið áður en landssjóður leggur fram einn einasta eyri, þá finst mjer fult svo sæmilegt að kippa hendinni alveg að sjer.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 : 1 atkv.

2.—4. gr. samþ. með 17 : 1 atkv.

Brtt. 473, 1. samþ. með 19 shlj. atkv.

5. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

— 473, 2. samþ. með 18 : 1 atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv.

Brtt. 473, 3. samþ. með 15 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: J. M., J. B., M. P., M. Ó., P. J., P. Þ., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þór. J., B. J., B. K., B. St., E. Árna.

nei: E. J., G. Sv., J. J., M. G., P. O., S. S., E. A., Ó. B.

Þrír þm. (H. K., Þorst. J., B. Sv.) fjarstaddir.

7. gr., svo breytt, samþ. með 13 : 2 atkv.

8. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 17 : 1 atkv.

Á 69. fundi í Nd, föstudaginn 12. júlí, var frv. tekið til 3. umr. (A. 488, 485, 486, 487, 490).

Of skamt var liðið frá 2. umr., og frá útbýtingu brtt. 487 og 490.

Afbrigði leyfð og samþ.

Pjetur Jónsson: Bjargráðanefndin hefir nú athugað mál þetta af nýju. Hefir hún og athugað skeyti þau, er landsstjórnin hefir sent viðvíkjandi þessari síldarsölu. Er þar skamt frá að segja, að skilyrðin, sem stjórnin hefir sett, er samþykt verðtilboð frá sendimanni stjórnarinnar í Danmörku. Þegar hún sendi svörin, hefir hún jafnframt sett skilyrði fyrir sölunni, og það er það, að síldin skul afhent kaupanda tilgreindan dag, 14. nóv. Þetta er svo skýrt, að svo verður að líta á, að þeir, sem með söluna fara, hafi ekki leyfi til að selja síldina á annan hátt. En svarið, sem kemur afur um síldarkaupin, er stutt, að eins, að »síldin sje seld upp á væntanlegt samþykki stjórnarvaldanna

sænsku, er komi fyrir 12. júlí (í dag), og verðið sje það og það »fob« Ísland«, ekki öðru vísi. En um »fob«-sölu er það ætið sett sem skilyrði, hve nær seljandi afhendi vöruna, og oftast líka, hve nær móttakanda sje skylt að taka á móti henni. Þess vegna er þetta »fob«-sala alveg eins fyrir því, þótt síldin verði að liggja hjer eitthvað. Það er þá fyrir reikning kaupanda, af því að hann getur ekki sótt hana. Þannig er t. d. um alla sölu til Breta, að hún er »fob«-sala hjer, þótt varan sje ekki tekin á þeim tíma, er hún kom til greiðslu, nema að sumu leyti.

Jeg held því, að hv. deild geti verið áhyggjulaus um það, að sú skuldbinding hvíli á kaupanda, að greiða fyrir síldina fyrir 15. nóv. Að taka slíkt í ábyrgð, hefir ekki þýðingu, en á því er bygt, að þeir, sem með söluna fóru, hafi ekki gert annað en þeim var veitt heimild til.

Að öðru leyti skal jeg ekki fjölyrða. Hæstv. fjármálaráðherra hefir borið fram till. um að lengja frestinn, sem landssjóði er gefinn til að greiða síðari helming verðsins. Jeg vona, að hann haldi henni ekki til streitu, en taki hana helst aftur, því að annars fer jeg að líta svo á, sem þessi hjálp, sem veita átti útvegsmönnunum, fari að verða lítils virði.

Sigurður Sigurðsson: Jeg á hjer ofurlitla brtt., sem lítið fer fyrir, og háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) hefir því líklega sjest yfir hana. Hún er á þgskj. 490, og fer fram á það, að 7. gr. frv. falli burtu.

Jeg hefi gert þessa brtt. í því skyni, að gera frv. að mínu áliti aðgengilegra. Þær ástæður, sem aðallega liggja fyrir þessari till., eru tvær. 1. Tel jeg það hæpið og ekki viðfeldið, að gera þarna ráð fyrir miklum ágóða. (**S. St.:** Hjer er ekki gert ráð fyrir miklum ágóða). Það er víst gert ráð fyrir ágóða, því að þar sem gert er ráð fyrir að skifta ágóða, þar er gert ráð fyrir að ágóði verði. 2. Álít jeg, að ef til þess kæmi, að einhver ágóði yrði, sem jeg skal engu um spá, þá tel jeg að öllu leyti eðlilegra, samkvæmt eðli málsins, að hann renni óskoraður til landssjóðs að öllu leyti. Og ef um einhvern ágóða yrði að ræða, lít jeg líka svo á, að stjórnin gæti varið honum að einhverju leyti til þess þá að færa niður verð, frekar en enn er gert ráð fyrir, á síld, sem kann að verða seld innanlands til manneldis eða skepnufóðurs. Ef ummæli þeirra háttv. þm. við 2. umr. eiga við nokkuð að styðjast, sem sögðu, að þetta frv. væri líka hjálp fyrir landbúnaðinn, þá nær það ekki nokkurri átt, nema á þessum grundvelli, að færa niður verð á síld, sem ætluð er til skepnufóðurs. En ef brtt. mín verður feld og 7. gr. þannig fær að standa óbreytt, þá fæ jeg ekki sjeð, að það sje rjett, sem látið var í veðri vaka í gær, að þetta frv. sje nokkur stoð fyrir landbúnaðinn.

Jeg tek þetta fram út af þeim umr., sem fjellu í gær um þessa hlið málsins. En jeg skal geta þess, að þetta ræður ekki atkv. mínu í málinu. Jeg hefi þegar áður gert ljósa grein fyrir afstöðu minni til frv., og ætla ekki að endurtaka það, sem jeg sagði um málið í gær. En hins vegar vænti jeg þess, að till. mín verði samþ.

Stefán Stefánsson: Eins og þetta mál var fyrst borið fram hjer í þinginu af flutningsmönnum þess fyrir hönd sjávarútvegsmanna, þá leist mjer svo á, sem það væri með öllu óaðgengilegt. Fyrst og fremst af því, að sú síld, sem þá var ætlast til að landssjóður keypti,

150 þús. tunnur fyrir rúmar 8 milj. kr., var langt fram yfir það, sem nokkur von var til að geta selt, og auk þess var þá engin vissa fyrir, hve mikið fengist fyrir síld þá, er seld yrði til Svíþjóðar, sem eigi var heldur að búast við — og er ekki enn — að búast við að verði nema 50 þús. tunnur, eða þriðjungur þeirrar upphaflegu tunnutölu. Þetta virtist því afarvarhugavert mál, og jafnvel allsendis óaðgengilegt fyrir landssjóð.

En nú horfir þetta alt öðruvísi við. Nú er búið að færa síldarmagnið niður um $^1/_3$, eða niður í 100 þús. tunnur, og þegar fengin nokkurn veginn vissa fyrir sölu á helmingnum, eða 50,000 tunnum, og söluverðið svo hátt, að ekki vanta nema um 500,000 kr. af verði allrar síldarinnar, þegar eftir er helmingurinn, eða 50 þús. tunnur. Þegar svo er komið, og jafnframt er útlit fyrir, að í það minsta 20—30 þús. tunnur muni verða hægt að selja til Ameríku og það fyrir allgott verð, þá virðist þetta ekki lengur áhætta fyrir landssjóðinn, heldur miklu fremur aðgengilegt.

Líka verður að athuga það, að þar sem hjer er tilgangurinn að styðja annan aðalatvinnuveg landsbúa, atvinnuveg, sem landssjóður hefir mestar sínar tekjur frá, þá er það bein skylda þingsins, að líta á hag hans og tryggja þannig fjölda fólks lífvænlega atvinnu. Því var hreyft hjer í deildinni í gær, að þetta væri bjargráðamál. Auðvitað er það bjargráðamál á ýmsa lund. En þó að það sje skoðað sem beint bjargráðamál, að landssjóður kaupi þessar 100 þús. tunnur, þá megum vjer ekki hugsa oss, að þær skuli seldar innanlands langt fyrir neðan eðlilegt gangverð. Með því væri verið að ganga á hluta þeirra, er hafa leitað ásjár þingsins. Vjer verðum þá að sætta oss við, að hún sje seld við því verði, sem kann að bjóðast, en alls ekki selja hana með örlitlu verði, síldarútvegsmönnum í stórskaða hvað sem sæmilegum boðum líður. Að landsstjórninni sje uppálagt að versla þannig með afurðir landsmanna, að skaða annan aðalatvinnuveg landsmanna, til þess að styrkja hinn, tel jeg mjög vanhugsað. Þess vegna finst mjer till. sú, sem hjer er fram komin frá háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), sjerlega óaðgengileg. Með henni er ætlast til, að allur sá ágóði, sem útlit er fyrir að hafist af sölunni, falli óskiftur til landssjóðs, en að engum hluta til þeirra manna, er hafa alla áhættuna af útveginum. (**E. J.**: Áhætta og gróði standast á). Þetta er hrein fjarstæða, því að það er sjáanlegt, að áhættan er ekki samanberandi fyrir landssjóð við þann hagnað, sem útlit er fyrir af sölunni, og þá stenst gróði og áhætta alls ekki á. Við landbændur viljum ekki láta ganga á hluta okkar, eða þola nokkur þvingunarákvæði gagnvart okkar framleiðslu, og þá megum við heldur ekki láta það ásannast, að við svífumst ekki að gera öðrum atvinnuvegi stórskaða. Mun jeg því greiða atkv. móti þessari till.

Það væri þá miklu nær, að hallast að því, sem sendinefndarmenn sjálfir hafa lagt til, að $^1/_4$ gróðans renni í landssjóð. En þar sem nú útlit er fyrir, að á þessu verði talsvert mikill hagur, þá finst mjer, að vjer ættum að geta sætt okkur við, að landssjóður sleppi skaðlaus, og tæki að auki $^1/_5$ gróðans svo að segja á þurru landi. Finst mjer, að við landbúnaðarmenn ættum mjög vel að geta sætt okkur við það.

Annað hefi jeg ekki sjerstaklega að athuga. En viðvíkjandi brtt. á þgskj. 487 virtist mjer háttvirtur þm. S.-Þ. (P. J.) hafa talsvert að athuga. Það kann að vera, að útgerðarmönnum sje það bagalegt, að fá andvirði síldarinnar

ekki fyr en hjer er tekið til. En fari nú svo, að landssjóði verði gert að skyldu, að borga fyr en andvirði síldarinnar er fengið, þá getur landssjóði orðið fullerfitt að borga út miljónirnar. En það skal jeg játa, að líkur eru allar til þess, að síldin verði borguð svo snemma, í það minsta það, sem til Svíþjóðar fer, að útvegsmenn gætu fengið verð hennar að miklu leyti um áramót, og gætu þá borgað bönkunum skuldir þær, er leiða af ársútgerðinni, enda eðlilegt, að þeir verði ekki neyddir til að svara um óþarflega langan tíma vöxtum af þeim skuldum sínum. Held jeg því, að allur sje varinn góður, og mun greiða atkv. með þessari till.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg vil að eins lýsa yfir því, að jeg sje mjer ekki fært að taka brtt. mína aftur. Jeg heyrði nú ekki, hvað háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) sagði gegn henni, en sje hins vegar ekki ástæðu til að endurtaka alt það, sem jeg hefi áður sagt um þetta atriði, bæði í háttv. Ed. og hjer í þessari háttv. deild, og mun því vísa til þess, og leyfi mjer að mælast til, að till. verði samþ.

Matthías Ólafsson: Mjer þykir leitt, að hæstv. fjármálaráðherra vill ekki taka aftur brtt. sína, vegna þess, að jeg tel það afaróaðgengilegt fyrir síldareigendur, að eiga að bíða eftir andvirði síldarinnar fram til 1. júlí næsta ár.

Það virðist ekkert sjerlega erfitt fyrir landsstjórnina, þótt hún þyrfti að hafa lokið að borga út síldarverðið í aprílmánuði. Í janúar verður hún vafalaust búin að fá mikið meir en helming af samningsverði síldarinnar. Skyldi maður þá halda, að í apríl ætti hún að geta int af hendi að minsta kosti $^1/_3$ miljón.

Annars þykir mjer það einkennilegt, að enn þá skuli koma fram nokkur mótmæli móti því, að útvegsmenn fái meiri hluta ágóðans af síldarsölunni. Ef menn þeir, er flytja þær kenningar, trúa því, að landssjóður geti haft nokkurt tjón af þessu, þá myndu þeir vafalaust greiða atkv. með því, að selja þessar 50 þús. tunnur fyrir 10 kr. hverja tunnu, og þá er landssjóður sloppinn. Jeg býst nú við, að útvega mætti þegar kaupanda að 50,000 tunnum á 10 kr. tunnuna og ábyrgjast borgun fyrir aprílok. Jeg álít, að jafnvel þótt ekkert af þessum 50 þús. tunnum seldist út úr landinu, ætti hættan alls engin að vera, því að hjer á landi má vel hagtæra 50 þús. tunnum, bæði til manneldis og skepnufóðurs, þegar verðið þarf ekki að vera hærra en 10—20 kr.

Pjetur Jónsson: Jeg held að jeg þurfi ekki margt að segja, því að ýmsir háttv. þm., sem talað hafa, hafa svarað mörgu fyrir mig. Það var þá aðallega viðvíkjandi brtt. á þgskj 490, sem jeg stóð upp, þar sem farið er fram á, að fella burtu 7. gr. frv., sem þýðir það, að arðurinn skuli allur renna í landssjóð. Það er náttúrlega ekkert á móti því, að till. þessi komi til atkv. En jeg var búinn að færa rök fyrir því, að það er ekki sanngjarnt, þegar þingið ætlar að styðja útgerðarmenn, að vjer jöfnum saman hagnaðarvoninni af síldinni og áhættu þeirri, er landssjóður tekur á sig með frv. Því að eins og jeg hefi ávalt talið það skyldu mína, að stuðla að því að haga svo til, að áhætta landssjóðs verði sem minst eða hverfi, þá hefi jeg þó ekki viljað gera frv. þetta svo áhættulaust fyrir landssjóð, að það komi að engu gagni, og því síður get jeg gengið inn á, að fyrir svo litla áhættu sje tekin sú ok-

urborgun, sem ekki munu finnast dæmi til, ef alt fer að sköpuðu um síldarsöluna. Því að það væri hreint og beint okur, ef landssjóður tæki 50 þús. tunnur fyrir 10 kr. tunnuna, því að síldin er miklu meira virði. Og kemur heldur aldrei til þess vonandi, að hún komist ekki í meira verð, þótt svo að eigendur sitji með hana. Eins er um borgunarskilmálana, að áhættan er svo nauðalítil. Jeg skal benda á, að gert er ráð fyrir, að helmingur síldarinnar, 50 þús. tunnur, sje borgaður fyrir 15. nóvember, $5^1/_2$ milj. kr. af 6 milj., sem samið er um. Og þó að salan gengi stirt, þá ætti þó víst ekki að þurfa nema 6 vikur í viðbót, og væri það þá komið fyrir áramót. Er þá allur hallinn ekki nema $^1/_2$ milj. kr. Munar landssjóð ekki mikið um það, og er þá öllu borgið. En það er óviðurkvæmilegt, er landssjóður er búinn að kaupa síld, að fara að halda verðinu í heilt misseri, úr því að ekki er hægt að segja, að neitt sje í hættu. Jeg hugsa sem svo, að það sje ekki alveg sami örðugleikinn fyrir síldarútvegsmenn, að vera án peninganna, og fyrir landssjóð að útvega þá. Þess vegna verður að ganga að bönkunum. Geti þeir ekki lánað landssjóði, þá geta þeir ekki heldur umliðið skuldunauta sína, og er þá sætt sameiginlegt skipbrot, landssjóðs og landsmanna.

Jeg vil þá að lokum að eins taka það fram, að ef 7. gr. verður feld burtu, þá hljóta auðvitað flutningsmenn málsins í Ed. að taka frv. aftur, því að þeir munu ekki vilja fara að gangast fyrir því, að gera síldarútvegsmönnum beinan skaða.

Sigurður Sigurðsson: Það er að eins örstutt athugasemd út af þeim orðum, sem háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.) ljet falla.

Jeg get lýst yfir því, að jeg hefi ekki, með þeirri brtt. minni um að fella í burtu 7. gr., á nokkurn hátt verið að amast við þessum útvegi, eða vekja strið milli atvinnuvega landsins. Jeg ann síldarútveginum alls góðs, þótt jeg hins vegar geti ekki gengið inn á þá braut, að landssjóður eigi sjerstaklega að fara að hlaupa undir bagga með honum og taka með því meiri eða minni áhættu. En hitt er aftur á móti mitt álit, að rjettmætt væri, að landbúnaðurinn nyti einhvers góðs af ágóðanum, eða hlunninda af þessum útvegi, því að sá útvegur hefir klórað landbúnaðinum fastast um bakið og valdið honum þungra búsifja. Í sambandi við þetta er það öllum ljóst, þeim sem til þekkja, að það væri því ekki nema eðlilegt og fullkomlega rjettmætt, að landbúnaðurinn nyti einhvers góðs af gróða þessa útvegs, annað hvort beinlínis eða óbeinlínis. Jeg tek þetta fram út af því, sem háttv. þm. (St. St.) sagði, en endurtek það um leið, sem jeg sagði áður, að gagnvart málinu í heild sinni er þetta ekkert aðalatriði.

Jörundur Brynjólfsson: Það voru nokkur orð í tilefni af ræðu hv. 1. þm. Árn. (S. S). Hann gat þess, að ekki væri nema sanngjarnt, að landbúnaðurinn hefði dálítið gott af þessum atvinnuvegi. Jeg skal ekki mæla á móti þessu, en hins vegar finst mjer, að maður hefði getað vænst þess, að nú væri ekki sjerstaklega tækifæri til þess, eins og nú er ástatt; mjer er kunnugt um það, að þessi atvinnugrein hefir öðrum fremur gert landbúnaðinum erfitt fyrir, en mjer finst að menn geti nú síst haft það í huga, að baka honum erfiðleika, því að það er ekki helst innlendi síldarútvegurinn, sem hefir gert landbúnaðinum erfiðast fyrir, heldur hinn útlendi. En ef um hreina spurn-

ingu væri að ræða um það, hvort landssjóður ætti að græða á sölunni eða ekki, þú verð jeg að svara því svo, að það væri ekki nema eðlilegt, að hann hefði heldur ágóða heldur en hitt; en upphaflega, þegar málið kom inn á þingið, þá var það tilætlunin að koma í veg fyrir stórtjón meðal hinna smærri útgerðarmanna, og þá var alveg óvíst um síldarsöluna, en nú má svo heita að hún sje alveg áhættulaus. En það var ekki að eins þetta eina atriði sem vakti fyrir nefndinni; hún sá líka aðra kosti við að láta landssjóð kaupa síldina; það fyrst að meira myndi verða aflað af síld í landinu, og það var eftir áliti nefndarinnar alls ekki tilgangslaust, og í öðru lagi var það, að með þessu móti var það miklu auðveldara fyrir landsstjórnina, að hafa nokkrar síldarbirgðir til umráða; getur það haft mikla þýðingu fyrir landbúnaðinn, því að á þann hátt getur hún veitt mönnum miklu hagkvæmari kaup á síld en ella. Nú horfir málið þannig við, að það verður miklu auðveldara að útvega síld og selja hana ódýrara, án þess þó að menn taki meira af gróða síldarútvegsmanna en $^1/_5$, og þykir mjer það nóg, því að jeg vil ekki viðurkenna, að það hafi nokkurn tíma verið tilgangur þingsins að kaupa síld í »spekúlations«-skyni fyrir landssjóð.

Stefán Stefánsson: Það eru að eins örfá orð. Því hefir eiginlega verið svarað af háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.), sem jeg þurfti að svara.

Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) tók það fram, að það væri ekki meining sín, að vilja amast við þessum atvinnuvegi, sjávarútveginum, en það er þó svo, að þessi till. hans getur ekki skoðast á annan hátt, því að hjer er háttv. þm. (S. S.) að taka þann gróða, sem kann að verða á síldarsölunni, beinlinis frá útvegsmönnum. Þetta hlýtur hv. þm. (S. S.) að kannast við.

Þarf jeg svo ekki að tala frekar um það atriði; en þar sem hann var að tala um, að hann vildi ekki láta landssjóð vera að hlaupa undir bagga með þessum útvegi, þá vil jeg benda á, að þetta verður að skiljast á vissan hátt. Hjer er ekki verið að hlaupa undir bagga með öllum útvegsmönnum yfirleitt; þeir sem síst þurfa hjálpar með, myndu hafa getað komið út sínum afla, og sennilega enn meiru, ef þetta frv. hefði ekki komið fram; en það eru hinir fátækari útvegsmenn, sem ekki hafa haft efni á því að kaupa tunnur og salt, heldur orðið að gera samninga við hina ríkari um að kaupa af sjer, — þeir hafa nú, verði þetta að lögum, vissu fyrir því, að þeir samningar geta haldist, sem annars var mjög óvíst um og enda í í mörgum tilfellum óhugsandi.

Það er því nýtt og kynlegt að heyra það, sem háttv. 1. þm. Árn. (S. S) tók fram, að síðari hluti 4. gr. væri sjer mestur þyrnir í augum, því að það er einmitt þessi síðari hluti 4. gr., sem gerir mesta nauðsyn á, að samþ. þetta frv., því að þá er loku skotið fyrir, að hinir efnaðri kaupi síldina mjög lágu verði, eða ekki innan við 20 krónur tunnuna, sem er tiltekið lágmarksverð fyrir nýja síld; af þessu er það sýnilegt, að það eru smærri útvegsmennirnir, sem hjer er verið að vernda frá óhæfilega miklu verðfalli á þeirra framleiðslu. Þetta verður háttv. þm. (S. S.) að kannast við, að frv. veitir þeim mönnum hjálp, sem helst þurfa hennar með, en gerir hinum stærri síldarútvegsmönnum allmiklu erfiðara fyrir með að geta grætt á þeim smærri óhæfilega.

Einar Jónsson: Jeg skal efna það öðrum betur, sem lofað hafa að vera

stuttorðir, en efna það þó ekki. Það er alls ekki rjett að vera hjer að blanda saman landbúnaði og sjávarútveg, því að það er, eins og jeg tók fram í gær, ekki nokkurt orð í frv. um það að landbúnaðurinn geti notið góðs af því.

Háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) var að tala um, að hjer væri verið að gera tilraun til þess að láta landbúnaðinn græða á síldarútveginum. (**J. B.:** Nei, nei, jeg sagði það ekki). Jeg sje ekki heldur hvernig því yrði fram komið. Síldarútvegsmenn hafa í fyrstu leitað hjálpar landssjóðs, en nú eru þeir svo stífsinnaðir, að þeir vilja ekkert með þetta frv. hafa, vegna þess að nú lítur betur út með síldarsöluna. En þótt stjórnin sjái sjer kann ske fært að styrkja þetta málefni eitthvað, þá sje jeg ekki að það komi landbúnaðinum neitt við.

Það er alt af verið að minna mig á, að það komi fram á næsta málinu, sem er á dagskránni, en þar til er því að svara, að þetta mál kemur til atkvæðagreiðslu alveg óháð hinu málinu, og auk þess getur vel farið svo, að þetta frv. verð samþykt, en till. feld, og því á ekkert að vera að bendla þessi tvö mál saman.

Jeg lofaði að hafa það ekki eins og hinir, sem talað hafa, að lofa að vera stuttorður, en efna það ekki, og ætla því að hætta. (**Einhver þm.:** Þetta er líka meira en nóg).

ATKVGR.

Brtt. 487. samþ. með 13 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. J., B. K., B. St., E. J., J. J., J. M., M. G., P. O., S. S., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Ó. B.

nei: Þór. J., E. Árna., G. Sv., H. K., J. B, M. P., M. Ó., P. J., P. Þ., S. St.

Þrír þm. (B. Sv., E. Á., Þorst. J.) fjarstaddir.

Brtt. 490. feld með 19 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. Sv., M. G., P. O., S. S.

nei: E. Arna., E. J., H. K., J. J., J. M., J. B., M. P., M. Ó, P. J., P. Þ., S. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þór. J., B. J., B. K., B. St., E. A., Ó. B.

Þrír þm. (Þorst. J., B. Sv., E. A.) fjarstaddir.

Brtt. 485. samþ. án atkvgr.

Frv., svo breytt, samþ. með 20 : 2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: P. J., P. O., P. Þ., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þór. J., B. J., B. K., B. St., E. Árna, E. J., G. Sv., H. K., J. J., J. B., M. G., M. P., M. Ó.

nei: S. S., Ó. B.

Fjórir þm. (Þorst. J., B. Sv., E. Árna., J. M.) fjarstaddir.

Frv. endursent Ed.

Á 64. fundi í Ed., föstudaginn 12. júlí, var útbýtt

Frumvarpi til laga um kaup landsstjórnarinnar á síld,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 498).

Á 65. fundi í Ed., laugardaginn 13. júlí, var frv. tekið til einnar umr. (A. 498, 504).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Ed., mánudaginn 15. júlí, var frv. aftur tekið til einnar umr.

Frsm. (Guðjón Guðlaugsson): Bjargráðanefnd hefir ekki haldið fund með sjer að þessu sinni til þess að athuga frv., og ætlar sjer enga ályktun að gera í málinu. Því er það vitalaust af henni, þó að málið væri nú tekið á dagskrá. Þetta er þó ekki svo að skilja, að allir nefndarmenn sjeu sammála; því mun víst ekki að fagna, og hafa þeir óbundin atkvæði sín.

Háttv. Nd. hefir gert breytingu á 6. gr. Var sú breyting gerð eftir ósk og flutningi hæstv. fjármálaráðherra. Var það sama tillagan og hann bar fram hjer í deildinni. Við flutningsmenn frv. álítum þessa breytingu þýðingarlausa og ekki rjettmæta, en fyrst nú svona er komið, viljum við ekki gera ágreining út úr svona aukaatriðum. Við viljum þvert á móti gera andstæðingum okkar í þessu máli sáttatilboð, en tilboðið er í því fólgið, að þeir haldi ekki fram neinum brtt. fyrst við gerum það ekki. Við viljum helst að frv. verði samþykt óbreytt eins og það nú er, svo að það lendi ekki í hrakningi milli deildanna. Við vildum því óska, að hv. flutningsmenn brtt. á þgskj. 504 tækju hana aftur. Málinu getur verið hætta búin af því, ef gerð væri einhver breyting. Það er þess vegna sem jeg legg áherslu á, að brtt. þessi nái ekki samþykki, en ekki af því, að till. sje svo efnismikil. Það skiftir í sjálfu sjer litlu máli, efnisins vegna, hvort hún verður samþykt eða ekki. Jeg hjelt, satt að segja, að guð almáttugur hafi haft meira í huga en svo, er hann skóp þá háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) og háttv. þm. Snæf. (H. St.), og jafnvel 5. landsk. þm. (H. Sn.), að þeir gætu verið þektir fyrir að koma með svona smávægilegar brtt.

Vona jeg að háttv. deild líti eins á þetta mál og jeg, og geri engar óþarfabreytingar á frv.

Halldór Steinsson: Jeg hefi ásamt fleirum gert lítilfjörlega breytingu við frv., og þarf því ekki að vera langorður. Málið horfir nú alt öðru vísi við en þegar það var afgreitt til Nd. Þá var engin vissa fengin um sölu á síld til Svíþjóðar. Jeg greiddi því atkvæði á móti frv. þá. En nú er vís sala á 50 þús. tunnum með góðu verði. Er því áhættan ekki meiri en svo nú, að vel er gerlegt að samþykkja frv. En nokkur áhætta er enn ekki útilokuð; þess vegna á ekki heldur að útiloka nokkurn hag af kaupunum. Þess vegna höfum við komið með brtt. á þgskj. 504. Hefði jeg að sönnu heldur kosið, að hálfur hagnaðurinn lenti hjá landssjóði, en til samkomulags var sett á till. $^1/_4$ hluti. Mun það líklegra til þess að ganga fram. Annars gerum við flutningsmenn brtt. þessa ekki að verulegu kappsmáli.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg vildi vekja athygli á því, að varasamt kynni að vera að afgreiða þetta mál fyr en alt er óhagganlega víst um þær 50 þús. tunnur, sem áætlað er að selja til Svíþjóðar. Það er að vísu búið að gera samninga við Svía um kaup á síldinni, en innflutningsleyfi er enn ekki fengið frá sænsku stjórninni. Þó má telja mjög líklegt, að það fáist. Jeg vildi skjóta þessari athugasemd til hv. deildar, án þess að jeg þó óski, að málið verði tekið út af dagskrá.

Fjármálaráðherra (S. E.): Eins og háttv. þm. er kunnugt, þá hefi jeg lagt mikla áherslu á, að allir borgunarfrestir á síldinni væru hafðir nógu langir, og jeg lagði svo mikla áherslu á þetta, að jeg greiddi atkv. á móti frv. hjer í háttv. deild, vegna þess að brtt. frá mjer um þetta var feld. Nú hefir

háttv. Nd. gert þá breytingu á frv., sem jeg óskaði um þetta, og nefndin í þessari háttv. deild eða flm. frv. hafa ekki borið fram neina brtt. um þetta atriði, svo að við því verður ekki haggað. Jeg get því af þessu, og með skírskotun til upplýsinga þeirra, er jeg gaf á einkafundi hjer í deildinni fyrir nokkrum dögum, greitt atkv. með frv.

Magnús Kristjánsson: Jeg bjóst við, að jeg gæti komist hjá því, að taka þátt í þessari umr., en jeg get ekki leitt hjá mjer bendingu þá, er hæstv. atvinnumálaráðherra var að gefa. Bendingu þessa verð jeg að telja alsendis óþarfa, því að ef menn gera sjer nokkurt far um að athuga málið gaumgæfilega, verður ekki annað sjeð en að síldarsölunni til Svía sje ráðið til lykta. Það liggur fyrir ákveðið tilboð um síldarkaupin frá matvælaráðuneyti Svía. Það getur verið, að það heiti eitthvað annað, en tilboðið er frá nefnd þeirri, sem stjórnin hefir sett til þess að sjá landinu fyrir nægum forða. Og þetta ákveðna tilboð þeirra hlýtur að vera skoðað sem jafnbindandi þótt það hafi ekki verið formlega samþykt af sænsku stjórninni, enda vitum við að stjórnvaldaleiðin er oft seinfær, og þeir geta litið svo á, að það hafi enga þýðingu, hvort hið formlega samþykki er afgreitt degi fyr eða síðar, og vel getur verið, að því sje fullnægt nú, þótt skeytið sje ókomið hingað.

Það er því tilgangslaust að vera að tala um að fresta málinu nú; það er nægilegt tjón, er hefir þegar hlotist af því, hversu drátturinn er orðinn langur. Það er kunnugt, að mikið af skipum og bátum bíður með að fara á veiðar þar til sjeð verður um forlög frv., og eins er það með kaup á síld og ráðning verkafólks, að ekki er neitt að því verulega gert fyr en sjeð verður, hvort frv. verður samþykt eða felt. Það er því fjárhagstjón að því að draga frv. frekar, og vex tjónið með degi hverjum. Það er líka orðið svo lítið eftir af þingtímanum, að það virðist ekki vera neinn tími til frestunar, ef málið á að ná fram að ganga. Það getur því ekki náð nokkurri átt að taka frv. út af dagskrá.

Mjer væri það kærast, og mjer finst það væri samboðnast háttv. Ed., að frv. væri samþykt með öllum atkvæðum, úr því að háttv. Nd. hefir átt því láni að fagna, að geta myndað sjer rjetta skoðun á málinu.

Mjer væri það næst skapi að greiða brtt. þeirri atkvæði, sem fram hefir verið borin. Frv. var og svo í öndverðu, sem brtt. gerir ráð fyrir. En þar sem mismunurinn er mjög lítill, þá getur það ekki skift neinu máli hvort brtt. nær fram að ganga eða ekki, en hins vegar tjón mikið dag hvern, sem málið dregst, þá mun jeg greiða atkv með því óbreyttu.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg vil að eins geta þess, út af ummælum háttv. þm. Ak. (M. K.), að jeg skýrði að eins frá þessu, vegna þess að jeg taldi það skyldu mína. Jeg kom ekki fram með nokkur tilmæli um að taka málið út af dagskrá.

Eggert Pálsson: Jeg hygg, að fleirum en mjer hafi komið að óvörum yfirlýsing sú, er hæstv. atvinnumálaráðherra gaf, um að ekki sje komin enn formleg samþykt frá Svíum um síldarkaup þeirra. Jeg hygg, að allir, nema ef vera kynni bjargráðanefnd, hafi talið, að alt viðvíkjandi þessari síldarsölu væri klappað og klárt, en af yfirlýsingu hæstv. atvinnumálaráðherra er það sýnt, að svo er ekki, og áhættan er því meiri en ráð hefir verið gert fyrir. Það er því meiri ástæða nú en var þegar

brtt. var samin, til þess að samþykkja hana, því að þá getur landssjóður fengið ofboð lítið meira fyrir áhættu sína.

Mjer skilst einnig, að samþykt á brtt. leiði til þess, að frv. verði ekki flaustraað eins af, og má ske ekki samþykt fyr en full vissa er komin um söluna. Munurinn, sem hjer er um að ræða, er svo lítill, að það er engin ástæða til þess að álíta, að háttv. Nd. fari að gera hann að ágreiningi, því að eftir brtt. eiga útgerðarmenn að fá $^3/_4$ af ágóðanum, en eftir till. háttv. Nd. $^4/_5$; munurinn er ekki nema $^1/_{20}$. Flutningsmenn frv. segja, að þetta muni litlu fyrir landssjóð. Satt er það, en eins og það munar litlu fyrir landssjóðinn, eins munar það litlu fyrir útgerðarmenn; það sjá allir, og í þessu sambandi verður að gæta þess, að með þessu er verið að afhenda fje til útgerðarmanna, sem flestir eru meira eða minna efnaðir; þótt nokkrir geti verið fátækir í þeim hóp, þá vitum við, að þar eru og þeir menn, sem eru sterkefnaðir og orð leikur á að sjeu orðnir miljónamæringar. Það hefir ekki heldur verið gengið hart eftir framlögum til hins opinbera af þeim, sem grætt hafa síðustu árin, og minna á þá lagt en annarsstaðar, t. d. munu Danir leggja á þá um 50%. Er það allólíkt, þar sem við látum þá sigla sinn sjó í næði, tökum á okkur áhættuna fyrir þá, en látum þá hirða gróðann.

Jeg sje því ekki ástæðu til annars en að brtt. verði samþykt, enda er hún í fullu samræmi við fyrstu till. háttv. fim. hjer í háttv. deild.

ATKVGR.

Brtt. 504. a. og b. feld með 7:5 atkv.

Frv. samþ. með 11:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: K. E., K. D., M. K., M. T., S. E., S. J., S. F., G. G., H. St., Jóh. Jóh., G. B.

nei: E. P., G. Ó., H. Sn.

Frv. afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 510).

25. Dýrtíðaruppbót embættismanna.

Á 62. fundi í Ed., fimtudaginn 11. júlí, kl. 6 síðdegis, var útbýtt

Frumvarpi til laga um dýrtíðaruppbót handa embættis- og sýslunarmönnum landssjóðs (A. 478).

Á sama fundi í Ed. var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Frsm. (Eggert Pálsson): Jeg hefi í síðustu ræðu minni, um breyting á launum lækna, vikið nokkuð að þessu frv., sem eðlilegt er, því að það er svo náið samband á milli þeirra, eins og jeg hefi þegar tekið fram.

Jeg vænti, að háttv. þm. sjái, er þeir athuga málið, að nefndin hefir viljað finna varanlegan grundvöll fyrir þetta mál.

Nefndin lítur svo á, að ef verið er að smábæta launin hjá einum flokki í þetta sinn og öðrum næst, þá verði það alt af meira eða minna kák og ósamræmi. Af því leiðir líka, að alt af yrði að vera að fjalla um launabætur á hverju einasta þingi, er saman kæmi, svo að segja í það óendanlega.

Ef teknir væru einstakir embættismenn og bætt launakjör þeirra, eins og háttv. Nd. gerir, þá yrði strax eða á

næstunni, að bæta við launin hjá fleirum. Þetta yrði því aldrei annað en kákið einbert. Ef bæta á til fullnustu og ákveða launakjör embættismanna til langframa, þá verður að taka alt launamálið fyrir, en það væri mjög óheppilegt, að svo væri gert á þessum tímum, eins og það er sjálfsagt, að svo verði gert, þegar viðskiftalífið kemst í rjettar skorður aftur.

Eins og málið horfir nú við, er því ekki um annan grundvöll en núverandi laun að ræða. Það verður að líta svo á, sem þau sjeu rjett og eðlileg hlutföll milli þeirra. Af þessum launum verður að veita skynsamlega uppbót, einkum þeim er lægri launin hafa, því að þeir verða þó að geta lifað, en jafnframt þó þeim líka eitthvað frekari, er hærri launin hafa, þar eð störf þeirra verða að teljast vandasamari og þýðingarmeiri, og til þeirra þarf oftast meiri undirbúning. Og þessu hefir nefndin talið að hún næði best með þeirri procentuuppbót af launum, er lagt er til í frv. þessu að greiða skuli.

Eins og menn sjá, þá hefir nefndin gengið fram hjá ýmsum smáatriðum, sem vorn í síðustu og núverandi dýrtíðarlögum. Hjer er t. d. slept ákvæðinu um afgjald af prestssetrum. Nefndin taldi enga þörf á að halda því ákvæði. Því að eftir grundvelli frv. getur það aldrei munað miklu, hvort það stendur eða ekki, en hins vegar eru lögin handhægri á allan hátt með því að fella það niður, kosta minni skriftir og fyrirhöfn.

Annað atriði, sem nefndin gekk fram hjá, er ákvæðið um einhleypinga, sem ekki hafa dúk og disk. Nefndin lítur svo á, að landssjóður geti ekki tekið til greina ástæður verkamanna sinna, hvort þeir sjeu ríkir eða fátækir, giftir eða ógiftir. Kaup þeirra á að miðast við verk þeirra, og við vitum, að þeirri reglu fylgja allir atvinnuveitendur landsins. Hvaða útgerðarmaður t. d. spyr háseta, sem hann ræður til sín, hvort hann sje giftur eða ógiftur, með tilliti til kaupgjaldsins? Það gerir vitanlega enginn. Og hví skyldi þá landssjóður frekar gera það? Auk þess ber að líta á það, að ýmsir einhleypir menn eru ekkert betur staddir í fjárhagslegum efnum en þeir, sem giftir eru. Það kemur oft fyrir, að bæði hjónin vinna sjer beinlínis inn fje. Hugsanlegt er t. d. að maðurinn sje í þjónustu landsins en konan aftur á móti í vinnu hjá öðrum, þar sem hún hefir eins mikil laun eða meiri en maðurinn. Þegar svo er ástatt, ætlast gildandi dýrtíðarlög til þess að maðurinn fái uppbót. Og er þó sýnilegt, að hann hefir hennar ekki frekari þörf, heldur jafnvel miklu síður en hinn ógifti.

Það er því bert, að það er ekkert rjettlæti í því, að gera þennan mismun og yfirhöfuð rangt að hafa þann hugsunarhátt, að konan sje ómagi mannsins. Þeim hugsunarhætti á að útrýma, en ekki ala.

Það liggur í augum uppi, og er tekið fram í greinargerðinni, að frv. eykur útgjöld landssjóðs að nokkru. Útgjöld landssjóðs munu vaxa kringum 50,000 kr. frá frv. háttv. Nd., en þar við er það að athuga, að þessi upphæð fer aðallega til þess að bæta kjör þeirra, sem minst hafa launin, og er það óneitanlega rjett.

Vitanlega græða prestar landsins talsvert á þessari breytingu, og jeg gæti hugsað, að margir líti svo á, sem það væri einn af aðalkostunum á frv. í minum augum. Kost tel jeg þetta að vísu, skoða það með öllu óforsvaranlegt, að fara með þá stjett eins og frv. háttv. Nd. gerir ráð fyrir. Jeg álít, að fyrst þjóðin vill hafa þessa stjett, þá sje líka sjálfsagt að launa þeim, er hana skipa sæmilega og sanngjarnlega, en hitt sje

með öllu ósamboðið sóma þings og þjóðar, að láta þá sitja við sveltilaun þau, er þeir eiga nú að búa við. Persónulega er mjer sama um frv. þetta, þar eð jeg er á því þurra, að því er launin snertir. Jeg er sem sje einn af þeim fáu hepnismönnum meðal prestastjettarinnar, að vera undir gömlu launalögunum, svo að uppbót þessi nær að litlu leyti til mín. Hvort jeg fæ 60% eða 40% uppbót á þær 600 kr., sem mjer ber úr prestslaunasjóði sem nefskattur, get jeg látið mjer algerlega á sama standa. Það hygg jeg að allir sjái.

Hitt játa jeg, að mjer sje skylt, og jeg álít, að öllum þingmönnum sje skylt, að hlynna það mikið að prestum, að þeir sjeu ekki sveltir, eins og segja má að nú sje.

Jeg get nefnt dæmi, til þess að sýna, hve hörmuleg laun þessarar stjettar eru Nýr prestur tekur við brauði. Laun hans, eins og annara nýrra presta, eru 1300 kr. Nú þarf þessi prestur að fá sjer vinnumann og getur alls ekki fengið hann fyrir minna en 500—600 kr. á ári og alt frítt, með öðrum orðum, hann verður að greiða vinnumanninum meiri laun en þessar 1300 kr., sem landið fær honum til þess að lifa af. Og þegar þess er gætt, að lausamenn, sem eru vel vinnandi, hafa fast að 2000 kr. um árið, þá get jeg ekki skilið, að nokkrum manni vaxi í augum þessi hækkun, sem hjer er farið fram á, á launum prestanna.

Þessi hækkun mundi nema alls um 20—30 þús. kr. Barnakennararnir koma næst með um 16 þús. kr. alls. Þriðji liðurinn er uppgjafafólk. Hækkunin hjá því mundi nema um 10 þús. kr. Af öllu þessu er bert, að hækkunin kemur helst niður á þeim, sem hafa mesta þörfina fyrir hana, og skil jeg ekki annað en allir rjettsýnir menn telji að vel fari á því. Þá eru næst sýslumennirnir með um 9 þús. kr. hækkun alls. Að vísu er vert að geta þess, að ekki hafði verið farið fram á að hækka laun þeirra í frv. Nd., en hins vegar mun hafa verið gert ráð fyrir því, að sú hækkun hefði komist inn í frv. hjer í deildinni. Þótt hún hefði ekki verið gerð í þetta sinn, þá mundi næsta þing hafa hækkað laun þeirra. Yfir höfuð mundi næsta þing ekki geta látið staðar numið við þær umbætur, sem háttv. Nd. hefir lagt til að gerðar væru í þessum efnum, og jafn vel ekki þótt þessi deild hefði bætt einhverjum fleiri nú inn á listann, sem við búið er að hún hefði gert.

Við nefndarmenn könnumst fullkomlega við, að þetta starf vort sje erfitt, að því fylgi meiri vandi en vegsemd, en við teljum oss hafa reynt að leggja sem rjettlátastan grundvöll í þessu máli og unnið að því með fullri samviskusemi.

Jeg þykist svo hafa skýrt aðaldrættina í frv. og vona að háttv. deild sjái hvað fyrir okkur nefndarmönnum hefir vakað og að háttv. deildarmenn sýni með atkv. sínum, að samviskusamlega og sannsýnilega hafi verið að verki gengið, af okkar hálfu, að því er þetta vandamál snertir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., föstudaginn 12. júlí, kl. 1 miðdegis, var frv. tekið til 2. umr. (A. 478, 491).

Of skamt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ.

Frsm. (Eggert Pálsson): Að svo vöxnu máli hefi jeg ekkert frekar um frv. að segja, annað en það, sem jeg sagði í gær. Að eins vil jeg geta þess, að brtt. á þgskj. 491, sem fram er komin frá fjárveitinganefnd, er ekki efnisbreyting, heldur að eins formsbreyting til þess að fyrirbyggja, að 2. gr. frv. verði misskilin. Hinsvegar vildi jeg skjóta því til hæstv. forseta, hvort hann vildi ekki láta bíða atkvgr. um þessa brtt. til 3. umr., með því að jeg veit, að fleiri brtt. eru á leiðinni.

Forseti: Samkvæmt tilmælum hv. frsm. fresta jeg atkvgr. um brtt. 491. til 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

2.—7. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Ed., sama dag, kl. 8 síðdegis, var frv. tekið til 3. umr. (A. 478, 491, 494, 499).

Of skamt var liðið frá 2. umr. og frá útbýtingu brtt. 494. — Afbrigði leyfð og samþ.

Frsm. (Eggert Pálsson): Um mál þetta í heild sinni er víst ekki þörf að fara fleiri orðum; en það voru brtt. þær, sem fram hafa komið, sem jeg vildi minnast á.

Það eru þá fyrst brtt. á þgskj. 494, en um þær er það að segja, að nefndin getur fallist á sumar þeirra, og mun hins vegar ekki gera neinar þeirra að kappsmáli.

Brtt. 1. c. er tekin upp úr eldri dýrtíðarlögum. Er þar farið fram á, að draga frá af dýrtíðaruppbót presta, er búa á kirkjugörðum, það sem nemur dýrtíðaruppbót af afgjaldinu og mun fjárveitinganefndin geta gefið brtt. þessari samþykki sitt. En mjer og fjárveitinganefndinni til afsökunar vil jeg geta þess, að ástæðan fyrir því, að hún feldi þetta niður, var sú, að henni fanst hjer um lítilræði eitt að ræða.

Afgjald af kirkjujörðum nemur alls 10269 kr., og dýrtíðaruppbót af því mundi því ekki nema meiru en um 3000 kr., þar sem þessi upphæð fjelli undir annað þúsundið.

En nefndin mun, eins og jeg hefi sagt, ekki gera þetta að neinu kappsmáli, og sama er að segja um hinar brtt. undir sama tölulið.

Um tölulið 2. er það að segja, að fjárveitinganefndin getur fallist á hann að efni til og hefir leyft sjer að koma með brtt. á þgskj. 499, sem fer í sömu átt.

Um brtt. 3. eru atkv. fjárveitinganefndar óbundin, og þýðir því ekki fyrir mig að lýsa því, hvernig einstakir nefndarmenn líta á hana; munu þeir sýna það með atkv. sínu.

Jeg hefi því ekki meira um málið að segja að svo stöddu.

Sigurjón Friðjónsson: Það er ekki margt, sem segja þarf um þessar brtt. okkar á þgskj 494.

Brtt. 1. a. stendur í sambandi við c. undir sama tölulið, og er nokkurs konar afleiðing þar af.

Stafliður b. er til þess að taka það skýrt fram, að styrktarfje og eftirlaun, sem dýrtíðaruppbót veitist af, sje eingöngu það, sem um getur í 18. gr. fjárlaganna. Mun það líka hafa verið tilætlun fjárveitinganefndar, og að eins af ógáti að hún tók það ekki fram.

C-liðurinn gengur út á það, að prest-

ar fái ekki dýrtíðaruppbót af þeim hluta launa sinna, sem þeir taka á afgjaldi af kirkjujörðum.

Við lítum svo á, að afgjald jarða hafi hækkað í verði við dýrtíðina, og því beri ekki að veita neina uppbót af því.

B-liður brtt. stendur svo í sambandi við þetta og leiðir það af sjálfu sjer, að það ákvæði, sem þar er á minst, falli niður.

Viðvíkjandi niðurfærslunni á dýrtíðaruppbót af aukatekjum lækna skal jeg geta þess, að yfir höfuð er jeg mótfallinn allri dýrtíðaruppbót af þeim.

Eins og kunnugt er, hagar svo til í ýmsum hjeruðum landsins, að aukatekjur eru litlar, og er það helst í þeim hjeruðum, þar sem erfiðast er að fá lækna, og því mest þörfin á að bæta kjörin. En samkvæmt þessu frv. fá læknar þar minni uppbót, en hinir meiri, sem síður hafa hennar þörf. Auk þess mundi dýrtíðaruppbót þessi freista til þess, að telja aukatekjurnar í rífara lagi.

Jeg hefði því heldur kosið, að föstu launin hefðu verið færð upp, en til samkomulags höfum við þó gengið inn á þennan miðlunarveg.

En nú hefir háttv. fjárveitinganefnd tekið þessa till. okkar upp, og væri því eðlilegast að við tækjum hana aftur.

Þá er 3. brtt., og er hún gerð til sparnaðar, með tilliti til þess, að víst er að sumum mun þykja hjer alllangt gengið í því, að auka útgjöld landsins. En við lækkun þessa, sem farið er fram á í brtt., sparast fullar 20,000 kr., og þegar þess er gætt, að sú lækkun kemur jafnt niður á allar stjettir, þótt hún komi misjafnt niður á einstaklingana, þá ætti hún ekki að þurfa að vekja neina óánægju.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg hefi verið með í því, að skrifa undir brtt á þgskj. 494, en jeg þarf fáu við það að bæta, sem fyrri háttv. flm. (S. F.) tók fram, og það því síður, sem háttv. fjárveitinganefnd hefir tekið brtt. þessum vel.

En það var eitt, sem jeg hafði við ræðu háttv. frsm. (E. P.) að athuga.

Hann sagði um staflið c. í 1. brtt. á þgskj. 494, að nefndin hefði haft sjer það til afsökunar fyrir að taka ekki ákvæðið upp, að hjer væri um svo lítið að ræða, að dýrtíðaruppbót af því mundi ekki verða meira en 3000 kr.

En jeg er sannfærður um, að hjer er um allmikla villu að ræða, sem að líkindum stafar af því, að nefndin hefir ekki haft rjett gögn í höndum.

Eftir upplýsingum, sem jeg hefi fengið, skal jeg benda á að eins tvö prestssetur, Árnes, þar sem afgjaldið er 800 kr, og Kollafjarðarnes, þar sem afgjaldið er 400 kr.

Af þessum upphæðum einum mundu veittar 360 kr. í dýrtíðaruppbót. Það hlýtur því eftir mínu áliti að vera fjarstæða, að dýrtíðaruppbót af launahæð, sem svarar slíkum afgjöldum á öllu landinu, fari ekki fram úr 3000 kr.

Auk þessa ber þess að gæta, að eftir því, sem stendur síðast í 1. gr. frv., að ef embættismanni er lagt til jarðnæði, húsnæði eða önnur fríðindi sem hluti af launum, skuli það metið til peninga og teljast með til launa hans; er hjer þá um stórbreytingu að ræða, frá því sem var í fyrra. Því var ekki að eins, að engin dýrtíðaruppbót væri veitt af jarðarafgjöldum, heldur var einnig dregið frá dýrtíðaruppbótinni á launin úr landssjóði og söknargjöldin, sem svara 40% af jarðarafgjaldinu.

Hjer er því um stórkostlega breytingu að ræða, ef brtt. okkar nær ekki fram að ganga.

Og jeg verð að líta svo á, að nefndin hafi haft óábyggileg skjöl í höndum, ef henni telst svo til, að sparnaðurinn

við þessa breytingu fari ekki fram úr 3000 kr.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um málið.

Kristinn Daníelsson: Jeg ljet það á mjer skilja við 2. umr., að naumur tími væri til þess að gera athuganir og ýmsa útreikninga, sem nauðsynlegir eru til þess, að geta tekið afstöðu til þessa máls, sem verið hefir miklum breytingum undirorpið hjer í þinginu.

En þetta er mikilsvert mál, og má sjá það af því, að jeg hefi hjer fyrir framan mig tvo stóra pakka af skjölum, sem öll fjalla um þetta eina mál.

En það var sjerstaklega ein fyrirspurn, sem jeg vildi leyfa mjer að leggja fyrir háttv. fjárveitinganefnd. Það var hvort hún hefði grenslast eftir því, hverjum undirtektum þetta nýja frv. muni sæta í Nd.

Því að enda þótt til hjer sjeu þeir menn, sem ekki álíta svo vandgert við starfsmenn landsins, að það geri þá neitt til, þótt mál þetta fjelli niður með öllu, þá vona jeg samt, að þeir sjeu færri, sem svo hugsa.

Og jeg fyrir mitt leyti vil styðja að því, að frv. verði samþ., svo framarlega sem von er um góðar undirtektir í Nd.

Annað finst mjer ekki hæfa en gengið sje að því með alvöru, úr því að málið hefir nú verið dregið svo í gegnum alt þingið.

Jeg hefi ekki getað kynt mjer einstök atriði málsins sem skyldi, en jeg vil þó taka undir með háttv. sessunaut mínum (S. F.), að jeg hefði heldur kosið, að laun læknanna væru hækkuð en þeim sje veitt dýrtíðaruppbót á aukatekjurnar. Getur það oft verið vandasamt að reikna út, hve miklar þær eru, og sjest það meðal annars á áliti launanefndarinnar, sem hafði skýrslur frá læknum um aukatekjur þeirra, hve misjafnir þeir reikningar verða, enda er það eðlilegt, því að mönnum getur vel blandast hugur um, hve mikið þeir eigi að reikna sjer í »netto«- eða »brutto«-tekjur.

Auk þess hefi jeg altaf álitið að rjettara væri, að launa læknunum sómasamlega, en hafa heldur hóflegan taxta á borgun fyrir læknisverk.

En mál þetta er mjer að sumu leyti of nákomið til þess, að jeg geti farið langt út í það. Á jeg sjerstaklega við, að með þessu er lítil bót unnin á kjörum embættismanna þeirra, sem var fyrsta tilefnið til, að mál þetta var borið upp á þingi, og viðurkent hefir verið, að hafi átt við misrjetti að búa.

En eins og jeg hefi áður sagt, þá tel jeg það mikils virði, að eitthvað sje vitað um forlög frv. í Nd. áður en því væri ráðið til lykta hjer.

Frsm. (Eggert Pálsson): Háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) hjelt því fram, að fjárveitinganefndin hefði farið eftir skökkum útreikningum, að því er snertir afgjald prestssetranna. Jeg skal að vísu enga ábyrgð á þeim reikningum taka, því að jeg hefi ekki sjálfur gert þá. En nefndin hefir fengið til þess ábyggilegan mann, og hefir hann farið eftir skýrslum þeim, sem dýrtíðaruppbótin hefir verið reiknuð eftir.

Og tölurnar hefi jeg hjer fyrir framan mig með mannsins eigin hendi, öllum til sýnis, svo að augljóst er, að ekki hefi jeg gert reikningana, nje heldur hefi ranghermt nokkuð í framsögu minni. Sje um misreikning að ræða, þá er hann að kenna manni þeim, sem fjárveitinganefndin hefir falið starfið, en því trúi jeg illa, og hygg ekki heldur, að háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) mundi trúa því, ef hann vissi, hver maðurinn er.

Þá spurði háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.), hvort nefndin vissi, hvern byr málið muni fá í Nd. Jeg lít nú svo á, að ekki sje hægt fyrir einn þm. eða nefnd að svara því, allra síst þegar tími er svo naumur, sem nú er.

En jeg veit þó, að margir háttv. þm. þar eru með frv. þessu, en aftur veit jeg um aðra, sem eru móti því. En til þess að vita fyllilega, hversu margir eru hvorir um sig, þyrfti að fara í könnunarferð, en til þess er enginn tími.

Jeg lít líka svo á, að engum háttv. þm. sæmi það hringl, að fara eftir því, hvernig aðrir líta á málið. Maður á fyrst og fremst að fara eftir sinni eigin skoðun og sannfæringu, en ekki annara.

Það er heldur ekkert einsdæmi, þótt önnur deildin samþykki frv. án þess að vita, hvað hinni líður. Háttv. Nd. hefir svo oft samþ. frv. án þess að spyrja Ed. álits.

En þar sem nú, eins og jeg hefi áður tekið fram, fjárveitinganefndin taldi frv. frá Nd. með öllu ófært, þá varð hún annaðhvort að leggja árar í bát eða koma með nýtt frv. í líkingu við þetta.

Kristinn Daníelsson: Jeg vil þakka háttv. frsm. (E. P.) fyrir svarið, því að svar var það, þótt það væri ófullnægjandi. Frsm. (E. P.) sagði, að tíminn væri orðinn svo stuttur, að ómögulegt hefði verið fyrir nefndina að grafast fyrir um, hvaða byr málið mundi fá í Nd., en einmitt vegna þess, hve tíminn var stuttur, var þörf á slíkum upplýsingum, um leið og ráðist var í að koma með nýtt frv., því að málinu tel jeg ekki rjett að stofna í hættu, þótt með þörfum brtt. væri. Frsm. (E. P.) gat þess og, að það dygði ekki að spyrja eingöngu um álit hinnar deildarinnar. Það er að vísu satt í sjálfu sjer, en oft þarf þó að taka nokkurt tillit til þess líka, einkum þegar svona er liðið á þingið og komið í eindaga. Þingmenn þurfa oft að slá af till. sínum til að koma þeim fram, og er það rjett farið að, því að betri er hálfur skaði en allur. Annars vil jeg minna á, að þótt Nd. felli þetta frv., sem komið hefir fram hjer í deildinni, þá er til annað frv. um sama mál, er liggur fyrir þessari deild, og má þá taka það upp og afgreiða.

Forseti: Jeg vil vekja athygli á því, að til er annað frv., eins og háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.) nefndi, afgreitt frá háttv. Nd., sem liggur fyrir þessari háttv. deild, og mun jeg að sjálfsögðu taka það á dagskrá, ef þetta frv. fellur í neðri deild.

ATKVGR.

Brtt. 494, I. a.—d. samþ. með 12 shlj. atkv.
— 491. samþ. með 11 shlj. atkv.
— 499. — — 10 — —
— 494, II. tekin aftur.
— 494, III. samþ. með 11 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9:2 atkv. og afgr. til Nd.

Á 70. fundi í Nd., laugardaginn 13. júlí, kl. 1 miðdegis, var útbýtt

Frumvarpi til laga um dýrtíðaruppbót handa embættis- og sýslunarmönnum landsjóðs,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 503).

Á sama fundi í Nd. var frv. tekið til 1. umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: P. J., P. Þ., S. St., St. St., Sv. Ó., B. K., B. St., E. A., G. Sv., J. B., M. P., Ó. B.

nei: P. O., Þorl. J., Þór. J., B. Sv., E. J., H. K., J. J., M. G., M. Ó.

Fimm þm. (B. J., E. A., J. M., S. S., Þorst. J.) fjarstaddir.

Frv. vísað til fjárveitinganefndar (sjá A. bls. 538) með 11 shlj. atkv.

Á 71. fundi í Nd., mánudaginn 15. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 503, 506, 507, 509).

Afbrigði leyfð og samþ. með 15 : 3 atkv. um brtt. 506 og 507, er of seint voru fram komnar.

Pjetur Jónsson: Það virðist svo, sem þetta frv. eigi fáa formælendur hjer í deildinni, því að ekki lítur út fyrir, að neinn ætli að taka til máls um það. Þessu máli var vísað til fjárveitinganefndar, og hún hefir nú í skýrslu á þgskj. 509 gefið í skyn, hvernig fór um meðferð málsins þar í nefndinni. Hún samdi ekkert nefndarálit um það, og enginn framsögumaður var kosinn til að mæla fyrir því hjer í deildinni. Jeg vil því leyfa mjer að skýra lítið eitt frá því, hvernig málið var statt í nefndinni. Nefndin skiftist aðallega í tvo hluta, en þó voru skoðanir manna eiginlega miklu margbreyttari. Og það var síst nokkur meiri hluti með því, að nokkuð væri fyrir málið unnið. Eiginlega voru það ekki nema 2 menn í nefndinni, sem álitu rjettast að stúta ekki frv. nú þegar, heldur vildu reyna að koma á einhverju samkomulagi milli deildanna í þessu máli. En nefndarmenn voru allir einhuga um það, að það væri illa farið, ef hvorugt frv. næði fram að ganga, hvorki þetta nje frv. frv. um launauppbót embættismanna, sem þessi háttv. deild hefir afgreitt til háttv. Ed. Með öðrum orðum, að þær vonir, sem menn hafa haft undanfarið um það, að þingið ætlaði nú að verða við sanngjörnum kröfum embættismanna, yrðu að engu, fyrir innbyrðis sundurlyndi í þinginu. Það væri lítt sæmandi, ef svo færi, og það kæmi hart niður á mörgum manninum, sem vinnur í þjónustu landsins og dýrtíðin sverfur nú að. Þótt ekki hafi verið farið fram á mikla bót á launakjörum embættismanna, þá hefir það munað nokkru hjá allflestum. Í þessu frv. er farið fram á þá hækkun á dýrtíðaruppbótinni, að telja mætti nokkura úrbót, þótt hún komi ekki alveg eins niður og þessi háttv. deild ætlaðist til, með því frv., sem hún afgreiddi.

Það þýðir ekkert að deila um þá aðferð, sem háttv. Ed. hefir tekið upp í þessu máli, að sinna ekki því frv., sem kom hjeðan og hafði hjer mikið atkvæðamagn að baki sjer, en taka nú upp nýja leið í málinu, sem okkur er ókunn. Menn hafa ekki haft nægilegan tíma til að íhuga þá leið. Og ef þessi dýrtíðaruppbótarlög yrðu að deiluatriði milli deildanna, þá þarf einhvern tíma til að jafna þá deilu.

Jeg sje, að hjer eru komnar fram brtt., sem sýna það, að ef fara ætti að breyta til, og haga frv. svo, að samræmi fengist í skoðanir manna, þá þyrfti til þess alllangan tíma, og líklega lengri tíma en þingið á völ á að þessu sinni. En nú var það, að fjárveitinganefnd Nd. fór fram á það við efri deildar nefndina, að hún tæki að minsta kosti frv. það, er samþykt var í þessari hv. deild til athugunar, meðan þetta mál væri hjer

á döfinni og gerði á því breytingar, sem líklegt væri, að háttv. Ed. gæti sætt sig við, ef svo kynni að fara, sem ekki er óliklegt, að þetta frv. yrði ekki samþykt hjer í deildinni. En jeg hefi ekki fengið nein ákveðin loforð um þetta frá háttv. fjárveitinganefnd Ed., svo að jeg get ekki spáð neinu góðu um, ef þetta frv. fellur, að hitt frv. sjái dagsins ljós heldur.

Jeg segi þetta að eins til þess, að menn geti betur áttað sig á málinu. Jeg vil ekki, að bæði frv. falli. Jeg vil heldur að þetta frv. haldi lífi, en hvorugt nái fram að ganga, að minsta kosti um sinn, til þess að menn geti reynt að koma sjer saman um málið.

Björn R. Stefánsson: Jeg tel skylt, að láta nokkur orð fylgja brtt. minum. Jeg býst við því, að hv. þgdm. líti á þær misjöfnum augum, og verð jeg því að gera grein fyrir, af hverjum toga þær eru spunnar.

Frv. því, sem nú liggur í háttv. Ed., greiddi jeg atkv. út úr deildinni. Ekki af því, að jeg gæti fallist á aðferðina í heild sinni, heldur af því, að jeg hafði nokkurnveginn vissu fyrir, að háttv. Ed. mundi taka upp þá leið, sem farin er í þessu frv. Þá aðferð felli jeg mig best við. Hina tel jeg varhugaverða. Hún er lítið ódýrari, en talsvert ranglátari. Þar eru tíndir úr einstaka menn, en aðrir skildir eftir, er eiga jafnrjettmætar kröfur til hærri launa. Og jeg þóttist þess fullvís, að þeir, sem nú eru settir hjá, mundu bætast smámsaman við, sumpart á þessu þingi og sumpart á næsta þingi. Og enn ein ástæða fyrir því að fara fremur þessa leið en hina, er sú, sem bent var á af formælanda þessarar stefnu, að það er öldungis víst, að þeir, sem settir eru hjá, mundu bera fram kröfur sínar á næsta þingi, en með þessu er von um, að málið fái að liggja kyrt á næsta þingi. Tel jeg það mikinn kost.

Jeg hefi frá upphafi, síðan þessi stefna kom fram, reynt að kynna mjer hugarfar manna til hennar. Jeg hefi komist að þeirri niðurstöðu, að þeir munu ekki margir, er geta felt sig við frv., eins og það kom frá háttv. Ed. Brtt. minar eru því komnar fram í þeim tilgangi, að reyna að gera frv. aðgengilegra fyrir þessa háttv. deild. Sumar brtt. legg jeg talsvert kapp á, að verði samþyktar, en aðrar minna. Ef þær verða allar feldar, veit jeg ekki, hvernig jeg muni snúast við málinu.

Jeg skal þá fyrst minnast á brtt. á þgskj. 506 1. liður er brtt. við 1. gr. 6. lið. Mörgum þykir, ef til vill, smávægilegt að leggja sig niður við að breyta þessu, enda er mjer það ekkert kappsmál. En jeg vil beina athygli háttv. deildar að því, hvort ekki muni gengið fullnálægt þingsköpunum með því að láta þessa málsgrein standa, þar sem feld hefir verið þingsályktunartillaga um sama efni. Mjer mun ef til vill svarað, að í þingsköpunum standi, að sje frv. felt, megi ekki taka það fyrir aftur, fyr en á næsta þingi, en hjer sje ekki um frv. að ræða, heldur þingsályktunartillögu. Má vel vera, að þannig sje hægt að snúast í kringum orð eða bein fyrirmæli þingskapanna, en allnærri anda þeirra og fyrirætlun er gengið með því, en þetta er ekki eina dæmi þess, að svo sje gert á þessu þingi.

Þá er 2. brtt., er fer fram á að bæta aftan við 1. gr. Sú brtt. er tekin orðrjett úr gildandi lögum, að undantekinni upphæðinni, sem í henni er breytt, frá því, sem nú er. Jeg verð að halda því fram, að full ástæða sje til þess að gera upp á milli fjölskyldumanna og einhleypra. Jeg veit, að margar ástæð-

ur muni færðar á móti þessari brtt. og að þetta ákvæði muni geta komið hart niður, en jeg mun ekki fara frekar út það atriði, nema mjer verði gefið tilefni til þess síðar.

Þá kem jeg að 3. brtt., við 2. gr. Þar er breytt aðferðinni, sem dýrtíðaruppbótin er reiknuð eftir. Jeg álít, að þessi brtt. sje sanngjörn og hygg jeg að hún geti orðið til þess að sætta hv. deild við frv. Jeg vona því, að henni verði vel tekið af öðrum en þeim, er ekki vilja annað en drepa frv., og vilja ekki vinna að því, að færa það í viðunandi horf. Jeg hefi ekki haft tök á því að reikna út, hve miklum sparnaði þessi breyting muni valda, þar sem tíminn hefir verið svo naumur. En brtt. er í þeim anda, sem viðurkendur hefir verið á þessu þingi og á síðastliðnu þingi, sem sje, að dýrtíðaruppbótin eigi aðallega að stefna þangað, sem þörfin er mest. Ef brtt. er borin saman við frv. það, er samþykt var hjer í háttv. deild, er ekki heldur hallað rjetti þeirra, sem hafa hæst laun. Þeir, sem hafa 4800 kr. í laun, fá nú 600 kr. uppbót, en eftir hinu frv. áttu þeir að fá 500 kr. hækkun. Það er því ekki hallað á þá, nema yfirdómarana og sjerstaklega dómstjóra. Eftir minni brtt. tapar hann 600 kr., í samanburði við hitt frv., en það hefi jeg reynt að jafna með sjerstakri brtt. á þgskj. 507, 2., svo að ekki muni meira en 100 kr. Þá brtt. flyt jeg í þeirri von, að hæstv. stjórn geti fremur felt sig við frv. Mjer hefir virst stjórninni einna annast um þenna lið úr því frv., er hún flutti upphaflega.

Á öðrum yfirdómurum munar svo litlu, að mjer þótti ekki taka því að bera fram sjerstaka brtt. um að hækka laun þeirra. Eftir frv., er hjer var samþykt, áttu þeir að fá 1000 kr. launaviðbót, en eftir brtt. minni 900 kr., svo að ekki munar meira en 100 kr. En auk þess hefðu þeir fengið dýrtíðaruppbót, $1^1/_2$% af 4500 kr., sem eru tæpar 70 kr. Þeir tapa því alls nálega 170 kr., þegar þetta er borið saman við frv., er hjer var samþykt. — Jeg flyt því brtt. á þgskj. 507, 2., í þeirri von, að hæstv. stjórn geti sætt sig við brtt. á þgskj. 506, 3.

Fjórða brtt., á þgskj. 506, þarf ekki mikillar skýringar. Í henni felst ekki annað en það, að þeir fá ekki styrk til framfæringa, er hafa hærri laun en 3000 kr. Það er nákvæmlega sama sem að greininni væri breytt á þann veg, að settar væru 3000 kr. í stað 4000 kr., þar sem ákveðið er, hve há laun þeir megi hafa, er styrk geta fengið með framfæringum sínum.

Þá er loks að minnast á fyrri lið brtt. á þgskj. 507. Þegar jeg átti tal við ýmsa háttv. þingdm. um þetta frv., var því slegið fram, að óþarft væri að hækka dýrtíðaruppbót barnakennara, þar sem þeir hefðu fengið sjerstaka launaviðbót með öðrum lögum frá þessu þingi.

En brtt. í samræmi við það ákvæði, að starfsmenn landssímans skuli ekki fá uppbót af launaviðbót þeirri, er samþykt var að veita þeim með þingsályktunartillögu, sem annaðhvort er afgreidd frá þinginu, eða verður bráðlega afgreidd.

Jeg skal svo ekki tefja frekar fyrir hv. deild, nema mjer sje gefin ástæða til þess.

Forsætisráðherra (J. M.): Því er ekki að neita, að jeg tel mjög óheppilegt, að háttv. Ed. skyldi taka þetta ráð, að hverfa alveg frá frv., er samþykt var í þessari háttv. deild og koma fram með þetta frv. í staðinn. Ekki vegna þess, að jeg verði ekki að telja þetta frv. miklu betra í sjálfu sjer og fastara í rásinni, svo að jeg get ekki

annað en gefið því atkvæði mitt. Með því er tekin upp sú regla í uppbótarveitingunni, sem jeg hefi stöðugt á undanförnum þingum talið þá einu rjettu. En jeg tel óheppilegt að háttv. Ed. skuli hafa farið svo að, þar sem jeg býst ekki við því, að þessi háttv. deild muni geta fallist á þessa reglu nú fremur en áður.

Jeg finn ekki ástæðu til þess að halda langar tölur um málið, jeg hygg það gersamlega þýðingarlaust. Hv. þingdm. hafa eflaust ráðið það að fullu við sig, hvernig þeir muni snúast í málinu. En jeg ætla það hyggilegast, að frv. fái að ganga til 3. umr. og að fjárveitinganefndir beggja deilda reyndu að koma sjer saman. Því ef farið er að deila um málið, hygg jeg að þingtíminn yrði nokkuð langur. En nú er óþarft að ræða málið frekar, það hefir verið þaulrætt dag eftir dag, bæði á þessu þingi og undanförnum þingum.

Sigurður Sigurðsson: Jeg verð að lýsa yfir því, sem skoðun minni, að sje um það að ræða, að bæta á einhvern hátt kjör embættis- og sýslunarmanna landssjóðs, þá sje eðlilegra að gera það með dýrtíðaruppbót, heldur en með breytingum á launalögunum, beinlínis eða óbeinlínis. Því er ekki að neita, að frv., sem samþykt var hjer á dögunum, er breyting — ef ekki beinlínis, þá óbeinlínis — á launum embættismanna, og mætti líta svo á, að með því væri verið að benda á braut til breytinga á launakerfinu, að ófriðnum loknum. En jeg er á því, eins og jeg hefi alt af haldið fram, að ekki eigi að hrófla við launalögunum, meðan ófriðurinn helst, eða þetta ástand, sem nú er. Og vilji menn á annað borð bæta embættismönnum upp dýrtíðina, eigi það að vera með dýrtíðaruppbót.

Annað mál er það, hvort frv. á þgskj. 503, er aðgengilegt. Um það geta verið skiftar skoðanir. Jeg get sagt það strax, að jeg er mjög óánægður með það. Jeg get jafnvel tekið svo djúpt í árinni, að jeg hefði kosið að málinu hefði ekki verið hreyft á þessu þingi, en við því hefir ekki verið unt að sporna. En jeg vil greiða atkv. þeim brtt., er miða til bóta og færa útgjöldin niður. Jeg mun t. d. greiða atkv. með brtt. á þgskj. 506 og frv. sjálfu til 3. umr., því að ekki er loku skotið fyrir það, að þá megi koma að fleiri umbótum, sem jeg kalla, og gera það aðgengilegra fyrir okkur, sem kallaðir erum sparnaðarmenn þingsins.

Sigurður Stefánsson: Jeg tók það fram í umr. um launahækkunarfrv., sem þessi háttv. deild afgreiddi, að jeg væri ekki samþykkur þeirri aðferð, sem væri höfð í því, og jeg verð að kalla handahófsaðferð. Taldi jeg rjettara að ganga inn á þá braut að hækka dýrtíðaruppbótina, svo sem háttv. Ed. hefir nú gert. En vegna þess að þessi háttv. deild gekk ekki inn á þá braut í öndverðu, er málið komið í það óefni, sem nú er. Það gerir ef til vill ekkert til, hvor leiðin er farin, en þeim mönnum, sem hlut eiga að máli, er gert rangt til, ef málið er látið vera í sama horfinu, sem það var, er þing kom saman. Hagur margra þeirra er svo bágborinn, að nauðsyn er á því, að þingið skilji ekki svo við málið, að hann verði ekki bættur að einhverju leyti. Því hygg jeg ekki rjett af háttv. deild að fella þetta frv.

Jeg vil þess vegna ekki leggja á móti þessu frv. háttv. Ed., þótt jeg hins vegar fái ekki dulist þess, að hún hefir beitt þessa háttv. deild nokkru harðræði. En um það er ekki að fást; sú deild er sjálfráð um, hverjum augum hún lítur

á málið, hvað sem skoðun þessarar deildar líður.

Jeg verð að taka undir með hæstv. forsætisráðherra, að grundvallarstefnan er rjettari í þessu frv. heldur en í hinu. Og hefði deildin gengið strax inn á þá braut, að endurskoða dýrtíðarlögin, þá horfði málið öðruvísi við.

Brtt. þeim, sem fram eru komnar, get jeg ekki greitt atkv. Þær komu fram nú fyrst á fundinum, svo að jeg hefi ekki átt kost á að átta mig á þeim. Og jeg varð þess ekki var í ræðu háttv. flm. (B. St.), að hann hefði gert sjer nokkra grein fyrir því, hver áhrif þær hefðu á gjaldaliðinn, sem jeg ekki heldur lái honum. En það óefni, sem þetta mál er komið í, er ein afleiðing af samvinnuleysi þings og stjórnar. Fjárveitinganefnd þessarar háttv. deildar er vorkun, þó að hún hafi ekki gert betur. Úr öllum áttum drifu að henni bænir um launabætur og hún stóð ein síns liðs án nokkurs stuðnings stjórnarinnar. Það hefði áreiðanlega farið betur, að stjórnin hefði undirbúið málið áður en þing kom saman í þá átt, sem hæstv. forsætisráðherra taldi heppilegasta, og tekið dýrtíðaruppbótarlögin til endurskoðunar. Og því fremur hefði hæstv. stjórn átt að gera þetta, sem hún játar fúslega, að embættismenn hafi fulla þörf á og eigi fulla kröfu til frekari uppbótar.

Mig furðar ekki meir á þessu en öðru á þessu stjórnlausa þingi, þó að þetta mál fari í mola og árangurinn af þessari 13 vikna setu verði = 0. (**S. S.:** Bættur skaðinn). Það getur verið gott fyrir landssjóðinn, en það er hvorki skaðlaust nje vansalaust, að láta embættismenn landsins sitja við verri laun en verkamenn á mölinni.

Jeg greiði frv. atkv., en brtt. get jeg ekki greitt atkv. af því, að jeg hefi ekki haft tóm til að kynna mjer þær, hvort sem hæstv. forseti tekur þá afsökun gilda.

Matthías Ólafsson: Mjer virðist sem lengi muni mega um það deila, hvor meginreglan sje heppilegust í þessu máli, hvort heldur dýrtíðaruppbótaraðferðin, sem þingið tók fyrst upp, eða þá hin, að hækka launin til bráðabirgða, eins og fjárveitinganefnd þessarar deildar lagði til. En mjer virðist sem það hefði nú verið hið besta, að veita ekki dýrtíðaruppbót, og taka upp þá aðferð frá byrjun. Dýrtíðaruppbótaraðferðin hefir sem sje þann leiða ókost, að ilt er að reikna út upphæð þá, er uppbótin nemur. Þannig er það um þetta frv. frá Ed., að það er engin leið að vita með vissu, hve miklum útgjöldum það veldur, en þann kost hafði þó frv., sem hjeðan fór úr deildinni, að hægt var að sjá með eigin augum og fyrirfram, hver útgjöld það mundi hafa í för með sjer. Og ekki mun mega minna krefjast af þinginu, eins og sakir standa nú um fjárhag landsins og horfur allar í þeim efnum, en að það hafi þó einhvern grunn undir fótum sjer, er það kveður á um útgjöld úr landssjóðnum. En um rjettindi háttv. Ed. til þess að fella allar till. Nd. og raska öllum grundvallarreglum hennar á síðustu stundu, svo að hún neyðist til að ganga inn á annan grundvöll, skal jeg ekki dæma, en þess þykist jeg fullviss, að siðferðislegur rjettur hennar í því efni sje mjög vafasamur. En það er ekki í fyrsta skifti, sem sú háttv. deild beitir slíkri harðneskju, að jeg ekki segi gerræðisfullu ofbeldi, gagnvart þessari háttv. deild. Jeg man það t. d., þegar hún geymdi hjá sjer »faktúru«-tolls lögin, sem Nd. hafði samþykt, samþykti síðan vörutollslögin og hótaði að fella hin,

svo að Nd. varð að ganga að vörutollslögunum, og hafði með þessu mörg þúsund kr. af landssjóði.

Ef háttv. Nd. vill nú beygja sig, þá gerir hún það einungis til þess, að ganga þó einhvern veginn frá málinu. Það væri nú ekki neitt um það að tala, ef þetta frv. frá háttv. Ed. væri betra. En það er að öllu leyti verra en frv. háttv. Nd.

Nd. fylgdi tveim meginreglum í frv. sínu. 1. Hve mikið fje mætti leggja í uppbæturnar og 2. að bæta upp launin einungis hjá þeim, sem verst eru settir. En það var tekið fram, að til þeirra embættismanna í landinu, sem við viðunanleg kjör ættu að búa sakir annara hlunninda, er stöðunni fylgdu, skyldi engin viðbót veitt, en nú hefir háttv. Ed. bætt upp öllum embættismönnum og þessum best settu embættismönnum líka. Það vita allir, hvaða embættismannastjett þetta er. Það er prestastjettin. Landsnytjar þær, sem þeir hafa og ódýrt jarðnæði á góðum bújörðum gerir það að verkum, að þeir standa nú í dýrtíðinni ólíkt betur að vígi en margir þeir, er hærri laun fá að krónutali. En þó hafði neðri deildarnefndin sýnt þá sanngirni, að veita eftir samráði við biskup landsins talsverða fúlgu til að skifta milli þeirra presta, er búa í kauptúnum eða hafa engar landsnytjar.

Jeg verð því að segja, að ef svo fer, að þingi verði slitið án þess, að þeir embættismenn fái nokkra launabót, er nauðsynlegast þurfa, þá er það ekki neðri deildar sök, heldur háttv. Ed. Og jeg vil segja háttv. Ed.: Geri hún það, ef hún þorir, að fella frv. Nd. um launaviðbætur, ef þetta verður felt hjer í deild. En jeg vil segja, að það væri eitthvert mesta hermdarverk, sem unnið hefir verið á Alþingi.

Annars mætti vel, þótt ekki sje góðgjarnlegt, geta sjer þess til, að þessi ruglingur væri orðinn og refarnir til þess skornir hjá háttv. Ed., að þetta mál skuli fara út um þúfur, en að hjer ráði ekki góður og einlægur vilji til þess að fara sem best með málið.

Jón Jónsson: Af því að hjer hefir verið sagt, að þetta frv. væri betra en Nd. frv., þá vildi jeg mæla nokkur orð. Jeg get ekki fallist á, að svo sje. Jeg hefi dálítið athugað, hvernig fjeð, sem veitt er, skiftist niður eftir þessu frv., og virðist þessi breyting Ed. ekki vera til batnaðar, heldur kemur fjeð miklu síður að nokkru verulegu gagni. Vjer vitum, að þetta frv. er komið fram fyrir þá sök, að nokkrir menn í háttv. Ed. vildu láta alla presta njóta þessarar sömu dýrtíðaruppbótar En þetta er svo óveruleg launabót, að hún skiftir litlu sem engu máli fyrir prestana. Hvað munar prest, sem situr að búi sínu í sveit, þótt hann fái frá 50—300 kr.? Þar að auki verða þessir menn svo misjafnlega úti, að það þýðir ekki að neita því, að þar er blábert ranglæti í frammi haft í frv. Þetta sjest t. d., þegar maður ber saman prest, sem enga ómegð hefir, og annan, sem hefir þungt heimili. T. d. hefi jeg rekið mig á það, að presturinn í Eydölum, sem hefir 9 ómaga, fær 30 kr. minna en eftir gömlu lögunum, ef þetta gengur fram. Aftur á móti þekki jeg prest, sem býr á Hofteigi, í grend við mig. Hann er einhleypur maður og fær þó á 4. hundrað kr. hærri dýrtíðaruppbót eftir þessu frv. en áður. Sjá allir, að þetta er ekki sanngjarnt. Ætlun okkar í Nd. var, að láta launabótina ná til þeirra, er helst þyrftu, svo að þá munaði það einhverju, en ekki hitt, að láta þessa launabót vera hjegómakák eitt, sem auk þess kemur ranglega niður, þar sem nokkuð kveður að. Við ætluðum þeim hana aðal-

lega, sem búa á mölinni og lifa eingöngu á launum sínum, eins og t. d. kennurum við landsskólana hjer í Reykjavík. En svo þegar litið er á, hver hagur þeirra er eftir þessu frv., þá fá þeir hjer um bil allir lægri launabætur en eftir frv. Nd. T. d. í Mentaskólanum fær að eins einn maður, Pálmi Pálsson, 5 kr. hærra en eftir okkar frv., en allir hinir lægra, og 2 þeirra, Sigurður Thoroddsen og Jón Ófeigsson, yfir 300 kr. lægra hvor. Sama máli er að gegna um Háskólann. Einn fær nokkuð hærri viðbót (Lárus H. Bjarnason), en allir hinir lægra, svo að skiftir hundruðum króna.

Enn má nefna kennaraskólann. Skólastjóri fær eftir frv. þessu 250 kr. minna en eftir till. okkar, og dr. Ólafur Daníelsson yfir 300 kr. minna.

Jeg skil ekki í því, að þetta sje neitt rjettlæti, því að jeg tel það rjettlátt, að þeir hljóti styrk, er ekkert hafa við að styðjast annað en launin úr landssjóði, og ómögulega má missa úr embættum. Hinir þurfa þess miklu síður, er lifa í sveit og hafa framleiðslu, hvort sem það eru prestar eða aðrir. Hvað prestana snertir, þá vil jeg benda á, að eftir frv. Nd. voru ætlaðar 8000 kr. til útbýtingar meðal þeirra presta landsins, sem einkum þyrftu uppbótar. Og ímynda jeg mjer, að nokkrir prestar hefðu þar fengið hærri uppbót, eftir þeim mælikvarða, en þessum sem hjer er markur. T. d. hefðu prestarnir hjer í Reykjavík fengið 500 kr. En eftir þessu frv. fær t. d. síra Bjarni Jónsson 150 kr. viðbót frá því, sem áður var, og lifir hann ekki lengi á því. Eins getur verið með fleiri presta út um land. En úr því að svo er komið, að þetta á nú að ná til allra, dregur það sig saman og verður talsverð upphæð, eins og líka hv. Ed. hefir bent á. Hún gerir ráð fyrir 50—60 þús. kr. hækkun. En jeg leyfi mjer mjög að efast um, að hún geti sagt um það með nokkurri vissu, en það hlýtur að vera allmikil upphæð.

En gallinn er sá, að þessi upphæð kemur ekki rjett niður, nje að neinu verulegu gagni. Þeir einu, sem fá sómasamlega uppbót, eru læknarnir.

Háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) segir, að það þurfi að bæta kjör þeirra, er við erfiðust kjör hafa búið. Það er satt, en gallinn er sá, að þetta frv. bætir mjög lítið úr. Sjerstaklega finst mjer það dálítið óviðkunnanlegt, að þessi háttv. þm. (S. St.) mælir með frv., því að áður hefir hann látið sjer þau orð um munn fara, að ekki væri vel við eigandi að gera mikið að fjárveitingum á þessu þingi.

Sigurður Stefánsson: Að eins örfá orð. Því var slegið fram, að þessi hækkun stafaði aðallega af því, að prestarnir hefðu verið teknir inn í frv. En jeg vil segja, að fjárveitingarnefnd er það kunnugt, að jeg barðist þar ekkert fyrir prestana, og fór ekki fram á neina uppbót fyrir þá. En ef fella á frv. fyrir þetta, þá er betra að strika prestana út, og skal jeg benda á, að það má gera við 3. umr. Það hafa ekki nema fáir prestar sent beiðnir til þingsins um bætur á kjörum sínum, og það þeir einir, sem orðið hafa fyrir sjerstöku ranglæti.

En hitt sný jeg ekki aftur með, að þessi aðferð háttv. Ed. er miklu aðgengilegri. Hjer er þó sú »Metode i Galskaben«, sem vantaði í frv. Nd. Og það er víst, sem jeg tók fram í umr. um það mál hjer í deildinni, að vjer fáum sömu söguna á næsta þingi, ef handahófsaðferð er fylgt. En ef þingið tekur upp þá aðferð að endurskoða dýrtíðarlögin, þá verður þó frekar eitthvert hlje á þessum leik, sem vel má heita hörmulegur skrípaleikur.

Jeg tek þetta einkum fram vegna prestastjettarinnar, því að jeg vil ekki að henni sje borin á brýn nein launagræðgi eða launauppbótargræðgi. Ekki svo að skilja, að jeg sje að tala um græðgi hjá hinum, sem fóru fram á launabætur. Þeir eiga heimting á því, því að það sæmir ekki, að verkamenn landssjóðsins sjeu verst launaðir allra verkamanna landsins.

Sveinn Ólafsson: Háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) hefir tekið nokkuð af því, sem jeg vildi sagt hafa, og svarað sumu af því, sem mjer þótti athugavert. Allir, sem talað hafa, að tveimur undanteknum, hafa felt sig við þessa aðferð í launamálinu, að breyta dýrtíðaruppbót og hækka, en láta föstu launin óbreytt. Engum ætti heldur að blandast hugur um, að stefnan er rjett, því að þetta nær þó til allra opinberra starfsmanna, en frv. fjárveitinganefndar, sem marðist hjer gegnum deildina á dögunum, náði að eins til sumra, og hlaut því að eins að vera byrjun áframhaldandi viðleitni til þess að laga það, er aflaga fer. Mjer þótti það eitt að ræðu háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.), að mjer fanst í orðum hans liggja hrakspá um það, að mál þetta mundi fara í mola í höndum þingsins. Mjer finst þó, sem sá viðbúnaður, sem hefir verið hafður um málið hjer í þinginu, sjerstaklega þó í háttv. Ed., sje svo hyggilegur, að það ætti að geta tekist að ráða skaplega fram úr því, sjerstaklega ef samkomulag fæst um brtt. þær, sem fram hafa komið. Hann (S. St.) tók það fram, að í öðrum eins flýti og hjer yrði að viðhafa, væri ekki hægt að átta sig á, hvort brtt. fjellu inn í frv. En jeg held þó, að það megi vel takast. Fljótt á litið sjer maður, að brtt. færa niður dýrtíðaruppbótina hjá nokkrum mönnum, sem vel eru launaðir, en snerta ekki við hinum, sem lægri laun hafa og þörfina meiri. Þær miða þess vegna í þá átt, að gera dýrtíðaruppbótina sanngjarnlegri, en haga henni ekki eftir tign og metorðum manna.

En þá kem jeg að háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.). Hann fann það að frv., að ekki væri hægt að segja fyrir, hve miklu þessi dýrtíðaruppbót mundi nema, og að þessi uppbót mundi geta orðið svo mikil, að ekki tæki tölum. En það er sameiginlegur galli á báðum frv., launabótafrv. háttv. fjárveitinganefndar og þessu, að upphæðin verður eigi sjeð í svip. Fyrra frv. náði að eins til sumra, og engum var fært að sjá, hvar lykta mundi með þá, sem slept var.

Ádeila háttv. þm. (M. Ó.) til háttv. Ed. má gjarna fara sína leið fyrir mjer, en jeg held þó ekki, að alveg eins mikil ástæða sje til hennar, og hann gaf í skyn. Það er kunnugt, að þegar fyrra frv. fór hjeðan, var því mótmælt af 8 mönnum, og þar fyrir utan voru nokkrir þm. sáróánægðir með það. En samvinna mun hafa tekist með þeim og háttv. Ed. um að koma fram breytingu dýrtíðarlaganna.

Svo vil jeg minnast stuttlega á ræðu háttv. 1. þm. N.-M. (J. J.). Hann tvítók það, að ekkert gagn væri að þessari uppbót. Jeg skil ekki, hvernig hann getur fullyrt slíkt. Uppbótin kemur þá aldrei við hjá þeim, sem hún er ætluð. Mjer þykir undarlegt, er svo mikið fje er lagt fram, sem hjer um ræðir, ef það getur eigi að liði orðið, ef 60% uppbót á fyrsta þúsundið, getur nú ekki að gagni orðið þeim, sem áður fengu 40%. Það nær ekki nokkurri átt, að menn með 1300 kr. launum muni ekki um uppbótina. Þeir fengu eftir eldri lögunum 520 kr. uppbót, en ættu nú að fá 690 kr. Hjer er nú stefnt að því, að draga úr uppbótinni þegar launin hækka, eins og eðlilegt er, en þó nokkur viðurkenning sýnd þeim, sem æðri stöður

hafa í þjóðfjelaginu, með því að láta uppbót haldast upp að 6000 kr. Annars var þessi breyting eðlilega gerð þeirra vegna, sem annars hefðu farið á mis við alla uppbót, ef handahófsfrv. fjárlaganefndar hefði verið samþykt, og því hefðu hlotið að heimta uppbót síðar.

Þess vegna vona jeg, að brtt. á þgskj. 506 og 507 fái byr í deildinni, og með því vona jeg, að þinginu takist að þvo hendur sínar og afgreiða þetta vandræðamál með skaplegum hætti.

Matthías Ólafsson: Að eins örstutt athugasemd viðvíkjandi þeim orðum háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) að við hefðum ekki vitað, hve mikil upphæð var lögð fram með fyrra frv. En það er rangt, því að við höfðum reiknað það út, og býst jeg við, að upphæðin standi í framsögu málsins upp á krónu. Þegar frv. fór hjeðan, var hægt að sýna með tölum, hvern útgjaldaauka það bakaði landssjóði, frá því, sem nú er. Það er alveg rjett, að ýmsir voru skildir eftir. En það var gert með ráðnum hug, því að oss fanst ekki þörf að bæta þeim upp. Svo er t. d. um eftirlaunaflokkana. Menn vita, að það eru skiftar skoðanir um, hvort rjett sje yfirleitt að veita nokkur eftirlaun Og auk þess er búið að veita þeim dýrtíðaruppbót á eftirlaunum sínum.

Hitt er annað mál, ef fólkinu líður illa, að eitthvað sje litið til þess. Jeg hjelt, að þetta gætu allir skilið. Enda var það oft tekið fram, að það var regla nefndarinnar annars vegar, að uppbótin yrði ekki afskaplega há, heldur eftir hæfi, og hins vegar að bæta þeim upp, sem illa væru staddir.

Atkvgr. um brtt. 506 og 507 frestað til 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. K., B. St., E. Árna., G. Sv., J. M., J. B., P. J., P. Þ., S. St., St. St., Sv. Ó.

nei: E. J., H. K., J. J., M. G., M. P., M. Ó., P. O., Þorl. J., Þór. J., Ó. B.

S. S. neitaði að greiða atkv., og tók forseti ástæður hans gildar.

Fjórir þm. (B. Sv., B. J., E. A., Þorst. J.) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 11:6 atkv.

3.—7. gr. samþ. með 11:4 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12:7 atkv.

Á 72. fundi í Nd., þriðjudaginn 16. júlí, kl. 1 miðdegis, var frv. tekið til 3. umr. (A. 503, 506, 507, 513, 514, 515, 516, 517).

Of skamt var liðið frá 2. umr. og frá útbýtingu brtt. 513 og 516. — Afbrigði leyfð og samþ.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg hefi leyft mjer, með hjálp tveggja háttv. þingmanna, að senda í prentsmiðjuna brtt. við brtt. á þgskj. 506, og enn fremur brtt. við frv. sjálft, sem hjer liggur fyrir. Jeg vona, að þessar brtt. komi þegar, því að jeg álít að það sje best, úr því, sem komið er, að samþykkja frv. í aðalatriðum, eins og það kom frá háttv. Ed., og vera ekki að stríða við þetta mál, þó að jeg verði að játa það, að frv. sje langt frá því að vera gallalaust, eins og líka er eðlilegt, er tími háttv. deildar var svo takmarkaður.

Jeg skal þá ekki fara frekar út í þessar brtt., en að eins geta þess, í hverju þær eru fólgnar. Það er þá fyrst við 3. liðinn, að það sje ekki brtt. við alla greinina; heldur við fyrri málsgr., eins og jeg líka hefi heyrt að hafi verið meiningin, því að ef brtt. 3. á þgskj. 506 verður samþykt, þá fellur í burtu sama málsgr. og þar með uppbót af aukatekjum lækna og daglegri þóknun þm., en mjer er sagt, að það hafi ekki verið tilgangurinn. Þess vegna er brtt. mín á þá leið, að fyrri málsgr. orðist svo, og þá leyfi jeg mjer að bera fram þá brtt., að uppbót á aukatekjum lækna hækki upp í 60%, vegna þess, að felt var frv. um sjerstaka launaviðbót til lækna hjer í deildinni í fyrradag. Önnur brtt. er sú, að launamarkið í c-lið 3. brtt. á þgskj. 506 sje fært upp í 3500 kr. úr 3000 krónum. Mjer finst, að það sje ekki rjett að fara skemra en þetta nje heldur lengra frá frv., sem fyrir liggur, en svo.

Jeg skal þá ekki að svo stöddu fara frekari orðum um málið; að eins vil jeg geta þess, að þessi brtt. mín, um að fara úr 3000 krónum upp í 3500, bakar landssjóði ekki ýkjamikil útgjöld. Jeg get ekki sagt fyrir víst hve mikið það muni vera, en það eru að eins 100 kr. á ári til hvers embættismanns, sem svo er ástatt um, og það getur aldrei orðið mikil upphæð.

Jeg leyfi mjer að vænta þess, að atkvgr. um málið fari ekki fram fyr en brtt. þessum hefir verið útbýtt, og jeg vona, að háttv. deild muni samþykkja þær, og jeg hefi fyrir satt, að háttv. fim. brtt. á þgskj. 506 muni ekki setja sig mjög mikið á móti þeim. Komi það fram, að einhverjir embættismenn sjeu settir ranglega hjá með þessu frv., má á næsta aðalþingi athuga það og leiðrjetta. Jeg held, að sá einasti embættismaður, sem verður út undan við þetta, sje biskupinn. Jeg veit ekki, hvort 2. brtt. á þgskj. 506 kemur niður á nokkrum embættismanni nema skógræktarstjóranum; en sem sagt, þó að þetta sje nú svo, þá megum við ekki stofna öllu málinu í voða fyrir það; það má altaf taka málið til athugunar aftur.

Jeg vona, að háttv. flutnm. leggi ekki mikla áherslu á 1. brtt. við 6. tölulið, enda virðist mjer það líka svo smávægilegt; þar á móti býst jeg við, að þeir leggi allmikla áherslu á 2. brtt., og þess vegna vil jeg ekki skifta mjer mjög mikið af því.

Þá er 4. brtt. Mjer finst hún líka nokkuð smávægileg, en með því að hún skiftir varla svo miklu máli, sje jeg ekki ástæðu til þess að ræða hana sjerstaklega.

Þá er ein brtt. frá háttv. 2. þm. S.-M. (B. St.), um laun háyfirdómarans. Jeg hefi vitanlega ekkert á móti henni, jafnvel þakklátur fyrir, að hún er fram komin. Jeg vona, að brtt. háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) nái ekki samþykki þessarar háttv. deildar, því að það yrði til þess eins, að hindra framgang málsins.

Að svo stöddu skal jeg þá ekki ræða frekar um málið.

Pjetur Jónsson: Jeg hefi ekki rætt mikið um þetta mál; jeg hefi að eins lagt því liðsyrði, að það kæmi til þessarar umr. Annars er það að segja um þetta launafrv., að það hafa verið gerðar tilraunir til þess að koma á samkomulagi milli nefndanna í báðum deildum, en nú er svo komið, að hvor nefndin situr föst við sinn keip, og þótt í rauninni kæmi fram allmikil tilslökun hjer í Nd., um þær greinar, sem mest er um deilt, þá hefir þessi tilraun til samkomulags endað svo, að það er ekki hægt að fá neina tryggingu fyrir því,

að þetta frv. nái samþykki hjer á þinginu, þótt þetta frv. verði samþykt hjer.

Frá þessu vildi jeg skýra, af því að jeg hefi heyrt, að margir óskuðu þess, að þetta frv. næði fram að ganga, og býst jeg við, að margir háttv. þm. uni því illa, að engin niðurstaða verði um það, að bæta launakjör embættis- og sýslunarmanna landsins.

Um frv. það, sem fyrir liggur, get jeg sem sagt ekkert annað sagt, en að jeg hefi ljeð því atkvæði mitt, svo að það mætti komast til þessarar umr. Annars lít jeg svo á, að ef frv. sem þetta hefði komið fram í fyrra, með því frv. sem þá lá fyrir, þá hefði verið sjálfsagt að athuga það rækilega, sem nokkurskonar endurbætur á dýrtíðarlögunum, en nú horfir það alt öðruvísi við, þegar ekki er neinn tími til að víkja því við í þá átt, sem við hjer í hv. Nd. ætlumst til. Það er svo sem gefinn hlutur, að þessar launabætur embættismanna landsins hefðu orðið mjög litlar og smáskornar, af því að ekki var fært að ganga lengra að þessu sinni, ekki hægt að gefa nema það allra naumasta, en jeg hygg nú samt, að þótt við hefðum greitt atkv. með till. um flesta embættismennina, sem nefndir voru í þessu launafrv., þá hefði það verið óhætt, vegna þess, að þeir voru flestir búnir að sætta sig við þá úrbót, sem þar var gefin, svo að frv. hefði að nokkru leyti náð tilgangi sínum, og einkanlega þó ef aukið hefði verið inn í þeim mönnum, sem vantaði í frv. þegar það fór hjeðan úr deildinni, og þá sjerstaklega sýslumönnunum. En þótt jeg svo hafi greitt þessu frv. atkv. mitt, og ætli að gera það áfram, ef það tekur ekki breytingum, sem skaða það, þá er það samt ekki af því að jeg álíti það ekki herfilegustu kórvillu að fara að taka það fyrir nú.

Jeg verð að lýsa yfir því, að jeg og samnefndarmenn mínir erum gramir yfir því, að ekki auðnaðist að fá þann enda á málið, er bætti svo úr launakjörum þeirra manna, sem frv. ræðir um, að það yrði nokkurn veginn notalegar bætur fyrir þá, en má ske eru þó þessar umbætur skárri en ekki neitt.

Magnús Guðmundsson: Jeg ætla að eins að lýsa yfir því, að jeg get ekki greitt þessu frv. atkvæði mitt, og það er af því, að mjer sýnist það einmitt auka ranglætið, en ekki bæta úr því; jeg skal t. d. benda á það, að samkvæmt þessu frv. fá menn, sem hafa 3000 og 5000 króna laun, alveg jafnháa dýrtíðaruppbót, nefnilega 1000 kr., og jeg get ekki sjeð hvaða sanngirni er í því, auk þess sem það fer alveg í bága við þá reglu, sem hingað til hefir verið fylgt, að láta uppbótarprósentuna lækka eftir því sem launin hækka. Jeg skal líka benda á, að eftir gildandi lögum fær sá maður, sem hefir 2000 kr. undir 700 kr. í dýríðaruppbót, en eftir frv. fengi hann 900 kr. Eigi hann nú 5 börn fær hann rúmlega 100 kr. meiri dýrtíðaruppbót eftir frv. en núgildandi lögum, vegna lækkunar á styrk til uppeldis barna. Maður með 5000 kr. launum fær eftir núgildandi lögum enga dýrtíðaruppbót, en eftir þessu frv. fær hann 1000 kr. uppbót. Eigi hann nú 5 börn, eins og 2000 kr. maðurinn, fær hann eftir frv. 250 kr. fyrir þau. Með öðrum orðum, sá maður, sem hefir 2000 kr. í laun og 5 börn, fær með þessu frv. rúmlega 100 kr. viðbót, en maður með 5000 kr. laun og 5 börn fær 1250 kr. viðbót. Svona lagaðri sanngirni ljæ jeg ekki atkvæði mitt. Frv. er vanhugsað og á að falla hjer í þessari hv. deild.

Brtt. þær, sem komnar eru fram við frv., eru ef til vill til einhverra bóta, en alls eigi svo að nægi, enda enginn tími til að athuga þær. Mun jeg greiða sum-

um þeirra atkvæði mitt en sumum ekki, en undir öllum kringumstæðum greiði jeg atkvæði á móti frv., því að það er óhæft og leiðir til hins mesta misrjettar, auk þess sem það eykur landssjóði stórum útgjöld.

Björn R. Stefánsson: Annaðhvort er það, að háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.) misskilur frv. algerlega, eða þá að í því felst alt annað en ætlast er til. Jeg tók svo eftir, að háttv. þm. (M. G.) segði, að maður, sem hefði 2000 krónur í laun, fengi ekki nema 100 krónur í uppbót. (**M. G.:** Já, í viðbót við það, sem var). En dýrtíðaruppbót þeirra manna verður alls 900 krónur, en jeg hygg, að eftir núgildandi lögum fái þeir ekki nema hjer um bil 600 kr. (**M. G:** 675 kr. og 70 kr. fyrir barn hvert, í stað 50 kr. eftir frv.).

Jeg vildi að eins með þessum orðum tryggja það, að enginn misskilningur ætti sjer stað um þetta atriði.

Gísli Sveinsson: Jeg skal ekki tala langt um þetta; jeg ætla að eins að segja fáein orð út af ræðu háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.).

Háttv. þm. (M. G.) gerði grein fyrir atkvæði sínu nokkuð ljóslega, á þann veg, að hann gæti ekki greitt atkvæði með þessu frv. og ekki heldur með þeim brtt., sem fram eru komnar. Þetta er skírt og skorinort og er auðvitað komið til af því, að háttv. þm. (M. G.) er mótfallinn öllum launabótum, fram yfir það sem verið hefir, því að annars væri ástæðulaust að vera að lýsa yfir því, að maður ætli að vera á móti öllum launabótatillögum, hvernig svo sem þær væru. Það er nú vitanlegt, að þetta frv., sem frá háttv. Ed. kemur, hefir sína galla, en þó er það miklu rjettari leið heldur en þær kákbreytingar, sem þessi hv. deild ljet sjer sæma að senda frá sjer fyrir skemstu. Jeg hygg, að ef fjárveitinganefnd þessarar deildar hefði tekið sjer það fyrir hendur í öndverðu, er hún fjekk launamálin til meðferðar, að endurbæta dýrtíðarlögin, samkvæmt þeirri stefnu, sem fram hefir komið áður hjer í þingi, þá væri málið áreiðanlega komið í betra horf en nú er. En fyrir þetta, að fjárveitinganefnd kom fram með þessar kákbreytingar á föstum launum, í trássi við vilja svo að segja allra eða flestra, þá er nú svo komið, að jafnvel þeir, sem þó vilja veita einhverja uppbót, sjá sjer ekki fært að vera með því, og svo er það líka ofureðlilegt, að þeir, sem engar breytingar vilja, verði líka á móti því. En hjer voru þeir menn í meiri hluta, sem alls ekki vildu fara þessa leið, heldur dýrtíðaruppbótarleiðina. Þess vegna er nú komið algert rugl á. Og það versta er, að þetta rugl stafar bæði frá þeim, sem vilja bæta, og hinum, sem eru mótfallnir uppbótum. Nú er síðasti dagur þingsins eða svo og málið komið í öngþveiti, og ekki hægt að finna neina leið út úr því, nema menn geti komið sjer saman um einhvern tilbærilegan grundvöll. Þegar verið er að tala um að gera einhverjar umbætur á þessu frv., tel jeg rjett að miða við það ástand sem er, en ekki við eitthvað, sem hefði verið samþykt, ef öðruvísi hefði atvikast, eða átt að samþykkja, eða verður, ef til vill, samþykt á næsta þingi eða hver veit hve nær.

Einar Jónsson: Mjer virðist vera búið að ræða svo mikið um þessi frv., sem fram hafa komið í launamálinu á þessu þingi, að vanþörf sje á að lengja þær ræður frekar. Þó að nú sje kominn bunki af brtt, þá sýnist mjer, að þær sjeu svo greinilega orðaðar, að

óþarft sje að deila um þær frekar. Jeg ætlaði að fara fram á það við forseta, að fundi yrði frestað, ef brtt. yrðu ekki komnar í tæka tíð. En þær eru nú allar komnar.

Það hefir verið svo mikið rætt um þetta mál, hver þm. haldið 10—20 ræður, að jeg hefi ekkert um það að segja, nema jeg endurtaki það, sem þegar hefir sagt verið. Jeg æski þess vegna atkvgr. sem fyrst, um leið og jeg lýsi yfir því, að jeg tel þinginu ekki sæma að hafna þessu frv. Munurinn er fólginn í því, hvort þessi stefna Ed. sje rjett, eða stefna sú, sem Nd. hafði valið. Um þetta hafa háttv. þm. hlotið að mynda sjer skoðanir. Þó að jeg geti ekki verið samþ. ýmsu í frv., álít jeg ekki rjett að hafna því, úr því sem komið er.

Sigurður Sigurðsson: Þetta mál er alt vandræðamál frá upphafi vega sinna og verður það lengst af, meðan vandræðin haldast í heiminum. (**B. K.:** Málið er ekki vandræðamál). Það er ekki vandræðamál að því leyti, að ekki hafi verið fullkomin þörf að veita opinberum starfsmönnum landsins dýrtíðaruppbót. En það er vandræðamál að því leyti, hversu illa gengur að komast þar niður á fastan grundvöll. Alt af hefir bólað á því, að sumir hafa viljað láta uppbótina koma þar niður, sem hennar væri mest þörf. Meðal þeirra manna hefi jeg verið. En aðrir hafa álitið, að uppbótin ætti að ná nokkurn veginn jafnt til allra, hvort sem þeir væru lágt eða hátt launaðir. Og um þetta virðist ágreiningurinn enn vera. Jeg er einn af þeim, sem telja rjettara að hækka dýrtíðaruppbótina heldur en föstu launin. Þess vegna hefi jeg viljað leggja minn skerf til þess, að málinu yrði komið í viðunandi horf, með því að bera fram þessar brtt. En eins og hinn skýri 2. þm. Rang. (E. J.) tók fram, þá eru brtt. mínar svo einfaldar og ljósar, að jeg þarf ekki að rökræða þær nánar. Þó ætla jeg að minnast dálítið á brtt. á þgskj. 513. Jeg minnist sjerstaklega á þessa brtt. af því, að jeg heyri, að hún vekur mishug hjá mönnum, og álíta þeir ómaklegt að ráðast þarna á garðinn. Jeg hjelt þessu sama fram á síðasta þingi, að uppbótin ætti ekki að ná til stundakennara. Ástæðan fyrir þessu er sú, að flestir þessara kennara hafa öðrum störfum að gegna og taka þar laun sjer til aðal-lífsviðurværis. Enda hefir þetta orðið einkennilegt í framkvæmdinni og skapað misrjetti, að dýrtíðaruppbót þessara manna hefir slagað hátt upp í dýrtíðaruppbót annara embættismanna, sem starfa að öllu leyti fyrir hið opinbera. Þannig á það sjer t. d. stað, að maður, sem er stundakennari og fær 325 kr. að launum, hlýtur 760 kr. dýrtíðaruppbót og ómagameðlag. Hann fær hjer um bil eins háa dýrtíðaruppbót og sá, sem hefir 2000 kr. laun og er að öllu leyti starfsmaður hins opinbera. Annar fær 130 kr. laun og dýrtíðaruppbót og ómagameðlag, sem nemur 470 kr. Og líkt er ástatt víðar, að menn, sem hafa stundakenslu á hendi og er minsti hluti starfs þeirra, fá dýrtíðaruppbót, er slagar hátt upp í uppbót fastra starfsmanna hins opinbera. Jeg legg þess vegna áherslu á, að þessar brtt. verði samþ. Annars hygg jeg, að frv. skapi nokkurt misrjetti, eins og það er komið frá Ed. En það, sem jeg finn mest að því, er þetta, að hinum hálaunuðu mönnum er gert hærra undir höfði en láglaunuðum, ef til vill um of. Brtt. mín og brtt. háttv. 2. þm. S.-M. (B. St.) miða að því að laga þetta dálítið og koma á samræmi.

Að öðru leyti skal jeg ekki fara frekari orðum um brtt. mínar. Það hefir þegar verið rætt svo mikið um þetta

mál, að jeg vil ekki vekja frekari umr. um till. mínar. Það verður að arka að auðnu, hvernig um þær fer. En ef brtt. verða allar feldar, er miða að því að bæta frv., þá er málinu stefnt í tvísýnu og vafasamt, hvernig fer að lokum við atkvgr.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg skal ekki verða langorður um þetta mál, því að þessar umr. eru lítilsverðar. Jeg vil að eins geta þess, að jeg lít svipað á þetta mál og háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.). Jeg er nærri sannfærður um, að fáir njóta góðs af þessari uppbót. Landssjóður geldur meira fje, en sú fjárhæð, sem fellur hverjum einstökum í skaut, er svo lág, að hann munar nálega ekkert um hana. En málið er hins vegar komið í óvænt efni og ekki að vita, hvernig Ed. snýst við, ef frv. yrði felt hjer.

Jeg hafði hugsað mjer að bera fram till., sem færi í þá átt, að halda málinu í sama horfi og síðasta þing kom því í. Í fyrra samþ. þessi deild að hafa hliðsjón af heimilisástæðum manna. Hún samþ., að þeir, er hefðu einhverja fram að færa, skyldu fá 50 kr með hverjum, en Ed. færði þessa fjárhæð upp í 70 kr. En nú bregður svo kynlega við, að háttv. Ed. lækkar þessa uppbót niður í 50 kr., og telur óheppilegt, að fje í þessu skyni skuli nokkurn tíma hafa verið veitt. Ed. hefir þess vegna skift um skoðun á þessu máli síðan í fyrra. Hún hækkar nokkuð uppbótarprósentuna, en jeg er viss um, að þeir, sem þyngstum heimilum eiga fyrir að sjá, njóta ekki neins góðs af þessari breytingu. Þeir, sem vilja bæta lágt launuðum starfsmönnum hins opinbera, hljóta þess vegna að greiða minni till. atkv. sitt. En það tel jeg að bíta höfuðið af skömminni, ef till. verður feld, því að þá eru það að eins látalæti, að þykjast vilja bæta kjör hinna lægst launuðu starfsmanna, en ekki tilætlunin í raun og veru.

Atkv. mitt um þetta frv. fer eftir því, hvernig með þessa till. fer.

Bjarni Jónsson: Jeg vildi að eins gera örstutta athugasemd.

Ýmsir hafa tekið það rjettilega fram, að kosturinn á þessu frv. Ed. væri sá, að enginn munur væri gerður á starfsmönnum hins opinbera, heldur væri hverjum bætt upp ákveðin hlutatala af launum hans, hvort sem þau væru há eða lág. Þetta er tilraun til að færa uppbótina frá fátækrastyrkinum og láta hana vera uppbót á fallinn gjaldeyri.

Þetta tel jeg sæmilegan grundvöll og bestu till., sem fram hefir komið í málinu, að undanskilinni till., sem borin var fram á þingi 1916, er hafði þann sama ágalla og till. Ed., að undanskilja hæst launuðu embættismennina, með þeirri reikningslegu rökfærslu, að móðir vor ættjörð segði við einstaka menn: Þig hjelt jeg svo vel í fyrra lífi, að jeg bæti þjer nú ekki upp, en við hina: Þú áttir svo ilt, að þjer vil jeg bæta. En í gildandi lög voru settar barnsfúlgur og undanskildir sumir starfsmenn landsins, ef þeir voru ógiftir og ómagalausir. Þó að vinna þessara manna sje engu minni en hinna, þá verðskulda þeir ekki sömu uppbót, ef þeir eru svo hepnir eða óhepnir, að eiga konu og börn.

Jeg sje, að nú er fram komin till. frá tveimur þm. af Austurlandi, sem fer í þá átt, að einhleypingarnir fái enga dýrtíðaruppbót. Ef þessi till yrði samþ., væri það að hverfa frá skynsamlegri stefnu málsins yfir í handahófsuppbótina og þá tegund göfuglyndis, sem ríkti á síðasta þingi. En þegar svo væri komið, væri í engu um bætt frá því, sem áður var, því að með þessu háttalagi

yrði töluvert stór hópur manna út undan.

Jeg sje líka á till. þessari kynlegan hlut; en hann er sá, að allir stundakennarar eru undanskildir uppbótinni. Það er einkennilegt höfðinglyndi að undanskilja þessa menn uppbót fyrir það, að þeir hafa orðið að starfa sem stundakennarar, vegna þess að menn hafa ekki tímt að gera kenslu þeirra að föstu embætti. Pálmi Pálsson var t. d. 10 ár stundakennari við Mentaskólann og fjekk þá loks embætti. Jeg var þar stundakennari í 10 ár, en fjekk spark í stað embættis. Og Jón Ófeigsson hefir verið stundakennari í 10 ár. Sumir stundakennarar hafa ekki annað starf á hendi en þessa stundakenslu, og þó á að undanskilja þá. Hagur landssjóðs er líklega svo erfiður. Þessir sparnaðarpostular ættu að festa upp auglýsingar á erlendum kauphöllum, þar sem þeir fengju lán, og lýstu yfir því, að Ísland gæti ekki greitt stundakennurum dýrtíðaruppbót, því að hagur þess væri svo erfiður. Þetta mundi verða ágætt meðal fyrir sparnaðarmennina til þess að gagnast landi sínu og þjóð. Það er öllum ljóst, að tiltrúin er ekki lítils virði, og menn mundu trúa því, að sú þjóð, sem auglýsti þetta, mundi ekki draga menn á tálar. Þeir mundu segja: »Miklir dæmalausir sæmdarmenn eru þetta, að segja okkur þetta svona hreinskilnislega. Ekki eru þeir að fara í kringum okkur. Við hefðum annars ef til vill glæpst á að lána þeim um 100 kr. virði, en nú vitum við, að það er ekki óhætt«. Nóg af þessu tægi ætti að koma fram í lögum og helst í erlendum blöðum og auglýsa það sem oftast, þar sem erlendir peningamenn og Íslendingar þyrftu að hafa viðskifti. Þá hefðu þessir fjármálaspekingar náð tilgangi sínum.

Jeg skal ekki skifta mjer af, hverskonar blanda verður úr þessu, úr því að hjer eru engar hreinar línur, engin hrein hugsun og ekkert rjettlæti. Mjer er því sama, hver grauturinn gengur fram.

Afbrigði um skriflegu brtt. frá 1. þm. Reykv., J. B., (sjá A. 517), leyfð og samþ.

ATKVGR.

Brtt. 513, 1. tekin aftur.

— 513, 2. feld með 13 : 4 atkv.

— 506, 1. — — 14 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: St. St., Sv. Ó., Þorl. J., B. St., E. J., M. G., P. J., P. O, P. Þ., S. S., S. St.

nei: Þorst. J., Þór. J., B. Sv., B. J., B. K., E. A., E. Árna., G Sv., H. K., J. J., J. M., J. B., M. P., Ó. B.

Einn þm. (M. Ó.) fjarstaddur.

Brtt. 514, 1. feld 15 : 2 atkv.

— 506, 2. samþ. með 14 : 11 atkv, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þorl J., Þorst. J., Þór. J., B. St., E. Árna., H. K., M. G., P. J., P. O., P. Þ., S. S., S. St, St. St., Sv. Ó.

nei: B. Sv., B. J., B. K., E. A., E. J., G. Sv., J. J, J. M, J. B, M. P., Ó. B.

Einn þm. (M. O.) fjarstaddur.

Brtt. 507, 1. feld með 19 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. St., E. A, P. Þ., S. St., Þór. J.

nei: B. Sv., B. J., B. K., E. Árna., E. J., G. Sv., H. K., J. J., J. M., J. B., M. G., M. P., P. O., S. S., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Ó. B.

P. J. greiddi ekki atkv.
Einn þm. (M. Ó.) fjarstaddur.

Brtt. 515, 1. samþ. án atkvgr.
— 514, 2. a. feld með 15:2 atkv.
— 514, 2. b. — — 18:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. G., P. O., S. S., St. St., B. St., E. J., H. K.
nei: J. B., M. P., P. J., P. Þ., S. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. Sv., B. J., B. K., E. A., E. Árna., G. Sv., J. J., J. M., Ó. B.
Einn þm. (M. Ó.) fjarstaddur.

Brtt. 515, 2. samþ. með 15:3 atkv.
— 506, 3., svo breytt, samþ. með 17:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. St., E. Árna., E. J., H. K., J. B., M. G., P. J., P. O., P. Þ., S. S., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorst. J., Þór. J., B. Sv., Ó. B.
nei: B. J., B. K., E. A., G. Sv., J. J., M. P., Þorl. J.
J. M. greiddi ekki atkv.
Einn þm. (M. Ó.) fjarstaddur.

Brtt. 507, 2. samþ. með 17:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. J., B. K., B. St., E. A., E. Árna., E. J., G. Sv., H. K., J. M., J. B., M. P., P. Þ., S. St., St. St.
nei: Sv. Ó., B. Sv., J. J., M. G., P. O., S. S., Ó. B.
P. J. greiddi ekki atkv.
Einn þm. (M. Ó.) fjarstaddur.

Brtt. 516. samþ. með 14:2 atkv.
— 517. feld með 13:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. J., B. K., E. A., E. J., G. Sv., J. M., J. B., M. P., P. J., P. Þ., Þorst. J.
nei: B. St, E. Árna., H. K., J. J., M. G., P. O., S. S., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þór. J., Ó. B.
Einn þm. (M. Ó.) fjarstaddur.

Brtt. 506, 4. feld með 13:3 atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 15:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: P. J., P. Þ., S. S., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorst. J., B. Sv., B. K., B. St., E. A., E. Árna., E. J., G. Sv., J. M.
nei: M. P., P. O., Þorl. J., Þór. J., B. J., H. K., J. J., J. B., M. G., Ó. B.
Einn þm. (M. Ó.) fjarstaddur.

Frv. endursent Ed.

Á 67. fundi í Ed., þriðjudaginn 16. júlí, kl. 8 síðdegis, var útbýtt

Frumvarpi til laga um dýrtíðaruppbót handa embættis- og sýslunarmönnum landssjóðs,

eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 518).

Á sama fundi í Ed. var frv. tekið til einnar umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ.

Frsm. (Eggert Pálsson): Frv. þetta er komið aftur til háttv. Ed., eftir að hafa gengið í gegnum lögskipaðan hreinsunareld í háttv. Nd.

Nefndin lítur svo á, að breytingar þær, sem þar hafa verið gerðar á frv., sjeu síst til bóta, en hins vegar hefir frv. ekki verið gerbreytt, eða með öðrum orðum, aðalgrundvelli þess ekki raskað.

Eins og háttv. þm. sjá, þá er aðalbreytingin fólgin í ákvæði því, sem sett hefir verið inn í frv., um að einhleypir menn fái mikið minni dýrtíðaruppbót en kvongaðir, og hverju þetta munar, er óþarft fyrir mig að skýra frá; það sjá aðrir háttv. þm. eins vel og jeg.

Þá hefir og verið gerð breyting á 2. gr., staflið b, en þessar breytingar eru, eins og jeg tók áðan fram, engar gerbreytingar, og grundvöllur frv. hinn sami og áður var, og með tilliti til þess telur fjárveitinganefndin ekki vert annað en ganga að frv.

En breytingar þessar gera það að verkum, og það mun vafalaust síðar sýna sig, að það er erfiðara fyrir stjórnina að framkvæma lögin en ella hefði verið, og það verður fyrir breytingarnar, sem frv. hefir tekið, áreiðanlega fleiri vafaatriðin, er þarf að úrskurða af stjórninni, en 6. gr. er einskonar trygging gegn öllu slíku fári, því að eftir henni er stjórnarráðið æðsti dómur um öll slík vafaatriði, og því getur nefndin ekki sjeð ástæðu til annars en samþ. frv, þrátt fyrir gallana, sem það hefir á sig fengið.

Jafnframt vil jeg leyfa mjer að skjóta því til hæstv. forseta, hvort »málsgreinin« í 1. gr. frv.: »Dýrtíðaruppbót veitist eigi á 6000 kr. árslaun eða þar yfir, og eigi mega laun og dýrtíðaruppbót samanlögð nema meira en 6000 kr.« megi ekki fella niður með »redaktion« á skrifstofunni. Málsgrein þessi kemur beint í bága við 2. gr., staflið b; átti því að vera sjálffallin um leið og sú brtt. var samþykt, en sá háttv. þm. (B. St.), er flutti tillöguna, hefir gleymt að taka það, og skrifstofan hefir ekki talið sig hafa heimild til þess að breyta þessu »redaktionelt«. Það má segja, að málsgrein þessi geri hvorki til nje frá, og er það rjett, en hún stendur til stórrar óprýði í frv.; er einskonar vottorð um hirðuleysi háttv. Nd. Það færi því miklu betur á því, ef hæstv. forseti vildi líta svo á, sem fella mætti niður þessa málsgrein við uppprentun frv.

Forseti: Viðvíkjandi orðum þeim, sem háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) beindi til mín, um setninguna: »Dýrtíðaruppbót veitist eigi á 6000 kr. . . . 6000 kr.« í 1. gr., þá hefi jeg athugað það vandlega, að það er alveg rjett, að þessi málsgrein átti að falla niður, úr því að staflíður b í 2. gr. var samþyktur eins og hann er, og því hefði á þingmáli átt að telja þessa málsgrein sjálffallna. Málsgreinin er, eins og nú er komið frv., gersamlega þýðingarlaus og meiningarlaus. Jeg tel því rjett, og mun leggja svo fyrir, að þessi málsgrein verði feld niður, þegar skrifstofan lætur prenta frv. sem lög í þingtíðindunum.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 : 1 atkv. og afgr. sem

lög frá Alþingi.

(Sjá A. 520).

III.

Þingsályktunartillögur.

A. Afgreiddar til landsstjórnarinnar.

1. Ólafsvallasalan.

Á 4. fundi í Nd., fimtudaginn 18. apríl, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um sölu Olafsvallatorfunnar (A. 10).

Á 5. fundi í Nd., föstudaginn 19. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

A 6. fundi í Nd., laugardaginn 20. apríl, var till. tekin til einnar umr. (A. 10).

Flm. (Sigurður Sigurðsson): Jeg ætla mjer nú ekki að innleiða þessa till., á þgskj. 10, með langri framsögu.

Aðalástæðan fyrir því, að við þingmenn Árnessýslu flytjum þessa till., er brjef Ágústs dannebrogsmanns Helgasonar í Birtingaholti, sem prentað er með till. sem fylgiskjal. Og í þessu brjefi eru færðar ástæður fyrir því, hvers vegna ekki megi selja umrædda jörð með tilheyrandi hjáleigum.

Jörð þessa, Ólafsvelli, telur Ágúst heyra undir þær jarðir, er 2. gr. í lögum um sölu kirkjujarða frá 16. nóv. 1907 gerir ráð fyrir að ekki megi selja. Með brjefinu, sem ella liggur frammi á lestrarsalnum, fylgja tveir útdrættir úr sýslufundargerðum Árnessýslu, er sýna, að sýslunefndin í Árnessýslu hafi áður litið eins á málið. Árið 1916 úrskurðar nefndin með atkvæðagreiðslu, 13:1 atkv., að jörðin heyri undir þær jarðir, er ræðir um í 2. lið 2. gr. áðurnefndra laga.

Jörðin Ólafsvellir er sem sje talin hentugt skólasetur. Fyrir nokkrum árum var stofnun lýðskóla austanfjalls mjög ofarlega á dagskrá. Og þessu máli er enn haldið vakandi þar eystra. Í sambandi við þessa skólastofnun var stungið upp á Ólafsvöllum sem skólasetri. Og það verður ekki annað sagt en að jörðin sje hentug til þess, allra

hluta vegna. Sjerstaklega má minna á það, að henni er vel í sveit komið og hún liggur nálægt veginum upp Skeiðin. Og þetta hefir ekki breyst frá því 1916. Það, sem þá mælti með jörðinni sem skólasetri, er enn í fullu gildi.

Þess vegna kemur það undarlega fyrir, að sýslunefndin skuli nú vera horfin frá þessu og vilja leyfa sölu á jörðinni. Það var leyft á nýafstöðnum fundi með 8:5 atkv., og 2 greiddu ekki atkvæði. Ýmsir eru hálfhræddir um, að hjer hafi staðið á bak við einhverjir annarlegir kraftar — eða andar — er valdi þessum undarlegu fyrirbrigðum.

Sá, sem sækir nú um kaup á jörðinni — eða er látinn gera það — er presturinn á Skeiðunum, síra Brynjólfur Jónsson. Hann er maður hniginn að aldri og býr ekki sjálfur á jörðinni og hefir ekki búið á henni í nokkur ár. Því eru ekki horfur á, að þessi maður geti haft neitt við jörðina að gera til framtíðarábúðar.

En jafnvel þótt Ólafsvellir gæti ekki talist heyra undir 2. gr. kirkjujarðasölulaganna, þá er það álit mitt, og það í fullu samræmi við heildarskoðun mína á þessu jarðasölumáli, að þessa jörð ætti alls ekki að selja. Og þegar hjer við bætist, að jörðin er að dómi sýslunefndar Árnessýslu áður mjög hentug til skólaseturs, þá er því síður ástæða til þess að láta jörðina af hendi. Og þótt þessi skólastofnunarhugmynd hafi nú legið niðri síðustu árin, þá er hugsuninni þó haldið vakandi, og málið getur orðið tekið fyrir á ný þá og þegar. Þess vegna er það, að þær ástæður, sem 1916 voru taldar góðar og gildar móti sölunni, eru enn þær sömu og hafa ekki mist kraft sinn.

En til þess nú að hrapa ekki að þessu máli, þar sem verið getur, að einhverjir háttv. þm. eigi enn eftir að átta sig á því, ætla jeg að stinga upp á því, að því verði vísað til landbúnaðarnefndar og þessari umr. frestað. Það er auðvitað, að jeg geri þetta einungis af velvild til málsins. En því hefir verið hvíslað að mjer, að frestun á samþykt tillögunnar gæti leitt til þess, að hún fjelli síðar meir. Á þetta vil jeg engan trúnað festa, því að jeg vil ekki væna neinn háttv. þm. þess, að hann láti hafa áhrif á sig til þess að greiða öðruvísi atkv. um málið seinna en hann hefði gert nú, eftir að hafa kynt sjer málavöxtu alla.

Jeg tek þetta fram til vonar og vara. Jeg undirstrika það, að jeg ætla ekki að svo komnu að kvíða fyrir »agitationum« manna, sem kunna að standa bak við þetta mál í skúmaskotum.

Bjarni Jónsson: Jeg hefi ekkert á móti því, að till. sje vísað til nefndar, eins og háttv. flm. (S. S.) leggur til. En þó ætti að vera hægt að ráða máli þessu til úrslita þegar, ef háttv. flm. (S. S.) gæti sagt deildinni, hver vill kaupa. (**S S.:** Síra Brynjólfur Jónsson á Ólafsvöllum). Það væri ekkert á móti því að selja honum, svo fremi að »ættjarðarætur« standi ekki að baki. Svo kalla jeg þá menn, sem braska í jarðakaupum til þess að pranga á úrvalsjörðum landsins og selja útlendingum. Þeim mönnum vil jeg ekkert selja og ekkert veita nema þetta nafn, sem mun eiga vel við þá.

ATKVGR.

Till. vísað til landbúnaðarnefndar (sjá A. bls. 540) í e. hlj. og umr. frestað.

Á 10. fundi í Nd., föstudaginn 26. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 10, n. 22).

Frsm. (Sigurður Sigurðsson): Jeg skal ekki að þessu sinni tefja tímann eða lengja þingtíðindin með langri framsögu. Jeg geri hvort eð er ráð fyrir, að þingmenn sjeu nú þegar ráðnir um atkvæði sín í þessu máli. Jeg fyrir mitt leyti tel það ekkert vafamál, hvernig þau eigi að falla.

Um ástæðurnar fyrir þessari till. hefi jeg áður getið í framsöguræðu minni, og svo eru þær tilfærðar í nál. landbúnaðarnefndarinnar í þessu máli, og læt jeg mjer því að þessu sinni nægja að vísa til þeirra á þgskj. 22.

Skal jeg svo ekki fjölyrða meir um málið.

Benedikt Sveinsson: Það er kunnugt, að hjer í deildinni hafa komið fram tvær till., sem báðar fara í þá átt, að ráða stjórninni frá því að selja tvær landssjóðsjarðir. Þessar jarðir eru hvor um sig höfuðból í einhverri blómlegustu sýslu landsins, Árnessýslu.

Báðum þessum till. hefir verið vísað til landbúnaðarnefndar. Hún hefir nú látið uppi álit sitt, en þó ekki nema um aðra till. (**S. S:** Hitt er á leiðinni). Jeg tel, að æskilegra hefði verið, að nefndin hefði látið uppi álit sitt um báðar till. í einu, þar sem svo margt er líkt um þær. Mundi það ekki lítið spara umræður; en það er alkunna, að þegar þjóðjarðasölu ber á góma hjer á þingi, þá verður mörgum liðugt um málbeinið.

Jeg legg því það til málanna, að þetta mál verði nú tekið út af dagskrá og látið bíða þess, að nefndin láti uppi álit sitt um hina till, og að þær verði síðan samferða hjer í deildinni.

Einar Jórsson: Jeg býst við, að jeg sje einna kunnugastur þar eystra af þeim þm., er hjer sitja; þess vegna vona jeg, að tekið verði tillit til orða minna, er jeg læt uppi álit mitt í þessu máli.

Jeg er ekki samþykkur háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) um það, að láta bæði málin fylgjast að. Hjer er um mjög mismunandi ástæður að ræða. Eftir áliti Ágústs frá Birtingaholti stendur svo á um Ólafsvelli, að sá, sem býðst til þess að kaupa þá, ætlar sjer ekki að búa á þeim sjálfur; bæði er það, að hann er hniginn að aldri, og svo hefir hann ekki heldur búið um nokkurt skeið. Aftur á móti er kaupandinn að Gaulverjabæ ungur maður, sem ætlar sjer að búa á jörðinni framvegis. Sömuleiðis er það alkunnugt, að sá, sem beiðist kaupa á Ólafsvöllum, er maður lítt efnum búinn og mun því aldrei geta rekið jörðina með þeim krafti, er með þarf, en kaupandinn að Gaulverjabæ er aftur á móti maður sæmilega efnum búinn, sem bæði hefir vilja og vit á að reka þar góðan búskap, og hefir þegar reist jörðina úr niðurníðslu með dugnaði á stuttum tíma.

Jeg hefi því orðið samferða meðnefndarmönnum mínum hvað sölu Ólafsvalla snertir, en í hinu málinu mun jeg fara nokkuð mínar brautir.

Það er rjett hermt, að komið hefir til tals þar eystra að setja á stofn bændaskóla eða lýðskóla. Ef nú Ólafsvellir eru, eins og sagt hefir verið, sjálfsagðir og best hentir sem skólajörð, þá gildir þessi mótbára ekki gagnvart sölu Gaulverjabæjar, því að ekki er þörf nema á einni jörð til slíkra hluta.

Það er ekki heldur víst, að skólinn verði endilega í Árnessýslu, því að þar sem líklegast er, að báðar sýslurnar, Árnes- og Rangárvallasýslur, verði saman um slíka skólastofnun, þá getur skólinn alt eins vel orðið í hinni síðarnefndu eins og í hinni fyrnefndu.

Annars er það altaf tilfinningamál

fyrir mönnum, þegar um þjóðjarðasölu er að ræða, og því álít jeg, að besta leiðin hefði verið og sje að vísa málinu til stjórnarinnar.

Frsm. (Sigurður Sigurðsson): Það er rjett álitið hjá háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.), að margt er líkt um þessar till., og má því gera ráð fyrir, að niðurstaðan, sem háttv. deild kemst að um þær, verði hin sama, sem sje sú, að hvoruga jörðina beri að selja. En aftur á móti get jeg ekki verið honum sammála um það, að nú sje rjettast að fresta þessu máli, þar til nefndin hafi látið uppi álit sitt um Gaulverjabæjarmálið.

Það má sem sje geta þess, að um þá till., sem nú liggur fyrir, stendur nefndin óskift og einhuga, en án þess að jeg ætli að fara að bera sögur út af nefndarfundum, þá býst jeg ekki við, að því verði að heilsa um till. viðvíkjandi Gaulverjabæ. Jeg geri líka ráð fyrir, að um þá till. geti af einhverjum misskilningi orðið frekari umræður, og er því að mínum dómi betra að útkljá þetta mál nú þegar og ræða svo hitt málið á sínum tíma.

Jeg ætla því ekki nú að svara ræðu háttv. 2. þm. Rang. (E. J.) um Gaulverjabæ, heldur geyma það þangað til málið verður tekið fyrir hjer í deildinni.

Einar Jónsson: Jeg ætla mjer alls ekki að fara út í neinar kappræður út af þjóðjarðasölumálinu, sem hjer liggur fyrir, og get því verið ósköp rólegur.

Jeg veit, að háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) er það kappsmál, að báðar þessar till. nái fram að ganga, en þrátt fyrir það ætti hann ekki að vera með neinar dylgjur um það í minn garð, að jeg sje ekki sem heilastur í þessu máli. Hann ætti heldur að vera svo hreinskilinn, að segja blátt áfram, að jeg sje mágur Skúla í Bæ. En það get jeg sagt honum, að þótt hann ætli að nota það sem vopn á mig, þá mun það aldrei duga honum. Jeg álít, að ekki beri að kippa einni jörð út úr því kerfi, sem til er um þjóðjarðasölu, og um þá skoðun mun jeg ekki breyta, hvort sem í hlut á faðir, sonur eða mágur. Að jeg er þó sammála nefndinni um Ólafsvellina er af því, að svo sjerstaklega stendur á um þá, eins og jeg hefi áður sagt.

Jeg álít enn sem fyr, að bæði þessi mál eigi ekki að fylgjast að, og felli mig því eigi við þá till. háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.), að málið sje nú tekið út af dagskrá, en ekki mundi jeg vera því mótfallinn, að málunum verði nú þegar vísað til stjórnarinnar; ætlast til, að stjórnin gerði þann mismun á sölu, sem sanngjarn væri.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg skal ekki neita því, að jeg er sömu skoðunar og háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) um það, að þar eð um er að ræða tvær till., sem báðar eiga við samstætt efni, þá hefði verið viðkunnanlegra, að þær hefðu báðar fylgst að hjer í deildinni, og mjer finst það óskiljanlegt, að nefndin skyldi ekki láta uppi álit sitt um báðar jarðirnar í senn.

Jeg skal ekki fara út í það að svo komnu máli, hvort hindra beri sölu jarðanna, en það er ekki fjarri sanni, að jeg mundi verða feginn, ef nægilegar ástæður fengjust fyrir því að neita sölunni. Jeg er sem sje fremur mótfallinn sölu þjóðjarða og kirkjujarða, og vil, ef unt er, ekki láta selja eina einustu, en þó síst af öllu slíkar jarðir sem þessar.

Af þessu verður sjeð, að ekki hefði þurft mikið til þess að fá mig til að neita sölu þessara jarða, ef það er á annað borð hægt vegna anda laganna.

Leiðin, sem farin hefir verið í þessu

máli, er nokkuð vafasöm. Þegar sem sje stjórninni er heimilað með lögum að selja allar þjóð- og kirkjujarðir, þá er það allóheppilegt að taka eina jörðina út úr og reyna að hefta sölu hennar með því að fá háttv. deild til þess að samþykkja þingsályktunartill. í þá átt. Bending til stjórnar, sem lítur eins á málið og sú stjórn, sem nú situr að völdum, hefði átt að vera nægileg, þótt ekki væri í slíku formi sem hjer.

Þar að auki hefði jeg búist við því, að háttv. flm. (S. S.) hefði spurt stjórnina, hvort henni fyndist ástæða til þess að taka þessa þingsályktunartill. til greina, því að þótt hún verði nú samþykt, þá gefur það að skilja, að með því er ekki hægt að neyða stjórnina til þess að breyta á móti lögunum.

Jeg álít því, að best sje að láta bæði málin fylgjast að, og að taka eina jörð út úr tel jeg viðurhlutavert.

Þórarinn Jónsson: Jeg sje engar líkur til þess, að málið verði nú tekið út af dagskrá, en jeg ætla samt að forðast að ræða mikið um jarðasöluna, heldur ætla jeg að athuga aðferðina, sem viðhöfð hefir verið í þessu máli, því að hún finst mjer allóviðfeldin.

Mjer líst sem sje ekki á það, að þótt einhverjar kvartanir komi til þingsins frá einstaka mönnum út af deilumálum heima í hjeraði, að það þá hlaupi upp til handa og fóta og samþykki þingsályktunartill. um eða út af slíku. Að þessu hefir það líka verið svo, að þegar þingið hefir gripið inn í framkvæmdir stjórnarinnar í jarðasölumálinu, þá hefir það ætíð verið gert með lögum frá þinginu; enda sýnist það engri átt ná að innleiða þá reglu, að banna eða heimila sölu á jörðum með þingsályktun frá annari deild þingsins.

Auk þess virðist mjer svo, að eitthvað persónulegt felist að baki þessu máli, og ætti þingið ekki að draga þess háttar mál inn til sín eða skifta sjer af þeim.

Jeg skal ekki um það segja, hvort sú jörð, sem hjer um ræðir, sje hentug eða vel fallin til að vera skólajörð, þótt því sje haldið fram af mótstöðumönnum sölunnar, sem æ og æfinlega er gert, hvort sem það á við eða ekki; jeg þekki staðhætti þar of lítið til að kveða upp slíkan dóm. En hitt veit jeg með vissu, að í þessu máli vantar ýmsar þær upplýsingar, sem nauðsynlegar eru áður en gengið er til atkvæða um till. nefndarinnar.

T. d. vantar upplýsingar um hin persónulegu atriði, sem að baki liggja málinu, hvort þau ekki beinlínis ranghverfa svo útliti þess, að ekkert sje á því að byggja, og svo vantar upplýsingar um það, hversu mikils virði jörðin myndi í raun og veru verða, ef þar yrði komið á þeim endurbótum, sem til standa. Því að það verð jeg að telja nauðsynlegt atriði, til þess að sennileg og sanngjörn virðing geti farið fram á jörðinni. Og þó að til mála kæmi að selja hana, myndi það ekki, af þessum ástæðum, geta orðið að svo stöddu.

Annars býst jeg við, að háttv. flm. (S. S.) og háttv. deild sjeu mjer sammála um það, að óhætt muni vera að vísa málinu til stjórnarinnar. Mönnum mun í minni, hver orð hún hefir haft hjer í deildinni um þetta mál og jarðasölumálið yfirleitt, þegar það hefir verið til umræðu á þinginu, og mun því engin hætta á, að hún hrapi að sölu slíkra jarða, sem hjer um ræðir, enda óhugsandi, að hún telji sig bundna við þingsál. frá annari deild þingsins í þessu efni.

Jeg vil því leyfa mjer að koma með svo felda rökstudda dagskrá:

Í fullu trausti þess, að landsstjórnin afli sjer ítarlegra upplýsinga í þessu máli, og að þeim fengnum leiði

það til lykta á þann hátt, er hún telur rjett vera, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Frsm. (Sigurður Sigurðsson): Út af ræðu hæstv. forsætisráðherra, þar sem hann talar um, að sú leið, sem við flutningsmenn höfum farið í þessu máli, sje ekki sem heppilegust, þá verð jeg að segja það, að jeg heyrði hann ekki benda á aðra leið heppilegri, er svo stendur á sem hjer.

Hæstv. forsætisráðherra gat þess, að stjórnin væri ekki skyldug að taka til greina þingsályktunartill., sem færi í bága við gildandi lög. Þetta má vel vera, en hins vegar er það alkunnugt, að stjórnin hefir kynokað sjer við að selja þjóðjarðir síðustu árin, og það gladdi mig að heyra, að hún skuli enn vera sama sinnis, því að jeg álít, að ekki beri að selja eina einustu þjóðjörð eða kirkjujörð, og síst slíkar jarðir, sem hjer um ræðir. En þegar leitað var til okkar þm. Árn. út af sölu Ólafsvalla, þá sáum við ekki aðra leið heppilegri til þess að snúa oss til stjórnarinnar en þingsályktunarleiðina, og því völdum við hana.

Auk þess hygg jeg, að þeir, sem að málinu stóðu, mundu ekki hafa verið ánægðir með, að við hefðum að eins snúið okkur til hæstv. forsætisráðherra og fengið hjá honum eitthvert vilyrði fyrir því, að salan yrði ekki látin fram fara. Jeg er ekki með þessum orðum að bera brigður á það, að stjórnin haldi loforð sín. En jeg tel rjettast að koma til dyranna eins og maður er klæddur og láta málið koma sem best í dagsljósið, en til þess sje jeg ekki aðra leið betri en þá, sem hjer hefir verið farin.

Hvað því viðvíkur, að hjer sje verið að taka einstaka jörð út úr, þá helgast það eingöngu af því, að um hana hefir verið beðið til kaups.

Það, sem háttv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) talaði sjerstaklega um í sinni ræðu, að eitthvað persónulegt lægi að baki málinu, sem þyrfti að koma í dagsljósið, þá er mjer með öllu ókunnugt um það, og fyrir mjer er áreiðanlega ekkert persónulegt í því. Það leiðir því af þessu, að hreinasti óþarfi er að fresta málinu, og legg jeg því á móti dagskránni.

Ekki ætla jeg mjer nú, fremur en áður, að svara háttv. 2. þm. Rang. (E. J.), því að þá mundi jeg neyðast til að fara að tala um mál, sem ekki er á dagskrá, en það tel jeg með öllu alveg óviðeigandi.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg skil ekki í því, hvers vegna háttv. flutningsmenn komu ekki fram með lagafrv., því að þingsályktunartill. er hjer mjög ófullnægjandi. Gerum ráð fyrir, að nú verði samþ. þingsályktunartill. sú, sem fyrir liggur, en eftir eitt eða tvö ár kann svo að koma beiðni frá sýslunefnd Árnessýslu um sölu á jörðinni, eða ný meðmæli með því, að hún verði seld, og yrði þá þingið að taka málið upp á ný. Svo ef fást ætti nokkur trygging fyrir því, að jörðin hjeldist í eigu landsins, þá hefði í stað þingsályktunartill. átt að koma hjer fram lagafrv., eins og háttv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) líka benti á. Annars sje jeg ekki ástæðu til að vera að deila um málið og eyða með því tíma þingsins til ónýtis.

Bjarni Jónsson: Háttv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) talaði um, að hann væri hlyntur sölu þjóðjarða, og skil jeg því vel afstöðu hans. En eins og mönnum er ef til vill kunnugt, þá er jeg á gagnstæðri skoðun. Jeg álít, að landið eigi ekki að selja jarðir sínar, og þó að jeg hafi stundum verið með því að selja þjóðjarðir, þá er það ekki af öðru en

því, að jeg hefi ekki viljað gera einum hærra undir höfði en öðrum af þeim, sem kaupa hafa æskt. Í þessu sambandi get jeg ekki leitt hjá mjer eina athugasemd. Það hefir verið færð sem ástæða móti sölunni, að einstakur maður vilji kaupa jörðina, en ekki fleiri menn eða fjelag. Slík ástæða er ljettvæg, því að mjer finst sama, hvort einn maður eða þúsund koma fram með málaleitun; sje málaleitunin rjettmæt, á hún að ganga fram, sje hún órjettmæt, á hún ekki að ganga fram. Sú málaleitun, sem hjer er farið fram á, er órjettmæt, af því að jörðin, sem hjer er um að ræða, er einhver mesta kostajörð, sem landið á, og hefir mörg skilyrði til þess að verða margfalt arðbærri eign í framtíðinni en hún er nú. Þess vegna á hún að verða áfram landsins eign. Það var ekki alls kostar rjett, sem sagt var hjer í deildinni, að vantaði skýrslu um framtíðarhag jarðarinnar. Eins og mönnum er kunnugt, hefir Alþingi veitt fje til áveitu úr Þjórsá yfir Skeiðin, einmitt mest um það svæði, sem heyrir undir þessa jörð; og má Alþingi hafa vitað, er það veitti slíkt fje, að framkvæmdirnar mundu leiða til stórmikilla bóta á jörðinni. Þingið hefði aldrei farið að veita fje þarna, hefði það ekki fyrirfram vitað, að það fje mundi margfaldlega ávaxtast, og það eitt ætti að vera nægileg ástæða til þess, að landið seldi aldrei jörðina. Jeg álít því engar skýrslur vanta hjer.

Jeg get ekki sjeð, að rjettara hefði verið að koma fram með frv. í þessu máli en þingsályktunartill., því að stjórnin hefir fult vald til að neita sölunni, þó að þingið ekki vilji; henni má því vera sama, í hvaða formi þingviljinn kemur fram. Hæstv. forsætisráðherra tók heldur í þann strenginn, að þingið hefði átt að gefa út lög um söluna, en jeg veit, að honum muni verða alveg nægilegt að fá þingviljann í þingsályktunartill.formi.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg vil að eins gera þá örstuttu athugasemd út af ræðu háttv. þm. Dala. (B. J.), að ef hjer er um þingvilja að ræða, þá hefði þessi till. átt að koma frá Alþingi, ekki að eins frá annari deildinni, heldur og hinni, því að engin vissa er fyrir, að hin deildin vildi fallast á það sama, svo að till. frá að eins annari deildinni getur ekki bundið stjórnina í þessu máli. Þetta hefir háttv. þm. Dala. (B. J.) ekki athugað, sem þó hefði átt að liggja honum nærri, úr því að hann fór að tala um vilja þingsins í þessu sambandi. Lagafrv. hefði því verið hjer heppilegra en þingsályktunartill., eins og jeg áður sagði.

Jón Jónsson: Það er eins ástatt um mig og háttv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.), að mjer finst ekki ástæða til þess, að háttv. deild samþ. þessa þingsályktunartillögu. Vjer höfum fyrir oss álit sýslunefndar Árnessýslu, og mjer finst sumir háttv. þm. fara nokkuð óvirðandi orðum um vilja hennar í þessu máli. Því að þótt sýslunefnd hafi áður verið á móti sölu á jörðinni, þá geta vel hafa komið fram nýjar ástæður í málinu, sem rjettlæta það fullkomlega, að henni hefir nú snúist hugur.

Eins verður að líta svo á, sem sýslunefnd álíti einhverja aðra jörð en þessa heppilega fyrir alþýðuskóla, enda er það líka játað í fylgiskjali því, sem prentað er með tillögunni, að sumt mæli fremur með Skálholti sem skólajörð. Skálholt virðist líka að mjög mörgu leyti heppilegri staður fyrir alþýðuskóla en Ólafsvellir, og má benda á, að þar var frægast skólasetur landsins um margar aldir.

Jeg held, að háttv. flutnm. (S. S.) hafi

gefið í skyn, að hætta væri á, að farið yrði að braska með jörðina, ef hún yrði seld.

Nefndin minnist ekki á þetta, og ástæður hennar eru, að því er mjer virðist, fremur veikar. En ef háttv. flutnm. (S. S.) hefir eitthvað fyrir sjer í þessu, þá er það gild ástæða. Að eins er það undarlegt, að sýslunefnd skuli þá hafa sjest yfir hana.

En nú vitum við, að stjórnin heldur fast í þjóðjarðirnar, selur þær ekki, nema það sje alveg sjálfsagt samkvæmt lögunum. Því virðist mjer tillaga þessi óþörf. Óparfi fyrir þingið að útiloka sölu þessarar jarðar, enda ekki svo gildar ástæður færðar fyrir tillögunni, að nauðsynlegt sje að taka í taumana. Þingið hefir jafnan sýnt sig fylgjandi þjóðjarðasölunni, og mun vera það enn. Gæti verið mótsögn í því að banna sölu þessarar jarðar, ef ekki eru alveg sjerstakar ástæður til þess. En þær liggja ekki fyrir. Því vil jeg láta stjórnina hafa veg og vanda af þessu máli.

Pjetur Jónsson: Mjer þótti undarlegt, hvernig hæstv. forsætisráðherra tók í þetta mál, því að mjer finst að honum ætti að vera það ljúft að vita vilja þingsins, sjerstaklega ef hann færi í sömu átt og stjórnarinnar. En vilji hennar er að selja ekki þjóðjarðir að svo komnu. Það hefir hún áður látið í ljós.

Hjer er verið að slægjast eftir jörð, sem er á áveitusvæði, sem landssjóður leggur mikið fje til. Jeg skil ekki í því, að nokkur þingmaður geti verið með því að selja nokkra þá jörð, sem landið hefir sjerstaklega tekið til þess að gera endurbætur á.

Jeg játa, að annar vegur gat verið viðkunnanlegri til þess að láta stjórnina vita vilja þingsins heldur en þessi þingsályktunartillaga. Og mjer finst beinasti og stysti vegurinn sá, að hæstv. forsætisráðherra lýsi hjer yfir því, að hann ætli sjer alls ekki að selja þessa jörð. Þá þarf ekki að samþykkja þessa áskorun. En það er sannast að segja, að þótt stjórnin sje á móti þjóðjarðasölu, þá er eðlilegt, að hún sje hikandi í því að framfylgja sinni eigin skoðun þar, eftir útreið þá, sem frv. stjórnarinnar í fyrra, um frestun á sölu þjóðjarða og kirkjujarða, fjekk hjer í þinginu.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg er fús til þess að svara fyrirspurnum þessu máli viðvíkjandi. Sjerstaklega hefði mjer verið kært, að nefndarálitin um hvorttveggja söluna, á Ólafsvöllum og Gaulverjabæ, hefðu verið lögð fram og rædd í einu. Þá hefði verið hægara að svara fyrirspurnum, sem að málinu lúta, í heild sinni. En nú hefir háttv. flm. (S. S.) lýst yfir því, að það þyddi ekki þótt stjórnin lýsti yfir vanþóknun sinni á þjóðjarðasölu, því að viðtakandi stjórn gæti virt stefnu fyrirrennara sins að vettugi og breytt öðruvísi. Annars fanst mjer háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) alt annað en ljós í ummælum sínum, þar sem hann talaði um, að stjórnin hefði verið hikandi í þjóðjarðasölumálinu. Hann ætti þó að muna, að í fyrra lagði stjórnin fyrir þingið frv. um frestun á þjóðjarðasölu, og var það ekki stjórnarinnar sök, að þingið feldi það frv. Stjórnin er alls ekkert hikandi í þessu máli, þótt jeg hins vegar búist við því, að hún telji sjer skylt að selja, ef einhverjar sjerstakar ástæður eru ekki fyrir hendi. Ef háttv. deild vill spyrja um eitthvað sjerstakt, er jeg fús til þess að svara.

Einar Jónsson: Háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) skaut því fram, að það ætti alls ekki við, að nokkur þm. gæti verið með því að selja jörð, sem landssjóður hefði

sjerstaklega lagt fram fje til þess að gera endurbætur á. En slíkt finst mjer engin ástæða. Ef þingið eða landsstjórnin sjer ástæðu til þess að styrkja eitthvert landssvæði, þá gerir hún það án þess að hafa það fyrir augum að taka sjerstök rjettindi einstakra manna í staðinn. Fjeð, sem fram er lagt, á að koma landsmönnum til góða, en ekki landsjóðnum, á annan hátt en þann, að tekjur hans aukast við aukin gæði lands.

Einar Arnórsson: Það er að eins örstutt athugasemd, sem jeg vildi koma með út af ræðu hæstv. forsætisráðherra. Mig hefir nefnilega furðað á því, hve skift hefir um í ræðum hans, en þær eru þegar orðnar fjórar í þessu máli. Mjer heyrðist fyrst, er hann talaði, að hann væri feginn því, ef háttv. deild fyndi nægilega ástæðu til þess að skora á stjórnina að neita sölunni, og feginn því, að þingsályktunartillagan kom fram, því að með því móti væri hann löglega afsakaður. Nú er það vitanlegt, að þingið var á alt annari skoðun en stjórnin í þjóðjarðasölumálinu í fyrra, þar sem það feldi frv. hennar um frestun á sölu þjóðjarða. Þetta vissi hæstv. stjórn fullvel, og vjer bjuggumst við því, að hún teldi sig því einmitt nú úr öllum vanda gagnvart kaupbeiðendum, ef þingsályktunartillaga sú, sem hjer liggur fyrir, yrði samþykt, teldi sig löglega afsakaða, bæði gagnvart hlutaðeigendum og þinginu. Og jeg geng líka að því vísu, að hæstv. stjórn taki þingsályktunartillöguna til greina, nema hún lýsi hjer beint yfir því, að hún geri það ekki. Menn vita, að sýslunefnd Árnessýslu hefir verið á mörgum áttum í málinu. Árið 1914 kom fram hjá henni ein skoðun í því, árið 1916 önnur og nú, árið 1918, sú þriðja, gagnstæð þeirri, sem uppi á teningnum var áður.

Það sýnist því valt að byggja mikið á áliti sýslunefndarinnar. Tillagan er, sem sagt var, komin fram til þess, að stjórnin standi betur að vígi um að neita um söluna, bæði gagnvart þingi, sýslunefnd og kaupbeiðendum. Þessa jörð er rangt að selja nú, og það á háttv. deild að láta stjórnina vita. En stjórnin er væntanlega einnig á sömu skoðun.

Forsætisráðherra (J. M.): Hv. 2. þm. Árn. (E. A.) var að finna að því, hve oft jeg hefði tekið til máls um þetta lítilfjörlega atriði. Það getur vel verið, en þess minnist jeg, að þegar þessi háttv. þm. (E. A.) sat í ráðherrasætinu, gerði hann hið sama. Jeg man, að hann svaraði þá einatt hverju atriði, sem til hans kasta kom, og jeg ámæli honum ekki fyrir það. Jeg bjóst sem sagt ekki við aðfinslu fyrir þetta. Auk þess furðaði mig á því, að sami háttv. þm. (E. A.) skyldi þurfa að snúa út úr orðum mínum. Jeg sagði aldrei, að jeg hefði orðið glaður er þingsályktunartillagan kom fram; þvert á móti taldi jeg hana óþarfa.

Einar Arnórsson: Að eins örstutt athugasemd. Það var hreinn misskilningur hjá hæstv. forsætisráðherra, að jeg væri að finna að því, hve oft hann hafi tekið til máls. Mjer hefir alls ekki dottið í hug að snupra hann fyrir það. Hann er því óþarflega hársár. Hitt er satt, að hann hefir tekið oft til máls, en jeg hefi ekkert við það að athuga.

Frsm. (Sigurður Sigurðsson): Örstutt athugasemd. Hæstv. forsætisráð-

herra hefir aftur ítrekað það, að þessi tillaga fengi að bíða eftir Gaulverjabæjartillögunni. Jeg sje enga ástæðu til þess. En hins vegar er honum óhætt að trúa því, að jeg legg engu minni áherslu á það, að Gaulverjabær sje ekki seldur. Hann þarf því ekki að ímynda sjer, að hjá mjer ráði neitt persónulegt í þessu máli, þótt jeg vilji láta samþ. tillögu þessa nú þegar. Jeg held, að frestun hennar yrði til þess að lengja umr. um hana enn meir en orðið er, og alt það verði endurtekið í umræðunum um Gaulverjabæ, sem sagt hefir verið hjer í dag.

Viðvíkjandi ræðu háttv. 1. þm. N.-M. (J. J.) skal jeg geta þess, að það er rjett, sem hann sagði, að jeg vjek að því í flutningsræðu minni, að hætta gæti verið á því, að þessi jörð, ef hún yrði seld, lenti í braskarahöndum. Sú skoðun mín hefir ekki breyst, enda þótt þess sje ekki sjerstaklega getið í nefndarálitinu. En þar er þessu ekki slept vegna þess, að nefndinni sje ekki ljóst, að sú hætta vofir jafnan yfir jörðum, sem seldar eru úr eigu þess opinbera. Svo að ef það ríður baggamunninn hjá honum, þá skal jeg skal taka það fram, að þessi hætta er ekki útilokuð. Því er honum óhætt að trúa.

Einhver gat þess, að sýslunefnd Árnesinga hefði leyft sölu á jörðinni 1914. Því máli var þannig farið, að Jón Bildfell frá Ameríku falaðist þá eftir jörðinni. Sýslunefndin samþykti þá að selja honum með því skilyrði, að hann setti þar upp fyrirmyndarbú og byggi þar síðan svo og svo mörg ár. Að eins með þessum skilyrðum vildi sýslunefndin selja honum. En svo kom aldrei til þess, að gengið væri að þessum skilyrðum, og varð því ekki af sölunni.

Þórarinn Jónsson: Háttv. frsm. (S. S.) gat þess, að það væri ekki rjett, sem jeg tók fram, að hjer myndi eitthvað persónulegt liggja á bak við. Hann ljet þess getið, að frá sinni hlið væri það ekki, og það getur líka verið rjett. En það horfir undarlega við, þegar maður sendir þingmönnum brjef og segir þar svo eða svo frá, en svo kemur annar maður og segir, að brjefritarinn vilji fá jörðina handa syni sínum o. s. frv. Hjer er eitthvað persónulegt, og býst jeg við, að það vaki fyrir fleirum en mjer. En það má vel segja, og er líklega skoðun háttv. frsm. (S. S.), að ekki sje mikið að marka álit sýslunefndar. En af því, að sýslunefnd hefir verið og er að lögum mikill aðili í málinu, get jeg ekki gengið fram hjá áliti hennar, er jeg legg það móti áliti eins manns. Og þótt hún sje nú komin á aðra skoðun en hún hafði áður, þá getur vel verið og er líklegast, að síðasta skoðun hennar sje hin rjetta, og bygð á því, að nú hafi hún fengið hinar bestu upplýsingar. Jeg held því, að ummæli mín um persónulegt atriði í málinu sjeu ekki ofmælt.

Háttv. þm. Dala. (B. J.) kvað á sama standa, hvort bygt væri á áliti eins eða fleiri, t. d. 100 manna, að eins að málsatriði væru rjett. Getur vel verið nokkuð í því, en þó getur ekki verið sama, hvort ræða er um álit eins eða hundrað manna, því að eftir því, sem fleiri menn sanna eitt atriði, verður að telja það ábyggilegra, og hvort málsatriðið er hjer rjett getur hann ekkert sagt um fremur en jeg. Taldi jeg því rjett að leita frekari upplýsinga og fresta sölunni. Og jörðin verður ekki heldur metin rjett fyr en sjeð verður, hve miklum umbótum hún getur tekið.

Jeg hefi nú heyrt, að sumir hv. þm., t. d. háttv. þm. S.-Þ. (P. J.), vilja gera sig ánægða með yfirlýsingu frá hæstv. forsætisráðherra. Þeir treysta þá stjórninni til að fara rjetta leið í málinu.

Geta þeir þá vel verið með dagskrártill. minni, og vona jeg því, að hún verði samþykt.

Benedikt Sveinsson: Mjer finst hreinn óþarfi að líta á þetta mál sem persónulegt mál. Það er kunnugt bæði um þessa jörð og hina, Gaulverjabæ, að þær eru höfuðból, hvor í sinni sveit. Báðar eru jarðirnar á áveitusvæðinu, sem landið leggur mikið fje í, og hvor jörðin fyrir sig er kostajörð og lang stærsta jörðin að hundraðatali í sinni sveit. Hjer á því alls ekki að metast um, hvort hjer vanti sönnunargögn fyrir einhverjum undirróðri, er á bak við liggi tillöguna, er hjer liggur fyrir. Tel jeg, að þingið geti vel lýst yfir því, af þeirri þekking, sem það hefir á jörðunum, að það vilji ekki láta selja þær, og skotið því til stjórnarinnar með þingsályktun að selja ekki.

Í 1. gr. kirkjujarðasölulaganna frá 16. nóv. 1907 er stjórninni veitt heimild til að selja ábúendum kirkjujarða ábýli sín, en í 2. gr. sömu laga er gerð sú undanþága að

> »Heimild þessi nær ekki til kirkjujarða þeirra, er prestar sitja á, eða að áliti sýslunefndar, þar sem jörðin liggur, eru hentugar til embættisseturs, fyrir skóla, sjúkrahæli eða til annara almenningsnota«.

Nú er það auðvitað um höfuðból þau, sem hjer um ræðir, að ef nokkur jörð eða jarðir í sýslunni er hentug til almennra nota, þá eru það þessar. Þarna hefir því stjórnin hreint og beint skyldu til að neita um kaup á jörðinni, samkvæmt »anda« eða tilætlun laganna. En samkvæmt bókstafnum á þetta að vera komið undir áliti sýslunefndar. Auðvitað er þetta sett í lögin vegna þess, að gert var ráð fyrir, að sýslunefndir stæðu vel að vígi til þess að dæma um þessi efni, og oft betur en landsstjórnin, er ætla mátti að síður þekti til í fjarlægum hjeruðum, — en tilætlun hefir engan veginn verið sú, að sýslunefndir hefðu neitt hæstarjettarvald í þessum efnum.

Nú er það kunnugt, að hjer hafa skoðanir sýslunefndar verið mjög á reiki, hún orðið margsaga, eða eins og háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) tók fram, látið frá sjer fara þrjú mismunandi álit með skömmu millibili. Yfirlýsing sýslunefndar verður því ekki að miklu hafandi. Þingið verður að byggja á eiginni þekkingu, enda er það engin vorkunn, því að jarðirnar eru báðar alkunnar. Og það hlýtur að verða þyngra á metunum, hvernig jarðirnar eru í raun og veru, heldur en hvað sýslunefnd segir um þær í hvert sinn. Jeg verð að líta svo á, að samkvæmt anda laganna hafi stjórnin hreint og beint enga heimild til að selja þessa jörð.

Háttv. 2. þm. Rang. (E. J.) vildi gera mun á ábúendum þessara jarða, þar sem annar væri hættur búskap, en hinn ungur og áhugasamur framkvæmdamaður. Skal jeg ekkert fara út í þá sálma, því að það tel jeg þinginu aukaatriði. Aðalatriðið er, að þingið vill ekki selja höfuðból á Suðurlandsundirlendinu, þar sem verið er að gera stórar umbætur á alþjóðarkostnað.

Þar sem háttv. 2. þm. Rang. (E. J.) talaði um, að ekki þyrfti nema eitt alþýðuskólasetur austanfjalls og því nóg, að landssjóður hjeldi eftir að eins einu höfuðbóli í eign sinni, þá voru þau ummæli hans mest út loftið. Fyrst og fremst er þess að gæta, að hjer gæti verið um fleiri skóla að ræða en lýðskóla eða alþýðuskóla, því að víða hefir verið synjað um sölu á opinberum jarðeignum, af því að þar væri hentugt setur fyrir barnaskóla. En í öðru lagi er hvor-

tveggja jörðin á margan annan veg til þess fallin að koma til almenningsnota. T. d. mætti setja þar upp fyrirmyndarbú eða kynbótabú, eða einhver önnur fyrirtæki til fremdar landbúnaði eða annari menningu landsins. Er þá betra, að landið eigi slíka jörð, í stað þess að þurfa ef til vill að kaupa slíka jörð, er til kæmi, af einstökum mönnum dýrum dómum. Það er verið að tala um að setja lýðskóla á stofn í Skálholti. Hvað myndi sú jörð kosta? (**E. J.** og **S. S.**: Hún fæst ekki!). Hún myndi líklega kosta 100—200 þúsundir króna. Væri það því hinn mesti barnaskapur, ef þingið ljeti nokkurt tækifæri ónotað til þess að stemma stigu við sölu helstu höfuðbólanna í blómahjeruðum landsins. Vil jeg því samþykkja þessa þingsályktunartill. heldur en dagskrána. Þótt jeg viti, að núverandi stjórn sje andvíg sölu þjóðjarða og kirkjujarða, þá er hins að gæta, að ef svo færi, að þessari stjórn yrði steypt, þá er engin trygging fyrir því, að næsta stjórn liti líkt á málið, eða vildi efna þau loforð, er fyrirrennarar hennar gæfu, ef þau færu í bág við skoðanir hennar á efni málsins. Tel jeg því rjett að samþykkja till. háttv. þm. Árn. (S. S. og E. A.). Hún er ótvírætt og ákveðið form á neitun þingsins, og skora jeg því á deildina að fella dagskrána, en samþykkja þingsályktunartill. þá, er hjer liggur fyrir.

Forseti: Hjer hefir komið fram till. um að taka málið út af dagskrá, en um það er ágreiningur, þar sem flutningsmaður er á móti því. Mun jeg því leita atkvæða deildarinnar.

ATKVGR.

Felt með 19 : 3 atkv. að taka málið af dagskrá.

Rökstudda dagskráin frá 1. þm. Húnv., Þór. J., (sjá A. 42) feld með 16 : 4 atkv.

Tillgr. samþ. með 23 : 2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli,og sögðu

já: E. Árna., E. J, G. Sv., H. K., J. B., M. G., M. P., M. Ó., P. J., P. O., P. Þ., S. S., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., B. Sv, B. J., B. K., B. St., E. A., Ó. B.

nei: J. J., Þór. J.

J. M. greiddi ekki atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem

ályktun neðri deildar Alþingis.

(Sjá A. 31).

---

2. Landsbankaútibú á Siglufirði.

Á 6. fundi í Nd, laugardaginn 20. apríl, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um að skora á landsstjórnina að hlutast til um, að sett verði á stofn á Siglufirði útibú frá Landsbanka Islands (A. 18).

Á 8. fundi í Nd., þriðjudaginn 23. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

A 9. fundi í Nd., miðvikudaginn 24. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Stefán Stefánsson): Till. þessi, sem vjer flutningsmenn nú berum fram, er flutt samkvæmt einróma ósk þeirra manna á Siglufirði, sem verslun og útveg stunda þar. Skjöl frá kaupmanna- og verslunarmannafjelagi

Siglufjarðar hafa legið frammi á lestrarsal Alþingis nú fyrirfarandi daga, og sýna þau skjöl ljósast, hve brýn þörf er á því, að þetta mál nái fram að ganga; annars ætti ekki að þurfa að lýsa því, hver nauðsyn er á bankaútibúi í öðrum eins útvegs- og atvinnurekstrarbæ eins og Siglufjörður er; þar mun sjávarútvegur vera rekinn í stærri stíl en jafnvel á nokkrum öðrum stað á landinu, og því bæði viðskifta- og peningavelta afarmikil. Bankaútibú er því eitt með fyrstu lífsskilyrðum fyrir Siglufjörð, eigi hann að geta notið sín sem hinn allra besti útvegsstaður á Norðurlandi og um leið verið mikill og hagkvæmur verslunarbær. Að vísu eru tvö bankaútibú á Akureyri, en þau eru í svo mikilli fjarlægð, að mjög oft kostar stórfje að ná til þeirra, og dæmi eru til þess, að það hefir kostað hlutaðeigandi fleiri hundruð krónur að fá einn víxil á Akureyri. Þetta er og í sjálfu sjer eðlilegt, því að liggi manni á Siglufirði á peningum eða öðru því, sem leita þarf með til útibúanna á Akureyri, er oft ekki annað fyrir hann að gera en að senda þangað skip eða mótorbát, og geta allir gert sjer í hugarlund, hvað slíkt muni kosta, einkum þegar taka þarf skipin svo að segja af fiskimiðunum, og aflatjón bætist ofan á annan kostnað við þessar ferðir. Það sjá því allir, að hjer er brýn nauðsyn til umbóta.

Kaupmannafjelag Siglufjarðar hefir rjettilega bent á það í skjali sínu, að samkvæmt verslunarskýrslum, útgefnum af hagstofunni í Reykjavík fyrir árið 1914, þá sje Siglufjörður þriðji verslunarstaðurinn í röðinni að verslunarmagni; að eins Reykjavík og Akureyri eru hærri. Síðan Landsbankinn komst á fót, 1885, hafa að eins þrjú útibú verið sett á stofn frá honum. Hygg jeg, að árið 1885 hafi menn ekki gert sjer í hugarlund, að svona seint gengi að fjölga útibúunum, eins og raun hefir á orðið. Er það von mín, að bankastjórnin taki nú upp aðra stefnu og sýni meiri áhuga en verið hefir um fjölgun útibúa, og á þá Siglufjörður að sjálfsögðu að verða næstur í röðinni. Því að þótt sjerstaklega hafi verið gert ráð fyrir útibúum á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði í upphafi, þá finst mjer, að ekki verði gengið fram því, að Siglufjörður er ómótmælanlega þriðji mesti kaupsýslustaðurinn á landinu. Það sýna verslunarskýrslurnar, eins og áður er bent á. Og hvar er þörf fyrir bankaútibú, ef ekki á slíkum stað?

Það er bent á það í fundarályktun Kaupmannafjelags Siglufjarðar, að það mundi vera hægt að fá útlendinga til þess að leggja fje í að koma »privat«-banka á fót þar á staðnum, en við eigum ekki að láta útlendinga komast þar að fyr en það er fullsannað, að Landsbankinn vilji ekki eða geti ekki stofnað útibúið. En það vona jeg að reynslan sýni ekki, heldur sjái bankinn bæði sóma sinn og hag í því, að koma þar á fót útibúi, en láti ekki útlenda stóreignamenn fleyta rjómann af þeirri peningastofnun, er þarna hlýtur að rísa upp nú á næstu tímum. Vil jeg svo að lokum leggja til, að umr. um málið verði frestað og því vísað til allsherjarnefndar.

Pjetur Jónsson: Jeg er meðmæltur því, að útibúum sje fjölgað, eftir því sem kringumstæður leyfa, og lít svo á, að Landsbankinn hafi farið of hægt í því hingað til og horft helst til mikið í kostnað, sem af því leiddi. Það er mjög sennilegt, að Siglufjörður standi mjög nærri, þegar um það er að ræða, hvar næst skuli setja útibú á stofn. Hins vegar álít jeg, að viðskiftaveltan á Siglufirði, þegar hún er sem mest, en

það er stuttan tíma árs, sje hverju litlu útibúi ofvaxin. Og það er nú svo um þingsályktunartill. þessa, að hún þarf að athugast rækilega, að minu áliti, áður en hún fær fram að ganga.

Það er nýbúið að setja á stofn tvö útibú frá Landsbankanum fyrir áskoranir Alþingis, og tvær eða þrjár þingsályktunartill. liggja nú frammi um stofnun nýrra útibúa. Mjer sýnist þessu útbúamáli í óefni stefnt, ef Alþingi tekur það svona í smábútum, eftir því sem að berst, og vill þrýsta bankanum til þess að stofna útibú svona nokkuð holt og bolt, eftir því sem menn hafa dugnað til að ota fram sínum tota. Það er vitanlegt, að það fer nokkuð eftir kappgirni manna og árvekni þingsins, hverjir eru framgjarnastir í því að bera fram till. um þetta og hitt vegna kjördæma sinna. Mjer finst útibúamálið vera svo lagað, eins og mörg fleiri, að það þurfi að takast til rækilegrar íhugunar í heild. Jeg vil því skjóta því til allsherjarnefndar að athuga alt þetta útibúamál í heild sinni. Jeg geri enn fremur ráð fyrir, að málið þurfi að ræða við bankastjórnina, og kæmi mjer ekki á óvart, þótt bæði henni og fleirum fyndist óheppilegur timi nú til þess að leggja fram fje til nýrra útibúa. En jeg get verið sammála háttv. flm. (St. St.) um það að ýta undir, að útibúamálinu sje haldið vakandi.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) tók af mjer ómakið með sumt af því, sem jeg vildi sagt hafa um þingsályktunartill. þá, sem hjer er fram komin. Nú stendur svo á, að einmitt í dag er til umr. þingsályktunartill. í Ed., um að setja á stofn útibú frá Landsbankanum í Vestmannaeyjum. Má ganga að því vísu, að allgóð rök verði færð fyrir nauðsyn slíkrar stofnunar þar. Vitaskuld er í lögum Landsbankans gert ráð fyrir því, að bankinn komi á fót útibúum, jafnvel á sem flestum stöðum, þar sem brýn þörf er til, og eftir því sem ástæður hans leyfa, enda geri jeg ráð fyrir, að bankastjórnin sje fús til þess, eftir því sem hún best getur; en nú hefir á þessu ári verið stofnuð útibú á Eskifirði, og í Árnessýslu kemst útibú væntanlega á stofn einnig á þessu ári.

Ef lengra skal fara í þessu efni þegar í stað, vil jeg taka undir með síðasta ræðumanni (P. J.), að þingið íhugi nákvæmlega, hvort þörfin sje mjög brýn fyrir fleiri útibú nú þegar. Sjálfsagt má benda á fleiri staði en þá áðurnefndu, þar sem útibús þyrfti með; vil jeg þá sjerstaklega nefna hjeruðin, sem liggja að Breiðafirði og Húnaflóa, sem eru fjölbygð og eiga vafalaust mikla framtíð fyrir höndum, og á báðum þessum stöðum eiga 3 sýslufjelög hlut að máli.

Það er ekki svo að skilja, að jeg vilji mæla á móti því, að Siglufjörður og Vestmannaeyjar fái útibú, en jeg veit, að peningar Landsbankans eru talsvert bundnir við lán vegna dýrtíðarinnar, og vil leggja áherslu á, að öll varfærni sje viðhöfð í þessu máli, eins og nú standa sakir. Vil jeg leggja til, að málinu sje vísað til fjárhagsnefndar, en ekki allsherjarnefndar; tel það heppilegra.

Flm. (Stefán Stefánsson): Jeg get verið þakklátur hæstv. atvinnumálaráðherra fyrir undirtektir hans í þessu máli, og engu síður háttv. þm. S.-Þ. (P. J.), sem kannaðist þegar við, að þörfin fyrir útibú á Siglufirði mundi vera svo mikil, að jafnvel eitt útibú mundi ekki fullnægja þörfinni. Það er því síst að ófyrirsynju, að Siglufjörður fer af stað og biður um útibú. Þörfin og kvörtunin fara hjer saman, og má nú öllum

vera það ljóst, hversu eðlilegt það er, að Siglufjörður þurfi að hafa bæði þetta og fleira út af fyrir sig.

Í greinargerð þeirri með frv., sem jeg drap á í fyrri ræðu minni, er áætlað, að útfluttar og innfluttar vörur frá og til Siglufjarðar muni að heimsstyrjöldinni lokinni nema ca. 9 miljónum króna á ári. Þetta mun engan veginn of í lagt, og geta háttv. þm. sjálfir sannfært sig um, að þeir póstar í áætluninni, sem mestu varða, sjeu mjög sennilega áætlaðir. En sá staður, sem hefir viðskiftaveltu, verslun og útveg upp á nær 9 miljónir króna, þarf auðsjáanlega að hafa peningastofnun, eins og jeg hefi margtekið fram, og slíkt má ekki dragast. Jeg þekki ekki, hversu brýn þörf bankaútibús er í Vestmannaeyjum, en þó er mjer næst að halda, að þörfin sje þar engu meiri en á Siglufirði.

Það gleður mig að heyra frá hæstv. stjórn, að bankastjórn Landsbankans sje fús til þess að setja á stofn útibú. Sje svo, þá er bankastjórninni að fara fram, því að ekki hefir hún verið fikin í fjölgun útibúanna undanfarið. En þar sem þessi heppilega stefnubreyting bankastjórnarinnar hefir orðið, þá treysti jeg henni nú til þess að vera svo viðsýn, að sjá, að Siglufjörður á að vera næstur í röðinni með að fá útibú.

Á síðasta þingi var málum þeim, sem bankana snerti, vísað til allsherjarnefndar, og vil jeg, að sama sje nú, enda flestir þeir sömu í allsherjarnefnd og í fyrra. Held jeg því fast við fyrri till. mína, um að málinu verði vísað til allsherjarnefndar.

ATKVGR.

Till. vísað til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 541) með 14:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. G., M. Ó., S. S., S. St., St. St., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. St., E. A., E. Árna., G. Sv., H. K., Ó. B.

nei: J. J., J. M., J. B., M. P., P. J., P. O., P. Þ., Sv. Ó., B. Sv., B. J., B. K., E. J.

Umr. frestað.

Á 20. fundi í Nd., laugardaginn 11. maí, var framhaldið einni umr. um till. (A. 18, n. 64).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með öllum gr. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. afgr. til Ed.

Á 17. fundi í Ed., mánudaginn 13. maí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um að skora á landsstjórnina að hlutast til um, að sett verði á stofn á Siglufirði útibú frá Landsbanka Islands,

eins og hún var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 104).

Á 18. fundi í Ed., þriðjudaginn 14. maí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 19. fundi í Ed., miðvikudaginn 15. maí, var till. tekin til einnar umr.

Karl Einarsson: Jeg leyfi mjer að stinga upp á því, að umr. verði frestað og málinu vísað til allsherjarnefndar.

ATKVGR.

Till. vísað til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 537) í e. hlj.

Umr. frestað.

Á 22. fundi í Ed, laugardaginn 18. maí, var framhaldið einni umr. um till. (A. 104, n. 158).

Frsm. (Guðjón Guðlaugsson): Um þetta mál er fátt að segja. Er það samskonar mál og verið hefir nýlega fyrir deildinni um útibú í Vestmannaeyjum. Nefndin, eða nokkur hluti hennar, er sömu skoðunar og áður, að vafasamt sje, hvort þingið eigi að vera að blanda sjer í þessi mál. En þar sem búið er að samþykkja fleiri till. um útibúastofnanir, leit nefndin svo á, að ef þessi till. væri feld, mundi Siglufjörður gjalda þess, að þingið vildi ekki gefa honum meðmæli sín. Þar sem því nefndin álítur, að bankaútibú sje nauðsynlegt á þessum stað, gerir hún það að till. sinni, að till. verði samþykt.

Eins vil jeg geta, þótt ekki sje víst um, að það verði tekið til greina. Nefndin leggur til, að till. verði samþ. eins og hún er, óbreytt, en þó er hún að einu leyti í ósamræmi við till., sem samþykt var um daginn, um útibú í Vestmannaeyjum, því að þar stóð »útbú«, en hjer stendur »útibú«. Vildi jeg helst óska þess, að þetta verði skoðað sem prentvilla í þessari till.

Karl Einarsson: Jeg skal geta þess, að það er gert með vilja að nota orðið »útibú« í till. Áleit allsherjarnefnd neðri deildar það engu verra mál.

Forseti: Vegna skýringa, sem fram hafa komið, tel jeg mjer ekki fært að skoða orðið »útibú« sem prentvillu, eins og óskað hefir verið.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem

ályktun Alþingis.

(Sjá A. 177).

---

3. Sauðfjárbaðlyf.

Á 18. fundi í Nd., miðvikudaginn 8. maí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um sauðfjárbaðlyf (A. 74).

Á 19. fundi í Nd., föstudaginn 10. maí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 20. fundi í Nd., laugardaginn 11. maí, var till. tekin til einnar umr. (A. 74).

Flm. (Þórarinn Jónsson): Eins og háttv. deildarmönnum er kunnugt, hefir allvíða orðið vart við fjárkláða síðan útrýmingarböðunin fór fram. Í sumum hjeruðum eru svo mikil brögð að þessu, að sýslunefndir æskja þess, að almenn útrýmingarböðun fari fram þegar á þessu ári. Þannig er því varið í Austur-Húnavatnssýslu. Sýslufundur þar samþykti áskorun í þessa átt. Jeg hefi leitað upplýsinga um þetta mál, bæði hjá atvinnumálaráðherranum og hjá dýralæknunum, og hafa þeir fært ástæður fyrir því, að telja megi ómögu-

legt að láta útrýmingarböðun fara fram að svo stöddu. Ástæðurnar eru aðallega þær, að ómögulegt er að fá baðlyf frá útlöndum nægilegt til tvíböðunar á öllu sauðfje landsins, og þótt það fengist, þá yrði kostnaðurinn svo gífurlegur, að sjálfsagt væri að taka það til athugunar, hvort ekki mætti finna einhver ráð til að halda kláðanum niðri þangað til eitthvað hægist um með framkvæmdir á útrýmingarbaði. Nú er reynsla fyrir því, að hægt er að halda kláðanum nokkuð niðri og varna útbreiðslu hans með venjulegum þrifaböðum. Og þótt ekki sje líklegt, að kláðinn verði læknaður eða honum útrýmt með þeim, þá er till. til þess fram komin, að vekja athygli landsstjórnarinnar á því að gera einhverjar ráðstafanir í þá átt, að reynt verði, sem kostur er á, að verjast frekari útbreiðslu kláðans, þar til útrýmingarbað gæti farið fram.

Fyrri hluti till. fer fram á það, að stjórnin sjái um, að nægileg baðlyf til þrifabaða næsta haust verði komin til landsins fyrir ágústmánaðarlok. Hefir það þá þýðingu, að baðlyfin komist kringum landið svo snemma, að baðað verði, þess vegna, á hinum lögskipaða tíma. Síðastliðið haust kom baðlyfið svo seint, að baðanir urðu mjög óreglulegar, og sumstaðar dróst það fram eftir öllum vetri að baða fjeð. Með því móti kemur þrifaböðun að litlu haldi, sjerstaklega þegar ekki er baðað samtímis á þeim bæjum, sem eiga samliggjandi beitarlönd. Þessi dráttur á komu baðlyfsins síðastliðið ár stafaði af því, hve skipaferðir voru litlar og óvissar. Nú eru strandferðir svo ákveðnar, að ef baðlyfið er komið til Reykjavíkur í lok ágústmánaðar, þá getur það komist út um alt land fyrir þann tíma, sem böðun ætti að fara fram. Landsstjórnin telur líklegt, að hægt verði að fullnægja þessari ályktun.

Í öðru lagi fer till. fram á, að sjeð sje um, að nánara eftirlit sje haft með böðununum en nú á sjer stað. I lögum um sauðfjárbaðanir frá 10. nóv. 1913 er svo fyrirskipað, að hreppsnefndir skuli sjá um, að baðað sje innan þess tímatakmarks, sem lögin ákveða. Sumar hreppsnefndir framfylgja vafalaust þessu ákvæði, en mjer mun óhætt að segja, að þær gera það ekki allar. Reglugerðin um sauðfjárbaðanir frá 16. okt. 1914 er að eins um, hver baðlyf skuli nota og hvernig eigi að nota þau, en ekki þannig, að stjórnin skifti sjer neitt af því, hvernig fyrirmælunum að öðru leyti er framfylgt. Það, sem mestu varðar, er, að böðun fari fram á sama tíma á öllu því svæði, sem hættast er við að sauðfje gangi saman á. Þótt ekki verði með þessu móti hægt að útrýma fjárkláðanum, þá ætti að mega halda honum niðri til þess, er hentugur tími fæst til útrýmingar. Jeg vænti þess, að hæstv. atvinnumálaráðherra taki þessu vel og hlutist til um, að gerðar verði ráðstafanir til, að baðanir fari fram á sem líkustum tíma og sem reglulegast, svo að þær geti komið að sem bestu haldi.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg álít ekki ófyrirsynju, að reynt sje að hefta vaxandi útbreiðslu fjárkláðans, sem, eins og háttv. tillögumaður (Þór. J.) hefir bent á, á sjer stað víða um bygðir þessa lands, án þess að rönd verði við reist. Stjórnin hefir lagt sig í framkróka um það, að baðlyf verði útveguð, ekki á þann hátt, að hún hafi sjálf gert kaup á þeim til innflutnings, heldur með því að útvega kaupmönnum útflutningsleyfi á þeim þaðan, sem þau eru helst að fá, en það er, eins og

kunnugt er, í Bretlandi. Það hefir gengið mjög stirt að fá þetta útflutningsleyfi þar. Bretar hafa hreyft við skilyrðum, sem tæplega getur komið til mála að ganga að. En út í það mál ætla jeg ekki að fara að þessu sinni. Samt virðast líkur til, að hægt verði að útvega baðlyf á þessu ári, þó ekki svo mikil, að til útrýmingarböðunar verði hugsað. Til þess þarf tvær baðanir og því helmingi meira baðlyf. Stjórninni er ljúft að verða við áskorun till., og hún vill stuðla að því eftir megni, að þrifabaðanir geti farið fram, en hún getur ekki ábyrgst, að svo geti orðið, ef einhver ófyrirsjáanleg aðflutningsteppa yrði því til fyrirstöðu, að baðlyf kæmust til landsins í tæka tíð.

Að því er snertir 2. lið till., þá er stjórnin fús til að koma fram með þær áskoranir, sem þar ræðir um, sjerstaklega um það, að baðað sje samtímis á svæðum, sem saman liggja. Mjer er kunnugt um það, að um þetta atriði er víða lítið hirt. Af hálfu hreppsnefndanna er eftirlitið líka alt of lítið. Hver baðar þegar hentugleikar hans leyfa, og í sumum sveitum getur staðið á fjárböðunum vikum og enda mánuðum saman. Mín sannfæring er það — og sú sannfæring er bygð á reynslu — að halda megi fjárkláðanum í skefjum með vandlega framkvæmdum þrifaböðunum eftir föstum reglum. Lengra verður varla haldið í þessu efni í bráð, en ef þetta er gert og því gaumur gefinn, að sem best og reglulegast sje að verki verið, þá er það mikil bót frá því, sem nú hefir verið um hríð.

Sigurður Sigurðsson: Það var nú ekki margt eða mikið, sem jeg vildi sagt hafa. Jeg vil eindregið samþ. þessa till. á þgskj. 74, frá þeim háttv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) og háttv. þm. Borgf. (P. O.), og tel jeg, að hún geti orðið að einhverju liði í þessu efni. Annars hefi jeg ekki trú á því, þótt horfið væri að því ráði að baða alt fje landsins til að útrýma fjárkláða, að það muni hepnast til fulls. En hins vegar lít jeg svo á, að með núgildandi löggjöf, bæði lögum um böðun sauðfjár og lögum nr. 40, 8. nóv. 1901, um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi, megi takast að halda kláðanum í skefjum, svo að hann geti ekki gert tilfinnanlegt tjón. En gallinn er oft sá, að þar, sem kláða verður vart, er hann ekki ætíð tekinn nógu föstum tökum. Heimildum þeim, sem löggjöfin veitir, er ekki beitt, og því ekki gert nægilega mikið til að tryggja það, að fjeð sje baðað. Og það er ekki nóg að baða að eins á þeim bæ eða bæjum, er kláðans verður vart, heldur þarf þá einnig að baða fjeð í þeirri sveit eða sveitum, sem kláðinn hefir gert vart við sig í. Í stuttu máli, mjer finst sem þarna hafi stjórnarvöldin, æðri sem lægri, ekki beitt sjer nógu vel til að hefta útbreiðslu veikinnar, þar sem hennar hefir orðið vart. Jeg er sannfærður um, að ef menn framfylgja vel núgildandi kláðalöggjöf, þá þarf í engu að óttast, að kláðinn geri verulegt tjón. En henni verður ekki framfylgt nema þeir, sem settir eru til eftirlits með framkvæmdum laganna, geri skyldu sína. Vona jeg, að till. þessi stuðli að því, og mun því greiða henni atkv.

Einar Jónsson: Jeg skal fyrst taka það fram, að fyrri lið þessarar till. er jeg með öllu samþ. Hjer er að ræða um eitt af því, sem landsstjórnin á að sjá fyrir, og er ekki nema rjett að herða á henni með hyggilegar framkvæmdir á sem flestum sviðum.

En við 2. lið hefi jeg dálítið að athuga. Hjer er tekið svo til orða, að »tryggilegt eftirlit skuli haft með böðun-

um á sauðfje, og að þær fari, eftir því sem kostur er á, samtímis fram á þeim svæðum, þar sem samgöngur eru tíðar«. Nú eru til lög um sauðfjárbaðanir, og veit jeg eigi annað en að þeim sje nokkurn veginn hlýtt; skoða því þennan lið till. óþarfan. En jeg óska upplýsinga um, hvort hjer eigi að setja upp sjerstakt stjórnarráð til umsjónar, og ef svo er, mun jeg vera á móti því. Heldur ekki er jeg því sammála, að þeim orðum verði stranglega framfylgt, að baða samtímis á þeim svæðum, sem hafa góðar samgöngur. Það yrði lítt framkvæmanlegt og óþægilegt fyrir bændur, því að oft mun standa svo á, að bónda sje ekki fært að gera það í dag, sem hann á hægt með að gera á morgun, og »omvendt«. Þess vegna tel jeg þetta ekki heppilega fyrirskipun. Vil jeg nú að eins biðja háttv. flm. (Þór. J.) að segja mjer, hvað þessi síðari liður á að þýða og hvernig skilja beri starf hinna nýju eftirlitsmanna.

Flm. (Þórarinn Jónsson): Jeg get verið hæstv. atvinnumálaráðherra þakklátur fyrir undirtektir hans og þykist mega treysta því, að hann muni gera hvað hann megnar til að útvega nægileg baðlyf handa landsmönnum.

Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) tók það fram, að vjer hefðum lög, og ef þeim væri framfylgt, gætum vjer haldið kláðanum algerlega niðri. Á annari skoðun eru margir aðrir, og þar á meðal dýralæknir landsins. Hann telur alómögulegt að halda kláðanum algerlega niðri með þrifaböðum, þótt lögunum sje framfylgt til fulls, þar sem ómögulegt sje að drepa mauraeggin með einu þrifabaði. Þetta hefir reynslan líka sannað.

Sami háttv. þm. (S. S.) sagði, að ekki væri tekið nógu föstum tökum á kláðanum, þar sem hann kæmi upp. Um það má sjálfsagt segja margt misjafnt, en eftir orðum dýralæknis telur hann það þýðingarlaust að taka fyrir stærri svæði. Jeg verð nú að álíta, að þar sem skoðun hans staðfestist af reynslunni, verði að trúa henni. En meðan svo stendur sem nú er ómögulegt að taka upp útrýmingarböðun. En því trúi jeg, að með góðu eftirliti og þrifaböðum megi takast að hefta nokkuð útbreiðslu kláðans, og það á þingsályktunartill. að vinna.

Háttv. 2. þm. Rang. (E. J.) tók það fram, að hann væri samþykkur fyrri hluta till., en síðari liðinn hefði hann ekki getað skilið. Sagði hann, að bændur hlýddu öllum þessum lögum. Jeg veit nú ekki, hve langt sú hlýðni nær, og hann víst ekki heldur, enda mun hann telja nægilegt, að nafninu sje komið á. Hann spurði, hvaða þýðingu þetta eftirlit hefði. Hreppsnefndir eru skyldugar að hafa eftirlit með böðunum, að þær sjeu framkvæmdar á löglegum tíma og að baðlyfjablöndun sje rjett, en þetta trassa þær sumstaðar, og af því leiðir það, að þrifaböðin verða ónýt. Og enn er nýtt atriði í tillögunni. Þar er verið að biðja stjórnina að brýna fyrir hreppsnefndum að hafa gát á, að þar sem samgöngur sjeu tíðar, þurfi böðunin að fara fram sem mest samtímis, vegna þess, að besta ráðið til þess að forða fjárkláðanum er, að samgöngur sjeu engar eða sem minstar milli baðaðs fjár og óbaðaðs.

Tillaga þessi ber það því bersýnilega með sjer, að stjórninni er að eins ætlað að brýna það sem rækilegast fyrir bæjar- og sveitarstjórnum, að þær ræki sem tryggilegast það eftirlit, sem þær lögum samkvæmt eru skyldugur að hafa með sauðfjárböðunum. Hjer er því ekki ætlast til þess að skipa aðra sjerstaka eft-

irlitsmenn en þá, sem þegar ættu að vera til í hverjum hreppi, ef hreppsnefndir hefðu gegnt skyldu sinni.

Einar Jónsson: Að eins örstutt athugasemd. Jeg hefi ekkert að athuga við ræðu háttv. flm. (Þór. J.). Hann var sanngjarn, sem honum er lagið. En jeg sje ekki, til hvers það er að samþykkja tillögu um tryggilegt eftirlit, þegar ekkert er meint með því, annað en það, sem menn hafa áður verið skyldaðir til. Þá er betra að fella það atriði niður í þessari tillögu. Allar endurtekningar eru óþarfar og hvumleiðar, ekki síst í lögum.

Hákon Kristófersson: Jeg get fallist í öllum aðalatriðum á það, sem háttv. flutnm. till. (Þór. J.) hefir sagt. Till. fer í rjetta átt, og er því má ske hugsanlegt, að bót sje að því, að hún nái fram að ganga. En hins vegar fæ jeg ekki sjeð, að síðari liðurinn, þótt sam þyktur verði, geri neitt tryggara. Skoðun mín er sú, að aðalástæðan fyrir því, hve illa þessum lögum er framfylgt, sje kæruleysi og ólöghlýðni þeirra, er eftirlitið eiga að hafa lögum samkvæmt. Vera má, að ýmsar orsakir mætti fleiri nefna, en eftir minni þekkingu og kunnugleika á þessu máli mun þetta vera aðalatriðið.

Tryggilegt verður eftirlitið ekki fyr en ákveðinn maður sjer um böðun á hverjum bæ, eins og átti sjer stað þegar hin almenna útrýmingarböðun fór fram. Þótt þetta sje í sjálfu sjer mikið nauðsynjamál, bæði fyrir einstaklingana og landið í heild sinni, þá líta menn svo sljólega á þessa löggjöf, að jafnvel heilar sveitir hafa skotið sjer undan að framfylgja henni. Vera má, að nokkru hafi valdið þar um, að baðlyf hafi ekki fengist, en líka mun hafa valdið nokkru sá trassaskapur, að menn hafi ekki útvegað sjer þau í tíma.

Þrátt fyrir það, þótt jeg búist við að samþykkja tillöguna, hefði jeg þó kosið, að betur hefði verið að orðið kveðið um þetta tryggilega eftirlit, svo að ekki yrði hjá því komist. Jeg hefi litið svo á, og lít svo á enn, og mun líta svo á, að hreppsnefndir einar hafi ekki skyldu til þess að hafa eftirlit með sauðfjárböðunum, heldur einnig hreppstjórarnir. En þar, sem hreppsnefnd og hreppstjóri vinna saman, býst jeg við, að lögunum verði betur fylgt En ef báðir þessir aðiljar eru kærulausir um, að lögunum sje hlýtt, þá er ekki á góðu von.

Þetta er svo mikið nauðsynjamál, að þótt ekki væri um fjárkláða að tala, mundi þó borga sig að baða, því að fje verður bæði fóðurljettara og ullarmeira við það.

Það má vel segja, að það sje eðlilegt, að baðanir hafi ekki farið fram í vetur, sem afleiðing af illu tíðarfari, svo og vöntun á baðlyfi. Svo mun tiltekið í lögunum, að böðun skuli fara fram í janúarmánuði í seinasta lagi. En um það leyti í vetur mun það ekki hafa verið álitið hægt vegna kuldans, og þess vegna mun það hafa farist fyrir. En það er einnig kunnugt, að heilar sveitir hafa undanfarin ár lagst undir höfuð að hlýða lögunum. Var því ekki vanþörf á veigamikilli árjettingu frá þinginu.

Flm. (Þórarinn Jónsson): Jeg geng út frá því, að þá er lögin um sauðfjárbaðanir voru samþykt og hrepps nefndunum var falið eftirlitið, þá hafi það verið álitið nægilega tryggilegt. En aftur er gert ráð fyrir því, að stjórnin setji nákvæmari ákvæði um þetta í reglugerð. En í reglugerð þeirri, er stjórnarráðið hefir gefið út, er ekkert

tekið fram annað en það, hvernig eigi að blanda baðlöginn og hver baðlyf sjeu löggilt. En þetta er ekki nægilegt, heldur á hreppsnefndin að fá skilgreiningu á því, hvernig hún að öðru leyti framkvæmir eftirlitið.

Mjer er kunnugt, að í mínum hreppi hefir hreppsnefndin skipað mann á hverjum bæ, er sjái um böðunina. En það er ekki nóg. Ef næsti hreppur getur ekki baðað um sama leyti, þar sem fjársamgöngur eru, er sú hættan á, að böðunin verði ónýt Þess vegna þyrftu að vera samtök um það milli hreppanna að baða samtímis. Það er það, sem till. fer fram á. Álítum vjer flutningsmenn, að þessu yrði best náð með því að láta stjórnina herða á hreppsnefndunum í þessu atriði. Þetta vil jeg láta háttv. 2. þm. Rang. (E. J) skilja.

Jeg hefi rætt um þetta við dýralækni, og telur hann ekki rjett að setja upp sjerstakt, nýtt eftirlit á kostnað fjáreigenda.

Háttv. 2. þm. Barð. (H. K) þarf ekki miklu að svara. Það mun ekki vera einsdæmi, eða eingöngu hafa átt sjer stað í Barðastrandarsýslu, að baðanir farist fyrir, bæði af því, að baðlyf hefir vantað, og af beinum trassaskap En sjeu baðlyf til, þá er hægt að koma í veg fyrir trassaskapinn með betra eftirliti.

Hvað því viðvíkur, að hreppstjórar ættu að ganga í þetta með hreppsnefndum, þá má vel segja, að þeir geti það, en til þess eru þeir ekki skyldir að lögum. (**H. K.**: Jú, þeir eru skyldir til þess að lögum).

ATKVGR.
Tillgr. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem

ályktun neðri deildar Alþingis.

(Sjá A. 105).

4. Meiri laun til Gísla gerlafræðings.

Á 19. fundi í Nd, föstudaginn 10. maí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um heimild fyrir landsstjórnina til að greiða Gísla Guðmundssyni meiri laun en heimilað er í fjárlögunum (A 80).

Á 20. fundi í Nd., laugardaginn 11. maí, var till. tekin til fyrri umr.

Framsm. (Magnús Pjetursson): Eins og flestum eða öllum háttv. þingdm. er kunnugt, veitir Gísli Guðmundsson gerlafræðingur efnarannsóknarstofu landsins forstöðu. Í síðustu fjárlögum voru honum ætlaðar 300 kr. af launum forstöðumanns, meðan hann gegnir því starfi, auk sinna eigin launa, sem eru 1800 kr.

Nú hefir gerlafræðingurinn sent stjórninni beiðni um, að sjer verði goldin hálf laun forstöðumanns rannsóknarstofunnar, meðan hann hefir forstöðuna á hendi. Nú hefir stjórnin sent fjárveitinganefnd erindi þetta og lagt til, að þetta verði veitt.

Nefndin vildi nú ekki ganga svo langt, heldur veita honum 600 kr. og miða þá við það, að hann fengi sömu laun og forstöðumaður rannsóknarstofunnar hafði, sem sje 2400 kr.

Nefndinni þykir sanngjarnt, að þessi maður hafi sömu laun og forstöðumaðurinn hafði. Í þingsályktunartill. stend-

ur 600 kr., og vil jeg taka það fram, að það ber að skilja sem 600 kr. alls, en ekki í viðbót við þær 300 kr, er hann hafði áður af launum forstöðumanns rannsóknarstofunnar, og auk þess auðvitað hundraðsgjald samkvæmt fjárlögunum af tekjum rannsóknarstofunnar.

Jeg skal svo að lokum taka það fram, sem allir skilja, að þetta er engin ný fjárveiting, heldur einungis tilfærsla á veittum lið í fjárlöguuum, sem nú gilda.

Bjarni Jónsson: Mjer skilst, sem það hefði nú ekki verið úr vegi að fara eitthvað lengra en fjárveitinganefndin hefir viljað fara, þar sem ekki er um það að ræða, að maður þessi hafi það starf eitt, er forstöðumaður efnarannsóknarstofunnar hafði áður, og hann fær nú 300 kr. fyrir, heldur hefir hann og sitt eigið starf, illa launað. Hann hefir því á hendi tveggja manna starf og fær fyrir það 2400 kr. Slíkt virðast heldur lítil laun.

Mjer finst ekki þurfa að taka það fram hjer í deildinni, að hjer sje ekki um nýja fjárveitingu að ræða, eins og það sje svo óttalegt. En hjer er á ferð eitt nýtt dæmi þess, að fátækir menn eru neyddir til þess að vinna í þágu hins opinbera fyrir sultarlaun. Það hefði verið rjett af nefndinni að veita manni þessum það, sem hann fór fram á.

Jeg ætla ekki að gera neinn ágreining við nefndina, sem jeg er sjálfur í, heldur vildi jeg láta þess getið, að þetta er rangt gert og illa, eins og fleira, sem hjer er gert, og langt frá því að vera sómasamlegt, ef menn skyldu þá fremur taka að hugsa á þá lund, hvað sæmilegt sje landssjóði sem vinnuveitanda að greiða vinnumönnum sínum. Jeg tel landið ekki svo fátækt, að þurfa að fara í vasa einstaklinganna, sem vinna fyrir það, og fjefletta þá.

Ef svo væri, þá ætti það heldur að biðja menn að gera landssjóði þann greiða, að vinna kauplaust fyrir það. Landið ætti þá t. d. að segja við þennan mann: Gerðu nú svo vel að bæta á þig þessu starfi fyrir ekkert, því að jeg get ekki greitt það, sem hingað til hefir verið greitt fyrir það. Og það er víst, að þessi maður mundi manna fyrstur hafa gert landi sínu þann greiða í bágindum þess.

Svo orðlengi jeg ekki meir, en get þess aftur, að jeg hefi ekki hugsað mjer að bera fram sjerstaka till., eða brtt. við þá, er háttv. meðnefndarmenn mínir bera fram, en þess hefi jeg viljað geta, að þetta er, svo sem jeg hefi talað, ekki nægilegt kaup fyrir vinnu mannsins.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn samþ. án atkv.gr.

Till. vísað til síðari umr. í e. hlj.

Á 21. fundi í Nd, mánudaginn 13. maí, var till. tekin til síðari umr. (A. 80)

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með öllum gr. atkv. og afgr. til Ed.

Á 18. fundi í Ed., þriðjudaginn 14. maí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um heimild fyrir landsstjórnina til að greiða Gísla Guðmundssyni meiri laun en heimilað er í fjárlögunum,

eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 119).

Á 19. fundi í Ed., miðvikudaginn 15. maí, var till. tekin til fyrri umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg veit ekki, hvað háttv. deild virðist, en frá mínu sjónarmiði er óþarfi að tefja þessa till. með því að vísa henni til nefndar hjer í deildinni. Mjer er kunnugt um, að Gísli Guðmundsson fór fram á, að sjer yrði greiddur helmingur launa þeirra, sem forstöðumaður efnarannsóknarstofunnar á að rjettu lagi að hafa. Er það og venjulegt um þá, sem settir eru til að þjóna starfi, lausu, utan við sitt eigið starf, að þeir hafi helming launa. Neðri deild vildi þó ekki fallast á það, heldur lækkaði launahelftina enn um helming, og er ekki líklegt, að Ed. fari að klípa meira utan úr þeim.

Kristinn Daníelsson: Jeg vildi gjarnan stuðla að því, að þessum manni sje gert vel til, því að hann er góðs maklegur fyrir starf sitt. Gæti jafnvel hugsast, að háttv. deild vildi, að laun hans væru hækkuð úr því, sem Nd. ætlaðist til. Með það fyrir augum sting jeg upp á því, að málinu verði vísað til nefndar, og þá að sjálfsögðu fjárveitinganefndar.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 13 shlj. atkv. og til fjárveitinganefndar (sjá A. bls. 534) með 9:2 atkv.

Á 33. fundi í Ed., laugardaginn 1. júní, var till. tekin til síðari umr. (A. 119, n. 265).

Karl Einarsson: Vegna þess, að þingsál. er ekki skýrt orðuð, vil jeg taka það berlega fram, að fjárveitinganefndin ætlast til þess, að launaviðbót Gísla gerlafræðings Guðmundssonar verði 600 kr., svo að árslaun hans verði alls 2400 kr., eins og hann væri forstöðumaður efnarannsóknarstofunnar. Þetta tek jeg fram til að fyrirbyggja misskilning, og sama var tekið fram í háttv. Nd.

ATKVGR.

Till. samþ. með 8 shlj. atkv. og afgr. sem

ályktun Alþingis.

(Sjá A. 291).

---

5. Útsæði.

Á 19. fundi í Nd., föstudaginn 10. maí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um útsæði (A. 84).

Á 21. fundi í Nd., mánudaginn 13. maí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 22. fundi í Nd., þriðjudaginn 14. maí, var till. tekin til fyrri umr. (A. 84).

Frsm. (Sigurður Sigurðsson): Bjargráðanefnd hefir leyft sjer að koma fram með till. þessa um útsæði. En þegar talað er um útsæði í daglegu máli, er átt við kartöfluútsæði, svo að heitið »útsæði« á ekki að þurfa að valda

misskilningi. Að öðru leyti er gerð grein fyrir ástæðunum til till. í greinargerð nefndarinnar, og vísast til þess, sem þar er sagt.

Jeg finn svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um till. og tel víst, að hún fái góðar undirtektir.

ATKVGR
Tillgr. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. í e. hlj.

Á 23. fundi í Nd., miðvikudaginn 15. maí, var till. tekin til síðari umr. (A. 84, 125).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Till. samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Á 20. fundi í Ed., fimtudaginn 16. maí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um útsæði, eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 139).

Á 21. fundi í Ed., föstudaginn 17. maí, var till. tekin til fyrri umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg vil hjer með gera það að till. minni, að þessi þingsályktunartill. sje athuguð af bjargráðanefnd þessarar deildar. Málið þarf í nefnd, því að það þarf að orða 2. tölulið till. á einhvern annan hátt, svo að fjárveitingaheimildin nái til hvorttveggja atriðanna, sem um ræðir. Jeg vildi að eins benda á þetta fyrir nefndina, sem fær till. til athugunar.

ATKVGR.
1. tölul. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. og 3 tölul. samþ. með 9:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 10 shlj. atkv. og til bjargráðanefndar (sjá A. bls. 544) með 10 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Ed, föstudaginn 24. maí, var till. tekin til síðari umr. (A. 139, 194).

Frsm. (Sigurjón Friðjónsson): Till. sú til þingsál. um útsæði, sem komin er frá háttv. Nd., inniheldur tvennskonar fyrirmæli: 1. að vekja athygli landsmanna á því, að sjá sjer fyrir útsæði, og 2. að verja fje úr landssjóði handa landsstjórninni til þess að afla útsæðis og til þess að láta gera geymslustað fyrir það. Bjargráðanefnd þessarar deildar hefir ekki viljað ganga að síðara atriðinu, því að hún lítur svo á, að því muni fylgja allmikil fjárútlát, og þó vafasamt, að útsæðisgeymsla í stórum stíl muni hepnast. Auk þess gæti það haft þau áhrif, að sveitarfjelögin köstuðu áhyggjum sínum í þessu efni upp á landsstjórnina og gerðu minna til þess að afla útsæðis en ella.

Nefndin leggur því til, að 2. liður á þgskj. 139 falli niður og í staðinn komi 3. liður á þgskj. 194.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg vil að eins taka það fram, að jeg álít till. háttv. bjargráðanefndar hjer í deildinni mikið aðgengilegri en þá frá Nd. Vil því eindregið leggja til, að háttv. deild samþ. brtt.

ATKVGR.
Brtt 194, 1. tölul. samþ með 11 shlj. atkv.
— 194, 2. tölul. samþ. með 10 shlj. atkv.

Brtt. 194, 3. tölul. samþ. með 12 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Sþ.

Á 31. fundi í Nd., laugardaginn 25. maí, og á 27. fundi í Ed., sama dag, var útbýtt frá Sþ.

Tillögu til þingsályktunar um útsæði, eins og hún var samþ. við síðari umr. í Ed. (A. 209).

Á 2. fundi í Sþ., miðvikudaginn 29. maí, var till. tekin til u m r. (A. 209, 247).

Afbrigði leyfð og samþ. um brtt. 247, er of seint var útbýtt.

Pjetur Jónsson: Það hefir ekki orðið mjög mikill ágreiningur milli bjargráðanefnda deildanna. Það er að eins um 3. lið þingsályktunartill., að nefndirnar hafa ekki getað orðið sammála. Nefndin í Nd. vildi, að landsstjórninni væri falið að útvega útsæði í tíma, svo að menn úti um land gætu fengið það í tæka tíð og lenti ekki í eindaga með útvegunina, þegar komið væri fram á vor. Þess vegna þótti nefndinni rjettast, að útsæðið væri útvegað að haustinu. Þetta vildi bjargráðanefnd Ed. ekki fallast á að væri nauðsynlegt. Og þó er það öllum vitanlegt, að það útsæði, sem fæst frá útlöndum síðari hluta vetrar og á vorin er tæpast notandi, því að það er ekki valið sem útsæði, heldur almennar kartöflur seldar holt og bolt. (**E. A.**: Hvaða verslun er það?). Verslun landsins. (**E. A.**: Nú — heitir hún holt og bolt?). Auk þess er hæpinn flutningur á þeim að vetrarlagi, vegna frosta, og of seint að fá þær að vorinu.

Í sambandi við þetta ályktaði bjargráðanefnd Nd., að þurfa mundi að byggja geymsluhús, og vildi láta verja fje úr landssjóði til þess. Vitanlega var ekki ráð fyrir gert, að það yrði stórhýsi, heldur að eins tryggur skúr með kjallara undir. En þennan kostnað vill Ed. nefndin ekki heldur leggja út í. Hún vill láta við það sitja, að stjórnin útvegaði útsæði, ef fram kæmi skortur á því síðari part vetrar. En þetta álítur Nd. nefndin geta orðið mikið of seint, eins og erfitt er nú með aðflutninga frá útlöndum. Nefndin hefir því komið fram með brtt. á þgskj. 247, sem fer bil beggja. Með henni er mælt svo fyrir, að stjórnin sjái um að afla innlends eða útlends útsæðis af bestu tegundum til geymslu, til frekari tryggingar því, að ekki verði útsæðisskortur í landinu. Nefndin álítur þetta ákvæði nauðsynlegt, til þess að hafa einhvern forða fyrirliggjandi, en þar með er ekki meint, að fara eigi að safna hjer meginhlutanum af því, sem landið þarf með af útsæði, á einn stað, heldur sje þetta að eins tryggingarforði.

Jeg geri ráð fyrir, að stjórnin beri ráð sín um það, sem gert verður í þessu máli, saman við Búnaðarfjelag Íslands, þar sem það er kunnugast kringumstæðum. Skal jeg svo ekki fara fleiri orðum um málið.

ATKVGR.

Brtt. 247. samþ. með 19 : 8 atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem

á l y k t u n A l þ i n g i s.
(Sjá A. 252).

---

6. Styrkur og lán til flóabáta.

Á 21. fundi í Nd., mánudaginn 13. maí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um aukinn styrk og lánsheimild til flóabáta (A. 108).

Á 22. fundi í Nd., þriðjudaginn 14. maí, var till. tekin til fyrri umr.

Frsm. (**Þorsteinn Jónsson**): Í fjárlögum í fyrra var veittur 18 þús. kr. styrkur til Langanesbáts, og er það jafnhár styrkur og ætlaður er flestum öðrum flóabátum. Þessi bátur á að ganga frá Seyðisfirði til Sauðárkróks. Er það helmingi lengri leið, og miklu fleiri hafnir að koma á, en öðrum slíkum bátum er ætlað. Ekki hefir verið hægt að fá nægilega stóran bát til þess að fara ferðir þessar. Þyrfti hann að rúma minst um 80 smálestir. Tilboð hefir fengist um tvo báta, um 40 smálesta stóra. Annar er innifrosinn á Eyjafirði, en hinn getur ekki fengist nema til vor- og haustferða. Hvor þessi bátur fæst ekki fyrir minni styrk, en ákveðinn er í fjárlögunum. Vildi landsstjórnin ekki sinna tilboðunum um þessa báta. Nú þótti samgöngumálanefnd það fyrirsjáanlegt, að á þessu yrði ekki ráðin bót, nema með því að skifta þessu svæði svo, að annar báturinn gengi frá Seyðisfirði til Húsavíkur, en hinn frá Húsavík til Sauðárkróks, nema þá að stærri bátur fengist, en hann er ekki hægt að fá fyrir þann styrk, sem nú er veittur í fjárlögunum. Nefndin reyndi fyrir sjer um tilboð frá útgerðarmönnum, til að halda uppi þessum ferðum í sumar. Hjá einum útgerðarmanni, Þorsteini Jónssyni, fjekst vilyrði fyrir að halda úti 1 stórum bát, eða 2, sem hvor væri þá ca. 40 smálestir, ef hann fengi 30 þús. kr. styrk.

Nefndinni er kunnugt um, að flutningaþörfin á þessu svæði er svo mikil, að ferðir Sterlings geta ekki fullnægt henni, en engin önnur skip hafa fasta áætlun á þessar hafnir. Jeg skal taka það fram, að til Grímseyjar er ekkert skip áætlað. Samgöngumálanefndin ætlaðist nú til, að Grímseyingum væri sjeð fyrir einhverjum ferðum, og er ætlun hennar, ef styrkviðbót þessi fengist, að annar báturinn komi þar við.

Um 2. lið till. skal það tekið fram, að á þinginu 1916—1917 var stjórninni veitt heimild til þess að lána 90000 þús. kr. til þess að kaupa bát á Húnaflóa, sem væri alt að 100 smálestir að stærð. Þessi kaup fórust fyrir, og nú geta Húnvetningar ekki fengið svo stóran bát fyrir þetta verð. Þessi till. samgöngumálanefndar er ekki annað en endurnýjun á lánsheimildinni frá í fyrra, nema hvað stærðin er ekki til tekin, því að engar líkur eru til að fá 100 smálesta bát fyrir 90 þús. kr. En jeg skal geta þess, að Húnvetningar hafa von um að geta fengið bát, sem rúmar um 60 smálestir.

Vona jeg, að háttv. deild samþykki till. þessa.

ATKVGR.
Tillgr samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. í e. hlj.

Á 23. fundi í Nd., miðvikudaginn 15. maí, var till. tekin til síðari umr. (A. 108, 132).

Afbrigði leyfð og samþ. með 15 : 1 atkv. um brtt. 132, er of seint var fram komin.

Sigurður Stefánsson: Jeg hefi leyft mjer að koma fram með viðaukatill. á þgskj. 132. Jeg skal geta þess, að hún er ekki svo greinilega orðuð sem hefði átt að vera; það hefði farið

betur, að þar hefði staðið: Aftan við 1. lið bætist.

Jeg skal þá fyrst geta þess, að jeg hefði ekki komið fram með þessa till. ef ekkert hefði verið hreyft við þessum flóabátum hjer á þinginu, en úr því að það er svo komið, og lítur út fyrir að hafa góðan byr hjer, þá þótti mjer rjett að koma með þessa viðaukatill., og skal jeg skýra frá í stuttu máli, hvað því veldur. Eins og menn vita, er styrkurinn til báts á Ísafjarðardjúpinu 7500 krónur, og er útgerðarmanni bátsins, sem er »privat«-maður, gert að skyldu að flytja jafnan póstinn með bátnum milli Arngerðareyrar og Ísafjarðar. Síðastliðinn vetur teptust 2 ferðir um Djúpið, sökum ísalaga, en á síðasta sýslufundi kom brjef um það frá stjórnarráðinu, að Djúpbátsnefndinni, er semur um ferðir bátsins við útgerðarmanninn, væri skylt að annast um póstflutninginn er báta ferðirnar teptust af óviðráðanlegum orsökum, eins og í vetur. Það er með öðrum orðum, að Djúpbátsnefndinni er eftir þessu gert að skyldu að greiða kostnað við að flytja póstinn milli Ísafjarðarkaupstaðar og Arngerðareyrar, þegar báturinn getur ekki farið vegna íss. Eins og menn vita, hefir stjórn bátsins ekkert annað fje í höndum en það, sem þingið leggur til, en á hinn bóginn var búið að semja við bátseigandann um ferðirnar þetta ár, svo að ekki var hægt að skylda hann á neinn hátt til að borga þennan kostnað, þar sem svo er ákveðið. Þessar bátsferðir eru beint skilyrði fyrir því, að almenningur þar vestra komi frá sjer búnaðarafurðum sínum og nái í kaupstaðarvörur; gildir þetta ekki að eins um Ísafjarðarsýslu innanverða, heldur og um nærsveitirnar í Stranda- og Barðastrandarsýslum. En styrkur sá, er báturinn nú hefir, er, eins og nú er ástatt, alveg ónógur, enda hefir útgerðarmaðurinn nú upp á síðkastið haft mjög litlar »netto« tekjur af ferðunum, og því minni ef hann verður að kosta flutning á landpóstinum frá Ísafirði að Arngerðareyri þegar báturinn teppist.

Jeg skal að lokum geta þess, að jeg hefi ekki borið þetta mál undir samgöngumála- eða fjárveitinganefndir deildarinnar, en jeg vil ekki knýja það svo fast fram, að þær á nokkurn hátt verði hindraðar frá að athuga það.

Magnús Pjetursson: Jeg sje, að jeg hefði getað sparað mjer að standa upp, en jeg ætlaði einungis að skjóta því til hæstv. forseta, af því að þessi till. kemur báðum nefndum á óvart, hvort ekki væri rjettara að taka málið út af dagskrá, til þess að nefndirnar gætu athugað það.

Frsm. (Þorsteinn Jónsson): Jeg skal leyfa mjer að óska hins sama fyrir hönd samgöngumálanefndarinnar.

Umr. frestað.

Á 24. fundi í Nd., fimtudaginn 16. maí, var fram haldið síðari umr. um till. (A. 108, 132, 144).

Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj. um brtt. 144, er of seint var útbýtt.

Pjetur Otteseu: Jeg skal leyfa mjer að lýsa yfir því, að viðaukatill. á þgskj. 144 er tekin aftur, af því að háttv. samgöngumálanefnd kemur með ákveðna tillögu viðvíkjandi Faxaflóabátnum.

Frsm. (Þorsteinn Jónsson): Þessa viðaukatill. á þgskj. 132, frá háttv. þm. N.-Ísf., (S. St.) hefir verið tekin til athugunar í samgöngumálanefndinni, og

hefir nefndin komist að þeirri niðurstöðu, að í henni felist mjög sanngjörn krafa.

Í fjárlögum í fyrra var samþ. að styrkja bátaferðir á Ísafjarðardjúpi með 7500 kr. árlega. En landsstjórnin hefir ekki viljað láta styrkinn lausan, nema með því skilyrði, að sá, sem tæki að sjer bátsferðirnar um Djúpið, annaðist póstflutninga þar, og eins þótt ís hamlaði sjóferðum. Nú er oss sagt, að báturinn, sem Ísfirðingar hafa, sje 30 smálesta stór. Flestir hinir flóabátarnir, sem hafa 18 þús. kr. styrk hver, eru um 50 smálestir. Og þegar þess er gætt, að bátur þessi þarf að vera póstbátur og útgerðarmaður hans þarf að kosta póstferðir um Djúpið þótt báturinn geti ekki gengið, þá virðist sanngjarnt, að hann fái þessa umbeðnu styrkhækkun, sem nemur einum 1500 kr. Ef enginn flóabátur gengi um Ísafjarðardjúp, þá þyrfti landið að kosta póstflutninga þar á annan hátt.

Samgöngumálanefndin leggur því til, að þessi till. sje samþ.

Magnús Pjetursson: Jeg vil að eins fyrir hönd fjárveitinganefndar lýsa yfir því, að hún veitir þessari brtt. hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) sín bestu meðmæli.

ATKVGR.

Viðaukatill. 132. samþ. með 14:1 atkv.

Viðaukatill. 144. tekin aftur.

Till., svo breytt, samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Á 21. fundi í Ed., föstudaginn 17. maí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um aukinn styrk og lánsheimild til flóabáta,

eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 155).

Á 22. fundi í Ed., laugardaginn 18. maí, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Ed., miðvikudaginn 22. maí, var till. aftur tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Ed., föstudaginn 24. maí, var till. enn tekin til fyrri umr. (A. 155, 192, 196).

Sigurjón Friðjónsson: Í núgildandi fjárlögum er heimilaður 18000 kr. styrkur til báts, sem gangi frá Sauðárkróki til Seyðisfjarðar. En nú mun vera ómögulegt að fá bát fyrir þennan styrk í sumar. Þær tilraunir, sem gerðar hafa verið, hafa leitt í ljós, að báturinn fengist ekki fyrir minna en 30000 kr. Og þótt samgöngumálanefnd þætti þetta mikið fje, áleit hún þó ekki annað fært en að samþ. það. Það hefir reynst svo nú undanfarið, að mikil vandræði hafa stafað af samgönguskorti meðfram norðurströnd landsins austan til. Þannig varð það til stórtjóns fyrir hlutaðeigendur, að kjöt komst ekki út frá Kópaskeri í fyrra haust. Og mikil vandræði voru í haust í Norður-Þingeyjarsýslu með að ná að sjer matvælum. Mjer hefir jafnframt skilist á hv. þingmönnum N.-M., að mjög mikil þörf væri á þessum bát á fjörðunum fyrir norðan Seyðisfjörð. Jeg ætla því, að ekki veiti af bát, er ekki taki minna en 60 tonn, til flutninga á þessu svæði, og að til hans muni tæplega mega ætla minna en 18000 kr. En á vesturhluta svæðisins þykir mjer líklegt, að komast mætti af með talsvert minni bát og ódýrari. Á Eyjafirði hefir undanfarið gengið bátur með 3500 kr. styrk, og er líklegt, að enn mætti komast þar af

með lítinn bát. En þetta er ekki undirbúið, og eins og sakir standa sje jeg ekki annað en þingið verði að veita þá heimild, sem hjer er farið fram á.

Viðvíkjandi lánsheimildinni til kaupa á Húnaflóabát er þess að geta, að hún var veitt í fyrra, en miðuð þá við 100 tonna bát. Þessi till. hjer er því komin fram til að rýmka um þá lánsheimild. Jeg geri ráð fyrir, að háttv. þm. Snæf. (H. St.) geri grein fyrir brtt. um viðbótarstyrk til Breiðafjarðarbáts, sem lögð hefir verið fyrir háttv. deild.

Halldór Steinsson: Til Breiðafjarðarbáts voru áætlaðar 18000 kr. í þá 7 mánuði, sem ætlast var til að hann gengi. En þegar til kom, varð hann að halda uppi ferðum alt árið, því að á þessum tíma kom ekkert skip frá Eimskipafjelagi Íslands eða landsstjórninni inn á Breiðafjörð. Af þessu leiddi, að báturinn tapaði miklu fje. Vetrarferðirnar voru erfiðar og óhagstæðar vegna illviðra og ísalaga. En með þeim varð þó komið í veg fyrir bjargarskort, sem annars hefði leitt af samgönguleysinu. Hefði landsstjórnin átt að halda uppi ferðum á þessum tíma, hefðu þær orðið margfalt dýrari en sá viðbótarstyrkur, sem hjer er farið fram á. Vona jeg því, að háttv. deild sjái, að þetta er ekki nema sanngjarnt endurgjald, og veiti brtt. fúslega samþykki sitt.

Jeg skal geta þess, að stjórn Breiðafjarðarbátsins fór fram á 10000 kr. styrk, því að þeirri upphæð hafði báturinn tapað á vetrarferðunum. En samgöngumálanefndin sá sjer ekki fært að mæla með nema 8500 kr. Því meiri sanngirni er þá fyrir háttv. deild að veita þessa upphæð.

ATKVGR.

1. tölul. till. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 196, a. (nýr liður, verður 2. tölul. till.) samþ. með 11 shlj. atkv.

2. tölul. till. (verður 3. tölul.) samþ. með 11 shlj. atkv., en talið óþarft að láta brtt. 196, b. koma sjerstaklega undir atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 13 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Ed., laugardaginn 25. maí, var till. tekin til síðari umr. (A. 210).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Sþ.

Á 32. fundi í Nd., mánudaginn 27. maí, og á 28. fundi í Ed., sama dag, var útbýtt frá Sþ.

Tillögu til þingsályktunar um aukinn styrk og lánsheimild til flóabáta,

eins og hún var samþ. við síðari umr. í Ed. (A. 220).

Á 2. fundi í Sþ., miðvikudaginn 29. maí, var till. tekin til umr.

Magnús Pjetursson: Jeg ætla að eins að gera þá athugasemd við 2. lið till., fyrir hönd fjárveitinganefndar, að það er ekki tekið fram greinilega, að styrkurinn til Breiðafjarðarbátsins fari ekki fram úr helmingi rekstrarkostnaðar, sem var þó skilyrði fjárveitinganefndar, enda samkvæmt ákvæðum gildandi fjárlaga. Þessu vildi jeg lýsa yfir fyrir hönd nefndarinnar.

ATKVGR.

Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem

ályktun Alþingis.
(Sjá A. 253).

---

7. Rannsókn mómýra.

Á 21. fundi í Nd., mánudaginn 13. maí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um rannsókn mómýra (A. 113).

Á 23 fundi í Nd., miðvikudaginn 15. maí, var till. tekin til fyrri umr.

Forsætisráðherra (**J. M.**): Jeg veit ekki, hvaða upplýsingar hafa legið fyrir, þegar þessi till. var samin. Jeg býst við, að þeir háttv. þm, sem bera hana fram, hafi má ske fengið upplýsingar, sem liggja í stjórnarráðinu um þetta mál. En ef það væri ekki, mundi jeg finna ástæðu til þess að styðja þá uppástungu, sem komið hefir fram, um að taka málið út af dagskrá. Jeg vil geta þess, að talsverðar upplýsingar eru fyrir hendi um rannsókn mómýra. Jeg fjekk þær þegar jeg fór utan síðast og afhenti þær atvinnumálaskrifstofunni. Veit jeg ekki, hvað við þær hefir verið gert síðan.

Pjetur Jónsson: Má jeg geta þess, þó að háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) sje frsm. í málinu, að nefndin hefir einmitt gert sjer far um að útvega allar þær upplýsingar um rannsókn á mómýrum, sem hún gat, en því miður var ekki farið í stjórnarráðið, vegna þess, að við vissum ekki til þess, að þar hefði nokkur rannsókn fram farið, eða málinu verið hreyft þar. Fyrir mörgum árum hafði einhver mórannsókn á mýrum farið fram hjer, en hún hafði verið mjög lausleg og því óábyggileg í þessu augnamiði. Helgi Jónsson grasafræðingur mun hafa gert rannsóknina í sambandi við aðrar mýrarannsóknir, og hefir hann látið það uppi við nefndina, að hún hefði ekki verið gerð með það fyrir augum, sem hjer er verið að tala um. En um það, sem hæstv. forsætisráðherra talaði um upplýsingar, sem fyrir hendi væru, þá er ekki nema sjálfsagt að nota sjer þær. En jeg er ekki viss um, að fresta þurfi umr. þessari fyrir þá sök.

Umr. frestað.

Á 25. fundi í Nd., föstudaginn 17. maí, var fram haldið fyrri umr. um till. (A. 113, 126, 131).

Frsm. (**Sigurður Sigurðsson**): Bjargráðanefndin hefir leyft sjer að bera fram þessa till. Ástæðan til þess er fyrst og fremst skýrsla frá Þorkeli Clementz, sem hefir legið fyrir bjargráðanefnd, og ræðir um mómál, vinslu kola úr mó o. fl. En þetta mál er þannig til orðið, að Clementz fór utan í vetur, sumpart af eigin hvötum og að nokkru leyti með styrk frá landssjóði; fjekk hann til þeirrar ferðar 2000 kr. styrk af opinberu fje Tilgangur ferðarinnar var sá, að rannsaka móiðnað á Norðurlöndum í ýmsum greinum. Þegar hann kom heim, skrifaði hann þessa skýrslu, sem jeg gat um áðan; hefir verið getið um hana í blöðum og lokið lofsorði á. Hann skýrir svo frá, að hann hafi í þessari ferð sinni sjerstaklega rannsakað nýjustu og fullkomnustu aðferðir við mómjölsgerð, mótöflugerð, mókoksgerð, mógasgerð og loks votkolun. Lýsir hann nokkru nánar hverri aðferðinni fyrir sig, en sjerstaklega er

það síðasta aðferðin, sem hann leggur mesta áherslu á og telur líklegasta til að geta komið að notum hjer á landi, ef um móvinslu er að ræða. Með þessari skýrslu sinni hefir hann aðallega bent á tvent, sem hann hyggur að hjer geti komið að notum, og fengið upplýsingar um það. Í fyrsta lagi bendir hann á ýmsar vjelar — og hefir hann sýnishorn af þeim — til flýtisauka og vinnusparnaðar, svo sem við upptöku á mó og fleira.

Í öðru lagi, og er það aðalatriðið fyrir honum, að komið geti til mála að setja upp fullkomna móeltistöð eða móvinslustöð í stórum stíl, með svo nefndri Lavals-aðferð eða votkolun. Það er sú aðferð, sem hann leggur sjerstaklega áherslu á og telur að hjer geti átt við. Þessi aðferð, Lavals aðferðin, er í stuttu máli í því fólgin, að skila mónum saman pressuðum og þurrum, þegar umferðinni er lokið. En það, sem hjer kemur þá fyrst til greina, í sambandi við þessa hugmynd um móvinslu í stórum stíl, er það, hvort hjer sje mór á svo stóru svæði og svo góður, að tiltök sjeu að reisa slíka verksmiðju. Það, sem till. fer fram á, er ekki annað en það, að þetta atriði sje nákvæmlega rannsakað. Það segir sig sjálft, að slík rannsókn verður að fara fram á undan öðrum undirbúningi í þessu máli, því að á henni grundvallast í rauninni alt annað. Till. fer fram á, að landsstjórninni heimilist að gera slíka rannsókn og leggja fram fje til þess. En þegar um þetta er að ræða, þá vil jeg benda á, að ekki koma til tals til athugunar nema vissir staðir á landinu. Slíkur móiðnaður verður að vera í námunda við hentugan hafnarstað, þar sem hægt er að koma hinum þurra mó frá sjer og senda hann þangað, sem markaður er fyrir hann. Og þegar á það er litið, að þörfin fyrir slíkan iðnað mundi helst vera í stærri bæjum, allra helst í Reykjavík, liggur það í hlutarins eðli, að slík stöð þyrfti að vera hjer í nánd. Með þetta fyrir augum hefir nefndin sett í till., að þessi rannsókn verði framkvæmd með tilliti til mómýra hjer í grend eða við Faxaflóa. Það eru ýmsir staðir hjer, sem komið geta til greina, og skal jeg þá sjerstaklega nefna mómýrarnar nálægt Borgarnesi og við Búðir á Snæfellsnesi. Ekki mundi heldur frágangssök að athuga staði til slíkrar móvinslu á Vestfjörðum; þar eru hafnir góðar og mórinn ágætur. Álítur nefndin því, að slík rannsókn geti náð þangað.

En svo er fleira, sem kemur til greina þegar um stofnun slíkrar móiðnaðarverksmiðju er að ræða. Menn hugsa sjer hana í stórum stíl, með fullkomnum tækjum og vjelum, sem reknar væru með einhverjum krafti, og kemur þá til greina annaðhvort rafmagn eða að mórinn sjálfur væri notaður til kraftframleiðslu. En það hefir sína ókosti að þurfa að nota móinn, sem unninn er, vegna þess, að það ódrýgir mjög framleiðsluna. Hitt lægi nær, að setja slíka móvinslustöð í samband við vatnsafl og reka hana með rafmagnskrafti, og þess vegna verður rannsóknin að taka sjerstakt tillit til þeirra staða, þar sem auðið væri að setja slíka verksmiðju upp í sambandi við rafmagnsstöð.

Það skilja víst allir, svo að jeg skal ekki fjölyrða um það, að slík móvinsla, sem hjer er um að ræða, mundi koma að mjög miklu gagni hjer á landi, ef auðið yrði að koma henni á fót, en fyrsta spurningin er þó það, hvort mór landsins sje til þess fallinn að vinna úr honum með Lavals-aðferðinni. Þorkell Clementz og fleiri, sem hafa rannsakað hann, telja, að mórinn sje mjög öskumikill; bæði sje innan um lögin aska frá gömlum eldgosum, og sjálfur sje hann mjög öskuborinn. Þetta er

svo mikill galli, að mörg sýnishorn, sem rannsökuð hafa verið, sýna það, að þau eru með öllu óhæf til móvinslu á þennan hátt, og er það mjög leitt og óhagkvæmt, að mórinn, einmitt hjerna í kring um Reykjavík, skuli hafa þennan mikla ókost. Það má telja áreiðanlegt, að ef mórinn er svo mjög öskuborinn, þá sje það illkleift og um of kostnaðarsamt að vinna úr honum með Lavals-aðferðinni, og því verður nákvæm rannsókn að fara fram áður en hægt er að hugsa um móvinslu hjer á landi í stórum stíl. Þetta er nefndinni ljóst, og þess vegna leggur hún til, að slík rannsókn verði framkvæmd. Verði þessi till. samþykt, liggur það í hlutarins eðli, að stjórnin á að annast um, að þessi rannsókn fari fram. Nefndin hefir ekki gert neina áætlun um, hvað þessi rannsókn muni kosta, en með tilliti til þess, að hún hlýtur að miðast við ákveðna staði hjer á landi og ekki mjög langt frá Reykjavík, mætti ætla, að hún þyrfti ekki að kosta mjög mikið; jeg hefi hugsað mjer svona 3—4000 krónur, en þetta segi jeg nú á mína ábyrgð. En mjer finst sjálfsagt að kosta til þeirrar rannsóknar.

Jeg skal svo ekki fara frekar út í till. að sinni. Við hana er komin brtt. á þgskj. 131, frá háttv. þm. Dala. (B. J.); hún er í mörgum liðum, og kennir þar margra grasa. En jeg skal geta þess, að það er annar maður úr nefndinni, ritari nefndarinnar, sem tekið hefir að sjer að fara nokkrum orðum um þá tillögu.

Forsætisráðherra (J. M.): Mjer þykir rjett að gera nokkrar athugasemdir út af till., af því að atvinnumálaráðherra er ekki við.

Jeg kynti mjer mál þetta nokkuð við dvöl mína erlendis síðast. Talaði jeg þá við þann mann í Svíþjóð, sem einna mest hefir við mómýrarannsóknir fengist þar og einna mest hefir með þau mál að sýsla þar. Fjekk jeg hjá honum skýrslur um þetta mál, sem jeg álít að geti komið að góðu haldi við athugun þess hjer í þinginu. Þessar skýrslur afhenti jeg atvinnumálaskrifstofunni, og svo hefir hún verið afhent verkfræðingi landsins, og býst jeg við, að nefndin hafi borið sig saman við hann.

Jeg tel rjett að benda á það, að aðferð sú til móvinslu, sem sennilega er hjer höfð fyrir augum, er bundin einkarjetti fjelags eins. Í Svíþjóð var nýlega stofnað fjelag með 7 milj. kr. veltufje, og í ráði var að stofna annað í Danmörku, og eru þau í sambandi innbyrðis. (**S. S.:** Tillagan fer ekki fram á það). Það er ekki til neins að rannsaka nánara skilyrði fyrir móvinslu með þessum hætti, nema í sambandi við þessi fjelög. En það má vel athuga málið, og hinn sænski maður, er jeg nefndi áðan, var fús til að útvega hingað verkfræðing til þess að rannsaka mómýrar hjer. Maðurinn átti að fást með góðum kjörum, en varla mundi samt unt að gera miklar rannsóknir fyrir 3000 kr. Þessar rannsóknir mundu samt aðallega miða að því, að komast að einhverri niðurstöðu um mómagn hjer á landi.

Jeg býst við, að nefndinni sje kunnugt um það, að fyrir nokkrum árum var hjer verkfræðingur frá útlendu fjelagi við slíka rannsókn. Þessi maður fór víða um land og komst að þeirri niðurstöðu, að mórinn hjer við Reykjavík og í næstu sveitum er ekki sem best fallinn til móvinslu í stórum stíl. Á Kjalarnesi er að sögn ein mýri með góðum skilyrðum, að öðru leyti en því, að hún er heldur lítil. Í Skagafirði þóttu skilyrðin ekki góð. Einasti staðurinn, sem hann taldi vera líklegan til þess, að hægt

væri að setja þar á stofn mókolavinslu í stórum stil, var á Snæfellsnesi, því að þar var bæði mikill og góður mór.

Mórinn sjálfur er sagður víða óhentugur til slíkrar vinslu.

Jeg vildi að eins skjóta þessu fram til þess að sýna, að ýmsar upplýsingar eru til um málið, sem nefndin hefir ekki aflað sjer eða náð í.

Hvað verkfærunum viðvíkur, efa jeg, að auðvelt sje að fá þau nú. (**S. S.**: Hve nær ferðaðist þessi verkfræðingur hjer?). Það var fyrir nokkrum árum, en jeg get ekki sagt upp á ár hve nær það var, því að jeg hefi fengið svo óljósar upplýsingar. (**P. Þ.**: Það var 1911—12).

Bjarni Jónsson: Jeg byrja á því, svo að eigi gleymist, að mjer láðist að gera tillögu um að breyta fyrirsögn tillögunnar. En þetta þarf eigi að saka, þótt till. færi til 2. umr. með hjáleitri fyrirsögn, því að þá mætti færa hana í rjett lag.

Jeg heyri að komið er gorhljóð í hv. sessunaut minn (S. St.), því að hann vonar að sjer og öðrum jafnsnjöllum bjargráðafrömuðum muni takast að fella þessa tillögu mína. Jeg býst og við því sjálfur, en mun þó mæla nokkur orð fyrir henni. Og fyrirfram mun jeg leggja áherslu á það, að það verður á ábyrgð þeirra háttv. þm., sem fella till, en ekki á minni, þótt fátt verði um bjargráðaráðstafanir þessa þings.

Mjög svo eðlilegt er það, að stjórnin vildi hafa þingið sjer við hlið, er ákveða skyldi um ráðstafanir til þess að tryggja líf landsmanna. Því að oss er nú þörf á allri varúð og þörf á að búa svo um, sem gera þyrfti, ef landinu væri lokað. Eins og allir vita, hefir verslun vor eigi verið frjáls frá því er ófriðurinn hófst, og hefir æ farið versnandi. Það er því engin furða, þótt stjórnin hafi óskað að hafa þingið við hlið sjer, einkum þar sem nú standa yfir samningar við aðra hlið ófriðarins. Má auðvitað segja, að þingið hafi unnið mikið afrek í bjargráðamálunum, er það hefir fyrir sitt leyti ráðið fram úr samningamálinu, heyrt málaleitanir frá báðum hliðum, hugsað þær, rætt þær og gert ályktun um þær á $1^1/_2$ klukkustund. En þótt hjer væri sýndur mikill dugnaður, skjótvirkni og snarræði, ef vel var ráðið, þá er þó þörf áframhalds. Því að enn þá er samningum ólokið, og vitum vjer því eigi, hvort nokkrar vörur verða fluttar inn í landið, og eigi við hverju verði, þótt þær fáist. Það er því eigi seinna vænna að gera ráðstafanir til þess að landsfólkið geti lifað, þótt taki fyrir alla aðflutninga.

En þótt úr samningum verði, og vjer fáum loforð fyrir nægilegum innflutningi, þá er eftir að tryggja aðflutning vörunnar. En það getur enginn gert. Vjer höfum eigi svo mikinn skipakost, að vjer megnum að flytja að oss miklar birgðir á skömmum tíma, heldur verðum vjer að selflytja og verja til þessum löngum tíma. Þá gæti svo farið, að önnurhvor hlið ófriðarins svifti oss skipunum, áður en vjer hefðum náð að flytja helming forðans heim. Væri því lítil forsjón í því, ef Alþingi færi heim vongott í þeirri trú, að öllu væri borgið, en veturinn kæmi yfir oss óviðbúna. Þykir jafnan seint að herklæðast þegar á hólminn er komið.

Þess vegna hefi jeg leyft mjer að koma fram með till. um ýmsar sjálfsagðar ráðstafanir, sem gera þarf nú þegar. Jeg hefi flutt þessar till. sem brtt. við till. um eina sjerstaka ráðstöfun, nefnilega að rannsaka mómýrar. Jeg fer fram á það, að í einni till. sjeu talin upp þau atriði, sem nauðsynleg

eru til þess að tryggja líf landsmanna. Jeg hefi gert tilraun til þess að nefna höfuðatriðin, en vel má vera, að jeg hafi gleymt einhverju, en hitt er jeg sannfærður um, að jeg hefi eigi talið neitt, sem óþarft er.

Jeg vil geta þess í upphafi, að þessi till. mín hvílir á þeirri skoðun, sem jeg lýsti fyr, að nauðsyn krefji að tryggja líf landsmanna, ef illa fer. Hitt er auðvitað, að þetta felur í sjer ýms óþægindi og fyrirhöfn, sem er óþarft, ef vel gengur. En þau ófriðaröfl, sem nú eru að starfi í heiminum, minna oss ljóslega á að búast við því illa, það góða skaðar ekki. Enda væri það ill byrjun á þeirri sjálfstæðisöld, sem þessir stórhuga háttv. þingmenn ætla að láta renna upp yfir þessu landi í sumar, ef menn fjellu af hungri fyrir ráðleysi þingsins.

Það er alkunna, að veðurátt er hjer svo köld og landshættir allir með þeim hætti, að gróður landsins getur ekki fætt íbúana. Verða þeir því að lifa við dýrakjöt láðs og lagar, og hefir landslýður afgang þar, sem hann selur fyrir þær fæðutegundir og aðrar nauðsynjar, er hann þarf að fá að. Má það og kalla hyggilega búið, meðan samgöngur eru í því horfi, sem orðið var fyrir stjórnarbótina. En þótt gróður sje eigi ríkulegri hjer en sagt var, þá grær þó margt hjer á landi, sem hafa má til þess að blanda fæðuna og gera hana margbreyttari og hollari. Og jeg er sannfærður um, að landsfólkið getur bjargast við það, sem landið gefur, ef það er notað rjett. Er það í rauninni hið æskilegasta, að svo sje ætið, en nú er það lífsnauðsyn. Saga vor sýnir, að þetta má takast. Því að á fyrri öldum var verslun svo háttað, að lítið fluttist til næringar og eigi mátti reiða sig á, að þetta litla kæmi. Þá urðu menn að lifa við það, sem landið gaf. Raunar má segja, að nú sje fleira fólk í landinu og því erfiðara að alast við afurðir landsins. En þetta er þó annars vegar ekki alveg rjett, því að á blómaöld landsins var hjer fleira fólk en nú og þó miklu minna flutt að af matvöru. Á hnignunartíma landsins var oft færra fólk en nú, en það breytir engu. Því að enginn skortur þarf að vera á þeim tegundum hjer á landi, sem hafa má til manneldis.

Íslendingar hafa og frá landnámstíð lagt stund á að hagnýta sjer gróður landsins til manneldis, og hafa þeir lært margt í því efni af reynslunni. Byggrækt var allmikil hjer á landi frá því fyrsta og hjelst langt fram í aldir, að minsta kosti fram til miðrar seytjándu aldar. Og þótt hún hafi nú lagst niður, þá er ósannað, að það hafi verið fyrir þá sök, að það væri ekki tilvinnandi. Miklu nær liggur hitt, að hún hafi lagst niður af öðrum orsökum. Það má vera, að nú á tímum borgi sig lítt að rækta hjer bygg, þegar samgöngur eru í því horfi, sem komið var fyrir heimsstyrjöldina. En á einokunartímunum hefir það vissulega borgað sig. Orsökin til þess, að hætt var, hefir vafalaust verið sú, að verslunin hefir eigi flutt þau áhöld og efni, sem nauðsynleg voru til akuryrkju. Eymd og ódugnaður gæti verið samverkandi orsök, en hitt má telja víst, að á þeim tímum hafi menn vitað, í hverju landi þeir bjuggu og reynt að hagnýta sjer alt, sem þeir vissu vaxa nýtilegt í landinu. Nú er þetta með öðrum hætti, því að svo er að sjá, sem mönnum hafi komið það mjög á óvart í vetur sem leið, að frost gætu komið á Íslandi. Ýms verk manna á síðari árum benda til þess, svo sem þá er menn fleygja ræsum í vegi svo ofarlega, að þau hljóta að frjósa nema í bestu vetrum. Þeir menn, sem muna eigi frostaveturinn 1880—81, sýnast eigi

vita, hvar þeir búa, og vera einskonar útlendingar hjer á landi.

En þótt framkvæmd væri þessi till. um að hagnýta sjer gróðrarríki landsins og gróðrarmáttugleika þess, þá er ekki þar með sagt, að komist verði hjá öllum aðflutningi, en með því mætti spara þann kornmat, sem er og verður í landinu, svo mikið, að vjer þyrftum eigi að taka öllum afarkostum næstu ár

Safna má ýmsu og geyma hitt og þetta af þeim tegundum, sem jeg hefi nefnt í till., og þótt það sje ekki alt í stórum stil, þá hjálpar það þó alt til þess að gera matinn fjölbreyttari, og nokkurt *næringargildi* hafa þær allar, þótt misjafnt sje.

Söl og fjörugrös má taka að mun og geyma til forða. Fjallagrösin þekkja allir, og heimulan þykir mörgum sælgæti. (**St. St.**: Á ekki stjórnin að fara á berjamó?). Já, vel á minst, þá eru berin. Jeg heyri, að ýmsir háttv. þm. reyna að færa háð að þeirri till. En þeir ættu að vera komnir til Noregs. Þar var í hverju blaði áminning um að nota berin, og þó var jeg þar fyrir stríðið; þar voru boðin ber í hverju veitingahúsi, og Austmenn flytja árlega út ber fyrir miljónir króna. Það þarf því vel heimska menn til þess að hlæja að berjunum, enda segja menn, sem vit hafa á, að vjer myndum mega flytja út ber fyrir tugi þúsunda af krónum.

Það vex sjálfkrafa, sem jeg hefi enn þá nefnt. En nú mun jeg drepa á hitt, er rækta má. — Jarðeplin þekkja allir og kunna meira og minna til jarðeplaræktar, enda hefir nýlega verið gefinn út leiðbeiningabæklingur í því efni. Enginn efi er á því, að vjer getum ræktað nægju vora af jarðeplum, jafnvel á sultartímum, þegar þau eru höfð í korns stað, og meira að segja heila skipsfarma til útflutnings. En nú má eigi bíða þess, að jarðeplaræktin smáaukist þar til þetta næst. Nei, nú verður að vinda bráðan bug að framkvæmdum, svo að vjer förum eigi á mis við jarðeplauppskeru nú í sumar.

Þá kem jeg að bygginu. Það hefir verið ræktað frá landnámstíð og fram á miðja 16. öld að minsta kosti, bæði norðanlands og sunnan. Fyrir norðan hjet einn akurinn Vitazgjafi, af því að hann brást aldrei, og á Suðurlandi voru margir ágætir akrar. Björn Magnússon Ólsen hefir ritað um þetta efni mjög svo ítarlega í Búnaðarritinu. Getur hann þess þar, að uppskeran í Görðum á Álftanesi hafi verið 60 tunnur af korni eftir íslensku máli, en $63._{18}$ tn. að dönsku nútíðarmáli. Segir hann og, að uppskeran á Bessastöðum hafi eigi verið minni og þá eigi heldur að Útskálum. Ekki mundi slíkt talið ónýtt búsílag, ef aðflutningur teptist. Jeg minnist þess, að mjer var svarað því til um annað mál hjer í salnum, að »þótt vjer gætum alist við eigin fæði og treint með því forða vorn til næsta vors, hvað yrði þá?« Nú, þá yrði oss það fyrir sem fornmönnum, að rækta bæði bygg og aðrar nærandi jurtir. — Það má yfir höfuð að tala kalla heimska manns hátt að sækja það um langa vegu og torfæru, sem sprottið getur úr skauti landsins sjálfs.

Jeg gat þess fyr um káltegundir þær, sem till. nefnir, að þær eru ekki sjerlega næringarmiklar, en þó allar hin bestu nytjagrös. Jeg hirti þó eigi að telja allar tegundir þær, er rækta má eða safna sjálfvöxnum. T. d. nefndi jeg ekki skarfakálið, er menn söfnuðu áður og geymdu í skyri eða sýru. Jeg hefi eigi heldur nefnt íslenska kornið eða melinn, en það vex, sem menn vita, hjer austur um sandana, og má vel rækta það hvar sem er. Skaftfellingar

hafa haft það til brauða, og er það vafalaust nýtanda, einkum ef jurtafæðu vantar, til þess að hafa með slátri eða fiski. Mun sá siður hafa haldist um margar aldir. Að minsta kosti telja menn, að þar hafi geymst meðferð hinna fornu Íslendinga á korni, skrýfing, þresking o. fl.

Jeg kann því miður eigi deili á efnasamsetning allra þessara hluta, enda þekkja menn þá flesta. Tel jeg sjálfsagt, að stjórnin fái bestu lækna landsins til þess að gera þjóðinni matseðil, er greini, hversu alislenskum fæðutegundum má haga svo, að vel sje. Um þarana veit jeg lítið eitt, hversu þar er efnum blandað:

1. Söl (Rhodymenia palmata): þurefni 17,45%, köfnunarefnissambönd (mest eggjahvítuefni) 15,37% af þ. e., önnur efni (mest kolvetni) 54,76% af þ. e.
2. Sjóarkræða (Gigartina mamillosa): köfnunarefnissambönd 22,75% af þ. e., önnur efni (mest kolvetni) 54,83% af þ. e.
3. Purpurahimna (Porphyn umbilicali): köfnunarefnissambönd 27,80% af þ. e., önnur efni 51,99%.

(Samkvæmt rannsókn Ásgeirs Torfasonar).

Þessar tegundir eru þannig fyrirtaks næring, einkum þar sem meltanleiki köfnunarefnissambanda er mikill (Porphyn 73,0%, Rhodymenia 78,9%, en Gigartina minst 51,7%).

Næringargildi hinna tegundanna er svo alþekt, að ekki þarf að tilgreina það.

Þá er eldiviður ein af helstu nauðsynjum landsmanna, og við það afarverð, sem er nú á erlendu eldsneyti, þá er það lífsnauðsyn að afla hans innanlands. Verður því að knýja hvern einstakling til þess að fá til búss síns sem mest af innlendu eldsneyti. Mætti meðal annars skipa sýslunefndum, hreppsnefndum og hreppstjórum að ganga mjög ríkt eftir, að þetta sje framkvæmt. En þar sem líkur eru til, að það nægi ekki, sem einstaklingar afla, þá er ekkert að því, að eldiviðartekja fari fram á alþjóðarkostnað eða hjeraða, einkum í bæjum og verstöðvum.

Þar er þá fyrst að nefna surtarbrandstekjuna. Þótt námugröftur í stórum stíl borgi sig ef til vill eigi í vanalegu ári, þá er þó víða svo handhægt að ná því eldsneyti, og ætti að mega fá það svo ódýrt, að það margborgaði sig nú. — Landssjóður mundi þá sennilega halda áfram námu þeirri, sem hann hefir unnið, er fenginn er maður, sem til kann og notar rjett verkfæri. En auk þess væri sanngjarnt, að hann hjálpaði mönnum um vegarspotta til flutnings, ef þeir vildu sjálfir vinna surtarbrand, og að sjálfsögðu fengi menn að nota sjer surtarbrandstekju á landssjóðsjörðum. Sumstaðar gætu menn tekið jöfnum höndum mó og surtarbrand, eftir því sem landshættir eru.

Sama er um mótekju, að þingið þarf að leggja ríkt á við stjórnina að ganga eftir því, að afla hans sem mest má verða, án þess að slökt sje niður enn þá nauðsynlegri störfum, svo sem heyskap.

En ekki kunna allir að leita að mó, og ætti því að fá almenningi sjerstaka móleitarmenn, og mætti landssjóður vel kosta nokkru til þess. Jeg hefi tekið eftir því, að búnaðarsamband Austurlands hefir haldið sjerstakan móleitarmann og hefir gefist ágætlega, t. d. í Vopnafirði.

Þá er kolmógerðin. Þar eru till. mínar viðaukatill. við þingsályktunartill. þá, sem er hjer til umr. Hníga þær að því, að eigi sje að eins rannsakað, hvar mór sje, heldur og vídd, dýpt og gæði, og vitað verði, hvort og hvar muni

borga sig að gera Lavalstöflur. Ekki legg jeg mikið upp úr því, sem hæstv. forsætisráðherra mintist á, að eitthvert gróðafjelag hefði sent hingað mann til þess að rannsaka mó, og hefði sá lítinn eða engan fundið. Jeg trúi ekki þessum erlendu hlaupatíkum, er útlend fjelög senda og enginn veit, hvort nokkurt vit hafa á málinu. Enda þurfum vjer eigi að spyrja slík aðskotadýr um það, því að vjer vitum þó miklu meira sjálfir. Helgi bróðir minn hefir haft á hendi rannsóknir á mómýrum og hefir látið leysa móinn sundur til rannsóknar í efnarannsóknarstofunni hjer. (Sjá skýrslu Ásgeirs Torfasonar í Búnaðarritinu). Nú gæti hann vel rannsakað það, sem hjer um ræðir, vídd mómýranna og dýptina á mónum, ef hann hefði verkfæri. En nú heyri jeg, að Búnaðarfjelagið hafi selt þann eina mónafar, sem það átti. Vera má, að Þorkell Clemenz geti bætt úr þessu, því að hann hefir einn eða tvo nafra, ef jeg man rjett. Nú mætti spara sjer mikinn kostnað með því að biðja Helga að gera þessa rannsókn á Austfjörðum, því að hann fer nú hvort sem er norður og austur til grasfræðirannsókna og sjerstaklega til þörungarannsókna þeirra, sem um var rætt á síðasta þingi. Annars vita menn, að mór er víðast til hjer á landi, en misjafn mjög bæði að vöxtum og gæðum. Bestur mór og dýpstur er á Vestfjörðum og Austfjörðum. Er mjer t. d. sagt, að á Hjeraði sjeu 20 stungur niður. Sagt er mjer og, að Borgarfjörður eystra sje ein mómýri og hún góð, og mun svo víðar vera á Austfjörðum. Nú þarf helst að fara saman nógur og góður mór og góð lending eða höfn. Þetta mun hvorttveggja vera til á Vestfjörðum og Austfjörðum á ýmsum stöðum. En það var þó rjett, sem ráðherra hafði eftir útlendingnum, að á norðanverðu Snæfellsnesi er góður mór, en á miklu minna svæði en því, sem jeg hafði nefnt. Við Faxaflóa er og mór víðast hvar, en þó eigi svo góður og djúpur sem á Austfjörðum og Vestfjörðum.

Kolmórinn kemur úr vjelinni í litlum töflum; eru þær jafnhitamiklar sem jafnþungi af kolum, og má því brenna þeim á skipum, en rúmtak þurfa þær nokkru meira, og eru því óþægilegri en kol. En ekki væri það þó lítilsvert, ef vjer gætum látið skip vor ganga fyrir innlendum aflvaka og þyrftum eigi að sæta afarkostum. Jeg legg því til, að stjórninni sje heimilað að veita 400,000—500,000 kr. fúlgu til þess að setja á stofn kolmógerð, því að vel gætum vjer grætt á því, og átt þó við betra að búa en ókjör þau, sem nú eru. En menn þurfa eigi að kvíða því, að þessu fje verði kastað á glæ, því að fyrst verða gerðar allar rannsóknir, en stöðin því að eins sett á fót, að líklegt sje, að hún borgaði sig. En þótt það sje í óvissu, hvort hún kemst á fót eða ekki, þá þarf þó nú heimildarinnar, því að of seint væri að fá hana á næsta þingi. Það mundi fresta framkvæmdinni um eitt ár. Jeg kann eigi frá því að segja, hvort vjelar Lavals eru þýsk smíði og geta því eigi fengist, en hitt veit jeg, að þær má gera í Svíþjóð, og er þar nóg efni.

Þessi mótekja, kolmógerðin, kemst eigi á í sumar, af því að ekkert var gert í fyrra. Það er gamla sagan, að þurfa að naga sig í handarbökin á hverju ári fyrir gleymsku og framkvæmdaleysi árið áður. Nú er að gæta þess, að vjer þurfum eigi að naga oss í handarbökin næsta ár. Því að þá megum vjer betur við því að neita ókjörum næsta ár, ef svo ilt skyldi um heiminn hugsa, að einhverjir yrðu til

þess að bjóða oss þau. En kæmi slíkt fyrir, þá er betra að hafa þó einhver framleiðslu- og flutningatæki í höndum.

Jeg segi það nú hjer í heyranda hljóði og lýsi yfir því, að þetta mál er eigi á minni ábyrgð framar, heldur þeirra, sem fella till. mína. Er óvandari eftirleikurinn fyrir mig að fella dóminn síðar.

Jeg hverf frá þessum lið og skal minnast nokkrum orðum á þriðju tegund eldsneytiskaflans, skógarhöggið. Víða þarf að grisja skóga, og má fá þaðan feikn af eldivið án skemdar á skógunum. Skógræktarstjórinn bað um litla upphæð um daginn til þess að láta höggva, og er vonandi, að það verði veitt og vinnan rekin vel. Sjálfsagt er og að hlutast til um, að menn höggvi sjálfir undir eftirliti skógræktarmanna.

Bátavið er lífsnauðsyn að eiga í landinu. Jeg gat þess í ræðu á síðasta þingi, að rjett væri að fiska sem mest á opna báta, og yrði þá að fá til efnivið. Bar jeg fyrir mig einn af duglegustu útgerðarmönnum hjer, Elías Stefánsson. Kom okkur ásamt um, að sá útvegur mundi borga sig lengst, ef atvinnuvegurinn yrði beittur ofbeldi. Þótt olía og kol verði svo dýrir aflgjafar, að fiskverðið hafi eigi við, þá er mannaflið hið sama og vindurinn samur, að eins ♠ efnið í bátinn nokkru hærra. Mætti því vel borga sig að fiska með þessum hætti. Og rjett væri að afla efnis eða láta afla til færa og netja, svo að menn hefðu verk að vinna í landlegum. Þarf eigi að orðlengja hjer um, því að þessir hlutir eru hverjum manni auðskildir.

Þá hefi jeg lagt til, að fengin yrðu verkfæri til þess að vinna salt úr sjó, því að betra er að hafa það en ekki, ef samningar ganga nú eigi saman og oss verða meinaðar allar siglingar. Þetta hefir verið gert á mestu vesaldómsárum og öldum þjóðarinnar, og hefi jeg sjeð á nokkrum stöðum leifar af saltbrenslutækjum. Jeg býst eigi við, að slík saltvinsla yrði arðvænleg þegar viðskifti komast aftur í samt lag, en þangað til mætti vinna nóg til matar. Sumir menn hafa borið brigður á það, að vjer mættum lifa hjer við það, sem landið gefur, og fært það til, að oss vantaði salt. En þeir hafa gleymt því, að hjer hefir verið unnið salt og má vinna salt til matar. Auk þess má komast af með miklu minna salt en nú er neytt. Má t. d. herða fiskinn. Deyr enginn, sem hefir nægan harðfisk að eta og aðrar íslenskar fæðutegundir að tiltölu. Hangið kjöt er og góð fæða og jafnvel vindþurkað. Auk þess mætti hafa íshús á hverju strái. Gætu menn því lifað við minna salt en nú og jafnvel ekkert. En betra er þó að hafa það, ef menn geta fengið það heima hjá sjer.

Ef svo færi, að vjer yrðum hjer inniluktir á hólma vorum, þá mundum vjer síður komast í kjötskort eða fiskjar heldur en feitmetis og mjólkur. Og er því alveg sjálfsagt að sjá um, að fært sje frá öllum ám og málnytan hagnýtt sem best til smjörgerðar, osta, skyrs og sýru. Vel má vera, að sumstaðar hagi svo til, að eigi sje þar kjarngott undir bú, eða að einhvern mann skorti fólk, en fje svo fátt, að eigi borgi sig að bæta manni við. En þá er hægurinn hjá að flytja fjeð á betri haga og hafa það í samlögum við annan eða aðra, annaðhvort í heimahögum eða í seli. Nú er eigi á það hyggjandi að græða eða hafa mikinn ágóða af atvinnu sinni, heldur hitt, hvern veg megi tryggja líf allra landsmanna. Nú er sjávarútvegur svo lamaður, að gera má ráð fyrir, að þriðjungur manna, er hann hefir stundað, missi atvinnu sína og hafi ekkert að lifa á. Þá verður þeim helst bjargað

með því að fá þeim vistir uppi í sveitum. En það verður að gera svo tímanlega, að bændur geti notið sumarvinnu þeirra, því að annars væri þeirra kosti þröngt. En kvikfjárræktin er hið eina líf landsmanna ef að kreppir, og ber því að auka hana sem mest. Verður því að fá bændum vinnukraft, en tilskilja það, að þeir búi fyrir alla þjóðina og semji búskap sinn eftir því.

Menn verða að gæta þess, að jeg hefi borið þessar till. fram í því skyni, að tryggja líf þjóðarinnar, ef illa fer, til þess að koma í veg fyrir, að helmingur þjóðarinnar falli úr hungri. Eða hvort mundu menn eigi vilja leggja þetta á sig, til slíkrar tryggingar, jafnvel þótt óttinn rætist ekki? Jeg segi ekki, að þetta verði, en jeg segi, að það geti orðið. Og þá vildi jeg, að vjer værum færir til þess að taka á móti. Eða hver er svo djarfur, að hann þori að taka líf þjóðarinnar í ábyrgð, ef skipum vorum yrði sökt eða þau tekin áður en vjer hefðum flutt að oss forðann? Hver þorir að taka það á sína ábyrgð, að ekkert sje gert til þess að tryggja líf vort? Hver þorir að ábyrgjast að láta heila þjóð fljóta sofandi að feigðarósi?

Til þeirra framkvæmda, sem nú voru nefndar, þarf stjórnin viðtæka heimild til þess að ráðstafa mönnum og fje, í því skyni að tryggja líf þjóðarinnar fyrir yfirvofandi hættu. Gæti jafnvel komið fyrir, að gera þyrfti sömu ráðstafanir sem tíðkast, þegar borg er lýst í hergirðingu. Þá hefir daglegt líf eigi sína eðlilegu rás, heldur fyrirskipar stjórnin eða herstjórnin mönnum starf og lifnaðarháttu. En ef til þess þarf meiri heimildir en stjórnin hefir, þá verður Alþingi að veita henni þær, og yrði þá að gefa sjer tíma til þess að athuga ekki smærra mál en það, hvort rjett sje að sjá lífi þjóðarinnar borgið, eða hvort hana eigi að setja á guðs náð og gaddinn. Rjettast væri, að stjórnin legði nú fyrir þingið nauðsynleg lög í þessu efni, ef tími vinst, en geri þá bráðabirgðalög, ef það er satt, sem heyrst hefir, að háttv. þm. hafi eigi tíma til þess að bjarga mannfólkinu í landinu, áður en bjargráðanefndin heldur heim af þingi.

Jeg bið háttv. frsm. bjargráðanefndar (S. S.) að fyrirgefa mjer, hversu stuttorður jeg hefi verið um svo mikið mál og svo ágæta nefnd. En að endingu vil jeg geta þess, að þar sem háttv. þm. með rjettu telja það mjög mikilsvert, að fjenaði sje ætlað nóg fóður yfir veturinn, þá muni þeim eigi síður þykja ástæða til um þessa háttv. þm. og kjósendur þeirra, að setja þá vel á og ætla þeim að sínu leyti jafnmikið fóður og hinu sauðfjenu.

Pjetur Jónsson: Háttv. þm. Dala. (B. J.), sem ber fram till. þessa á þgskj. 131, sagði sig úr bjargráðanefnd fyrir annríkis sakir, og hefir ekki borið sig saman við bjargráðanefndina áður en hann bar till. fram. En ef hann hefði gert það, hefði till. áreiðanlega orðið styttri, og hefði hann viljað fara að ráðum nefndarinnar, hefði hann sennilega ekki flutt hana.

Enda þótt till. þessi í heild sje ekki svo löguð, að hægt sje að tala mikið um hana, þá eru þar þó ýms atriði, sem vekja upp það, sem nefndin hefir haft til meðferðar, bæði leynt og ljóst. Skal jeg því minnast á þá einstöku liði.

Í raun og veru hefir bjargráðanefnd haft til athugunar öll þau bjargráð í till., sem verulegu máli skifta.

Ætla jeg þá fyrst að minnast á söl og fjörugrös. Nefndin áleit ekki sjerstaka þörf á að gera neitt í því máli nú, því að hún mintist þess, að þingið í fyrra hafði samþykt þingsályktun um að skora á stjórnina að gera það, sem

hægt væri í málinu, og lagði með því, að einum vissum manni væri veitt fje til þess að vinna að því að útbreiða þekkingu í þessum efnum meðal almennings og koma út á prent leiðarvísi um söfnun og hagnýtingu sölva og annara ætiþörunga.

Jeg hefi ekki neitt heyrt um árangurinn af þessu og held ekki, að þingsályktun nú geti hert á þessu máli að gagni. En mjer er kunnugt um, að þessi maður, dr. Helgi Jónsson, hefir skrifað ritgerð um þetta efni í Búnaðarritið, sent út um land ýmsar fyrirspurnir, til þess að afla sjer upplýsinga, og nú heyri jeg, að hann ætli að ferðast í sumar.

Til þess var ætlast, að þetta yrði til verulegs gagns, nú í dýrtíðinni, að þessi maður leiðbeindi mönnum í öflun fjörugrasa, meðferð þeirra og notkun, og má vel vera, að þetta hafi þegar orðið að verulegu gagni, þótt jeg viti ekki til þess. Annars getur skeð, að hæstv. atvinnumálaráðherra gæti gefið upplýsingar um þetta þegar í stað, en jeg hygg það ekki þýða að senda stjórninni frekari áskoranir í sömu átt. (**B. J.**: Helgi bróðir minn átti ekki að safna þessum jurtum fyrir landsmenn). Fyrsti liður till. fer fram á, að stjórnin sjái um, að sem flestir einstaklingar leggi kapp á að safna þessum jurtum, og hjelt jeg, að hafa ætti dr. Helga Jónsson til þess að hvetja menn og kenna þeim að safna þessum jurtum. Hafi það ekki orðið, er jeg hræddur um, að aðgerðir þingsins þyrftu að vera kröftugri en þessi þingsál., ef vænta ætti meiri árangurs.

Eitt af því, sem bjargráðanefndin vildi kynna sjer, var um kartöfluútsæði. Hún aflaði sjer því upplýsinga og komst að því, að stjórnin hafði gert mikið í málinu með aðstoð Búnaðarfjelags Íslands og landsverslunarinnar. Því að þótt mikið af útsæðinu hafi komið heldur seint til þess að sendast út um land í tækan tíma, þá hyggjum vjer, að þar hafi stjórnin gert alt, sem hægt var eftir atvikum, og komið var í kring, þá er þing kom saman. En það kom í ljós við athugun þessa máls og ýmsar fregnir, er nefndinni bárust, að mikið af útsæðinu hefir farið forgörðum fyrir frostin í vetur og ónóga geymslu. Þess vegna ber bjargráðanefndin fram till. þá um útsæði, sem búið er að samþ. hjer í deildinni. Hyggjum vjer því, að búið sje að gera það, sem gert verður í þessu máli með þingsályktun. Svo að það yrði ekki nema endurtekning að samþ. það í till. hv. þm. Dala. (B. J.), er að þessu lýtur.

Þá er eldsneytismálið. Það mál hefir nefndin haft til athugunar frá fyrstu, bæði kola- og mómálið.

Fyrst er þá kolamálið. Báðar bjargráðanefndir þingsins hafa haft það til meðferðar. Nd.nefndin hefir verið hikandi í því að leggja með nýju kolanámi á kostnað landssjóðs. Henni hefir þótt kostnaðurinn nokkuð mikill við Tjörnesnámuna. Stjórnin hafði sent þangað útlendan verkfræðing til þess að rannsaka þá námu og aðrar, og koma á nýjum vinnuaðferðum. Enn fremur ráðið þar verkstjóra til sumarsins. Taldi nefndin ekki rjett að taka fram fyrir hendur stjórnarinnar í þessu máli, eða hafa frekari afskifti af því, enda þótt mjög orki tvímælis um þetta kolanám. Auk þess hefir verið borin fram í hv. Ed. þingályktunartillaga um að styrkja sýslufjelög til kolanáms. Geri jeg ráð fyrir, að ekki verði frekar í þessu máli gert og að við þennan rekspöl megi una.

Þá hefir nefndin ekki látið mómálið afskiftalaust. Vjer höfum rannsakað, hver eru þau hjeruð og bygðarlög, kauptún og sjávarþorp, er bjargast geti að miklu eða öllu leyti án aðfengins eldsneytis, svo sem með mótekju, skógarhöggi eða innlendum kolum. Og þegar

vjer fórum kringum landið í huganum, þá sáum vjer, að það er allvíða, sem menn ættu að geta verið sæmilega birgir, þótt þeir fái ekki útlend kol. Sumstaðar er t. d. kolanám, svo sem á Tjörnesi, í Reyðarfirði og Bolungarvík og víðar, sem getur orðið þeim bygðarlögum til styrktar. Eru það væntanlega engar sveitir og færri kaupstaðir og sjávarþorp, sem geta heitið á flæðiskeri stödd með eldsneyti. Er það sjerstaklega Reykjavík og Gullbringusýsla, og hefir Reykjavík þó mikla mótekju. Náttúrlega er ekki gott um eldsneyti á Ísafirði, og sjálfsagt er erfitt að fá nóga mótekju á Akureyri, þótt mór sje þar mikill til. En út af þessum hugleiðingum rjeð nefndin það af að skrifa stjórninni og ráðleggja henni að skrifa bæjar- og sveitarstjórnum og hvetja þær til þess að afla eldsneytis af eigin ramleik, svo að þær þyrftu sem minst eða helst engin kol. Þannig hefir nefndin í þessu efni gert það, sem farið er fram á í till. háttv. þm. Dala. (B. J.), og er því óþarfi að samþykkja hana að því leyti.

Þá er skógarhöggið. Hefir komið erindi frá skógræktarstjóra Kofoed-Hansen um flutning á skógarviði til Reykjavíkur, bæði úr Hallormsstaðarskógi og Vatnaskógi, og er þar farið fram á fjárveitingu úr landssjóði til þess að koma þessu í framkvæmd. Þetta erindi skógræktarstjórans hefir svo nefndin sent stjórninni ásamt brjefi, með nokkrum hvatningum, og ljet hún þar í ljós, að þar sem slíkur viðarflutningur gæti borið sig, þá mundi stjórnin hafa fult umboð til þess að ráðast í hann eins og hún teldi skynsamlegast og heppilegast. Nefndin áleit ekki »plan« það, er skógræktarstjóri lagði fram, með öllu ráðlegt; það var ekki vel sundurliðað og ýmislegt við það að athuga. En það virðist liggja í augum uppi, og reynslan staðfestir það, að hingað sje hægt að flytja skógarvið, að minsta kosti úr Vatnaskógi, svo að borgi kostnaðinn, en ella er ekkert vit í flutningnum. Þar sem nú bæði skógræktarstjóri og bjargráðanefndin hafa mint stjórnina á þetta, þá þarf hjer ekki við að bæta.

Þá er öflun bátaviðar. Það mál hafði nefndin til íhugunar og aðgerða og var að hugsa um að bera fram þingsályktunartillögu, en fanst þó hitt heppilegra, að athuga sjálf, hversu statt væri bæði um byggingu smærri fiskibáta og efni til þeirra. Fór nefndin því að rannsaka málið.

Fjekk hún að vita í landsversluninni, að komið hefði nokkuð af trjávið til Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, sem nothæfur væri til bátagerðar. Þannig hefir nefndin komist að þeirri niðurstöðu, að svo myndi vera ástatt hjer við Faxaflóa, að ekki stæði það í veginum, ef menn vildu koma sjer upp róðrarbátum. Býst jeg því við, að tilhlutun stjórnarinnar hefði sáralítinn árangur, nema þá að hún reyndi útvegun á sænsku timbri hingað um Kaupmannahöfn, til þess að senda það til fjarlægari hjeraða, þar sem ver kann að standa á, svo sem til Vestfjarða, Eyjafjarðar eða Austfjarða. En það hlýtur að hleypa verðinu griðarmikið fram, ef fyrst á að flytja viðinn til Reykjavíkur og setja hann svo um borð í strandferðaskip. Nefndin hefir rætt þetta mál við landsverslunina og lagt niður fyrir henni að sinna þessari útvegun eftir því sem hún gæti.

Þá er hjer minst á hagnýting búfjárnytja, mjólkur og þess háttar. Það mál var, eins og kunnugt er, til meðferðar í Ed., og hygg jeg, að sú hv. deild hafi gert málnytu landsins svo til góða, að ekki sje hægt að gera það betur. (B.

J.: Hefir hún þá etið hana alla?). Nei, að vísu ekki. Hún hefir strokkað hana.

Það atriði að útvega mannafla í sveitirnar hefir líka legið fyrir háttv. Ed., og er þar til meðferðar með samráði við bjargráðanefnd Nd., svo að jeg hygg, að ekki þýði að koma fram með þingsályktunartill. um það efni.

Jeg hefi nú álitið rjett að skýra frá því, sem nefndin hefir gert í þessum efnum, þótt jeg hafi fremur hugsað mjer, að það kæmi fram í nál., sem yfirlit yfir það, sem nefndin hefir starfað, því að hún hefir ekki legið á liði sínu. Jeg skal að eins geta þess um þau atriði, sem nefndin hefir ekki tekið til verulegrar meðferðar, t. d. að safna berjum, ætijurtum o. fl., að jeg geri ekki lítið úr þeim, nje neinu því, sem miðar að því að nýta og bjargast við það, sem landið hefir fram að bjóða sjálft. En jeg er sannfærður um það, að ef stjórnin vill vinna að þessu máli með áhuga og gera eitthvað að gagni í því, frekar en það, sem bjargráðanefnd og þing þegar er búið að beina til hennar, þá væri það besta ráðið að senda okkur þingmennina heim, hvern á sinn stað, þótt ekki væri til annars en að tína ber; það væri miklu meira gagn að því heldur en að sitja hjer yfir sífeldu þrefi og mælgi um það, hvað hægt er að gera.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Það er í tilefni af einu atriði í ræðu háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) að jeg stend upp. Það er skógarhöggið. Skógræktarstjórinn hefir snúið sjer til stjórnarráðsins með beiðni um peninga til þess að geta látið grisja skóga á nokkrum stöðum, og hefir honum verið heitið nokkru fje úr landssjóði, til þess að geta látið byrja á vinnunni. Geri jeg ráð fyrir, að fje þetta verði tekið af því fje, sem ætlað er í fjárlögunum til skógræktar; þótti ekki nema sjálfsagt að bregðast vel við og láta nokkurt fje af hendi, svo að ekki þyrfti að stranda á fjárskorti, að byrjað yrði á skógarhöggi.

Viðvíkjandi bátunum skal jeg geta þess, að símað hefir verið út um alt land, eftir till. bjargráðanefndar, með fyrirspurnir um, hvað til væri af róðrarbátum í hverju lögsagnarumdæmi. Þegar þessi svör koma, verður hægt að taka ákvarðanir í samræmi við þau.

Einar Jónsson: Jeg mun ekki setja mig á móti þeirri till., sem hjer er til umr., enda þótt mjer sje kunnugt um það, að nokkuð svipuð rannsókn sem þessi hafi samþykt verið og farið fram áður á vissum svæðum. En það er brtt., sem hjer kemur fram, sem mjer kemur dálítið einkennilega fyrir sjónir að skuli fylgja þessu frv. um rannsókn mómýra. Jeg get ekki orða bundist um það, vegna þess, hversu fáviskulegt þingskjalið er. Jeg minnist þess ekki að hafa sjeð nokkurt þingskjal jafnvitlaust í þingtíðindum Íslendinga, ekki fyrir það, að mjer þyki lengur nokkuð einkennilegt, þótt markleysa og óþarfi komi fram á þessu þingi, ekki fyrir það, þótt annað hvert orð sje latína og gríska, ekki heldur fyrir það, að þar er öllu ruglað saman í einn graut og gert erfitt viðfangs, heldur fyrir það, að kostnaðarspursmálið við þetta verður svo gífurlega mikið, að þótt háttv. þm. Dala. (B. J.) vildi reyna að reikna það út á latínu og grísku, þá er jeg viss um, að honum tækist aldrei að finna neinn botn í því. (**B. J.**: Það er náttúrlega öðruvísi reiknað á grísku og latínu). Háttv. þm. (B. J.) virðist vera svo tamt að nota latínuna og gríska, að jeg hjelt, að reikningurinn myndi ganga fljótar svoleiðis, yrði auðvitað jafnóábyggilegur hvernig sem hann reikn-

Jæja, það er nú búið að prenta þetta skjal á »alþjóðar«-kostnað, svo að það á þá ekki nema vel við að ræða það dálitið á alþjóðarkostnað; það væri þá ekki nema hugsunarvilla, en ekki meiningarvilla.

Hjer á að leggja kapp á, að hver einasti maður rækti allar þær jurtir, sem í till. eru taldar, en það hlýtur að koma að því, að einum manni sje þetta ofvaxið, og þess vegna verður að gera það á alþjóðarkostnað. Ef sami maður á að leggja stund á að rækta þetta alt og safna því, ýmist niðri í fjöru, uppi á fjöllum eða í miðri sveit, þá mundi sá vandfundinn, sem gerði sjer gagn með þess háttar vinnubrögðum? Nú þar sem háttv. þm. (B. J.) talaði um jurtir úr sjó, þá fanst mjer hann koma með nokkurskonar vantraustsyfirlýsingu á bróður sinn, sem hann taldi vel færan á síðasta þingi til að rannsaka næringargildi þörunga og gefa skýrslur og leiðbeiningar gegn styrkveitingunni, sem þá var veitt. Nú á að vinna að þaratekju með nýjum umsjónarmönnum — og alt á að gera með um sjónarmönnum — gerir ekkert til frá sjónarmiði hv. tillögumanns (B J.), bara það sje alt á »alþjóðarkostnað«.

Jeg skal nú ekki segja, að það sje óþarfi að rækta allar þessar jurtir, þótt þær sjeu yfir 20 samtals ef hægt er að koma því við, en jeg held, að það væri ósanngjarnt að ætlast til, að hver einstaklingur leggi kapp á að rækta þær allar. Mjer datt það í hug, að það væri óhugsandi, að annar maður hefði komið með þessa brtt. en sá, sem væri alveg sama um það, þótt landssjóður skuldaði miljónir og aftur miljónir, til þess að geta ausið þeim í allskonar hjegóma, umsjónarmenn, eftirlitsmenn og aðra óþarfa tilgerð, ef hægt væri.

Þá hugsar háttv. þm. (B. J.) sjer, að stjórnin láti leggja akvegi og sporbrautir til sjávar, þar sem surtarbrandstekja væri, og þá að sjálfsögðu jafnt fyrir því, þótt vitanlegt sje, að á sumum stöðum hagar svo til, að það er ómögulegt að leggja nokkra vegi. Gljúfur, háfjöll, hamrar, vatnsföll o. m. fl. geta þar hindrað. Það skilja víst allir nema háttv. þm. Dala. (B. J.).

Þá komst háttv. flm. (B. J.) svo að orði, að það væru ekki til neinir móleitarmenn, að menn kynnu ekki að leita mós, og jafnvel ekki þekkja mó. Það kann að vera, að hann þekki það í Dölunum, þótt jeg geri það ekki á Rangárvöllum. Jeg veit ekki betur en að hver maður, sem býr á jörð, kunni að leita að mó í sínu landi og viti, hvort hann er þar til eða ekki, svo að allir þessir nýju móleitarmenn sjeu óþarfir.

Þá er það dálitið einkennilegt að heyra talað um það, að búskapur eigi að færast til forns lags, ekki síst um nytjar búpenings.

Vill háttv. flutnm. (B J.) með því náttúrlega, að menn hætti að slá með góðum ljáum, en bruki íslenskar járnspíkur, hætti að flytja á vögnum, en fari að flytja alt á klökkum aftur. Hann vill að líkindum auk þess, að menn fari að drepa úr hor, því að það er gamla lagið, en þekkist naumast lengur. Hann vill láta reisa íshús í hverju hjeraði, en talar svo um það í sömu andránni, að það þyrfti að geta komið sjer áfram með það að vinna salt úr sjó. Jeg held nú, að þegar búið er að útvega tækin og efnið í íshúsin, þá mundi það geta orðið nokkuð dýrt að eiga þau, því að jeg býst við, að háttv. þm. (B. J.) viti, að til íshúsa þarf mikið salt, annars koma þau ekki að haldi, en nú hin mesta saltekla í landi. Auk þess er búið þannig í sveitum, að þar eru engin not að íshúsum í fjarlægð, svo að jeg held,

að þetta atriði till. yrði einungis til hnekkis, en engra bóta, ef það yrði samþ.

Svo klykkir háttv. þm. (B. J.) út með því að svara mönnum um heimfýsi, og datt mjer þá í hug, hvort hann ætlaði að skemta mönnum svona og til þess að forða mönnum frá henni.

Jeg bið hæstv. forseta að fyrirgefa mjer, hvernig jeg hefi farið út í einstaka liði hinnar vitlausu till. Jeg vil svo taka mjer orð Jóns Þorlákssonar í munn, með þessum hendingum:

»Alyktun mín skal af því sú,
að þið systurnar, hún [till.] og þú,
seljist í sama bandi.«

Með þeim orðum vildi jeg afhenda hv. þm. Dala. (B. J.) till. og láta hann ekki gera meiri kostnað með henni. Býst jeg við, að fjárveitinganefnd mæli ekki með henni og verði erfitt um að ganga fram.

Jeg býst þá við, að jeg hafi þá látið það álit mitt í ljós, að jeg get ekki greitt þessari till. atkv. mitt. Og skal hjer staðar numið.

Bjarni Jónsson: Jeg ætla, úr því að mjer hefi yfirsjest við þessa till., að taka hana aftur og leggja hana aftur fram við síðari umr. Svo skal jeg leyfa mjer að þakka þessum háttv. þm., sem hafa rætt þessa till. Það var reyndar sök sjer um hinn fyrri háttv. þm. sem talaði (P. J.), en um hinn síðari (E. J.) er það að segja, að hann er snjallastur við að styðja þau málin, sem hann vill fella. Annars var það illa til fallið fyrir þennan háttv. þm. (E. J.) að nota þessa till. til þess að ráðast á Helga bróður minn. Annars hefði hann líka mátt heyra það, að jeg las upp næringargildi ýmsra þeirra jurta, sem hann hefir rannsakað, og er því illa til fallið að nota þessa till. til þess að gera einskonar grímuklædda árás á bróður minn, án þess að mál þetta snerti hann nokkuð. Hefði jeg náttúrlega ekki nefnt verk hans að neinu, ef ekki hefði staðið svo á, sem nú er. Að öðru leyti þakka jeg háttv. þm. (E. J.) fyrir stuðninginn og trúi því, að satt sje, sem annar þeirra sagði, að gott væri að senda þá heim, — ef ekki færu fleiri.

ATKVGR.
Brtt. 131. tekin aftur.
Tillgr. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. í e. hlj.

Á 29. fundi í Nd., fimtudaginn 23 maí, var till. tekin til síðari umr. (A. 113, 179).

Pjetur Jónsson: Jeg hefi ekkert um þetta mál að segja, meira en búið er við fyrri umr., því að þessi brtt., sem hjer kemur, er afturganga og er að öllu hin sama og áður. En það var út af ræðu háttv. þm. Dala. (B. J.), er hann hjelt eftir að jeg talaði við fyrri umr., sem jeg vildi að eins segja fáein orð. Honum þótti mjer hafa farist ódrengilega í garð Helga bróður síns. Þetta get jeg ekki kannast við, enda held jeg, að ekki þurfi að orka tvímælis um það. Jeg veit aldrei til, að jeg hafi vikið öðru en góðu í garð þess manns, og eigi allsjaldan haft tækifæri til þess. Jeg nefndi það, sem hann hefði gert í þaramálinu, að því leyti sem mjer væri kunnugt, og þar á meðal ritgerð hans í Búnaðarritinu, sem farið hefir víða um land. Enn fremur nefndi jeg, að Helgi Jónsson hefði sent út ýmsar fyrirspurnir, til þess að afla sjer upplýsinga viðvíkjandi þara. Meira en þetta vissi jeg ekki um. En jeg gat þess til, að hann hefði má ske gert eitthvað fleira, þótt jeg vissi það ekki, því að

mjer þótti það líklegt, eftir öllum ráðagerðum, sem fram fóru í bjargráðanefnd neðri deildar í fyrra um þetta mál, eins og háttv. þm. Dala. (B. J.) hlýtur að kannast við. Hann var þá í nefndinni og mestur milligöngumaður á milli Helga Jónssonar og nefndarinnar, bæði um þetta starf og fjárveitingu í því skyni. Í þessu sje jeg enga móðgun fyrir Helga Jónsson.

Bjarni Jónsson: Mjer þykir vænt um að heyra, að svo á að skilja ummæli háttv. þm. S.-Þ. (P. J.). Hins vegar gat jeg ekki skilið þau öðruvísi. En það hefir ekki blásið byrlega fyrir þararannsóknir þetta ár. Því að í október gerði ísalög, og það er enginn hægðarleikur að kenna mönnum að pjakka gegnum ísinn. Nú hefi jeg lagað till. þá, er jeg flutti á dögunum; tekið þar ýmislegt fram, sem vantaði í hina, breytt fyrirsögninni og bætt því við, að stjórnin láti »bestu lækna gera matseðil handa landsmönnum, hvernig haganlegast megi setja saman íslenskar fæðutegundir«.

Jeg skal svo ekki orðlengja þetta frekar að sinni, en vildi gjarnan biðja forseta um nafnakall um till., því að jeg ætla að hafa mjer til gamans síðar nöfn þeirra, sem framsýni hafa til þess að samþykkja till., og hinna, er vantar hana.

ATKVGR.

Brtt. 179. feld með 13:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: P. Þ., Þorst. J., B. Sv., B. J., E. A., M. P.

nei: P. J., P. O., S. S., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., E. Árna., E. J., G. Sv., J. J., M. G., M. Ó., Ó. B.

S. St., J. M. og J. B. greiddu ekki atkv.

Fjórir þm. (Þór. J., B. K., B. St. og H. K.) fjarstaddir.

Till. samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 26. fundi í Ed., föstudaginn 24. maí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um rannsókn mómýra,

eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 203).

Á 27. fundi í Ed., laugardaginn 25. maí, var till. tekin til fyrri umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg vil að eins leggja til, að þingsál.till. þessari verði vísað til bjargráðanefndar að þessari umr. lokinni. Jeg skal geta þess, að í háttv. Nd. eru nýafstaðnar allítarlegar umr. um mál, sem er skylt þessu, sem sje öflun innlends eldsneytis, og það er sameiginlegt við þingsál. þessa og það, að það getur kostað mikið fje, ef rannsókn þessi á að verða að nokkru ráði. Að því má ganga sem vísu. Og stjórnin mun líta svo á, ef till. þessi verður samþykt, sem aðalatriðið sje það, að rannsóknin verði fullnægjandi, án tillits til þess, hvað hún kostar.

Halldór Steinsson: Jeg man ekki betur en að samskonar till. og þessi væri feld hjer í háttv. Ed. á síðasta þingi, og jeg sje ekki, hvers vegna fremur ætti að samþykkja hana nú Jeg hefi hins vegar heyrt, að hæstv. stjórn hafi veitt manni styrk til þess að rannsaka móvinslu með vjelum. Jeg vil leyfa mjer að spyrja hæstv. atvinnumálaráðherra, hvort það sje rjett, að slíkur styrkur hafi veittur verið?

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Það er rjett, að stjórnin hefir veitt slíkan styrk, og fór hún þar eftir till. þeirri,

er lá fyrir síðasta Alþingi og samþykt var í háttv. Nd., en feld með eins atkv. mun hjer í háttv. Ed. Auk þess bárust henni sterkar óskir um það frá bæjarstjórn Reykjavíkur. Og nú er maðurinn aftur kominn heim úr utanför sinni.

Halldór Steinsson: Jeg verð að lýsa óánægju minni yfir framkomu hæstv. stjórnar um þetta. Hún hefir engan rjett til þess að meta meira vilja háttv. Nd. en háttv. Ed. Báðar deildirnar eru fullkomlega jafnrjettháar. Þótt óskir hafi komið fram frá einhverjum Reykvíkingum um þessa styrkveitingu, þá rjettlætir það ekki framkomu stjórnarinnar í þessu máli.

Atvinnumálaráðherra (S J): Eins og jeg tók fram, þá var þingsál. þessi samþykt í háttv. Nd, en feld hjer í Ed. með eins atkvæðis mun, og af atkvæðafjöldanum var það sýnt, að hún hefði orðið samþykt í sameinuðu þingi. Og þótt háttv. þm. Snæf. (H. St.) vilji eigi taka tillit til vilja háttv. Nd., þá vill stjórnin eftir atvikum gera það. Það er því alls ekki rjettmætt að koma með ávítur fyrir það, að þessum manni var veittur þessi styrkur.

ATKVGR.

Tillgr samþ. með 7:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: K. D, M K., M. T., S. F., H. Sn., Jóh. Jóh., G. B.

nei: E. P., G. G., G. Ó., H. St., K. E. S. J. greiddi ekki atkv.

Einn þm. (S. E) fjarstaddur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 7:5 atkv. og til bjargráðanefndar (sjá A. bls. 544) með 7 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Ed., fimtudaginn 13. júní, var till. tekin til síðari umr. (A. 203, n. 337).

Frsm. (Guðjón Guðlaugsson): Nefndin hefir athugað till. þessa og er sammála um það, að hún sje nauðsynleg og verk þetta sje eitt af því fyrsta, sem gera þarf.

En henni hefir ekki blandast hugur um, að þetta hlýtur að kosta allmikið fje, ef rannsóknin á að fara fram í stórum stíl, og þess vegna hefir hún komið fram með nokkrar breytingar við till.

Eftir till. frá Nd. er fjárframlagið ótakmarkað, en nefndin var hrædd um, að það mundi taka bæði langan tíma og verða mjög kostnaðarsamt, ef lagt yrði út í að skoða allar mómýrar á landinu, og að vissu leyti mundi það óþarft verk og árangurslítið.

Nefndin áleit því hyggilegast, að rannsóknin yrði ekki látin fara fram nema þar, sem hugsanlegt er, að móiðnaður verði rekinn í stórum stíl. Hún átti tal við Þorkel Clementz vjelfræðing, og sagði hann, að minni mýri en 100 dagsláttur og með $1^1/_2$—2 metra þykku mólagi væri ekki hugsanleg til stóriðnaðar.

Það eru því ekki nema stórir mýraflákar, sem tiltök er að rannsaka, og má búast við, að slíka staði sje hægt að finna kringum Faxaflóa, þótt hugsanlegt sje, að víðar megi leita.

Nefndin vildi ekki binda rannsóknina við Faxaflóa eingöngu, því að

svo gæti farið, að upplýsingar fengjust um ágætt mótak annarsstaðar. Og þá þarf þess vel að gæta að velja þann staðinn, sem hægast er aðstöðu, t. d. þar sem liggur nærri góðri höfn eða hægt væri um vik að leggja járnbrautarspotta frá mótakinu til sjávar.

Þá vildi nefndin einnig takmarka fjárframlagið og miða það við 3000 kr., til þess að ekki yrði vaðið út í óvissuna með það, hve miklu yrði varið til rannsókna þessara.

En það getur vel hugsast, að fje þetta reynist of lítið, en þá er hægt að grípa til þess að setja það í fjáraukalög síðar, ef einhverju litlu þarf við að bæta.

Þetta eru þá í stuttu máli brtt. nefndarinnar; hún vill takmarka fjárframlagið og ekki rígbinda rannsóknirnar við sjerstakt svæði.

Þorkell Clementz vjelfræðingur vildi láta nefndina bæta við heimildarákvæði fyrir landsstjórnina til að lána fjela i, sem kynni að verða stofnað til að hrinda af stað iðnaði þessum, en nefndinni fanst, eins og bjargráðanefnd háttv. Nd., ekki tími til þess kominn að svo vöxnu máli, meðan alt er óransakað, og hún leit líka svo á, að stjórnin hefði nóg á sinni könnu að því er lánveitingar snertir.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg get lýst yfir því, að jeg aðhyllist brtt. háttv. nefndar, þótt þær gangi ekki eins langt og till. frá Nd., og því megi búast við, að árangurinn verði minni, þótt slíkt verði ekki sagt með vissu.

En af því að rannsóknin er hjer ekki bundin við ákveðinn stað og fjárframlagið er takmarkað, þá er brtt. aðgengilegri.

Að vísu getur svo farið, að fje þetta hrökkvi ekki til, sjerstaklega ef þarf að fá útlendan mann til rannsóknanna, en varla mundi mikið um það fengist, þótt farið yrði dálítið fram úr því, sem áætlað er hjer í brtt., og mætti þá, eins og háttv. frsm. (G. G.) tók fram, bæta því í fjáraukalög síðar.

Jeg vil því leggja það til, að brtt. verði samþ.

ATKVGR.

Brtt. 337. (ný tillgr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Sþ.

Á 44. fundi í Ed., föstudaginn 14. júní, og á 49. fundi í Nd., sama dag, var útbýtt frá Sþ.

Tillögu til þingsályktunar um rannsókn mómýra,

eins og hún var samþ. við síðari umr. í Ed. (A. 352).

Á 4. fundi í Sþ., föstudaginn 21. júní, var till. tekin til u m r. (A. 352, 371).

Pjetur Jónsson: Það vill nú svo til, að frsm. Nd. nefndarinnar í máli þessu, háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), er ekki viðstaddur, en það vill líka svo til, að jeg hygg, að jeg þurfi ekki að mæla langt um málið.

Það hefir orðið lítils háttar ágreiningur milli deildanna út af þessu máli, en þó sje jeg ekki, að hann sje svo lagaður, að ekki geti orðið samkomulag. Háttv. Ed. hefir viljað takmarka framlagið til þessara mómýrarannsókna við 3000 kr., en það sjer Nd. nefndin sjer ekki fært og getur því ekki fallið frá sinni till., því að hún kom með hana í því skyni, að það fengist full rannsókn á, hvort svo mikinn mó myndi að fá í nokkurri af mómýrum landsins, að leggjandi væri þar út í móiðnað í stærri stíl,

og þá helst með Lavals-aðferð svokallaðri, sem þykir best. Er hún nú notuð mikið í Svíþjóð, þar sem móvinsla í stórum stíl er lengst komin. Nú skilst oss, að Ed. nefndin sje ekki á móti því í sjálfu sjer, að svo grandgæfilega sje rannsakað, en að hún vilji láta 3000 kr. nægja til kostnaðar. En vjer teljum vafasamt, að það nægi, því að ítarlega rannsókn verður að fá á stórum mýraflákum, til þess að fá vissu fyrir, að þar sje svo mikið, að nægi til þess að stofna á því móiðnaðarfyrirtæki.

Við fyrri umr. málsins hefir verið skýrt frá því, hvað slíkt fyrirtæki með Lavals-aðferðinni myndi kosta hjer. Það var áætlað ekki yfir $^1/_2$ milj. kr., ef lagt er út í það með nokkurri fyrirhugun. En þá verður að vera farin á undan svo góð og fullkomin rannsókn, að menn geti gengið út í það með sæmilegri vissu. Og það, sem vjer ætluðumst til í Nd., var að ljetta þessum kostnaði við fullkomna rannsókn sem mest af þeim einstöku mönnum, sem hug hefðu til að ráðast í fyrirtækið.

Að öðru leyti ber nefndunum ekki það á milli, að ástæða sje til fleiri orða um það.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg er nú ekki sammála háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) um það, að nefndunum beri ekki talsvert á milli, því að það er talsverður skilsmunur á því, að vilja leggja fram ótakmarkað fje, hvernig sem því er varið, eða takmarkað, og það því fremur, sem upphæðin tiltekna er lág.

Nefndinni í Ed. fanst ekki nauðsynlegt, nje heldur taldi hún það ráðlegt, eins og fjárhagur landsins stendur nú, að halda till. Nd., um að leggja fram ótakmarkað fje. Svo var líka hitt, að Ed. fanst ekki hjer svo mikil nauðsyn á, því að vjer vitum, að þetta sumar er þegar hálfnað, og ekkert er farið að gera í þessu enn, en hins vegar vitanlegt, að reglulegt þing verður háð næsta ár. Og af því að um stuttan tíma er að ræða til rannsóknarinnar á þessu ári, þá er tækifæri fyrir næsta þing til þess að auka við fjeð, ef það skyldi reynast of lítið. Þó hefðum vjer getað skilið, að hv. bjargráðanefnd Nd. hefði komið með brtt. um að hækka fjárveitinguna eitthvað, en láta hana þó vera takmarkaða. En hún kippir henni nú aftur í sama horf og hún kom í frá hv. Nd. áður.

Það er líka annað, sem skilur á milli nefndanna, og það er að Ed.nefndin tekur það ekki fram, hvaða móvinsluaðferð skuli notuð, er til kæmi. Það er af þeirri ástæðu, að bjargráðanefnd Ed. vantar þekkingu á, hver aðferðin sje best, og álítur því út í bláinn að tiltaka hana nú þegar, en telur tímann nógan til þess að taka þá aðferð, er reyndist best, er byrjað væri á verkinu. Því að þótt þessi Lavals-aðferð kunni nú að taka öðrum samskonar aðferðum fram, er reynslan ákaflega stutt, og þar að auki fáir til frásagnar um, hverskonar reynsla það er. Og gæti þá farið svo, að þar sem þetta mál er enn á gelgjuskeiði í öðrum löndum, og mestar hafa orðið framfarir í því síðan stríðið hófst, þá má búast við, að breytingar komi árlega, svo að það, sem var best í ár, reynist ekki nema í meðallagi næsta ár, og annað sje þá komið, sem betra er.

Hvað viðvíkur þessari fjárupphæð, sem þessi Lavals-aðferð mundi krefjast, er lagt væri út í fyrirtækið, þá nefndi háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) $^1/_2$ milj. kr. En jeg held, að hann hefði ekki þurft að brjóta miljónina sundur. Hálf miljón kr. gæti verið nóg í »normal«-ári, en eftir þeim upplýsingum, sem efri deildar nefndin hefir fengið þar að lútandi, þá er það óhugsandi nú. Var honum

því alveg óhætt að hafa miljónina heila. Hvað þessa rannsókn snertir að öðru leyti, þá virtist Ed.nefndinni, sem hún mundi ekki verða eins yfirgripsmikil og háttv. Nd. virtist álíta, því að það mundu vera að eins örfáar mómýrar, sem til nokkurra mála gæti komið að rannsaka í þessu augnamiði. En um almenna rannsókn á mómýrum hljóðaði till. Nd. ekki, heldur að eins um rannsókn þar, sem hugsanlegt mundi að hafa Lavals-aðferðina.

Og eftir upplýsingum frá þeim manni, er gengist hefir fyrir þessu máli hjer á landi, þá eru það engar smáræðismýrar, sem um getur verið að ræða. Þær þurfa að vera fleiri hundruð dagsláttur að stærð, og mólagið í þeim verður að vera jafnt og ekki minna en 2 metra á þykt upp og ofan. Slíkar mýrar munu ekki vera víða, og er því óþarfi að fara út í almenna rannsókn mómýra. Auk þess virðist svo, sem það sje ekki um skör fram, þótt einhver takmörk sjeu sett á fjárframlög úr landssjóði, því að mörgum mun virðast, sem meðferðin á fje til þeirra útgjalda, sem ekki hafa verið ákveðin af þinginu, hafi verið helst til lítið takmörkuð af stjórninni. Þess er líka að geta, að þótt eitthvað lítilfjörlegt kynni að vanta til, þá væri ekki loku skotið fyrir einhverja viðbót, svo að ekki þyrfti að hætta við rannsóknina í haust, ef að eins væri eftir að rannsaka svo sem vikutíma. Stjórnin hlyti að hafa fult vald til að halda verkinu áfram upp á sitt eindæmi og veita það fje, sem þyrfti, til viðbótar, og taka það svo upp í fjáraukalög á næsta þingi. Því myndi það ekkert gera til, þótt nokkur hundruð krónur eða jafnvel þúsund vantaði til.

Af þessum ástæðum var það, að nefndin í Ed. breytti till., og mun hún og væntanlega öll Ed. halda fast við þá till., er hún samþ. upphaflega, en vera móti brtt.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Háttv. framsögumenn deildanna hafa nú gert grein fyrir því, hver frá sínu sjónarmiði, hver sje efnismunurinn á þessum till. og hvað á milli ber. En jeg vildi ekki, að þetta mál færi svo frá þinginu, að ekki væri hægt að fá góðan stuðning í umræðum málsins, ef eigi í tillögunni sjálfri hvernig haga skuli framkvæmdum till., hver skoðunin sem ofan á verður. Það verður ekki sjeð, hvort það vaki fyrir mönnum, að fá skuli sjerfræðing frá útlöndum til rannsóknarinnar, eða hvort stjórnin skuli leita fyrir sjer innanlands hjá þeim manni eða mönnum, sem hún hyggur færa um þetta. Jeg veit nú ekki, hvort völ er á nokkrum innlendum manni, er fær sje að taka að sjer þessa rannsókn, til þess að það augnamið náist, sem vakir fyrir nefndinni, að svo ábyggileg rannsókn fáist, að byggja megi á henni móvinslu í stórum stíl. Ef um mann með þeirri sjerþekkingu væri að ræða hjer heima, yrði það auðvitað ódýrara og umsvifaminna en að fá sjerfræðing útlendan.

Vildi jeg því, að háttv. framsögumenn ljeti í ljós, hvað fyrir þeim vakir í þessu efni. Sje það nú meiningin að útvega útlendan mann, myndu þær 3000 kr., sem háttv. Ed. vill leggja fram, ekki hrökkva langt. En sje hægt að fá innlendan mann, getur vel verið, að 3000 kr. nægi, og vitanlega er betra að hafa ákveðna fjárhæð við að styðjast, er til framkvæmda kemur, en að hún sje alveg óákveðin og ótakmörkuð.

Óska jeg því eftir bendingu í þessa átt.

Pjetur Jónsson: Það er fjárspursmálið, sem jeg vildi minnast á. Það er alls ekki rjett að toga það fram sem hreina mótsetningu, þótt Nd. nefndin vilji ekki tiltaka vissa fjárupphæð, rjett eins og hún vildi heimila að verja ótakmörkuðu fje, jafnvel svo tugum þúsunda skifti, í þessa rannsókn. Auðvitað gerum við þessa till. okkar á þeim grundvelli, að ekki sje lagt meira fje í hana en nauðsynlegt er. Stjórninni hafa svo oft verið falin lík mál, og hjer um bil aldrei verið tiltekin ákveðin fjárhæð, nje legið fyrir ábyggileg áætlun um kostnaðinn. En nú leikur vafi á því, hvort hægt sje að nota innlendan mann til rannsóknarinnar, eða að það verði að fá útlendan sjerfræðing til þess, og hvort nauðsynleg verkfæri sjeu til í landinu, eða þau verði að fá frá útlöndum. Um þetta er má ske ágreiningur, og geri jeg ráð fyrir, að það vaki fyrir hv. Ed., að notast megi við innlendan mann. Jeg get ekki sagt, að það hafi verið neitt einskorðað í Nd., hvort maðurinn skuli vera innlendur eða útlendur, heldur verði að fela stjórninni að velja svo hæfan mann, að rannsóknin verði fullkomin, eða svo ábyggileg, að sjeð verði, hvort leggjandi sje út í móiðnað með Lavals-aðferðinni eða öðrum móvinsluaðferðum. Jeg held þess vegna, að jeg geti ekki lýst yfir fyrir hönd bjargráðanefndar Nd. neinu ákveðnara en þessu. Væri maður innanlands, sem stjórnin treysti til að rannsaka svo, að byggja mætti á þeirri rannsókn, samkvæmt því sem jeg hefi tekið fram, og að það gæti orðið undirstaða fyrir fjelagsstofnun innanlands til að ráðast í fyrirtækið, þá væri það auðvitað best, en væri hann ekki fáanlegur, þá yrði að taka útlending. Af þessum ástæðum ljet nefndin upphæðina óákveðna. Hún taldi ekki svo gott að áætla nákvæmlega, hvað útlendur maður mundi kosta.

Eu um það er enginn ágreiningur, að rannsóknin verður að bindast við takmarkað svæði. Það eru ekki margir mýraflókar, sem til greina geta komið. Það er því ekki ætlast til að leita um alt landið. Upphaflega var svo til ætlast, að aðallega yrði leitað fyrir sjer við Faxaflóa, t. d. í Borgarfirði og á Snæfellsnesi, því að þar eru stærstar mómýrar og eigi sem verst aðstaða til að vinna móinn og flytja hann þangað, sem hann yrði mest notaður, t. d. til Reykjavíkur. Þess vegna er enginn ágreiningur um það. Að vísu kom okkur í hug, að það gæti komið til mála að leita á Vesturlandi, því að þar er að allra dómi góður mór. En hitt er vafamál, hvort þar eru svo stór mósvæði, að þar sje leggjandi út í verksmiðjuiðnað í stærri stíl. En við höfum viljað benda stjórninni á að miða rannsóknina við það, að fyrirtækið yrði í stórum stíl, og höfum nefnt Lavals-aðferðina, af því að hún er nú talin hagkvæmust aðferð til að vinna mó, þannig að hann verði sem fyrirferðarminstur og þægilegastur til flutninga og um leið sem notabest eldsneyti. En það er enginn meginmunur á því, hvort það er Lavals-aðferðin eða einhver önnur samskonar aðferð, sem notuð yrði og viðurkend er í móiðnaðarlöndum eins og Svíþjóð. Rannsóknin verður mjög eða alveg hin sama, hver aðferðin sem er, ef á henni á að byggja »plan« fyrir verksmiðjuiðnað. Það liggur alls ekki í till. okkar, að landssjóður skuli fara að ráðast í slíkt fyrirtæki. Hugsunin er, að einstakir menn eða fjelög »privat«-manna leggi í það, svo framarlega sem efni eru til og staðhættir leyfa, og höfðum við dálítið fyrir okkur í því, að svo mundi verða.

En aftur á móti ef fara ætti að rannsaka mómýrarnar til þess að hafa sviparða aðferð og nú, að elta móinn, og

fjölga móeltivjelum hjer á landi, en ekki væri ætlunin að hefja móiðnað, þá fanst oss ekki ástæða til að kosta opinberu fje til slíkrar rannsóknar, að minsta kosti ekki að svo komnu. Jeg held því, satt að segja, að ef brtt okkar nefndarmanna Nd. verður ekki samsamþykt, þá geti farið svo, að þessi þingsályktun komi ekki að tilætluðum notum.

Mjer skildist það á háttv. frsm. Ed. nefndarinnar (G. G.), að hann áliti þetta heldur seint til komið til þess, að í því gæti talist nokkur bjargráðaráðstöfun. Getur það verið rjett að nokkru leyti. En þó hygg jeg, að svo geti farið, að aðfengið eldsneyti geti um alllangt skeið orðið svo dýrt, að það þurfi svona »bjargráð«, ef framkvæmanleg eru, til þess að efla sjálfstæði landsins í eldsneyti, og gæti þá móvinslan náð tilgangi sínum. Það hefir þegar sýnt sig í Svíþjóð, að mór er ef til vill ódýrasta eldsneytið sem til er. Gæti og farið svo hjer, og ef rannsóknin sýndi, að móland væri hjer nóg, væri það varla áhorfsmál að ráðast í móiðnaðarfyrirtækið, enda þótt það kostaði hátt upp í 1 milj. kr. til að byrja með. En þetta liggur ekki fyrir nú. En ef þessi rannsókn kæmist á svo tímanlega, að henni yrði lokið fyrir næsta þing, þá stæði þingið betur að vígi um að ákveða, hvort það skyldi eiga nokkurn hlut að slíkum móiðnaði. Þetta vakti fyrir oss nefndarmönnum, og gerðum við ráð fyrir, að ef stofnað yrði fjelag til þess að reka fyrirtækið, mundi það þurfa einhvern stuðning.

Jeg er ekki í neinum vafa um það, að ef hjer hefði verið komið á stofn móiðnaði fyrir stríðið, þá hefði það verið eitthvert hið þarfasta fyrirtæki fyrir þetta land, eins dýrt og nú er að afla eldsneytis. Þá hefðum vjer getað sparað oss kol að miklu eða öllu leyti.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Mjer virðist liggja beinast við að skilja svo orð háttv. frsm. Nd.nefndarinnar (P. J.), að nefndin búist við, að ekki verði lengra gengið en að nota þann besta kraft, sem til er hjer á landi til rannsóknarinnar. Enda liggur málið nú svo fyrir, að örðugt mun hjeðan af í sumar að fá hæfan mann frá útlöndum. Og ef það reynist ekki hægt, mun stjórnin reyna að fá þann hæfasta, sem völ er á, en hvort tilgangurinn næst þá, með þessari aðferð, getur orðið álitamál. En ef innlendur maður yrði notaður, hygg jeg, að komast megi nokkuð langt með þeirri fjárhæð, er háttv. frsm. Ed.nefndarinnar (G. G.) hefir lagt til að veitt yrði.

Guðjón Guðlaugsson: Að þessu leyti get jeg gefið sömu svör og háttv. þm. S.-Þ. (P. J.), að það var meining Ed., að rannsóknin væri framkvæmd af innlendum manni í sumar. Bjargráðanefndin í Ed. leit svo á, að till., eins og hún kom frá Nd., væri ekki svo orðuð, að það gæti verið meiningin að fá útlendan mann til þessara rannsókna. Við hefðum þá búist við, að það væri beinlínis tekið fram í till. sjálfri, eða að minsta kosti bent á það, að með þeim kostnaði, sem af rannsókninni leiddi, skyldi telja þann aukakostnað, sem á fjelli við það að útvega útlend áhöld og útlendan mann til rannsóknanna. Bjargráðanefnd Ed. var líka kunnugt um, að nú er í útlöndum innlendur maður, til að kynna sjer þessi efni, maður, sem menn þekkja og menn bera fullkomið traust til. En hann getur ekki komið til rannsókna á

þessu sumri. Rannsóknin í sumar getur því varla orðið nema lítilfjörleg byrjun, sem gefi lítils háttar bendingu um það, hvort ráðlegt muni að setja á stofn einstök fjelög, sem reyni að hefja einhverjar framkvæmdir í þessu máli. Ef svona á að að fara, eftir því sem hæstv. atvinnumálaráðherra líka tók fram, þá þarf ekki að samþykkja brtt. á þgskj. 371. Þingið getur þá látið það vera nægilegt að veita til rannsóknanna takmarkaða fjárupphæð. Jeg legg því til, að till. verði samþykt eins og hún er á þgskj. 352.

Háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) nefndi það, að kostnaðurinn við að koma á fót verksmiðju til móiðnaðar væri áætlaður $^1/_2$ miljón, en jeg hafði leyft mjer að gera ráð fyrir hærri upphæð, ef til vill alt að tveim miljónum. Nefndin hefir að sjálfsögðu leitað upplýsinga þessa manns, sem mest hefir beitt sjer fyrir málið og kynt sjer það í útlöndum, og hann gaf nefndinni þær skýrslur, að fyrir stríðið hefðu vjelar og áhöld kostað 800,000 kr., en ekki 500,000. Hvað skyldu þau þá kosta nú? Ætli það sje mjög fjarri sanni að nefna eina eða tvær miljónir.

Pjetur Jónsson: Jeg er hræddur um, að hæstv. atvinnumálaráðherra hafi ekki alveg skilið rjett orð mín áðan. Jeg sagði, að bjargráðanefnd Nd. hefði falið það á vald stjórnarinnar, hvort hún treysti innlendum manni til þess að framkvæma þessa rannsókn, svo að hún næði tilgangi sínum, eða hvort hún fengi til þess útlendan mann. Nefndin vildi ekki ákveða, að innlendur maður skyldi framkvæma rannsóknina, þó að það sje að sjálfsögðu ósk manna, að ekki sje leitað út úr landinu, ef fær maður fengist innanlands. Það var ekki heldur meining nefndarinnar í Nd., að rannsókninni væri skift í tvent, lítilfjörlega rannsókn fyrst, er kostuð sje af opinberu fje, en svo sje fullkomnari rannsókn látin bíða þess, að ráðist verði í að setja verksmiðju á stofn, heldur var það ætlun nefndarinnar, að þegar í byrjun færi fram svo rækileg rannsókn, að á henni mætti byggja ályktanir um það, hvort móiðnaður í stærri stíl gæti borgað sig eða ekki. Þetta var meginatriði till., eins og hún lá fyrir í Nd., og hún bygðist algerlega á þessu.

Þetta, sem háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) var að minnast á, hvað stofnun til að reka fullkominn móiðnað með Lavalsaðferðinni mundi kosta, var ekki alveg nákvæmt. Kostnaðurinn fer auðvitað eftir því, hve stórt fyrirtækið er, sem í er ráðist, því að hægt er að setja upp mismunandi stórar verksmiðjur. Eftir áætlun Þorkels Clementz, sem hefir athugað þessi fyrirtæki í Svíþjóð, mundi sú stofnun, sem þyrfti til að byrja slíkan iðnað hjer á landi, kosta innan við $^1/_2$ miljón. Annars skal jeg játa, að jeg hefi ekki athugað þessa hlið málsins eins rækilega og skyldi, því að jeg hafði ekki tekið að mjer framsögu þessa máls og bjóst ekki við að þurfa að halda uppi svörum fyrir það. En það skiftir að svo komnu ekki miklu máli, hve mikið slík stofnun mundi kosta, því að það liggur ekki fyrir nú að taka neina ákvörðun um það, hvort hún skuli sett á fót eða ekki, þótt komið gæti til mála að setja hana upp síðar, ef mómýrarannsóknin leiddi það í ljós, að nægilegur mór fengist á einum stað, og samgöngur við þann stað væru svo greiðar, að líklegt væri, að borgaði sig að vinna móinn þar.

Bjarni Jónsson: Jeg er orðinn vonlaus um, að þetta þing geri nokkuð að gagni í vandræðamálum þjóðarinnar. Það eitt væri gagn, sem hjálpaði mönn-

um á einhvern hátt til að rísa undir þeirri neyð, sem stafar af hækkuðu verðlagi á útlendum vörutegundum, t. d. með því að gera ráðstafanir til að afla þess innanlands, með minni tilkostnaði, sem kaupa verður uppskrúfuðu verði frá útlöndum. Jeg tel það gott, hvort sem samþ. verður till. Ed. eða brtt. Nd., að rannsókn mómýranna verði framkvæmd í sumar, og að stjórnin láti svo Þorkeli Clementz eða þeim, sem stendur fyrir móvinslu með Lavalsaðferðinni, allar skýrslur í tje, þegar að lokinni rannsókn, svo að þeir geti reiknað út, hvort borgi sig að setja á stofn þesskonar verksmiðju á næsta vori. Ef á að bíða með rannsóknirnar og heimild til vjelakaupa til næsta vors, þá er næsta ár tapað frá framkvæmdunum, eins og árið í ár er tapað og árið í fyrra. Þá væru farin 3 ár af vandræðatímanum, sem eitthvað hefði átt að gera á.

Viðvíkjandi rannsóknunum verð jeg að segja það, að það getur varla verið vandi að finna þá menn hjer innanlands, sem geta stungið bor niður í mýri eða kunna að taka af bornum það, sem á honum tollir, og senda efnarannsóknarstofunni það, til að rannsaka, hvaða efni finnast í því. Þá er ekki mikill vandi að mæla, hve margar □ stikur það eru, sem mólagið liggur undir, og hve þykt lagið er, og gæta þess, að stinga bornum niður nógu þjett, til þess að fullvissa sig um, að lagið sje ekki götótt. Annað er það ekki, sem gæta þarf við þessar rannsóknir. Svo geta vjelfræðingarnir látið í tje skýrslur um það, hverjar vjelar þurfi til þess að vinna þann mó, sem fyrir hendi er, og hve mikið þær muni kosta. Hitt hjelt jeg að væri öllum ljóst, að ef hægt er að fá þann mó unninn hjer í landi, sem skip geta gengið fyrir kringum landið, þá stöndum vjer alt öðruvísi að vígi gagnvart útlendingum en vjer nú gerum.

Eins og jeg hefi sagt, þá vona jeg ekki eftir því, að þingið geri neitt að gagni í þessa átt. En jeg vildi, að einhver segði það berum orðum, hvað við liggur, áður en þetta mál er afgreitt frá þinginu.

ATKVGR.

Brtt. 371. feld með 19:12 atkv.

Till. samþ. með 21:1 atkv og afgr. sem

ályktun Alþingis.

(Sjá A. 392).

---

8. Reglugerð fyrir sparisjóði.

Á 23. fundi í Nd., miðvikudaginn 15. maí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um reglugerð fyrir sparisjóði (A. 128).

Á 24. fundi í Nd., fimtudaginn 16. maí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 25. fundi í Nd., föstudaginn 17. maí, var till. tekin til einnar umr. (A. 128).

Flm. (Stefán Stefánsson): Um þessa till. þarf jeg sjálfsagt ekki svo mjög að fjölyrða, og þá sjerstaklega vegna þess, að greinargerðin sýnir ljóslega, hvers vegna hún er fram komin. En það, sem einkum hefir komið mjer til þess að beitast fyrir þessu máli, er það, að bæði sveitungar mínir eiga og

reka sparisjóð, og sömuleiðis eru slíkir sparisjóðir víðar í kjördæminu, og flestir þessir sjóðir hafa óskað undanþágu frá reglugerðarákvæðunum um þá bókfærslu, sem er fyrirskipuð, þannig að henni yrði hagað »eftir því, sem forstöðu- og ábyrgðarmönnum sjóðsins kæmi saman um, með hliðsjón af reglugerðarákvæðunum«, eftir því, sem þeir þá álitu til bóta og væri vel framkvæmanlegt eftir staðháttum og efnahag sjóðsins. En þessum tilmælum sparisjóðsstjórna og ábyrgðarmanna hefir verið neitað af stjórnarráðinu, með þeirri skýringu, að því að eins fengju frv. til laga fyrir sjóðina staðfestingu stjórnarráðsins, að ákvæða 1. gr. reglugerðarinnar frá 5. maí 1917 — sem eingöngu ræðir um bókfærslu sjóðanna — sje fyllilega gætt, eða tekin upp í starfrækslu sjóðanna, og frestur á þeirri bókfærslu veittur að eins nú til ársloka, enda gerir reglugerðin ekki ráð fyrir neinum undanþágum. En þessi undanþága þarf nauðsynlega að fást, því að þótt jeg hafi heyrt þess til getið, að ekki mundi verða gerð veruleg gangskör að því, að breyting yrði á bókfærslunni, þótt ákvæðið væri sett inn í lög sjóðanna, ef reikningarnir sýndu, að alt væri í góðu lagi um hag þeirra og reikningshald að öðru leyti. En jeg hygg, að menn mundu ekki vilja nota þá eftirlátssemi, sem eðlilegt er.

Undanþágan er beint nauðsynleg, í fyrsta lagi af því, að bókhaldið er óþarflega margbrotið og flókið; í 2. lagi kostar öll þessi bókfærsla óþarfa tímatöf, því að athugavert er, að forstöðumenn sjóðanna, og þá sjerstaklega gjaldkerarnir, sem þó auðvitað mest vinna fyrir sjóðina, hafa þetta starf ekki að neinu leyti sem aðalstarf, heldur leggja það á sig auk venjulegra heimilisstarfa, og að baka þeim allsendis óþarfa tíma- og verkatöf með margbrotinni bókfærslu, er með öllu ógerlegt; í 3. lagi af því, að kostnaðurinn við rekstur sjóðanna, einkum hinna smærri, verður óhæfilega mikill. Laun starfsmanna hljóta að hækka að mun, og kaup á t. d. 12 bókum með nafnaskrá, þar sem nú eru að eins 4—5 bækur, mundu kosta 200—300 krónur. Stjórnarkostnaður og annar kostnaður mundi því nema svo miklu, að litlum sjóðum mundi seint safnast sá varasjóður, sem þeir að sjálfsögðu þurfa til þess að tryggja sem best að verða má aðalsjóðinn, með öðrum orðum, að þar sem bókfærslan, samkvæmt reglugerðinni, á að miða að því að tryggja sjóðinn, þá verður þó afleiðing hennar sú, fyrir litla sjóði, að fjeð þverrar að sama skapi sem hún og þar af leiðandi annar rekstrarkostnaður eykst.

Í 4. lagi er þessi undanþága nauðsynleg vegna þess, að ef hún fæst ekki, mun stofnun nýrra sparisjóða, að minsta kosti í sveitum, naumast vera gerleg, þar sem allar bækur yrði að kaupa strax á fyrsta ári, og stjórnarkostnaður þá hlutfallslega eftir sjóðmagni óhæfilega mikill.

Jeg tel engan vafa á því, að gjaldkerar smærri sjóðanna munu sem fyrst vilja losast við starfann, verði þess ekki kostur, að undanþága fáist, en þá væri mörgum sjóðnum óþarfur greiði gerður, því að víða hagar svo til, það er mjer kunnugt um, að gjaldkerar eru valdir fjárgæslumenn, og eru því besta tryggingin fyrir því, að rekstur sjóðanna sje í fullkomlega góðu lagi. Og þar álít jeg að missist enn meiri trygging fyrir sjóðina en sú, sem fæst með þessari bókfærslu.

Jeg ætla, að bókhaldið, eins og það gerist við flesta sparisjóði, og eins og mjer er kunnugt um að það er við þann sparisjóðinn, sem jeg er formaður fyrir, sje svo tryggilegt, að sjóðirnir þess vegna standi ekki í hinni allra minstu

hættu. Jeg held því, að fyrirmæli reglugerðarinnar verði því að eins til þess að gera bókhald sjóðanna óþarflega flókið og erfitt. En því margbrotnara sem það er, því fremur veldur það gleymsku og skekkjum. Jeg held því, að enginn skaði væri skeður, hvað þetta snertir, þótt undanþága væri veitt. Eins og bókhaldið er nú við sjóðina, geta menn sjeð, hve nær sem er, hvað er í sjóði, hvað hver inneigandi á mikið í sjóðnum, hvað hver einstakur skuldar og í hve miklum ábyrgðum einstakir menn standa, sem sagt yfirlit yfir allar tryggingar sjóðsins. Alt þetta geta menn sjeð af bókunum, næstum að segja um leið og þær eru opnaðar.

Þetta, sem nú hefir verið nefnt, verða menn að viðurkenna að eru aðalatriðin eða aðalskilyrðin fyrir því bókhaldi, sem verður að teljast nauðsynlegt. Það er vitanlega sjálfsagt, að þetta standi ljóst fyrir, hve nær sem menn vilja grenslast um það.

Mjer hefir dottið í hug, að til þess að undanþága yrði veitt ætti stjórn sjóðsins að gefa landsstjórninni skýrslu um hag hans og um þá bókfærslu, sem er viðhöfð. Þyki stjórninni skýrsla þessi nægilega skýr, þá veiti hún undanþáguna. En þyki stjórninni það ekki, þá sje stjórnendum sparisjóðsins gefinn kostur á að sýna bækur sjóðsins einhverjum verslunarfróðum manni, t. d. stjórnanda þess bankaútibús, sem sjóðstjórnin á hægast með að ná til. Líki honum bókfærslan og hafi hann ekkert við hana að athuga, þá virðist mjer sjálfsagt — að fengnu vottorði þessa manns — að stjórnin veiti undanþáguna. Þetta ætlast jeg til að verði til þess að gera sjóðnum hægara fyrir með að fá undanþáguna, að ekki verði heimtað, að bækur sjóðsins sjeu beint sýndar í stjórnarráðinu.

Áður en jeg lýk máli mínu, skal jeg leyfa mjer að benda þingdm. á það, að hjer liggur frami á lestrarsalnum umkvörtun um fyrnefnda reglugerð, frá sparisjóði Ólafsvíkur. Umkvartanir þessar eru í fullu samræmi við það, sem hjer hefir verið haldið fram. Aðallega er það sú breytta bókfærsla, sem sjóðnum þykir erfið og með öllu óþörf. Í þessu skjali er ljóst skýrt frá agnúunum á því að breyta til með bókhaldið, samkvæmt reglugerðinni, og jafnframt lýst yfir því, hve miklum vandkvæðum það geti valdið fyrir sjóðina, einkum þá, sem ekki mega við miklum kostnaði.

Jeg skal svo ekki orðlengja meira um þetta mál, en leyfi mjer að óska, að því verði vel tekið. Vel má vera, að till. hefði verið betur orðuð á annan veg. En jeg vona, að háttv. þingdm. skilji, hvað verið er að fara fram á, og geti því gefið henni atkv. sitt, þar sem það er skýrt tekið fram, að undanþága sje því að eins veitt af landsstjórninni, að hún áliti bókfærsluna nægilega trygga.

Benedikt Sveinsson: Mjer sýndist, að enginn ætlaði að taka til máls, annar en háttv. flutnm. (St. St.). Vildi jeg því, áður en gengið er til atkvæða, láta í ljós það álit mitt, að jeg tel till. hafa við mikil rök að styðjast. Mjer er kunnugt um það, að til stjórnarinnar hafa borist miklu fleiri kvartanir yfir sparisjóðsreglugerðinni en þær, sem hjer hafa verið nefndar, en stjórnin hefir ekki viljað sinna neinni þeirra. Mjer hafa t. d. borist ýmsar óskir frá mínum kjósendum um það að leita undanþágu frá fyrirmælum þessarar reglugerðar hjá stjórninni, því að óskir manna og áskoranir til hennar hafa enga áheyrn fengið. Þykir mjer því gott að fá hjer tækifæri til þess að styðja þessar rjettmætu óskir.

Sparisjóðslögin frá 1913 voru til þess ætluð, að tryggja eignir sjóðanna, og

stjórninni var falið að semja reglugerð um starfrækslu þeirra. Í þessari reglugerð, sem stjórnin gaf út fyrir rúmu ári, er enginn munur gerður á starfrækslu sjóða eða lánstofnana, sem velta fje svo að miljónum skiftir, og smásjóða, sem aldrei hafa nema örlitið fje til meðferðar. En á því er þó mikill munur. Það er erfitt fyrir smásjóðina að fylgja sömu reglum og hinir stærri og ekki virðist nein ástæða til, að gengið sje eftir að þeir fylgi svo fullkomnum reglum með bókfærslu, sem þörf þykir á við stærri peningastofnanir. Það mun algengt, að sparisjóðir hafi ekkiráð á að borga starfsmönnum sínum nema lítilfjörlega þóknun, og því varla hægt að ætlast til þess, að starfsmennirnir geti tekið að sjer mikið aukna bókfærslu fyrir þau laun.

Annars er mál þetta mjög ljóst, og jeg efast um, að það skýrist nokkuð við langar umræður. Lögin voru nógu ströng í þessu efni, reglugerðin er miklu strangari, og það, sem verst er af öllu, að ómögulegt er að fá undanþágu frá neinum ákvæðum hennar. Ef stjórnin sjer ekki fært að veita undanþágu, vegna þess, að lögin girði fyrir það, þá verður þingið strax að taka sparisjóðslögin til meðferðar og ráða bætur á þeim. Að öðrum kosti er ekki annað sýnna en að margir sparisjóðir verði að leggjast niður, og vita allir, hver afturför það væri, því að mönnum kemur mjög vel að hafa smásjóði að grípa til heima í sveit, og eins glæðir það áhuga almennings að leggja fje í sjóðina, að þeir sjeu sem víðast, og eflir sparnaðaranda og samhaldssemi. Er einsætt, að þingið styðji svo gott málefni með því móti að gera mönnum sem hægast fyrir, samfara því, að sæmilega tryggilega sje um hnútana búið.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Eins og kunnugt er, voru lögin um sparisjóði lengi á leiðinni, og þá var mikið talað um þá tryggingu, sem þyrfti að setja fyrir því, að fje sjóðanna lenti ekki í óreiðu. Nú er hjer farið fram á að breyta reglugerð um starfrækslu sparisjóða, sem gefin var út 5. maí 1917, því að það liggur í augum uppi, að stjórnin getur ekki veitt undanþágu frá ákvæðum reglugerðarinnar, meðan hún stendur óbreytt. Sá, sem samdi reglugerðina að mestu, er sá maður, sem manna lengst hefir verið bankastjóri hjer á landi, og því einnig haft sparisjóðsfje með höndum. Jeg álít því varhugavert að breyta þessari reglugerð með þingsályktun, áður en það er athugað af sjerfróðum mönnum, hvort breytingin sje tiltækileg eða ekki. Að minsta kosti ætti að setja málið í nefnd, til þess að hún fái tækifæri til að leita umsagnar sjerfræðings um málið. Jeg held, að kostnaðaraukinn við þessa auknu bókfærslu sje meira í orði en á borði, og efast um, að hann þurfi að verða tilfinnanlegur.

En jeg skal ekki lengja umr. með því að þrefa um það. Ef flm. (St. St.) vill ekki, að umr. verði frestað og málið athugað í nefnd, þá held jeg, að hyggilegast væri að vísa því til stjórnarinnar, með skirskotun til þess, sem hjer hefir komið fram í málinu.

Jeg segi ekkert um það, hvernig því mundi tekið af stjórninni. En jeg tel þó víst, að reynt mundi — með aðstoð sjerfróðra manna — að finna einhverja leið til þess að minka kostnaðinn við starfrækslu sparisjóðanna, án þess að tryggingin skerðist.

Matthías Ólafsson: Mjer kemur ekki á óvart, þó að þessi till. sje fram komin hjer á þessu þingi, og jeg vonaðist einmitt eftir henni úr þeirri átt, sem hún nú er komin. Jeg hefi áður verið með háttv. flm. (St. St.) og kom-

ist að því, að honum er illa við, að sparisjóðunum sjeu settar nokkrar skorður um það, hvernig þeir eru starfræktir. Honum er illa við, að þeim sjeu fastar skorður settar, en hann vill, að þeim sjeu veitt öll rjettindi. Jeg er líka samdóma honum um það, að sparisjóðir eigi að njóta allra sömu rjettinda og aðrar lánstofnanir, en jeg vil þá líka, að þeim sjeu settar fastar og ákveðnar skorður um alt, sem lýtur að starfrækslu sjóðanna og meðferð fjárins, til þess að sem allra tryggilegast sje um hnútana búið. Við vorum því hvorugur ánægður með reglugerð stjórnarinnar, þegar hún kom út. Hún gekk ekki eins langt í því, að tryggja eignir sparisjóðanna, eins og jeg hefði viljað, en hún gekk lengra en háttv. flm. þessarar till. (St. St.) taldi við þurfa Mjer kom því ekki á óvart, að hann kemur fram með till. En hitt kom mjer á óvart, að bankastjóri skyldi standa hjer upp í deildinni til þess að lýsa yfir því, að hann vill, að veittar sjeu undanþágur frá þeim kröfum, sem reglugerðin setur. Það er ekki hægt að telja mjer trú um, að hægt sje að fá fljótt og glögt yfirlit yfir hag sjóðsins og viðskifti með þremur bókum, eins og hv. flm. (St. St.) hjelt fram. (**St. St.:** Jeg nefndi aldrei 3 bækur, heldur 4—5 bækur). Mjer heyrðist hv. flm. (St. St.) segja 3 bækur í ræðu sinni; 4—5 er strax miklu betra, en alls ekki fullnægjandi, til þess að sjá alt, sem máli skiftir, um viðskiftin.

Jeg var að hugsa um að þegja og leggja ekkert til málanna nema atkv. mitt, og hefði ekki gert það, hefði bankastjórinn, sem situr hjer við hlið mjer (B. Sv.) ekki lagt til, að farið væri að veita undanþágu frá þeim kröfum, sem settar hafa verið. Rök hans fundust mjer ljettvæg og ekki ástæða til þess að svara þeim.

Mín skoðun er það, sem sagt, að sparisjóðir eigi að hafa öll sömu rjettindi og aðrar lánstofnanir, en jeg vil þá, að þeim sjeu settar svo fastar skorður, sem frekast er þörf, til tryggingar. Og jeg sje ekki ástæðu til þess að vera vægari í kröfum við smásjóðina en hina stærri. Væri frekar ástæða til að setja þeim öllu strangari kröfur, því að þeim er meiri hætta búin, ef eitthvað fer aflaga.

Jeg ætla svo ekki að orðlengja meira um þetta, en vona, að menn sjeu ekki í neinum vafa um, hvernig þeir eigi að greiða atkvæði.

Þorleifur Jónsson: Jeg verð að álíta, að haldið sje í rjetta átt með till. þessari. Með reglugerðinni er smásparisjóðum í sveitum gert mjög erfitt fyrir um alla starfrækslu, ekki einungis það, að bókfærslan er gerð of erfið og flókin, heldur öllu heldur hitt, að mjög erfitt getur verið að fá tvo menn til þess að undirskrifa gerðir sjóðsins, bæði gjaldkera og bókara. Áður var látið nægja, að gjaldkeri einn skrifaði undir. Það mun víðast hvar hafa verið venjan, að menn gera sjer far um að fá þann besta mann, sem kostur er á, af þeim, sem við sjóðinn eru riðnir, til þess að vera gjaldkeri hans, — mann, sem hægt er að bera fult traust til, og þá láta menn nægja undirskrift hans eins. Nú heimtar reglugerðin, að sjóðirnir hafi tvo fasta starfsmenn, gjaldkera og bókara, og að þeir undirskrifi saman.

Þegar um er að ræða sparisjóði upp til sveita, þá er sjaldan hægt að fá bókara á sama bæ og gjaldkerinn er. Þá verður annarhvor þeirra að takast ferð á hendur á starfsdögum sjóðsins, og það getur orðið ærið kostnaðarsamt. Það er sjálfsagður hlutur, að margir sveitasparisjóðir verða að leggjast niður, ef fylgja

á fast fram ákvæðinu um svona margbrotna bókfærslu og svo þessu um undirskriftirnar. Jeg get ekki sjeð, að neitt væri úr vegi að draga úr þessum ákvæðum, þegar um smásjóði er að ræða.

Jeg held ekki, að nein hætta geti verið á því, að illa sje farið með sparisjóðsfje til sveita, enda veit jeg ekki dæmi til þess, að nein óregla eða óreiða hafi komið fyrir við slíka sjóði. Það er ekki heldur svo erfitt að líta eftir því þar, í fámenninu. Jeg veit dæmi til þess, að það hefir mikinn kostnað í för með sjer fyrir fátækan sveitasparisjóð að afla allra þeirra bóka, sem reglugerðin gerir ráð fyrir. Sá sjóður, sem jeg veiti forstöðu, hefir ekki fengið þær nærri allar enn, en þær, sem hann er búinn að fá, kostuðu um 150 kr. Við þennan bókakostnað bætist svo kostnaðurinn við aukinn starfskraft. Sjá þá allir heilvita menn, að þetta hlýtur að verða tilfinnanlegt fyrir lítla sjóði. Jeg álít því rjett, að deildin samþykki þessa till., og vona jeg þá, að stjórnin sjái sjer fært að taka tillit til hennar, og rýmki eitthvað til í þessu efni.

Stungið hefir verið upp á því að vísa málinu til nefndar, og er jeg því ekkert mótfallinn.

Flm. (Stefán Stefánsson): Jeg er mjög þakklátur þeim háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) og háttv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.) fyrir þeirra góðu undirtektir.

Viðvíkjandi ræðu hæstv. atvinnumálaráðherra skal jeg játa það, að á meðan reglugerðin stendur óbreytt, og þingið hreyfir ekki neitt við þessu máli, er varla við því að búast, að stjórnin veiti undanþágu frá ákvæðum hennar, þó að einstakar sjóðstjórnir fari fram á það. En þess vegna er þetta mál flutt, að stjórnin fái fullkomna ástæðu og jafnvel skyldu til þess að slaka eitthvað til, þar sem hún sjer þess þörf og enga hættu. Til þess er till. flutt. Þetta verður hæstv. atvinnumálaráðherra að skilja. Hann sagði, að stjórnin gæti ekki veitt undanþágu frá reglugerðinni, og þá vitanlega hæpið, að hægt væri að samþykkja svona till. á þingi, án frekari undirbúnings. Hæstv. atvinnumálaráðh. hyggur má ske, að þingmenn hafi ekki vit á því, hvernig beri að stjórna sveitasparisjóðum og hvernig þeim hefir verið stjórnað til þessa. En kunnugt ætti hæstv. atvinnumálaráðh. að vera um það, að ekki hafa verið mikil brögð að því, að sparisjóðir hafi tapað fje fyrir ónóga bókfærslu. Í það minsta veit jeg, að þeir sparisjóðir, sem jeg þekki best, hafa ekki tapað fje alla þá tíð, sem þeir hafa starfað, og hafa þó ekki haft nema 4 eða má ske 5 bækur. Það er öldungis víst, að bókakostnaðurinn og bókfærslan er ofvaxin byrði fyrir lítla sjóði. Kostnaðurinn við stjórn smærri sparisjóðanna hefir lengi vel leikið á sem næst 100 kr., en er nú síðustu ár eitthvað á annað hundrað kr. En hvaða sjóður mundi verða rekinn samkvæmt reglugerðinni fyrir það fje?

Þar sem hæstv. atvinnumálaráðherra gaf það eiginlega í skyn, að tryggingin fyrir eignum sjóðsins minkaði eftir því, sem bókhaldið yrði minna, þá hefi jeg sýnt fram á, að tryggingin minkar einmitt við það, að bókhaldið er gert svona margbrotið. Þegar rekstrarskostnaðurinn, kostnaður til bókakaupa og stjórnarkostnaður, margfaldast, þá er loku fyrir það skotið, að varasjóður geti aukist, með öðrum orðum, að minstu sjóðirnir hljóta að verja öllum ársarðinum til greiðslu á því, er til þarf að kosta á árinu.

Að vísa þessu máli til stjórnurinnar er jeg eindregið mótfallinn. Jeg ber að vísu gott traust til hennar að ýmsu leyti, en í þessu máli ber jeg eðlilega ekki það traust til hennar, að hún fari að

breyta í þá átt, sem jeg fer fram á, þar sem hún kannast ekki við, að þörf sje á slíkri breytingu, enda sje reglugerðin »samin af þeim manni, sem lengst hefir verið bankastjóri hjer á landi«. Hann yrði því sennilega fyrsti og helsti »sjerfróði« maðurinn, sem stjórnin leitaði aftur til í þessu máli, og má því nokkurn veginn ráða í aðgerðirnar og úrslitin úr þeirri átt.

Þá held jeg, að jeg hafi svarað þeim helstu atriðum, er hæstv. atvinnumálaráðherra tók fram. En viðvíkjandi því, er háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) var að tala um samvinnu okkar á þingi, er sparisjóðslögin voru samþykt, þá er það rjett, að við vorum á nokkuð öndverðum meið um ýms veruleg atriði. Og jeg verð að segja, að hefði margt af því gengið fram, er hann vildi koma inn í lögin, þá hefðu þau ekki orðið betur liðin eða reynst hagkvæmari. Annars minnist jeg þess, að sá maður, sem jeg átti mesta samleið með þá í þessu máli, var háttv. 2 þm. S.-M., sem þá var (G. E.). Fyrir okkar aðgerðir urðu þau nothæfari og aðgengilegri en ætlast var til í byrjun, og hefðum við ekki unnið að því að koma að ýmsum breytingum, tel jeg engan vafa á, að þau hefðu gert meiri skaða en gagn. Að því leyti efast jeg um, að vinna hv. þm. (M. Ó) hafi verið nokkuð affarasælli en mín í þessu máli. En hann nefndi ekki neinar sjerstakar ástæður fyrir ákúrunum í minn garð, en það fanst honum taka út yfir, að bankastjóri skyldi veita mjer eða till. minni liðsyrði. Jeg álít það þakkarvert, ekki af því, að jeg flyt till., heldur af því, að hann skilur, að þörf er á undanþágunni. Því að jeg vil segja, að sparisjóðir í sveitum sjeu hinar mestu þarfastofnanir. Það vill svo vel til, að annar bankastjóri, er situr hjer skamt frá (B. K.), gefur mjer upp tölu þeirra bóka, er hann telur nægilega, í það minsta við alla smærri sparisjóði, og eru þær fimm. Jeg held því, að háttv. þm. N.-Þ. (B. Sv.), þótt hann sje bankastjóri, þurfi alls ekki að bera kinnroða fyrir orð sín, enda þykist jeg sannfærður um, að hann talar af fullri þekkingu á þessu máli. Hann hefir veitt því sitt góða fylgi, og það þakka jeg honum fyrir.

Þá kom háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) með það, að skilyrðin mættu síst vera vægari fyrir smærri sjóði, eða veita þeim linkind fremur en stærri sjóðum. Væri þessari merkilegu tilhögun beitt gagnvart sjóðunum, væri fyrst og fremst gengið lengra en lögin benda til, og auk þess beitt þeirri megnustu ósanngirni, sem við engin rök hefði að styðjast. Eða hvers ættu þeir smærri sjóðir að gjalda? Nei, það mundi vel fallið til þess, að ekki stofnuðust fleiri nýir sjóðir, og jafnvel þeir sveitasparisjóðir, sem nú eru, mundu eyðileggjast. Þessi mundi afleiðingin, því að það gefur öllum að skilja, að stórir sparisjóðir, sem skifta hundruðum þúsunda, geta borið meiri kostnað en smærri sjóðir og þolað betur, þótt þeim sje gert erfiðara fyrir.

Jeg býst svo ekki við, að jeg hafi fleira að segja gagnvart þeim, sem talað hafa á móti till., og býst ekki við að taka aftur til máls, nema sjerstakar nýjar ástæður komi fram.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg skal ekki segja neitt um, hversu nauðsynlegt er við litla sparisjóði að hafa eins margar bækur og reglugerðin mælir fyrir. Jeg get vel ímyndað mjer, að þess muni ef til vill ekki þurfa við minni sjóði.

En jeg verð að taka undir það með hæstv. atvinnumálaráðherra, að það er mjög undarleg aðferð að semja fyrst lög um, að stjórnarráðið skuli gefa út

reglugerð, og koma síðan inn á þing með óljóst orðaða till. um undanþágu undan þessari reglugerð, og heimta hana samþykta strax án athugunar. Jeg held, að það sje óheppilegt að veita undanþágur undan reglugerðum á þennan hátt. Jeg held, að betra sje, að reglugerðin ákveði, að svo og svo margar bækur skuli hafðar í sparisjóðum í kaupstöðum og svo og svo margar í sveitasparisjóðum. Ef stjórnarráðið er búið að gefa út reglugerð og álítur bókfærsluna ekki trygga nema henni sje fylgt, þá væri þessi krafa um undanþágu ómöguleg, og stjórnin hlyti að neita henni. Og sem þingmaður verð jeg að segja, að jeg gæti varla tekið á móti því, að gefa fyrst út reglugerð og vera svo krafinn um undantekningar undan henni. En alt annað mál væri það, að breyta ákvæðum reglugerðarinnar í þessa átt, ef það gæti álitist tiltækilegt.

Háttv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.) talaði um að skipa tvo menn. Það eru ekki lögin, heldur reglugerðin, sem skipar það, og er ekki ætlast til þess að breyta lögunum með reglugerð.

Jeg vildi nú leyfa mjer að mælast til þess, að málinu væri vísað til fjárhagsnefndar, og skil jeg ekki, að háttv. flm. (St. St.) geti haft neitt á móti því. En jeg verð að segja, að það er nóg af undantekningum, þótt þingið sje ekki að skipa stjórninni að semja reglugerð og gefa síðan undanþágur undan henni.

Magnús Guðmundsson: Jeg vildi leyfa mjer að mæla nokkur orð til stuðnings þessari till. Jeg þekki dálítið til sparisjóða, þar sem jeg hefi sjálfur verið í stjórn sparisjóðs í 5 ár, og er það víst annar stærsti sparisjóður á landinu. Þótt þessi sparisjóður væri svona stór, reyndist þó þessi fyrirskipaða bókfærsla auka töluvert fyrirhöfn, og má þá nærri geta, hvort svo er eigi í stórum mæli að því er kemur til hinna smærri og smæstu sjóða.

Og það virðist alls ekki rjett að láta sömu reglu gilda um sparisjóði, sem hafa fáar þúsundir að ávaxta, og aðra, sem hafa ef til vill miljónir að ávaxta. Það virðist alveg auðsætt, að þar ætti að vera munur á, en eftir reglugerð stjórnarráðsins er enginn munur á því gerður.

Það er vitaskuld fjarstætt allri skynsemi, sem háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) sagði, að reglurnar um bókfærslu sparisjóða ættu að vera því strangari, sem sjóðirnir væru minni. Þetta er auðvitað alveg öfugt. Það fer eigi heldur í bága við sparisjóðslögin að hafa bókfærsluna mismunandi eftir stærð sjóðanna, því að í enda 12. gr. sparisjóðslaganna stendur ekki annað en:

> »Stjórnarráðið setur reglur um bókfærslu sparisjóða og ákveður fyrirmynd allra skjala.«

Þetta ákvæði sýnir, að ekkert er því til fyrirstöðu, að þessar reglur sjeu mismunandi fyrir sjóðina, eftir stærð þeirra.

Að till. sje óheppilega orðuð fæ jeg ekki sjeð. Þar er talað um að veita undanþágu, þegar bókfærslan er nægilega trygg. Það er auðvitað á valdi stjórnarráðsins sjálfs að meta, hve nær hún er trygg. Jeg þekki það vel, að allur þessi bókafjöldi er óþarfur við hina smæstu sjóði. Í þeim sumum er kann ske ein afgreiðsla á dag. Hana þarf að færa í margar bækur. Þetta fyrirkomulag, sem fyrirskipað er, er miðað við banka, sem hafa margar afgreiðslur á dag, og á því eigi við um litla sparisjóði.

Hvað það snertir, að vísa till. til nefndar, þá verð jeg að segja, að jeg sje ekki beint ástæðu til þess, þótt hins vegar sje ekki ástæða til þess að vera beint á móti

því. En jeg er fastráðinn í því að greiða atkvæði með þessari till. eða till. í svipaða átt.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg held að háttv. flm. (St. St.) hafi misskilið mig, eins og hann sagði, að jeg hefði misskilið sig. Jeg skal ekki bera brigður á, að hann hefir leitast við að svara helstu atriðunum í hinum fáu orðum mínum, en hann hefir gert meira, því að hann svaraði því, sem jeg hefi aldrei tekið fram. Jeg var að benda á, að mál þetta ætti að koma fram í öðru formi. Og þar sem háttv. flutnm. (St. St.) gerði þá kröfu til mín, að jeg skildi hann, þá get jeg komið fram með þá sömu kröfu, að hann misskilji ekki orð mín. Og til þess að uppræta misskilning þann, er kendi í svarræðu hans, þá skal jeg endurtaka það, að jeg lagðist ekki á móti till. að efni, heldur að formi. Hann sagði, að tryggingin minkaði, ef reglugerðarákvæðunum væri breytt. Það kannast jeg ekki við að þurfi að vera rjett. Breytingin getur verið svo, að tryggingin þurfi ekki að minka. En jeg get ekki felt mig við till., eins og hún er orðuð. Og það hygg jeg óhrakið, að þegar nema á eitt atriði út úr stórri heild, sem margbúið er að ræða og sett er eftir mikla athugun, þá sje æskilegra, að þessi breyting sje ekki gerð í einum svip, heldur sje málið athugað betur en kostur er á í einni umr., þegar menn eru orðnir þreyttir og óstiltir. Er jeg þess vegna því meðmæltur, að málið sje athugað í nefnd, eða það afgreitt með rökstuddri dagskrá, sem og ef til vill er á leiðinni.

Björn Kristjánsson: Þegar mál þetta var tekið á dagskrá, fór jeg að athuga sparisjóðslögin sjálf, að því er til bókfærslunnar kemur. Um hana er talað í 12. gr. laganna. Er þar gert ráð fyrir, að 5 bækur sjeu haldnar að minsta kosti. Jeg vil því benda á, að lögin vilja ekki kveða þyngra á um bókhald smærri sparisjóða. Það er sparisjóðsbók, höfuðbók, þar sem skráð eru öll lán úr sjóðnum, lántakendur, tryggingar o. s. frv., enn fremur skuldaskrá og gerðabók stjórnarinnar. Það er auðvitað, að stjórnarráðið hefir heimild til þess að ákveða, hvernig bókfærslu skuli hagað. En mitt álit er, að fyrir smærri sparisjóði nægi þessar bækur: kassabók, höfuðbók og sparisjóðsbók (bækur). Fyrir stærri sparisjóði bætist svo við skuldaskrá (»obligo«-bók), auk fundarbóka sparisjóðsstjórnar, af því að lögin áskilja hana. En í smærri sparisjóðunum er hún óþörf, því að stjórnin veit hverjir skulda.

Mjer finst orðalag till. óheppilegt, eins og sumum öðrum. Væri víst betra að orða till. í þá átt að skora á stjórnina að breyta reglugerðinni. Væri þá líklega heppilegast, að málið færi snöggvast í nefnd. En yfirleitt mundu þessar 5 bækur við smærri og 6 við stærri sparisjóði vera nægileg bókfærsla. Vil jeg því mæla með því, að málinu sje vísað til nefndar. En jeg held, að ekki sje rjett að gera sparisjóðum þyngra fyrir en lögin ætlast til. Jeg þekki vel, hvað það er að halda bækur, sem komast má af án. Þetta margbrotna bókhald getur að eins átt við stærri stofnanir, svo sem banka.

Matthías Ólafsson: Það voru að eins örfá orð, til þess að svara orðum háttv. 1. þm. Eyf. (St. St.) um afstöðu mína til þessa máls í byrjun. Hann sagði, að lögin hefðu orðið öðruvísi og verri, ef jeg hefði fengið að ráða, en þau eru nú. Það er engin furða, þótt hann segi þetta. Lögin hefðu orðið alt öðruvísi, ef að minum vilja hefði verið

farið. En nú eru þau afskræmd; það fjekk hann á unnið. Meðal annars gat hann fengið afnumda umsjónarmenn sparisjóða, en þá áleit jeg mjög sjálfsagt að hafa. Hann má gjarnan, hv. flm. (St. St.), hrósað sjer af þessu, ef hann getur áunnið sjer atkvæði með því.

Jeg get vel fallist á að vísa þessu máli til nefndar, og þá að sjálfsögðu til allsherjarnefndar.

Pjetur Jónsson: Jeg er auðvitað alveg á sama máli um sparisjóðsreglugerðina og háttv. flm. (St. St.). En jeg er ekki ánægður með till. að forminu til. Jeg get ekki sætt mig við það að skora á stjórnina að veita takmarkalausar undanþágur og eyðileggja þannig sitt eigið verk, heldur álít jeg, að breyta beri reglugerðinni, enda liggur frammi brjef á lestrarsalnum frá einum sparisjóði, sem greinir þetta nánar. Jeg ætla ekki að endurtaka það, sem sagt hefir verið þessari skoðun til meðmæla, en vil skjóta því fram, hvort ekki megi treysta stjórninni til þess að liðka svo til í málinu, að minni sparisjóðum verði hægra fyrir um starfrækslu og bókhaldið. Hefir mjer þess vegna dottið í hug að bera fram þannig lagaða rökstudda dagskrá:

> »*Í því trausti, að landsstjórnin sjái sjer fært að breyta hinni gildandi reglugerð um sparisjóði í þá átt, sem tillagan fer fram á, einkum fyrir smærri sparisjóði, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.*«

Jeg býst við, að ef sú nefnd, sem málið fengi til meðferðar, kæmist að þeirri niðurstöðu, að hjer þurfi að breyta til, þá mundi það vera í þessa átt, og málið sjálft með umræðunum og þessari dagskrá gera sama gagn og þingsályktun.

Flm. (Stefán Stefánsson): Jeg hefi ofurlitlu að svara þeim háttv. þm., er talað hafa. Að eins minnist jeg þess, að hæstv. atvinnumálaráðh. kvað mig hafa svarað ýmsu, er hann hefði ekki sagt. En jeg held, að jeg hafi svarað öllu því, er hann sagði, en því engu, sem hann sagði ekki. Svo held jeg, að jeg þurfi ekki meira að ræða um hans frammistöðu í þessu máli.

En viðvíkjandi því, er háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) var að tala um að veita takmarkalausar undanþágur, þá held jeg, að hann hafi ekki tekið eftir framsögunni. Í henni tók jeg það skýrt fram, við hvað átt væri í till., og held jeg, að jeg hafi reist fullkomnar skorður við því, að hún væri misskilin. En nú skal jeg gera það honum til geðs að vera með því, að málið gangi til nefndar. En þessari rökstuddu dagskrá uni jeg alls ekki. Rökstuddar dagskrár eru alloftast — eins og háttv. þm. (P. J.) veit — samdar til þess að koma málunum fyrir kattarnef. (**P. J.:** Þetta er mín fyrsta dagskrá). Jeg get ekki búist við öðru af henni en öðrum rökstuddum dagskrám. Þess vegna vil jeg styðja það, að málið gangi til fjárhagsnefndar.

Pjetur Jónsson: Jeg get tekið dagskrána aftur, úr því að fleiri eru með nefnd.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá þm. S.-Þ. (P. J.) tekin aftur og kom því ekki til atkv.

Till. vísað til fjárhagsnefndar (sjá A. bls. 538) með 13 shlj. atkv.

Umr. frestað.

Á 36. fundi í Nd., föstudaginn 31. maí,

var fram haldið einni umr. um till. (A. 128, n. 241, 276).

Frsm. (Einar Árnason): Þótt fjárhagsnefnd sje í raun og veru meðmælt þingsályktunartillögunni á þgskj. 128, þá hefir hún þó ekki getað fallist á að mæla með, að hún verði samþykt óbreytt. Till. fer fram á það, að öllum þeim sparisjóðum, sem óska þess, verði veitt undanþága frá ákvæðum sparisjóðsreglugerðarinnar frá 5. maí 1917. Nefndin sjer ekki ástæðu til að gefa svo lausa taumana. Henni sýnist, að allir stærri sparisjóðir ættu að geta framfylgt reglugerðinni. Þeim ætti hvorki að vera það ofvaxið kostnaðarins vegna, nje heldur er líklegt, að stjórn þeirra sje svo skipuð, að þeir eigi fyrir þá sök erfitt með að fullnægja kröfunum. Aftur er það augljóst, að smærri sparisjóðir til sveita eiga fult í fangi með að fullnægja kröfum reglugerðarinnar. Sparisjóðir eru nú sem óðast að koma upp til sveita, og munu þeir í byrjuninni hafa lítið fje til umráða. Venjulegast er það, að þeir menn gangast fyrir stofnun sjóðanna, sem eitthvað vilja á sig leggja fyrir gott málefni. Er þeim svo oftast falið að stjórna sjóðunum, og fá þeir að jafnaði litla borgun fyrir ómök sín. Skilyrðið fyrir því, að litlir sjóðir geti starfað, er það, að þeir þurfi ekki miklu að kosta til stjórnarinnar. Það getur komið sjer mjög bagalega fyrir þessa sjóði að vera skyldir til að fylgja reglugerðinni í öllum atriðum, einkum ef stjórnin er dreifð, sem oft vill verða í sveitum. Ef nú þessi umfangsmikla bókfærsla, sem reglugerðin fyrirskipar, yrði þess valdandi, að áhugi manna á stofnun nýrra sparisjóða minkaði, væri það illa farið, og því vill nefndin mæla með því, að hinum smærri sparisjóðum sje veitt undanþága, ef þeir sýna, að bókfærslu þeirra sje tryggilega fyrir komið. Brtt. nefndarinnar er miðuð við það, að undanþága sje ekki veitt öðrum sparisjóðum en þeim, sem hafa 75000 kr. eða minna fje til umráða og eiga heima í sveit. Nú hefir komið brtt. frá háttv. aðalflm. þessarar till. (St. St.). Vill hann, að upphæðin sje hækkuð úr 75000 upp í 100,000. Jeg hefi ekki borið mig saman við samnefndarmenn mína um þessa brtt, og get því ekkert um hana sagt í nefndarinnar nafni, og fyrir mitt leyti sje jeg ekki, að upphæðin skifti miklu máli. En þar sem þetta varð niðurstaðan í nefndinni, þá býst jeg ekki við, að hún falli frá sinni till., jafnvel þótt hún geri þessa brtt. ekki að neinu kappsmáli. Í nefndinni greindi menn dálítið á um það, hverja upphæð skyldi setja. Uppástunga kom um það að hafa hana 50000 kr., en aðrir vildu setja 100,000. Til að fá samkomulag var svo þessi meðalvegur farinn. Jeg vil svo fyrir nefndarinnar hönd mæla með því, að till., eins og hún er orðuð á þgskj. 241, verði samþ.

Stefán Stefánsson: Jeg get nú í raun og veru þakkað háttv. fjárhagsnefnd fyrir hennar undirtektir í þessu máli. Þótt hún geti ekki fallist á till. mína nema að nokkru leyti, þá hefir hún þó kannast við, að undanþága frá sparisjóðsreglugerðinni sje nauðsynleg fyrir litla sjóði. En háttv. nefnd hefir ekki fundist ástæða til að veita undanþágu sjóðum, sem hafa meira en 75000 kr. ávaxtafje. En jeg verð að líta svo á, að það geti verið erfitt fyrir sjóði innan við 100,000 kr. að fullnægja kröfum reglugerðarinnar. Það verður erfitt fyrir þá að taka upp það bókhald, sem eykur að miklum mun stjórnarkostnað og bókakaup. Þegar þeir taka ekki nema $^1/_2$ eða $^3/_4\%$ hærri vexti af allmiklu af því fje, sem þeir lána út,

en þeir greiða af því, sem tekið er til ávöxtunar í sjóðnum, þá verður ekki mikið, sem safnast, þegar búið er að greiða allan rekstrarkostnað. Gerum ráð fyrir, að í sjóði sjeu alls 100,000 kr. Af því lánar hann út í sjálfskuldarábyrgðarlán og fasteignaveðlán, segjum 80000 kr. Nú mun það vera venjan — jeg veit að minsta kosti við þann sparisjóð, sem jeg veiti forstöðu, — að af þessum lánum hafa ekki verið teknir hærri vextir en 5%, en greiddir $4^1/_4$% af innlögum í sjóðinn. Þetta er til þess að gera mönnum í sveitinni sem hægast fyrir með lánveitingar úr sjóðnum. Af þessum 80000 kr. hefir þá sjóðurinn 600 kr. í ágóða. Segjum nú, að hinar 20000 kr. sjeu lánaðar í víxlum. Á þeim græðir sjóðurinn $1^1/_2$%, því að það mun vera algeng venja að kaupa víxla gegn 6% forvöxtum. Á víxlaupphæðinni græðir sjóðurinn þá 300 kr. Allar tekjurnar eru þá 900 kr. á ári. Af þessum tekjum þarf sjóðurinn svo að greiða sínum starfsmönnum, og þeir geta orðið ærið dýrir, þegar sjóðurinn er orðinn svona hár og umfangsmikill. Jeg get varla hugsað mjer, að formanni og gjaldkera sparisjóðs, sem hefði nær 100,000 kr. ávaxtafje, yrði greidd minni þóknun en 500 til 600 kr., en þá verður lítið eftir til aukningar varasjóði, þegar annar sjálfsagður kostnaður er tekinn til greina. Jeg vænti því, að háttv. þingdeild samþ. brtt. mína. Jeg sje ekki heppilegt og enga ástæðu til að halda sjer við upphæðina 75000 kr.

Geri ráð fyrir, að hjer í deildinni sjeu fleiri, sem þekkja vel til um rekstur sparisjóða í sveit, og hve nauðsynlegt það er að ávaxta vel sparifje manna, og þá um leið gera sveitarbúum sem hægast fyrir að fá fje til þarfra og nauðsynlegra framfara. Þess ber að gæta, að þetta eru sjóðir, sem sveitirnar eiga, og eiga að vera til hagnaðar bæði fyrir þá, sem fjeð eiga, og þá, sem fjeð þurfa að nota.

Svo finst mjer allathugavert það ákvæði í nefndartill., að undanþágan veitist að eins þeim sjóðum, »sem eru í sveitum«. Hvað er átt við með þessu »í sveitum«? Mundi ekki sá sparisjóður teljast í sveit, sem hefir aðsetur sitt í löggiltu kauptúni eða sjávarþorpi? Þeir staðir lúta þó sveitarstjórnum, en ekki bæjarstjórnum. Það getur því í það minsta leikið vafi á því, hvernig eigi að skilja þetta. Eigi að skilja það svo, að sparisjóðir í löggiltum kauptúnum og í sjávarþorpum teljist ekki í sveit og fái þar af leiðandi ekki undanþágu, þá get jeg ímyndað mjer, að fullerfitt geti orðið í litlum eða fámennum kauptúnum og í sjávarþorpum að starfrækja sparisjóði, samkvæmt reglugerðinni, sem kunna að hafa aðsetur sitt þar á staðnum, en starfa þó miklu fremur fyrir sveitina eða sveitirnar í kring en sjálft kauptúnið. Það er sem sje alls ekki víst, að í fámennu þorpi sje auðvelt að skipa svo stjórn sjóðsins og kosta þar dýra og erfiða bókfærslu, að ljettara verði en þótt í sveit sje, eftir því, sem jeg ætla að nefndin meini með þessu orðalagi. Eigi aftur á móti að skilja þetta svo, að kaupstaðirnir fái ekki undanþágu, þá kemur það auðvitað ekki að sök, því að í kaupstöðunum eru víst ekki sparisjóðir, sem hafa minna fje til ávöxtunar en 75000 kr. Það varðar því miklu og er nauðsynlegt að fá skýringu á því hjá nefndinni, hve nær sparisjóður getur talist í sveit og hve nær ekki. Með minni brtt. hefi jeg því lagt til, að þessi orð »sem eru í sveitum« falli úr nefndartill., og að í stað »75000 kr.« komi 100,000 kr. Með þessu er sneitt fyrir allan misskilning og upphæðin gerð þó nokkru viðunanlegri.

Frsm. (Einar Árnason): Eins og jeg hefi áður tekið fram, þá er þetta 100,000 kr. takmark lítið atriði fyrir mjer, og ætla jeg því ekki að deila um það. En viðvíkjandi því, að þegar útlánsvextir af sjálfskuldarábyrgðarlánum og fasteignalánum eru ekki hærri en 5% og vextir af innstæðufje $4^1/_2$%, þá sjeu sjóðirnir ekki færir um að bera mikinn kostnað, þá skal jeg viðurkenna, að það er rjett. En jeg lít svo á, að ekki sje hyggilegt fyrir sjóðina að hafa svo lítinn mun á útláns og innlánsvöxtum. Mjer finst meira um vert fyrir þá, sem þurfa að fá fje að láni, að geta fengið það með góðu móti nálægt sjer, þótt vextirnir sjeu dálítið hærri; menn mundu ekki finna mikið til þess eða hafa út á það að setja. Það út af fyrir sig er því ekki næg ástæða til þess, að ekki sje haldið fast við það, að sjóðirnir hafi bókhaldið sem allra tryggast.

Þá kem jeg að því að skýra, hvað átt er við með orðunum »í sveit«; jeg gleymdi að gera það áðan. Nefndin telur þann sparisjóð í sveit, sem hefir aðsetur sitt utan löggiltra kauptúna. Ef sparisjóðurinn er í löggiltu kauptúni, þá heyrir hann ekki undir það, að geta fengið undanþágu. Þegar sjóðurinn er í kauptúni, þá mun stjórnin venjulega vera þar á staðnum, og á þá ekki eins erfitt með að fullnægja skilyrðum reglugerðarinnar. Aðalerfiðleikarnir eru, ef stjórnin er ekki öll á sama stað.

Hvað upphæðinni viðvíkur, þá eru varla margir sparisjóðir í sveit, sem hafa yfir 75000 kr. yfir að ráða. Sveitasparisjóðirnir eru flestir ungir og hafa lítið fje til umráða, svo að þeir geta ekki verið nema örfáir, sem fara yfir þessa upphæð.

Jeg sje því ekki ástæðu til að víkja frá brtt. fjárhagsnefndar í þessu máli.

Stefán Stefánsson: Það má vera, að ekki sje hyggilegt að lána fje úr sparisjóðunum með lágum vöxtum, en því óhyggilegra er það, að stofna til þess með óþörfum kostnaðarauka, að sjóðurinn geti ekki safnað sem tryggustum varasjóði. Sje varasjóðurinn stór, þá getur hann frekar borið þau óhöpp, sem á kunna að falla vegna ófullnægjandi trygginga, og þá er ekki óeðlilegt, þótt útlánskjörin geti orðið vægari, ef næg trygging er fyrir hendi til að borga skakkaföll, ef einhver verða. Sje á hinn bóginn varasjóðurinn lítill, í samanburði við það fje, sem stendur í útlánum, þá er hættan aftur því meiri. En reynist mögulegt, með lágum stjórnarkostnaði, að safna álitlegum varasjóði, þrátt fyrir það, þótt vaxtamunurinn á innlögum og útlánum sje lítill, er það góðra gjalda vert og mikið fyrir það gefandi að hafa svo hagkvæma lánsstofnun í sveitum.

Háttv. frsm. (E. Árna.) hefir nú gefið þá skýringu, að sparisjóðir í löggiltum kauptúnum teljist ekki í sveit. En þetta er að mínu áliti hreinn misskilningur, eins og jeg hefi bent á, en eigi þetta að skiljast svo, þá getur orðið hvumleitt, þar sem fáment kauptún er í víðáttumiklu og mannmörgu hjeraði, að sparisjóðurinn geti ekki fengið undanþágu, sje hann starfræktur í kauptúnum. (**E. Árna:** Þá er ekki annað en að starfrækja hann annarsstaðar). Já, mikið rjett, en það getur verið talsvert bagalegt að fá ekki undanþágu fyrir sjóðina, að eins fyrir það, að staðurinn er löggiltur, því að einmitt á slíkum stöðum verður flestum, sem sjóðina nota, hægast að reka þar sín sparisjóðserindi.

Það er nú ekki svo að skilja, að jeg geti ekki fallist á brtt. nefndarinnar í að-

alatriðunum. En jeg sje ekki, að það sjeu nein útlát fyrir þá, sem vilja unna sparisjóðum í sveitum að vera starfræktir, að samþykkja brtt. mína. Hún yrði mörgum sparisjóðum til hagræðis, enda ekki rjett að gera óþarfar kröfur til þessara, fremur en annara stofnana í landinu. Annars ætti það að vera hverjum manni hugleikið, að sparisjóðir komi sem víðast upp og eflist, því að þeir eru sannarlega flestum stofnunum notasælli, í hvaða sveit eða hjeraði sem þeir eru.

Pjetur Jónsson: Jeg held nú, að þetta mál sje komið í verra efni en þegar byrjað var á því hjer í deildinni. Jeg álít, að nefndin hafi tekið alveg skakka stefnu. Jeg fór fram á það við umr. um daginn, að málinu yrði snúið við og afgreitt með rökstuddri dagskrá, þess efnis að vísa því til stjórnarinnar, að taka sparisjóðsreglugerðina til nýrrar yfirvegunar og breyta henni. Þessi till., ef hún verður samþ., hvort heldur með brtt. eða ekki, kemur ekki að haldi þeim sjóðum, sem mest hafa kvartað undan reglugerðinni. Sparisjóðir í sveitum eru ekki starfræktir daglega. Það væri ómögulegt, — algerlega ókleift að gera það. Þar er því sparisjóðsstörfunum oft gegnt endurgjaldslaust að mestu leyti. Þetta breytist ekki heldur við reglugerðina, og þessir sjóðir eiga því ekki erfiðast með að komast af. Í reglugerðinni er alls ekki skipað, að sjóðirnir skuli starfræktir daglega. Í kauptúnum hagar svo til, að þar verður ekki komist hjá því að hafa daglega afgreiðslu, þótt sjóðurinn nemi ekki svo miklu sem 100000 kr. Það er því alveg óhugsandi og ómögulegt til þess að ætlast, að menn fáist til þess að annast sparisjóðsafgreiðslu þar fyrir mjög litla eða enga þóknun. Nú er reynslan sú, að flestir sparisjóðir geta ekki staðið sig við að borga nauðsynlegum starfsmönnum, eins og verið hefir, hvað þá heldur ef þarf að fjölga þeim og gera afgreiðsluna margbrotnari. Þótt teknir sjeu 6% vextir af víxlum og 5% af öðrum lánum, þá hrökkva tekjur sjóðanna ekki langt til þess að launa mörgum starfsmönnum mjög fyrirhafnarsama bókfærslu og daglega afgreiðslu. Jeg álít því, að hv. fjárhagsnefnd hafi algerlega misskilið sitt hlutverk, þegar hún vill veita undanþágu einungis þeim sjóðum, sem hafa 75000 kr. stofnfje. Rjettast hefði verið að miða við ekki lægri upphæð en 250 þús kr., ef farin er þessi undanþáguleið á annað borð, því að það eru sjóðirnir í bilinu milli þessara upphæða, sem örðugast eiga, ef þeir eru í kauptúnum, því að þá hafa þeir daglegt kvabb. En mjer finst hitt vera miklu eðlilegra, að vísa málinu til stjórnarinnar og fá hana til að breyta reglugerðinni. Jeg er ekki hræddur um, að hún tæki það neitt strangt upp eða yrði neitt illa við þeim tilmælum. Hvað þýðir það að hafa strangar reglugerðir, þegar ekkert eftirlit er með því, að þær sjeu haldnar? Niðurstaðan verður ekki önnur en sú, að reglugerðin verður bara brotin.

Jeg leyfi mjer því að stinga upp á því, að málinu sje vísað til stjórnarinnar, samkvæmt 42. gr. stjórnarskrárinnar.

Magnús Guðmundsson: J[illegible] ætla að eins, í tilefni af orðum hv. þm. S.-Þ. (P. J.), að skýra frá því, hvað fyrir fjárhagsnefndinni vakti.

Þegar þau ákvæði voru sett í sparisjóðareglugerðina, að greiðslur í og úr sjóðunum skyldu færðar í margar bækur, var ástæðan sú, að gengið er út frá því sem aðalreglu, að 2—3 menn sjeu við flestallar afgreiðslur sjóðanna, og tryggingin hugsuð í því, að líkur fyrir rjettri bókfærslu sje því meiri sem fleiri

eru við afgreiðslu og því fleiri bækur sem eru haldnar. Í sveitum er þessu nú þannig háttað, að mjög erfitt er að hafa jafnan 2—3 menn við afgreiðslu sjóðanna, og þegar að eins 1 maður afgreiðir, er tilgangslítið að láta hann færa inn í margar bækur, því að í því er engin veruleg trygging.

Þetta er ástæðan til þess að nefndin vill láta sveitasparisjóði hafa sjerstöðu.

Þá hefir það verið tekið fram, að þeir sjóðir, sem eigi hafi meira fje en 100,000 kr. til ávöxtunar, gætu ekki greitt neitt í starfslaun. Þetta er þó varla rjett á litið, því að sjóður, er ávaxtaði 100,000 kr. gæti lánað helminginn af þeirri upphæð fyrir 5 af hundraði, en hinn helminginn fyrir 6 af hundraði í vexti Ætti sjóðurinn þá að hafa um 1500 kr. í hreinan arð, og gæti hann þá greitt að minsta kosti helminginn af þeirri upphæð í starfslaun og kostnað, og samt lagt nokkuð í varasjóð.

Það er ekki rjett, að sparisjóðir sjeu eftirlitslausir. Þeir hafa allir endurskoðendur, og er vanrækslu þeirra um að kenna, sje bókfærslan ekki í lagi. Það, sem háttv. þm. S. Þ. (P. J.) sagði um þetta, er alveg rangt.

Í raun og veru er það ekki annað en breyting á reglugerðinni, þegar stjórnarráðið veitir slika undanþágu, sem hjer ræðir um. Að því leyti má segja, að till. þessi sje óþörf, því að stjórnarráðið getur alveg eins vel breytt reglugerðinni eins og veitt undanþágu frá henni. En tilætlunin var sú að sýna, að gera ætti greinarmun á því, hvort líkur væru til þess, að sparisjóðirnir ættu hægt með að hafa 2 menn við bókfærslu, því að aðaltryggingin liggur í því, að sama upphæðin sje bókfærð af tveim.

ATKVGR.

Till. þm. S.-Þ. (P. J.), um að vísa málinu til stjórnarinnar, feld með 16 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., E. A., J. B., P. J., S. St., Sv. Ó., Ó. B.

nei: Þorst. J., Þór. J., B. K., B. St., E. Árna, G. Sv, H. K., J. J., M. G., M. P., M. Ó., P. O., P. Þ., S. S., St. St., Þorl. J.

Þrír þm. (B. J., E. J. og J. M.) fjarstaddir.

Brtt. 276. samþ. með 13 : 6 atkv.

— 241., svo breytt (ný tillgr.), samþ. með 14 : 4 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem

ályktun neðri deildar Alþingis.

(Sjá A. 286).

9. Námsstyrkur háskólasveina.

Á 24. fundi í Nd., fimtudaginn 16. maí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um námsstyrk háskólasveina (A. 146).

Á 25. fundi í Nd, föstudaginn 17. maí, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Nd., fimtudaginn 23. maí, var till. aftur tekin til fyrri umr.

Frsm. (Bjarni Jónsson): Jeg vil benda á tvær höfuðástæður fyrir till. nefndarinnar.

Eins og öllum er kunnugt, var rætt um það á þingi í fyrra, hvort skólum skyldi haldið áfram. Þess vegna gekk þáverandi fjárveitinganefnd ekki svo

frá 14. gr. fjárlaganna, sem hún mundi ella gert hafa, með því að styrkveitingum var eigi ráðið til lykta, heldur ljet hún gömlu tölurnar standa óbreyttar. En annars hefði það orðið ofan á að hækka styrkinn.

Það, sem mælir með styrkhækkuninni, er þetta tvent:

Í fyrra lagi, að peningar hafa fallið í verði, og kemur það harðast niður á fátækum nemendum.

Í síðara lagi, að síðara árið njóta fleiri styrksins en fyrra árið. Fyrra árið voru styrkþegar 65, en 85 síðara árið. Þetta munar ekki litlu. Þar að auki er allur kostnaður meiri síðara árið, bæði fæði, húsaleiga og eldsneyti. Það er því auðsætt, að öll sanngirni mælir með því, að styrkurinn verði hækkaður, enda hefir meiri hluti fjárveitinganefndar reynt að fara fram á þetta.

Eitt atriði almenns eðlis skal jeg nefna, er mælir með því, að þingið reynist heldur höfðinglegt en nirfilslegt í fjárveitingum til námsmanna, og eigi að eins í þetta sinn, heldur einnig framvegis. Og ástæðan er sú, að áður sóttu menn oft erlendan háskóla, þar sem veittur var mikill styrkur og góður. Nú höfum vjer sett á stofn háskóla, sem ætti að verða landi og þjóð til gagns og sóma, þótt lítill sje. En nemendalaus verður hann aldrei til sóma. En vegurinn til þess að gera hann það er að bjóða nemendum verri kjör en háskóli erlendrar þjóðar,sem er oss ekki mjög skyld. Jeg vildi, að háskóli vor yrði ljós landsins og sómi. Vjer vitum, að þetta land getur ekki skarað fram úr að herfrægð og auði. En sú var tíðin, að þjóðin skaraði fram úr að andlegri menningu, og mætti svo enn fara. Og vegurinn til þess er sá, að styrkja menn til náms og hlynna að háskóla landsins.

Hjer er alt svo dýrt, að nám má heita ókleift. Fátækir nemendur verða að hleypa sjer í stórskuldir, til þess að geta dvalið hjer við nám. Jeg þykist því vita, að þetta verði auðsótt mál. Hjer er farið fram á 50% hækkun til eins árs, 1917—1918.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 15 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., laugardaginn 25. maí, var till. tekin til síðari umr. (A. 146, 208).

Afbrigði um brtt. 208, er of seint var fram komin, leyfð og samþ. án atkvgr.

Frsm. (Bjarni Jónsson): Jeg vil að eins lýsa yfir því fyrir nefndarinnar hönd, að jeg tek móti þessari brtt. á þgskj. 208, því að till. er miklu nákvæmar orðuð á þann hátt.

Einar Arnórsson: Jeg þakka háttv. þm. Dala. (B. J.) undirtektir hans undir brtt. mína á þgskj. 208, en annars er það mest honum að þakka, að hún er fram komin.

Ástæðan til þess, að við komum okkur saman um, að rjett væri að breyta orðalagi till., er sú, að eins og till. er orðuð frá háttv. fjárveitinganefnd, er það mjög tvísýnt, að hægt sje að skilja hana öðruvísi en svo, að þeir einir geti fengið viðbótina, er styrks hafa notið í vetur. En sumir hafa ef til vill orðið út undan vegna þess, hve styrkurinn er lítill. Það er oft álitamál, hverjum styrk beri að veita, en ekki er hægt að veita hann öllum. Viljum við nú,

að þeir sjeu ekki útilokaðir, heldur sje full heimild til þess, að þeir fái viðbót, er óverðuglega hafa orðið út undan eða fengið hafa tiltölulega of lítið að áliti kennaranna. Og ef háttv. deild vill hleypa till. í gegn, þá er ekki vafamál, að þeir samþykki hana þannig breytta.

Pjetur Ottesen: Jeg tel þessa brtt. háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) til mik illa bóta, því að á till. frá háttv. meiri hl. fjárveitinganefndar var ekki annað að sjá en að þessarar viðbótar gætu að eins notið þeir einir, er áður hafa fengið styrk. En eftir því, sem jeg hefi fengið spurnir af, leikur það mjög á tveim tungum, hvernig úthlutun þessa háskólastyrks hefir verið framkvæmd. Jeg hefi haft þær fregnir um úthlutun styrks í læknadeild háskólans, að mikil ástæða er til að ætla, að úthlutunin sje þar mjög mikið handahófsverk. Jeg veit nú ekki, hvaða reglum, eða kann ske rjettara sagt regluleysi, þar er fylgt, hvort styrknum er úthlutað sem ölmusu, eða sem verðlaunum fyrir námfýsi og ástundun. Mjer þykir líklegast, að þessu tvennu sje blandað saman. Að byggja á fjárhagsvottorðum nemenda tel jeg mjög hæpið; þau eru oft mjög ófullkomin, en sjálfsagt má byggja á sumum, en sumum ekki. Yfirleitt er kennurunum lítt kunnar efnahagsástæður nemenda, og fjárhagsvottorðin gefa ekki nema mjög ófullkomna mynd af þeim. En aftur á kennurum að vera tiltölulega kunnugt um ástundun nemenda, ef það væri lagt til grundvallar.

Mjer er nú kunnugt um, að það var svo við læknadeild Háskólans í vetur, að þar var húsaleigustyrkur veittur öllum nýsveinum nema einum. Nú mun það vani að veita þennan styrk öllum þeim, sem eiga heima utan Reykjavíkur. Og svo var einnig nú, að allir nýsveinar utan Reykjavíkur fengu hann, nema þessi eini piltur, og auk þess nokkrir, sem búsettir eru í Reykjavík. Veit jeg þó, að þessi piltur stendur ekki öðrum að baki um ástundun eða þess háttar.

Sama er að segja um námsstyrkinn. Hann fengu nýsveinar allir, nema þessi eini, og svo annar til, sem má ske ekki hefir sótt vel tíma. Þetta þykir mjer dálítið undarleg tilhögun. Það væri kann ske full ástæða til að breyta til, svo að einhverjir aðrir hefðu hönd í bagga með úthlutuninni. Mætti þá vænta þess með þessari brtt. háttv. 2. þm. Árn. (E. A.), ef samþ. verður, að þessi úthlutun kæmi ekki niður á þeim einum, sem áður hafa notið styrks, heldur og á þeim, sem út undan hafa orðið, svo að prófessorunum gefist færi á að bæta fyrir syndir sínar í þessu efni.

Brtt. er því nær sanni en aðaltill., þó að jeg fyrir mitt leyti vilji ekki leggja meira fje á þessar handahófsmetaskálar prófessoranna.

Einar Arnórsson: Jeg vil auðvitað ekki segja neitt um þetta sjerstaka tilfelli, sem háttv. þm. Borgf. (P. O.) talaði um, en þess vil jeg geta, að það er oft hreint og beint álitamál, hver eigi að fá styrk og hve mikið hver eigi að fá. Því að þótt settir sjeu um þetta aðaldrættir í fjárlögunum, þá er það ekki einhlítt, því að við úthlutun verður að byggja á svo mörgu, bæði efnahag og iðni nemandans. Og þegar um efnahaginn er að ræða, sje jeg ekki, hverju öðru eigi að fara eftir en fjárhagsvottorðunum. Það liggur ekkert ábyggilegt fyrir, nema þessi vottorð, gefin af nemandanum og undirrituð af einhverjum skilríkum og ábyggilegum manni, sem þekkir vel allar ástæður.

En svo drap háttv. þm. Borgf. (P. O.) á það, að það væri álitamál, hvort ekki ættu einhverjir aðrir en kennarar

að hafa hönd í bagga um úthlutunina. Jeg get ekki, með besta vilja, sjeð, hverjir aðrir það ættu að vera. Jeg sje ekki, hver er færari að dæma um verðleika og þörf pilta en kennararnir, að minsta kosti um fyrra atriðið. Við mentaskólann hafa aðrir en kennarar þetta vald, sem sje sú deild stjórnarráðsins, er skólamálin heyra undir. En það er að eins að forminu til. Þessi úthlutun getur aldrei orðið önnur en sú, að samþykkja tillögur rektors skólans um úthlutun styrksins. Við háskólann er það svo, að kennarar hverrar deildar gera tillögur um, hver styrk skuli fá og hve mikið hver. Það er síðan lagt undir úrskurð háskólaráðsins á sameiginlegum fundi, og það treystir sjer ekki til að ganga á móti þessum tillögum, eða segja hvað er rangt. En í háskólaráðinu er einn kennari úr hverri deild, og ef hann gerir athugasemdir við till. frá sinni deild, þá mega þær athugasemdir eftir atvikum verða teknar til greina. En það skal tekið fram, að það hefir ekki komið fyrir, að komið hafi annað en samhljóða till. frá hverri deild. Mjer er algerlega óskiljanlegt, hver ætti að hafa íhlutunarrjett um þetta, og teldi illa farið, ef horfið væri að því ráði, sem nú er upp tekið, fyrst og fremst af því, að það er opinbert vantraust á deildum háskólans, og í öðru lagi gætu þau afskifti, ef þau yrðu annað en »formelt« kák, leitt til enn verra misrjettis. Og eftir því, sem jeg veit best, er hvergi í víðri veröld öðruvísi fyrirkomulag en á borð við það, sem hjer er, að styrkurinn er veittur eftir tillögum þeirra, sem hljóta að þekkja best til. Persónulega þekki jeg þetta ekki, nema eins og það var í Kaupmannahöfn í minni tíð. Tilhögunin þar var ekki ósvipuð um styrki og »legöt«, en hjer er sá stóri munur, að kennarar eru persónulega kunnugir iðni og ástundun hvers nemanda, en svo er ekki við stærri háskóla.

Held jeg, að það sje því mikil spurning, hvort hægt sje að fá rjettlátari tilhögun á úthlutun háskólastyrks en hjer á sjer stað.

ATKVGR.

Brtt. 208. (ný tillgr.) samþ. í e. hlj.

Till., svo breytt, samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Á 28. fundi í Ed., mánudaginn 27. maí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um námsstyrk til háskólasveina,

eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 223).

Á 29. fundi í Ed., þriðjudaginn 28. maí, var till. tekin til fyrri umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg vil leggja það til, að máli þessu verði vísað til fjárveitinganefndar.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 11 shlj atkv. og til fjárveitinganefndar (sjá A. bls. 534) með 11 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., laugardaginn 1. júní, var till. tekin til síðari umr. (A. 223, n. 266).

Jóhannes Jóhannesson: Fjárveitinganefnd leit svo á, að það lægi svo í augum uppi, að hjer væri um sanngjarnt mál að ræða, að það þyrfti ekki að taka ástæðurnar fram í nefndarálitinu eða umræðunum um málið, og

jeg vænti, að allir háttv. deildarmenn viðurkenni þetta og samþykki till., eins og hún liggur fyrir.

ATKVGR.

Till. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem

ályktun Alþingis.
(Sjá A. 292).

---

10. Röntgensáhöld.

Á 25. fundi í Nd, föstudaginn 17. maí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um fjárveiting til þess að fá Röntgenstofnuninni nýj áhöld (A. 157).

Á 29. fundi í Nd., fimtudaginn 23. maí, var till. tekin til fyrri umr.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Jeg skal reyna að vera stuttorður um þessa till., sem fjárveitinganefnd leyfir sjer að bera fram. Svo er mál með vexti, að er fje var upphaflega veitt til Röntgenstofnunarinnar, var það svo af skornum skamti, að ekki var nærri því, að hægt væri að kaupa öll þau áhöld, sem stofnunin nauðsynlega þurfti að hafa. Svo er önnur ástæða, sem mikið vegur, og hún er sú, að síðan þessi stofnun var sett á laggirnar hefir þessi lækningaaðferð tekið stórfeldum framförum, og nú er svo komið, að með geislunum eru læknaðir þeir sjúkdómar, sem áður voru álitnir ólæknandi nema með uppskurði. Það þýðir ekki að fara að telja upp þau áhöld, sem mest þörf er á, en þó er það sjerstaklega eitt verkfæri, sem kostar 4500 kr., sem mjög er áríðandi að stofnunin eignist. Þetta áhald er sjerstaklega notað til þess að lækna með. Hingað til hefir stofnunin verið sjerstaklega notuð til þess að athuga og rannsaka ýmsa sjúkdóma, en minna verið notuð til þess að lækna. Ef þetta verkfæri fengist, væri líka hægt að nota stofnunina til þess að lækna vissa sjúkdóma. Með þessu nýja verkfæri ganga ýmsar lækningar, sem annars hafa tekið langan tíma, miklu fljótara fyrir sig, og væri það ekki lítill kostur, því að það er oft bagalegt fyrir sjúklinga, sem koma utan af landi, hversu langan tíma þeir þurfa að dvelja hjer í bænum áður en þeir fá bót meina sinna.

Þá er það og annar kostur við þetta nýja áhald, að það getur hjálpað, ef eitthvað bilaði hjer í aðalvjelinni, sem nú er, en eins og nú er ástatt, má ekkert fara þar aflaga, því að þá getur stofnunin ekki starfað, því að ekki eru til varaverkfæri.

Þetta er svo mikið nauðsynjamál, að jeg skil ekki annað en að háttv. þm. hljóti að greiða því atkv. sitt, þó að jeg fari ekki frekari orðum um till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 16 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Nd., laugardaginn 25. maí, var till. tekin til síðari umr. (A. 157).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Á 28. fundi í Ed., mánudaginn 27. maí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um fjárveiting til þess að fá Röntgenstofnuninni nýj áhöld,

eins og hún var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 224).

Á 29. fundi í Ed., þriðjudaginn 28. maí, var till. tekin til fyrri umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg vil gera það að till. minni, að þessu máli verði vísað til fjárveitinganefndar.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 12 shlj. atkv. og til fjárveitinganefndar (sjá A bls. 534) með 11 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., laugardaginn 1. júní, var till. tekin til síðari umr. (A. 224, n. 262).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem

ályktun Alþingis.

(Sjá A. 293).

II. Lán handa Suðurfjarðahreppi.

Á 28. fundi í Nd., miðvikudaginn 22. maí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um lán handa Suðurfjarðahreppi (A. 180).

Á 30. fundi í Nd., föstudaginn 24. maí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 31. fundi í Nd, laugardaginn 25. maí, var till. tekin til fyrri umr. (A. 180).

Flm. (Hákon Kristófersson): Það er samkvæmt ósk hreppsnefndarinnar í Suðurfjarðahreppi, að jeg leyfi mjer að bera fram þessa till.

Um hana þarf í sjálfu sjer ekki að fjölyrða. Greinargerð hennar er svo fullnægjandi og ítarleg, að af henni geta háttv. þm. vel gert sjer grein fyrir, hvers verið er að óska og til hvers því fje á að verja, sem óskað er eftir með till. Eins og greinargerðin og ber með sjer, horfir til svo mikilla vandræða, hvað þetta bygðarlag og hjerað snertir, að það er ljóst, að ef ekki kemur hjálp frá landinu, hlýtur þetta hjerað að lenda í meiri háttar vandræðum, sem vitanlega stafa af hinum mörgu en ófyrirsjáanlegu tálmunum og óhöppum, er fyrir hafa komið.

Í sambandi við þetta vil jeg geta þess, að ef hægt verður að ljúka við fyrirtæki þetta í haust, þá má búast við miklum sparnaði á olíu og kolum, og þótt svo væri litið á, að þessi rafveita væri ekki mikið atriði fyrir landið í heild sinni, hvað sparnað á þessum vörutegundum snertir, þá er þó sparnaður olíu og kola á þessum tímum, hve lítill sem er, þó nokkurs virði, jafnvel fyrir landið í heild sinni.

Að farið er fram á að fá lánið til svo langs tíma stafar af því, að með því, að svo verði, þá mun notendum rafveitunnar ekki verða erfiðara með að standa í skilum með vexti og afborganir, er jafnað væri á 40 ára bil, þó að rafveitan kosti liðugar 100 þús. kr., en

þó að hún hefði kostað 55 þús. og átt að borgast á 20 árum. Þar af leiðandi er það mjög verulegt atriði, að lánið fáist til sem allra lengsts t'ma.

Eins og tekið er fram í greinargerðinni fyrir till., þá má benda á það, að með veitingu láns þessa mun margur maður geta fengið góða atvinnu við rafveituundirbúninginn í sumar, og eins og nú standa sakir hvað atvinnuvegi þjóðarinnar snertir, eru það meðal annars mjög mikil meðmæli með lánveitingunni.

Jeg býst nú við, að mjer verði svarað því, að landssjóður hafi ekki nú fje til að lána til þessa fyrirtækis, fremur en annara. Mjer ætti ekki heldur að vera ókunnugt um, að fjárhagurinn er ekki í sem bestu lagi; þótt svo megi ef til vill líta á, að landssjóður hafi ekki fje til, er handbært sje til útlána, þá ber þess að gæta jafnframt, að hann stendur ólíkt betur að vígi en eitt lítið hreppsfjelag, enda fjárhagur hans engu lakari, þó að hann láni 35 þús. eða láni þær ekki.

Jeg hefi þegar tekið það fram, að jeg sje ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um þessa till. á þessu stigi málsins, en jeg leyfi mjer að óska þess, að henni verði, að þessari umr. lokinni, vísað til fjárveitinganefndar, sem að sjálfsögðu þarf að segja álit sitt um hana, að því leyti er fjárveitinguna snertir.

Sveinn Ólafsson: Jeg veit ekki, hvort það verður vel virt af háttv. þm. Barð. (H. K.), að jeg skuli fara að blanda mjer í þetta mál, en jeg vil lýsa yfir því, að mjer þykja það einkennilegir búnaðarhættir þar vestra, að hver hreppurinn af öðrum biður um lán vegna stórfyrirtækja, sem þeir ráða eigi við. Patrekshreppur fór í strand með rafveitufyrirtæki í fyrra og fjekk 55,000 kr. lán til hennar úr landssjóði. Nú er eins ástatt fyrir Suðurfjarðahreppi í sömu sýslu, og fer hann fram á 35 000 kr. lán. Ætla má, að þriðji hreppurinn í Barðastrandarsýslu komi í líkum erindum að ári, því að jafnauðsær búhnykkur hvetur til eftirdæmis.

Á síðasta þingi fór jeg fram á lánsheimild úr landssjóði til rafveitu á Fáskrúðsfirði, sem líka var búið að búa talsvert undir og kosta til, en þeirri málaleitun var synjað, og fyrirtækið fór í strand.

Hjer er því ekki um neitt jafnrjetti að ræða, ef till. þessi verður samþykt. Þörfin fyrir rafveitur er hvarvetna á landinu, og margir mundu kjósa að koma þeim upp — og einnig geta — ef landssjóður tæki jafnan við, þegar geta einstaklings eða hreppa þryti.

Jeg get alls ekki stutt þessa till. og tel eigi viðurkvæmilega þá aðferð, að varpa á þennan hátt byrðum á landssjóð á þessum tíma, og því síður að skapa það fordæmi, að hreppar ráðist í ókleif fyrirtæki og velti síðan öllum vandanum á landssjóð.

Bjarni Jónsson: Jeg furða mig mjög á að heyra þessa ræðu, vegna þess, að þarna stendur alt öðruvísi á en fyrir austan. Þar var verkið ekki byrjað. Vil jeg, að það sje hjer til ráðs tekið að hjálpa þeim, sem byrjað hafa á einhverjum framkvæmdum fyrir stríðið, svo sem þessum hreppi. Til háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) vil jeg segja það, að hann vissi það ekki í fyrra, að byrjað væri á verkinu; þá sagði hann, að þeir væru ekki byrjaðir, en þessir menn voru byrjaðir. Hafa þeir mist hvað eftir annað í sjóinn það, sem þeir hafa þurft til stöðvarinnar, og þess vegna hefir alt orðið miklu dýrara.

Ekki er það heldur rjett að segja, að

hinir og þessir, hvort það er nú fyrir austan eða vestan, sjeu að fara í landssjóðinn og ausa úr honum, því að þeirra för í landssjóðinn er ekki annað en að fá lán úr honum, og ætla þessir menn að borga það aftur. Hins vegar er það, að þegar fyrirtækið er svo langt komið, er mikill skaði að stöðva það, en á hinn bóginn mikill kostur, að menn geti fengið ljós og eldsneyti. Finst mjer því rjettast að vísa málinu til fjárhagsnefndar.

Flm. (Hákon Kristófersson): Það var nokkuð, sem jeg bjóst við, að einhver mundi rísa upp á móti þessu máli, en að háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) mundi byggja mótmæli sín á jafnósanngjörnum og rakalausum fjarstæðum og komu fram í ræðu hans, kom mjer ekki til hugar. Jeg held, að jeg verði að halda því fram, að hann hafi tæplega lesið greinargerðina, þótt þess sje varla til getandi um svo mætan og eftirtektarsaman mann og hann er, því að hún ber ekki vott um, að ekki hafi verið í þetta ráðið með fyrirhyggju. Auðvitað er það ekki ómögulegt, að oss Vestfirðinga skorti mjög á þá fyrirhyggju, sem háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) hefir til brunns að bera, þegar hann ræðst í fyrirtæki fyrir sig eða aðra, en væntanlega verður háttv. þm. (Sv. Ó) mjer sammála um það, að stöðvun á þessu fyrirtæki geti orðið til þess, að þúsundir króna verði eyðilagðar, sem þegar eru komnar í verkið. Það er alveg rjett, að það var hreppur í fyrra, sem bað um lán til líkra fyrirtækja, en það sje jeg ekki að komi þessu máli við. Þykir mjer því undarlegt, þegar mikilsvirtir þm. undra sig yfir því, að bæjarfjelög komi og biðji um hjálp landssjóðs, þegar svo er komið, að þau af einhverjum ástæðum geta ekki lokið við fyrirtæki sín.

Um þetta fyrirtæki er það að segja, að þegar byrjað var á því, stóð svo alt öðruvísi á en nú, eins og áður hefir verið margtekið fram.

Það hefir margsinnis verið rætt um það, bæði í þessari háttv. deild og þinginu í heild sinni, að eitt af því, sem á því hvíldi, væri að hjálpa mönnum til þess að komast út úr vandræðum dýrtíðarinnar, sem nú er. Jeg efast um, að önnur hjálp geti verið heppilegri til þess að komast yfir vandræði tímans heldur en sú, sem nú er verið að tala um. Hjer er ekki eingöngu um það að tala að leggja síðustu hönd á verk, sem bæði er gróða- og sparnaðarfyrirtæki, heldur líka um það að veita mönnum atvinnu, þar sem má ske mundi verða lítið um hana annars. En það eitt út af fyrir sig er þó ekki aðalatriðið.

Háttv. þm. Dala. (B. J.) tók vel og viturlega í þetta mál, eins og við var að búast af honum, og hafi hann þökk fyrir það. En audmæli háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) býst jeg ekki við að sjeu sprottin af beinum illvilja, og vil jeg benda honum á, að hann má ekki láta það koma niður á þessari málaleitun, þótt hans beiðni væri feld í fyrra, því að þetta er alt annað. Það var ekki búið að verja í það $^1/_{10}$ hluta þess kostaðar, sem kominn var í þetta fyrirtæki. Landsbankinn hefir, eins og kunnugt er, lánað 75,000 kr.; hinar 35,000 kr., sem vantar, er nú farið fram á í till. að landssjóður hlaupi undir bagga með, til þess að fyrirtækið komist til fullra nota á næstkomandi hausti, og get jeg ekki sjeð annað en að það sje vel framkvæmanlegt. Og jeg ætla að vænta þess, þó að það þyki má ske frambærileg ásökun, að hreppar og sýslufjelög ráðist í fyrirtæki, sem hafa útgjöld í för með sjer og þau eru ekki fær um, að enginn þyki skyldari til þess að bjarga þeim út úr vandræðunum en einmitt

Alþingi, ef það skilur hlutverk sitt. Býst jeg ekki við, að til þess komi, að það fari að leggja sig þvert í götuna fyrir framfara- og gróðafyrirtæki, heldur að það muni framfylgja því, sem þeim mætti verða til sem mestrar nytsemdar.

Jeg hefi margtekið það fram, að greinargerðin fyrir þessari till. er svo góð, að hún ætti að verða til þess, að hver einasti þm. ætti að verða með till, svo framarlega sem menn álíta ekki, að þar standi beinlínis ósannindi.

Jeg skal svo óska þess, að málinu sje vísað til fjárveitinganefndar, og vænti jeg, að þar sitji svo góðir og hagsýnir menn, að því sje þar vel borgið, og að hæstv. Alþingi skilji svo hlutverk sitt, að það telji sjer skylt að hjálpa framkomu þessa og annara fyrirtækja, er landsmenn ráðast í og til nytsemda eru, með allri þeirri aðstoð, er því er mögulegt í tje að láta. Og það vil jeg vona, að þetta mál verði ekki til þess, að það leiðist í ljós, að í þinginu sje ríkjandi svívirðing hreppapólitíkurinnar, enda þótt ekki sje laust við, að á henni bóli.

Sveinn Ólafsson: Úr því að jeg fór að skifta mjer af þessu máli, er best að jeg tali mig dauðan. Háttv. þm. Barð. (H. K.) fanst það fjarstæða, sem jeg tók fram um það, og ætla jeg að lofa honum að álíta hvað sem hann vill um það efni, en jeg ætla að svara því, sem háttv. þm. Dala. (B. J.) sagði um það, að gott væri, að hreppsbúar þar vestra fengju ljós og hita. Jeg efast ekki um það, og þykir meira að segja líklegt, að nógar hendur mundu verða til þess að taka við peningum til þess að fá fyrir ljós og hita, ef þeirra væri kostur, og að færri fengju en vildu; þörfin og óskin er til á hverju heimili landsins.

Nú hafa öðrum hreppi í þessari sýslu þegar verið lánaðar 55,000 kr. til rafveitu, og virðist því minni ástæða til en ella að hlaupa undir bagga, því að engin forrjettindi mun þó Barðastrandasýsla eiga til lána úr landssjóði.

Sami háttv. þm. (B. J.) sagði, að þetta fje yrði goldið aftur. Jeg hefi lesið greinargerðina og litið svo á, að lánstraust hreppsins væri ekki meira en það, að hann treystist ekki til þess að fara til bankanna. Er þess vegna ekki óhugsandi, að næsti búhnykkurinn yrði sá, að biðja um eftirgjöf á láninu. Hins vegar hefir mjer skilist af greinargerðinni, að þarna væru margir efnaðir menn, sem gætu gert mikið, ef þeir vildu að sjer leggja, og verð jeg að telja það öllu mennilegra af hreppsbúum að afla sjer fjárins á eigin ábyrgð en að fara þessa leið eftir því. Þegar tveir hreppar í sömu sýslu eru búnir að mata krókinn á þennan hátt í landssjóði, mundi engan furða á því, þótt fleiri hreppar landsins kæmu í kjölfarið, og þeim væri vissulega erfitt að neita.

Að öðru leyti skal jeg svara háttv. þm. Barð. (H. K.) því, út af vefengingu hans á rjettmæti erindis míns á síðasta þingi, rafveituláns til Fáskrúðsfjarðar, að þar stóð einmitt líkt á og vestra. Undirbúningur var gerður, verkið hafið og búið að leggja fje í kostnað. En munurinn var hins vegar sá, að eystra voru hlutaðeigendur eigi svo gálausir, að halda áfram ókleifu verki, fjevana, með það fyrir augum að varpa öllu á landssjóð.

Flm. (Hákon Kristófersson): Jeg ætla að byrja þar, sem háttv. þm. (Sv. Ó.) endaði. Hann sagði, að við hefðum gengið með fyrirhyggjuleysi út í þetta fyrirtæki, með það fyrir augum að geta gengið að fjenu í landssjóði.

Þessu verð jeg að mótmæla, sem algerlega tilhæfulausu og varla sæmandi fyrir hv. þm. (Sv. Ó.) að láta frá sjer fara, enda sannar greinargerðin, að svo er alls ekki, því að þegar kostnaðaráætlunin var samin fyrst, var gert ráð fyrir, að þetta mundi kosta 50,000 kr.; síðar kom það í ljós, sem leiðandi af ýmsum erfiðleikum af heimsstyrjöldinni, að þetta fje mundi ekki nægja, og var þá áætlað eða gert ráð fyrir, að kostnaðurinn færi varla fram úr 75,000 kr. Þessar 75,000 kr. lánaði Landsbankinn til 40 ára með veðdeildarkjörum. Síðan þessi áætlun var gerð og þetta lán var fengið, hafa erfiðleikarnir margfaldast og vaxið svo, að nú þykir sýnt, að minna en um 105 þús. kr. muni rafveitan varla kosta.

Jeg get fullvissað háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) um, að við gerum það ekki með ljúfu geði að leita á náðir landssjóðs, eigandi þar við þröngsýni og skilningsleysi sumra forráðamanna hans. En þar sem svo er komið með þetta mál, að við erum úrræðalausir að nokkru leyti, finnum við ekki aðra leið, og það er alls ekki með það fyrir augum, að við hugsum, að til þess komi, að hreppurinn geti ekki borgað þetta aftur, ef honum er veitt það með sæmilegum lánsskilyrðum. Annars er það sitt hvað, að hreppurinn sje fátækur, eða að hann hafi ótakmarkað lánstraust hjá bönkunum. Það getur vel verið, að slíkt geti átt sjer stað um hreppa, þar sem mikið lausafje er og margir efnamenn. En þegar búið er að að í bönkunum 75,000 kr. lán, þá er ekki nema eðlilegt, að hann fari að draga saman seglin og segi, að nú láni hann ekki meira út á gjaldþol þessarar bygðar, en það er vart sæmandi, að Alþingi komi með sömu ástæðu, og jeg er ekki í nokkrum vafa um það, að það muni verða með því fje, sem landssjóður á einna tryggast, en ekki ótryggast, þótt lánað verði.

Að endingu vil jeg taka það fram, að það er alveg óframbærileg mótbára hjá háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) að benda á það í sambandi við þetta mál, að Patrekshreppi voru á síðasta þingi veittar 55 þús. að láni til líks fyrirtækis.

Það ættu heldur að vera meðmæli í augum þessa háttv. þm. (Sv. Ó.) og annara þm., að þessir hreppar hafa ráðist í slík framfarafyrirtæki, sem hjer er um að ræða. Og þó að slíkt kæmi fyrir — sem gera má fastlega ráð fyrir — að landssjóður gæfi eitthvað verulegt eftir af lánum þessum, þá mundi enginn hagsýnn maður telja slíkt eftir. Það bæri miklu fremur vott um það, að hv. Alþingi skildi svo hlutverk sitt, að það bæri skylda til, sem jeg verð líka að álíta að eigi að vera, að styrkja slík framfarafyrirtæki sem þessi með beinu fjárframlagi úr landssjóði.

ATKVGR.

Till. vísað til fjárveitinganefndar (sjá A. bls. 538) í e. hlj.

Umr. frestað.

Á 34. fundi í Nd., miðvikudaginn 29. maí, var fram haldið fyrri umr. um till. (A. 180, n. 236).

Frsm. (Magnús Pjetursson): Jeg þarf ekki að lengja mikið umræður um þetta mál. Það var reifað svo vel af háttv. flm. (H. K.), þegar það kom til umr. fyrst, og í nál. á þgskj. 236 er tekið fram það, sem nefndin vill um það segja.

Eins og háttv. þingdm. hafa sjeð á brtt. nefndarinnar, leggur hún til, að lánsheimildin sje lækkuð um 10000 kr.

Það byggist á því, að nefndinni finst ekki nema rjett, að hreppsbúar leggi eitthvað fram frá sjálfum sjer af því fje, sem vantar, til þess að verkið verði fullgert. Lánið, sem háttv. flm. (H. K.) fer fram á í till. sinni, er öll upphæðin, sem talin er vanta til þess að ljúka við verkið. Það er kunnugt, að sum sveitarfjelög, sem komast í líkan vanda, leggja eitthvað fram sjálf. Það ættu menn eins að geta þarna. Nefndin hefir fengið það upplýst, að þarna í hreppnum er nokkuð af efnamönnum, sem vel geta hlaupið undir bagga að nokkru leyti.

Hin athugasemdin, sem nefndin hafði að gera við till. háttv. flm. (H. K.), er sú, að henni þótti afborgunartíminn nokkuð langur. Það mun vera sjaldgæft, að lán sjeu veitt með svo löngum afborgunartíma. Í fyrra var öðrum hreppi í sömu sýslu veitt lán til rafveitu, og skyldi það borgast upp á 30 árum. Nefndinni fanst því rjettmætt, að þessi hreppur fengi sömu borgunarskilmála. Annað er það, sem nefndin leggur til, að lánið sje afborgunarlaust fyrstu 2 árin. Það getur komið sjer vel fyrir hreppinn að þurfa ekki að greiða afborgun af láninu meðan fyrirtækið er að komast í kring. Jeg vona, að háttv. flm. (H. K.) taki þessum breytingum nefndarinnar vel, og jeg vona, að þetta verði nægilegt til þess, að verkið komist í framkvæmd. Það var ekki ætlun nefndarinnar að stemma á neinn hátt stigu fyrir því.

Nefndin leggur einmitt áherslu á það, að lánið verði veitt fljótt, svo að verkið geti komist í framkvæmd sem fyrst, — að sjálfsögðu á þessu sumri.

Sveinn Ólafsson: Jeg býst ekki við, að mikið þýði að mótmæla, þar sem svo hamröm og liðsterk nefnd stendur að till. sem fjárveitinganefnd. En jeg get ekki að því gert, að mjer finst það harla fljótfærnislegt af þinginu að heimila þetta lán. Hjer getur hvert sveitarfjelag sem er farið í sama kjölfarið, byrjað á stórfyrirtækjum, sem eru þeim um megn, farið í strand með þau og þá fengið fje úr landssjóði til að bjarga öllu við. Eftirleikurinn er auðveldur, og umsókn um samskonar lán frá nokkrum tugum hreppa á næsta þingi væri ekki óeðlileg.

Eftir því, sem jeg hefi leitað mjer upplýsinga um, þá eru ýmsir vel stæðir menn í hreppnum og meira að segja nokkrir efnamenn. Kauptún er í hreppnum, allblómlegt, og skilst mjer, að það sje aðallega vegna þess, sem rafveitan er lögð. Jeg verð því að álíta, að hreppsbúar hafi ekki lagt eins mikið á sig eins og annarsstaðar, þar sem í líkt fyrirtæki hefir verið ráðist, og því sje ekki ástæða til að fara að veita þeim stórlán úr landssjóði. Það gætu allar sveitir landsins komið upp hjá sjer rafveitu með þessu móti, og ekki þarf að efa þörfina á þeim. Hitt er víst, að getu til þess vantar. Þess vegna get jeg ekki greitt atkv. með þessari till. Jeg álít, að hreppnum sje kleift að koma á rafveitunni án þessa láns.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Nefndin lítur öðrum augum á þetta mál en háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.). Hún hefir ekki getað sjeð, að neinn voði væri á ferðum, þótt lánveitingin væri gefin, því að varla getur verið nein sjerstök ástæða til að bera kvíðboga fyrir því, að hvert sveitarfjelag á landinu kæmi í kjölfar þessa hrepps með ósk um lán í svipuðum tilgangi. Hjer stendur svo alveg sjerstaklega á, að óhætt er að segja, að það er alveg einsdæmi. Alt efni og öll áhöld, sem til rafveitunnar þarf, eru komin á staðinn, — ekkert vantar nema peninga til

að koma fyrirtækinu af stað. Það er ekki svo að skilja, að verið sje að hjálpa til að ráðast í fyrirtækið, eins og venjulegast er, þegar um slíkar lánveitingar er beðið. Þá er oft ekki einu sinni búið að benda á veg til að ná í efnið, hvað þá heldur að það sje fengið. Jeg hygg því, að ekki komi oft lánbeiðnir, sem svona sjerstaklega stendur á. Ef efnið hefði ekki verið komið á staðinn, þá hefði nefndinni ekki dottið í hug að mæla með þessari lánveitingu, þótt einhver von hefði verið um efni í útlöndum, sem óvíst væri um hvort næðist, og því engin vissa fyrir því, að verkið yrði fullgert. En nú leikur enginn efi á því, að verkinu verður lokið á þessu sumri, ef þetta fje fæst.

Brtt. nefndarinnar fer líka í sömu átt og álit háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó), með því að þröngva hreppsbúum til að leggja fram 10000 kr. frá sjálfum sjer. Það er að vísu ekki hægt að segja, að þeir hafi lagt mikið í sölurnar fyrir þetta fyrirtæki í beinum framlögum. Þó hefir hreppurinn lagt á sig þetta, sem kunnugt er, tekið stórlán upp á eigin ábyrgð, 75000 kr., sem þegar eru komnar í fyrirtækið.

Svo vil jeg benda háttv. 1. þm S.-M. (Sv. Ó.) á það, sem líka stendur í nál., að það er siðferðisleg skylda þingsins að veita þessa lánsheimild. Á þinginu 1915 var samþykt að veita hreppnum 15000 kr. lán til rafveitu, en þetta lán hefir hann aldrei fengið. (**Sv. Ó:** Hvers vegna er þá ekki farið fram á, að hann fái þá upphæð nú?. — Hvers vegna er ekki látið sitja við þá upphæð?) — Af drættinum, sem orðið hefir á því að greiða þetta lán, hefir verkið farið svo langt fram úr þeim kostnaði, sem sú lánveiting var miðuð við. 25000 kr. eru síst meira nú en 15000 kr. voru þá.

Jeg get ekki annað sjeð en að það sje með öllu óhætt að veita þetta lán. Það er ekki hægt að benda á neina rafveitu á öllu landinu, sem jafnmikil sanngirni mælir með að veita lán til.

Hákon Kristófersson: Jeg hefi ekki mikið til málanna að leggja á þessu stigi málsins. En fyrst hæstv. forseti hefir leyft mjer að taka til máls, þá finn jeg ástæðu til að þakka háttv. fjárveitinganefnd fyrir undirtektir hennar í málinu. Það virðist liggja ljósara fyrir henni en háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), hvernig málavöxtum er komið. Þó segi jeg ekki, að það liggi ekki ljóst fyrir þessum háttv. þm. (Sv. Ó.), að hjer stendur alt öðruvísi á en nokkursstaðar þar, sem um rafveitulán hefir verið að ræða áður, og að varla sje hægt að hugsa sjer, að eins verði ástatt annarsstaðar. (**E A:** Heldur þá háttv. þm. Barð. (H. K.), að háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó) hafi talað á móti betri sannfæringu?). — Ja — hvað heldur háttv. 2. þm. Árn. (E. A) um það? — Annars er það undarlegt, að á þgskj 234 leggur sami háttv. þm. (Sv. Ó) til, að landssjóður veiti stærri upphæð en þá, sem hjer er um að ræða, ekki að láni, heldur sem styrk til fyrirtækis handa einu hjeraði, sem önnur hjeruð gætu farið fram á að fá handa sjer seinna. Það sje fjarri mjer að segja, að það sje ekki rjettmæt hugsun hjá háttv. 1. þm. S.-M (Sv. Ó.) að vilja styðja það fyrirtæki. En það er ekki í góðu samræmi við framkomu hans í þessu máli. Það mundi þykja ósamræmi og ekki mikilsverð frammistaða hjá þm. Barð., ef hann færi þannig að ráði sínu. Jeg skil ekki, hvernig getur á því staðið, að þessi maður (Sv. Ó), sem að allra manna dómi er með færustu mönnum til að setja sig inn í málefni, getur verið á móti þessari till.

Háttv. frsm. fjárveitinganefndar (M.

P.) sagði, að nefndin sæi sjer ekki fært að fara eftir till. minni með upphæð lánsins. Við því er ekki mikið að segja. Það getur verið sanngjarnt, að viðkomandi hreppur leggi á sig þungar byrðar, þegar svona stendur á, að velferð hreppsins er í veði. En þeir hafa nú þegar gert töluvert í þá átt, bæði með því að taka þetta stóra lán, og á síðastliðnu ári var allverulega upphæð lögð á gjaldendur hreppsins. Því er nú svo varið með þessa rafveitu, að hún kemur aðallega kauptúninu að notum, en ekki öðrum hlutum hreppsins. Það hefir því verið reynt að gera sem allra minst að því, er fært hefir þótt til þessa, að jafna útgjöldum til rafveitunnar niður á gjaldendur með öðrum sveitargjöldum, kostnaði við rafveituna, því að þá kæmi hann líka niður á þeim, sem fjær búa og ekki hafa nein veruleg not af rafveitunni, en því hefir hlutaðeigandi hreppsnefnd viljað hliðra sjer hjá.

Eftir því, sem jeg veit best, hefir verið lagt á hreppsbúa í þessu skyni á annað þúsund krónur. Það mætti að vísu smámótmælum af þeim hreppsbúum, er utan kaupstaðarins búa, en þó ekki verulegum. Jeg býst og við því að þótt lán þetta fáist, verði óhjákvæmilegt að leggja á komandi hausti allverulega upphæð á hreppsbúa. En eins og háttv. deild hefir verið skýrt frá, er hreppurinn fremur vel efnum búinn, og þótt hann legði eitthvað frekara á sig, myndi það ekki vera honum til mikils baga.

Mjer þykir leitt, að háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) skuli svo gjarnt að benda á, að hreppsbúar hafi haft í huga að seilast eftir fje í landssjóð. Jeg fæ ekki sjeð, að þetta sje á rökum bygt. Eins og háttv. frsm. (M. P.) hefir tekið fram, lá málið svo fyrir, er fyrirtækið var afráðið og alt fram á síðustu tíma, að ekki virtist koma til mála, að leita þyrfti á náðir landssjóðs. Þetta hlýtur háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) að vita af greinargerð till., ef hann beinlínis álítur hana ekki ósanna. Og hafi hann leitað sjer upplýsinga síðan till. þessi var hjer á dagskrá fyrir skömmu um það, hvort margir eða fáir efnamenn væru í hreppnum, þá hygg jeg, að honum hafi verið innan handar að komast að raun um, hvort greinargerðin er sannleikanum samkvæm.

Jeg bjóst ekki við því, að neinar umr. yrðu á þessu stigi málsins, nema frá nefndarinnar hálfu. En ekki tjáir að sakast um það, sem orðið er, og mun það háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) fremur að kenna en þakka.

Sveinn Ólafsson: Jeg vildi að eins gera stutta athugasemd.

Háttv. frsm. (M. P.) lagði áherslu á það, að ekki stæði líkt á með neitt annað sveitarfjelag, og væri þetta fordæmi því eigi hættulegt. En jeg benti áðan á það, að líkt gæti staðið á fyrir fleiri hreppum. Þeir þyrftu ekki annað en að byrja á samskonar fyrirtæki, útvega sjer efni og öll tæki frá útlöndum, standa síðan ráðalausir uppi eins og þvörur og kalla þá á hjálp úr landssjóði.

Það, sem háttv. þm. Barð. (H. K.) gaf í skyn, að jeg hefði talað um hug mjer eða móti betri vitund, þá er því til að svara, að jeg heyrði þau ummæli óljóslega og verð því að leiða hjá mjer að svara þeim.

Aftur á móti heyrði jeg glögglega, að háttv. þm. (H. K.) þótti jeg gera mig sekan í meiri háttar ósamkvæmni, þar sem jeg hefði mælt með því að veita 40,000 kr. styrk til þess að kaupa björgunarbát, en væri þessu mótsnúinn. Þessi samlíking hefir ef til vill haft einhver áhrif á háttv. deild. En jeg vil benda á, að hjer er ólíku saman að jafna.

Styrkurinn til björgunarbátskaupa,

40,000 kr., er lítilsverður hjá þessu. Hann lýtur að björgun manna úr lífsháska og björgun stóreigna eftir vorum mælikvarða, þar sem vjelbátarnir eru. Öðru máli er að gegna um Suðurfjarðahrepp og íbúa hans. Jeg vona, að þeir skrölti og haldi lífinu án rafveitu, og eignatjón getur þar eigi verið um að ræða, þótt henni verði frestað, neitt í líkingu við skipsskaða. En ástæðan er vissulega brýn til þess að reyna að draga úr því feikna manntjóni og skipa, sem undanfarin ár hafa sýnt, að vænta má að verði hjer við suðurströnd landsins og Vestmannaeyjar, ef ekkert er að gert.

Jeg vona því, að öllum sje ljóst, hve ólíkt hjer stendur á.

ATKVGR.

Brtt. 236. (ný tillgr.) samþ. með 14:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 14:1 atkv.

Á 36. fundi í Nd., föstudaginn 31. maí, var till. tekin til síðari umr. (A. 258).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

Á 33. fundi í Ed., laugardaginn 1. júní, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um lán handa Suðurfjarðahreppi,

eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 283).

Á 34. fundi í Ed., mánudaginn 3. júní, var till. tekin til fyrri umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg legg til, að till. þessari sje, að lokinni þessari umr., vísað til fjárveitinganefndar.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 9 shlj. atkv. og til fjárveitinganefndar (sjá A. bls. 534) með 9 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., laugardaginn 15. júní, var till. tekin til síðari umr. (A. 283, n. 357).

Frsm. (Eggert Pálsson): Jeg hygg, þótt nál. sje eins stutt og það frekast getur verið, að þá þurfi þó ekki mörgum orðum að eyða að till. þessari.

Í háttv. Nd. var lögð fram allítarleg greinargerð með till. á þgskj. 180, og vona jeg, að háttv. þingdm. hafi kynt sjer hana.

En af henni er það ljóst, að fyrirtæki þetta, rafmagnsveitan á Bíldudal, er komin í þær kröggur, að ekki er sýnilegt, að fram úr þeim verði ráðið án fjárstyrks frá Alþingi.

Í fyrstu var í Nd. farið fram á 35 þús. kr. lán, og var sú upphæð miðuð við það, sem talið er nauðsynlegt til þess að koma fyrirtækinu í kring. Því að eftir nýrri áætlun kostar það 110 þús. kr., en þar af er þegar búið að taka 75 þús. kr. lán í Landsbankanum, svo að enn vantar þannig 35 þús. til þess, að nægilegt fje sje til, til þess að fullgera verkið.

Eins og nú standa sakir, er fyrirtækið í voða og enginn möguleiki til þess,

að því verði lokið, svo að það gefi af sjer vexti og verði til þrifnaðar og þarfa, nema fje fáist til þess að fullgera það.

Og sje gengið frá þessum 75 þús. kr., sem búið er að eyða til fyrirtækisins, og þær látnar liggja þar óarðberandi, er ekki unt að sjá, að hreppurinn og sýslufjelagið geti nokkru sinni endurgoldið lánið, og verður þá Landsbankinn fyrir stórtjóni.

Og þótt segja megi að það komi ekki landssjóði við, þá er þó náið nef augum, þar sem Landsbankinn á í hlut.

Það virðist því full nauðsyn á að verða við beiðni þessari og lána fjeð.

Upphæðin, sem till. fer fram á, er 25 þús. kr. Hefir háttv. fjárveitinganefnd Nd. komist að þeirri niðurstöðu, að það muni nægja til þess, að fyrirtækið strandi ekki, með því að hreppurinn muni með einhverju móti geta aflað þeirra 10 þús. kr., sem á vantar.

Fjárveitinganefndin hjer hefir ekki fundið ástæðu til þess að breyta þessu og leggur því til, að till. á þgskj. 283 verði samþ. óbreytt.

Hjer er ekki um nema tvent að velja, annaðhvort að synja lánsins og stofna hreppsfjelaginu og enda sýslufjelaginu öllu í voða á aðra hlið og á hina hlið baka Landsbankanum stórtjón, eða verða við beiðninni með því að samþ. till., og vona jeg, að háttv. þingdm. taka síðari kostinn.

ATKVGR.

Till. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem

ályktun Alþingis.

(Sjá A. 370).

---

12. Skáldastyrkur og listamanna.

Á 36. fundi í Nd., föstudaginn 31. maí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um styrkauka til tveggja skálda (A. 273).

Á 37. fundi í Nd., laugardaginn 1. júní, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Bjarni Jónsson): Aðalástæðurnar fyrir till. þessari hefi jeg greint í greinargerðinni. Þar sem þessi till. fer fram á fjárveitingu, verða auðvitað 2 umr. um hana. Finst mjer því vel við eiga að vísa málinu til fjárveitinganefndar til athugunar. Mun jeg ekki skýra nánar frá ástæðunum fyrir till. en jeg hefi þegar gert skriflega, en vildi að eins mælast til þess, að háttv. deild vísi till. til síðari umr. og fjárveitinganefndar.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 13:1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 13:1 atkv. og til fjárveitinganefndar (sjá A. bls. 538) með 13:1 atkv.

Á 49. fundi í Nd., föstudaginn 14. júní, var till. tekin til síðari umr. (A. 273, n. 350).

Matthías Ólafsson: Á síðasta þingi fór stjórnin fram á, að veitt yrði til skálda og listamanna 12,000 krónur fyrra árið, en 14,000 seinna árið. Í athugasemdunum við frv. stjórnarinnar var tekið fram, að Einar Hjörleifsson Kvaran hefði farið fram á, að styrkur hans væri hækkaður upp í 2400 kr., og því hefði stjórnin sett þetta í fjárlagafrv. sitt, með því að hún varð við ósk hans. En nú gat háttv. fjárveit-

inganefnd ekki verið á sama máli, því að hún leit svo á, að þeir menn, sem áður hefðu verið jafnir, ættu að halda áfram að vera það, og tók hún það margsinnis fram, að svo ætti að vera um þá Guðmunda og Einar Kvaran. En nú hefir það farið svo, að nefndin, sem úthlutaði styrknum, hefir annaðtveggja ekki veitt eftirtekt þessum ummælum fjárveitinganefndar, eða ekki viljað taka tillit til þeirra, en afleiðingin af því hefir orðið sú, að báðir Guðmundarnir hafa orðið fyrir talsverðu tapi, því að þeir hafa auðvitað búist við að fá jafnt við Einar Kvaran.

En hins vegar er það, eins og tekið er fram í nál núna, að það er enginn annar en þingið, sem að einhverju leyti getur bætt úr þessu. Till., sem nú er komin fram, er um það, að þeim verði veitt eins mikið og Einar Kvaran hafði, eða með öðrum orðum, að veittar verði 1200 kr. til hvors þeirra. Á þetta getur nefndin ekki fallist, vegna þess, að ef farið hefði verið eftir ósk fjárveitinganefndar í fyrra, þá hefðu þeir alls ekki fengið þessa upphæð, heldur miklu minna. En það, sem nefndin leggur til að nú verði gert, er að þeim verði veitt, hvorum um sig, 400 krónur, sem er næst þeirri upphæð, sem þeir hefðu fengið, ef skift hefði verið jafnt á þá.

Jeg sje svo ekki ástæðu til þess að tala meira um aðferð nefndarinnar, sem skift hefir fjárstyrk þessum, en vildi óska, að háttv. þingdm. sæi, að þinginu er mikil sæmd í að gera þessar bætur, að bæta þessum mönnum upp það misrjetti, sem þeir hafa orðið fyrir, en hins vegar verður varla hjá því komist að álasa nefndinni fyrir það að minsta kosti, að veita ekki eftirtekt þeim umr., sem fram hafa farið um þetta. Maður gæti heimtað, að nefnd, sem falið hefir verið svo veglegt starf, kynni sjer alt, sem að þessu lýtur, því að leitt væri, ef þetta leiddi til þess, að taka þyrfti upp aftur þá reglu, sem áður hefir verið fylgt, að láta þingið fara að skipa fyrir um þetta, því að það verður varla í móti því mælt, að mentamenn hafi betur vit á þessum hlutum en við hjer á þingi.

Jeg ætla svo ekki að segja meira um þetta, en vænti þess, að háttv. þm. verði við þessari mjög svo hógværu kröfu til fjárveitingavaldsins og greiði götu þessarar till.

Gísli Sveinsson: Jeg mundi í sjálfu sjer ekki hafa neitt á móti því, þó að þessum mönnum, sem hjer um ræðir, eða öðrum, væri veitt einhver uppbót á því kaupi, sem þeir hefðu átt tilkall til, eða átt að fá fyrir verk sín, jafnvel þótt um slíkan styrk væri að ræða sem skálda- og listamannastyrk, sem ekki er nú alment skoðaður sem kaup fyrir ákveðin verk, heldur jafnvel sem þóknun fyrir að vera til og starfa að þessum verkum. Nú, þrátt fyrir það, þótt jeg sje svona innrættur, sem menn munu kannast við, þykir mjer dálítið viðurhlutamikið að fara inn á þessa braut, sem hjer er ráðið til, en það er þó ekki kostnaðins vegna aðallega. Það er alkunnugt, að Alþingi hefir, eftir mikla rekistefnu, þar sem það áður útbýtti úr sínum hnefa því fje, sem átti að ganga til þeirra manna, sem voru styrkþegar hins opinbera, eftir mikla rekistefnu, segi jeg, breytt til, og það varð úr, að þingið fal sjerstakri nefnd manna að ákveða, hve mikinn styrk hver einstakur maður skyldi hljóta af þeirri fúlgu, sem þingið vildi ánafna til skáldskapar og lista.

Ef nokkur meining hefði átt að vera í þessu, þá ætti sú nefnd að hafa fult einræði um það mál. Það getur vel verið, að sumir háttv. þm. hafi verið

mótfallnir þessu og heldur viljað hafa þetta í höndum þingsins, og má segja ýmislegt bæði með og móti því, en um það verður ekki deilt, að þingið hefir falið þessari nefnd starfið, og að stjórnin virðir þessa starfsemi nefndarinnar og úthlutar styrknum nákvæmlega eftir till. hennar. Það getur ekki heldur leikið neinn vafi á því, að svo framarlega sem ekki á að dæma þessa nefnd marklausa, verður hún að ráða, hverjir eiga að hafa styrkinn og hve mikið hver hlýtur; þessi nefnd er skipuð með tilliti til þess, að hún hafi fult vit á því, og það er líka eðlilegt, því að þingið, eins og það er skipað, getur ekki nema að örlitlu leyti dæmt um þetta í raun og veru, ekki nema örfáir þm., sem geta með nokkurri mynd dæmt um, hvað sje verðlaunavert. Það liggur í hlutarins eðli, að hjer eru ekki saman komnir bókmentamenn og listamenn. Jeg verð því að vera á móti því, að þingið fari að setja nefndinni skorður um, hvernig með skuli fara; hún verður að ráða því ein, og jeg er í öðru lagi á móti því, að gera eigi þá ályktun hjer á þinginu, að menn, sem verið hafa jafnir að styrk, þurfi að halda áfram að vera það, en með þessu segi jeg ekkert um það og legg engan dóm á það, hvernig fara eigi með þessa menn, sem till. ræðir um; jeg vil að eins benda á, að slíkt, sem hjer hefir orðið, getur vel komið fyrir. Hugsum oss t. d. 2—3 unga menn, sem ekki hafa fengið neitt orð á sig, en hafa fengið svo sem 300 króna styrk hver, en svo kemur það fyrir, að einn eða tveir af þessum mönnum fara að skara fram úr, en hinir dragast aftur úr; þá er ekki hægt að halda þeim besta í 300 krónum eða láta ónytjungana halda styrk, með öðrum orðum ekki hægt að halda þeim jöfnum, og er þá nokkur meining í að þingið fari að skipa fyrir um, að þeir skuli vera jafnir? Og það er einmitt með tilliti til þess, að svona valinni nefnd var falið að hafa málið með höndum, því að hún gæti allra best fylgst með því, hvernig gera ætti upp á milli manna.

Ef háttv. þm. þykir það of lítið fje, sem veitt hefir verið til þessara mála yfirleitt, þá liggur beint við að hækka það og láta nefndina að sjálfsögðu ráða, hvernig skift skuli. En að fara að taka einstaka menn út úr, það er algerlega órjett, og verð jeg af þeim sökum að vera á móti þessari till.

Einar Jónsson: Jeg kvaddi mjer hljóðs, eins og háttv. þm. tóku eftir, er háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) byrjaði mál sitt, og hefir hann sagt flest það, sem jeg vildi sagt hafa.

Jeg álít, að háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) hafi farið með rjett mál í ræðu sinni. Þótt menn þeir, er hjer um ræðir, sjeu alls góðs maklegir, álít jeg naumast rjett, að þingið ákveði sjerstaka styrkhækkun þeim til handa. Þingið hefir áður ákveðið nefnd manna til þess að úthluta skáldastyrknum, og vil jeg enga breytingu gera á þeirri ráðstöfun. Jeg efast ekki um, að þessir tveir menn sjeu verðir einhvers af þessari styrkhækkun. En jeg vil, að nefndin ákveði þá hækkun, en eigi þingið. Annars má geta þess hjer, þótt það komi ekki beinlínis þessu máli við, að eftir að þingið hafði ákveðið sjerstaka nefnd manna til þess að útbýta styrknum, var sú meginregla brotin, er það veitti Bjarna Jónssyni sjerstaka fjárhæð til þess að þýða Goethes Faust. En jeg get ekki verið því samþykkur, að þingið taki nú upp þá regla að veita mönnum þessum aukið fje umfram fúlguna, sem ákveðin er í fjárlögunum. Þingið má ekki gera

sig bert að slíkum hringlandaskap. Og auk þess ber þess að gæta, að menn-irnir eru eigi svo dýrtíðinni háðir, sem aðrir starfsmenn landsins. Þeir þurfa ekki að vera svo bundnir list sinni, að þeir geti ekki haft önnur störf einnig með höndum. Aðstaða þeirra er því harla ólík aðstöðu annara starfsmanna landsins, sem eru bundnir við starfa sinn og geta ekki annað unnið. En menn þeir, er hjer um ræðir, hafa aldrei ætlað sjer að lifa á styrk þessum einvörðungu, og Alþingi skiftir því engu, þótt þeim hrökkvi ekki styrkurinn til lífsviðurhalds að öllu leyti. Þingið ber engin skylda til að veita þeim alt til klæða og skæða.

Um mennina skal jeg ekki dæma. Þeir eru sennilega báðir góðir á sínu sviði. Reyndar mun þeim hafa mishepnast nokkuð sem fleirum. En hversu gott sem má um mennina segja, get jeg ekki gengið þá leið, sem hjer er farið fram á.

Bjarni Jónsson: Mjer væri, ef til vildi, leyfilegt að gera þá athugasemd, að jeg tel það engan hringlandahátt af Alþingi nje brot á neinni meginreglu, þótt það yki listamannastyrkinn, því að öll þessi ár, síðan styrkurinn var ákveðinn, hafa peningar stöðugt fallið í verði svo að lífsnauðsynjar allar eru nú orðið svo dýrar, að menn þessir hafa miklu lægri styrk en áður. Það er þess vegna enginn hringlandaháttur, þótt þingið veitti þeim einhverja dýrtíðaruppbót, sem öðrum starfsmönnum landsins.

Það var rjett, sem háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) sagði um starfssvið nefndarinnar. En hann gleymdi að geta þess, að það fylgdi þessari ráðstöfun, að þeir, sem voru orðnir svo gamlir í fjárlögunum, að styrk til þeirra mætti telja rjettláta eftirvæntingu, voru undanskildir dómi nefndarinnar. Nefndinni hefir þannig aldrei dottið í hug að strika út neinn þeirra, sem áður nutu styrks. Má þar til nefna gamalt sálmaskáld, sem eigi er illa statt fjárhagslega, og hefir nefndin eigi gert ráð fyrir, að hann yrði sviftur styrkinum. En nefndin átti að ákveða, hverjum nýjum skyldi við bætt, hversu mikils styrks þeir væru maklegir og hve lengi þeir skyldu njóta hans. En þeir voru undanskildir þessari reglu, sem notið höfðu styrks svo lengi, að hann mætti telja rjettmæta atvinnuvon.

En svo kom nýtt atriði til sögunnar. Stjórnin lagði til, að hækkaður skyldi styrkur eins þessara gömlu manna um helming, úr 1200 kr. upp í 2400 kr. Þetta leist fjárveitinganefndinni rangt. Hún kvað stjórninni eigi heimilt að skifta þessu fje, og gerði þá athugasemd, að hún gæti eigi samþykt, að þeir yrðu gerðir ójafnir, sem áður hefðu verið jafnir, heldur ættu þeir allir að hækka jafnt. Þess vegna hefi jeg miðað mína till. við þennan vilja nefndarinnar í fyrra, að menn þessir yrðu nú allir gerðir jafnir. Guðmundur Guðmundsson hefir lægra styrk en hinir, en á að hækka hlutfallslega við þá. Þessi hækkun á ekki að koma í bág við reglu þá, sem háttv. þm. V.-Sk. (G.Sv.) lýsti rjettilega. En þessir menn verða að eins undanskildir reglunni meðan þeir lifa. Annars skal jeg geta þess, að þótt jeg væri með nefndarvalningunni, tel jeg enga vissu fengna fyrir því, að hún sje vel kjörin. Það er engin trygging fyrir, að dómar hennar um gildi listaverka sje rjettlátir. Jeg álít, að nefndin eigi að vera skipuð mönnum, sem valdir eru þannig, að myndlistamenn velja einn, annar er valinn af skáldum og þriðji af háskólanum eða vísindamönnum, til þess að hún hefði tillögurjett um listir og vísindi, og ætti að víkka valdsvið hennar. En jeg fæ ekki sjeð, að nefndin sje nú hafin yfir að-

finslur. Reyndar má virða henni þetta til vorkunnar, því að prentun þingtíðindanna gekk seint, svo að umræðurnar voru ekki prentaðar þegar styrkveitingarnar fóru fram. Að vísu hafði þó einn umsækjanda safnað saman ýmsu, er sagt hafði verið í umr. En hann hafði eigi tekið alt, t. d. ummæli fjárveitinganefndar. Þetta er sá umsækjandinn, er hæstan styrkinn fjekk. Jeg þykist vita, að þetta hefði orðið á annan veg hefði nefndin lesið umræðurnar, en það var yfirsjón nefndarinnar að lesa ekki handritið hjá skrifstofustjóra, er hún gat fengið aðgöngu að og farið eftir.

Nú þætti mjer rjettast, að mín till. yrði samþykt, að þessir menn fengju jafnan styrk þeim, sem hæstur er, úr því að hann ber ekki ægishjálm yfir hina. En lægsta uppbótin, sem jeg vænti að háttv. deild geti komið sjer saman um, er sú, sem fjárveitinganefndin hefir stungið upp á, sem sje $^1/_3$ á móti hækkun hins hæsta. Jeg get ekki sjeð, að neitt ætti að verða þessu til fyrirstöðu, með því að jeg hefi rakið afstöðu þessara manna til hinna eldri styrkþega, og á hinn bóginn starfsvið nefndarinnar.

Forsætisráðherra (J. M.): Það er að eins örstutt athugasemd, í sambandi við þau ummæli háttv. þm. Dala. (B. J.), að stjórnin hafi eigi tillögurjett um það, hvernig styrknum skuli útbýtt. Þessu mótmæli jeg gersamlega að stjórnin, sem útbýtir styrknum, hafi eigi rjett til þess að skera úr, hversu mikið þarf til þess að fullnægja þeim þörfum, sem til grundvallar liggja. Stjórnin hefir vitanlega jafnmikinn rjett til þess sem fjárveitinganefndin. Hitt er annað mál, að stjórnin ræður þessu eigi til fullnustu. En það væri hart, ef hún mætti ekki láta í ljós sitt álit.

Um hitt, sem háttv. þm. (B J.) sagði, að engin trygging væri fyrir, að nefndin kæmist að rjettri niðurstöðu, er það að segja, að hingað og þangað í löndum eru slíkar nefndir skipaðar, og þykir mörgum, sjerstaklega listamönnum, sem þær sjeu sjaldan rjettlátar í dómum sínum. Mun vera örðugt að gera svo að öllum líki, jafnvel þó að nefndin væri skipuð með þeim hætti, sem háttv. þm. Dala. (B J.) vill.

Annars virðast mjer umr. þessar fara óþarflega langt. Spurningin er að eins um þetta, hvort háttv. deild vill bæta þeim mönnum upp peningaverðfallið, er hjer um ræðir. Þegar breytt var um fyrirkomulagið á fjárveitingum þessum, var auðvitað gert ráð fyrir því, að deilur út af þessum málum yrðu ekki dregnar inn í þingið, og það hefir ekki verið haldið hingað til.

Sigurður Stefánsson: Jeg hefi skrifað undir nefndarálitið með fyrirvara. Jeg tek undir með þeim háttv. þm., er halda því fram, að það sje neyðarúrræði fyrir þingið að fara að blanda sjer inn í mál þetta, eftir þær ráðstafanir, sem það hefir áður gert. Og þetta var álit mitt í nefndinni. En þegar jeg hafði kynst öllum málavöxtum og gerðum fjárveitinganefndar í fyrra í málinu — jeg var þá ekki kominn til þings — verð jeg að viðurkenna, að úthlutunarnefndinni hefir mistekist í meira lagi, og þess vegna virtist mjer, að eigi gæti álitist rangt af þinginu að gera athugasemd við gerðir hennar. Það er leiðinlegt að verða að ræða um mál þetta á þingi. Þess vegna hefi jeg altaf viljað, að sú aðferð væri upp tekin, sem nú er á komin, að fela stjórninni úthlutun þessa listamannastyrks. En þó að þingið hafi lagt inn á þessa braut, virðist mjer, að þær misfellur geti á orðið störfum úthlutunarnefndarinnar, sem þingið

geti eigi gengið fram hjá. Og jeg álít, að slíkar misfellur eigi sjer hjer stað.

Mjer þykir munurinn á styrknum til Einars Kvaran og Jóns Trausta hjá úthlutunarnefndinni alt of mikill, þar sem hún lætur Einar hafa 2400 kr. en Jón Trausta helmingi minna. Að vöxtum til eru verk Jóns Trausta miklu meiri. Um kostina er jeg ekki jafnfær að dæma. En jeg hygg, að jeg geti óhræddur skotið því til alþjóðar, að rit Jóns Trausta eru engu minna lesin og hafa eigi náð minni hylli meðal alþýðu en rit Einars Kvarans. Jeg get því ekki varist að láta þá skoðun í ljós, að mjer virðist, að þeir geti að mörgu leyti staðið fullkomlega jafnfætis, að jeg ekki segi meira.

Þegar nú það varð ofan á í fjárveitinganefndinni, að hún blandaði sjer inn í málið, vildi jeg, að viðbótin við Guðmund Magnússon hefði verið ákveðin hærri en til Guðm. Guðmundssonar, því að með allri virðingu fyrir ljóðskáldinu, tel jeg sagnaskáldið eiga meiri viðurkenningu skilið af hálfu þjóðarinnar. Jeg ætlaði því að bera fram brtt. í þessa átt, en fjell síðan frá því, til þess að gera eigi harka út af þessu. Jeg mun þess vegna greiða atkvæði mitt með till. nefndarinnar, jafnvel þótt jeg sje eigi alls kostar ánægður með, að eigi sje gerður meiri munur á þessum skáldum. En þótt jeg neyðist til þess að greiða atkvæði með till. nefndarinnar, þykir mjer leitt, að mál þetta komi til þingsins kasta, eftir þær ráðstafanir, er það hefir gert.

Þá þykist jeg hafa gert grein fyrir fyrirvara mínum, og hefi jeg eigi fleiru við að bæta.

Matthías Ólafsson: Háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) sagði, að fjárveitinganefndin hefði eigi rjett til þess að víta gerðir þessarar nefndar nje láta í ljós skoðanir á starfi hennar, úr því að henni væri falið málið til meðferðar. En tildrögin til þess, að nefndin lagði til, að styrkur þessa skálds yrði hækkaður, voru þau, að stjórnin hafði komið fram með breytingu í þá átt, að styrkurinn skyldi hækkaður um helming. Annars hefði nefndin látið málið afskiftalaust. En þegar nefndin sá, hversu mönnum þessum var gert mishátt undir höfði, tók hún það fram, að þeir yrðu aðnjótandi jafnmikils styrks framvegis Og jeg tel það ámælisvert, að ritlaunanefndin skuli ekki hafa kynt sjer málið frá báðum hliðum. En það er auðvitað vitanlegt, að stjórnin hafði leyfi til þess að koma fram með till. um styrkveitingu þessa, engu síður en fjárveitinganefndin.

Um ágreininginn milli meiri hl. fjárveitinganefndar og háttv. flm. þingsál (B. J) er það að segja, að nefndinni þótti gengið helst til langt, að hækka styrk þessara skálda nú um helming. Henni virtist hæfilegt, að styrkurinn hækkaði um 400 kr. hjá hvorum. Vitanlega getur fjárveitinganefndin á engan hátt breytt því, sem ritlaunanefndin hefir gert, á sama hátt og þingið getur eigi breytt gerðum stjórnarinnar. En hitt er jafnvíst, að þingið getur breytt um stjórn, ef hún fer eigi að vilja þingsins, og eins hefir þingið leyfi til þess að gera till. um nýja ritlaunanefnd, ef þessi fer ekki að vilja þess.

Bjarni Jónsson: Jeg hafði ekki sagt, að stjórnina brysti lagaleyfi til þess að gera till, en það hefir verið samkomulag hjer á þingi að nefna ekki nöfn, heldur láta nefndina um það að vega menn, og láta hana og þm. tala um það heima hjá sjer, en setja nöfnin ekki í fjárlögin. Stjórnin hefir laga-

rjettinn til þess að nefna nöfn, en það er illa til fundið og ekki samkvæmt því, sem áður hefir verið venja

Mjer skildist, að háttv. sessunautur minn (S. St.) vildi gera meira úr söguskáldinu heldur en ljóðskáldinu, en það hefði hann síst átt að gera, því að jeg hefi sannspurt, að hann hafi eitt sinn borið sigur úr býtum í kosningahríð á Ísafirði af því, að hann, er mest reið á, las upp kröftugt kvæði eftir þetta ljóðskáld.

Gísli Sveinsson: Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) taldi sig hafa sagt, að fjárveitinganefnd hefði rjett til að gera athugasemd við það, sem ritlaunanefndin hefði ákveðið. Við því er ekkert að segja, en jeg held, að hvorki stjórnin eða fjárveitinganefndin geti gefið ritlaunanefndinni nokkra skipun um það, hvernig hún skuli haga starfi sínu. Jeg álít, að hún fari og eigi að fara eftir alt öðru en slíkri »skikkan« frá þinginu, og hvernig því ef til vill þóknast að taka einn fram yfir annan. Hins vegar vil jeg benda á, að háttv. fjárveitinganefnd hefir alls ekki í greinargerð sinni við till. haldið þeirri braut, að þessir menn, er um ræðir, ættu að vera jafnir. Hefir nefndin þar einmitt horfið frá þeirri leið, er hún var inni á í fyrra, og það tel jeg vel farið, því að þótt hún hefði í alvöru viljað þar einhverju um ráða, þá gat ekki verið að tefla um annað en tilmæli, sem ritlaunanefndinni hefði eftir eðli málsins verið í sjálfsvald sett, hvort hún vildi sinna eða ekki.

Matthías Ólafsson: Að eins örstutt athugasemd út af orðum háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) um rjett eða rjettleysi fjárveitinganefndar til að ákveða mönnum skáldastyrk, og þó einkanlega um það, er hann sagði síðast um það, sem nefndin nú vildi gera. Það er rjett, að fjárveitinganefnd vill ekki fara fram á, að þessi tvö skáld verði gerð jafnhá því skáldi, er hæst hlaut launin í fyrra, en nefndin vill aftur á móti fara fram á, að þeir sjeu látnir sæta þeirri meðferð, sem fjárveitinganefndin vildi í fyrra. Þetta er því annaðhvort misskilningur eða útúrsnúningur hjá háttv. þm. (G. Sv.).

ATKVGR.

Brtt. 350. samþ. með 12:6 atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 14:5 atkv. og afgr. til Ed.

Á 45. fundi í Ed., laugardaginn 15. júní, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um styrkauka til tveggja skálda,

eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 363).

Á 46. fundi í Ed., þriðjudaginn 18. júní, var till. tekin til fyrri umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 7 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 7 shlj. atkv. og til fjárveitinganefndar (sjá A. bls. 534) með 8 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., þriðjudaginn 2. júlí, var till. tekin til síðari umr. (A. 363, n. 429).

Frsm. (Eggert Pálsson): Þótt nál. sje ekki langt, hygg jeg, að af því muni ljóst, hvað fyrir nefndinni vakir.

Hún vill ekki kljúfa skálda- og listamannastyrkinn þannig, að hann verði

að nokkru leyti veittur á nafn, en að nokkru leyti ekki.

Henni þótti því betur viðunandi að hækka styrkinn í heild, og er þá hægt fyrir nefndina að láta þessi tvö skáld njóta þeirrar hækkunar. En eins og sjest á nál., er nefndin því ekki mótfallin, að styrkur þessara tveggja manna hækki um 400 kr. til hvors, og vonar hún, að úthlutunarnefndin taki tillit til vilja hennar og þingsins í því efni, ef till. þessi verður samþykt.

Jeg hygg svo, að öllum sje ljóst, hvað fyrir nefndinni vakir, og vona jeg, að till. þessi, ásamt brtt. nefndarinnar, fái góðan byr í þessari háttv. deild.

ATKVGR.

Brtt. 429,1. samþ. með 8 shlj. atkv.

— 429,2. — án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 10:1 atkv. og afgr. til Sþ., með fyrirsögninni:

Tillaga til þingsályktunar um hækkun á styrk til skálda og listamanna.

Á 62. fundi í Nd., miðvikudaginn 3. júlí, og á 56. fundi í Ed., sama dag, var útbýtt frá Sþ.

Tillögu til þingsályktunar um hækkun á styrk til skálda og listamanna,

eins og hún var samþ. við síðari umr. í Ed. (A. 440).

Á 6. fundi í Sþ., laugardaginn 6. júlí, var till. tekin til u m r.

Bjarni Jónsson: Nd. og fjárveitinganefnd hennar, að einum manni undanteknum, vildi beinlínis ákveða hvorum þessara manna 400 kr. Og þótt vjer látum nú afskiftalaust, hvernig breytt hefir verið þessari till. í háttv. Ed., þá er það einungis að því tilskildu, að fjenu sje svo varið, sem samþykt var hjer í Nd., að þessir tveir menn fái það, sem áskilið var, sinn helminginn hvor.

ATKVGR.

Till. samþ. með 23:3 atkv. og afgr. sem

á l y k t u n A l þ i n g i s.

(Sjá A. 465).

---

13. Rannsókn símleiða.

Á 37. fundi í Nd., laugardaginn 1. júní, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um rannsókn símleiða (A. 280).

Á 38. fundi í Nd., mánudaginn 3. júní, var till. tekin til meðferðar, h v e r n i g r æ ð a s k u l i.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 39. fundi í Nd., þriðjudaginn 4. júní, var till. tekin til e i n n a r u m r. (A. 280).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Nd, miðvikudaginn 5. júní, var till. aftur tekin til e i n n a r u m r.

Flm. (Hákon Kristófersson): Eins og kunnugt er, hefir í mörg ár staðið til, að færi fram rannsókn á símleiðum í Austur-Barðastrandarsýslu og í suðurhluta Vestur-Barðastrandarsýslu. Þessi rannsókn hefir farist fyrir þangað til í fyrra. Þá framkvæmdi símastjórinn hana að nokkru leyti á för sinni um suðurhluta vestursýslunnar og vesturhluta austursýslunnar. Meðal þeirra hreppa, sem út undan urðu við þessa rannsókn, er Rauðasandshreppur. Jeg átti tal við símastjórann áður en hann

fór í þessa ferð í fyrra, og benti jeg honum á, að sjálfsagt væri að rannsaka það, hvort hinn fyrirhugaði sími ætti ekki að liggja út Barðaströndina og yfir Sandsheiði á Rauðasand og þaðan til Patreksfjarðar. Þessu lofaði símastjóri, en af einhverjum ástæðum hefir það farist fyrir, að hann færi þangað. Eins og gefur að skilja, eru Rauðsendingar óánægðir með að svona fór. Í vetur var samþykt á fjölmennum fundi í hreppnum að skora á sýslunefnd að senda áskorun til stjórnarinnar um að skifta sjer eitthvað af þessu máli. Á sýslufundi var svo samþykt áskorun til stjórnarinnar um að ýta undir framkvæmd þessarar rannsóknar. Hygg jeg, að þessi áskorun sje komin til stjórnarráðsins. Auk þessa hafa nú vel flestir hreppsbúar í Rauðasandshreppi sent áskorun til þingsins um sama efni, að það hlutist til um, að rannsóknin fari fram. Eftir að þessi áskorun kom var símastjórinn ekki hjer í Reykjavík um lengri tíma. Hann var, að jeg hygg, að rannsaka bilun á símanum til Vestmannaeyja. Jeg gat því ekki átt tal við hann fyr en nú fyrir skömmu. Beindi jeg því þá til hans, hvort hann gæti ekki látið rannsaka þetta í sumar. Hann sagðist eiga ferð fyrir höndum vestur á Ísafjörð, að mig minnir, og mundi þá liggja vel við að rannsaka þetta um leið. Í rannsóknina þurfa ekki að fara nema 2 dagar — það er að segja frá Patreksfirði. — Að vísu hefi jeg ekki vel vit á, hve langan tíma þarf til slíkra rannsókna, en eftir því, sem jeg þekki til staðhátta þarna í hreppnum, þá býst jeg við, að vel sje hægt að fara um svæðið á tveimur til þremur dögum.

Mjer mun óhætt að fullyrða, að í fáum hreppum á landinu standi eins sjerstaklega á og hjer. Eins og kunnugt er, liggur hreppurinn í Patreksfjarðarlæknishjeraði. Milli læknisins og því sem næst allra hreppsbúa liggur Patreksfjörður, og um endilangan hreppinn liggur erfiður fjallgarður, svo að mikill þorri hreppsbúanna eiga yfir fjall og fjörð að sækja til læknis, eða þeir verða að fara inn fyrir Patreksfjörð, sem er alllangur vegur. Á þessu svæði eru engir mótorar, en þar á móti einatt á Patreksfirði. Þurfi því menn utan úr Víkum að fá lækni á Patreksfirði, þyrfti ekki annað, ef sími væri, en gera honum aðvart, og mundi hann þá í flestum tilfellum vera kominn til sjúklingsins, ef hægt væri að koma mótor við, áður en sendimaður, er á landi færi, væri kominn áleiðis til heimilis læknisins. En ef sími lægi frá Vatneyri eða Geirseyri um Víkurnar og Rauðasandinn, þá væri hægt að síma til læknisins, þegar hans væri þörf, og hann gæti farið af stað án þess að senda þyrfti eftir honum þennan langa veg.

Svo er mönnum einnig kunnugt, að kolanáma er í Stálfjalli. Skal jeg engu um það spá, hve lengi hún kann að endast, en allar líkur eru til, að hún verði starfrækt fyrst um sinn. Geta menn þá ímyndað sjer, hvort ekki væri gott, að sími lægi þangað, eða eitthvað í námunda við námuna. Í hreppnum er líka kaupfjelag, sem hefir mjög mikið viðskiftamagn, um 120 þús. kr. síðastliðið ár, og þeir vita það best, sem með viðskifti fara, hve mikilvægt það er að vera útilokaður frá símasambandi við umheiminn. Einnig er í hreppnum sveitaverslun, en um hana gildir það sama og um kaupfjelagið. Á þessu svæði eru skipströnd mjög tíð. Á síðustu árum hafa strandað þar 4 botnvörpungar. Er það óneitanlega mikilsvirði fyrir skipbrotsmenn að geta fljótt komið fregnum um ófarirnar til vina

og vandamanna. Gæti líka oft leitt til þess, að hægt væri að bjarga skipum, er annars færu í strand, og væri hægt að benda á dæmi, er fyrir hafa komið nú á seinni árum, er sanna þetta.

Viti er á Bjargtöngum. Segjum nú, að sloknaði á vitanum og ekki væri hægt við að gera. Hvers virði væri það þá ekki fyrir sjófarendur að fá að vita þetta strax. Setjum svo, að skip sje að leggja af stað hjeðan að sunnan á vetrardegi. Væri þá ekki mikils virði fyrir skipverja, að fá að vita áður en skipið færi af stað, að vitinn á Bjargtöngum hefði sloknað. Einnig má benda á það viðvíkjandi sjóferðum, að mjög gott væri fyrir báta og skip, sem leið eiga yfir Látraröst, að fá að vita, hvernig þessi alkunni farartálmi er yfirferðar. Það hefir oft komið fyrir, að minni vitund, að mótorbátar, sem leið hafa átt fyrir Bjargtanga, hafa ekki komist lengra en að röstinni og orðið að snúa þar aftur.

Þarna í Víkunum, Kollsvík, Breiðavík og á Látrum, eru veiðistöðvar með þeim bestu á landinu. Þar er mest aflað af þeirri vörutegund, sem nú er mikið eftir spurt víða um land, sem sje steinbít. Það liggur í augum uppi, að miklu hægra er að komast í samband við þessar veiðistöðvar, ef símasamband er þangað, heldur en ef það er ekki. — Án þess að jeg álíti, að það komi málinu beinlínis við, skal jeg geta þess, að menn í þessum veiðistöðvum seldu nýlega fisk sinn frá í fyrra fyrir 48—50 aura kg. Ef sími hefði legið þangað út eftir, hefði verið hægt að spyrjast fyrir um það, hvort þetta verð væri í nokkru hlutfalli við verð annarsstaðar. Nú geta menn ef til vill sagt, að það hafi verið athugaleysi af mönnunum að senda ekki inn til Patreksfjarðar til að grenslast eftir þessu. En það er ekki hlaupið að því að komast þangað, ef fara þarf landleiðina. En sjóleiðina er ekki hægt að fara nema í kjörviðri á vetrardegi.

Þessi hreppur hefir allra mest af bjargræðisvegum allra hreppa í sýslunni, og eftir því, sem jeg hefi kynt mjer víðs vegar um landið, veit jeg ekki, að margir hreppar standi honum framar í því efni. Og óhætt mun að fullyrða það, að efnalegt sjálfstæði hefir vaxið í þessum hreppi á síðastliðnum 30 árum, frekar en í flestum öðrum. Þarna er fuglabjarg og fuglatekja mikil. Má það einstakt heita, að á þessum vandræðatímum dettur engum í hug að halda fólki að því að stunda þá atvinnu, til að halda lífinu í sjer og sínum. Hjer er ekki verið að fara fram á, að síminn verði lagður nú þegar, heldur að eins að rannsaka símleiðina. Jeg vona því, að háttv. deild samþ. till. á þgskj. 280, og stuðli með því að því, að málið fái fram að ganga. Þess ber að gæta, að þessi rannsókn hefir engan verulegan kostnað í för með sjer.

Hjer í deildinni eru menn, sem eru svo kunnugir í þessu bygðarlagi, að þeir geta borið um það, að jeg hefi farið hjer með rjett mál. Nefni jeg til þess fyrst og fremst sessunaut minn, háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.). Sökum kunnugleika síns getur hann borið um það, að í þessum hreppi eru lífsskilyrðin einhver hin bestu hjer á landi. Ef menn geta orðið sammála um það, þá munu þeir einnig geta verið með því, að þessi rannsókn fái fram að ganga, og að síminn verði lagður um þennan hrepp samtímis og í austursýslunni, sem ráðgert er að verði þegar eftir stríðið, þegar hægt verður að afla nauðsynlegs efnis og áhalda til þess. Að svo mæltu ætla jeg ekki að fara fleiri orðum um málið, nema tilefni verði gefið til andsvara.

Jeg heyri ekki, hvað háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) er að tauta, en mjer heyr-

ist þó, að það muni vera svo vingjarnlegt, að jeg megi vera honum þakklátur fyrir.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. afgr. sem

ályktun neðri deildar Alþingis.
(Sjá A. 310).

14. Uppgjöf á Fiskifjelagsláni.

Á 40. fundi í Nd., miðvikudaginn 5. júní, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um uppgjöf á eftirstöðvum af láni úr landssjóði til Fiskifjelags Íslands til steinolíukaupa (A. 306).

Á 41. fundi í Nd., föstudaginn 7. júní, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Matthías Olafsson): Þetta mál er þannig vaxið, að haustið 1915 var Fiskifjelagi Íslands boðið kaup á hálfum steinolíufarmi til móts við Jónatan kaupmann Þorsteinsson hjer í bæ. Festi fjelagið þegar kaup á hálfum farminum, og voru það um 3500 tunnur.

Fjelagið hafði vitanlega lítið fje til umráða, og leitaði það því á náðir landsstjórnarinnar. Veitti stjórnin fjelaginu lán úr landssjóði til kaupanna, að upphæð 20,125 dollara, og reiknaði hvern dollara á 4,07 kr., og nam lánið því í krónum 81,908,75.

Þegar steinolían kom, var henni skipað á land til geymslu í Örfirisey. Fyrst í stað gekk nokkuð tregt að selja olíuna, sumpart vegna þess, að hún kom á óhentugum tíma, og einnig af þeirri ástæðu, að erfitt var að fá hana flutta út um land. Steinolíufjelagið hafði sem sje trygt sjer allmikið rúm í skipum Sameinaða fjelagsins og ljet það rúm heldur autt heldur en gefa Fiskifjelaginu kost á því. Olían lá því lengi hjer í geymslu.

Um nýár gengu þau lög í gildi, að ekki mætti selja olíu nema eftir þyngd. Hafði olían þá rýrnað svo mjög, að ekki var heimilt að selja tunnurnar í því ástandi, sem þær voru í, og var því tekið að fylla þær, svo að þær næðu löglegri þyngd. Nam rýrnunin 282 tunnum, og varð tap fjelagsins á þessu, með 34 kr. verði á tunnunni, alls 9558 kr.

Fjelagið hafði ekki gert ráð fyrir svo mikilli rýrnun, og þegar reikningar voru gerðir upp, kom það í ljós, að kr. 2,988,60 halli hafði orðið á steinolíuversluninni. Gat fjelagið ekki staðið landssjóði skil á þessari upphæð, þar sem það hafði skaðast um þetta á sölunni.

Þegar tekið er tillit til þess, að fjelagið gat haldið steinolíuverðinu niðri með þessari verslun sinni, virðist ekki nema sanngjarnt, að landssjóður gefi þessa skuld upp. Því að undir eins og steinolían var uppseld, hækkaði Steinolíufjelagið verðið um 15 kr. á tunnunni, og hefði hækkað það fyr, ef Fiskifjelagið hefði ekki átt neinar birgðir. Áður hafði þetta sama fjelag farið fram á, að Fiskifjelagið seldi því steinolíubirgðir sínar, en Fiskifjelagið hafnaði því boði í samráði við landsstjórnina, þar sem við mátti búast, að Steinolíufjelagið mundi þá þegar hækka verðið.

Fiskifjelagið mun hafa ráðfært sig við landsstjórnina um verð á olíunni, og var þá ákveðið 33 kr. verð á hverri tunnu. En þar sem olían varð að liggja óhæfilega lengi og rýrnaði óhæfilega mikið, var verðið hækkað í samráði við lands-

stjórnina um 1 kr., eða upp í 34 kr. á tunnu. En sú hækkun var ekki nægileg, eins og komið hefir á daginn.

Nú hefir forstjórn landsverslunarinnar krafist þess, að þessi upphæð, kr. 2988,60, yrði greidd þegar í stað, ásamt vöxtum. Fiskifjelagið skrifaði þá fjármálaráðherra og fór þess á leit, að skuldin yrði gefin því upp. Ráðherra svaraði aftur þ. 27. maí, á þá leið, að hann hafi enga heimild til þess. Fer fjelagið því fram á, að þessi heimild verði veitt stjórninni. Vona jeg, að háttv. deild verði vel við þessum tilmælum fjelagsins. Það hefir ekki annað fje til umráða en styrkinn úr landssjóði, svo að gagnslaust virðist að ganga hart að því.

Jeg hefi borið þetta mál undir háttv. fjárveitinganefnd og óska því, að málinu verði vísað til hennar. (**E. A**: Það mun öllu fremur eiga heima í fjárhagsnefnd). Jeg er á því, að þetta mál eigi heima í fjárveitinganefnd, eins og önnur samskonar mál, er til hennar hefir verið vísað. Annars er það óverulegt atriði, í hverja nefndina málinu er vísað.

Einar Arnórsson: Að eins sú athugasemd, að beiðnir um eftirgjöf á lánum, eins og t. d. símalánum, sem hingað koma, hafa jafnan verið settar í fjárhagsnefnd til athugunar. Virðist mjer þetta vera samskonar málaleitun. En hitt er annað mál, hvort ástæða er til þess, að málið fari í nokkra nefnd.

Forsætisráðherra (J. M.): Hv. flm. (M. Ó.) óskar málinu vísað til hv. fjáveitinganefndar. Jeg held, að það sje rjett, því að hjer er naumast um það að ræða, að gefa eftir lán, heldur um hitt, að greiða fje úr landssjóði, því að jeg held, að landverslunarstjórunum sje ekki vel við það, að tekið sje úr versluninni fje á þennan hátt. En ráðið er að fá peningana úr landssjóði og borga verslueninni. Landssjóði má standa á sama, en jeg veit, að í samskonar tilfellum hafa forstjórarnir heldur kosið þessa aðferð. Jeg held því, að rjett sje, að málið sje athugað í fjárveitinganefnd, sem sjálfsagt mundi taka því vel, enda sje jeg ekki annað en að þingið eigi að verða við þessari málaleitun, eins og nú er komið.

Einar Arnórsson: Eftir þessar upplýsingar, sem hæstv. forsætisráðherra hefir gefið, get jeg fallið frá till. minni um fjárhagsnefnd.

Flm. (Matthías Olafsson): Jeg ímynda mjer, að það sje alveg rjett, sem hæstv. forsætisráðherra tók fram, að þetta sje skoðað sem fjárveiting úr landssjóði, því að vitanlega á landsverslunin að fá sitt fje, svo að það komi fram í reikningum hennar, að það hafi verið greitt.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. í e. hlj. og til fjárveitinganefndar (sjá A. bls. 538) með öllum gr. atkv.

Á 46. fundi í Nd., þriðjudaginn 11. júní, var till. tekin til síðari umr. (A. 306, n. 314).

Matthías Olafsson: Af því, að háttv. frsm. fjárveitinganefndar (M. P.) er ekki viðstaddur, vil jeg leyfa mjer að segja fáein orð.

Eins og sjest af nál. á þgskj. 314, er fjárveitinganefndin öll á einu máli um það, að rjett sje að verða við tilmælum Fiskifjelagsins um uppgjöf á skuld þess-

ari. En jafnframt þótti nefndinni sjálfsagt, að þar sem þessi upphæð er bókfærð sem skuld við landsverslunina, þá greiði landssjóður hana beint til verslunarinnar.

Annað hefi jeg ekki að segja um till. þessa, vona, að háttv. deild taki henni vel og að hún nái fram að ganga.

ATKVGR.

Till. samþ. í e. hlj. og afgr. til Ed.

A 63. fundi í Ed., föstudaginn 12. júní, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um uppgjöf á eftirstöðvum af láni úr landssjóði til Fiskifjelags Islands til steinolíukaupa, eins og hún var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 340).

Á 43. fundi í Ed., fimtudaginn 13. júní, var till. tekin til fyrri umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg vil leyfa mjer að leggja til, að máli þessu verði vísað til fjárveitinganefndar.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 11 shlj. atkv. og til fjárveitinganefndar (sjá A. bls. 534) með 11 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Ed., laugardaginn 15. júní, var till. tekin til síðari umr. (A. 340, n. 358).

Frsm. (Magnús Kristjánsson): Eins og kunnugt er, bar á því strax eftir ófriðarbyrjun, og þá ekki síður er á leið ófriðinn, að olíuverð fór mjög hækkandi og varð almenningi lítt bærilegt er á leið. Þess vegna varð niðurstaðan sú, að Fiskifjelag Íslands afrjeð, í samráði við landsstjórnina, að panta olíufarm. Hann kom, en eftir það brá svo við, að verslanirnar sáu sjer fært að lækka verðið á sínum olíubirgðum. Almenningur var þá ekki nógu viðsýnn til þess að versla við fjelagið meðan olían fjekst með lægra verði í verslununum. Þess vegna varð að geyma vöruna, og leiddi af því talsverða rýrnun á olíubirgðunum.

Landssjóður hefir nú samt fengið mest alt lánið endurgreitt, og eftirstöðvarnar eru ekki nema eitthvað á þriðja þúsund af lánsupphæðinni. Og þar sem almenningur hefir haft óbeinlínis hagnað, sem skiftir tugum þúsunda, af því, að fjelagið gat útvegað olíuna og selt hana með sanngjörnu verði, þó að fjelagið sjálft biði halla, þá álít jeg ekki nema sjálfsagt, að þingið samþykki að veita þessa uppgjöf á eftirstöðvunum af skuldinni.

ATKVGR.

Till. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem

ályktun Alþingis.

(Sjá A. 369).

---

15. Almenningseldhús í Reykjavík.

Á 42. fundi í Nd., mánudaginn 10. júní, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um almenningseldhús (A. 315).

Á 46. fundi í Nd., þriðjudaginn 11. júní, var till. tekin til fyrri umr.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Þessi till., sem hjer liggur fyrir, er einföld mjög og ljóst, hver tilgangur henn-

ar er. Jeg hygg, að flestum háttv. þm. sje kunnugt um það, að í þessa átt hefir allmikið verið starfað erlendis og gefist vel.

Það, sem vinst við sameiginlegt mötuneyti og almenningseldhús, er meðal annars það, að fæðan verður þeim ódýrari, er hennar neyta. Margir hverjir hafa úr litlu að spila og lítið fyrir sig að leggja, og því nauðsynlegt, að þeim geti orðið sem mest úr því litla, er þeir hafa handa á milli.

Enn fremur má gera ráð fyrir því, að eldsneyti sparist við, að matur er eldaður handa mörgum í einu, og þá er ekki síður vinnusparnaður að því. Eins má gera ráð fyrir því, að allmikil drýgindi verði á fæðuefnunum, þar sem matreitt er í stórum stil.

Yfirleitt má segja, að þessi starfsemi hafi gefist ágætlega vel erlendis, og á sumum stöðum svo vel, að talið er sjálfsagt, að henni sje haldið áfram að ófriðnum loknum.

Hjer á landi hefir þetta ekki verið reynt enn sem komið er. En búast má við því, að afkoma manna verði æ erfiðari eftir því, sem ófriðurinn stendur lengur, og er því auðsætt, að ekkert má láta ógert til þess að draga úr erfiðleikunum hjá þeim, er við þrengstan kost búa. Og þessi till. stefnir einmitt að því að draga úr dýrtíðinni og bjarga þeim, sem bágast eiga.

Menn munu nú spyrja, hver þörf sje á því að senda menn utan, þó að þeir eigi að annast um starfsemi almenningseldhúsa. Því er þar til að svara, að sjón er sögu ríkari. Hjer er ekki völ á mönnum, er hafa kynt sjer þetta mál, að minsta kosti ekki svo rækilega, sem kostur á, ef menn væru sendir til útlanda í þeim tilgangi.

Ef þessi starfsemi á að ná tilgangi sínum, er nauðsynlegt, að forstöðumenn hennar sjeu stjórnsamir og kunni vel að færa sjer í nyt þau efni, sem þeim eru fengin í hendur. Og þó að utanför þessara manna kosti talsvert fje, þá hygg jeg, að sú upphæð verði margborguð í starfsemi þeirra, er heim er komið.

Til þess er ekki ætlast, að þeir, sem sendir verða utan, læri matreiðslu eða því um líkt. Þeir eiga að kynna sjer fyrirkomulag þessarar starfsemi, hvernig hún er rekin og henni er stjórnað. Þeir gætu haft gagn af að kynnast því, hvaða áhöld og tæki eru aðallega notuð, og gætu þeir þá um leið keypt þau áhöld, sem þeir álíta heppilegust til þessarar starfsemi hjer á landi.

Bæjarstjórn Reykjavíkur hefir sent bjargráðanefndum beggja deilda áskorun þess efnis, að þær leggi til við þingið, að það veiti 2—3 mönnum styrk til utanfarar í þessu skyni.

Bjargráðanefnd þessarar deildar hefir tekið þessari málaleitun vel, svo sem sjá má af till. þessari, og einnig hafa þeir bjargráðanefndarmenn úr háttv. Ed., er jeg hefi átt tal við um málið, tjáð sig því hlynta.

Vitanlega hefði Reykjavíkurbær getað borið þennan kostnað sjálfur og ekki endilega þurft að fá fje frá landssjóði í þessu skyni. En gera má ráð fyrir, að þessi starfsemi komi víðar að haldi en hjer í bæ, t. d. í 3—4 stærstu kaupstöðunum. Þaðan gætu menn komið og lært af þeim, sem sendir yrðu úr Reykjavík, hvernig haga ætti þessari starfsemi í þeirra bygðarlagi. Og þar sem því má búast við, að þessi starfsemi komi öllum þorra almennings að haldi, virðist ekki nema sanngjarnt, að Alþingi leggi fram einhvern styrk.

Jafnvel þótt þinginu hefðu engar óskir borist í þessa átt, þá hygg jeg, að þingið hefði samt átt að taka þetta upp hjá sjálfu sjer og beitast fyrir málinu, svo að menn færu að hefjast handa. Því að jeg er á þeirri skoðun, að þetta

geti orðið fátæklingum allmikil hjálp í dýrtíðinni.

Sje jeg svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um málið, en vona, að háttv. deild taki því vel.

Matthías Ólafsson: Jeg er í miklum vafa um það, að þessi fjárveiting, þótt veitt yrði, kæmi að nokkrum notum, og allra síst eins og nú stendur á. Því að annaðhvort hefðu þessir menn lítið að læra, og væri þá fjárveitingin óþörf, eða ef þeir hefðu mikið að læra, mundi það taka talsverðan tíma, og gæti þá svo farið, að námi þeirra yrði ekki lokið fyr en öllum vandræðunum væri lokið.

En það er hreinn óþarfi að fara af landi burt til þess að læra þetta. Þessi starfsemi er kunn hjer á landi. Menn vita það, hve miklum mun ódýrara mönnum hefir reynst mötuneyti á ýmsum skólum, t. d. Akureyrarskóla og víðar.

Ef menn væru fengnir til þess að kynna sjer hagfeldustu kaup og aðdrætti á vörum, þyrftu þeir ekki að fara út úr landinu. Og auk þess víkur öðruvísi við erlendis. Matföng, sem annarsstaðar eru mest notuð, fást annaðhvort alls ekki hjer, eða þá að eins við ránverði, Má nefna til dæmis kálmeti alt, sem erlendis er mjög notað í slíkum almenningseldhúsum.

Jeg hygg því, að árangurinn af utanför nokkurra manna yrði ekki mikill. Það mundi verða eins notadrjúgt að kynna sjer samlagsmötuneyti hjer á landi.

Fyrsta skilyrði til þess, að almenningseldhús komi að notum, er að hafa hentugt húsnæði. En á því er ekki völ hjer í Reykjavík. Í útlöndum hefir verið höfð tvennskonar aðferð við borðhaldið. Annaðhvort hafa menn etið sameiginlega, eða maturinn hefir verið eldaður í almenningseldhúsum, en síðan verið fluttur út um bæina. Víðast hvar hefir reynslan orðið sú, að fyrir fjölskyldur hefir þessi matur orðið jafndýr og hann hefði verið eldaður í heimahúsum. En fyrir einhleypa menn hefir þetta orðið ódýrara, eins og skiljanlegt er, þar sem matur er soðinn við sama eldinn handa mörgum.

Jeg býst við því, að fleiri en háttv. frsm. (J. B.) láti í ljós álit sitt á þessu máli, og áskil jeg mjer þá rjett til andsvara síðar meir.

Sveinn Ólafsson: Jeg get tekið undir það með háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.), að ekki virðist meira en svo tilgangshæft að veita nær 4000 kr., sem till. ræðir um, til utanfarar 1—2 mönnum í því skyni að kynnast almenningseldhúsum. Háttv. þm. (M. Ó.) tók það rjettilega fram, að vjer höfum hjer nægilega glögg sýnishorn þess samvinnufjelagsskapar, sem till. gerir ráð fyrir, þar sem eru mötuneyti í skólum og verstöðum. Eftirlíkingin virðist einföld og auðveld, en auðvitað nokkru stórfeldara fyrirtæki.

Mjer finst það hálfgildingsvantraust á húsmæðrakólanum hjer, og konum, sem þar hafa numið, ef þær eru ekki álitnar færar um að annast slíka matreiðslu svo, að við megi hlíta í slíku fjelagseldhúsi. Og þá er það ekki síður vantraust á fjesýslumönnum hjer að ætla, að þeir kunni ekki að stjórna svona stofnun eða halda yfirlitsreikning hennar.

Till. gerir ráð fyrir utanför eins karlmanns og einnar konu, til þess að nema »listina«. En jeg get ekki sjeð, hvað þessi soðgreifi og greifynja ætla að læra framar því, sem hjer má læra. Þess vegna verður mjer að líta á þessa fjárbón eins og einn vott þeirrar bitlingasýki, sem alþekt er hjer og landlæg.

Hitt getur mjer virst tiltækilegt, að veita einhverja upphæð til þess að koma þessu almenningseldhúsi upp. Slíkt væri tilgangshæfara en að veita nokkrum mönnum fje til þess að spóka sig fyrir í útlöndum.

Jeg sje mjer því ekki fært að fylgja þessari till. En aftur vil jeg mæla með því að veita einhvern fjárstyrk til þess að koma almenningseldhúsi upp, sem þá ætti helst að verða tilbúið fyrir næsta vetur.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um málið. Jeg get verið háttv. frsm. (J. B.) sammála um það, að till. er »ofureinföld«. En það er líka ofureinfalt að sjá, að utanför í þessum erindum er óþörf fjáreyðsla og samsvarar eigi tilgangi.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg hefi ekki verið við þessar umr. og veit því ekki, hvað sagt hefir verið um málið, og skal ekki heldur fara mörgum orðum um það.

Jeg verð að segja, að jeg tel það mjög heppilegt, að háttv. bjargráðanefnd kom með þessa till. Jeg skal ekki um það deila, hvort betra sje að veita fjeð til utanfarar, eða til kaupstaðanna, til þess að setja á stofn fyrirmyndarstofnun í þessu tilliti. En það er mest um vert, að þingið sýni vilja til þess að hjálpa mönnum að bjarga sjer á einhvern hátt meðan dýrtíðin stendur, að það sjáist, að þinginu sje ljóst, hvað hjer þarf að gera, og að almenningi sje komið í skilning um, að hjer sje eitthvað það á ferð, er þarf sjerstakra ráðstafana.

En jeg held nú samt, að það sje ráð að láta einhvern mann fara utan til að kynna sjer fyrirkomulag almenningseldhúsa. Jeg varð dálítið hissa að heyra háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) tala um þetta fje sem bitling. Hvernig í ósköpunum er hægt að kalla annað eins bitling? Það er þó allsendis óvíst, hver þennan styrk á að hljóta, og áreiðanlega ekki búið að hugsa sjer, hver fyrir honum verður. Og þótt þinginu þyki sumir nokkuð örir á bitlinga, þá er það ótrúlegt, að nefndin sje að búa til bitling út í loftið, án þess að hugsa sjer nokkurn mann. Þetta er því nokkuð óheppilega til orða tekið, því að þótt háttv. þm. (Sv. Ó.) hafi ekki trú á því, að hægt sje að læra mikið annarsstaðar, sem menn kunna ekki hjer, þá ættu menn að skilja, að maður, sem utan færi, ætti hægast með að útvega verkfæri til þessara hluta, sem alls ekki fást hjer á landi. Það er svo að skilja, að fyrir einstaka menn, hvað þá heldur fjelög, er oft nauðsynlegt að senda menn til útvegunar á þeim verkfærum, sem með þarf og enginn vegur er annars að fá. Ef nokkur mynd á að vera á svona almenningseldhúsi, þá verður að fá frá útlöndum þau áhöld, er til þarf og hjer eru ekki til. Það er eðlilegt, að jeg sje sammála nefndinni, þar sem jeg í samtali við hana taldi æskilegt að gera eitthvað í þessa átt. Auðvitað kemur þetta að eins að gagni stærri kaupstöðum, svo að það er dálítil afneitun fyrir þá að fylgja því, sem ekki eru kaupstöðunum hlyntir.

Jeg hefði álitið, að í sambandi við þetta mál hefði vel mátt taka það til athugunar, hvort ekki væri hægt að hafa hjer, eins og alstaðar annarsstaðar, einhverja menn til að leiðbeina almenningi með notkun matvæla. Það hefir reynst mjög vel annarsstaðar að fá færa menn, t. d. lækna, til að gefa reglur um samsetning þeirra fæðutegunda, sem til eru í landinu, og skýt jeg því til háttv. nefndar, hvort hún vill ekki hugsa eitthvað í þessa átt. Það þyrfti ekki að kosta neitt stórkostlega mikið. Jeg held, að þegar hafi verið

gefnar út leiðbeiningar um notkun einnar vörutegundar, sem æskilegt væri að menn færðu sjer vel í nyt, þar sem hún hefir mikið af þeim efnum, sem mönnum eru nauðsynlegust. Á jeg hjer við síldina. Ef nefndinni sýndist þetta rjett, ætti hún að samþykkja eitthvað í því, og vona jeg, að það yrði ekki skorið niður fyrir nefndinni, þótt það kæmi fram í einhverju formi til upphvatningar. Það er nú þegar til dálítill vísir til almenningseldhúss, þar sem Samverjinn er. Það hefir sýnt sig að vera gott fyrirtæki. Þetta á að byggjast á öðrum grundvelli, en mun þó reynast gott fyrirtæki, ef því verður komið í kring. En ekki skil jeg í því, að þeir, sem kunna að verða valdir til að koma þessu fyrirtæki á stofn, sjeu líklegir til að nota fjeð til skemtiferðar út yfir pollinn.

Einar Jónsson: Jeg get ekki með góðri samvisku hlaupið yfir að lýsa yfir því hjer í þessari háttv. deild, að því fleiri »bjargráð« sem koma frá háttv. bjargráðanefnd, því leiðinlegri verða þau fyrir mjer.

Þgskj. 315 með þeirri till., sem þar á er þrykt og nú liggur fyrir hv. deild, er eitt af þeim þgskj., sem jeg get ekki litið á öðruvísi en með fyrirlitningu. Það nær ekki nokkurri átt, að konur á Íslandi kunni ekki að búa til og hagnýta mat á heimilum sínum. Og það nær þá ekki heldur nokkurri átt að kasta nú peningum til þess að senda utan karlmann og kvenmann, sem enginn veit hvað á að gera. Get jeg tekið undir það með háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), að hjer muni vera á ferðinni bitlingur handa einhverjum, sem þurfandi þykist. Jeg held, að hann hafi komist alveg rjett að orði um það.

Jeg verð að koma að því aftur, að jeg get ekki með nokkru móti kannast við, að íslenskar konur kunni ekki að búa til sæmilegan mat úr þeim venjulegu efnum, sem þeim eru í hendur fengin, og hættan mun meiri á því, að skortur verði á matvöru eða matarefnum, heldur en kunnáttu í matreiðslu. Jeg veit ekki betur en að íslenskar konur sjeu prýðilega vel til þess gerðar, eins og margs annars.

Hæstv. forsætisráðherra komst svo að orði, að þingið ætti að reyna að bjarga sjer og landinu á sem heppilegastan og rjettastan hátt á komandi vetri, en það ætti þá alla jafna að vera kallað saman til starfa á heppilegum og rjettum tíma til að bjarga sjer.

Hæstv. forsætisráðherra mintist líka á Samverjann og kvað þar vel og rjett að orði. Samverjinn hefir hjálpað mörgu fólki. En jeg veit ekki betur en að Samverjinn hafi veitt fólkinu og muni veita því fullgóðan mat, þótt þessi till. væri ekki samþykt. Till. er því óþörf, og í henni felast engin bjargráð. Er hún í mínum augum, eins og allflest frá bjargráðanefndinni, hreint og beint ómark.

Að svo stöddu mun jeg ekki lengja umr. frekar. Gæti jeg sagt margt fleira um málið, en kæri mig ekki um það, enda þykist jeg þegar hafa gefið það fullgreinilega í skyn, að jeg muni ekki greiða atkvæði með tillögunni.

Frsm. (Jörundur Brynjólfsson): Hæstv. forsætisráðherra hefir nú þegar að nokkru tekið af mjer ómakið, þar sem hann hefir drepið á nokkur af þeim atriðum í ræðum tveggja þm., er mótmælt hafa till.

En háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) virtist misskilja tilgang till., að minsta kosti um utanförina. Það getur nú verið mín sök, því að jeg hefi má ske farið lítið

út í tilganginn með þessari utanför áðan þegar jeg talaði. Það er ekki ætlun vor, að þessir menn fari í skóla, til þess að læra þar tilbúning matar, heldur fari þeir til þess að kynna sjer stjórn og tilhögun erlendra almenningseldhúsa, hverskonar áhöld sjeu heppilegust til matreiðslunnar o. s. frv., eða með öðrum orðum að kynna sjer alt, er lýtur að ytra fyrirkomulagi og stjórn slíkra fyrirtækja. Þetta ætlum vjer vel kleift þeim, sem eru vel inni í þessum hlutum, — því að ekki viljum vjer, að sendir sjeu aðrir en þeir, sem eru vel að sjer — og ættu þeir því að geta kynt sjer þetta á 2 mánuðum. Það er kunnugt, að slíkar stofnanir starfa bæði vetur og sumar, en eru einkum nauðsynlegar að vetrinum, og er það því ætlun nefndarinnar, að mennirnir fari utan með »Botníu« næst, og komi þá aftur í septembermánuði í haust. Þarf auðvitað ekki að bíða eftir þeim með allan undirbúning, því að hjer mætti auðvitað fyrst og fremst útvega eldivið, húsnæði og ýmsan annan útbúnað til starfrækslunnar, og ennfremur afla sjer þeirra áhalda, er fáanleg eru hjer og enginn vafi er á að þarf á að halda. En annars býst jeg nú við, að þessum sendimönnum yrði falið að gera innkaup á nauðsynlegum áhöldum.

Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) færði það og sínu máli til stuðnings, að það væri óþarft að senda menn utan, því að vjer hefðum reynsluna, þar sem væru samskonar mötuneyti heima. Það er rjett, sem hann tók fram, að hjer er að ræða um samlagsmötuneyti við ýmsa skóla, Samverjann og mötuneyti manna í verbúðum. En þess ber að gæta, að þetta alt er í svo tiltölulega smáum stil, að þar eru ekki nema nokkrir tugir manna, sem matreitt er fyrir. En við því má búast, að starfinu verði að haga á annan veg, ef búist er við að margir menn, jafnvel svo að mörgum hundruðum skiftir, matist á sömu stofnun.

Sami háttv. þm. (M. Ó.) kvað þetta fyrirkomulag koma helst einhleypum mönnum að notum. Geti það bætt þeirra kjör, tel jeg það þegar góðra gjalda vert, eins og högum slíkra manna er háttað yfirleitt hjer á landi. En svo ber þess og að gæta, að það eru allar líkur til þess, að margir þeir, er heimili eiga, leiti á þessa staði. Og jeg bið háttv. þm. (M. Ó.) að athuga það, að ef margir menn verða bjargarvana, þá er hagur fyrir bæjarfjelagið að veita þeim fæði á þennan hátt. Því fólki, sem ekki hefir því fleiri börn, getur slík hjálp orðið miklu notadrýgri en þótt það fengi nokkrar krónur, og bæjarsjóði yrði það mikill sparnaður. En þetta á því að eins við, að fyrirtækinu sje almennilega stjórnað. Get jeg því engan veginn fallist á, að óþarfi sje að senda mann eða menn utan í þessu skyni. Vjer þekkjum ekkert til þessara stofnana, og fyrir stríðið þektust þær ekki erlendis, með því fyrirkomulagi, sem nú er á þeim, hvað þá heldur hjer. Og frá því, að fyrst var byrjað með þær, hafa þær tekið miklum stakkaskiftum til bóta, og er fullyrt, að fyrirkomulagið sje miklu betra nú en í byrjun.

Viðvíkjandi því, sem háttv. þm. (M. Ó.) sagði, að útlendingar hefðu ýmsar þær fæðutegundir, er ódýrari væru, en við hefðum ekki, einkum úr jurtaríkinu, þá viðurkenni jeg það rjett vera. En það var ekki meiningin, að þessir menn ætli að fara utan til að læra erlendis að blanda fæðutegundir. Þess er krafist, að þeir kunni það áður. Og þeir eiga ekki að semja sig að sið annara, nema að því leyti, sem best á við hjer.

Annars hygg jeg, að þessi ummæli háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) hafi verið sprottin af skjótri athugun málsins, en

ekki af því, að hann sje því andvígur. Hygg jeg, að hann muni sjá það við nánari athugun, að gott eitt geti af þessu leitt.

Háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) sagði, að með till. þessari væri samþykt vantraust á hússtjórnarskólanum. Það nær auðvitað ekki neinni átt, því að á nefndri stofnun beinist kenslan í nokkuð aðra átt. Og ekki skil jeg, að það geti komið til mála, að þessi ferð yrði einungis til skemtunar, ef fjeð yrði veitt, og þaðan af síður, að þetta geti álitist bitlingur. Þetta er ekki það mikið fje, að sá, eða þeir, sem nýtur þess, verður að fara sparlega með það, og hrekkur auðvitað ekki til, og verður vitanlega að gera grein fyrir því, hvernig hann hefir varið því. Jeg ímynda mjer, að þeir, sem fara nú þessa erindis, geri það ekki af því, að þeim þyki það skemtilegt, heldur af þeirri nauðsyn, er þeim þykir vera á þessu máli.

Háttv. 2. þm. Rang. (E. J.) virtist líta till. þessa illu auga og fann henni alt til foráttu. Skal jeg ekki kljást neitt við hann um málið, en þess mætti þó geta, að öðrum augum hafa aðrir litið á þetta mál, er fult svo góð skilyrði hafa haft til þess að dæma um það af einhverri þekkingu og viti eins og þessi hv. þm. (Sv. Ó.). Annars skal jeg ekki fjölyrða um ræðu hans, því að hún gaf ekkert tilefni til þess.

Einar Arnórsson: Jeg get fyrir mitt leyti ekki gert mjer nægilega grein fyrir því, hver nauðsyn er á að senda menn utan til að kynna sjer fyrirkomulag almenningseldhúsa.

Það, sem mjer sýnist fyrst þurfa til að hrinda slíku af stað, eru menn með heilbrigðri skynsemi, sem kunna að halda spart á peningum, kaupa inn vörur, halda reikninga og búa til mat, eða í fám orðum sagt, ráðdeildarsamt, sparsamt og stjórnsamt fólk. Mjer virðist of skammur tími til þess að láta menn læra matgerð, enda væri það líka óþarft, enda mun tilætlunin ekki vera sú, að þessir menn læri matgerð. Auðvitað má vera, að þeir, sem út færu, gætu sjeð og lært eitthvað þarflegt. En hjer í deild munu þeir þó margir, er ekki hafa trú á því, að slík utanför geti að þessu leyti komið að verulegu gagni. En þar með er alls ekki gefið, að Alþingi eigi ekki að sinna þessu máli. Þetta skipulag hefir reynst vel sumstaðar erlendis, sparað fje og ljett mönnum lífið á ýmsan hátt. Sje jeg ekki, að öllu óreyndu, ástæðu til að ætla annað en að sama gæti orðið hjer á landi, og þó auðvitað að eins í kaupstöðum og stærri sjávarþorpum.

En þótt þingið geti ekki beint felt sig við að veita styrk til utanfarar, þá sje jeg ekkert því til fyrirstöðu, að þingið styrki málið á annan hátt og gefi stjórninni heimild til að veita styrk til þess að koma fyrirtækinu á fót. Með það fyrir augum get jeg greitt atkvæði með till. til 2. umr., og er þá hægur hjá að orða greinina svo, að styrkur til þessa fyrirtækis sje ekki látinn vera komin undir utanför.

Það má nú vel vera, að þeir, er hugsað hafa þetta mál enn rækilegar en jeg, hafi getað fundið fullgildar ástæður fyrir því, að sendiförin sje nauðsynleg. Skal jeg ekkert um það segja, en fæstir munu þó geta dæmt um það atriði til nokkurrar hlítar.

Jeg vildi gera mönnum það skiljanlegt, að þótt jeg geti ekki verið með till. svo orðaðri, þá sje jeg ekki ástæðu

til þess að meina henni að ganga til 2. umr., ef þá mætti breyta henni í það horf, er við mætti una.

Matthías Ólafsson: Það er rjett til getið hjá háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.), að jeg er ekki mótfallinn málinu, þótt jeg sje ekki með því að senda út menn. Jeg er málinu einmitt hlyntur. En hitt er skakt, að jeg hafi ekki hugsað um málið. Jeg hefi hugsað þetta mál eins og allar aðrar samvinnuleiðir eða samlagsaðferðir. Er jeg að talsverðu leyti samþykkur þessari aðferð, en að vegurinn sje sá, að senda utan menn, verð jeg að halda fram að sje algerlega skakt. Jeg hefi sýnt fram á það áður, að slíkt er til hjer, og þarf því ekki að senda menn til þess að fá nýja og dýra þekkingu á því erlendis Enginn vafi er á því, að sá maður, sem staðið hefir vel fyrir litlu kosthúsi, geti staðið fyrir stóru, og þarf ekki annað en stækka húsakynnin og auka allar útveganir matvæla.

Alt, sem hjer þarf, eru »praktiskir« menn og ráðvandir menn. Ef senda á út mann eingöngu til þess að læra að stjórna þessu, þá er það misskilningur. Það er ekki sagt, að það fólk, sem kann að búa til mat, sje ætíð »praktiskasta« fólkið. Það þarf að hafa nægilegt fje milli handa, svo að það geti keypt inn í stórum stíl. Og enn fremur þarf það gott húsnæði. Það þarf að vera fólk, sem kann að hagnýta peningana sem best og haga blöndun fæðunnar svo, að sem notadrýgst sje og næringarbest. En þetta liggur í eðli hvers »praktisks« manns og húsmóður. Það verður að koma upp nokkurskonar þjóðarmatreiðslu, þar sem fengið sje sem mest úr innlendum afurðum og efnum. Það væru ef til vill aðalþægindin við þetta, að vjer lærðum að nota íslenskar matjurtir, og hver veit nema oss tækist þá að hagnýta oss purpurahimnuna og maríukjarnann.

Það er ekki nokkur vafi á því, að það getur verið sjerstaklega gott fyrir lausafólk, og mikill sparnaður að því, en jeg hefi áður tekið það fram, að fyrir þá, sem hafa börn, muni það ekki verða svo mikill sparnaður að kaupa matinn á þessum stöðum, því að börnin þurfa talsvert mikið fyrir utan það, sem þau fá þar; þau þurfa t. d. meiri mjólk, enda hefir reynslan orðið sú, þar sem slík almenningseldhús hafa verið, að fjölskyldum með mörg börn hefir varla þótt það borga sig að matast þar. En það hefir þótt langt um ódýrara fyrir menn, sem sem hafa orðið að ganga að fæðu sinni annarsstaðar, utan heimilis síns, og vitanlega orðið að borga lífsuppeldi sitt. Allir vita líka, að það er miklu betra að matreiða í stórum heldur en smáum stíl; þarf ekki annað en benda á bökunarhúsin í því efni, enda sjá menn það oftast, að það verður miklu ódýrara að láta baka þar en heima hjá sjer, nema þá því að eins, að þau taki óhæfilega hátt verð fyrir.

Jeg mun því styðja að því, að þetta fyrirtæki verði styrkt með einhverju fjárframlagi, en með því að vitanlegt er, að það kemur Reykjavíkurbæ að mestu gagni, þá þætti mjer sanngjarnt, að hann legði til fullan helming, en ekki $^1/_4$ hluta, þess fjár, er til þarf.

Háttv. 1. þm. Reykv. (J. B.) bjóst við, að hægt væri að undirbúa alt saman meðan sendimennirnir væru utanlands, en það er ekki rjett. Það er ekki hægt að undirbúa svo sem neitt fyr en þeir koma aftur og segja, að svona og svona eldavjelar og svona og svona áhöld þurfi að kaupa, því að það segir sig sjálft, að t. d. eldavjelarnar þurfa að vera miklu stærri og betri en hjer tíðkast, ef þetta á að borga sig, sem auðvitað er að það á að gera.

Þá bjóst sami háttv. þm. (J. B.) við að ýmsir menn, sem hafa fjölskyldu, mundu kaupa mat þar. Jeg get nú ekki hugsað mjer það, að minsta kosti ekki um þá, sem þegar hefðu sett bú. (**B. J.**: Þeir senda eftir matnum og borða hann heima hjá sjer). Þeir þurfa þó ekki stóru pottana til þess að borða úr heima hjá sjer, en það er reyndar annar kostur við það. Þeir komast af með miklu minna húsnæði, því að þeir þurfa enga geymslu, að eins tæki til þess að hita matinn hjá sjer. Þess vegna verður þetta ódýrara, og því í alla staði æskilegt, að það komist á. En jeg verð að halda því fram, að það sje engin þörf á að vera að senda menn út úr landinu til þess að koma þessu í framkvæmd. Það, sem til þess þarf, eru duglegir og »praktiskir« menn, sem kunna til matreiðslu. Það verður að búa til sæmilega rjetti úr þeim fæðutegundum, sem hægt er að fá á landi hjer, og þá dugir auðvitað ekki að fara stranglega eftir því, sem menn kunna að hafa lært í útlendum matreiðslubókum áður.

Frsm. (**Jörundur Brynjólfsson**): Jeg hefi ekki haft tækifæri til þess að bera mig saman við meðnefndarmenn mína um það, hvernig þeir mundu taka því, ef þingsályktunartill. verður breytt, en þykist þó geta sagt, að því mundi verða vel tekið, ef menn að eins vildu hafa eitthvert annað orðalag.

Jeg vona, að till. verði vísað til síðari umr.

Viðvíkjandi því, sem háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) sagði síðast, vil jeg geta þess, að jeg er honum þakklátur fyrir margt af því. Hann hefir á marga lund stutt mitt mál og það, sem jeg hefi sagt um nauðsyn þá, er væri til þess að koma því fram. Jafnvel það atriði, sem jeg mintist á, að senda þyrfti menn utan, þá var það einmitt af því, að hjer mun skortur á áhöldum, sem til þurfa, og væri því gott, að þeir gætu fengið að sjá, hver áhöld væri hagkvæmast að nota.

Háttv. þm. (M. Ó.) lýsti því mjög greinilega, að hann hefði opin augu fyrir nauðsyn og nytsemi þessa máls. Get jeg því verið honum þakklátur fyrir flest af því, sem hann sagði.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 12:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 12:3 atkv.

Á 53. fundi í Nd, föstudaginn 21. júní, var till. tekin til síðari umr. (A. 315, 372, 376).

Frsm. (**Jörundur Brynjólfsson**): Bjargráðanefnd hefir leyft sjer að bera fram brtt. á þgskj. 372. Mergur brtt. þessarar er sá, að »álítist þess eigi þörf að senda menn utan í þessum erindum, er landsstjórninni heimilt að verja fjenu til styrktar því, að almenningseldhúsi verði komið á fót«.

Bjargráðanefnd hefir gert þetta fyrir þá sök, að við fyrri umr. málsins komu hjer fram raddir, að eigi mundi ástæða til að senda menn utan, en hins vegar nauðsynlegt að koma almenningseldhúsi á stofn. En það má fullyrða, að bjargráðanefnd leggur samt engu að síður áherslu á, að vandað sje til vals þeirra manna, sem eiga að veita eldhúsinu forstöðu, því að án þess mundi það ekki geta náð tilgangi sínum. Ef hjer eru einhverjir heima, sem beinlínis þekkja af eigin sjón og reynd, hvernig almenningseldhús eru starfrækt erlendis, og þeir geta veitt almenningseldhúsi for-

stöðu hjer, þá vitanlega gefur nefndin ekki um, að menn sjeu sendir utan í þessum erindum, en nefndin leggur ríka áherslu á, að val forstöðumannanna verði sem allra best vandað.

Nefndin lítur enn fremur svo á, að fyrirtæki þetta sje svo gagnlegt og mundi koma að svo miklum notum, að hún telur sjálfsagt, að þingið ýti undir framkvæmdir þess. Eins og vjer þekkjum, hefir almenningseldhúsum verið komið víða upp erlendis og gefist vel. Má t. d. fá góða máltíð fyrir 75—90 aura, og eftir því verðlagi, sem nú er á matvöru, munu menn sjá, að þetta er miklu ódýrara en kostur heima.

Jeg sje eigi ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar, en vænti, að háttv. deild taki málinu vel, því að hjer er um mjög svo mikilsvert mál að ræða.

ATKVGR.

Brtt. 372, 1. samþ. með 12:1 atkv.

— 372, 2. samþ. með öllum gr. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 16:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. Ó., P. J., P. Þ., S. S., S. St., Þorl. J., Þorst. J., B. Sv., B. K., B. St., G. Sv., J. J., J. M, J. B., M. G., Ó. B.

nei: P. O., St. St., Þór. J., E. J., M. P. Fimm þm. (Sv. Ó., B. J., E. A., E. Árna. og H. K.) fjarstaddir.

Till. afgr. til Ed.

Á 49. fundi í Ed., mánudaginn 24. júní, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um almenningseldhús,

eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 388).

Á 50. fundi í Ed., þriðjudaginn 25. júní, var till. tekin til fyrri umr.

Eggert Pálsson: Það er að vísu yfir fáum að tala í þetta sinn, þó að jeg hins vegar vilji leyfa mjer að gera stutta athugasemd, ekki þó svo mjög gagnvart till., sem hjer liggur fyrir, því að jeg geri ráð fyrir, að henni verði vísað til fjárveitinganefndar, þar sem hjer er um fjárspursmál að ræða, heldur er athugasemdin almenns eðlis.

Sú hefir orðið raunin á um þetta þing, að inn á það hefir rignt till., sem miða að því að veita fje úr landssjóði til hins og þessa. Í þingbyrjun var ákveðið, í því skyni að spara fje, að koma ekki með fjáraukalagafrv. á þessu þingi, heldur skyldu fjárbeiðnir koma fram í þingsályktunartill.formi, ef brýn nauðsyn væri. En nú eru þessar þingsályktunartill. orðnar svo margar, að sýnilegt er, að stór sparnaður hefði verið, að í stað þeirra hefði komið fram fjáraukalagafrv. Þingið er nú búið að standa í hálfan þriðja mánuð, og þingsályktunartill. hefir rignt niður allan þann tíma. Hafa eðlilega orðið um þær miklar umr. í báðum deildum þingsins, og þær þar af leiðandi kostað landssjóðinn mikið fje, án tillits til innihalds þeirra. Hefði fjáraukalagafrv. verið lagt fyrir þingið, hefði það tekið miklu minni umr. en allar þessar þingsályktunartill., sem verið er að koma með, auk þess sem líklegt er, að fjáreyðslan hefði ekki orðið eins mikil eins og með þessu móti, að vera að koma með eina og eina fjárveitingatill., og það fram á allra seinustu daga þingsins.

Um till., sem hjer liggur fyrir, vil jeg ekkert segja að svo stöddu, gef ekki um fyrirfram að binda atkv. mitt, og það því síður, sem jeg býst við, eins og jeg er þegar búinn að taka fram,

að henni verði vísað í fjárveitinganefnd og hún athuguð þar.

Forseti: Það er fyllilega rjett, sem háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) hefir bent á. En ástæðan liggur líklega í því, að þegar þingið kom saman, var ekki búist við, að það stæði eins lengi og raun er á orðin. Þess vegna mun hafa rignt svo miklu af þingsályktunartill. niður í þinginu.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 7 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 6 shlj. atkv. og til fjárveitinganefndar (sjá A. bls. 534) með 6 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., þriðjudaginn 2. júlí, var till. tekin til síðari umr. (A. 388, n. 428).

Frsm. (Eggert Pálsson): Jeg held, að það sje þýðingarlítið að fara mörgum orðum um till. þessa. Nefndin hefir fallist á efni og upphæð þá, sem farið er fram á í till., en vill breyta henni að formi.

Nefndin felst á að veita Reykjavíkurbæ 4000 kr. með því skilyrði, að fyrirtækinu verði hrundið til framkvæmda strax næsta vetur. Hún lítur svo á, að þess muni full þörf þá, og verði það ekki þá strax, þá virðist engin þörf á að veita fjeð nú, þar sem þing kemur saman aftur 1. júlí næsta sumar.

Hitt, að þingið gangi út frá, að sendir verði menn út til þess að kynna sjer málið og afla sjer sjerstakrar þekkingar til að standa fyrir því, telur nefndin ekki nauðsyn, en vill þó ekki beint banna það, ef bæjarstjórnin, er varðar mál þetta mestu, kynni að vera eða verða annarar skoðunar.

Jeg hefi svo ekki meira um mál þetta að segja.

ATKVGR.

Brtt. 428, 1. samþ. með 11 shlj. atkv.

— 428, 2. samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Sþ., með fyrirsögninni:

Tillaga til þingsályktunar um styrk til almenningseldhúss í Reykjavík,

---

Á 62. fundi í Nd., miðvikudaginn 3. júlí, og á 56. fundi í Ed., sama dag, var útbýtt frá Sþ.

Tillögu til þingsályktunar um styrk til almenningseldhúss í Reykjavík,

eins og hún var samþ. við síðari umr. í Ed. (A. 441).

Á 6. fundi í Sþ., laugardaginn 6. júlí, var till. tekin til umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem

ályktun Alþingis.

(Sjá A. 466).

---

16. Efniviður í róðrarbáta.

Á 48. fundi í Nd, fimtudaginn 13. júní, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um efnivið til opinna róðrarbáta (A. 349).

Á 49. fundi í Nd., föstudaginn 14.

júní, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 50. fundi í Nd., laugardaginn 15. júní, var till. tekin til einnar umr. (A. 349).

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Í raun og veru er það alt tekið fram í greinargerðinni, sem framsögumaður þarf að segja í þessu máli.

Jeg skal taka það fram, að það var eftir tillögum bjargráðanefndar, að þessum skýrslum um róðrarbáta var safnað. Þótti nefndinni þörf á að grenslast eftir, hvernig ástatt væri um útgerðina.

Eins og sjest í greinargerðinni, hafa allir, sem skýrslu hafa gefið, látið þá skoðun í ljós, að haldist vjelbátaútgerðin í svipuðu horfi sem hingað til, sje ekki bein þörf á að fjölga róðrarbátum. En fari svo, að hún teppist að meira eða minna leyti, sje ekki einungis þörf á að viðhalda þeim róðrarbátum, sem við höfum, heldur og brýn nauðsyn á að fjölga þeim.

Eins og nú stendur á, getum við búist við því á hverri stundu, að vjelbátaútgerðin teppist. Og komi það fyrir, er sjávarútvegurinn illa kominn, ef ekki er hægt að leita sjer bjargar á sjónum með öðru móti. En þá er og víst, að þeir róðrarbátar, sem við eigum til nú, eru alveg ónógir til að reka útgerð í líkingu við það, sem hingað til hefir verið gert.

Nefndinni duldist ekki, að erfitt yrði að útvega svo mikinn efnivið, sem þyrfti til þess að fjölga róðrarbátum að mun. En hins vegar þótti nefndinni sjálfsagt, að ekki yrði undir höfuð lagst að afla efniviðar til viðhalds þeim bátum, sem við höfum nú, en þeir eru um 2000 talsins eftir skýrslunum. Nú er hvergi til efniviður til báta, nema á Akureyri, og auk þess mun lítið eitt til hjer í Reykjavík.

Bjargráðanefnd leit svo á, að hjer væri um mjög verulegt bjargráð að ræða, og því mætti eigi dragast lengur að gera ráðstafanir til þess að bæta úr þessum skorti. Þær yrði að gera svo skjótt, að í haust yrði að minsta kosti nægur efniviður til viðhalds, og æskilegt, að nokkrar birgðir yrðu til aukinna bátasmíða.

Nefndin hefir ekki farið fram á að heimila stjórninni neina fjárhæð til þessa. Hún leit svo á, að þessir aðdrættir yrðu faldir landsversluninni, og kæmi kostnaðurinn þá fram í reikningum hennar.

Það má ganga að því vísu, að allerfitt muni að fá bátavið. Það veltur á því, hvort samgöngur vorar við Danmörku teppast. Danmörk er eini staðurinn, sem um er að ræða; þaðan gætum við fengið bátavið frá Svíþjóð. Og því fremur er ástæða til þess að vinda sem bráðastan bug að þessu máli, sem margir munu nú hræddir um, að samgöngur við Norðurlönd teppist.

Þessi orð mín heyrast ekki af hæstv. stjórn, þar sem enginn ráðherranna er viðstaddur hjer í salnum, en jeg vona, að greinargerðin sje nægileg til þess, að hæstv. stjórn sinni till.

Pjetur Ottesen: Jeg get ekki látið hjá líða að þakka háttv. bjargráðanefnd fyrir þessa till. Hún er orð í tíma talað, og álít jeg hana einhverja þá bestu og sjálfsögðustu bjargráðaráðstöfun, sem unt er að gera á þessu landi. Það getur altaf komið fyrir á þessum voðatímum, að aðflutningar geti tepst á þeim vörum, sem öll stærri útgerð er rekin með, en það eru steinolía og kol. Er þá ekki annað að leita en til róðr-

arbátanna. Og þá er nauðsynlegt að hafa nægan efnivið til þess að halda þeim við og fylla í skörðin.

Á síðasta þingi hreyfði jeg ásamt hv. 1. þm. Reykv. (J. B.) þessu máli í bjargráðanefndinni. Var okkur falið að leita upplýsinga um bátaviðarbirgðir hjer í Reykjavík. Það kom þá í ljós, að hjer voru þá mjög miklar birgðir af bátavið, svo að af frekari framkvæmdum í þessa átt varð ekki í það sinn.

En nú er altaf að kreppa meir og meir að, og upplýsingar þær, sem hv. frsm. (S. St) mintist á um opna báta, sem til eru í landinu, og efnivið til bátagerðar, sýna það, að það má ekki lengur dragast, að eitthvað sje aðhafst til tryggingar því, að ekki verði bátaskortur. Því að ef aðflutningar teptust, væri ilt, ef við þyrftum að standa sem glópar og hefðum ekki fleytu til þess að fara á út fyrir landsteinana.

Jeg vona því, að hæstv. stjórn verði vel við þessari áskorun og að háttv. deild láti till. ná fram að ganga.

Bjarni Jónsson: Mjer þykir vænt um að sjá þessa till, en þykist þó ekki þurfa að mæla með henni. Bæði hefir háttv. frsm. (S. St.) og háttv. þm. Borg. (P. O.) gert það rækilega, og svo bar jeg sjálfur fram þessa sömu till. fyrir nokkru. Mætti vísa háttv. þm. til ræðu minnar í því máli, er jeg auk þess hefi látið prenta. Jeg skal ekki endurtaka það, sem jeg sagði þá, en vænt þætti mjer um, ef nefndin vildi tína upp aftur þau atriði, er þeir drápu fyrir mjer um daginn, þar til þau væru öll komin til skila.

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Háttv. þm. Dala. (B. J.) kvað þessa till. upptíning úr fyrri till. hans. Auðvitað er till. engu verri fyrir það. En jeg skal þó geta þess, að áður en háttv. þm. (B. J.) bar fram till. sínar hafði bjargráðanefnd haft þetta mál til meðferðar og gert ráðstafanir til þess, að skýrslum um róðrarbáta yrði safnað.

Jeg skal ekki draga úr heiðri háttv. þm. Dala. (B. J.), en vildi að eins taka það fram, að hjer er ekki um neinn upptíning að ræða, heldur hafði nefndin þegar lagt drög fyrir, að þetta yrði gert.

Bjarni Jónsson: Jeg sagði ekki, að háttv. bjargráðanefnd hefði tínt þetta upp úr mínum till., en óskaði að eins, að hún vildi tína upp þau atriði, er feld hafa verið. Það er ekki auðvelt að vita, hvað nefndin gerir í pukri, en hitt liggur þó í dagsljósi, sem prentað er í þingskjölum og þingræðum.

Jeg ætla mjer ekki þá dul að vera vitrari en háttv. bjargráðanefnd. En mjer þykir vænt um, að hún tekur nú upp þessa till., er hún drap fyrir mjer um daginn með atkv. sínum.

Jeg vona, að þessi orðaskifti verði ekki til þess, að háttv. nefnd forðist að tína hið annað einnig upp, sem hún feldi fyrir mjer.

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Jeg skal að eins geta þess, að bjargráðanefnd hafði þegar athugað og haft til meðferðar mörg þau atriði, er háttv. þm. Dala. (B. J.) bar fram í tillögum sínum.

Bjarni Jónsson: Háttv. bjargráðanefnd er þá ekki eins bráðlát og þm. Dala. En annars ættu þeir, sem liggur á að komast heim af þingi, að kynna sjer málin fljótar og hraða þeim meir en þm. Dala., sem þarf alls ekki að komast heim.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. afgr. til Ed.

Á 46. fundi í Ed., þriðjudaginn 18. júní, var útbýtt
Tillögu til þingsályktunar um efnivið til opinna róðarbáta.
eins og hún var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 367).

Á 47. fundi í Ed., fimtudaginn 20. júní, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 48. fundi í Ed., föstudaginn 21. júní, var till. tekin til einnar umr. (A. 367.).

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg hjelt, að einhver mundi taka til máls, til þess að skýra hvernig ætlast er til, að þingsál. þessi verði framkvæmd, því að jeg álít till. sjálfa alls ekki nógu ljósa í því efni.

Þar er ekki beinlínis heimilað fje til þess að kaupa efnivið fyrir, ef landsstjórnin getur ekki útvegað hann með öðru móti.

En ef til þess er ætlast, að ekki verði lengra gengið en að landsstjórnin geri ráðstafanir til útvegunar hjá þeim, sem annast aðflutninga til landsins, þá er hægt við það að una, En eftir till. get jeg ekki búist við, að lengra verði gengið.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 8 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. afgr. sem

ályktun Alþingis.
(Sjá A. 386).

---

17. Erfðaábúð þjóðjarða og kirkjujarða.

Á 51. fundi í Nd., þriðjudaginn 18. júní, var útbýtt
Tillögu til þingsályktunar um erfðaábúð á þjóðjörðum og kirkjujörðum (A. 364).

Á 52. fundi í Nd., fimtudaginn 20. júní, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 53. fundi í Nd., föstudaginn 21. júní, var till. tekin til einnar umr. (A. 364).

Flm. (Björn R. Stefánsson): Þegar þing þetta kom saman í vor, hygg jeg, að það hafi verið vilji og von flestra eða allra utanbæjarþingmanna, að það stæði sem allra styst, enda var þá eigi búist við, að sambandsmálið tefði tímann, eins og nú hefir raun á orðið.

Þess má geta, að margir þingmenn í Reykjavík voru svo framsýnir, að þeir sáu fyrir, að þingið mundi standa lengi.

Þeir þm., sem vonuðu og vildu, að þingið stæði ekki lengi, komu sjer saman um að tefja ekki störf þess með því að flytja þau mál, er mættu bíða að skaðlausu næsta sumars. Að minsta

kosti voru samtök um þetta í þeim flokki, sem jeg telst til.

Eftir þessu samkomulagi hefi jeg hagað mjer og gengið lengra í því en átt hefði að vera, eftir því sem nú er fram komið. Því að jeg tel fjarri fara, að lög um erfðaábúð megi bíða að skaðlausu næsta sumars, hvort sem á það er litið frá sjónarmiði þeirra, sem vilja selja sem fyrst þessar þjóðareignir, sem og hinna, er vilja, að landið haldi þeim og heldur auki þær en eyði þeim.

Jeg tók það fram í fyrra, að ef byggingarskilmálar leiguliða væru ekki færðir í það horf, sem jeg teldi æskilegt, þannig að þeir hefðu sömu hvöt til að bæta ábúðarjarðir sínar eins og þeir ættu þær sjálfir, þá vildi jeg heldur, að landið seldi jarðirnar, heldur en láta við svo búið standa. En helst vildi jeg, að landið ætti jarðirnar áfram, ef hægt væri að búa svo um, að þær yrðu eins vel setnar og eins mikið bættar sem sjálfsábúðarjarðir. En það tel jeg að fengist með erfðaábúð í líkingu við það, sem gert var ráð fyrir í frv. því, sem jeg flutti í fyrra. Þar gerði jeg grein fyrir, hvernig jeg vildi koma þessu fyrir, að landbúnaðarnefnd svæfði málið.

Eftir þjóðjarðasölulögunum hefir stjórnin eiginlega ekki heimild til þess að neita um kaup á jörðum, nema hlunnindi fylgi jörðunum eða aðrar sjerstakar ástæður sjeu fyrir hendi. Þess vegna virðist mjer það liggja í hlutarins eðli, að þeim, sem eigi vilja selja jarðirnar, ætti að vera það áhugamál að stöðva eftirsókn leiguliða til þess að kaupa þær. En sje það eigi hægt með erfðaábúð, mun það eigi verða með öðru móti.

Kaupbeiðnirnar drífa að úr öllum áttum, svo að innan lítils tíma verða allar þær jarðir seldar, sem seldar verða, ef salan heldur áfram.

Jeg hafði jafnvel vonast eftir, að stjórnin mundi leggja fyrir þetta þing frv. um erfðaábúð. Því að mjer er kunnugt um, eftir því sem fram kom í fyrra að minsta kosti, að meiri hluti hennar er mótfallinn sölu þjóðjarða. Því hefði verið eðlilegt, að hún hefði flýtt fyrir erfðaábúðarlögunum, til þess að draga úr eftirsókninni.

Einnig veit jeg um allmarga leiguliða, sem eiga ósvarað frá stjórnarráðinu 1—2 ára gömlum kaupbeiðnum, að þeir ætluðu að bíða fram yfir þetta þing með að herða á svörunum og draga sig alveg til baka, ef á þessu þingi yrðu samþykt erfðaábúðarlög, svipuð frv. því, sem jeg flutti í fyrra.

Aðrir hættu við að sækja um kaup á býlum sínum síðastliðið vor, af sömu ástæðu. Þeir ætluðu að bíða og sjá, hvað þetta þing gerði. En jeg fæ eigi skilið, að þessum mönnum lítist biðin álitleg ef þessi till. verður feld.

Jeg drap á það áðan, að þeim, sem eigi vildu selja jarðirnar, ætti að vera það áhugamál, að erfðaábúðarlög kæmust á sem fyrst, og þeir hinir sömu menn ættu því að vera tillögu minni hlyntir, því að eins og menn vita og jeg hefi líka drepið á áður, verður bráðlega svo komið, ef salan heldur áfram, að ekki verður annað óselt af þjóðjörðum og kirkjujörðum en hlunninda- og kostajarðirnar mestu, sem eigi verða seldar, eða þær jarðir, sem eru sjerstaklega vel fallnar til stórfeldra umbóta. Þær einar verða þá eftir í höndum leiguliða.

En þar sem þjóðjarðasölumenn gera svo mikið úr því, hve sjálfsábúðarjarðir

sjeu betur setnar og betur ræktaðar, þá skil jeg ekki, að þeir geti unað við, að bestu jarðirnar sjeu í höndum leiguliða. Ef þeim er svo mikið áhugamál, sem virðist, um lakari jarðirnar, hjelt jeg, að þeir vildu tryggja landinu einhverjar umbætur á betri jörðunum.

Þá er að líta á þá hlið málsins, sem að landssjóði snýr. Flestir gera sjer glæsilegar vonir um framtíð þessa lands. Hjer verði mjög starfað að ýmsum verklegum framkvæmdum af landsins hálfu, og jarðir stigi þá í verði. Og mjer virðist rjettlátast, að hver njóti sinna verka. Ábúendurnir eiga að græða á sínum verkum, en eigi því, sem landssjóður lætur vinna. Samt vil jeg frem ur selja jarðirnar en halda ábúendum við þau kjör, sem þeir eiga nú við að búa.

Um þetta mál verður að eins ein umr., og sje jeg eigi ástæðu til þess að fela nefnd málið til meðferðar. Eftir kynni mínu af meðferð landbúnaðarnefndar á því í fyrra kýs jeg helst, að hún verði ekki látin fjalla um það, enda liggur það ljóst fyrir.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 12:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: S. St., Sv. Ó., Þorst. J., B. J., B. K., B. St., E. J., H. K., J. B., M. Ó., S. S., Ó. B.

nei: St. St., Þorl. J., Þór. J., E. A., G. Sv., J. J., M. G., M. P., P. O., P. Þ.

J. M. greiddi ekki atkv.

Þrír þm. (B. Sv., E. Árna. og P. J.) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem

ályktun neðri deildar Alþingis.

(Sjá A. 387).

18. Lán handa Álafossverksmiðju.

Á 51. fundi í Nd., þriðjudaginn 18. júní, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um lán handa klæðaverksmiðjunni á Álafossi (A. 366).

Á 52. fundi í Nd., fimtudaginn 20. júní, var till. tekin til fyrri umr.

Frsm. (Þorleifur Jónsson): Af því að þingsályktunartill. þeirri, er hjer um ræðir, fylgir engin greinargerð, þá verð jeg í fám orðum að skýra hana nokkuð frá sjónarmiði fjárveitinganefndar.

Eigendur klæðaverksmiðjunnar »Álafoss« sendu fjárveitinganefnd erindi, þar sem þeir fara þess á leit, að landssjóður láni þeim 100 þús. kr. til þess að auka og endurbæta verksmiðjuna. Í nefndu brjefi skýra þeir og frá, hvernig þeir hugsa sjer að verja fjenu, og er það á þennan hátt:

1. Til kaupa á fleiri vjelum til ullariðnaðar .	kr.	40,000
2. Til kaupa á vjelum til nærfata- og sokkagerðar	—	15,000
3. Til kaupa á vjelum til þorskanetagerðar . .	—	25,000
4. Til óhjákvæmilegra mannvirkja	—	20,000
Samtals	kr.	100,000

Eftir að fjárveitinganefndin hafði kynt sjer verksmiðjuna nokkuð nánar og fengið skýringar á því, í hverju endurbæturnar yrðu fólgnar, þá afrjeð hún að verða við beiðni verksmiðjueigenda og ber því fram till. á þgskj. 366. Hún varð að líta svo á, að hjer væri um afarþarft fyrirtæki að ræða, nokkurskonar bjargráð á þessum tímum, er landinu væri skylt að styðja, ef unt væri.

Það er öllum kunnugt, að í landinu sjálfu höfum vjer mikið meira en nóg efni til þess að klæða alt landsfólkið, nefnilega ullina. Og á þessum tímum er það hin mesta lífsnauðsyn að nota sem mest öll innlend efni, allar innlendar afurðir, til þess að vjer sjeum sem minst upp á aðrar þjóðir komnir, sem samband vort við getur slitnað þegar minst varir. Hygg jeg, að allir sjeu samdóma um það. Þess vegna verður að álíta ullarverksmiðjur og klæðaverksmiðjur nokkurskonar bjargráð. En til þess, að nokkur von sje til þess að fullnægja fataþörfum landsbúa, verður sem mest að notfæra sjer náttúruöflin til vinnunnar.

Hjer hafa nú ötulir framtaksmenn hafist handa. Keyptu þeir Álafossverksmiðjuna í fyrra og reka hana með dugnaði, að því er sjeð verður. Því fanst fjárveitinganefnd ekki óeðlilegt, að landið reyndi að styðja þá á þann hátt, sem hjer er farið fram á, með láni, til þess að bæta og fullkomna verksmiðjuna, svo að hún geti leyst meiri og margbreyttari störf af hendi.

Á síðari árum hafa verið flutt inn í landið kynstrin öll af fötum og fataefnum. Bæði er nú það, að aðflutningar geta tepst eða minkað þegar minst varir. Og þótt svo væri ekki, þá væri þó nokkru kostandi til að framleiða mikið meira en nú af fatnaði úr ullinni okkar, þar sem útlenda efnið er nú rándýrt og oft handónýtt.

Nærfötin útlendu og sokkarnir, sem hjer fást í búðunum, eru ekki við okkar hæfi. Alt er skjóllaust, endingarlaust og geipidýrt. Nú ætla þessir menn að fá sjer vjelar til sokkagerðar og nærfata. Er það í fyrsta sinni hjer á landi, að verksmiðjur gera tilraun til að framleiða prjónaðar vörur. Jeg skal geta þess, að jeg hefi heyrt, að hálfullarsokkar kostuðu nú hjer í verslunum kr. 2,50, en ef þeir væru unnir hjer úr íslensku efni í íslenskum tóvinnuvjelum, er ganga fyrir vatnsafli, myndu þeir að minsta kosti verða helmingi ódýrari. Mjer hefir verið frá þessu skýrt af kunnugum mönnum. Þá ætla þessir menn og að bæta við vefstólum og láta verksmiðjuna ganga nótt og dag. En nú mun ekki hægt að fá vefstóla, nema ef hægt væri að ná samkomulagi við eigendur »Iðunnar«. Og á þennan hátt hugsa eigendur Álafossverksmiðjunnar sjer að auka ullariðnaðinn, að bæta bæði við sig sokka- og nærfatavjelum og fjölga vefstólum.

Þá hafa þeir og hugsað sjer að koma upp vjelum til veiðarfæragerðar. Eftirspurn eftir þorskanetum er að aukast meir og meir. Mjer hefir verið tjáð, að í Vestmannaeyjum einum væru um 30 bátar, er stunda netaveiði. Þessir bátar þurfa hver 100—200 net, 60 faðma löng og 24 möskva djúp og möskvavídd 4 þuml. Netin er ekki hægt að fá búin til erlendis, og ómögulegt að fá eins mikið af þeim og þarf með handavinnu einni saman. Hjer ætlar nú Álafossverksmiðjan sjer að hjálpa. Til kaupa á vjelum til netagerðar ætla verksmiðjueigendurnir 25 þús. kr., og búast þeir þá við, að verksmiðjan geti fullnægt eftirspurninni úr Vestmannaeyjum og víðar.

Af þessu geta menn sjeð, að það sýnist vera um hið mesta þarfa- og nauðsynjamál að ræða, og þar sem hjer

eiga hlut að máli áhugamenn, sem vilja, að verksmiðjan geti framleitt enn meira, þá sýnist það þess vert að koma í móti þeim og rjetta þeim hjálparhönd með þetta fyrirtæki.

Jeg skal þá leyfa mjer að minnast örlítið á verksmiðjuna sjálfa. Álafoss, sem verksmiðjan er kend við, er, eins og kunnugt er, í Varmá í Mosfellssveit. Það er sá kostur við það vatnsfall, að vatnið í því er altaf volgt. Það afl, sem vatnið hefir nú, nemur 25 hestöflum með þeirri fallhæð, sem það hefir nú; en þetta er oflítið, og þess vegna hafa eigendurnir fengið verkfræðing til þess að skoða vatnsaflið og allan útbúnaðinn; hefir hann áætlað svo, að ef stýflugarðurinn, sem er á fossbrúninni, væri hækkaður um eina stiku, fengist afl, sem næmi 40 hestöflum. Þetta ætla eigendurnir að gera, og jafnframt ætla þeir að stækka húsrúm verksmiðjunnar um 220 ferstikur; á það alt að byggjast úr steinsteypu, en hin nýja áætlun, sem þeir hafa fengið yfir húsagerðina og stýflugarðinn, nemur 42000 krónum. Það, sem því þarf að leggja í verksmiðjuna, til þess að hún geti fullnægt þeim kröfum, sem þeir hugsa sjer, verður 122,000 krónur. Þeir búast við að geta fengið 100,000 króna lán úr landssjóði, en 22000 krónur ætla þeir að leggja til sjálfir.

Nýju eigendurnir, Sigurjón kaupmaður Pjetursson og fjelagar hans, keyptu verksmiðjuna í fyrra, og kostaði hún þá 85000 krónur. Skuldir, sem á henni hvíla, mest við banka, eru 58700 kr.; skuldlaus eign verður þá 26300 krónur, auk rúmlega 9000 króna, sem var rekstrarágóði árið 1917, sem eigendurnir hafa varið til ýmsra endurbóta á fyrirtækinu, svo að nú má telja 35000 krónur skuldlausa eign.

Fjárveitinganefndin hefir ætlast til, að landssjóður lánaði út á alt það, sem óveðsett er af verksmiðjunni, en það eru þá nær 35000 krónur, og svo nýju viðbótina, sem búast má við að verði um 120,000 krónur. Það yrði þá í óveðsettri eign um 155,000 kr., og svo kæmi til persónuleg ábyrgð verksmiðjueigendanna sjálfra. Þeir eru þrír, og munu að minsta kosti tveir þeirra vera vel stæðir menn, sem óhætt sje að trúa fyrir nokkru. Nefndin álítur því, að engin sjerstök hætta sje fyrir landssjóð að lána þetta. Eins og sjest af till., er gert ráð fyrir, að lánið verði borgað á 20 árum með jöfnum afborgunum og 5% í vexti, en það eru sömu kjör og hinar verksmiðjurnar hjer á landi hafa fengið.

Þá skal jeg geta þess, að nefndin hefir nokkuð kynt sjer reikninga verksmiðjunnar síðastliðið ár, eða einkanlega frá þeim tíma, er hinir nýju eigendur tóku við henni, frá 1. ágúst til ársloka. Rekstrarkostnaðurinn hefir alls numið 25451 kr., þar af kaup verkafólksins 8499 kr. og fæðiskostnaður þess 2704 kr. Alls varð hreinn ágóði 9121 kr., og kom sá ágóði einkanlega eftir 1. ágúst. Fyrirtækið sýnist því vel lífvænlegt til frambúðar, og má búast við, að það blómgist því betur, sem það getur betur fært út kvíarnar og fullnægt betur eftirspurn almennings, en nú fullnægir verksmiðjan ekki nándar nærri þeirri eftirspurn, sem orðin er síðan hún varð sú einasta verksmiðja hjer á Suðurlandi, sem vinnur úr ull, eftir að »Iðunn« fjell úr sögunni.

Þó að nú þingið gefi fyrirheit um þetta lán, þá er þrátt fyrir það ekki hægt að segja með neinni vissu, að stjórnin hafi fje handbært til að lána, en jeg býst við, að svo framarlega sem fjeð verður fyrir hendi myndi stjórnin verða fús til þess, ef þingið vildi samþ. þessa till., því að næst eftir því að forða okkur frá hungri kemur það að hjálpa

við fataþörf landsbúa, og svo er hitt, að ekki er lítið í það varið að geta átt kost á því innanlands, að bætt sje úr veiðarfæraskorti þeirra, er sjó stunda.

Jeg vænti nú, að háttv. deild taki vel þessari till., og sje ekki ástæðu til að fara nánar út í málið að sinni. Býst jeg líka við, að háttv. deild geti nokkurn veginn áttað sig á því, sem hjer er á ferðinni.

Fjármálaráðherra (S. E.): Það er að eins örlítil athugasemd. Það stendur hjer í síðari lið till., að »lánið veitist gegn veði í verksmiðjunni og ábyrgð, er stjórnin tekur gilda . . .«, en mjer heyrðist á háttv. frsm. (Þorl. J.), að hann slægi því föstu, hvernig ábyrgðin ætti að vera; en hjer stendur: ». . . ábyrgð, er stjórnin tekur gilda . . .«, en þá er, skilst mjer, búið að taka fram, hvernig ábyrgðin eða tryggingin eigi að vera. Það var að eins þessi athugasemd, sem jeg vildi gera.

Frsm. (Þorleifur Jónsson): Það getur vel verið, að það megi líta svo á, sem hæstv. fjármálaráðherra gat um, að það, sem jeg ljet um mælt um ábyrgðina, komi ekki vel heim við orðalag tillögunnar, og gæti því verið rjettara, að nefndin taki það til athugunar milli umr., hvort þörf sje á breytingu á orðalaginu. En meining nefndarinnar var nú sú, að stjórnin mundi láta sjer nægja — auk þess sem lagt er í verksmiðjuna, — persónulega ábyrgð eigendanna, og finst mjer í sjálfu sjer, að þegar stjórnin hefir heyrt þann vilja þingsins, ef háttv. deild samþykti það, geti hún vel staðið sig við það að fara eftir honum og lána út á persónulegar ábyrgðir það, sem veðið ekki fullnægir.

Magnús Guðmundsson: Jeg ætla að eins að benda háttv. fjárveitinganefnd og frsm. hennar (Þorl. J.) á, að ef það er meiningin, að það eigi að eins að vera persónuleg ábyrgð eigenda verksmiðjunnar fyrir láninu, þá er óþarfi að taka það fram, því að þeir ætla sjálfir að taka lánið, og ábyrgjast þá sem lántakendur. Þess vegna er það hlægilegt að nefna persónulega ábyrgð þeirra. Ef það því er meiningin, að eigendur verksmiðjunnar taki lánið sjálfir, og engin önnur trygging sje en veð í verksmiðjunni, þá þarf að laga till. á þann hátt, að orðin: »... og ábyrgð, er stjórnin tekur gilda . . .« falli burt. Annars er jeg mótfallinn þessari lánsheimild og vil, að heimtuð sje næg trygging, ef í lánið er ráðist. Það sýnist meiningarlítið að vera að heimila lán nú úr landssjóðnum, þegar hann sjálfur verður að taka stórlán hvað eftir annað.

Björn Kristjánsson: Það er út af orðalagi till., sem jeg vil gera ofurlitla athugasemd, — af því að mjer er kunnugt um, að verksmiðjan er veðsett fyrir, þá er nauðsynlegt að taka það fram, hvort hjer sje um 1. eða 2. veðrjett að ræða. Jeg veit, að verksmiðjan er veðsett Landsbankanum með 1. veðrjetti, en till. segir ekkert um það, en jeg ætla, að orðalag till. verði athugað dálítið betur, því að eins og hún liggur fyrir, mætti skilja hana svo, sem það væri 1. veðrjettur, sem stjórnin ætti að taka. Reyndar hefir það komið fram hjá háttv. frsm. (Þorl. J.), að það væri veðrjettur á eftir öðrum veðrjetti, en það er betra að taka það fram í till. sjálfri, enda er það miklu skýrara og rjettara, að það felist í till. sjálfri, hvað meint er.

Frsm. (Þorleifur Jónsson): Jeg skal að eins leyfa mjer að taka það fram, að eftir því, sem fram kom hjá

háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.) og háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.), býst jeg við, að nefndin taki þetta til athugunar milli umr. En jeg sje ekki, að það sje í sjálfu sjer svo nauðsynlegt að breyta till.; jeg býst ekki við, að nefndin hugsi sjer að draga neitt úr ábyrgð þeirri, er stjórnin hefir, þótt þessi bending væri gefin um ábyrgðina. En ef nefndinni sýnist að orða till. á einhvern annan hátt, þá er sjálfsagt, að hún tekur málið til athugunar.

Sveinn Ólafsson: Mjer virðist full tryggilega gengið frá till. þessari og engin þörf á breytingu. Það skiftir litlu, hvort nefndur er 1. veðrjettur eða ekki, úr því að till. áskilur stjórninni óskoraðan rjett til að heimta það veð, sem henni þykir fullnægjandi. Jeg get því ekki betur sjeð en að þetta sje svo tryggilega útbúið, sem framast má verða; jeg veit ekki, hvort hægt er að ganga betur frá því. Bendingar frsm. (Þorl. J.) breyta ekki skýlausum ákvæðum tillögunnar.

Matthías Ólafsson: Hjer stendur svo á, að þetta er ekki hlutafjelag, heldur fjelag með ótakmarkaðri ábyrgð; það er því óþarfi að taka nokkuð fram um persónulega ábyrgð, nema því að eins, að eignir fjelagsins sjeu áður veðsettar, og því væri heimtuð meiri ábyrgð, að stjórnin gerði sig ekki ánægða með efni þessara manna, heldur vildi hafa meiri tryggingu. Þar af leiðandi er þetta alls ekki ósanngjarnt; hún getur því vel krafist, að fleiri gangi í ábyrgð fyrir þessa menn.

En svo getur vel verið, að þessi verksmiðja verði gerð að hlutafjelagi með takmarkaðri ábyrgð seinna meir, og þá er ekki gott að segja, hvort þeir væru í ábyrgð á eftir; það gæti að minsta kosti leikið vafi á því, eða jafnvel orðið dómstólamál úr því. Þess vegna álít jeg, að till. sje alveg rjett orðuð.

Fjármálaráðherra (S. E.): Hv. frsm. (Þorl. J.) tók það beinlínis fram, hvernig tryggingunni ætti að verða fyrir komið, og út frá því sjónarmiði sagði jeg nokkur orð áðan. En ef þingið segir það fyrirfram, hvernig ábyrgðin á að vera, hvers vegna er þá látið standa í till.: »ábyrgð, er stjórnin tekur gilda«? En háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) tók það fram, að stjórnin ætti að ákveða trygginguna, og það var einmitt það, sem jeg vildi fá skýrt og greinilega fram, hvort það væri meining þingsins að taka sjálft fram, hvernig tryggingin ætti að verða, sem auðvitað er best fyrir stjórnina, eða hvort stjórnin ætti alveg að ráða því, hvernig tryggingunni væri fyrir komið, — en þá geri jeg ráð fyrir, að stjórnin heimti alveg fullkomna tryggingu, og það má þingið líka vita.

Gísli Sveinsson: Jeg verð að vera sammála hæstv. fjármálaráðherra um það, að ef það er meiningin, að stjórnin á ekki á sína ábyrgð að ákveða tryggingu þá, sem í till. getur, þá er óþarft að orða till. svona; þá er hægt að segja það beinum orðum, hvernig tryggingin á að vera. En jeg vil ekki, að ábyrgðin sje tekin úr höndum stjórnarinnar, vegna þess, að það er og á að vera algild regla, þegar lánsheimildir eru gefnar, sem stjórnir eiga að fara með, að þær eigi eftir sínu viti að ákveða ábyrgðina, ákveða, hvernig lánið skuli veitt, og að öðru leyti ákveða tryggingunа, nema því að eins, að hún sje ákveðin í þeim lögum eða till., sem um ræðir.

Það þarf ekki heldur að orka tvímælis, þótt ekki standi í till. 1. eða 2. veðrjettur, því að reglan er, að slík ákvæði gilda ekki eingöngu 1. veðrjett, heldur og 2. eða 3. veðrjett o. s. frv. En í

yfirliti því, sem háttv. frsm. (Þorl. J.) gaf, taldi, hann að nokkuð væri óveðsett eftir af því, sem verksmiðjan með öllu tilheyrandi gæti talið til veðs.

Jeg skal ekkert um það deila, því að mjer er málið alveg ókunnugt, eða ókunnugt um, hvað þar getur verið afgangs óveðsett, en hitt virðist liggja í augum uppi, að ef á að taka veðrjett í því, sem nýtt kemur, þá getur það ekki verið nema 1. veðrjettur. En óneitanlega er það dálitið valt, þó að menn vilji gera verksmiðjunni alt gott, sem hægt er, að taka þann veðrjett, sem kæmi í því, sem gera ætti við fjeð. Mjer skilst þá, að það þyrfti töluvert eftirlit með því, að þetta fje verði þá eingöngu notað til þess að byggja og bæta við verksmiðjuna með því Það er sjálfsagt rjett, að eigendurnir sjeu, úr því að það er ekki hlutafjelag, nokkur trygging, en það er alls ekki sjálfsagt, að þeir leiti ekki frekari ábyrgðar, fái menn til þess að vera í ábyrgð með sjer um þetta. Þess vegna vildi jeg slá striki yfir þetta, að binda álit stjórnarinnar eingöngu við það, að lántakandi stæði ábyrgur, heldur ættu þeir að afla sjer meiri ábyrgðar, eftir því sem stjórnin teldi þeim skylt. Jeg verð að segja, að það ætti að vera nokkurn veginn trygt að gera það, því að jeg býst við, að það sjeu fleiri en háttv. þm., sem fylgja þessu máli með talsverðri athygli, að það sje álit allmargra manna, að hjer geti verið um blátt og bert gróðafyrirtæki að ræða. (**E. A.**: Nei, það er bjargráðafyrirtæki).

Það á ekki heldur hjer að veita neinn styrk; það er að eins verið að tala um lán, sem á að tryggja, en það hefir líka komið fram hjá háttv. nefndarmönnum, að þeir eru ekki á eitt sáttir um þetta. Mjer virtist háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) skilja það svo, að hjer eigi, ef stjórnin telur það heppilegt, að koma fram meiri ábyrgð en eigendanna, er taka lánið. En háttv. frsm. (Þorl. J.) skýrði það nokkuð á annan veg.

Jeg hygg því, að heppilegra væri, að nefndin athugaði þetta mál enn á ný milli umr., svo að þingið þurfi ekki að ganga að því gruflandi, hver meiningin er um þetta atriði, og hvort það er tilætlunin að afgreiða það á þann hátt, að setja stjórninni einhverjar frekari skorður heldur en till. ber með sjer, eins og hún er nú.

Matthías Ólafsson: Jeg skildi ummæli háttv. frsm. (Þorl. J.) svo, sem hann væri að taka fram um veðhæfileikana, til þess að sýna hv. þingdm. fram á, að það væri ekki óglæsilegt að lána fje til þessa fyrirtækis, þegar hann er auk þess búinn að sýna fram á, að þetta er líka bjargráðaráðstöfun, en ekki á nokkurn hátt til þess að draga úr ákvæðum till. um ábyrgðina. Og till. segir að eins það, að stjórnin láni þetta fje gegn þeirri ábyrgð, er hún taki gilda, en ekkert um það, hvort eigi að taka ábyrgð þessara manna, eða heimta meira, ef hún áliti svo. Því að vilji hún heimta meiri tryggingu, þá getur hún gert það. En á hinn bóginn ef henni þykir tryggingin næg, þá mun það látið óátalið af þinginu. Þess vegna fæ jeg ekki sjeð, að nokkur ástæða sje til þess að breyta orðalagi till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 16 : 1 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 16 : 1 atkv.

Á 53. fundi í Nd., föstudaginn 21.

júní, var till. tekin til síðari umr. (A. 366).

Frsm. (Þorleifur Jónsson): Jeg skal geta þess, í sambandi við athugasemdir, er hjer komu fram við orðalag till. við fyrri umr. þessa máls, að nefndin hefir íhugað hana síðan og orðið ásátt um að breyta eigi orðalaginu. Nefndin vildi ekki draga neitt úr ábyrgð þeirri, sem stjórnin hefir og á að hafa í þessu máli. Þetta er heimild fyrir landsstjórn ina til þess að lána, og nefndin vill ekki draga úr því, að hún heimti þær tryggingar, er henni finnast henta, til þess að geta sjeð hag landssjóðs borgið.

Stjórnin hefir því heimild til að lána eigendum verksmiðjunnar, gegn veði í verksmiðjunni sjálfri, að því leyti, sem hún er ekki veðbundin áður, og gegn ábyrgðum þeim, er hún tekur gildar. — Það sem jeg ljet um mælt við fyrri umr. var, að nefndinni virtist, að fyrirtæki þetta stæði alltraustum fótum, með bakhjöllum þeim, sem nú eru eigendur, og því mundi ekki þurfa að óttast að lána eigendum út á það. En þess átti ekki að vera varnað, að stjórnin heimtaði frekari ábyrgðir, ef henni að rannsökuðu máli þætti þetta ekki fullnægjandi Það var aldrei meining mín eða nefndarinnar, að neitt fjetál ætti að komast hjer að. En við nánari athugun má sjá, að þó að eigendur þeir, sem nú standa að verksmiðjunni, sjeu vel stæðir menn, þá geta orðið eigendaskifti að hlutum í svona fyrirtæki, og það áður en kemur til að lána, og því er sjálfsagt, að stjórnin hafi allan veg og vanda af tryggingunum.

Jeg hygg, að jeg þurfi ekki að eyða að þessu frekari orðum, en vænti, að háttv. deild taki till. vel og leyfi henni fram að ganga á þeim grundvelli, sem hún hljóðar um.

ATKVGR.

Till. samþ. með 13 : 2 atkv. og afgr. til Ed.

Á 49. fundi í Ed., mánudaginn 24. júní, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um lán handa klæðaverksmiðjunni á Álafossi,

eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 389).

Á 50. fundi í Ed., þriðjudaginn 25. júní, var till. tekin til fyrri umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg legg það til, að málinu verði vísað til fjárveitinganefndar.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 7 shlj. atkv. og til fjárveitinganefndar (sjá A. bls. 538) með 7 shlj. atkv.

Á 61. fundi í Ed., miðvikudaginn 10. júlí, var till. tekin til síðari umr. (A. 389, n. 471).

Frsm. (Eggert Pálsson): Jeg hefi litlu að bæta við það, sem tekið er fram í nál. þgskj. 471. Jeg hygg, að allir háttv. þm. geti verið sammála um, að það sje nauðsynlegt að styðja að slíkri framleiðslu, er hjer um ræðir. Það færi óneitanlega best á því að vinna sem mest klæði úr ull vorri, svo að vjer þyrftum ekki að kaupa erlendan klæðnað. Það má að vísu fá erlendan klæðnað, sem er jafngóður og sá, sem vjer höfum, en hann kostar þá svo mikið fje, að það er flestum ofvaxið að kaupa hann.

Hjer er farið fram á að styrkja með lánveitingu klæðaverksmiðjuna á Álafossi, svo að hún verði fær um að afkasta meiru en verið hefir. Hjer er að ræða um stóra lánsupphæð, 100,000 kr., eftir íslenskum mælikvarða, en ef slík lánveiting gæti orðið til þess, að klæðaverksmiðjan gæti afkastað meira og betra verki, þá dylst mjer ekki, að rjett sje að veita lánið, einkum ef lánið er jafnframt sæmilega trygt, og nefndin lítur svo á, sem svo megi telja. Verksmiðjan verður fullkomnari og meira virði fyrir endurbæturnar en áður, og auk þess leggja eigendurnir fram aðra tryggingu, sjálfskuldarábyrgð eða annað, sem stjórnin samþykkir. Líta ber og á það, að endurbætur þær, sem á að gera, kosta meira en 100,000 kr., eða lánsupphæðina, því að eigendurnir ætla að leggja fram 22,000 kr. til þeirra frá sjálfum sjer, svo að allar endurbæturnar koma til að kosta 122,000 kr.

Í nál. er það tekið fram, að 20,000 kr. verði varið til ýmsra óhjákvæmilegra mannvirkja, og er það aðallega til þess að auka vatnsmagnið. Vatnsmagn það, sem nú fæst, er 25 hestöfl, en ef flóðgarðarnir eru hækkaðir um 1 metra, þá verður það aukið upp í 40 hestöfl, en auk þess ætla eigendurnir að taka til notkunar annan foss, sem er neðar í ánni, og nota hann annaðhvort til netagerðar, eða til þess að framleiða ljós og hita, en það er nú gert með afli frá efra fossinum. Við þetta eykst líka vatnsaflið, svo að verksmiðjan ætti að geta afkastað enn meiru.

Mál þetta er ekki flókið. Ef menn vilja styðja og efla framleiðslu þessa, er rjett að samþ. till., og jeg hygg, að hv. Ed. gæti, eins og hv. Nd., látið sjer nægja að fela stjórninni að fara með tryggingunа og gæta þess, að hún verði sem best.

ATVKGR.

Till. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem

ályktun Alþingis.
(Sjá A. 476).

---

19. Raflýsing Laugarnesspítala.

Á 53. fundi í Nd., föstudaginn 21. júní, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um raflýsingu á Laugarnesspítala (A. 382).

Á 54. fundi í Nd., mánudaginn 24. júní, var till. tekin til fyrri umr.

Frsm. (Magnús Pjetursson): Ástæðan til þess, að fjárveitinganefnd hefir komið fram með þessa till., er sú, sem allir vita, að á Laugarnesspítala er alt lýst með steinolíu. Steinolíuljósin hafa þar sem annarsstaðar mikla galla, þurfa mikils viðhalds, óþrifnaður talsverður að þeim, og síðast en ekki síst stafar brunahætta af þeim, þar sem spítalinn er timburhús. En að þessi till. kemur nú fram stafar aðallega af því, að erfitt er að halda við ljóstækjunum. Skortur er á steinolíulömpum, og ef eitthvað bilar í þeim, þá er ekki ætíð hægt að fá sömu tegund í staðinn, og verður því oft að kaupa nýja lampa, þó að ekki vanti annað en lampaglas, kveik, dreifara eða því um líkt. Og sjerstaklega hefir það ýtt undir nefndina með að koma með þessa till., að svo gæti farið, að alls ekki yrði unt að útvega steinolíulampa.

Hjer hafa nú verið settar upp smárafmagnsstöðvar, og hafa þær flestar reynst vel. Kostnaðurinn við að koma þessari stöð upp yrði 23165 kr., sam-

kvæmt tilboði, er gert hefir verið. Gert er ráð fyrir, að 6 hesta vjel framleiði rafmagnið, og er hún og alt, sem til heyrir, innifalin í þessu tilboði.

Nefndin hefir ekki fengið fullkomlegar upplýsingar um það, hvort rafmagnsstöð sje ódýrari í rekstri en steinolíuljós. Þeir menn, er hafa komið sjer upp smárafmagnsstöðvum, hafa ekki langa reynslu í því efni, og reynslu þeirra ber ekki saman. Sumir segja, að rafmagnsljós sjeu mun ódýrari. Einn maður hefir t. d. látið það í ljós við nefndina, að 100 kerta rafmagnsljós kosti 8 aura um klukkustund, en sama steinolíuljós 17 aura, með því olíuverði, sem nú er. Má því búast við, að rafmagnsljósin verði ekki mun dýrari, en sá er munurinn á, að miklu minni vinnu þarf við þau en steinolíulampa. Og þar að auki er talsverð áhætta að nota steinolíulampa þar, sem sjúklingar eru margir veikir og svo farlama, að þeir geta ekki notað hendurnar, og eru ósjálfbjarga, ef bruna bæri að höndum. Ekki myndi þurfa að bæta manni við til þess að hirða vjelina; það gætu sjúklingarnir annast.

Jeg býst við, að margir muni segja, að óþarfi sje að koma þessari stöð upp nú, þar sem þess muni skamt að bíða, að komið verði upp aflstöð fyrir bæinn. Þetta er að vísu rjett, að bærinn muni koma sjer upp rafmagnsstöð áður en líður á löngu. En þó að sú stöð komi, er hjer ekki kastað út miklu fje. Allar leiðslur og lampa er þá hægt að nota áfram, og þarf ekki að kaupa þá hluti oftar en einu sinni. Það yrði þá að eins vjelin og rafmagnsgeymirinn, sem yrði óþarft. En gera má ráð fyrir því, eftir því sem horfur eru á, að menn muni setja upp smáaflstöðvar víða úti um land, og eru fullar líkur til þess, að þá megi selja vjelina og rafmagnsgeyminn án affalla. Þarf því ekki að óttast, að þessu fje verði á glæ kastað, heldur muni fást sæmilegt verð fyrir alt það, er síðar kann að verða óþarft á spítalanum.

Eins og jeg tók áður fram, er ekki hægt að segja með fullri vissu um rekstrarkostnaðinn. Nefndin hefir ekki fengið beina áætlun um hann. En sú er reynsla sumra manna, að rafmagn sje ódýrara en steinolía. Maður sá, er gert hefir tilboð um að koma stöðinni upp, kveður rekstrarkostnaðinn munu verða minni, en aftur segja aðrir, að hann muni verða fult svo hár. Hefir nefndin því ekki getað áttað sig á þessu atriði.

Það er óhætt að segja, að rekstrarkostnaðurinn geti orðið meiri, en þá fæst líka meira ljósmagn en áður fyrir sama verð.

Vjer spurðum líka mann þann, er tilboðið gerði, hvort ekki myndi verða hægt að spara þá olíu, sem notuð er þar á spítalanum til suðu, og áleit hann, að vafalaust mundi mega spara steinolíuvjelar þær og »prímusa«, sem notaðar eru til kaffihitunar.

Jeg get þá ekki gefið frekari upplýsingar í svip, þótt verið geti, að jeg þyrfti að taka fleira fram. En ef jeg skyldi geta gefið einhverjar frekari upplýsingar, sem háttv. þm. þætti æskilegt að fá, þá vona jeg, að þeir láti til sín heyra.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 13 shlj atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 13 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Nd., þriðjudaginn 25. júní, var till. tekin til síðari umr. (A. 382).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 11 : 1 atkv. og afgr. til Ed.

Á 51. fundi í Ed., miðvikudaginn 26. júní, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um raflýsingu á Laugarnesspítala,

eins og hún var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 398).

Á 52. fundi í Ed., fimtudaginn 27. júní, var till. tekin til fyrri umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg leyfi mjer að leggja til, að þingsályktunartill. þessari verði vísað til fjárveitinganefndar að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 10 shlj. atkv. og til fjárveitinganefndar (sjá A. bls. 534) með 8 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., þriðjudaginn 2. júlí, var till. tekin til síðari umr. (A. 398, n. 427).

Frsm. (Eggert Pálsson): Það væri ef til vill þörf að fara nokkrum orðum um þessa till., þar sem hjer er um allháa fjárupphæð að ræða.

Málaleitanir þessar byggjast á brjefi frá spítalalækninum til stjórnarráðsins, dags. 4. apríl 1918, og hygg jeg, að skýringar málsins komi best fram með því að lesa brjefið, og vil jeg því með leyfi hæstv. forseta gera það. Það hljóðar svo:

»Jeg leyfi mjer virðingarfylst að mælast til þess við hið háa stjórnarráð, að reynt verði að útvega aukafjárveitingu hjá Alþingi 1918 til rafljósastöðvar á Laugarnesspítalanum á næsta sumri, alls, samkvæmt hjálagðri áætlun þeirra rafmagnsfræðinganna Halldórs Guðmundssonar og E. Jensen, að upphæð kr. 23165,00.

Það hefir verið tilfinnanlegt mjög frá stofnun spítalans, hve óhentugt hefir verið á slíkri stofnun að verða að notast við steinolíulampa, vegna óþrifa, loftspillis og ekki síst vegna sífeldrar brunahættu, þar sem fult er af fólki, sem er blint eða kann hvorki höndum nje fótum forráð.

Ástæðan til þess, að jeg tel bráðnauðsynlegt að fá þessu komið í lag fyrir haustið, er sú, að spítalinn hefir í vetur verið í mestu vandræðum með að viðhalda steinolíulömpunum; það hefir verið nálega ómögulegt að útvega nýja lampa fyrir þá, sem hafa gengið úr sjer. Ráðsmaður kveðst ekki geta útvegað brennara eða ljósdreifara í verslununum, sem passi, og oft hörgull á hæfilegum kveikjum.

Það gæti því vel farið svo, að ekki yrði hægt að brúka steinolíuljós á spítalanum næsta vetur, þótt hægt yrði að fá steinolíu, vegna lampaskorts«.

Það er bert af brjefi læknisins, að mikil nauðsyn er á raflýsingu. Lækninum hefir verið sent tilboð um að koma upp raflýsingunni fyrir 23165 kr. Gilti tilboðið til 30. maí, en þótt nú sje komið fram yfir þann tíma, taldi nefndin líklegt, að þeir, sem tilboðið gerðu, standi enn við það. Að svo vöxnu máli taldi hún því ekki ástæðu til að gera ráð fyrir meiri kostnaði en áætlaður var í umræddu tilboði. Í sambandi

við þetta er rjett að geta þess, að ekki er ástæða til að halda, að rafmagnsvekjararnir, sem nú verða keyptir, þyrftu að verða ónýtir, þótt raflýsing í stærri stíl kæmist á hjer í Reykjavík og spítalinn fengi rafmagn þaðan. Rafmagnsvekjarana mætti þá vafalaust selja til notkunar á öðrum stöðum.

Það væri óráðlegt að verða ekki við þessari nauðsyn. Það má ekki verða dimt í þessari stofnun, sem landið á að sjá um, sem viðbúið er vegna lampaleysis, jafnvel þótt olía verði til. Það er, eins og allir sjá, bráð nauðsyn á að leggja út í þetta, svo framarlega sem kostnaðurinn fer ekki að áliti stjórnarinnar fram úr allri sanngirni.

ATKVGR.

Till. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem

ályktun Alþingis.
(Sjá A. 439).

---

20. Mentaskólinn.

Á 53. fundi í Nd., föstudaginn 21. júní, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um hinn almenna mentaskóla (A. 383).

Á 54. fundi í Nd., mánudaginn 24. júní, var till. tekin til meðferðar, hverning ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 55. fundi í Nd., þriðjudaginn 25. júní, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 56. fundi í Nd., miðvikudaginn 26. júní, var till. aftur tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 59. fundi í Nd., laugardaginn 29. júní, var till. enn tekin til einnar umr. (A. 383).

Flm. (Bjarni Jónsson): Mjer þykir leitt, að kenslumálaráðh. skuli nú ekki vera hjer viðstaddur, því að þessu er sjerstaklega til hans beint. En jeg mun þó segja örfá orð til stuðnings þessari till. minni.

Það heyrist talað um töluverðan metnað milli eldri stúdenta og yngri. Sumir af mínum samferðamönnum tala heldur í þá átt um stúdentana, að þeir sjeu lakari nú en áður, en jeg get ekki skorið úr því; jeg þekki þó svo marga af þeim, að jeg get ekki sagt, að það sje neinn sjerlegur munur á þeim. Menn eru enn þá gáfaðir, eins og þeir voru áður, vel að sjer, það er gott að kenna þeim og þeir eru fljótir og skynugir, eins og tíðkaðist í mína daga. Það er það einasta, ef um mun er að tala, að það sje eins og einhver annar blær yfir mentun þeirra, og mjer skilst það liggja í því, að þeir eiga að læra á skemri tíma. Þeir eiga að læra hávaðann af því, sem kent var í lærða skólanum, á þremur árum í mentaskólanum, því að jeg tel þá ekki byrjaða fyr en þeir koma úr gagnfræðadeildinni. Jeg er því ekki í vafa um, að það er flýtislærdómur, og hefir þess vegna ekki, þegar þeir verða stúdentar, fengið jafnlangan tíma til þess að gróa í hug þeirra og búa um sig þar. Þetta hygg jeg munu reynast svo, sem jeg hefi nú sagt, ef eldri og yngri skólinn eru bornir saman, og jeg efast ekki um, að það er til töluverðs ógagns. Það kemur nefnilega yfir á þeirra háskólatíma nokkuð af þeirri þroskavinnu, sem á að vera lokið í lærða skólanum. Einungis út frá þessu

sjónarmiði hygg jeg, að vel geti átt við að breyta skólanum í það horf, sem jeg fer nú fram á. Það hefir reyndar komið fram till. frá einum kennara við almenna mentaskólann, sem mundi bæta nokkuð úr þessu. Jón Ófeigsson lagði það til, — jeg ætla, að till. hans liggi hjá stjórnarráðinu, — að bæta inn í einum bekk á milli gagnfræðadeildarinnar og lærdómsdeildarinnar, og skal jeg játa, að sú breyting yrði að vissu leyti til bóta og mundi jafna nokkuð þann mun, sem er á milli yngri og eldri manna, svo að þeim yngri yrði ekki ofboðið þegar á fyrsta vetri lærdómsdeildarinnar með of hörðum kröfum.

En það er líka annað, sem jeg vildi minna á, sem ekki stendur í sambandi við mentaþroska stúdenta allra, heldur lærðra manna. Það hefir verið mjög mikil aðsókn að þessum skóla, og sjerstaklega hefir hún vaxið síðan hann var tengdur við gagnfræðaskólann, eftir að menn þurftu ekki annað en gagnfræðapróf til þess að ganga inn í mentaskólann.

Nú hafa sumir kennarar álitið sjer heimilt að stöðva suma menn. Mun það nokkuð hafa verið með það fyrir augum, að annaðhvort væru þeir ekki nógu gáfaðir til þess að ganga þessa lærdómsbraut, eða að það væri of mikið af lærðum mönnum. En nú getur hver maður sjeð það, að slíkt er óyndisúrræði, sem ekki má eiga sjer stað, að svo sje misbeitt einkunnagjöf. Þeir menn, er skólann sækja, eru þá komnir á þann aldur, að þeir eiga heimild til þess að ráða sjer sjálfir og velja sjer þá braut, er þeim líkar, og það er jafnrjetti, sem heimtað er að hver kennari sýni í lærða skólanum, því að það eitt, að æskulýðurinn sjer, að kennarinn skemmir svo vald það, sem hann á að hafa, eitrar svo mjög hugi hinna ungu manna, að það gerir áreiðanlega miklu meira til að spilla þeim en nokkuð annað. Það er líka vitanlegur hlutur, að í uppeldi manna er ekkert, sem þarf að forðast eins og tanglæti; ekkert eitrar hug æskumannanna svo mjög sem það, ef þeir sjá þann mann, sem þeir eiga að unna, neyta rjettar síns af handahófi. Jeg segi þetta af því, að jeg veit, að kennararnir hafa talið sjer nauðugan einn kost að fækka nemendum með þessu.

Ef skólinn er einn og tekur ekki við af öðrum, þá er ekki nein freisting fyrir þá menn, sem ekki eru mjög hneigðir til lærdóms, að halda áfram þessa skólabraut. Ef skólinn væri að eins undirbúningsskóli undir mentun lærðra manna, vísindamanna og embættismanna, þá mundu, með því fyrirkomulagi, hinir hætta á lærdómsbrautinni þar, sem gagnfræðaprófið er, ef svo væri háttað, að skólarnir væru sundurlausir og hvor fyrir sig, og með því hyrfi alveg sú ástæða, að »slátra« mönnum af of mikilli aðsókn.

Það er annars fleira, sem mælir með því að hafa stofnunina eina og út af fyrir sig; það er, að fljótur lærdómur, þó að hann leiði til jafnmikillar kunnáttu í svip, er verri, sakir þess, að nemandinn fær miklu meira næði til þess að njóta þess lærdóms, sem seinna er tekinn, heldur en ef alt er lært í einum svip.

Ef jeg ætti að vísa til annara þjóða um þetta efni, mundi jeg benda á Þjóðverja, því að skólamentun yfir höfuð er betri hjá þeim en öðrum þjóðum; þeir hafa lærðan skóla, sem stendur í 8 ár; læra þeir því miklu meira en gert var í minni tíð, og var þá þó heimtað meira en nú er; en þar af leiðir aftur hitt, að þeir menn, sem koma af þeirra skólum, þurfa hvergi nærri eins langa háskólavist, því að þeir hafa lært margt í undirbúningsskólanum, og þeir hafa

þar að auki lært að læra, og jeg verð að segja það, að eftir því, sem jeg veit best, er skólinn ekki nærri nógu góður í því efni, því að það er sannarlega miklu, erfiðara að ganga rikt eftir að vel sje lært, þegar hlaðið er á þrjú ár því, sem að rjettu lagi á að læra á 5 árum. Það geta að eins þolað gáfuðustu menn, og er þeim þó tjón að því, vegna þess, að þeir þurfa að eyða meiri tíma og kröftum til lestrar, geta ekki lesið sínar eigin bókmentir eða annara þjóða, svo að þeir verða eins og einhverskonar andlegir steingerfingar yfir lærdómnum. Og enn er eitt, sem jeg get sagt. Það er ljós munur á stúdentalífi nú og því, sem var á mínum aldri; það er samheldnin. Hún er langtum minni og samheldnin og bandið milli skólabræðra. Hverjum datt annað í hug en að heilsa skólabróður sínum með kossi, þegar þeir hittust á haustin? Mjer dugði það við marga, að jeg átti að hafa verið með þeim í 2 ár, en var það ekki, vegna þess, að jeg gekk upp í 3. bekk; en þeir hjeldu því fram, og jeg hafði auðvitað ekkert á móti því. En jeg verð að halda því fram, og býst við að geta fært sönnur á það, að slík samheldni sje svo mikill kostur, að mikið sje til vinnandi, að þetta takist upp aftur.

Þetta er horfið nú, vegna þess, að heimavistirnar hafa verið teknar úr skólanum, og nemendur búa nú úti í bæ, til þess að geta búið sem ódýrast, hvernig svo sem húsakynnin kunna að vera.

Til þess að framkvæma þetta þarf ekki að eins að gera skólann að sjerstakri stofnun, heldur þarf líka að byggja hús yfir nemendurna, sem þeir geti búið í og haft þar saman mötuneyti, því að það er áreiðanlegt, að fundahöld, samræður og leikir, ef vel er á haldið, þroska mennina ekki minna en sjálf kenslan.

Þetta tel jeg víst að allir menn muni fallast á, og það er enginn vafi á því, að þó að þetta yrði mun dýrara, þá yrði það samt til vinnandi, því að ef til nokkurs er vert að kosta, þá er það til uppeldis ungum mönnum, sem eiga að verða leiðtogar í landinu, og það sakar ekki, þar sem samheldnin er ekki meiri en hjá okkur Norðurlandaþjóðunum, Nesjakonungunum fornu, að hún sje treyst sem mest.

Þetta voru aðalástæður mínar fyrir till. þessari og fyrir því, að jeg vil hafa einn og sjerstakan skóla. Svo ætlast jeg líka til, að rannsakað væri, hvort ekki væri rjett að skifta honum þegar til efri bekkjanna kæmi, og yfir höfuð skora jeg á stjórnina að rannsaka þetta, ekki af því, að mjer þyki þörf á nokkurri rannsókn, heldur af því, að sjálfsagt er að gefa þeim mönnum, sem vinna við þessa stofnun, kost á að segja álit sitt um málið, og þeim, sem eiga að taka við af þessum mönnum, háskólakennurunum. Það þarf ekki að ræða um það, því að það er sjálfsagt, að menn sjeu greindir í sundur þegar upp í efri bekki skólans kemur, með þeim hætti, að ekki sje jafnmikil áhersla lögð á málfræði eða stærðfræði og náttúrufræði. Það styrkti líka, að þeir í skóla veldu strax, hvaða höfuðgrein þeir vildu taka, og jeg skal bæta því við, að jeg teldi ekki ástæðulaust, að efnafræði væri einnig lögð til undirstöðu, eins og hinar tvær höfuðgreinarnar, sem jeg hefi nefns, vegna þess, að efnafræðin er undirstaða náttúruvísindanna, og þó að það hafi verið alveg vanrækt hjer á landi, þá höfum við, sem nú erum fullorðnir, rekið okkur á það, að mikið vantar á mentun hvers manns, sem ekkert þekkir til hennar.

Jeg teldi hyggilegt að þrískifta skólanum, og alveg sjálfsagt að tvískifta honum, enda hafa aðrar þjóðir fengið

margra ára reynslu fyrir því, og það ætla jeg að hægt væri, ef honum væri þannig breytt, sem jeg hefi nú talað um.

En aftur á móti er ófært að skifta honum nú, því að þegar nemendurnir koma upp í lærdómsdeildina, hafa þeir engan undirbúning fengið til þess að geta tekið að leggja stund á hinar sjerstöku greinar, því að þeir hafa alt of lítinn undirbúning bæði í málfræði og stærðfræði, að eins lært lítið eitt í þeim, en ef neðan við skólann væri bætt 2—3 bekkjum, álít jeg, að menn hefðu náð þeim þroska, að skifta mætti, og sjálfsagt er, að öllum þeim nemendum, sem í skólann fara, mundi þykja þetta mikið hagræði.

Jeg hefi nefnt þetta rannsókn. Jeg hefi hugsað mjer, að hún liggi í því, að landsstjórnin sjálf rannsaki þetta, láti kennara skólans segja álit sitt um það og svo kennara Háskólans. Kennarar við þessar tvær stofnanir myndu þá verða að segja sitt álit og ráða mestu um það, og yrði jeg þá að beygja mig undir álit þeirra. En hvað sem um það verður sagt, þá er jeg sannfærður um það, að þeir, sem vilja afla sjer almennrar mentunar, eiga ekki samleið við þá, sem ætla sjer að verða mentamenn og vísindamenn; og veit jeg, að gagnfræðanemendurnir hafa mikinn skaða af því, að haga verður kenslunni eftir þörfum þeirra, sem eiga að ganga í gegnum lærdómsdeildina. Sömuleiðis er það kostnaðarmeira fyrir landið að hafa gagnfræðaskóla skeyttan við þennan skóla, því að það mætti steypa saman skólunum, svo að ekki væri nema einn gagnfræðaskóli fyrir sunnan land og annar fyrir norðan. Í þeim gætu konur og karlar stundað nám, ef vildi, en svo væri einn kvennaskóli eða tveir, sem að eins kendi þær námsgreinar, er konur einar legðu stund á.

Kvennaskólarnir ættu þess vegna ekki að vera annað en einskonar hannyrðaskólar. Með þessu fyrirkomulagi mætti hafa fyrirmyndar-fræðslustofnanir með góðum kennurum, og yrði þá að borga þeim skammlaust.

Jeg er ekki í neinum efa um, að þetta fyrirkomulag mundi reynast vel, en jeg hefi þó lagt það til, að stjórnin rannsakaði málið, og er sannfærður um, að hún mundi komast að sömu niðurstöðu og jeg hefi komist, og er þá sjálfsagt að breyta skólanum í þá átt, sem rannsóknin fellur og hann áður var.

Jeg skal þó ekki fjölyrða hjer um skiftingu hinna einstöku námsgreina, t. d. hvort hafa skuli gömlu málin fyrir kjarna í skiftingu skólans. Og þetta geri jeg af því, að þótt jeg hafi altaf viðurkent, að gömlu málin sjeu vel til þess fallin, þá get jeg ekki fallist á, að þau sjeu ómissandi. En nauðsynlegt er að hafa einhverja fræðigrein í skólanum, sem er valin með það fyrir augum að kenna nemendum að læra. Menn munu nú ef til vill segja, að ein fræðigrein sje kend með það fyrir augum í skólanum, þar sem enskan er. En þetta mál er óhæft til þess að glæða slíkan þroska hjá nemendum. Enskan er ekki vel fallin til þess að þroska málfræðilega þekkingu og hugsun sem mörg önnur mál. Og það stafar af því, að hún er mjög slitið mál að beygingum og blandað. Hún stendur næst kínversku, sem hefir enga málfræði, heldur felst málfræðin og merking orða í því, hvar orðið stendur í setningunni. En þetta er svo frábrugðið því lögmáli, sem mál menningarþjóðanna byggjast á, að ekki er rjett að velja slíkt mál til þess að þroska málfræðivit og rökrjetta hugsun nemandanna. (**E. J.**: Það er grískan ein).

Það er rjett, sem háttv. 2. þm. Rang.

(E. J.) sagði, að gríska er allra mála best til þess fallin að vekja slíkan þroska. Og vona jeg því, að hann ljái atkvæði sitt til þess, að hún verði tekin aftur inn í mentaskólann, svo að yngri stúdentar geti minst hans með þakklæti fyrir góðar till. hans á Alþingi.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 14 : 1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. afgr. til Ed.

Á 54. fundi í Ed., mánudaginn 4. júlí, var útbýtt
Tillögu til þingsályktunar um hinn almenna mentaskóla,
eins og hún var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 425).

Á 55. fundi í Ed., þriðjudaginn 2. júlí, var till. tekin til meðferðar, h v e r n i g r æ ð a s k u l i.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 56. fundi í Ed., miðvikudaginn 3. júlí, var till. tekin til e i n n a r u m r. (A. 425).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 7 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. afgr. sem

á l y k t u n A l þ i n g i s.
(Sjá A. 444).

---

21. Bráðabirgðalaunaviðbót símastarfsmanna.

Á 54. fundi í Nd., mánudaginn 24. júní, var útbýtt
Tillögu til þingsályktunar um bráðabirgðalaunaviðbót handa starfsmönnum landssímans (A. 394).

Á 55. fundi í Nd., þriðjudaginn 25. júní, var till. tekin til f y r r i u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 11 : 2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till vísað til síðari umr. með 11 : 2 atkv.

Á 56. fundi í Nd., miðvikudaginn 26. júní var till. tekin til s í ð a r i u m r. (A. 394).

Frsm (Matthías Ólafsson): Við fyrri umr. var ekki tækifæri til þess að minnast á ýms atriði þessa máls, og mun jeg því nú fara nokkrum orðum um það.

Eins og sjá má í greinargerð till., hefir landssímastjóri farið fram á að hækka símagjöld að miklum mun, og síðan yrði nokkru af þeim tekjuauka varið til að bæta kjör starfsmanna símans yfirleitt. Kjör þeirra eru nú svo slæm, að símanum helst ekki á starfsfólki sínu, og besta fólkið, sem búið er að fá æfingu í starfinu, segir upp stöðum sínum hópum saman. T. d. hefir verkfræðingur símans nýlega sagt upp stöðu sinni, og tekur hann við stöðu með hærri launum í öðru landi. Og annar starfsmaður símans, sem fengið hefir æfingu, hefir nú sagt af sjer og fær stöðu hjer í bænum með stórum mun hærri launum. Það lítur því illa

út fyrir landssímanum, ef hjer er ekki bót á ráðin. Þetta mál hefir nú verið athugað bæði af fjárhagsnefnd og fjárveitinganefnd, og hafa þær komið sjer saman um, að nauðsyn sje á að bæta kjör starfsmanna landssímans, en hins vegar og neyðarnauðsyn að hækka símgjöldin, til þess að fá tekjur handa símanum. Það yrðu sem allra næst 100 þús. kr. tekjuauki af þessari hækkun gjaldanna, og fer svo landssímastjórinn fram á, að af þessu fje sje varið alt að 40 þús. kr. til launahækkunar handa símafólkinu. Yrði þá tekjuafgangur af þessari hækkun um 60 þús. kr. Það hefir nú að vísu heyrst, að notkun símans myndi ef til vill minka eitthvað við hækkun gjaldanna. Það er ef til vill ekki útilokað, að alþýða mundi nota hann eitthvað minna, en hitt er víst, að kaupsýslumenn og aðrir efnaðri borgarar myndu ekki horfa í þennan kostnaðarauka, svo að jeg býst ekki við, að sá munur verði mikill.

Þessar ástæður virðast nú, að minsta kosti frá sjónarmiði nefndarinnar, nægilegar til að fallast á till. þessa. Í henni er ekki tekið fram, að símgjöldin skuli hækkuð Nefndin áleit þetta stjórnarathöfn, sem ekki þyrfti lög til.

Eins og tekið er fram í greinargerðinni, hefir landssímastjórigert mjög greinilega áætlun um launahækkun hvers einstaks flokks starfsmanna, og hefir sú áætlun legið frammi í lestrarsal.

Yfirleitt varð nefndin, sem fjallaði um þetta mál, að fallast á, að hækkunin væri sanngjörn. Landssímastjórinn hefir og farið fram á hækkun handa sjálfum sjer. Nefndin gat nú ekki fallist á till. hans um það, en hefir nú skrifað stjórninni brjef um endurbætur á kjörum hans. Leggur hún til, að honum sje bætt upp á annan hátt, og hefi jeg ástæðu til að ætla, að hann muni taka því vel. En ef hann fær enga bót, verður það eina ráðið fyrir hann að fara utan og leita sjer betri stöðu. Jeg vænti þess nú fastlega, að háttv. þingdm. sjái, að hjer sje varla hægt að komast hjá að gera það, sem farið er fram á. Það sjá allir, að það er óhugsandi, að síminn geti haldið fólki sínu, sem æft er orðið, meðan launakjörin eru eins og nú, og hitt er ekki heppilegt, að altaf sje verið að skifta um og stöðugt komi óvant fólk. Og ef það verður ofan á að hækka gjöldin, er hætt við, að fólk geri þær kröfur, að afgreiðsla við símann verði ekki lakari, heldur hitt.

Sýnist því í alla staði óhjákvæmilegt, að mál þetta nái nú fram að ganga. Jeg sje svo ekki ástæðu til að tala lengra nú. Ef svo ólíklega skyldi fara, að mál þetta sætti andmælum, þá áskil jeg mjer rjett til þess að verja gerðir nefndarinnar. Hún hefir haft mikið fyrir því að rannsaka málið og komst öll að þeirri niðurstöðu, að þetta væri eina úrræðið.

Pjetur Otte sen: Fáein orð. Jeg skil þessa till. svo, að það sje landssímastjórinn sem á að jafna niður þessari launahækkun. Nú tók háttv. frsm. (M. Ó.) það fram, að nefndin hefði ekki fallist á till. hans um laun hans sjálfs, og hefði skrifað stjórninni athugasemd þar að lútandi. En þar sem landssímastjórinn á að vera einvaldur um þessa úthlutun, þá hefir slíkt ekki mikið að segja. Þetta kemur stjórninni þá ekkert við, og getur hún þar engu um þokað, eins og nú er um hnútana búið. Jeg hefði nú kunnað því betur, að landsstjórnin hefði þessa úthlutun á hendi, en að landssímastjórinn hefði að sjálfsögðu tillögurjett um það.

Hvað viðvíkur þessari hækkun símgjaldanna, sem háttv. frsm. (M. Ó.) mint-

ist á, þá er það vitanlega neyðarúrræði að ráðast svo á samgöngurnar, rjett eins og gert var með burðargjaldshækkunina í fyrra, sem jeg var mótfallinn. En það verður víst ekki komist hjá að bæta að einhverju leyti laun þessara starfsmanna, og þá einkum þeirra, sem lægst eru launaðir. Jeg hefi nú ekki sjeð þessa áætlun frá landssímastjóra um skiftingu uppbótarinnar, sem háttv. frsm. (M. Ó.) gat um. Hún hefir ekki legið frammi í lestrarsal, en líklega verið hjá fjárveitinganefnd. Jeg hefði þó óskað dálítilla upplýsinga um ýmislegt í málinu, t. d. hvað landssímastjórinn hefir farið fram á handa sjálfum sjer; jeg hefi spurnir af, að það muni ekki vera skorið neitt við neglur; og þá líka, hvernig hann vill haga niðurjöfnun þessara launabóta handa öðrum starfsmönnum. Ef til vill getur háttv. frsm. (M. Ó.) gefið upplýsingar um þetta. Annars væri gott, að málið væri tekið út af dagskrá nú, svo að hægt sje að athuga það betur, og þá eins, hvort ekki sje hægt að færa upphæðina eitthvað niður.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Það er ekki mjög mikið, sem jeg hefi ástæðu til að taka fram í þessu máli, sem jeg vona að fái góðar undirtektir í háttv. deild.

Háttv. frsm. (M. Ó.) hefir rjettilega tekið það fram, að landssíminn sje búinn að missa ýmsa helstu starfsmenn, sem sætt hafa því að vera við þann eldinn, sem betur brennur, hafa valið stöðu, þar sem þeim bjóðast betri laun. Jeg veit það og vel, að úti um land bíða starfsmenn landssímans eftir því, hvernig fer um þessar till., því að ef ekki verður hækkað kaup þeirra, þá treysta þeir sjer ekki til þess að halda áfram að hafa stöður sínar með höndum.

Viðvíkjandi hækkun símagjaldanna vil jeg geta þess, að komin er út reglugerð, sem aðallega er miðuð við það, sem stendur í erindi því frá landssímastjóranum, sem minst hefir verið á hjer, og gildir hún frá 1. næstkomandi mánaðar. Eftir áætlun landssímastjórans verður tekjuaukinn af þessari hækkun rúmar 100,000 krónur, og er þá hugsunin, að nokkru af því megi verja til þess að bæta laun starfsmanna símans, og þar á meðal, eftir því sem jeg hefi skilið háttv. fjárveitinganefnd, til þess að bæta laun hans sjálfs, en það verður að koma fram sem till. á sínum tíma í aukafjárlögum, með því að laun hans eru ákveðin í fjárlögum. Jeg tel mjer skylt að láta það uppi, að eftir því, sem jeg þekki til landssímastjórans, þá er hann ekki að eins mjög stjórnsamur maður og áhugasamur, heldur get jeg ekki betur sjeð en að honum sje það áhugamál að gæta sparnaðar í hvívetna. Hann telur það æskilegast fyrir sig að geta haldið áfram þessu starfi, sem hann tók að sjer í byrjun, en jeg man ekki fyrir víst, hve mikla launaviðbót hann biður um, en jeg hefi ástæðu til að ætla, að hann muni ekki hverfa frá starfinu, þótt hún verði ekki að fullu veitt, heldur að eins að nokkru, eða svo, að hann geti varið kröftum sínum óskertum í þarfir landssímans. Skal jeg svo að lokum láta þá von mína í ljós, að þingsályktunartill. sú, er fjárveitinganefnd ber fram, verði samþ.

Frsm. (Matthías Ólafsson): Jeg skildi háttv. þm. Borgf. (P. O.) svo, að hann hjeldi, að það væri algerlega lagt á vald símastjóra, hvernig launaviðbót þessari yrði úthlutað. Það er auðvitað ekki rjett, því að það er þó stjórnin, en ekki landssímastjórinn, sem vald hefir til að ákveða hana, en vitanlega er stjórninni skylt að fara sem mest að

tillögum hans í því efni, og vil jeg biðja háttv. þm. (P. O.) að gæta þess, að 2 stórar nefndir hjer á þinginu hafa fallist á till. landssímastjórans um þetta mál. Háttv. sessunautur minn (H. K.) segir, að það sje ekki rjett að vísa til fjárhagsnefndar; það getur verið, að þeir hafi kann ske ekki allir verið með því, en þó áreiðanlega meiri hl. hennar.

Þá vil jeg fara nokkrum orðum um landssímastjórann sjálfan. Vjer, sem höfum setið á nokkrum þingum og höfum reynt það af honum, að hann er bæði stjórnsamur og sparsamur, munum ekki óska annars fremur en að hans megi njóta við sem lengst, og að honum haldist sem best á því fólki, sem hann á að segja yfir, en það er ekki skemtilegt fyrir mann, sem á að sjá um alt og vill halda góðu fólki hjá sjer, að þurfa að sækja alt með nauðung til þingsins, og að fá jafnvel ekki allra brýnustu sanngirniskröfum framgengt, og ef háttv. þm. Borgf. (P. O.) vill taka á sig þá ábyrgð, er leitt getur af slíkri synjun, þá er það gott, en jeg vil ekki stuðla að því, að landssímastjórinn þurfi að fara að taka aftur óæft fólk í þjónustu sína, því að það er áreiðanlegt, að ef til þess kemur, þá á þingið ekki svo lítinn þátt í því.

Hvað sjálfan landssímastjórann snertir, þá er það að segja, að það er sá maður, sem fyrst tók að sjer starfið hjer, og að það, sem stofnun þessi er komin, er í rauninni hans verk; hann hefir lengi stýrt henni og sjeð um hana, og hún er nú komin í viðunanlegt horf fyrir ötula stjórn hans. Hins vegar hefir hann mikla fjölskyldu, sem honum er erfitt að færa fram, og mun það öllum vel skiljanlegt. Enn fremur ber að líta á það, að þeir menn, sem undir hann hafa verið gefnir til þessa, hafa nú fengið stöður, sumpart hjer á landi og sumpart erlendis, með talsvert hærri launum en hann hefir. Þannig hefir Smith verkfræðingur fengið stöðu í Noregi með 8000 kr. árslaunum auk 1000 kr. dýrtíðaruppbótar. Þess vegna hefir fjárveitinganefnd lagt með því, að landssímastjóranum yrði veitt uppbót á launum hans. En þó að hann hafi farið fram á nokkuð mikið, þá er það ekki nema eðlilegt, vegna þess, að menn vita, að hjer er það altaf vaninn að klípa af því, sem beðið er um, og hefir hann þóst vita, að því hærra sem hann setti, því meiri von væri til, að hann fengi nær því, sem hann vildi.

Þá vil jeg leiðrjetta þann misskilning, sem fram hefir komið á orðum mínum í garð nefndanna. Jeg sagði að eins, að þær hefðu fallist á tillögur landssímastjóra í öllum aðalatriðum, og önnur þeirra, fjárhagsnefnd, hefir skrifað stjórnarráðinu um, að honum væri veitt launauppbót, sem hæfileg þætti, og yrði sú upphæð á sínum tíma tekin í fjáraukalög.

Að fara nú að taka málið út af dagskrá virðist mjer hvorki þörf á nje heldur rjett. Það er nú farið að líða á þingið, en í annan stað leitt, ef ekkert yrði úr þessu máli, enda býst jeg við, að það væri mjög illa farið. En hvað háttv. þm. Borgf. (P. O.) snertir, ef hann hefir ekki getað kynt sjer það allan þann tíma, sem fylgiskjöl þess hafa legið frammi í lestrarsalnum, og svo síðan fjárveitinganefnd fór að athuga það, þá býst jeg varla við, að hann geti fengið ráðrúm til þess hjer eftir.

Magnús Guðmundsson: Það er sagt í greinargerðinni fyrir till. þessari, að fjárhagsnefnd og fjárveitinganefnd hafi komið sjer saman um öll aðalatriði hennar. Þetta er ekki alveg rjett frá

skýrt, og skal jeg, því til sönnunar, lesa upp kafla úr brjefi fjárhagsnefndar til stjórnarráðsins. Þar segir svo:

»Um síðari liðinn tekur nefndin fram (þessi liður er um launahækkun starfsmanna landssímans) — þótt hann heyri í raun rjettri undir verksvið fjárveitinganefndar —, að hún getur verið því hlynt, ef áður um getin hækkun símagjalda yrði samþykt, að ákveðin upphæð af hinum auknu símatekjum gengi, meðan lögin væru í gildi, til uppbótar á launum fastra starfsmanna símans, eftir þeim mælikvarða, sem stjórnarráðið ákvæði, og án tillits til dýrtíðaruppbótar, lögum samkvæmt, af þeim launum, sem nú hafa þeir«.

Hjer er því ekki sagt annað en að nefndin geti verið því meðmælt, að einhver hluti af þeirri upphæð, sem símagjaldahækkunin nemur, verði notaður til þess að útbýta meðal starfsmanna landssímans. Háttv. frsm. (M. Ó.) sagði, að í þessari till. fjárveitinganefndar væri ekki að öllu leyti farið eftir till. landssímastjóra, það væri klipið af þeim, en jeg held, að það sje misskilningur; þær liggja fyrir hjer þessar till. hans, og álítur hann sjálfur, að þær nemi um 40000 kr.; hefir fjárveitinganefnd þannig tekið till hans til greina að öllu leyti, svo að það er alls ekki klipið af þeim, eins og sagt er, og jeg býst satt að segja við, að landssímastjóri hafi samið þessar till. sínar einmitt þannig, að hann byggist við, að af þeim yrði klipið.

Fyrir mig verð jeg að segja, að mjer þykir 40000 kr. alt of há upphæð til þessa, enda hlýtur hver og einn að sjá, með því að líta yfir þessar uppbætur, sem gert er ráð fyrir, að þær eru hlutfallslega miklu hærri en þær uppbætur, sem ætlaðar eru öðrum starfsmönnum hins opinbera.

Svo var það eitt atriði, sem háttv. þm. Borgf. (P. O.) tók fram. Það stendur hjer í till. fjárveitinganefndar, að úthlutun þessarar launahækkunar fari fram eftir till. landssímastjóra. Skil jeg það svo, að stjórnarráðið sje þá algerlega bundið við þær. Það get jeg ekki samþykt. Þá er betra að láta landssímastjórann ráða því einan, en ef það væri ekki ætlunin, þá er betra að orða till. öðruvísi. Þetta orðalag er reyndar víða í lögum, en það hefir áður orkað tvímælis, og þegar af þeirri ástæðu er sjálfsagt að breyta þessu þannig, að skýrt komi fram, hver meiningin er.

Jeg fæ ekki sjeð, að það geti á nokkurn hátt orðið málinu til hnekkis, þótt það verði tekið út af dagskrá. Vil jeg benda háttv. frsm. (M. Ó.) á, að við fyrri umr. málsins voru engar umr. um málið, og held jeg því, að nefndin ætti ekki að vera á móti því, að það sje gert.

En jeg verð að taka það fram, að jeg get ekki litið svo á, að fjárhagsnefnd sje bundin við þessa till., því að hún hefir ekki samþykt hana, heldur að eins látið þá skoðun sína í ljós, að hún væri sammála um einhverja hækkun.

Frsm. (Matthías Ólafsson): Jeg get ekki betur sjeð en að háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.) hafi einmitt sannað það, er hann vildi ósanna, með öðrum orðum, að nefndin hafi látið það uppi, að hún væri samsek í því, að þessi till. er fram komin, og að hún væri sömuleiðis samsek í því, að veitt er af þessu fje. Þetta kalla jeg aðalatriðið, og jeg hefi ekki sagt, að neitt annað ætti að vera það, en jeg verð að halda því fram, að betra væri að láta landssíma-

stjórann hafa óskorað vald til þess að ákveða kaup starfsmanna landssímans, heldur en að þurfa sí og æ að leita á náðir fjárhagsnefndar og fjárveitinganefndar til samans, um það að mega greiða starfsmönnum símans sæmilegt kaup, til þess að geta haldið þeim.

Hvað þetta orðalag snertir, sem um hefir verið talað í þessari till., þá veit maður, að þessu líkt hefir verið »praktiserað« fyr og gefist sæmilega, að því leyti sem mjer er kunnugt.

Hvað það snertir, að taka málið út af dagskrá, þá get jeg í raun og veru fallist á það, í þeirri von, að menn komi þá með einhverjar hyggilegar till., en hitt er jeg vondaufur um, að nefndin geti gengið að því, ef á að fara að rugla að öllu leyti tillögu landssímastjóra.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg vildi að eins mælast til þess, því að mjer skildist á háttv. frsm. (M. Ó.), að hann hefði ekki á móti því, að málið væri tekið út af dagskrá núna, að það yrði látið koma mjög fljótt á dagskrá aftur, því að jeg hefi það fyrir satt, að svo sje háttað, að minsta kosti um nokkra starfsmenn landssímans, að þeir hafi ekki þegar sagt upp stöðu sinni fyrir þá eina sök, að þeir hafi bygt á því, að á döfinni væri einhver uppbót á launum þeirra. En nú er þegar svo komið, eins og menn vita, að tveir starfsmenn landssímans, sem víst verður erfitt að fá hæfa menn fyrir, hafa sagt upp stöðu sinni, og er við búið, að fleiri komi á eftir, ef ekki er fengin vissa fyrir bættum launakjörum. Jeg hygg mjer óhætt að segja það, að þetta sje ekki að skoða sem hótun, til þess að fá fram launabót, heldur sje það í raun og veru svo, að hinir hæfari meðal símamanna sjeu ekkert upp á það komnir að halda í stöður sínar, því að það er að verða skortur á mönnum til ýmsra starfa, ekki að eins hjer, heldur jafnvel miklu fremur utanlands. Það vill nú svo vel til fyrir símamenn og verkfræðinga, að þeir eru alls ekki bundnir við neitt land, og því er það, að ef þess er ekki gætt að launa við hóf sjerþekkingu þeirra, þá er alls ekki mögulegt að halda þeim.

Svo framarlega sem menn vilja hafa hæfa menn við ritsímann, þá verða þeir að fá þau laun, að þeir geti lifað af þeim.

Svo hefi jeg ekki meira að segja um þetta, en vil að eins mælast til, að þessu máli verði ekki frestað alt of lengi.

Pjetur Ottesen: Háttv. frsm. (M. Ó.) hefir þó loksins gengið inn á, að málið væri tekið út af dagskrá, og er það allvirðingarvert, eftir því sem honum fórust orð í miðræðu sinni.

Það er nú komið í ljós, af því sem háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.) tók fram, að háttv. frsm. (M. Ó.) hefir sagt nokkuð mikið viðvíkjandi fjárhagsnefndinni um þetta mál; álit þeirrar nefndar hljóðar, eins og fram var tekið, á þann veg, að nefndin fellst á, að símamönnum sje veitt einhver launauppbót, án þess að binda sig við neina upphæð, og er það dálítið annað.

En viðvíkjandi því, sem jeg tók fram áðan og háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.) árjettaði, að eins og þetta er orðað í till., þá eru það till. landssímastjóra sem eiga að gilda; því er alveg slegið föstu. Stjórnarráðið á ekkert að hafa um þetta að segja. Það er því sjálfsagt að koma fram með brtt. í þá átt, að landssímastjórinn hafi að eins tillögurjett um málið.

En viðvíkjandi því, sem háttv. frsm. (M. Ó.) tók fram, að maður tæki á sig ábyrgð með því að athuga þetta mál dálítið ger, er það að segja, að jeg

þoli ósköp vel þá brýningu. Jeg sagði reyndar ekkert í þá átt, að jeg væri á móti uppbót til símafólksins, sem jeg teldi hæfilega. En jeg vil fá að sjá skýrslu frá landssímastjóra um það efni, hvernig hann hafi hugsað sjer að skifta þessu fje.

Háttv. frsm. (M. Ó.) sagði, að úr því að mjer hefði ekki unnist tími til þess að athuga þetta mál, þá mundi það trauðla verða úr þessu. En jeg vil segja honum, að það er ekki hægt fyrir þingmenn að athuga þau skjöl, sem eru grafin niður hjá fjárveitinganefnd, en þessi plögg hafa ekki legið frammi í lestrarsalnum.

Hæstv. atvinnumálaráðherra tók það fram, að stjórnin hefði þegar gefið út reglugerð um símgjaldahækkunina. Við því er auðvitað ekkert að segja, annað en það, sem jeg hefi áður tekið fram, en það hefir þó verið venjan hingað til, að þessi stjórn hefir ekki viljað taka á sig mikla ábyrgð, með því að afgreiða mál án þess að bera þau undir þingið. En nú hefir hún brugðið út af venjunni og í þessu máli tekið þá rögg á sig að ráða málinu til lykta án þess að leita fyrir sjer — að minsta kosti opinberlega — um vilja þingsins.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Það eru að eins fáein orð, í tilefni af ræðu háttv. síðasta ræðumanns (P. O.). Jeg vil leyfa mjer að benda á, að málið hefir í raun og veru legið fyrir þinginu, svo sem sjá má af greinargerð fjárveitinganefndar, enda alveg nákvæmlega skýrt frá því, hvernig landssímastjórinn hugsar sjer hækkunina, og er farið eftir því í reglugerðinni, en stundum hefir það verið svo, að slíkar breytingar hefir ekki þurft að bera undir þingið, heldur hefir heimild til þeirra verið í lögunum sjálfum. En stjórnin taldi, að rjettara væri að bera þetta undir fjárveitinganefnd, og þegar hún svo hefði skilað af sjer málinu, þá væri hægt að leggja það fyrir þingið á eftir.

Umr. frestað.

Á 58. fundi í Ed, föstudaginn 28. júní, var fram haldið síðari umr. um till. (A. 394, 403).

Frsm. (Matthías Ólafsson): Jeg skal ekki þreyta háttv. deild á langri ræðu, hefi litlu við það að bæta, er jeg tók fram við fyrri umr.

Jeg get nú gefið háttv. deild upplýsingar um það, hvernig landssímastjóri ætlast til að þessu fje verði varið. Til þess að bæta laun símameyja á miðstöðinni í Reykjavík, er hafa 40—60 kr. í mánaðarkaup, á að verja 7000 kr. Til símameyja, er hafa 50—83 kr. mánaðarlaun, á að verja 19320 kr. Símriturum með 75—120 kr. launum eru veittar 4300 kr. í viðbót. Sendlar fá 1200 kr., og til smástöðva ýmissa eru veittar 1600 kr. Því víkur þannig við um þessas smástöðvar, að landsstjórnin hefir gert samning við ýmsa stöðvarstjóra úti um land um þjónustu þeirra. Fjárveitinganefnd hefir haft til meðferðar kvartanir frá þeim, að þeir fengju ekki neina uppbót, þar sem þeir væru bundnir föstum samningum. Spurðist nefndin fyrir um, hvernig þessu viki við, og var henni svarað, að þessum stöðvum væru ætlaðar 1600 kr. Alls verða þetta 33,420 kr. Eftir verða þá rúmlega 6000 kr., sem eiga að skiftast, eftir till. landssímastjóra, milli landssímastjóra, aðalskrifstofunnar og allra gæslustöðvastjóra. Nú er vitanlega falin í þessu sú upphæð, er landssímastjóri fór fram á að sjer yrði veitt.

Jeg hefi áður getið um, að samkomulagi hafi verið náð um milliveg milli

þess, er landssímastjóri og nefndin fór fram á.

Nú finst mjer augljóst, að ekki er hægt að veita minni upphæð en hjer er gert, og af því leiðir, að mjer finst ekki hægt að aðhyllast brtt. á þgskj. 403. Sú upphæð, sem þar er farið fram á að veita, er með öllu ónóg, og vona jeg því, að háttv. flutningsmenn taki brtt. aftur.

Allir munu kannast við, að laun símafólksins eru ófullnægjandi og að enginn vegur sje til þess að halda mönnum með þeim launum. Þó að hægt sje að banna símamönnum að gera verkfall, þá stoðar það ekki. Þeir gera alls ekki verkfall, heldur segja upp starfa sínum einn og einn. Og þó að hægt væri að neyða þá til þess að halda áfram, þá væri það rangt og ósanngjarnt.

Jeg skal svo ekki þreyta háttv. deild, hefi fáu við að bæta, enda er þetta augljóst mál. Nefndin vill ganga að orðabreytingunni á þgskj. 403, að stjórnin úthluti launauppbótinni að fengnum till. landssímastjóra.

Eftir orðalagi till þótti mörgum sem skilja mætti þetta á annan veg, sem sje að stjórnin væri bundin við till. landssímastjóra. En jeg hefi altaf skilið það á þann veg, er brtt. tekur fram, en get hins vegar fallist á, að ekkert sje því til fyrirstöðu að gera orðalagið skýlausara.

Bjarni Jónsson: Það er brtt. á þgskj. 403, sem gefur mjer tilefni til þess að mæla nokkur orð. Jeg er sammála nefndinni um það, að ekki muni tiltækilegt að lækka upphæðina að mun, eða jafnmikið og hjer er farið fram á. Jeg hefi fyrir satt, að fólkið sje að ganga sem óðast burt af stöðinni, og er því ekki annað fært en að ganga að kröfum þess. Og þar sem sjerstaklega er níðst á kvenfólkinu, þannig að sama verkið er ekki álitið jafngott, ef það er unnið í pilsi, þá er tími kominn til að kippa þessu í lag að einhverju leyti.

Jeg get verið samþykkur 2. málsgrein brtt. á þgskj. 403, er tekur af allan vafa um það, að stjórnin þurfi ekki að vera þrælbundin við till. landssímastjóra. Að vísu er sú brtt. óþörf, því að eftir almennri málvenju og eðli málsins er sá, sem ábyrgðina ber, ekki bundinn við tillögur þeirra, sem einungis eru ráðunautar hans í því máli. En jeg sje ekkert því til fyrirstöðu, að tekinn sje af allur vafi og girt fyrir allar deilur. Er þá og auðsætt, að stjórnin þarf ekki að fara hærra en hún ætlar nauðsyn krefja.

Jeg get vel skilið, að mörgum manni hrjósi hugur við að heyra svo háa launauppbót í krónutali. En krónan er ekki lengur króna. Menn hafa ætlað, að sá guð væri óumbreytanlegur og almáttugur. Hann er að vísu almáttugur enn þá, en ekki er hann óumbreytanlegur, því að nú er krónan einungis 30 aura virði.

Þá vildi jeg víkja að öðru atriði í sambandi við þetta símamál. Fjelag það, sem tók að sjer að leggja ritsímann, fær enn þá óskert tillag sitt frá Alþingi, en það hefir látið símann lenda í óviðkomandi landi, sem er ófriðarland. Þetta hefir orðið til þess, að símasamband vort við heiminn er takmarkað af einni ófriðarþjóðanna, svo að lítt er við unandi. Virðist þá ekki ósanngjarnt að krefjast þess af fjelaginu, að það veitti samþykki sitt til þess, að menn gætu tekið við skeytum frá erlendum loftskeytastöðvum og birt þau. Vil jeg spyrja hæstv. forsætisráðherra, hvort hann hafi leitt þetta í tal við fjelagið og hvort samþykki þess muni fáanlegt. Hygg jeg, eftir því sem stendur í blaði einu hjer í bænum, að hæstv. forsætis-

ráðherra sje í svo miklum kunnleikum við fjelagið, að hann muni geta komist að þessu, sjerstaklega ef það er rjett hermt hjá blaðinu, að hann hafi tekið allstórt lán hjá fjelaginu og notið til þess styrks og atbeina Andersens, forstjóra Austur-Asíufjelagsins. Þetta stendur í blaðinu og margt fleira þar að lútandi, svo sem um afhendingu fossa og fleira. Þykist jeg með þessari fyrirspurn gefa hæstv. forsætisráðherra tækifæri til þess að svara þessum getsökum opinberlega, ef hann álítur þess þörf, og vænti því svars við henni.

Magnús Guðmundsson: Jeg bjóst ekki við því, að háttv. fjárveitinganefnd mundi ganga að brtt. á þgskj. 403, um lækkun á launaviðbót símamanna, enda hefir sú raunin á orðið. En þó furðar mig, að háttv. nefnd skuli ekki sjá, að hún hefir farið of hátt í þessum launabótum.

Það fer fjarri því, að við flutningsmenn getum fallist á að taka brtt. okkar aftur. Nú rjett áðan var samþykt hjer í deildinni að veita ýmsum starfsmönnum landsins 10—20% viðbót við laun þeirra, og þá er augljóst, að mikið stökk er á milli þess og að veita símamönnum til jafnaðar 50% uppbót. Það virðist vera til millivegur, sem allir ættu að geta unað við, og þann millivег viljum við flutnm. brtt. á þgskj. 403 fara. Símafólk er illa launað, ver en flestir aðrir starfsmenn landsins, og því leggjum við til að laun þess sjeu hækkuð um 30%, eða 10—20% meira en hjá öðrum starfsmönnum hins opinbera. Þessi hækkun er ekki svo óveruleg, þegar tillit er tekið til þess, að henni er ekki jafnað niður eftir höfðatölu eða launum, heldur eftir því, hverjir þurfa hennar brýnast. Fá þá sumir meira heldur en aðrir, símastúlkur geta t. d. fengið 60%. Símastjóri fór fram á 100% hækkun handa þeim, en það virðist alt of mikið, þegar menn aðgæta, að öðrum starfsmönnum landsins er ætlað að fá 10—20%.

Þá er og að líta á það, að starf símameyja við landssímann er sjaldnast æfistarf. Margar símameyjar hafa laun sín fyrir vasafje. Sumar vinna ef til vill fyrir sjer að einhverju leyti, en sárfáar munu hafa þetta starf að lífsatvinnu. Það er því ekki furða, þegar svona stendur á, að landssímanum haldist illa á símameyjunum. Þær fara blátt áfram af því, að þær vilja ekki vera lengur, án tillits til launanna.

Það hefir og verið gefið í skyn, að mönnum sje ógerningur að starfa við landssímann sökum þess, hve kaupið sje lágt, og starfsmenn segi því óðum upp starfa sínum. Hafi 2 af starfsmönnum símans sagt upp nýlega af þessari ástæðu. En jeg hefi heyrt það frá góðum heimildum, að verkfræðingi símans hafi boðist starf með 9000 kr. launum í föðurlandi hans, Noregi, og fari hann af þeirri ástæðu, en hinn hafi kaupmaður hjer í bænum ráðið til sín með 5000 kr. launum. Ef landssjóður ætti að bjóða þessum mönnum jafnhátt kaup, ylti alt okkar launakerfi, því að símaverkfræðing landsins getum við þó ekki launað hærra en ráðherra vora og almenna símritara hærra en æðstu embættismenn landsins. Við mundum engu fremur geta haldið þessum mönnum, þó að till. fjárveitinganefndar yrði samþykt, þar sem aðrir bjóða svo hátt kaup. Þessir menn fara burt frá landssímanum, þótt till. háttv. fjárveitinganefndar nái fram að ganga.

Þegar verkfræðingur símans lætur af starfi sínu, mun ekki vera unt að fá neinn í hans stað, og sparaðist þá það fje, sem honum er ætlað í launaviðbót. Landssímastjóra lægi nær að taka með í frv. um uppbót á launum embættis-

manna, og vil jeg skjóta því til háttv. nefndar að breyta þessu í þá átt. Verði það gert, verður uppbótin til hans ekki heldur tekin af þessum 25,000 kr., er við leggjum til að veittar verði.

Hvað það snertir, að síminn leggi þessa uppbót fram og að hún komi því ekki niður á landssjóði, er það að segja, að sú ástæða er næsta vesalleg, því að símamenn eiga ekki landssímatekjurnar, þótt þeir innheimti þær, og eftir sama hugsanagangi mætti t. d. segja, að ekki þyrfti að horfa í eða hafa lág laun sýslumanna, því að þeir innheimta langmest af tekjum landssjóðs.

Háttv. frsm. (M. Ó.) sagði við 2. umr. málsins, að jeg hefði sannað það, sem jeg ætlaði að ósanna, að fjárhagsnefnd hefði ekki í öllum aðalatriðum verið sammála fjárveitinganefnd um þessa launauppbót. Þetta er alveg rangt, því að nefndirnar eru einmitt ósammála um upphæðina, er veita skuli í þessu skyni, og þegar svo er, er ekki hægt að segja með rjettu, að nefndirnar sjeu sammála í öllum aðalatriðum, því að það er sannarlega eitt aðalatriðið, hversu mikið fje skuli veitt í þessu skyni.

Um hina brtt., á þgskj. 403, er ekki þörf að ræða, þar sem hv. fjárveitinganefnd gengur að henni.

Forsætisráðherra (J. M): Að vísu er ekki mjög náið samband milli till., sem hjer er til umræðu, og fyrirspurnar þeirrar, er háttv. þm. Dala. (B. J.) beindi til mín. Hjer er eigi um annað að ræða en uppbót á launum símafólks, en fyrirspurnin lýtur að erlendu símafjelagi. Þó þykist jeg ekki geta skorast undan því að svara fyrirspurninni, enda þótt jeg hafi leitt hjá mjer að svara árásum blaðs þess, er hv. þm. (B. J.) nefndi.

Blaðið »Vísir« hefir í nokkrum greinum að undanförnu ráðist mjög ósæmilega á útlendan mann og um leið gripið tækifærið til þess að ráðast á mig. Jeg vil þó undantaka eina grein, sem um þetta fjallar, því að hún er augsýnilega rituð af manni, er hefir nokkra velsæmistilfinningu, en hennar verður hvergi vart í hinum öðrum áminstu greinum. Annars hefi jeg fyrir satt, að það sje ekki ritstjórinn, sem hefir beint hafið árásina, heldur sje greinarhöfundurinn skúmaskotslubbamenni eitt, sem hefir þann sið, að reyna að ausa auri úr skugganum á sjer betri menn, en þykist sjálfur hvergi við koma.

Blaðið vill láta einhvern þingmann spyrja mig um, hvað hafi farið milli mín og Andersens etatsráðs, forstjóra Austur-Asíufjelagsins danska, og hvaðan mjer hafi komið leyfi til þess að ræða við hann. Í öðru lagi, hvernig jeg sje viðriðinn fossafjelagið Ísland, og er gefið í skyn, að jeg hafi beinlínis eða óbeinlínis verið viðriðinn afhendingu íslenskra fossa til útlendra fjelaga, og enn í þriðja lagi, hvers vegna jeg hafi tekið fyrir hönd landssjóðs 2 miljóna króna lán til óhæfilega skamms tíma hjá Stóranorrænaritsímafjelaginu, og í hverju sambandi það standi við sjálfstæðismálin.

Um fyrsta atriðið skal jeg taka fram þetta. Í rauninni ætti engin þörf að að vera á því, að skýra frá því, af hvaða ástæðu jeg hafi fundið þennan ágæta mann að máli, mann, er nýtur svo mikils álits, að höfðingjar erlendra rikja og hjer um bil hver einasti erindreki erlends ríkis, er kemur til Kaupmannahafnar, hittir hann að máli — mann, er byrjaði umkomulaus, en er nú orðinn nokkurskonar stórveldi.

Jeg kyntist Andersen etatsráði í fyrsta sinn árið 1908, er hann kom hingað til lands með Friðriki konungi VIII. Var þá gestum þeim, er komu í fylgd kon-

ungs, skift niður á ýms heimili hjer í bænum, og gisti hann þá nokkrar nætur á heimili mínu. Hann er kvæntur konu, sem er af íslensku bergi brotin, og má vera, að hann beri hlýjan hug til Íslands af þeirri ástæðu. Síðan hann gisti þennan stutta tíma hjá mjer hefir hann vikið kunnuglega að mjer, þá er jeg hefi komið til Kaupmannahafnar.

Þegar er hann kom hingað í fyrsta sinni árið 1908, lýsti hann þeirri skoðun við mig, að Danir ættu ekki að gangast fyrir stofnun fyrirtækja hjer á landi. Íslendingar ættu sjálfir að koma á þjóðþrifafyrirtækjum, og ef þeir fyndu eitthvað nýtilegt, mundi hann fús til þess að styðja þá með ráðum og dáð. Þessa sömu skoðun ljet hann uppi við mig í bæði skiftin er jeg kom sem ráðherra til Kaupmannahafnar. Sje jeg ekki, að neitt það komi fram í yfirlýsingu hr. Andersens, er fari í bága við þetta. Nú veit jeg ekki, hvort háttv. þingmenn ætla mig svo viti firtan, er jeg vissi skoðun mannsins, að jeg mundi biðja Austur-Asíufjelagið um að koma hjer fyrirtækjum á stofn, og því síður sem fjelagið starfar í alt annari átt.

Þá skal jeg drepa stuttlega á 2. atriðið í áburði blaðsins, hvernig jeg sje viðriðinn fossafjelagið Ísland.

Og er þessu þar til að svara, að jeg hefi ekkert verið við það mál riðinn, fyr eða síðar, öðruvísi en jeg skýrði frá á Alþingi í fyrra, er leyfisbeiðni þessa fjelags var þá til umræðu. Þá skýrði jeg frá, hver afstaða mín væri til málsins og hefi jeg þar engu við að bæta. Jeg hefi hvorki haft afskifti af kaupum á fossarjettindum (fossakaupum) eða því líku, nje komið nærri þeim málum, öðruvísi en jeg nú sagði. Og jeg hjelt satt að segja, að það væri nokkurn veginn kunnugt, að jeg hefi annars aldrei blandað mjer í þessi mál.

Skal jeg þá koma að þriðja atriðinu, sem háttv. þm. Dala. (B. J.) talaði um, hvers vegna jeg hefði tekið miljónalán hjá »Stóra norræna« og hvers vegna það væri tekið til tveggja ára og hverja þýðingu það hefði fyrir önnur mál vor. Þessu get jeg ekki svarað, því að mjer er allsendis ókunnugt um, að nokkurt slíkt lán hafi verið tekið hjá »Stóra norræna«. Síðasta lánið hjá því fjelagi var loftskeytalánið, sem var 500,000 kr. og tekið snemma á árinu sem leið, en umsamið áður, og kom það svo lítið við mig, að jeg vissi naumast, hve mikið það var eða til hve langs tíma.

Þessi árás er annars svo heimskuleg og klunnaleg og lýsir svo mikilli vanþekkingu á öllum landsmálum, að jeg undrast, að nokkur maður skuli leggja trúnað á það, sem þar er á borð borið. Það er auðvitað, að enginn sá maður, er gefur sig við stjórnmálum, og þessa síst sá, er veitir landsstjórn forstöðu, má kippa sjer upp við það, þótt á hann sje ráðist, og jafnvel logið upp því, sem svo er notað til árása.

Það hefir viðgengist og viðgengst enn, og jeg fyrir mitt leyti á sjerstaklega hægt með að taka því rólega. En jeg get ekki neitað því, að mjer hefir sárnað þessi árás, af því að mjer sárnar það, að íslenskt blað, á hve lágu siðferðis- og menningarstigi sem það annars stendur, skuli leyfa auðvirðilegustu Leitis-Gróu rúm til þess að svívirða erlend stórmenni, sem aldrei hafa sýnt Íslandi annað en velvild.

Hákon Kristófersson: Jeg skal játa, að þegar þetta mál lá fyrir fjárhagsnefnd til athugunar, þá leit jeg svo á, að upphæð sú, er forstjóri landssímans fór fram á, væri nokkuð stór, og gat tæplega fylgt henni, og jafnframt skal jeg taka fram, að þá er málið var á því stigi, þá átti jeg ekki kost á að kynna mjer, hvað til grundvallar lá, er

hann fór fram á þessa upphæð, 40 þús. kr. Nú hefi jeg kynst málinu betur, bæði fyrir ræðu frsm. (M. Ó) og fleiri upplýsingar, sem jeg hefi fengið, þar sem þær voru ábyggilegastar að fá. Þær upplýsingar hafa nú leitt til þess, að þrátt fyrir ýtrustu tilhneigingu til þess að fara sem sparlegast með fje landsins, þá get jeg ekki betur sjeð en að við getum tæplega neitað um þetta fje.

Aftur skal jeg fúslega viðurkenna það rjett vera hjá háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.), að það er fullkomið aukaatriði, þótt síminn gefi sjálfur af sjer þetta fje. En aftur er það ekkert aukaatriði, að það fólk, er leggur sig í líma til að afla þessa fjár og vinnur að því allan ársins hring, sjái þær afleiðingar og hljóti þann ávöxt verka sinna, að laun þess sjeu svo, að það megi við una. En eftir því, sem jeg hefi kynt mjer málið, eru laun símafólksins svo frámunalega lág, að ekki nær nokkurri átt, enda þótt það sje einkum kvenfólk og þurfi því minna en karlmenn — einar 40 kr. á mánuði duga lítið í dýrtíðinni.

Háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.) reyndi að leiða rök að því, að þótt á ýmsu ylti um starfsfólk símans, þá væri það ekki eingöngu launakjörunum að kenna. Jeg held, að þetta sje rjett eftir haft, enda vildi jeg síst af öllu fara rangt með orð svo mæts manns, sem háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.) er. Jeg held, að þetta sje naumast alveg rjett hjá honum. En um hitt er jeg sammála hinum háttv. þm. (M. G.), að þótt einstöku mönnum bjóðist betri stöður hjá fjelögum eða einstaklingum, þá getum við ekki farið í kapphlaup við þá, en hitt er veigamesta atriðið, að við gerum okkar til að launa fólkinu svo sæmilega, að það þurfi síður að leita annara staða, sem lífvænlegri eru. En þó hlýtur svo að fara, ef við gerum ekki betur en hingað til.

Það getur verið alveg rjett hjá sama háttv. þm. (M. G.), að það sje nokkuð mikið að hækka um 100%. En getur þingið þá ekki orðið sammála um, að kjör þessa fólks hafi verið svo erfið undanfarið, að það geti skoðast vel frambærilegt að bæta nú svo sómasamlega úr, að skoða megi hækkunina að nokkru leyti sem bætur fyrir eitthvað af rangindum liðna tímans? Eftir því, sem jeg hygg að það kosti að lifa hjer í Reykjavík í dýrtíðinni, þá hygg jeg, að menn geri ekki vitund meira en lifa sómasamlega, þótt þeir hafi alt að 120 kr. á mánuði, þó því að eins, að það sjeu kvenmenn, er halda spart á.

Það má nú vel vera, að eitthvað af þessu fólki hafi þessa stöðu til tilbreytingar, eða til að afla sjer vasapeninga. En jeg býst þó alls ekki við, að svo sje um helftina af því, því að eins og menn vita, er það allfjölmennur flokkur. Og eins ber vel að gæta, og það er, að fyrir símann, eins og hverja aðra stofnun, er það mjög áríðandi, að starfsmennirnir sjeu nokkurn veginn ánægðir með kjör sín, því að vitanlega getur það haft stór áhrif á starfrækslu símans, og þar af leiðandi tekjur hans. Það er gangur lífsins, að ef menn eru illa launaðir, eru menn lausari við, og segi jeg þetta þó alls ekki til þess að slá því föstu, að nokkrir misbrestir hafi átt sjer stað á starfrækslu símans undanfarið, en tek það einungis fram sem hugsunarástæðu. Vil jeg því ekki verða þátttakandi í þeirri ábyrgð, er það bakar Alþingi, ef mál þetta nær ekki fram að ganga, því að það gæti leitt til þess, að vjer mistum megnið af hæfasta starfsfólki símans, og þar á meðal ef til vill landssímastjórann sjálfan, mann, sem öllum kunnugum ber saman um

að rækt hafi starf sitt með stökum dugnaði og trúmensku. Og mjer þótti það illa að orði komist, þar sem þetta orðalag í till. nefndarinnar »eftir tillögum landssímastjóra« leiddi til þess, að því var slegið fram, að það bæri ekki að skilja svo, að landsstjórnin væri þrælbundin við till. hans. Jeg kann illa við þetta, því að jeg býst ekki við, að till. hans yrðu í nokkurn máta þrælslegar, og jeg lýsi ekki neinu vantrausti á hæstv. stjórn, þó að jeg segist álíta, að landssímastjóri muni gera till. sínar eftir bestu vitund og leggja það eitt til, sem best gegnir, og að hans till. mundu í engu lakari en sumra í hæstv. stjórn.

Því hefir verið slegið fram af háttv. 1. þm. Skagf. (M G), að þessi uppbót sje ekki í samræmi við frv. það, er nýverið var vísað til 3. umr. og fjallaði um *dýrtíðarlaunaviðbót til embættismanna*. Það má nú vel vera, en jeg býst helst við, að allir embættismenn landsins standi ólíkt betur að vígi en þetta *fólk*, sem hjer um *ræðir*.

Það er rjett, að verkfræðingur símans er nú á förum til móðurlands síns, þar sem hann fær stöðu. En þess vil jeg jafnframt geta, að mjer er kunnugt um það, að landssímastjórinn hefir í hyggju, að minsta kosti á næstunni, að fá mann til að taka við því starfi, sem þessi maður hefir á hendi haft.

Jeg get nú alls ekki fallist á þá stað hæfingu háttv. þm. Dala. (B. J.), að krónan sje ekki orðin nema 30 aura virði. En þótt hún sje meira virði, þá raskar það alls ekki þeim rjettlæta grundvelli, er hjer liggur fyrir, sem sje að ósk landssímastjórans beri að fullnægja, helst að öllu leyti.

Vona jeg því, að háttv. deild hugsi sig vel og rækilega um, áður en hún synjar þessari málaleitun samþykkis í þeirri mynd, sem háttv. fjárveitinganefnd leggur til. Og þótt sparnaður sje í öllum tilfellum rjettmætur og vel viðeigandi, þá verður að gæta þess, að hann geri ekki óþarfan og óforsvaranlegan skaða.

Fleira mun jeg ekki segja að þessu sinni, enda vona jeg, að háttv. þm. hafi þegar hugsað sjer, hvernig hjer skuli með fara, svo að þingið hafi sóma af, en engan vansa.

Frsm. (Matthías Ólafsson): Jeg hefi ekki miklu við að bæta, enda hefir háttv. þm. Barð. (H. K.) tekið vel fram margt af því, sem jeg vildi sagt hafa.

Jeg vil ekki deila við háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.) um það, hvort fjárhagsnefndin hafi fallist á skoðun fjárveitinganefndar í aðalatriðunum eða ekki. En jeg verð að segja, að jeg kalla það að fallast á í aðalatriðunum, er fjárhagsnefnd *telur einnig þurfa* að bæta kjör símafólksins. En hitt er mjer ekkert aðalatriði, þótt hún vilji veita nokkuð minna fje.

En viðvíkjandi því, sem hann (M. G.) sagði, er hann vildi skoða brtt. þá, sem hann og nokkrir aðrir þm. flytja, í sambandi við, og bera hana saman við, launaúrbót embættismanna. En þetta er ómögulegt að bera saman. Þar sem síminn er, þar er að ræða um einskonar útgerð. Ef maður á skip og getur ekki haldið útgerð þess áfram nema hækka kaupið við skipverja, eða að öðrum kosti eiga á hættu að fá einhverja óvana menn í stað þeirra, er vel hafa reynst og æfðir eru orðnir, sem svo aftur hlaupi brott, er þeir taki að fá æfingu, þá er ekki að tala um annað en hækka launin. Þannig er um símann. Landssjóði helst ekki á æfða fólkinu fyrir 30—40 kr. á mánuði.

En hvað snertir upphæð þá, 25000 kr., sem háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.) vill veita, þá er þess að geta, að samkvæmt tillögum landssímastjóra á að

skiftast milli kvenna og annara starfsmanna símans, sem lægst eru launaðir, 33420 kr. Það, sem þá verður eftir af þeim 40000 kr., er nefndin vill veita, eða 6580 kr., á samkvæmt tillögum landssímastjóra að skiftast á milli landssímastjóra, aðalskrifstofunnar og allra gæslustöðvastjóranna. Nú sagði háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.), að símaverkfræðingurinn færi til útlanda og tæki þar stöðu. Það er rjett, en kemur ekki þessu máli við. Það hefir enginn sagt, að endilega ætti að nota upp þessar 40 þús. kr. Það er eðlilegt og sjálfsagt, að stjórnin hagi því eftir því, sem hún telur skynsamlegast, að fengnum tillögum landssímastjóra. Jeg vona, að háttv. þm. sjái, að öllu sje óhætt, þótt fjeð sje heldur meira en minna, því verði ekki sólundað. Jeg treysti bæði stjórninni og landssímastjóranum að fara vel með það. Jeg held, að það sje alveg áreiðanlegur hlutur, að þótt sumar símastúlkurnar kunni að nota kaup sitt sem vasapeninga, þá sjeu þó hinar fleiri, sem verja því til fata. Og nú hafa föt hækkað um alt að 70%. Það, sem nægði fyrir fötum í fyrra, nægir ekki nú. Jeg keypti t. d. fatnað nýlega, sem var hálfu dýrari en föt, er jeg keypti í fyrra, og þó miklu ljelegri. Kvenfatnaður er nú margfalt dýrari en áður. Maður getur alls ekki búist við, að ungt fólk, sem fært er orðið í flestan sjó, geti unað við slík kjör.

En ef háttv. flutningsmenn till. hefðu athugað þetta og borið saman við till. landssímastjórans, sem fyrir nefndinni hafa legið, þá býst jeg við, að þeim hefði farið sem háttv. meðnefndarmönnum mínum, að þeir hefðu komist að sömu niðurstöðu og landssímastjórinn og fallist á till. hans.

Þótt háttv. flm. (M. G.) vilji ekki taka till. sína aftur, þori jeg vel að eiga úrslit þessa máls undir sanngirni háttv. deildar.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg get nú sparað mjer mjög margt af því, sem jeg vildi annars sagt hafa um þetta mál, því að jeg hygg, að það sje nú nokkurn veginn fullrætt. En það voru nokkur ummæli í ræðu háttv. 1. þm. Skagf. (M. G.), sem jeg get ekki fallist á og verð að andmæla.

Hann gat þess um kaup símafólksins, að þótt það væri ekki hærra, þá væri það sæmilegir vasapeningar. Þótt nú svo væri, að högum sumra þessara starfsmanna væri svo háttað, að þeir þyrftu ekki að nota það sjer til framfæris, þá getur Alþingi engan veginn fallist á slíkan skilning. Það er bersýnilegt, að slíkt fyrirtæki sem landssíminn krefst góðrar starfrækslu, svo að afgreiðslan sje í góðu lagi. Og þegar nú er farið fram á þá breytingu, að hækka notagjald símans, þá verður Alþingi að sjá um, að stjórn landssímans sje sem best og afgreiðsla gangi sem greiðast. Og það verður best gert með því, að þeir, sem við símann vinna, fái svo góða borgun, að þeir vilji eitthvað á sig leggja fyrir stofnunina.

Jeg hygg annars, að háttv. tillögumenn hafi meira litið á þá »procent«-hækkun, er verður samkvæmt till. landssímastjórans, en að kaupið sje svo mikið. Hjer varðar ekki um, hver hækkunin verður af hundraði, heldur hitt, hvert kaupið verður. Og þótt það hækki upp í 70—100 kr. á mánuði, þá er enginn ofhaldinn af því. Og þótt sumt af fólkinu þurfi peninganna ekki beint sjer til lífsframfæris, þá getur Alþingi ekki reiknað með slíku, heldur hinu, að það er varla að vænta, að nokkurt starf sje vel rækt nema það sje borgað sómasamlega. Það segir sig

sjálft, hvað 70 kr. eða minna muni hrökkva langt fyrir lífsnauðsynjum. Þá er auðsjeð, hvort 40 kr. muni nægja, eða hvort halda menn, að það fullnægi lífsþörfum unglinganna við símann, sem sumir hafa 20 kr., þótt aðrir hafi hærra. Þeir, sem hafa 20 kr. kaup á mánuði, mega vera ljettfættir, ef þeim eiga að duga 20 kr. í skófatnað á mánuði.

Viðvíkjandi því, sem háttv. þm. Barð. (H. K.) sagði um orð háttv. þm. Dala. (B. J.), þá er það öldungis víst og sannanlegt, að ef að eins brýnustu nauðsynjar manna eru teknar, þá er krónan ekki meira en 30 aura virði. (**H. K.:** Já, en ekki í öllu). Það dugir ekki heldur að taka einstakar þarfir manna, heldur verður að reikna þær, sem mega sín mest mönnum til framfæris.

Jeg sje svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta, en vænti, að háttv. þingdm. geri hið besta í þessu máli.

ATKVGR.

Brtt. 403, 1. feld með 16:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: P. O., P. Þ., E. A., E. Árna, E. J., G. Sv., M. G., Ó. B.

nei: M. P., M. Ó., P. J., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. Sv., B. J., B. St., H. K., J. J., J. M., J. B.

Tveir þm. (B. K. og S. S.) fjarstaddir.

Brtt. 403, 2. samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 54. fundi í Ed., mánudaginn 1. júlí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um bráðabirgðalaunaviðbót handa starfsmönnum landssímans,

eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 420).

Á 55. fundi í Ed., þriðjudaginn 2. júlí, var till. tekin til fyrri umr.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg álít sjálfsagt, að málinu verði vísað til fjárveitinganefndar, enda mun henni orðið það kunnugt af umræðunum í háttv. neðri deild. Þetta er mikið nauðsynjamál, og ætla jeg þó ekki að fara að mæla með því nú, heldur stóð jeg upp til að mælast til, að hafður verði eins hraður gangur á málinu og hægt er. Nú er þingtíminn áliðinn, en þetta mál má með engu móti stranda.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 10 shlj. atkv. og til fjárveitinganefndar (sjá A. bls. 534) með 8 shlj. atkv.

Á 63. fundi í Ed., föstudaginn 12. júlí, kl. 1 miðdegis, var till. tekin til síðari umr. (A. 420, n. 481).

Frsm. (Eggert Pálsson): Jeg vildi mælast til, að forseti tæki till. þessa út af dagskrá í þetta sinn, því að náið samband er milli þessarar till. og frv., sem deildin hafði til meðferðar hjer næst á undan.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 64. fundi í Ed., sama dag, kl. 8 síðdegis, var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 420, n. 481).

Frsm. (Eggert Pálsson): Öllum háttv. þingdm. mun það kunnugt, að símagjöld hafa verið hækkuð með það fyrir augum, að kjör símastarfsmanna verði bætt. Það er því þegar búið að viðurkenna í verki, að full ástæða er til að bæta kjör þessa fólks, svo að hægt sje að halda því. Það liggur í augum uppi, að þessari stofnun er nauðsynlegra en flestum öðrum stofnunum að hafa vönu fólki á að skipa. Því munu og allir sammála um hækkun á kaupi starfsfólksins. Háttv. Nd. hefir samþykt þá þingsályktunartill., sem fyrir liggur, og vænti jeg, að málalokin verði söm í þessari háttv. deild.

Jeg skal að lokum að eins geta þess, að brtt. á þgskj 481, sem komin er frá fjárveitinganefnd, stendur í nánu sambandi við frv., er áðan var samþykt, og raskar í engu vilja háttv. Nd. Jeg vona og tel víst, að háttv. deildarmenn hafi ekkert á móti brtt og greiði henni atkvæði um leið og sjálfri þingsályktuninni.

ATKVGR.

Brtt. 481. samþ. með 8 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Sþ.

Á 70. fundi í Nd., laugardaginn 13. júlí, og á 65. fundi í Ed., sama dag, var útbýtt frá Sþ.

Tillögu til þingsályktunar um bráðabirgðalaunaviðbót handa starfsmönnum landssímans,

eins og hún var samþ. við síðari umr. í Ed. (A. 505).

Á 7. fundi í Sþ., mánudaginn 15. júlí, var till. tekin til u m r.

Frsm. fjárveitinganefndar Ed. (Eggert Pálsson): Eins og háttv. þm. sjá, hefir till. þessi tekið breytingum í Ed. hvað orðalag snertir, en efni hennar hefir ekki verið breytt. Upphæðin er látin vera sú sama sem hv. Nd. samþykti, en síðustu málsgr. till. er að eins vikið við.

Það er gert ráð fyrir því, að dýrtíðaruppbót þeirra starfsmanna símans, sem lægst eru launaðir, hækki ef til vill að einhverju leyti. Og þá liggur í hlutarins eðli, að til þess að þeir fái þá uppbót, sem háttv. Nd. ætlaðist til, þarf að lækka þessa bráðabirgðalaunaviðbót að sama skapi sem dýrtíðaruppbótin kann að hækka. Samkvæmt þessu og með þetta fyrir augum gerði Ed. þessa breytingu á till.

Nú er ekki víst um örlög frv. þess um hækkun á dýrtíðaruppbót embættis- og sýslunarmanna landssjóðs, er afgr. var frá Ed., svo að ekki er hægt að segja um það, hvort þessi breyting á við. Ef háttv. Nd. hefði þegar sálgað frv., hefði átt við að bera fram brtt. við þessa till. og gera ekki ráð fyrir neinni hækkun á dýrtíðaruppbótinni. En nú hefir háttv. Nd. ekki enn þá felt frv., og ekki er gott að vita, nema uppbótin verði hækkuð. Er því sjálfsagt að láta þetta ákvæði standa. Auðvitað væri hægt að taka till. út af dagskrá, þangað til sjeð væri fyrir um örlög hins frv., en það mundi valda óþarfa snúningum, og er ekki víst, að tími vinnist til þess að taka till. aftur fyrir. Það gerir heldur hvorki til eða frá, þótt till. sje svona orðuð. Ef ekkert verður úr hækkuninni á dýrtíðaruppbótinni, gerir þetta orðalag ekkert til, en verði hækkunin samþykt, er sjálfsagt að láta þetta orðalag halda sjer.

Jeg vil því mælast til þess, að till.

verði samþykt. Það bindur ekki atkv. manna í dýrtíðaruppbótarmálinu, þó að þeir samþykki þetta. Í till. stendur einungis, ef »dýrtíðarupphæðin kann að hækka«, ekki að hún hækki. Menn geta því óhræddir greitt till. atkv., þó að hitt málið sje ekki útkljáð.

ATKVGR

Till. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem

ályktun Alþingis.
(Sjá A. 512).

22. Síldarkaup, síldarforði og ásetning búpenings.

A 65. fundi í Nd., mánudaginn 8. júlí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um ásetning búpenings (A. 463).

Á 66. fundi í Nd, þriðjudaginn 9. júlí, var till. tekin til fyrri umr.

Pjetur Ottesen: Við flm., S. S. og jeg, höfum leyft okkur að koma fram með þessa till. í von um, að gott mætti af því leiða, að nú væri frekar en ella brýnd fyrir mönnum nauðsynin á því, að gæta varúðar í ásetningi búpenings næstkomandi vetur. Útlitið er hið iskyggilegasta, það getur engum dulist. Grasbrestur um alt land, og það svo, að það má vel rætast úr, ef hálfur heyfengur fæst í sumar, miðað við meðalheyafla undanfarið. Svo er það t. d. víða hjer um Suðurland að minsta kosti, að lítil líkindi eru til, að nokkur tiltök verði að byrja slátt á túnum fyr en í lok þessa mánaðar. Þessi óáran í grasvextinum kemur því bagalegar á, þar sem víðast mun vera mjög lítill stuðningur í fyrningum frá fyrra ári. Síðastliðinn vetur var harður, og skall hurð nærri hælum sumstaðar með það, að búpeningur manna fjelli.

Nú er það hrossaeignin í landinu, sem mest hætta stafar af. Undanfarin þrjú ár hefir engin hrossasala út úr landinu átt sjer stað. Á þessum árum hefir hrossum fjölgað jafnt og þjett. Og þótt nú megi flytja 1000 hesta út á þessu ári, þá segir það ekkert, það er eins og krækiber í ámu. Það gerir svo sem hvorki til nje frá. Hjer verður því að grípa í taumana. Það verður að slátra hrossum og það í stórum stíl. Það verður að gera ráðstafanir til þess að opna markað fyrir hestakjöt, miklu meiri en verið hefir hjer á landi. Það verður að reyna að opna markað fyrir það í kaupstöðunum.

Síðastliðið haust var slátrað hjer í Reykjavík þó nokkru af hrossum, en aðallega munu hafa verið búið til úr þeim bjúgu og kæfa. Lítið af kjötinu mun hafa verið selt öðruvísi. En betur má, ef duga skal.

Á aðalfundi Sláturfjelags Suðurlands, sem haldinn var hjer fyrir nokkru, var það afráðið að senda hingað til slátrunar töluvert af hrossum á úthallandi sumri, og er vonandi, að vel takist.

Eins verða menn að grípa til þess, sem ekki getur talist neitt neyðarúrræði eins og komið er, að slátra hrossum til fóðurs handa öðrum skepnum. Hrossakjöt er ágætt skepnufóður. T. d. er það mjög gott handa nautgripum.

Hjer rekur nauður til, að eitthvað sje aðhafst. Og það, sem áhrif hins opinbera gætu þá fyrst og fremst náð til, annað en það að hafa áhrif á hrossafækkunina, væri það, að greitt væri fyrir útvegun á innlendum fóðurbæti til skepnufóðurs.

Nú mun vera til hjer á landi all-

mikið af síld frá í fyrra. Jeg hefi heyrt nefndar um 45,000 tunnur. Englendingar eiga síldina og munu vilja selja hana, og hafa þegar selt nokkuð. Verðið á síldinni, þar sem hún liggur, mun ekki vera mjög hátt, enda mun síldin vera allmisjöfn að gæðum, en flutningur á síldinni er aftur á móti afardýr. Nú má síldin ekki verða mjög dýr, til þess að það borgi sig að nota hana til fóðurs, eins og verði á afurðunum er nú komið.

Við flutningsmenn till. höfðum því hugsað okkur, að hið opinbera gæti best orðið að liði í þessu efni, með því að haga ferðum þeirra skipa, sem landsstjórnin hefir yfir að ráða, þannig, að sem haganlegast sje þeim, sem síldina kaupa, og í annan stað gæfi dálitla ívilnun í flutningsgjaldinu. Vera má, að heppilegra og tryggara væri, að afskifti landsstjórnarinnar af þessu fóðurbætiskaupamáli næði lengra en þetta; t. d. að landsstjórnin festi kaup á síldinni að einhverju leyti, og að með því væri trygt, að flutt væri til Suðurlands svo og svo mikið af síldinni í sumar og haust, svo að ef ís bæri að Norður- og Vesturlandi í vetur, að síldin væri þá ekki þar innilokuð. Það er nauðsynlegt, að þetta atriði sje athugað gaumgæfilega.

Þá er annar liður till., að brýna fyrir sveitarstjórnum að halda fundi í haust með bændum, hver í sínum hreppi, til þess að fá gerðar hyggilegar ályktanir um ásetning búpenings. Þingsályktun í þessa átt var samþykt á síðasta þingi. Það varð þó til þess, að að minsta kosti á sumum stöðum var athygli manna töluvert meir vakandi um þessi efni en endranær, og töluvert gert að því, að afla fóðurbætis á ýmsum stöðum. En reynslan sýndi, að þetta var hvergi fullnægjandi.

Sýslumenn heimtuðu þá af forðagæslumönnum, að þeir gæfu sjer tafarlaust upp nöfn þeirra manna í hreppunum, sem að dómi forðagæslumanna settu ekki tryggilega á vetur. Forðagæslumenn sendu þegar að afloknum skoðunum skýrslu um ástandið og tilgreindu það, sem þeim leist ábótavant í þessum efnum.

Það munu nú flestir hafa búist við því, að þetta væri í því skyni gert, að hjer ætti að grípa í taumana af því opinbera, þar sem þess væri þörf, og biðu menn eftir að fá fyrirskipanir í þá átt. En þar, sem mjer er um kunnugt, gerðu sýslumenn engar ráðstafanir, þótt ábótavant væri í þessum efnum. Von um aðgerðir úr þessari átt munu því ef til vill hafa heldur dregið úr því, að forðagæslumenn beint skökkuðu leikinn, með því að beita valdi sínu, sem þeir að vonum eru ragir til, fyr en þá um seinan. Þetta getur ef til vill hafa átt sinn þátt í því, að hvatning sú, sem í þingsályktunartill. frá síðasta þingi falst, hefir ekki fyllilega getað náð tilgangi sínum alstaðar. En eins og jeg hefi áður tekið fram, var sú hreyfing, sem þingsályktunin vakti, til allmikils góðs.

Við flutningsmenn þessarar till. lítum því svo á, að rækileg hvatning frá hálfu stjórnarinnar í þessa átt, í sambandi við fyrirgreiðslu og aðstoð til útvegunar á fóðurbæti, ætti að geta haft heillarikar afleiðingar. En stjórnin þarf að standa á bak við þetta með einbeitni og skjótum úrræðum og njóta aðstoðar bestu manna í hverju hjeraði. Og það dugir ekki að láta sitja við orðin tóm. Þetta er svo mikið alvörumál, að öðrum aðalatvinnuvegi landsins verði ekki teflt í voða með gapalegum ásetningi búpenings næsta vetur.

Síðasti liður till., um að heimila landsstjórninni nauðsynlegt fje til ráðstafana, er að þessu lúta, hneigist að því, að

við höfum gert ráð fyrir ívilnun á flutningsgjaldi á fóðurbætinum, og svo ef til vill að fengnir væru einhverjir góðir og áhrifamiklir menn til að ferðast um hrossaflestu hjeruðin og beita áhrifum sínum í þá átt, að hrossunum verði fækkað. Það er mjög mikilsvert atriði. Það er ekki einungis, að hrosspeningnum einum sje stefnt í voða með því að setja þau á um skör fram, heldur er líka öðrum skepnum teflt í voða, ef ekki er gætt hófs með ásetning hrossanna.

Það mun þykja rjett að vísa málinu til nefndar til yfirvegunar, og höfum við flm. ekkert á móti því. Eftir eðli sínu á málið heima í bjargráðanefnd, og leyfi jeg mjer því að leggja til, að málinu verði vísað til þeirrar nefndar. En sökum þess, að nú er komið nær þinglokum, leyfi jeg mjer að leggja áherslu á það, að háttv. nefnd bregði skjótt við og afgreiði málið svo fljótt sem auðið er, svo að það geti orðið afgreitt frá þinginu áður en því verður slitið.

Sigurður Stefánsson: Jeg verð að vera háttv. flm. þakklátur fyrir að hafa komið með þessa till. Því að eins og útlitið er nú fyrir annan aðalatvinnuveg landsins, þá eru allar þær ráðstafanir, sem um hefir verið talað á þessu þingi, eintómur hjegómi á við það, ef hægt væri að tryggja landbúnaðinum sem mestan fóðurbæti fyrir búpening á næstkomandi vetri. Útlitið með landbúnaðinn er svo ískyggilegt, að það hefir sjálfsagt ekki verið verra í þeirra manna minnum, sem nú lifa. Eftir því, sem sögur ganga nú utan af landinu, er ekki einungis útlit fyrir, að heyfengur verði hálfu minni en venjulega, heldur víða jafnvel miklu minni en það.

Jeg get ekki sjeð, að þingið geti skilið án þess að gera einhverjar ráðstafanir til þess að ráða bót á þessu, ef þess er nokkur kostur.

Hjer hefir verið nefndur hrossafjöldinn. Það er rjett álitið, að hann hangir nú eins og Damoklesarsverð yfir höfði landbúnaðarins, og það verður að álítast í alla staði rjett, að hrossin sjeu drepin til bjargar öðrum skepnum.

En það var aðallega vegna hins atriðisins, sem jeg kvaddi mjer hljóðs. Það var viðvíkjandi síldarkaupum til skepnufóðurs. Jeg vildi árjetta það, sem hv. flm. (P. O.) drap á, að ekki verði einungis gerðar ráðstafanir til að greiða fyrir flutningi á þeirri síld, sem til er eða til verður í landinu, heldur sje það athugað nú þegar, hvort ekki sje rjett, að landssjóður festi kaup á meiru eða minnu af henni. Því að ef síldin er keypt í lausasölu, þá getur farið svo, að þau hjeruð verði út undan, sem ef til vill einna helst þurfa hennar með. Það getur talist nauðsynlegt, að síldin sje í þeim höndum, sem geta »regulerað«, hvernig henni er skift niður.

Það er kunnugt, að einstakir menn eru þegar farnir að kaupa síld þá, sem Bretar eiga hjer síðan í fyrra. Verðið á henni er ekki sjerlega hátt á staðnum, þar sem hún liggur, en flutningskostnaðurinn er ærið mikill og kemur auðvitað harðast niður á þeim hjeruðum, sem fjærst liggja. Það gæti því verið mjög æskilegt, ef landssjóður gæti tekið einhvern þátt í flutningskostnaðinum.

Nú getur vel verið, að mönnum finnist, að ef landssjóður tekur að sjer kaup á þeirri síld, sem nú er til í landinu, þá geti það spilt fyrir markaðinum á þeirri síld, sem veiðast kann í sumar og verða kann á boðstólum innanlands í vetur, en jeg óttast það ekki svo mjög.

Hins vegar er þörfin svo mikil á fóðurbæti, að jeg tel varhugavert að sleppa tækifærinu með kaup á ensku síldinni,

Það er því öll ástæða til þess að taka þetta mál til alvarlegrar íhugunar.

Hvað ásetninguna sjálfa snertir, þá er sjálfsagt að samþykkja til., enda þótt það sje undir hælinn lagt, hvern árangur hún muni bera; hún getur aldrei gert ógagn. Jeg hygg, að allar hreppsnefndir geri það, sem unt er, til þess að hvetja menn til gætilegrar ásetningar í vetur, en till. er þó ekki ofaukið. Það er satt, að hreppsnefndir gáfu skýrslur síðastliðið haust, til stjórnarinnar, um þá, er forðagæslumönnum þótti setja of djarft á, en um árangur af því hefi jeg ekki heyrt, af hverju sem það stafar. En eðlilega er það erfitt fyrir landsstjórnina að hafa eftirlit með ásetningu bænda á hverjum bæ. Jeg veit til þess, að hreppsnefndir hafa gert það, sem í þeirra valdi stóð, til þess að menn settu gætilega á. Þannig var skorið af heyjum í einum hreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu á jólaföstu síðastliðinn vetur, og bjargaði það frá felli í vor. En auðvitað gerðu bændur það ekki ótilkvaddir, heldur fyrir áeggjan og forgöngu hreppsnefndar.

Jeg hygg, að komið gæti til mála, að þegar væri fest kaup á síld þeirri, sem Bretar eiga hjer á landi, að einhverju leyti. En auðvitað má verðið ekki vera of hátt. Þess er að gæta, að flutningskostnaður er mikill, og eitthvað af síldinni kann að vera skemt og óhæft til skepnufóðurs, og er ekkert fyrir þá síld gefandi. Mjer er kunnugt um, að eitthvað hefir þegar verið selt af síld þessari, og mun hún verða seld úr þessu, eftir því sem kaupendur bjóðast að henni.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg get í aðalatriðunum tekið í sama streng um till. þessa sem háttv. flm. (P. O.) og háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.).

Það er gleðilegt að heyra, að þótt ekki hafi verið farið langt með till., er samþykt var í fyrra, þá hefir hún samt orðið til þess að vekja menn, enda mun ekki hafa verið ætlast til meira með henni.

Í þessari till. liggur alt hið sama, og þó enn meira, eins og háttv. flm. (P. O.) hefir tekið fram, svo sem að ljetta megi undir með flutning á síldinni, og skilst mjer, að ekki sje eingöngu átt við síld, heldur og við hverskonar fóðurbæti. Enn fremur liggur það í till., að reynt verði að hafa áhrif á ferðir landssjóðsskipanna, þannig að þau geti tekið síldina þar, sem hún liggur aðallega, og dreift henni þangað, sem þörfin er mest, en það er í fjarlægustu hjeruðunum. Ef síldin liggur t. d. aðallega við Eyjafjörð og Siglufjörð, þá gætu menn úr nálægum sýslum náð í síldina án tilfinnanlegs kostnaðar, og yrði þá aðallega að hlaupa undir bagga með Suður- og Austurlandi. Og þótt þessum landshlutum yrði veitt einhver ívilnun í flutningsgjaldi, yrði það samt svo hátt, að síldin yrði þeim dýrari en Norðlendingum og jafnvel Vestfirðingum.

Þar sem háttv. flm. (P. O.) mintist á að senda menn upp um sveitir til þess að vita, hvort hross fengjust ekki keypt allgóðu verði, (**P. O.:** Það sagði jeg ekki.), þá skal jeg engu um það spá, hver árangur myndi verða af slíku. En verði menn sendir út á annað borð, mætti auka verkefni þeirra; þeir gætu jafnframt hvatt menn til þess að setja gætilega á og til þess að tryggja sjer nægan fóðurbæti í tíma.

Á því er mikill vandi, ef landsstjórnin á að ráðast í að kaupa síld þá, sem Bretar eiga hjer og hefir legið hjer alllengi. Jeg veit til þess, að nokkuð af henni hefir verið keypt, en allmikið er þó óselt. Og þótt menn viti, hvernig sú

síld er, sem seld hefir verið, þá hafa menn enga vissu um gæði þeirrar síldar, sem enn er óseld, eða hvernig hún verður undir haustið, þegar fer að kólna í veðri.

Jeg verð að lýsa ánægju minni yfir því, að till. er komin fram, og vænti jeg, að hún verði athuguð fljótt og vandlega í háttv. bjargráðanefnd. Jeg vil leggja áherslu á það, að nefndin kynni sjer sem best, hvernig varið er um bresku síldina, hve mikið er óselt af henni, hve góð hún muni vera og hvaða verði hún muni fáanleg. Á því getur oltið mikið. Og verði síldarafli góður í sumar, verður líklega talsvert af nýrri síld á boðstólum, til sölu innanlands, og keppir sú síld þá við bresku síldina. Og eftir því, sem horfur eru á, verður sú síld ekki sjerstaklega dýr, og munu margir þá heldur vilja kaupa vissa og óskemda vöru en vafasama vöru frá fyrra ári. Væri gott, ef háttv. bjargráðanefnd vildi athuga þetta.

Jeg á ekki von á, að nokkur háttv. þingdm. muni vera því andvígur, að till. gangi til bjargráðanefndar að umr lokinni.

Matthías Ólafsson: Mig furðar á því, að háttv. flm. (P. O) skuli hafa þorað að koma fram með slíka till. þessari háttv. deild. Ekki af því, að jeg sje ekki samþykkur till., heldur vegna þess, hvernig hljóðið hefir verið í háttv. deild, þegar rætt hefir verið um forðagæslu. Menn hafa álitið bændur einfæra um að gæta þess, að ekki sje of mikið sett á. En þó þykir mjer gott, að till. kom fram, og mun jeg greiða henni atkvæði. Allir hafa sjeð afleiðingarnar af sjálfræði manna í þessu efni; þær hafa oft og tíðum verið sorglegar.

Það hefir verið minst á, hvort ekki væri ástæða til að kaupa upp þá síld, sem Bretar eiga hjer á landi. Jeg verð að ráða frá því, þar sem síldin mun vera orðin mjög ljeleg. Og hins vegar er það víst, að ekki muni skortur á nýrri síld næsta haust. Er því óhyggilegt að festa kaup á henni nú þegar; hún hefir legið mánuðum saman og er því meira og minna skemd og mun naumast verða svo ódýr, að ekki borgi sig betur að kaupa óskemda og nýja síld.

Mjer er ekki ljóst, við hvað er átt í 1. lið till. Jeg býst við, að tilgangurinn sje að tryggja, að ekki verði flutt svo mikil síld út úr landinu, að nægur fóðurbætir verði ekki eftir handa bændum. Er jeg því algerlega samþykkur, og eins hinu, að menn gæti þess, að ekki verði sett ofmikið á.

Hins vegar get jeg ekki fallist á síðasta málslið till. Jeg sje ekki ástæðu til að heimila, að landssjóður leggi fje til þessa; það ættu bændur sjálfir að gera. Og mjer þykir hjer skjóta nokkuð skökku við atkvgr., er nýlega fór fram um aðra till. hjer í þessari háttv. deild. Sú till. fór fram á að greiða fyrir mönnum með kolavinslu, og sje jeg ekki, að það sje neitt betra, að menn deyi úr kulda, heldur en að skepnur þeirra falli úr fóðurskorti. Jeg mun því koma með brtt. við 2. umr. á þá leið, að þessi liður falli í burt. Ef þingið vill ekki styðja menn á þessum tímum, heldur lætur þá bjarga sjer eins og þeir geta best, þá ætti það að vera samkvæmt sjálfu sjer og samþykkja ekki þessa heimild.

Sigurður Stefánsson: Jeg gleymdi að taka það fram áðan, er jeg gat um bresku síldina og samkepni hennar við nýja síld, að það er stórt atriði í málinu, að enn þá hefir engin síld verið veidd. Það gæti farið svo, að síldarveiðin yrði svo rýr, að ekki yrði veitt

meira en þessar 50,000 tunnur, sem leyft er að flytja út. Um það er alls ekki hægt að segja fyrirfram, og er altaf rent blint í sjóinn með það. Og veiðist ljelega í sumar, þá er illa farið ef við höfum slept tækifærinu til að kaupa þessa bresku síld. Auðvitað er talsverð hætta á því, að hún sje skemd. En hana þyrfti ekki að kaupa blindandi. Það má ætla, að breska stjórnin ljeti það ekki standa fyrir sölunni, að síldin væri skoðuð áður en hún væri keypt. Gætu síldarmatsmenn annast þá skoðun, og mætti sigla að miklu leyti fyrir þau sker.

Jeg er sammála háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) um það, að hættulegt geti verið að kaupa síldina ósjeða, eins og hún er upp og niður. En síldarforðinn, sem Bretar eiga, er svo mikill, að þótt síldin væri ekki keypt öll eða þótt mikið gengi úr henni, þá gætu það verið töluverðar birgðir. Ef landsstjórnin vildi kaupa síldina, er sjálfsagt að fara fram á, að hún verði metin. Ef um óskemda síld er að ræða, er jeg viss um, að hún myndi öll keypt og borguð fyrir haustið, svo að landssjóður þyrfti ekki að eiga þar neitt á hættu.

Jeg skal geta þess í þessu sambandi, að jeg símaði nýlega í hrepp einn, þar sem 3000 tunnur af síld þessari liggja. Bað jeg einn mann þar að segja mjer, hvort síldin myndi óskemd og hæfileg til skepnufóðurs. Jeg fjekk það svar, að nokkuð af henni væri skemt, en maður þessi kvaðst þó vilja kaupa 300 tunnur af henni fyrir hrepp sinn. Hefir þá þessi maður, sem er einkar skýr og glöggur, ekki álitið hana svo skemda, að frágangssök væri að kaupa hana. Að vísu nefndi hann verð, er jeg býst ekki við að umboðsmaður Breta vilji ganga að. Jeg hefi átt tal við umboðsmann Breta um síldarverðið, og kvað hann það mundu verða því ódýrara, sem meira væri keypt í einu. Og ef landssjóður keypti í stórum stíl, hygg jeg, að verðið myndi ekki verða hærra en það, að það borgaði sig fyrir menn úr fjarlægum hjeruðum að kaupa síldina, einkum ef ívilnun fengist í flutningsgjaldinu. Mjer væri þetta ekkert kappsmál, ef jeg væri viss um, að svo mikil síld veiddist í sumar, að nægur forði yrði til manneldis og skepnufóðurs, en um það er ekki hægt að fá neina vissu.

Mig furðaði á þeirri ályktun, er hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) dró af öðru máli, er felt var hjer í deildinni. Þótt menn hafi hrasað áður, er betra, að þeir sjái að sjer, heldur en að þeir haldi áfram í villu síns vegar. Nauðsynin er nú brýnni á því en nokkurn tíma áður, að hlaupið verði undir bagga með landbúnaðinum í þessum vandræðum.

Bjargráðanefnd mun ekki tefja málið, heldur gera alt til þess, að það fái sem greiðastan gang í gegnum háttv. deild.

Pjetur Ottesen: Jeg get fyrir hönd okkar flutningsmanna verið þakklátur fyrir þær undirtektir, er till. okkar hefir fengið hjá hæstv. atvinnumálaráðherra og háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.).

Hæstv. atvinnumálaráðherra gat þess, að ívilnun í flutningsgjaldi myndi eiga að ná til alls fóðurbætis. Þetta er rjett skilið, þessi var tilætlun okkar flm., en síldina nefndi jeg sjerstaklega af því, að um þann fóðurbæti verður sennilega aðallega að ræða. Og auðvitað ætti ívilnunin í flutningsgjaldinu að ná aðallega til þeirra, sem lengst þurfa að flytja fóðurbætinn.

Viðvíkjandi því, er jeg jeg drap á, að komið gæti til mála að senda menn til að hafa áhrif á bændur í þá átt, að þeir fækkuðu hrossum, mintist hæstv. atvinnumálaráðherra á, að menn þessir gætu ef til vill keypt hross. Jeg

átti nú ekki við það, en ef þessir menn gætu orðið milligöngumenn milli kaupstaðabúa og bænda í þessu efni, þá er það ekki nema gott.

Um kaup á bresku síldinni skal jeg geta þess, að jeg skaut því að eins fram til athugunar fyrir nefndina, sem væntanlega fær þetta mál til meðferðar, án þess að við flutningsmenn höfum tekið afstöðu til þessa atriðis.

Jeg þarf ekki að svara hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.). Hann tók liðlega í till., að öðru leyti en því, að hann vill ekki fallast á, að landsstjórninni sje heimilað að verja fje úr landssjóði til þessara ráðstafana. Jeg geri ekki ráð fyrir, að það myndi nema svo miklu, að ástæða væri að setja það fyrir sig, en þótt svo væri nú, að til þessa gengi nokkurt fje, þá væri því fje vel varið, eins og landbúnaðurinn stendur nú höllum fæti, enda kæmi það fje svo alment að notum. Getur, verið, að ummæli hv. þm. (M. Ó.), er lutu að þessu, hafi verið sprottin af vonbrigðum yfir því, að till. frá honum var nýlega feld hjer í hv. deild, en að öðru leyti hygg jeg, að honum sje þetta ekki kappsmál.

Matthías Ólafsson: Háttv. flm. (P. O.) kvað fje það, sem farið er fram á að veita í till., ekki mundu nema svo miklu. En hann getur ekkert um það sagt, hve mikið muni kosta að senda menn um alt land til þess að hvetja menn til að setja ekki of mörg hross á. Jeg gæti trúað því, að það þyrfti að senda allmarga menn til þess að sannfæra alla bændur á landinu um það, að rjettara sje fyrir þá að drepa hrossin sín heldur en að setja þau á. Jeg vil helst ekki fást við þær upphæðir, sem jeg veit ekkert hverjar eru. Og jeg skil ekki, að þingið muni nú vilja veita óákveðna upphæð, þar sem það hefir nýlega synjað að veita alveg fastákveðna upphæð að láni til jafnbrýns bjargráðs og þar var farið fram á.

Jeg skal ekkert hafa á móti því, að þingið geri sig hlægilegt enn þá einu sinni. Jeg ætla að koma með brtt. við þetta atriði við næstu umr., og ekki hvað síst til þess að láta þingið bíta í skottið á sjálfu sjer, láta það samþykkja að gefa óákveðna upphæð, þvert ofan í það, að það hefir ekki viljað lána ákveðna upphæð í jafnnauðsynlegum tilgangi.

Það er satt, að jeg mæli þetta að nokkru leyti af því, að jeg varð fyrir vonbrigðum í öðru máli. Og það er rjett hjá háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.), að menn eigi ekki að vaða áfram í villunni, ef þeir hafa rangt fyrir sjer. En jeg ætla ekki að gera ráð fyrir, að nokkur háttv. þingdm. hafi greitt vísvitandi rangt atkv. Jeg býst við því, að sannfæring háttv. þingdm. hafi ráðið, þótt jeg álíti hins vegar þessa sannfæringu ekki rjetta.

Það er sjálfsagt að greiða fyrir því, að menn geti aflað sjer fóðurbætis. En jeg álít ekki neitt að óttast, að svo lítið verði veitt af síld í sumar, að ekki verði ríflegur afgangur, þegar sú síld, sem leyft er að flytja út, er talin frá. Og þá er sú síld óneitanlega betra fóður heldur en gamla síldin. Hún er án efa orðin skemd. Það er enginn búhnykkur að kaupa gamla og ljelega síld fremur en að kaupa nýveidda síld og greiða um leið fyrir atvinnuvegi, sem á í vök að verjast. Auðvitað yrði það að greiða fyrir honum, því að ekki er víst, að síldin seljist öll, og yrði hin nýja síld þá að geymast og liggja ef til vill undir skemdum.

Hákon Kristófersson: Jeg býst við, að háttv. flm. þessarar tillögu hafi gengið gott eitt til með því að koma fram með hana, og hún, ef hún

næði fram að gangu, bætti úr vandræðaástandi því, sem er og útlit er fyrir, og get jeg verið því samþykkur að svo mundi verða, sjerstaklega þó með tilliti til 1. liðs till., þar sem gert er ráð fyrir því, að landsstjórnin greiði fyrir útvegun á innlendum fóðurbæti til skepnufóðurs. Býst jeg við, að þar sje einkum átt við síld. Það hefir nú þegar verið farið nokkrum orðum um þetta atriði, en þó vil jeg bæta þar við nokkrum orðum. Vil jeg gera þeirra skoðun að minni, sem heldur vilja nýja síld til fóðurbætis en gamla, þótt ódýrari kunni að vera.

Hæstv. atvinnumálaráðherra kvaðst gleðjast yfir því, að till. þessi væri fram komin, og vildi benda á nauðsyn hennar. Þá hefði jeg nú talið betur við eiga, að hæstv. stjórn hefði átt frumkvæði að þessari till., heldur en það kæmi frá þingmönnum. (**S. S.**: Sama hvaðan gott kemur). Það getur rjett verið, en ef hæstv. atvinnumálaráðherra gleðst yfir einhverju, sem fram kemur, og bendir á nauðsyn þess, þá hlýtur hann þegar að hafa sjeð nauðsynina, en látið vera að fullnægja henni. Að hæstv. atvinnumálaráðherra, sem þetta mál heyrir sjerstaklega undir, hefir sjeð, að framkvæmdir í líka átt og till. fer væru nauðsynlegar, en gerir ekkert til að koma þeim í framkvæmd, verð jeg að telja frámunalegt afskiftaleysi af hans hálfu, afskiftaleysi, sem mjer er ekki ljóst með hverju hæstv. ráðherra getur afsakað.

Jeg er því till. þessari sammála hvað fóðurbætisbirgðirnar snertir, en álít það ekki mikils virði, þótt farið væri að senda menn út um bygðir þessa lands til þess að hvetja menn til gætilegs ásetnings. Það, að slík till. skuli borin fram, sýnir það eitt, að menn álíta forðagæslulögin nauðalítils virði. Í fyrra, þegar svipuð till. lá fyrir, benti jeg á það, að út af fyrir sig mundi það ekki hafa mikið að þýða að senda menn út um hvippinn og hvappinn, og að það mundi ekki hafa mikið að þýða, þótt stjórnin sendi út brjeflegar áskoranir í þessa átt. Undirskriftir hæstv. stjórnar væru ekki út af fyrir sig svo mikils virði til að tryggja skepnur fyrir fóðurskorti og hungurdauða. Meðan svo stendur, að Alþingi og menn úti um land láta sig í þessu efni »fljóta sofandi að feigðarósi«, er ekki við góðu að búast. Og reynsla áranna sýnir það, að þetta er ekki sleggjudómur, heldur styðjast þessi orð við staðreynd.

Það var rjett hjá háttv. flm. (P. O.), að sýslumenn hefðu heimtað skýrslur. Veit jeg ekki, í hverjum tilgangi um þær var beðið, en held, að þær hafi átt að senda til stjórnarráðsins. Í hvaða tilgangi þær áttu að fara þangað skal jeg ekki segja, en hitt veit jeg, að árangurinn af þessari skýrslugerð forðagæslumanna mun ekki hafa orðið til neinna verulegra framkvæmda með útvegun á fóðurbæti.

Jeg lít alveg eins á síðustu málsgrein till. og háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.), því að jeg er því alveg mótfallinn, að landssjóður veiti fje til að senda menn út um hreppa landsins til þess að hafa eitthvert fóðurbætis- og ásetningsgaspur við búendur. Árangur af því mundi sennilega að eins sá, að nokkrir útvaldir fengju atvinnu sem erindrekar í nokkrar vikur. En jeg veit þó, að auðvitað hefir háttv. flm. gengið hið besta til. Það getur vel hafa vakað fyrir þeim, að veita það til stuðnings mönnum við fóðurbætiskaup. (**S. S.**: Til þess að ljetta undir með flutningsgjald). Ef þetta á að skilja svo, þá get jeg verið með því. (**S. S.**: Best að skilja rjett). Jeg tek mjög vel þess-

ari vinsamlegu ráðleggingu vinar míns, háttv. 1. þm. Árn. (S. S.), en honum hefir nú ekki tekist að orða þetta svo skýrt í till. sinni, að á henni mætti sjá, til hvers væri ætlast með fyrirmælum seinustu málsgreinar.

Jeg hreyfði því nú í vor í »prívat«-samtali við menn innan þessarar háttv. deildar, hvort síðasti vetur hefði ekki sýnt, að full ástæða væri til að breyta forðagæslulögunum og gera ákvæði þeirra mun strangari, skýrari og ákveðnari í ýmsum greinum. Undirtektir eru daufar undir það, og bendir það á, að annaðhvort vita menn ekki, hvernig ástatt er, eða menn álíta málið svo umfangsmikið, að ekki sje hægt að bæta úr. En ástandið er hörmulegt eins og það er; því mun tæplega hægt að neita. Við bændurnir setjum svo á, að það getur að eins gengið ef veturinn er sæmilegur, en sje hann í harðara lagi, þá ganga skepnurnar sármagrar og hálfdauðar undan vetrinum. Það er enginn vafi á því, að hörmulega hefði farið nú í ár, ef bliðviðri hefðu ekki átt sjer stað í alt vor. Og sje það satt, að ekki óverulegar misfellur hafi átt sjer stað í vor, hvernig mundi þá hafa farið, ef illa hefði vorað? Jeg lít svo á þetta mál sem áður, að slíkt kák sem það, að benda mönnum á að halda fundi og gera samþyktir og reglugerðir um ásetning búpenings, sje pappírsgagn eitt. Hjer verður að gera ráðstafanir í fullri alvöru, því að allur hjegómi og alvöruleysi í máli þessu er einkis virði.

Jeg verð að líta svo á, að svo framarlega sem hæstv. landsstjórn gerir sitt ítrasta til þess, að 1. lið till. sje fullnægt, þá gæti af því hlotist góður árangur. En jeg get ekki litið svo á 2. lið till., að hann sje neins virði. Vitanlega er ekkert á móti því, að stjórnin, eða sá ráðherranna, sem um þessi mál fjallar, fái þá ánægju að senda nokkur brjef út um land með hans undirskrift. Það er bara pappírseyðsla og raskar ekki gildi till. Og jeg gæti enda fylgt síðustu málsgrein ásamt 1. liðnum, ef ljett yrði undir með flutning og greitt fyrir síldarkaupum, sem vitanlega gæti haft töluverðan kostnað í för með sjer, og með það fyrir augum væri má ske rjett að heimila stjórninni fje til nauðsynlegra framlaga í því skyni.

Frekar mun jeg ekki ræða till. að þessu sinni, en mun greiða atkv. með henni, og einnig síðari málsgreininni með þeim skilningi, að fjeð sje ekki ætlað til erindreka út um landið, eða annara óþarfa ráðstafana, er stjórninni ef til vill dytti í hug að framkvæma.

Sveinn Ólafsson: Jeg verð nú að segja, að jeg geri mjer ekki von um mikinn árangur, þótt till. þessi yrði samþ., og sjerstaklega ekki um 2. lið, að hann leiði til neinna stórbyltinga. En af því að fyrri liður till. felur í sjer tilraun til að fyrirgirða hættu, er vofað getur yfir næsta vetur, þá mun jeg þó greiða till. atkv. mitt.

Um 2. atriðið sýnist mjer, sem það ætti ekki að spilla mikið, eða valda breytingum í neina átt, heldur sje það meinlaust og gagnslítið, eins og mörg pappírsgögn eru.

Um þetta fje, sem heimila á landsstjórninni í því skyni að afla fóðurbætis, skal jeg ekki fjölyrða. Mjer sýnist sem sje, að úr því að till. þessi er borin fram, þá leiði það af sjálfu sjer, að veita verði það fje, sem þarf til að framkvæma hana. Jeg geri ráð fyrir, að landsstjórnin tryggi kaupin sem best og leiti sjer upplýsinga um, hve mikið muni keypt, áður en hún festir kaup á nokkrum fóðurbætisbirgðum. (**Atvinnumálaráðherra:** Sú aðferð var höfð

í vetur). Því betra og því minni ástæða til að óttast, að fjenu verði á glæ kastað eða fóðurbætir keyptur að óþörfu.

En það var aðallega út af orðum háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.), sem jeg stóð upp. Jeg gat ekki vel felt mig við, að hann var, að mjer fanst, hálfgert að kasta hnútum að okkur, sem vorum móti forðagæslulögunum á síðasta þingi. Mjer fanst það ekki heldur vel við eigandi hjá honum eða hæversklega að orði kveðið um þingið nje vegleg ummæli um það, að það »bíti í sinn eigin hala«. Sú fyndni hans er nokkuð vafasöm. Jeg var á móti forðagæslulögunum af því, að jeg álít, að Alþingi eigi ekki að óþörfu að blanda sjer í starfsemi eða búnaðaraðferðir bænda eða annara einstakra manna, að slík íhlutun um skör fram sljófgi ábyrgðartilfinninguna hjá þeim og spilli fremur en bæti. Um ásetningar vil jeg láta hreppsfjelögin einráð vera með bændum og ekkert valdboð ofan að. Hjer er ekki á ferðinni neitt brot á þeirri kenningu, heldur er hjer farin nákvæmlega sú leiðin og ekkert valdboð út gefið. (**M. Ó.**: Hvað þarf þá þingið að skifta sjer af þessu?). Því er svo undarlega farið, að jeg heyri aldrei nema lítinn ávæning af því, sem þessi háttv. þm. (M. Ó.) segir, og get því eigi svarað athugasemd hans. En það verð jeg að segja, að aðdróttun hans til vor þingmanna, sem vorum móti harðvítugum forðagæslulögum í fyrra, um að við göngum hjer á bak orða vorra með því að styðja þessa till., er gersamlega tilefnislaus.

Pjetur Ottesen: Jeg skal ekki teygja tímann með því að eyða orðum við háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.), og þá helst af því, að mjer virtust mótmæli hans móti þessari till. einkum sprottin af reiði og gremju út af því, að till. hans um lán til þriggja hreppa í kjördæmi hans var feld hjer í deildinni á dögunum. Jeg sje enga ástæðu til að orðlengja út af mótmælum, sem sprottin eru af slíkum hvötum.

Háttv. þm. Barð. (H. K.) mælti alllangt mál um till. og fann að ýmsu í henni, en jeg held þó, eftir því sem næst varð komist, að hann í ræðulokin væri kominn að þeirri niðurstöðu að styðja till. Hann taldi alveg þýðingarlaust að samþ. annan lið till., um að brýna fyrir mönnum að gera ályktanir um tryggilegan ásetning búpenings. Þar dygði ekkert nema ströng lagaákvæði.

Við flutningsmenn till. álítum aftur á móti, að það sje einmitt rjetta leiðin í þessu máli að hvetja til þess að efla samtök og samvinnu í hjeruðunum um gætilegan ásetning búpenings.

Jeg þarf ekki að svara því, sem hann mintist á viðvíkjandi síðasta liðnum. Jeg tók það skýrt fram, að sú heimild, sem þar er gert ráð fyrir, lyti aðallega að því, að ljetta eitthvað undir með ívilnun í flutningsgjaldi hjá þeim, sem lengst þurfa að flytja fóðurbætinn.

Svo drap jeg á það, að til mála gæti komið, að stjórnin fengi menn út um land til þess að brýna fyrir mönnum nauðsynina á því að gæta nú varúðar í þessum efnum, einkum með tilliti til hins mikla hrossafjölda víða á landinu, þar sem útlit er nú fyrir lítinn heyafla og heyleysi blasir við. Því taldi jeg, að það gæti verið ástæða til að gera eitthvað í þessa átt, en þykist vita, að stjórnin muni gera sitt besta í þessu máli og fara þær leiðir, er hún telur skynsamlegastar og bestar.

ATKVGR.
Tillgr. 1. og 2. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. í e. hlj. og til bjargráðanefndar (sjá A. bls. 545) í e. hlj.

Á 69. fundi í Nd., föstudaginn 12. júlí, var till. tekin til síðari umr. (A. 463, 472, 480, n. 482, 489, 492, 493).

Afbrigði leyfð og samþ. í e. hlj. um brtt. 489 og 492, er of seint var útbýtt.

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Bjargráðanefndin hefir látið uppi álit sitt um þetta mál, á þgskj. 489, og er það samhuga álit hennar, að samþykkja beri till. þessa með breytingum þeim, á þgskj. 480 og 482, sem hún leggur til að gerðar verði. Það er nú svo um þetta mál, að það hefir að sumu leyti verið rætt í umr., sem orðið hafa um síldarfrv., sem nú er nýafgreitt frá þessari háttv. deild. Nefndinni hefir fullkomlega skilist það, að þessi till. væri orð í tíma talað, þar sem horfur með heyskap eru svo sem nú er; hins vegar þótti nefndinni nauðsynlegt að orða till. nokkuð fyllra en gert er á þgskj. 463, nefnilega í till. flutningsmanna, og að því lúta brtt. hennar á þgskj. 480. Það, sem er aðalatriðið í þessu fóðurtryggingarmáli, er einmitt sú leið, sem nú sýnist blasa við og vera sjálfsögð, að snúa sjer að síldinni, og í sambandi við þetta verð jeg að taka það fram, að þetta er því auðgerðara fyrir stjórnina, sem frv. síðasta var samþykt, þar sem hún þá kemur til að ráða yfir æðimiklum síldarbirgðum, þannig, að hún þarf ekki að beita neinum þeim ráðum, sem öðrum geti orðið til miska. Auðvitað er gert ráð fyrir því, að þessi forði verði til.

Nefndinni þótti því rjettara að bæta við með skýrum orðum 2. töluliðnum, sem sje því, að tryggja landinu síldarbirgðir til manneldis og skepnufóðurs, og það hafa áður verið færð rök fyrir því, bæði við umr. síldarmálsins og fyr, að það væri full þörf á að hefjast handa um það að tryggja landsmönnum fóðurbæti.

Jeg skal í sambandi við þetta minnast á það, sem tekið hefir verið fram um verðið á þessari síld, að selja hana ekki svo ódýrt, að nokkurt tjón þyrfti að verða að því fyrir síldarframleiðendur. Það er svo sem auðvitað, að það verður að selja hana þannig, að þeim, sem þurfa að kaupa hana til fóðurbætis, verði hún ekki alt of dýr, en það verð getur þó verið miklum mun hærra en það, sem gera má ráð fyrir að beinlínis þurfi að selja hana við, til þess að landssjóður verði skaðlaus af.

Jeg get ekki stilt mig um að nefna það, sem hjer hefir verið varpað fram, að landbúnaðurinn njóti einkis góðs af síldarútveginum

Fari nú svo, að síld veiðist, þá tel jeg ekki líklegt, heldur einmitt vissu fyrir því, að landbúnaðurinn geti notið mikils góðs af síldarútveginum, og jeg vona, að landsmenn geti fengið góðan og tiltölulega ódýran fóðurbæti með þessu, og í sambandi við þetta vil jeg skjóta því fram, sem reyndar ekki snertir fóðurbæti minstu vitund, að jeg verð að líta svo á, að landbúnaðurinn njóti jafnan mikils góðs af síldarútveginum, með því að hann er einn af bestu tekjulindum landssjóðs, og að það er mun hægra, ef vel lætur í ári með þann útveg, að veita landbúnaðinum ríflegri styrk, heldur en ef síldarútvegurinn væri alveg úr sögunni, því að þá mistí landssjóðurinn ærnar tekjur.

Í sambandi við þetta má benda á það, að um leið og landsstjórnin getur, ef síld veiðist í sumar, trygt sjer þennan fóðurbæti, þá er þessi útvegur eingöngu

í höndum innlendra manna, og að þetta eru því hlunnindi, sem koma okkur sjálfum til góða. Jeg þykist því ekki þurfa að færa frekari rök fyrir þeirri nauðsyn, sem felst í 2. tölulið brtt. á þgskj. 480.

Um 1. tölulíðinn var talað svo mikið við 1. umr. þessa máls, að engin ástæða er til þess að fjölyrða frekar um hann.

Vona jeg einnig, að stjórnin taki vel í það atriði, að það geti verið full ástæða til að greiða fyrir flutningi á þessum fóðurbæti milli hafna.

Og loks er það 3. tölulíður. Nefndin hefir að vísu lagt til, að honum verði breytt dálítið, en það er engin efnisbreyting. Nefndin taldi rjett, að það væri brýnt fyrir sveitarstjórnum að nota haustið til þess að halda fundi með bændum, til þess að hvetja þá til tryggilegs ásetnings. Að öðru leyti vildi nefndin ekki fara nánar út í það atriði.

Hún telur í alla staði vel til fallið, að hreppsnefndir hafi venju fremur vakandi auga á, hvernig bændur setja á heyin. Auðvitað verða hreppsnefndir að njóta aðstoðar forðagæslumannanna. Og eftir reynslu minni á forðagæslulögunum tel jeg mikinn stuðning í þeim, sje þeim samviskusamlega framfylgt. Nefndin leit svo á, að það væri í alla staði gott, að stjórnin hvetti allar hreppsnefndir til þess að bindast samtökum um, að menn settu gætilega á hey sín, með því að mörgum mun ekki þykja ólíklegt, að næsti vetur gefi ekki síðasta vetri eftir. Slík tímabil hafa komið yfir þetta land, t. d. veturnir 1880 og 1882. Þá höfðu bændur freistast til að setja heldur mikið á, og sem kunnugt er kom aðalhorfellishrunið 1882. Og ef vjer athugum veðurfarssögu okkar, munum vjer sjá, að slíkir samfeldir harðindakaflar hafa komið öðru hvoru. Hjer er því sannarlega allur vari góður, og mjer finst, að þingið megi ekki láta neitt tækifæri ónotað til þess að brýna fyrir mönnum að fara gætilega. Því að þótt hörmulegt sje að eyðileggja bústofn sinn að haustinu, þá er það ekkert hjá því að fella hann úr hor og hungri um miðjan vetur eða að vorinu. Hollur er haustskaði í samanburði við hin ósköpin.

Í umr. um þetta mál á dögunum var minst á það, að stjórnin sendi menn út um land til þess að brýna fyrir mönnum varúð í þessum efnum. En nefndin leit svo á, að ósýnt væri um árangurinn af því, en kostnaðurinn gæti ærinn orðið. En nefndin vill þó ekki átelja stjórnina, þó að hún geri þetta í einstökum hjeruðum, t. d. sendi menn um helstu hrossahjeruðin, til þess að brýna fyrir mönnum að fækka hrossum í haust. Jeg þori að fullyrða það fyrir nefndarinnar hönd, að hún mundi ekki átelja slíkt, ef það gæti komið að verulegu gagni. En hitt hefir tillmönnum víst aldrei komið til hugar, enda mundi gagnið af því ekki svara til kostnaðarins.

Fyrir brtt. á þgskj. 482 er komin brtt. á þgskj. 492. Þar er farið fram á, að fyrirsögnin orðist nokkru fyllra en á þgskj. 482. Nefndin hefir sjálfsagt ekkert á móti brtt. þessari, og jeg held, að mjer sje óhætt að taka aftur brtt. á þgskj. 482, fyrir nefndarinnar hönd.

Þá er brtt. á þgskj. 472. Hún er að vísu stíluð við till. eins og hún var upphaflega orðuð, og meðan jeg heyri ekki annað frá flm. brtt. (M. Ó.), hefi jeg ekki ástæðu til að ætla, að hann vilji láta hana koma undir atkvæði, eins og nú er komið. Hins vegar er það ætlun hans að verja ekki fje til ferðalaga eða fundarhalda. Hygg jeg, að hann geti tekið till. sína aftur, eins og málinu er nú komið. Fjárveitinganefnd hefir látið álit sitt í ljós um fjárhags-

atriði till. og samþykt, að stjórninni skuli heimilað fje til framkvæmdar þessu máli.

Matthías Ólafsson: Jeg mun ekki hingað til hafa verið talinn með sparnaðarmönnum þessa þings; en jeg ætla að fella mig við það álit, því að jeg hefi farið þar eftir minni eigin lund. Jeg hefi ekki kært mig um að spara, er um þarfafyrirtæki hefir verið að ræða, og jeg hefi ekki viljað kvelja opinbera starfsmenn landsins við sultarkjör. En þegar jeg heyri talað um að láta þangað fje, sem þess er engin þörf, hefi jeg tekið aðra stefnu, og eigi síst þegar jeg heyri fjármálaráðherra segja, að alt sje komið í kaldakol og ekki eru peningar til neins, ekki hægt að greiða skuldir á ákveðnum tíma, þá virðist mjer ástæða til að spara þar, sem má spara. Jeg heyri sagt, að ekki sje hægt að lána smáfjárhæð vegna fjárskorts, og landssjóður geti ef til vill ekki staðið í skilum með lán sín. Og í síðasta málinu, sem hjer var til umr., kom till. frá fjármálaráðherra um greiðslufrest á fje, sem landssjóður átti að greiða fyrir síld.

Jeg get ekki skilið, að það kosti landssjóð mikið fje, þó að stjórnin tryggi, að síld sje til í landinu. En ef það er ætlunin að flytja síldina frá einum stað á annan fyrir lækkað fargjald, þá get jeg ímyndað mjer, að það kosti töluvert, enda er jeg því með öllu mótfallinn. En þó að landsstjórnin greiði eitthvað fyrir flutningi, sendi símskeyti eða skrifi brjef, þá getur það ekki kostað mikið, enda hefir stjórnin heimild til slíkra útgjalda, án þeirrar heimildar, sem þessi till. á að veita henni. Jeg veit þess vegna ekki, hvað getur verið átt við í síðustu málsgr. till., þar sem stjórninni er heimilað fje til þessa.

Brýnararnir eru með öllu óþarfir og mundu illa sjeðir af bændum yfirleitt, ef að vanda lætur. Bændur hafa hingað til eigi þóst þurfa að sækja búnaðarvit til þingsins, þegar þingið hefir viljað skifta sjer af forðagæslumálinu, og svo mun vera enn. Þingið verður að kosta kapps um að vera í samræmi við sjálft sig. En það hefir sýnt hjer, að það er sjálfu sjer sundurþykt. Það þykist ekki hafa efni á að lána úr þeim sjóði, sem það hefir ráð yfir, en hjer vill það blátt áfram gefa fje.

Því fer þess vegna fjarri, að jeg vilji taka till. mína aftur; þó að jeg viti fyrirfram, að hún verði feld, þá vil jeg, að það sjáist svart á hvítu, í hve miklu samræmi þm. eru við sjálfa sig.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Það er víst hugsun flestra þingmanna að teygja ekki tímann með löngum umræðum um þetta mál. Jeg vil lýsa yfir því, að jeg tel till. bjargráðanefndar vel til þess fallna, að hún fái einróma fylgi deildarinnar. Jeg þarf ekki að færa neina sjerstaka ástæðu fyrir þessu; flm. og fleiri hafa gert það áður. En jeg vildi sjerstaklega minnast á brtt. hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.), á þgskj 472. Jeg er henni algerlega mótfallinn, og ef hún verður samþykt, er fótunum kipt undan framgangi málsins. Þá eru lagðar hömlur á allar frekari framkvæmdir í þessu efni. Jeg vildi drepa á það, að síðastliðinn vetur festi landsstjórnin kaup á fóðurmjöli og kom á bráðabirgðalögum um bann á útflutningi fóðurefna úr landinu. Þessi fóðurbætir kostaði um 80—90 þús. kr., og stjórnin hafði ekki aðra heimild en nauðsynina á að tryggja landinu fóðurbirgðir. Þingið hefir ekki fundið ástæðu til þess að vita stjórnina fyrir þessa ráðstöfun, en það hefir ekki heldur þakkað hana, svo að jeg get látið það mál liggja milli hluta. En ef till. á þgskj. 472 verður samþykt, þá felst í

því bending til stjórnarinnar um, að hún megi ekki verja fje til ráðstafana þeirra, sem hjer um ræðir. En hvernig á stjórnin að greiða fyrir flutningi á fóðurbæti, nema hún verji einhverju fje til þess í bráðina? Jeg heyri, að háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) kveður sjer hljóðs, og hann mun ætla að segja, að fyrir flutningunum megi greiða með haganlegum skipaferðum. En það nægir ekki. Stjórnin þarf meðal annars að tryggja það, að nægilegur fóðurbætir sje til í landinu, því að hver getur ábyrgðst það, að síld seljist ekki öll til útlanda í haust? Og líkur eru til þess, að stjórnin þurfi að greiða fje fyrir þá síld, sem hún vill halda eftir. Jeg vona þess vegna, að þótt háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó). færi frekari rök fyrir till. sinni, að háttv. deild fallist ekki á hana, heldur greiði atkv. till. bjargráðanefndar.

Sigurður Sigurðsson: Jeg sem annar flm. till. og við báðir erum þakklátir bjargráðanefnd, stjórninni og öðrum þm., sem hafa stutt hana. Jeg geri líka ráð fyrir, að brtt. nefndarinnar verði samþyktar. Enn fremur vona jeg, og sú von er bygð á ummælum atvinnumálaráðherra, að stjórnin láti ekki undir höfuð leggjast að hvetja bændur til að halda fundi í haust og gera ráðstafanir um ásetningu búpenings. Og vona jeg einnig, að hver góður maður, og eigi síst þingmenn, hvetji menn til skynsamlegrar ásetningar. Allir munu sjá nauðsynina á þessu, og jeg tel jafnvel hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) ekki ólíklegan til slíkrar hvatningar, ef hann á eftir að stíga fæti sínum á land í kjördæmi sínu.

Að öðru leyti skal jeg taka það fram um brtt. háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.), að jafnvel þótt hjer væri ekki um að ræða annað en kostnað við símskeyti og annað því um líkt, sem þessar ráðstafanir hafa í för með sjer, þá tel jeg þessa heimild alveg sjálfsagða. En auk þess getur komið til mála, að stjórnin þurfi að leggja fram fje fyrir fóðurefnið, ef ekki fyrir fult og alt, þá til bráðabirgða, og verði að greiða flutningsgjald líka, uns kaupendur gætu endurgreitt þetta. Og þetta er engin frágangssök í mínum augum. Það gæti blátt áfram komið til mála, að landssjóður hlypi undir bagga með lækkun á flutningsgjaldi fyrir þá, sem miklu þurfa til að kosta til þess að ná síldinni að sjer. Mjer kemur það því kynlega fyrir sjónir, að háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) skuli ekki vilja leyfa þessari heimild að standa. Hann er þó enginn sparnaðarmaður, eins og hann sagði sjálfur, þegar um laun og bitlinga er að ræða, eða fjárframlög til atvinnurekstrar, sem hann vill styðja. Hann er því í ósamkvæmni við sjálfan sig, eða maður þröngsýnn, ef hann vill ekki líta lengra og styðja eins landbúnaðinn, þó að hann standi honum ekki jafnnærri. En annars munu allir skilja þennan harmagrát þm. (M. Ó.). Hann er sprottinn af því, að deildin feldi till. fyrir honum, um að veita þrem hreppum lán til kolanáms í Vestur-Ísafjarðarsýslu. En mjer virðist einkennilegt, að hann skuli láta harm sinn yfir falli till. bitna á þessu máli. Það sýnir, að hv. þm. er ekki sjálfum sjer samkvæmur, eða hefnigjarn í meira lagi.

Loks vil jeg gera stutta athugasemd í sambandi við ummæli háttv. frsm. (S. St.). Hann komst svo að orði, að síldarútvegurinn væri að mörgu leyti stoð og stytta landbúnaðarins, eða að landbúnaðurinn nyti góðs af honum. Það má til sanns vegar færa, að hann njóti góðs af honum sem aðrir. Þegar einhver atvinnugrein gengur vel, nýtur þjóðfjelagið í heild sinni góðs af henni. En landbúnaðurinn nýtur engra sjerstakra hlunninda af síldarútveginum,

þó að hann gangi vel. En það er auðvitað gróði fyrir landssjóð, að allir atvinnuvegir gangi sem best. Og á þessum tímum veitir landssjóði ekki af, að síldarútvegurinn gefi sem mest af sjer.

Jeg vænti þess, að till. verði samþykt og röggsamlega fram fylgt af stjórninni. Jeg skal taka undir það með háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.), að nefndin ætlast ekki til, að sjerstakir erindrekar verði sendir út um land, til þess að brýna fyrir mönnum að setja varlega á. En hitt vil jeg undirstrika, sem sami háttv. þm. sagði, að komið getur til þess, að ráðstafanir verði að gera til þess sjerstaklega að fækka hrossum fremur venju, bæði til manneldis og skepnufóðurs. Það er mikilsvert, að menn skilji, að hrossakjöt er ágætur fóðurbætir, og verður ekki annað betur gert við þau hross, sem þarf að slá af, en að nota þau til þess, að svo miklu leyti, sem þeirra þarf ekki til manneldis.

Okkur er nú leyft að flytja út 1000 hross, og verða ekki keyptir nú nema valdir gripir, bæði bestu og stærstu hrossin. Og um það er ekki nema gott að segja. En hrossaræktinni er þó engin framtíðarvon að því, ef að eins úrkastið verður eftir í landinu. Þess vegna er það nauðsynleg ráðstöfun að fækka á hverju hausti úrgangshrossum, siðgotnum og litlum fölöldum og tryppum og gölluðum hrossum, og mætti nota kjötið bæði til manneldis og skepnufóðurs. Nú í haust er sjerstök ástæða til þess að brýna þetta fyrir mönnum, svo að þeir, sem eiga margt af sliku tryppadóti, stofni ekki öðrum búpeningi í voða með því að setja það á vetur.

Matthías Ólafsson: Jeg sje, að hæstv. atvinnumálaráðherra er kominn aftur í deildina, svo að jeg get minst stuttlega á það, sem hann hafði að athuga við ræðu mína. Hann vildi halda því fram, að þetta mundi kosta mikið fje, og hann minti á annað mál, sem hefði kostað eitthvað, en gerði enga grein fyrir, af hverju sá kostnaður stafaði. En jeg hefi þegar bent á, að það væri varla hugsanlegt, að þetta kostaði annað fje en það, sem færi í símskeyti eða burðareyri. Jeg er algerlega mótfallinn því að senda menn út um sveitirnar til þess að predika fyrir bændum, því að það hlyti að hafa stórmikinn kostnað í för með sjer. Hins vegar þyrfti stjórnin sama og engu til að kosta, þótt hún keypti síld, því að það gæti hún gert með einföldum skipunum. Hæstv. atvinnumálaráðherra gat þess, að komið gæti til mála að selja síld út um landið. Það tel jeg ekki nema rjett. En hitt segi jeg, að það ætti að vera talað við þá stjórn, sem seldi síldina lægra verði út um landið en hægt væri að fá fyrir hana á markaðinum. En þá síld, sem ekki færi út, mætti auðvitað selja hjer þolanlegu verði. Jeg hefi áður tekið það fram um sendimennina, sem einnig hafa verið nefndir brýnararnir, að þeir mundu ekki áorka miklu. (**S. S.:** Það hefir enginn gert ráð fyrir að senda menn út). Hvað sem því viðvíkur, þá hefir þó þetta heyrst. Háttv. 1. þm. Árn. (S. S.) sagði, að jeg væri ekki spar á fje landssjóðs til sjávarútvegarins. Þetta er hárrjett, því að sá atvinnuvegur gefur landinu í aðra hönd miklar tekjur, en það er ekki hægt að segja um þann atvinnuveg, sem þessi hv. þm. (S. S.) þykist vera talsmaður fyrir hjer á þinginu. *(Hlátur, skellihlátur).* Jeg veit, að hann muni vitna í það fornkveðna, að bóndi sje bústólpi og bú landsstólpi. En það er kunnugt, að þessir stólpagripir, bændurnir, hafa altaf reynt að velta af sjer öllum álögum og gjöldum til landssjóðs. (**G. Sv:** Talshátturinn er jafnrjettur fyrir því). Hv. 1. þm. Árn. (S. S.) stakk upp á því, að

landssjóður keypti dálítið af afsláttarhrossum í landinu. (**S. S.**: Þetta sagði jeg aldrei). Jeg held, að enginn hafi getað skilið orð hans öðruvísi. Það væri ósköp gott fyrir landssjóðinn að kaupa nokkur hross á 800 kr. stykkið og selja svo pundið af kjötinu á 8—10 aura, því að auðvitað yrði að selja það undir verði, ef bændur ættu að kaupa það til skepnufóðurs. En því vildi jeg svara slíkri till., að sá, sem ekki hefir ráð á að lána út fje gegn öruggri tryggingu, hann hefir ekki heldur ráð á að gefa það. Og þessi orð munu standa óhögguð og óhrakin. Jeg held, að hæstv. atvinnumálaráðherra þurfi ekki að vera bænheitur, þó að sú bæn hans verði heyrð, að þessi till. falli, því að hún er beinlínis borin fram til þess að verða feld. Hún er ekki borin fram til þess að spara þessar krónur, sem »sólundað« yrði í þetta, því að þær drepa okkur aldrei, en þetta er brot á þeirri meginreglu, sem þingið hefir sett. Einhver ungur maður var að sletta sjer fram í þetta, en þegar sami maður leggur á móti nauðsynjamálum og þörfum fyrirtækjum, en styður gistihúsaeigendur í sinu eigin kjördæmi, þá skyldi maður ekki marka hans mótmæli mikið.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Það eru tvö atriði í ræðu háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.), sem jeg vildi minnast nokkuð á. Fyrst og fremst fann hann það að fyrri ræðu minni, að jeg hefði ekki skýrt, hvers vegna landssjóður hefði þurft að kaupa fóðurmjölið síðasta vetur. Jeg get skýrt frá því, að fyrst var falast eftir mjölinu frá útlöndum, og þar sem líklegt var, að eigendurnir mundu selja það til útlanda, var komið í veg fyrir það. En um sömu mundir varð stjórnin þess vís, að ýmsir innlendir braskarar ætluðu að kaupa upp birgðirnar, til þess svo að selja þær okurverði eftir á, og þá varð það úr, að landsstjórnin keypti heldur síldarmjölið alveg, heldur en að láta það verða úr, að það færi í gegnum hendurnar á svo og svo mörgum milliliðum, er hækkuðu verðið og hugsuðu ekkert um að úthluta því þar, sem mest væri þörfin, heldur seldu hæstbjóðanda. Þetta eða líkt þessu getur komið fyrir aftur í ár, og þá er gott að hafa heimildina. Það getur komið fyrir, að allar þessar 1000,000 tunnur verði seldar út úr landinu fyrir hátt verð, en að þó verði til ódýrari síld í landinu, og þá getur það komið sjer vel fyrir stjórnina að hafa fjárheimildina til þess að kaupa hana og afhenda hana svo til sveitar- eða sýslufjelaganna gegn góðri tryggingu.

Einar Jónsson: Jeg er að vísu enn þann dag í dag þeirrar skoðunar, að forðagæsla og eftirlit með búskap bænda í sveitum hafi litla þýðingu. En samt er jeg þakklátur flm. till. fyrir það, að þeir komu fram með hana, því að í henni felst ekki að eins, að eftirlit sje haft með búskap bænda, heldur, og það skiftir mestu máli, að stjórnin kaupi síld og selji hana svo aftur til bænda. Mjer sýnist þetta vera aðalmergur till. og ekki síst fyrir það, að á öðru þgskj. frá bjargráðanefnd er sama hugsunin, því að þótt nokkur sje orðamunur á þgskj. 463 og 480, þá er efnið það sama.

Till. þessi hefir ekki mætt miklum andmælum, nema frá háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.). En jeg verð að segja, að þegar svona málefni er til umræðu hjer á þinginu, þá dettur mjer í hug, að sama þýtur í þeim skjá. Það má sem sje aldrei minnast svo á landbúnað, að hann espist ekki allur og umhverfist og bölsótist. Ósanngirni hans og stífni gagn-

vart landbúnaðinum er nú orðin alkunn á þingi. En til allrar óhamingju heyrði jeg ekki til hans, fremur en vant er, og þessu er ekki svo farið um mig einan, því að hann talar ætíð svo lágt og þvöglulega, að jafnvel þingskrifararnir verða að færa sig að honum til þess að heyra. Jeg segi þetta ekki sem last um manninn, því að auðvitað er honum þetta ekki sjálfrátt.

Þessi rigur háttv. þm. (M. Ó.) til landbúnaðarins kemur af því, að hann elskar sjávarútveginn svo undurheitt. En mjer er nú svo farið, að mjer er jafnant um alla atvinnuvegi landsins og viðurkenni þá, og slíkt hið sama ætti þessi háttv. þm. (M. Ó.) að gera.

Þá er það enn eitt atriði, sem jeg kann illa við og kemur fram hjá þessum háttv. þm. (M. Ó.), og það er, að hann, sem þó er skynugur maður, skuli láta það á sjer skilja, að hann sje á móti þessari till. vegna þess, að honum var synjað um nokkurra þúsunda króna lán, sem hann fór fram á að veitt væri til sins kjördæmis. Jeg hefði ekki búist við þessu af honum og hefði ekki trúað því, þó að mjer hefði verið sagt það, en nú hefi jeg heyrt það með minum eigin eyrum og verð því að trúa.

Þessi háttv. þm. (M. Ó.) kemur með brtt. á þgskj. 472, sem tekur allan kraft úr brtt. háttv. bjargráðanefndar, því að hver ætti að hafa gagn af brtt. nefndarinnar, ef landsstjórninni væri ekki heimilað fje til þess að framkvæma það, sem í henni felst? Það hefði verið miklu hreinlegra að koma með till. um að drepa þetta mál.

Þá fór háttv. sami þm. (M. Ó.) út í það, sem ekki stendur í till., en komið hefir fram í umræðum, að senda menn út um hjeruð landsins, til þess að hafa eftirlit með ásetningi manna og flytja prjedikanir um þau efni. Hann gat þess, og um það er jeg honum samdóma, að slíkir sendimenn mundu bæði hafa mikinn kostnað í för með sjer og gera auk þess lítið eða ekkert gagn. En það eru til sendimenn á öðrum sviðum, sem landið ætti ekki að kosta neinu til, og situr einn þeirra (M. Ó.) með 12,000 kr. í 16. gr. fjárlaganna, 21. lið. En það er svo um marga af þessum sendimönnum, að þeir lifa á kostnað landssjóðs, án þess að þeir áliti sjer það skyldu að vera til verulegra nota. Hann var að núa bændum því um nasir, sami háttv. þm. (M. Ó.), að þeir gætu ekki sjeð um sig sjálfir, en þó vill hann ekki láta samþykkja till. þessa í því formi, að hún komi þeim að nokkru gagni. En tímarnir eru öðruvísi en þeir hafa verið, og jeg býst við, að þó að bændur sjeu svo hygnir, að þeir geti sjeð um sig sjálfir, þá sje það þó hyggilegra að samþykkja þessa till. um útvegun á fóðurbæti. Jeg mun því greiða þessari till. atkvæði mitt, þó að jeg sje á móti öllum forðagæslulögum.

Hákon Kristófersson: Jeg gat þess við fyrstu umr. þessa máls, að jeg teldi síðustu málsgrein till. á þgskj. 463 varhugaverða.

Nú hefir bjargráðanefnd komið fram með brtt. við þessa till., á þgskj. 480, þar sem það er tekið fram, að stjórninni skuli heimilað nauðsynlegt fje til framkvæmda á málinu.

Eins og 1. og 2. liður brtt. á þgskj. 480 liggja fyrir, sje jeg ekki ástæðu til annars en að greiða brtt. bjargráðanefndar atkvæði mitt. En þetta geri jeg með það fyrir augum, að þótt stjórninni heimilist fje til þess að framkvæma það, sem till. ætlast til, þá noti hún ekki þessa heimild til þess að senda launaða erindreka út um bygðir landsins, til þess að prjedika fyrir bændum gætilegan ásetning eða fækkun á hrossum. Jeg álít, að slíkt verði að vera á valdi

sveitarstjórnanna, en ekki tilkvaddra manna. En eftir síðustu málsgrein till. sje jeg ekki betur en að stjórnin hafi heimild til þess að verja fje til fundarhalda, meðal annars. Því er jeg ekki mótfallinn; tel miklu fremur sjálfsagt, að stjórnin hafi heimild til bráðabirgðafjárframlaga til kaupa á fóðurbæti, svo sem síld eða síldarmjöli.

Háttv. frsm. bjargráðanefndar (S. St.) gat þess, að æskilegt væri að senda menn út um landið, sem brýndu fyrir mönnum að fækka hrossum að miklum mun. En eins og jeg hefi áður getið, þá ætlast jeg ekki til þess með atkvæði mínu, að fje sje varið til slíkra hluta. En á það vil jeg leggja áherslu, að stjórnin geri sitt ítrasta til útvegunar á fóðurbæti, og að framkvæmdir verði gerðar í þá átt þegar á þessu sumri, því að öllum má vera ljóst, til hvílíkra vandræða horfir með grassprettu. Og það vil jeg taka fram, að láti hæstv. stjórn fóðurbirgðamálið afskiftalaust að þessu sinnu, þá sýni hún það ljóslega, að hún er algerlega óhæf til þess að stjórna landinu á vandræðatímum.

Jeg hefi svo ekki meira að segja, en þetta vildi jeg sagt hafa, af því að jeg kann betur við brtt. bjargráðanefndar heldur en aðaltillöguna.

Jörundur Brynjólfsson: Jeg vænti þess, að ekki verði hægt að segja um mig, að jeg tali af hlutdrægni um þetta mál, því að ekki verður það sagt, að mitt kjördæmi hafi hagnað af því, að till. verði samþ. eða þá ekki. (**Atvinnumálaráðherra:** Ef síldin yrði notuð til manneldis, gæti þó svo farið). En jeg tel þessa till. mjög þýðingarmikla og sjálfsagða, frá hvaða sjónarmiði sem á hana er litið og hvaða þm. sem hlut á að máli. Það hefir verið tekið fram, að útlit sje fyrir mikinn grasbrest á þessu sumri, og þessi eina ástæða er svo mikilsverð, að þó að hæstv. Alþingi hefði ekki nema hana eina til þess að styðjast við, þá hefði það ekki getað skilið svo vansalaust, að það hefði ekki gert eitthvað til þess að tryggja bændum fóðurbæti, svo að þeir gætu haldið búpeningi sínum. Þó að það verði sagt með nokkrum rjetti, að þessi atvinnuvegur gefi landssjóði ekki afarmiklar beinar tekjur, þá verður þó að gæta þess, hversu hann er ómissandi fyrir alla framþróun landsins og hversu margir landsbúar lifa á honum og hafa af honum uppeldi sitt. Og nú er ekki síður ástæða til þess að hlúa að þessum atvinnuvegi, þar sem nú getur svo farið, að þjóðin öll í heild sinni verði að bjargast við hann að miklu leyti, því að svo getur farið um sjávarútveginn, ef stríðið heldur áfram ef til vill í mörg ár enn, að hann komist í kalda kol. Og hvernig væri þá komið þjóðarbúskap vorum, ef bændur yrðu nú að farga bústofni sínum sakir fóðurskorts? Jeg mun því láta það með öllu óátalið, þó að landssjóður notaði talsvert mikið fje til þess að tryggja bústofn bænda. Þessu fje ætti að verja til þess að ívilna bændum í verði á fóðurbæti og flutningsgjöldum. En óþarft tel jeg það að eyða fje í þann hjegóma, að senda menn út um landið til þess að ráðleggja bændum um ásetning og annað því um líkt. En sjálfsagt er, að stjórnin hafi heimild til þess að verja fje úr landssjóði til fyrirgreiðslu í þessu máli, því að þetta er svo mikið og þarflegt mál, að alls ekki er farandi fram á að nema burt fjárheimildina, og ætti að gera alt til þess að greiða fyrir því.

ATKVGR.

Brtt. 480, 1.—3. tölul. (ný tillgr.) samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 472. feld með 18:1 atkv.
— 492. (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.
— 482. tekin aftur.

Till, svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Ed, með fyrirsögninni:

Tillaga til þingsályktunar um síldarkaup, síldarforða og ásetning búpenings.

Á 65. fundi í Ed., laugardaginn 13. júlí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um síldarkaup, síldarforða og ásetning búpenings, eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 500).

Á sama fundi í Ed. var till. tekin til fyrri umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Mjer þykir hlýða, að þessu mikla vandamáli verði vísað til bjargráðanefndar.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 7 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 9 shlj. atkv. og til bjargráðanefndar (sjá A. bls. 544) með 6 shlj atkv.

Á 66. fundi í Ed., mánudaginn 15. júlí, var till. tekin til síðari umr. (A. 500).

Frsm. (Guðjón Guðlaugsson): Bjargráðanefndin hefir athugað tillögu þessa og finnur enga ástæðu til þess að leggja til, að henni verði breytt, heldur mælir með, að hún verði samþykt eins og hún liggur fyrir, þótt hún hafi ekki komið fram með nefndarálit um till.

ATKVGR.

Till. samþ. með 8 shlj. atkv. og afgr. sem

ályktun Alþingis.
(Sjá A. 511).

---

23. Landsbankaútibú í Vestmannaeyjum.

Á 5. fundi í Ed, föstudaginn 19. apríl, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um að skora á landsstjórnina að hlutast til um, að sett verði á stofn í Vestmannaeyjum útibú frá Landsbanka Islands (A. 15).

Á 6. fundi í Ed., laugardaginn 20. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 7. fundi í Ed., miðvikudaginn 24. apríl, var till. tekin til einnar umr. (A. 15).

Flm. (Karl Einarson): Jeg skal að eins leyfa mjer að mælast til þess, að hæstv. forseti taki mál þetta út af dagskrá, af alveg sjerstökum ástæðum.

Forseti: Mjer er kunnugt um þessar sjerstöku ástæður til þess, að mál þetta sje tekið út af dagskrá, og veit, að þær eru góðar og gildar.

Jeg lýsi yfir því, að jeg tek málið út af dagskrá.

Á 15. fundi í Ed., miðvikudaginn 8. maí, var till. aftur tekin til einnar umr. (A. 15).

Flm. (Karl Einarsson): Jeg hefi haldið till. þessari til baka hingað til, af því að jeg átti von á yfirlýsingu frá bankastjórn Íslandsbanka, viðvíkjandi útibúi, er hún hefir haft í hyggju að setja á stofn í Vestmannaeyjum, en af mjer ókunnum ástæðum er ekki enn komið í framkvæmd. Nú hefi jeg fengið þessa yfirlýsingu, en hún er svo óákveðin, að jeg sje ekki, að jeg geti látið vera að bera fram þessa till, svo sjálfsögð sem hún er, enda sje bankastjórn Íslandsbanka alvara að setja á stofn sitt útbú, og geri hún það, þá mun ekki haldið að Landsbankastjórninni að gera það, ef hún sjer ekki landinu hag í því. Jeg tek þetta fram til þess, að það komi skýrt fram, að Vestmannaeyingar eru ánægðir í bráð, ef þeir fá útibú frá hvorum bankanum sem er.

Um þörfina á útibúi í Eyjunum skal jeg fara nokkrum orðum. Eyjarnar hafa tekið miklum framförum nú á síðustu tímum. Húseignir eru nú þar virtar til brunabóta á kr. 2.570.000.00. Þar að auki eru lóðirnar, sem flestar eru leigðar til 80 ára gegn fremur lágu endurgjaldi, og er því talsverð eign í. Mótorbátar voru 66 í ár og fyrra; þeir eru minst hálfrar miljónar kr. virði, og til þess að gera þá út þarf mikið fje, sem öllum er til þekkja er kunnugt. Svo eru menn að koma sjer upp nýjum eignum, rækta kálgarða og tún og byggja fiskþurkunarreita; sjerstaklega túnin og stakkstæðin eru mikils virði. Til útgerðar og verslunar þarf auðvitað mikið fje. Það vita allir, sem til þekkja. Verslunarumsetning Eyjanna var árið 1896 nálægt 90 þús. kr., árið 1904 nálægt 400 þús., árið 1911 var umsetningin orðin rúm 1400 þúsund, og árið 1916, eftir sama mælikvarða, 2500 þús.

Það liggur því í augum uppi, að á svona stað, og svo afskektum, þarf að vera talsvert öflug peningastofnun. Það er meira en lítil fyrirhöfn og kostnaður að þurfa ætíð að snúa sjer til Reykjavíkur, er menn þurfa á láni að halda, auk þess sem bankastjórnirnar eru illa settar til þess að dæma um efnahagsástæður manna í fjarlægum hjeruðum, og svo er annað atriði, sem ekki er þýðingarlítið í þessu sambandi, að hafa á staðnum peningastofnun, þar sem menn geta geymt og ávaxtað sparifje sitt og gripið til þess þá er þarf. Það er nú svo, að í Eyjum er sparisjóður. En hvernig sem það nú er, þá er hann harla lítið notaður til þess að leggja inn í hann peninga. Flestir Eyjamenn geyma og ávaxta fje sitt í bönkum í Reykjavík, og mun þar auðvitað ráða miklu, að menn álíta fjeð tryggara þar en í sparisjóðnum, en engu minni er sú ástæðan, að hingað til hefir það svo verið, að ekki er svo auðvelt að grípa til fjárins, er það er komið í sparisjóðinn, því að hann tekur helst ekki við því öðruvísi en að það standi þar um langan tíma, og þarf að segja til löngu áður, ef menn vilja taka það út.

Það má segja um þetta mál eins og hitt, að það sje svo auðsætt og sjálfsagt, að jeg vona, að háttv. deild taki því með velvilja og leyfi því framgang, og skal jeg að eins benda á, að áreiðanlega er svo mikið að gera fyrir banka í Eyjum, að það verður ekki skaði, heldur þvert á móti hagur fyrir banka að setja útibúið á stofn, fyrir utan það mikla gagn, sem það mundi gera Eyjamönnum. Og eins má ekki gleyma, er þetta mál er athugað, að hjer er sveit með yfir 2000 búsettum íbúum; auk þess eru 500—700 manns við góða at-

vinnu þar hálft árið, og talsverð verslun er þar rekin milli lands og Eyja við Eyrarbakka, Stokkseyri, Landeyjar, Eyjafjöllin og Vík.

Jeg mun ekki setja mig á móti því, að málinu verði vísað til nefndar, en álít þess þó enga þörf. En ef háttv. deild skyldi svo sýnast, þá tel jeg rjett, að því verði vísað til allsherjarnefnar.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Þar sem háttv. flm. (K. E.) gerði það ekki beinlínis að till. sinni, að málinu væri vísað til nefndar, vil jeg gera það að minni till., að því verði vísað til allsherjarnefndar.

Till. á þgskj. 64, um útibú á Siglufirði, var vísað til allsherjarnefndar í háttv. Nd.; bar hún sig saman við bankastjórnina og fjekk góðar undirtektir. Málum, sem, eins og þetta, eru tekin úr út stóru kerfi, er sjálfsagt að vísa til nefndar.

ATKVGR.

Till. vísað til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 537) með 11 shlj. atkv.

Umr. frestað.

Á 21. fundi í Ed., föstudaginn 17. maí, var framhaldið einni umr. um till. (A. 15, n. 135).

Frsm. (Guðjón Guðlaugsson): Nefndin hefir athugað till. þessa og komist að þeirri niðurstöðu að ráða háttv. deild til að samþ. hana með lítilli viðaukatill.

Þó er ekki svo að skilja, sem öll nefndin hafi verið á sama máli í fyrstu, því að nokkur hluti hennar var þeirrar skoðunar, að slík mál sem þetta snertu ekki þingið, og það ætti að gera sem minst að því að seilast inn í verkahring bankanna. Sá hluti nefndarinnar áleit því í fyrstu, að ekki bæri að sinna till. þessari.

En nefndin vildi þó leita sjer upplýsinga um málið, og fjekk hún þá þær upplýsingar, að Íslandsbanki hefði í hyggju, og hefði jafnvel áformað, að setja á stofn útibú í Vestmannaeyjum.

Nefndin hafði einnig stjórn Landsbankans til viðtals, og kvaðst hún einnig vera fús til að setja á stofn útibú þar, þegar hagur og ástæður bankans leyfðu.

En hjá nefndinni sá stjórn Landsbankans brjef frá Íslandsbanka, þar sem hann kveðst hafa í hyggju að koma af stað útibúi þessu, og sagðist hún þá ekki mundu fara í kapp við Íslandsbanka, þar sem hún hefði einnig tækifæri til að setja á stofn önnur útibú; miklu fremur væri henni þökk á því, ef Íslandsbanki vildi hjálpa til, svo að tvö útibú yrðu stofnuð á sama tíma.

Þegar nefndinni voru kunnir orðnir þessir málavextir, varð hún sammála um, að fylgja fram till., ef þau afskifti þingsins mættu verða til þess að flýta fyrir því, að annarhvor bankinn setti útibúið á stofn.

Nefndin leit svo á, að sama væri frá hvorum bankanum útibúið kæmi. Aðalatriðið er það, að útibúsins er brýn þörf, og það sem fyrst. Liggja til þess margar ástæður, sem ekki þarf að rekja.

Nefndin vill því ráða háttv. deild til að samþ. till. með þessari litlu viðaukatill. á þgskj. 135.

Orðabreytingin, sem þar er farið fram á, er svo smávægileg, að nefndin mun ekki gera hana að kappsmáli. Að eins þótti nefndinni fara betur í munni að nota orðið »útbú«, en ekki »útibú«.

Jeg hefi svo ekki fleira um málið að segja.

ATKVGR.

Brtt. 135, 1. samþ. með 11 shlj. atkv.

— 135, 2. samþ. án atkvgr.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.

Till. afgr. til Nd.

Á 26. fundi í Nd., laugardaginn 18. maí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um að skora á landsstjórnina að hlutast til um, að sett verði á stofn í Vestmannaeyjum útbú frá Landsbanka Islands,

eins og hún var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 165).

Á 27. fundi í Nd., þriðjudaginn 21. maí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 29. fundi í Nd., fimtudaginn 23. maí, var till. tekin til einnar umr. (A. 165, 182).

Bjarni Jónsson: Jeg ætla að leyfa mjer að segja örfá orð um brtt. litla, sem jeg hefi komið með. Jeg veit ekki, hver verður frsm. að þessu máli hjer í deildinni, en vildi þó leyfa mjer að geta þess, að jeg tel fyrir mitt leyti sjálfsagt, að þessi till. verði samþ., því að Vestmannaeyingum er þörf á að hafa útibú hjá sjer; þeir þurfa oft að inna mikil gjöld af höndum, en eiga örðugast með að ná til annara staða.

Þetta er einnig landseti landssjóðs og besti landsetinn hjer á landi, og sjálfsagt að gera honum alt til þægðar, og þar á meðal þetta. — En brtt. mín er um það, að í staðinn fyrir ljótt orð, sem er í till., komi útibú. Það er einkennilegt hjer á landi, að menn vilja brjóta tennur á svo ljótu orði sem »útbú«, þar sem til er enn þá gamalt orð sömu merkingar, útibú. Mjer segja lærðustu menn, að orðið »útbú« komi fyrir á einum stað í Eglu, en annarsstaðar ekki. Þó er þess að geta, að orðmynd þessi finst ekki í orðabókum, svo sem Fritzner, og vil jeg halda því fram, að annaðhvort sje það prentvilla í útgáfunni eða þá ritvilla í handritinu. (**E. A.:** Eða vitlaust lesið). Vitlaust lesið varla. — Það er ósköp ótrúlegt, að nauðsynlegt sje að búa til orð, sem fara illa í eyrum. Nú er það svo, að erfitt er að segja b á eftir t; því hefir verið höfð myndin »úti« þar, hvort sem það er til hljóðfegurðar eða það fer saman við að búið er úti, en hefir ekki neina stefnu út, svo að jeg hygg nú, að vel geti komið til greina fyrir hæstv. forseta að taka þetta sem hverja aðra leturbreytingu, sem ekki þurfi að ganga til atkv. um. Jeg skal líka geta þess, að till. um útibú á Siglufirði hefir nýlega gengið gegnum báðar deildir, og var þar höfð myndin útibú.

Skal jeg svo ekki fjölyrða meir um þetta, en vona, að það verði skoðað sem leturbreyting.

Þorsteinn Jónsson: Jeg vil leyfa mjer að leggja það til, að þessu máli sje vísað til allsherjarnefndar.

ATKVGR.

Till. um að vísa málinu til allsherjarnefndar feld með 11 : 4 atkv.

Brtt. 182. samþ. með öllum gr. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn, svo breytt, samþ. án atkvgr.

Till. afgr. til Sþ.

Á 30. fundi í Nd., föstudaginn 24. maí, og á 26. fundi í Ed., sama dag, var útbýtt frá Sþ.

Tillögu til þingsályktunar um að skora á landsstjórnina að hlutast til um, að sett verði á stofn í Vestmannaeyjum útibú frá Landsbanka Islands,

eins og hún var samþ. við eina umr. í Nd. (A. 202).

Á 2. fundi í Sþ., miðvikudaginn 29. maí, var till. tekin til umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem

ályktun Alþingis.

(Sjá A. 251).

---

24 Kolanám í Gunnarsstaðagróf.

Á 17. fundi í Ed., mánudaginn 13. maí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um kolanám í Gunnarsstaðagróf í Drangsnesslandi (A. 109).

Á 18. fundi í Ed., þriðjudaginn 14. maí, var till. tekin til fyrri umr.

Frsm. (Guðjón Guðlaugsson): Frumkvæðið að því, er snertir rannsókn þessarar námu, er komið frá stjórninni. Hæstv. fyrv. fjármálaráðherra (B. K.) byrjaði í fyrra vetur að leita sjer upplýsinga um þessa námu, og maður var fenginn af stjórninni til þess að skoða hana, aðstöðuna að henni og fleira. Maðurinn, sem fenginn var, var Guðmundur G. Bárðarson í Bæ. Enn fremur fór fram efnarannsókn á kolunum hjer í efnarannsóknarstofunni í Reykjavík, og kom við þá rannsókn í ljós, að kolin eða surtarbrandurinn væri vel brúkanlegt eldsneyti.

Svo tók þingið við málinu, og í fyrra samþyktu báðar deildir þingsins þingsályktunartill., sem var bein ósk til stjórnarinnar um að láta rannsaka og styðja kolanámuna með fjárframlögum úr landssjóði eftir þörfum. Þetta varð til þess, að sýslunefndin í Strandasýslu fór að athuga málið nú í vetur og komst að þeirri niðurstöðu, að þetta væri mál, sem endilega þyrfti að komast í framkvæmd. Gerði sýslunefnd tvær till. um málið, aðaltill. og viðaukatill.

Aðaltillagan var sú, að landssjóður ljeti reka námuna. Viðaukatillagan fór fram á, að landssjóður ljeti byggja veg, 2 km., til sjávar, bygði torfskýli, lánaði áhöld og útvegaði verkstjóra. Með þessum skilyrðum ætlaði sýslunefndin að sinna málinu.

Þessa síðari till. sýslunefndar tók nú bjargráðanefnd Ed. til athugunar, en aðaltillöguna leist henni ekki á að sinna, því að svo mikil reynsla var fengin frá Tjörnesnámunni um námurekstur landssjóðs, að engum datt í hug, að landssjóður ætti að fara að reka námuna á eigin kostnað. En hitt fanst nefndinni sjálfsagt, að styrkja bæri námureksturinn á einhvern hátt.

Verkfræðingur landsins var heldur letjandi málsins, en lagði þó til, að sýslunni væri veitt 1000 kr. tillag til fyrirtækisins, en nefndin vildi heldur binda styrkinn við árangurinn, þannig að fjárframlag úr landssjóði verði veitt til styrktar kolanáminu, er nemi 10 kr. á hverja smálest nothæfra kola, sem framleidd verða þar á þessu ári. Styrkveit-

ing á þennan hátt finst mjer eðlilegri en hin, sem till. landsverkfræðingsins felur í sjer, en jeg vildi, að landssjóður styrkti vegagerðina. Það fyndist mjer sanngjarnt að þingið fjellist á og vona, að það verði gert í Nd., hvort ekki sje rjett að veita sjerstakan styrk til vegarins.

Vegurinn til sjávar er, eins og jeg áður sagði, um 2 km. á lengd, en bratt og ósljett á leiðinni; yrði að leggja hann eftir melaröndum nokkrum á ská, sem lengir hann dálítið, en þegar að sjónum er komið, er fyrir besti lendingarstaður og ágæt höfn.

Sýslunefnd Strandasýslu gerði ráð fyrir, að ef til framkvæmdanna kæmi í þessu máli, þá mundi Húnavatnssýsla styðja fyrirtækið líka með fjárframlögum, svo að fjárhættan lægi ekki öll á sjóði Strandasýslu. En í raun og veru kemur málið of seint fyrir þingið, því að úr því að bjargráðanefnd getur ekki fallist á óbreytta varatillögu sýslunefndar, getur sýslunefndin ekki komið málinu í framkvæmd fyr en hún hefir haldið nýjan fund og gert nýja ályktun, samkvæma þingsályktunartillögu þeirri, sem hjer liggur frammi.

Jeg vona því, að háttv. deild taki vel í málið og leyfi því að ganga sem allra fljótast í gegnum þingið. Fleira þarf jeg ekki að taka fram þessu viðvíkjandi.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Þessi þingsályktunartillaga frá háttv. bjargráðanefnd fer fram á, að landsstjórnin styrki kolanámið með 10 kr. á hverja smálest framleiddra kola, en sýslunefndin fer fram á að landssjóður reki námuna.

Það mun hafa verið byrjað á surtarbrandsvinslu á einum stað í Þingeyjarsýslu áður en þingál. þessi kom fram, en síðan hefir rannsóknum um þetta verið haldið áfram, og hefir það þá komið í ljós, að á Vestfjörðum er mest af surtarbrandi, og honum víða allgóðum. Samfara rannsókn þessari hefir víða verið unnið að surtarbrandsvinslu, og hefir landsstjórnin stutt það, stundum með því að lána verkstjóra, stundum lánað verkfæri og líka útvegað sprengiefni. Að eins á einum stað hefir námugröfturinn verið rekinn í stórum stíl, það er á Tjörnesi, en eins og hv. þm. hafa eflaust heyrt, þá varð árangurinn alt annað en glæsilegur; það var tap á rekstrinum, en raunar má segja, að það tap stafaði að miklu leyti af því, að kolin voru seld svo ódýr.

Jeg hygg nú, að heppilegast sje, að stjórnin haldi áfram að styðja að námugreftinum á svipaðan hátt og verið hefir.

Nýlega er kominn hingað til landsins sænskur verkfræðingur til þess að rannsaka námur vorar. Er þetta gert að vilja síðasta aukaþings.

Í till. þeirri, er hjer liggur fyrir, er farið fram á meiri stuðning en alment hefir verið, farið fram á fjárframlög, og háttv. frsm. (G. G.) hreyfði auk þess vegalagningu í ræðu sinni. Í tilefni af þessu þykir mjer rjett að vekja máls á því, að víðar hjer á landi eru námur en þessi, og má búast við, að farið verði fram á svipaðan stuðning við námugröft þar. Mjer finst því, að rjett hefði verið að taka málið meira alment, og þá er spurningin, hvort rjettara er að styðja námugröftinn með beinu fjárframlagi, eins og þessi þingsályktun gerir ráð fyrir, eða með öðru móti, eins og jeg lýsti að stjórnin hefði gert.

Þessi orð mín má ekki skoða svo, sem jeg sje á móti till. þessari, heldur eru þau um málið alment.

Frsm. (Guðjón Guðlaugsson): Ræða hins hæstv. atvinnumálaráðherra gaf ekki ástæðu til neinna andmæla, en í tilefni af henni skal jeg taka það fram, að víða kringum Steingrímsfjörð eru surtarbrandsnámur, t. d. í Tröllatungulandi, en þar hagar öðruvísi til en í Drangsnesi, að því leyti, að þær jarðir eru í eigu einstakra manna, en Drangsnes er landssjóðseign. Og þar sem landssjóður á jörðina, þá teldi jeg rjettast, að hann kostaði vegalagninguna, því að vegurinn liggur í hans landi og hlýtur að auka verðmæti jarðarinnar. Þó að landssjóður láni nú námuna endurgjaldslaust í eitt ár, þá er engin vissa fyrir því, að hann geri það áfram, á og hægra með að taka gjald eftir námuna, ef hann kostar veginn, sem er nauðsynlegur ef náman er rekin, hver sem hana notar.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 13 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Ed., miðvikudaginn 16. maí, var till. tekin til síðari umr. (A. 109).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 24. fundi í Nd., fimtudaginn 15. maí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um kolanám í Gunnarsstaðagróf í Drangsnesslandi,

eins og hún var samþ. við síðari umr. í Ed. (A. 143).

Á 25. fundi í Nd., föstudaginn 17. maí, var till. tekin til fyrri umr. (A. 143, 160).

Afbrigði leyfð og samþykt um brtt. 160, er of seint var útbýtt.

Magnús Pjetursson: Mjer finst ekki hægt að komast hjá því að gera svolitla grein fyrir tildrögum þessa máls, svo að háttv. þm. geti greitt atkv. um málið.

Á þinginu í fyrra var samþykt áskorun til stjórnarinnar um að vinda sem bráðastan bug að innlendu kolanámi, til þess að fullnægja eldiviðarþörf landsmanna. Síðasta sumar fór jeg þess á leit við landsstjórnina, hvort hún væri ekki fáanleg til þess að láta reka námugröft á þessum stað, sem till. talar um. Svaraði stjórnin með því að lýsa yfir því, að hún hefði ekki í huga að reka námugröft á landssjóðskostnað annarsstaðar en á Tjörnesi. Síðastliðið sumar var því ekki hægt að gera neitt frekar í því efni, en í vetur sáum við Strandamenn, að það dugði ekki að láta við svo búið standa, ef mönnum væri nokkur alvara með að birgja sig upp með eldsneyti. Mönnum var það fyllilega ljóst, eftir veturinn í vetur, að eitthvað yrði að gera, eitthvað betur en gert var af hálfu landsstjórnarinnar. Þess vegna tók sýslufundurinn að sjer að hreyfa þessu máli, fyrst sem ósk til stjórnarinnar um það, að hún gerði þá skyldu sína, sem þingsályktunartillaga síðasta þings fór fram á, það, að hún ljeti beinlínis reka námugröft í Gunnarsstaðagróf. En vegna þess, að sýslunefndin þóttist mega vera sannfærð um það, að stjórnin tæki að sjer námugröftinn, mundu kolin verða miklu dýrari en ef einstakir menn tækju hann að sjer, eða þá sýslufjelagið. Var þetta bygt á reynslu þeirri, sem fengist hefir.

Þá bauðst hún (sýslunefndin) til þess

að taka að sjer námureksturinn, með því skilyrði, að lagður yrði aklær vegur frá námunni til sjávar og að landsstjórnin lánaði verkfæri til þess að vinna námuna með. Og það er einmitt þessi brtt., sem jeg ber nú fram.

Það er auðvitað, að till., eins og hún kemur frá háttv. Ed., meinar nokkuð svipað. Jeg geri nefnilega ráð fyrir því, að þessum 10 kr., sem ætlaðar eru til verðlauna fyrir hverja framleidda smálest, mætti verja til þess að gera þennan veg fyrir. Mjer finst það samt sem áður hálfhjákátlegt að vera að binda slík verðlaun eingöngu við þetta sjerstaka verk, sem landssjóður kostar ekki, með því að landssjóður ekki heldur alment veitir verðlaun fyrir kolagröft. Það er líka hugsanlegt, að það sje betra fyrir landssjóð að gera veginn heldur en að þurfa að borga verðlaun fyrir hverja smálest, kann ske mörg hundruð kr. Mjer þykir líklegt, að það geti orðið honum miklu dýrara heldur en að leggja þennan vegarspotta og lána verkfærin. Svo koma þeir peningar fyrst eftir á, og þá þyrfti sýslan að taka lán til bráðabirgða til verksins.

Jeg býst nú við, að háttv. þm. muni vilja fá að vita, hve mikið landssjóður muni þurfa að leggja í þennan veg, en því miður hefir ekki verið gerð nein áætlun um það, en þó geta hv. þm. fengið nokkra hugmynd um það, þegar jeg segi þeim, að þessi vegalengd er 2200 metrar; vegurinn verður það sneiddur.

Sá maður, sem látinn hefir verið rannsaka þessa námu fyrir landsstjórnina, hefir skrifað hjer lýsingu á vegarstæðinu og hvað helst muni þurfa að gera, og skal jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa það upp, því að það gefur hugmynd um, hvað kostnaðurinn muni þurfa að verða. Hann segir:

»Jeg hafði ekki tíma til að mæla halla á vegarstæði til sjávar, en jeg mældi vegalengdina til sjávar eftir því vegarstæði, sem mjer virtist kerrufært, með auganu. Mældist mjer þannig vegalendin öll til sjávar 2200 metrar. . . . . Á að giska liggur fullur helmingur þess vegar, er jeg mældi, um mela, sem ekki þarf annað við að gera en að ryðja, svo að hann verði kerrufær, og allmikið stykki má gera kerrufært með því að nema burtu grasþúfur, en á köflum þarf að gera upphleypta vegarspotta yfir lækjar- og mýradrög og búa til sneiðingu utan í brekkum . . .«

Af þessu held jeg að menn geti fengið nokkurn veginn hugmynd um, að hjer er ekki verið að ræða um stórfyrirtæki; það er ekki verið að ræða um akbraut, heldur að eins um akfæran veg, sem hægt er að koma kerrum eftir til sjávar.

Í áliti sínu hefir vegamálastjórinn ekki talið það frágangssök, að landssjóður legði svo sem 1000 kr. fram, og mundi það hjálpa mikið, þótt það mundi ef til vill ekki nægja fullkomlega, en um það fullyrði jeg ekki neitt að svo komnu máli. Einn háttv. þm. skaut því fram, hvort sæmileg höfn væri fyrir námulandinu, og það er hægt að segja það, að þar er yfirleitt góð höfn og ágætt bátalægi og lending. Annars bjuggumst við við að hafa lausar bryggjur, en skipin geta hæglega legið fram undan og tekið kolin þar, sem þau koma fyrst til sjávar, án frekari flutnings.

Mjer er kunnugt um, að háttv. bjargráðanefnd hefir haft þetta mál til meðferðar, en þótt undarlegt megi virðast, þá er málið ekki komið frá henni inn í þessa deild, heldur kom það fyrst til Ed., og þaðan er það komið til þessarar háttv. deildar. Að bjargráðanefnd

skeytti ekki málinu mun hafa verið af því, að vegamálastjóri hefir ekki lagt nægilega mikið með því. Jeg símaði því til Guðmundar Bárðarsonar og vildi fá hjá honum skýlaust álit hans á útlitinu fyrir námugrefti í Gunnarsstaðagróf, og hann segir svo í símskeyti til mín, að þykt laganna sje ca. 1 m., að hægt sje að taka upp nokkur hundruð smálestir, með því að ryðja ofan af 1—$1^1/_2$ m. af lausum jarðlögum, og að gæði kolanna sjeu síst verri en Tjörneskolanna. (**E. A.**: Ekki mikið sagt með því). Þetta er þó það eldsneyti, sem þektast er hjer á landi, er um innlend kol er að ræða, og er því eðlilegt, að við það sje miðað.

Það, sem vegamálastjórinn hafði aðallega á móti kolanáminu, var það, að jarðvegurinn, sem liggur ofan á kolalögunum, sje svo laus, að hann muni þegar hrynja niður, er farið sje að grafa, nema því að eins, að námugöngin sjeu bygð upp og reft jafnóðum og grafið sje.

Nú álítur Guðmundur, að vel sje hægt að taka upp nokkur hundruð smálestir án þess að grafa nokkur námugöng, að eins með því að moka ofan af kolalögunum, og álítur hann, að allur viðbúnaðurinn, sem vegamálastjóri var að tala um, sje með öllu óþarfur, meðan um lítið kolanám er að ræða. Jeg tel víst, að þingið sje alt sammála um, að ekki megi það undir höfuð leggjast að afla íslensks eldneytis, og því skil jeg ekki, að það geti neitað svona góðu tilboði frá sýslunefndinni, þar sem hún býðst til að taka verkið alveg að sjer upp á eigin ábyrgð, og fer að eins fram á, að landssjóður leggi þennan lítilfjörlega vegarspotta og láni verkfærin. Jeg fyrir mitt leyti tel þetta stórlega góð boð.

Jeg ætla svo ekki að fjölyrða meir um þetta mál, en áður en jeg sest niður ætla jeg að minnast á ósk sýslunefndarinnar um, að landssjóður lánaði verkfæri til vinnunnar. Þessari ósk sýslunefndar neitaði vegamálastjóri og færði það til, að verkfærin mundu ganga svo mikið úr sjer, og mundi landssjóður hafa skaða af, en hann sagði aftur á móti, að komið gæti til mála, að landssjóður seldi sýslunefnd verkfæri og keypti þau svo aftur, þegar sýslunefnd hefir notað þau. Mjer finst nú þetta vera nokkuð sama og að landssjóður keypti verkfærin og lánaði svo sýslunefndinni, sem síðan borgaði fyrningu og skemdir, eftir mati dómkvaddra manna. (**H. K.**: Nei, það er munur á). Jeg sje ekki muninn, en gaman væri, ef háttv. þm. (H. K.) vildi útskýra, í hverju hann er fólginn.

Til þess að sýna, að talsverð eftirspurn er eftir kolum þessum, skal jeg geta þess, að landsstjórnin hefir fengið beiðni frá Hvammstanga um leyfi til að taka upp í námunni 40—50 smálestir af kolum. Jeg get vel skilið, að landsstjórnin vilji verða við þessari bón, og satt að segja get jeg ekki þakkað henni það, en ef ætti að gera þetta þannig, að kolin gætu orðið til verulegs gagns fyrir menn, ekki eingöngu fólk í næsta nágrenni, heldur umhverfis allan Húnaflóa, þá finst mjer sjálfsagt, að sýslunefndin sæti í fyrirrúmi og stæði fyrir verkinu. Jeg get tekið það fram, að sýslunefndin ætlar að selja kolin eins ódýrt og hún sjer sjer fært, og að eins svo, að hún sleppi skaðlaus, og sjá því allir, hversu miklu rjettara það er að láta hana sitja fyrir því að láta vinna verkið heldur en hleypa einstökum mönnum í námuna, sem síðan kynnu að selja kolin aftur dýru verði. En jeg skal taka það fram, að þetta meina jeg alls ekki til þeirra manna á Hvammstanga, er óskað hafa eftir námuafnotum, því að þeir gera það að eins sjer til bjargar.

Pjetur Jónsson: Jeg skal geta þess, að bjargráðanefndin hefir ekki haft þessa till. beinlínis til meðferðar, þótt hún hafi athugað málið; enn fremur get jeg getið þess, að bjargráðanefnd Nd. hafði ekki tekið neina afstöðu til þessa máls þegar bjargráðanefnd Ed. tók við því.

Jeg geri ráð fyrir, að nefndin greiði atkv. með því að vísa málinu til síðari umr., en þó vil jeg taka það fram sem mína eigin skoðun gagnvart brtt. á þgskj. 160, að mjer finst það vera heppilegri aðferð, sem felst í till. frá háttv. Ed., sem sje sú, að styrkja svona fyrirtæki með því að greiða þeim ákveðið gjald fyrir hverja smálest, sem upp er tekin. Auðvitað getur það verið álitamál, hvort yfirleitt beri að styðja námugröft eftir þessum mælikvarða, því að það gæti komið svo misjafnlega niður, en jeg geri ráð fyrir, að það mundi þó verða til þess, að reynt væri að afla kolanna þar, sem það borgaði sig best.

Jeg álít það dálítið óheppilega leið, sem brtt. vill fara, ef styrkja á með því að leggja veg. Við erum að vísu búnir að átta okkur á því, að ekki þarf stórfje til að leggja þennan vegarspotta, sem hjer um ræðir. En ef veitt er heimild til ótiltekins kostnaðar í þessu skyni hjer, má búast við, að svo verði á öðrum stað eins, þar sem kostnaðurinn kynni að verða miklu meiri og má ske fjarri öllum sanni. Hjer getur því sem betur fer ekki verið um mikið fje að tefla, en jeg held, að sýslunefndin hefði eins gott af að fá 10 kr. á hverja smálest, sem upp yrði tekin, eins og að fá þessa fjárveitingu eftir brtt.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Eins og tekið hefir verið fram, er till. frá Ed. um að styrkja kolanám í Gunnarsstaðagróf. Þegar málið var þar til umr., ljet jeg í ljós þá skoðun, að ef gengið væri inn á þessa braut, væri með því gefin grundvallarregla gagnvart öðrum líkum málaleitunum. En hjer finst mjer vera um svo mikið atriði að ræða, að ekki eru tiltök á að slá því föstu með einni þingsályktun, enda mundi þá ilt að neita um svipaðar fjárhæðir hve nær sem vera skal og hver sem bæði um styrkinn. Jeg hygg líka, að það geti þótt íhugunarvert að styrkja kolanám, þar sem sýslufjelög eiga hlut að máli. En þó þykir mjer betra að veita ákveðinn styrk heldur en að fara inn á þá braut að miða hann við unna og burtflutta kolasmálest.

Viðvíkjandi beiðninni frá Hvammstanga, þá kom hún frá tveimur mönnum, sem fóru þess á leit að fá leyfi til þess að taka þar upp kol handa tveimur sýslustofnunum; var önnur stofnunin sjúkrahúsið á Hvammstanga, og hin var alþýðuskólinn þar. Jeg endurtek, að jeg tel málinu betur borgið með brtt. heldur en eins og það kom frá háttv. Ed.

Magnús Pjetursson: Jeg vildi að eins gera stutta athugasemd út af ræðu háttv. þm. S.-Þ. (P. J.). Mjer þótti vænt um að heyra, að bjargráðanefnd skuli ekki hafa tekið fasta afstöðu til málsins, því að jeg vona, að þegar hún gerir það, verði ákvörðunin málinu í vil. Þeim kemur ekki rjett vel saman, hæstv. atvinnumálaráðherra og háttv. bjargráðanefnd. (**P. J.:** Jeg talaði að eins út frá mínu sjónarmiði). Það er skiljanlegt, því að enginn mun gera ráð fyrir, að þetta hafi borið á góma í bjargráðanefndinni.

En þar sem talað var um það, að þetta gæti orðið fordæmi, ef lagður yrði vegur á landssjóðskostnað frá námunni og til sjávar, þá er nokkuð öðru máli að gegna hjer, þar sem nám-

an er landssjóðseign, en annars mun það óvenjulegt, að landssjóður eigi þær námur, sem reknar eru. En þar, sem landssjóður á námur, er ekki nema sjálfsagt, að hann leggi veg frá þeim og til sjávar, og það jafnvel þótt það væri akbraut, því að það á ekki að horfa í það að búa í haginn fyrir sjálfan sig. Það er alveg rjett hjá hæstv. atvinnumálaráðherra, að það er Strandasýsla, sem ætlar að reka námuna, en mjer fanst skrítið, að hann skyldi taka svo til orða »að hann hefði heyrt það«, að sýslufjelagið ætlaði að reka námuna, þar sem þó hefir verið lagður útdráttur úr sýslufundargerð sýslunnar fyrir háttv. stjórn, svo að hann hlýtur að hafa sjeð það.

Það er ekki meiningin, að Strandamenn sjeu að sækja hjer um sjerstök hlunnindi, eins og mjer skildist á háttv. þm. S.-Þ. (P. J.), heldur eru þeir að reyna að bæta úr ráðleysi og framkvæmdaleysi stjórnarinnar í þessu efni, með því að taka framkvæmdirnar í sínar hendur, og það er ekki fyrir Strandasýslu eina, að þeir óska eftir þessu, heldur fyrir allar sveitir, sem liggja upp frá Húnaflóa, því að þær mundu allar hafa stórmikið gagn af námurekstri á þessum stað.

Annars vil jeg skjóta því til bjargráðanefndar og háttv. deildar að afgreiða málið eins fljótt og unt er, því að svo framarlega sem nokkuð á að gera í vor, verður sýslufjelagið að fá að vita um úrslit málsins sem allra fyrst.

Pjetur Jónsson: Mjer hefir heyrst þess óskað, að bjargráðanefnd taki málið til íhugunar, og hygg jeg, að mjer sje óhætt að lofa því fyrir hennar hönd að afgreiða málið sem allra fyrst, en áður finst mjer það sjálfsagt, að hún beri sig saman við bjargráðanefnd Ed. um það, hvora till. beri heldur að aðhyllast.

ATKVGR.

Till. vísað til bjargráðanefndar (sjá A. bls. 545) með öllum gr. atkv.

Umr. frestað.

Á 29. fundi í Nd., fimtudaginn 23. maí, var framhaldið fyrri umr. um till. (A. 143, 160, 169).

Frsm. (Pjetur Jónsson): Jeg býst nú við, að menn þykist búnir að fá nóg af kolarykinu, svo að jeg skal ekki tala langt mál; jeg skal að eins geta þess, að bjargráðanefnd áleit rjett að styðja að því, að þarna verði reynt kolanám, og vildi hún gera það með því að fallast að nokkru leyti á till. þá, er fyrir liggur frá háttv. Ed. Nefndinni þótti heppilegra að haga svo til, að ákveðnu fjárframlagi væri heitið úr landssjóði, heldur en ákveðnum verðlaunum af hverri smálest, er upp væri tekin. Þetta getur svo hver dæmt um eftir sinni skoðun, og skal jeg ekkert mæla sjerstaklega fram með skoðun nefndarinnar á þessu, en hún bjóst við, að eftir því, sem kolanámið yrði á þessu ári, myndi þetta ekki verða neitt óríflegri styrkur en till. frá Ed. veitir, nje heldur minni en eftir brtt. háttv. þm. Stranda. (M. P.).

Magnús Pjetursson: Jeg get þakkað háttv. bjargráðanefnd fyrir undirtektir hennar í þessu máli, þó að þær sjeu ekki fyllilega í samræmi við brtt. mína. Jeg get náttúrlega ekkert um það sagt, hvort þetta er nóg til þess að geta komið að þeim notum, sem til er ætlast með brtt. minni, því að jeg verð að segja, að það er dálítið athuga-

Kolanám í Gunnarsstaðagróf.

vert, borið saman við brtt. frá mjer. Fyrst og fremst er nú það, að í ályktun sýslunefndarinnar í Strandasýslu er það beinlínis gert að skilyrði fyrir því, að sýslan taki að sjer kolanámið, að landssjóður styrki það, eins og stendur í brtt. minni, en ekki í till. háttv. bjargráðanefndar. Þess vegna veit jeg ekki, hvort hægt verður að framkvæma þessar fyrirætlanir án þess að kalla saman sýslunefnd til að ákveða það, en það er mikill kostnaðarauki í svo víðlendri sýslu, enda get jeg ekki heldur skilið, að það beri svo mikið á milli þessarar till. og minnar, að ekki hefði eins vel mátt samþ. hana. Jeg skal ekkert segja um það upp á víst, að ekki verði unnið þarna, þótt brtt. háttv. bjargráðanefndar verði samþ.; þar er hvorttveggja til, en hitt er víst, að unnið verður, ef mín till. er samþ., enda var till. mín algerlega miðuð við þingsályktunartill. frá síðasta þingi, svo að mjer finst þetta töluverður afturkippur frá því, sem þingið þá ætlaðist til.

Frsm. (Pjetur Jónsson): Það, sem nefndinni þótti að till. háttv. þm. Stranda. (M. P.), var ekki það, að hún byggist við, að þetta yrði svo dýrt, enda ætlaði hún að tiltaka það í upphafi, sem nægja myndi til þess að fullnægja till. háttv. þm. Stranda. (M. P.), heldur þótti henni það nokkuð óákveðið að láta gera akfæran veg á landssjóðskostnað frá námunni. Eftir ágiskun Guðmundar Bárðarsonar mundi það kosta 1000 krónur, en það gæti líka orðið miklu dýrara; þetta fer eftir því, hve mikið er vandað til vegarins; þetta var því of óákveðið. Ef nú farið væri að styrkja námugröft annarsstaðar á landinu, gæti vel verið, að óskað yrði eftir vegarlagningu, og fordæmið notað, en sá vegur yrði miklu dýrari. Það varð því að koma undir álit þingsins, hve mikið landið skyldi leggja til, en að þingið færi ekki að taka að sjer að gera vegabætur frá námum til sjávar, hvað sem það kostaði. Í öðru lagi vissum við ekki, hvað verða kynni fólgið í því að borga fyrning á verkfærum, og álitum því eins hyggilegt að hjálpa sýslunni til þess að kaupa verkfæri. Þessi ágiskun Guðmundar Bárðarsonar um vegarlagninguna er að vísu lausleg, en hún var það, sem ákvarðaði okkur, og ætlumst við til, að fjeð hrökkvi til vegarlagningarinnar og nokkurra verkfærakaupa, þetta sem nefndin tiltekur.

Jeg hefi svo ekki meira að segja um þetta mál; skal að eins láta þess getið, að það er nefndinni ekkert kappsmál, hvort till. hennar eða háttv. þm. Stranda. (M. P.) verður samþ.

Magnús Pjetursson: Út af því fordæmi, sem háttv. frsm. (P. J.) var að tala um að þetta yrði, vil jeg geta þess, sem jeg hefi reyndar bent á áður að það stendur sjerstaklega á með þessa námu, þar sem hún er landssjóðseign; er hann því að eins að greiða götu sína frá sinni eign, námunni, til sjávar.

Jeg geri að vísu ráð fyrir, að sýslunefnd Strandasýslu geri sitt ítrasta til að framkvæma þessa bjargráðaráðstöfun, hvort sem ofan á verður, en veit fyrir víst, að hún myndi gera það, ef mín till. yrði samþ.

ATKVGR.

Brtt. 169. (ný tillgr.) samþ. með 15 : 6 atkv.

— 160. þar með fallin.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. í e. hlj.

Á 31. fundi í Nd., laugardaginn 25. maí, var till. tekin til síðari umr. (A. 201, 206).

Magnús Pjetursson: Jeg þarf ekki að fjölyrða neitt um þessa brtt. á þgskj. 206. Hún er fram komin vegna þess, að háttv. bjargráðanefnd gleymdist að láta fylgja með þetta ákvæði um að heimila Strandasýslu ókeypis kolanám í þessari landareign, en það var nauðsynlegt að hafa í till. Þetta veit jeg, að háttv. bjargráðanefnd kannast við. (**P. J.:** Ómótmælt!).

ATKVGR.
Brtt. 206. samþ. í e. hlj.
Till., svo breytt, samþ. með öllum gr. atkv. og afgr. til Sþ.

Á 32. fundi í Nd., mánudaginn 27. maí, og á 28. fundi í Ed., sama dag, var útbýtt frá Sþ.

Tillögu til þingsályktunar um kolanám í Gunnarsstaðagróf í Drangsnesslandi,
eins og hún var samþ. við síðari umr, í Nd. (A. 225).

Á 2. fundi í Sþ., miðvikudaginn 29. maí, var till. tekin til umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Till. samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem

ályktun Alþingis.
(Sjá A. 250).

---

25. Styrkur til björgunarbáts.

Á 22. fundi í Ed. laugardaginn 18. maí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um heimild handa landsstjórninni til þess að veita styrk til að kaupa björgunarbát (A. 166).

Á 23. fundi í Ed., þriðjudaginn 21. maí, var till. tekin til fyrri umr.

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Jeg vildi beiðast þess, að málið væri tekið af dagskrá, þar sem einn aðalmaður þeirrar nefndar, sem ber málið fram, er fjarverandi.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Ed., miðvikudaginn 22. maí, var framhaldið fyrri umr. um till.

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Eins og skýrt er frá í greinargerðinni, er till. þessi ávöxtur af áhuga sjómannastjettarinnar fyrir því að tryggja öryggi vjelbátaflotans hjer við land. En það er öllum vitanlegt, að hingað til hefir það öryggi verið lítið.

Eins og kunnugt er, geta vjelarnar í bátum þessum bilað þegar minst varir, og er hætt við, að svo fari þegar síst gegnir.

Með áhyggju horfa venjulega þeir, sem í landi eru, á báta þessa leggja út á djúpið, því að svo getur farið, að einhver þeirra komi ekki aftur. Enda hefir reynslan oft verið sú, að vantað hefir af þeim að kvöldi. Stundum hafa menn lifað í voninni, þótt svo hafi farið, og það hefir líka komið fyrir, að þeim hefir tekist að lenda annarsstaðar, eða bjargast eftir langt volk. En hins

eru líka sorglega mörg dæmin, að þeir hafa aldrei komið aftur.

Jeg þarf ekki að vera að útmála það, hversu alvarlegt þetta ástand er og hversu ömurlegt það er, ef slíkt á að viðgangast til lengdar.

Auðvitað hjálpa bátar þessir hverjir öðrum, þegar því verður við komið, en oftast mun hver eiga nóg með sjálfan sig. Það hefir líka komið fyrir, að farist hefir einmitt sá, sem ætlaði hjálpa öðrum.

Jeg tel því ekki vafasamt, að allir þeir, sem heyra mega mál mitt, sjeu á einu máli um það, að úr þessu verði að bæta eftir föngum. Og engan þarf að furða, þótt sjómannastjettin leiti ráða til þess, og er það nú í ráði að vinna að því, að björgunarbátum verði komið upp í þessu skyni.

Vjelbátaflotinn er nú orðinn svo stór, að nóg verkefni mun vera fyrir slíka báta, því að venjulega ber eitthvað út af á hverri vertíð.

Fiskifjelagið hefir tekið sjer fyrir hendur að hrinda málinu af stað, og hefir ráðunautur fjelagsins ferðast um, til þess að undirbúa það, og hefir hann alstaðar fengið góðar undirtektir.

Áhuginn fyrir þessu máli er óðum að aukast, og það svo, að í einni stórri stórri fiskiflotastöð hafa menn beðið þingmann sinn að fylgja fram málinu hjer á Alþingi. Sjávarútvegsnefnd fanst það ekki mega henda, að þingið mætti ekki þessum áhuga á miðri leið. Og þannig er þessi tillaga til orðin. Einkum hefir háttv. þm. Vestm. (K. E.) af eðlilegum ástæðum hugsað nánar um málið en við hinir í nefndinni og er því kunnugri; vil jeg því biðja forseta um orðið handa honum næst.

Það eru einkum þrjár aðalflotastöðvar, sem við höfum haft í huga, þar sem þörfin á björgunarbát væri einna brýnust, Vestmannaeyjar, strandlengjan kringum Reykjanes og Ísafjarðardjúp. Tilætlun okkar er, að hjeruðin sjálf ráðist í fyrirtækin, en landssjóður styrki alt að $^1/_3$ kostnaðar.

Við höfum leitað upplýsinga um, hvað einn björgunarbátur mundi kosta, og í áætlun okkar höfum við farið eftir upplýsingum frá kunnum mönnum. Ef til vill hentar nokkuð misjafnt sitt á hverjum stað, en sá munur getur þó aldrei orðið mjög mikill. Jeg veit, að það þarf að taka vorkunnsamlega á fjárhag landsins, og jeg lái það ekki, þótt 40,000 kr. kunni að vaxa mönnum í augum, en þær vega þó ekki á móti því, að missa þótt ekki væri nema einn mótorbát með allri áhöfn í sjóinn. Og jeg hygg, að ef við ættum þennan fund á skipsfjöl og ættum kost á að bjarga lífi manns, sem væri að drukna, með því að samþykkja þessa till., þá myndum vjer allir óðara samþykkja hana. Það er fjarri því, að þetta mál nái ekki nema til sjómannastjettarinnar. Það er miklu víðtækara, og það er styrkur mikill fyrir heill alls landsins og allrar þjóðarinnar, að það nái fram að ganga.

Vil jeg svo í nafni nefndarinnar biðja háttv. deild að samþykkja till., og væri ef til vill rjett að vísa málinu til háttv. fjárhagsnefndar, því að jeg býst við, að háttv. deild vilji fá að vita álit hennar um tillöguna áður en hún samþykkir hana.

Karl Einarsson: Það var nú í rauninni hálfgerður bjarnargreiði af hv. þm. (K. D.), sem síðast talaði, að biðja um orðið handa mjer, eftir að hafa sjálfur svo að segja tekið alt fram, sem um málið er þörf að taka fram.

Það er að eins eitt atriði í þessu sambandi, sem jeg ætla að minnast á, en það er útgerðarsaga Vestmannaeyja

í vetur og hvert gagn björgunarbátur hefði getað gert þar.

Í haust var mótorbátur á leið frá Stokkseyri til Vestmannaeyja, með 11 farþega innanborðs, í alt 13 eða 14 manns. Þegar eftir var að eins stundarfjórðungs sigling til Eyja, bilaði vjelin og bátinn rak vestur í haf.

Það sást til hans úr landi, og voru mótorbátar fengnir til þess að leita að honum, en bátarnir fundu hann ekki, enda var veður hið versta og dimt orðið af nóttu. Seinna kom það fram, að báturinn hafði siglt vestur fyrir Reykjanes, því að þar fanst hann af botnvörpung, sem hæstv. fjármálaráðherra útvegaði að tilmælum mínum og sendi til þess að leita að honum. Mun það hafa kostað talsvert fje.

Hefði nú björgunarbátur verið til í Vestmannaeyjum, hefði hann þegar lagt af stað og báturinn bjargast um kvöldið. En það var álit manna, að báturinn hefði farist með öllum, er á voru, og var hann alment talinn af upp í 2 sólarhringa. Sem betur fór var það ekki, en miklum hrakningum hafði fólkið orðið fyrir, og sannarlega ekki neinni forsjálni að þakka, að hann týndist ekki með öllu.

Eftir að vertíðin byrjaði í vetur, biluðu mótorbátarnir, eins og venja er, oft daglega. Oft vill þá svo til, þegar bátar bila þannig úti á hafi, að hann er að ganga upp með veður og myrkrið í nánd. Er þá eina leiðin að fá aðra báta til þess að fara og leita. Ætíð hafa sjómenn fengist til þess að fara og hafa oft farið í tvísýnu út á haf að leita, en svo fór eitt sinn í fyrra, að einn leitarbátanna fórst með allri áhöfn, og sá sem leitað var að líka, en mönnum bjargað. Í mannskaðaveðrinu 4. mars í vetur mistum við 2 báta með öllum mönnum, og var það sorglegt til að vita að geta ekki hjálpað þá, því að auk þeirra, sem týndust, lágu 3 aðrir úti í því voðaveðri.

Það kemur líka stundum fyrir, að skip eru í nauðum stödd á þessum slóðum, og það seinast í vetur. Þá símaði sýslumaðurinn í Skaftafellssýslu eitt sinn til mín og sagði, að skip væri í nauðum fram undan Mýrdalnum. Jeg þorði ekki að treysta því, að mótorbátar færu til hjálpar, enda gerði óveður; en svo heppilega vildi til, að botnvörpungur lá á höfninni, og fjekk jeg hann til þess að fara. Hann bjargaði skipshöfninni og skipinu og kom með hvorttveggja til Eyja. Skipshöfnin bar það fyrir rjetti, að hún hefði áreiðanlega farist öll ef hjálpin hefði ekki komið svo bráðlega eins og varð. Jeg efast um, að mótorbátar hefðu getað bjargað, því að hann hvesti á sunnan um sama leyti og botnvörpungurinn kom með skipið til Eyja og gerði bráðófært veður af suðri.

Það, að jeg leyfi mjer að bera fram þessa till. nú, ásamt meðnefndarmönnum mínum, kemur sjerstaklega til af því, að á þingmálafundi í kjördæmi mínu í vetur var skorað á mig að fá Alþingi til þess að styrkja fyrirtækið. Ýmsir góðir menn munu leggja í fyrirtækið, ef þeir vita, að von sje einhvers styrks úr landssjóði, og er þar vaknaður almennur áhugi á því að hefjast handa í þessu máli. Svo hafa menn hugsað sjer, að rekstrarfje fengist ekki eingöngu frá útgerðarmönnum, heldur einnig frá ábyrgðarfjelögunum, því að fyrirtækið væri ekki síður þeim í hag en útgerðarmönnunum sjálfum. Á sumrin gæti björgunarbáturinn gengið til fiskveiða eða síldveiða og lagt þannig nokkuð fram upp í kostnaðinn; jafnvel um vertíðina mætti ef til vill einhvers afla upp í kostnaðinn. En á veturna yrði hann helst að fylgjast með fiskibátunum.

Nefndin hefir leitað álits framkvæmd-

arstjóra Fiskifjelags Íslands um, hvað bátur við hæfi Vestmannaeyja, 60 tonna stór, með 100 hesta »diesel«-vjel eða gufuvjel, mundi kosta, og er miðað við þær upplýsingar í till.

Vona jeg svo, að háttv. deild taki vel í þetta mál, og skal svo ekki fara fleiri orðum um þörfina á því, að það komist í framkvæmd.

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Það hefir verið vakin athygli mín á því, að þó að báturinn fengist, þá þyrfti að útvega vel hæfa skipshöfn. Nefndin hefir hugsað sjer, að hjeruðin sjálf kæmu fyrirtækinu af stað og reksturinn yrði að sjá um af viðkomandi hjeraðsbúum. Það hefir nýlega í grein einni um þetta mál verið skýrt frá norskum björgunarbátum, sem nota eingöngu segl. Á slíka báta þarf sjerstaklega að hafa vel æfða skipshöfn. En jeg hygg, að það vaki ekki fyrir mönnum hjer að hafa seglbáta, heldur vjelbáta eða gufubáta, og þá auðvitað að fá vel vana menn á þá. Ætti ekki að verða skotaskuld úr því að fá skipshöfn á slíka báta. Kæmi það líka nokkuð undir því, að hve miklu leyti bátarnir gætu unnið fyrir rekstrarkostnaði með fiskveiðum o. fl. Gætu þeir með því móti gefið af sjer nokkurn arð, og mundi verða því betri kostur á að vanda til skipshafnarinnar og jafnframt launa henni sómasamlega.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 10 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 10 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., fimtudaginn 23. maí, var till. tekin til síðari umr. (A. 166, 191).

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Jeg sje, að þegar er fram komið álit háttv. fjárveitinganefndar, á þgskj. 191, um þetta mál, og þar sem hún mælir með þingsályktunartill. og hefir athugað fjárhagshlið hennar, án þess að leggja nokkurn þröskuld fyrir, að hún næði fram að ganga, vona jeg, að enginn annar þröskuldur komi fyrir málið og að það verði afgreitt til háttv. Nd. sem fyrst.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Jeg var ekki viðstaddur í gær, er þetta mál var til 1. umr., en mjer virðist ekki, að neitt sje við það að athuga í sjálfu sjer; málið er bæði þarft og tímabært. Það er að eins formið á þingsályktunartill., sem jeg tel ógreinilegt. Það er fyrst og fremst ekki tekið fram, hvar þessi eini bátur á að ganga, og ekki talað um, hvort leggja skuli fram fje til fleiri báta en eins. En nú geta komið fram beiðnir um styrk úr ýmsum áttum. T. d. er ekki ósennilegt, að Austfirðir mundu æskja slíks báts, því að þar mun vera full þörf fyrir hann; líkt er um Vestfirði. Beiðnir gætu komið að minsta kosti frá fimm stöðum á landinu. Mjer finst, að það þurfi að tiltaka þetta nánar í till.

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Af því að hæstv. atvinnumálaráðherra var ekki viðstaddur umr. um þetta mál í gær, þá er skiljanlegt, að hann biðji upplýsinga viðvíkjandi áminstum atriðum. Jeg tók fram þá, að hugsunin er, að bátum verði komið upp á fleiri stöðum, og aðalstöðvarnar, sem fyrst væri um að ræða, yrðu sennilega þrjár,

Vestmannaeyjar, Reykjanes og Ísafjarðardjúp, en auðvitað ætlast jeg til, að það fari nokkuð eftir framtakssemi hlutaðeigandi hjeraðsbúa sjálfra, hvar styrkurinn verður fyrst veittur. Jeg endurtek þetta vegna hæstv. atvinnumálaráðherra, sem ekki var hjer viðstadd ur í gær.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Ef umr. frá deginum í gær bera þetta með sjer, getur verið stuðningur í því fyrir háttv. Nd., þegar hún fær málið til meðferðar, og fyrir stjórnina.

Skal jeg því ekki orðlengja um þetta meir.

ATKVGR.

Till. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 30. fundi í Nd, föstudaginn 24. maí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um heimild handa landsstjórninni til þess að veita styrk til að kaupa björgunarbát,

eins og hún var samþ. við síðari umr. í Ed. (A. 195).

Á 31. fundi í Nd, laugardaginn 25. maí, var till. tekin til fyrri umr.

Einar Arnórsson: Leyfi mjer að stinga upp á, að þessu máli sje vísað til sjávarútvegsnefndar.

ATKVGR.

Till. vísað til sjávarútvegsnefndar (sjá A. bls. 541) í e. hlj.

Umr. frestað.

Á 34. fundi í Nd, miðvikudaginn 29. maí, var fram haldið fyrri umr. um till. (A. 195, n. 234, 245).

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Sjávarútvegsnefndin hefir ekki að öllu leyti getað fallist á að láta till. þessa ganga fram án viðauka eða breytingar. Þar sem ætlast er til svo mikils fjárframlags úr landssjóði, þá finst nefndinni, að ekki megi minna vera en að stjórnin hafi einhverja tilhlutun um starf bátsins og svæði það, sem honum er ætlað að starfa á þann tíma ársins, sem mest þarf á honum að halda. Í nál. á þgskj. 234 er skýrt tekið fram það, sem fyrir nefndinni vakti. Nefndin lítur svo á, að þessi fjárbeiðni geti komið af stað fleiri fjárbeiðnum af sama tægi, þótt eigi verði á þessu þingi, þá samt á næstu þingum. Hins vegar er nefndinni það ljóst, að ítrustu tilraunir þarf að gera til tryggingar vaxandi mótorbátaútvegi víðs vegar kringum landið. Af þeirri ástæðu vill hún ekki ganga gegn till, þótt efni landssjóðs sjeu lítil til þessara fjárveitinga, heldur leggja til, að hún verði samþykt með nokkurri breytingu. Breytingarnar eru á þgskj. 234 og lúta, eins og áður er sagt, að íhlutun landsstjórnarinnar um útbúnað og starfsháttu bátsins. Það mun vera til þess hugsað, að báturinn haldi til í Vestmannaeyjum og starfi aðallega á fiskveiðasvæðinu kringum þær. Jafnvel mun ekki óhugsandi, að hann komi að einhverjum notum á stærra svæði. Gera má ráð fyrir, að eigi veitti af 5—6 bátum af þessu tægi, ef tryggja ætti bátaflota allra veiðistöðva landsins. En sjáanlega eru ekki tök á að afla þeirra nú í svip, og mætti þá þessi fyrsta tilraun verða til fyrirmyndar síðar um tilhögun alla og rekstur.

Annars vona jeg, að nál. á þgskj. 234 beri með sjer, hvað fyrir nefndinni vakir,

og þurfi því eigi frekari greinargerð; býst jeg við, að háttv. deild geti fallist á till. með umræddri viðbót nefndarinnar.

Magnús Pjetursson: Jeg veit ekki, hvort allir háttv. þingdm. hafa tekið eftir áliti fjárveitinganefndar á þgskj. 245. Því var ekki útbýtt hjer á fundinum. Jeg stóð að eins upp til þess að minna á það, áður til atkvæða er gengið, svo að það skyldi ekki fara fram hjá mönnum. Meiri hluti fjárveitinganefndar mælir með þessu máli, þó með vissu skilyrði, sem sje því, að að eins verði veittur styrkur til eins báts á því svæði, sem sjósókn er mest á vetrum. Fjárveitinganefndin býst við, að orðið gæti um fleiri en einn bát að ræða. Yrðu það þá mjög mikil útlát fyrir landssjóð. En það eru þó ekki eingöngu og ekki aðallega útlátin, sem nefndin horfir í, heldur hitt, að ekkert er víst og engin reynsla fyrir því, að hve miklu gagni slíkir bátar koma.

Nefndin álítur því sjálfsagt að binda styrkveitinguna eingöngu við einn bát og láta sjá, hvernig hann reynist, áður en hugsað er um fleiri. Jeg vildi því leyfa mjer að skjóta því til hv. sjávarútvegsnefndar, hvort hún vill ekki koma með brtt. í þá átt, sem álit fjárveitinganefndar fer fram á. Ef hún vill ekki gera það, þá verður meiri hluti fjárveitinganefndar að koma fram með brtt. við síðari umr. En það væri æskilegra, að sjávarútvegsnefnd tæki breytinguna upp, enda sje jeg ekki, að hún brjóti neitt í bág við skoðun þeirrar háttv. nefndar á málinu.

Frsm. (Sveinn Olafsson): Eftir athugasemd háttv. frsm. fjárveitinganefndar (M. P.) verð jeg álita, að ekki þurfi að breyta till. að þessu leyti. Það hefir verið tekið fram í framsögu málsins, að búist sje við, að ekki komi til þess, að veita styrk nema einum báti, að minsta kosti ekki fyr en eftir næsta þing. Enda felst þetta að nokkru leyti í till. sjálfri, þar sem talað er um að veita styrkinn fjelagi, en ekki fjelögum. Annars hefi jeg ekkert á móti tryggingarákvæði í þessa átt. Sjávarútvegsnefndin er einmitt háttv. fjárveitinganefnd sammála um, að eigi beri að veita til fleiri báta að þessu sinni, eins og nál. ber með sjer, og taldi tillöguna nægilega ljósa í þessu efni.

Mjer skilst, að ef ætti að ganga betur frá þessu atriði, þá yrði að taka málið út af dagskrá, og jeg vil beina þeirri spurningu til hæstv. forseta, hvort svo skuli með fara. (**M. P.:** Það er eftir ein umr. enn). Já, það er rjett. Þessi breyting getur því tálmunarlaust komist að, og jeg get fyrir hönd nefndarinnar lýst yfir því, að þetta verði athugað. Með þeim formála vona jeg, að deildin sjái sjer fært að afgreiða till. til síðari umr.

Pjetur Jónsson: Við erum tveir í fjárveitinganefnd, sem ekki höfum sjeð okkur fært að fallast á þessa till. Ekki af því, að við viðurkennum ekki þörfina á því að útvega björgunarbát. En það hefir nú verið svo, í hvert sinn, sem þessu máli hefir verið hreyft, þá hefir þótt í mikinn kostnað ráðist, ef báturinn ætti að vera góður og útbúnaður allur fullkominn.

Nú hefir málinu verið hreyft á þann veg, að það er ekki ætlast til þess, að landssjóður kaupi bátinn, heldur styrki eitthvert fjelag til þess að kaupa hann og halda honum úti. En enn þá veit jeg ekki til, að neinn undirbúningur sje um slíkan fjelagsskap nje um bátskaupin. Nú er það venja, að samþykkja ekki þesskonar styrkveitingar fyr en eitthvað liggur fyrir sem veiti einhverja

tryggingu fyrir framkvæmdinni, einhver, sem ætlar að ráðast í fyrirtækið, og leitar styrks til þess. Það virðist því nokkuð fljótt, meðan ekkert er að þessu gert, að fara að heita fje úr landssjóði.

Jeg líts voá, að það verði að liggja fyrir tilboð eða umsókn frá einhverju fjelagi, annaðhvort einstakra manna eða sveitareða sýslufjelagi, sem bundist hefir fyrir framkvæmdirnar og legði fram áætlun um það. Auðvitað getur verið um það að tala, að þetta styrktilboð, sem tillagan hljóðar um, eigi að vera til þess að hvetja einhver fjelög til þess að ráðast í að kaupa bátinn, og væri hjer um bjargráð að ræða, sem sjerstaklega miðuðust við yfirstandandi hernaðarástand. En þótt þetta sje »bjargráð« í almennari skilningi, þá miðast þau ekkert sjerstaklega við þennan tíma. Nú veigrar þing og stjórn sjer við flestum fjárframlögum til hinna bráðustu bjargráða, og það sökum sýnilegs fjárskorts. Mjer sýnist því, að ekki hæfi annað en að skjóta þessu þarfa fyrirtæki á frest þangað til hitt er frá hendinni.

Bjarni Jónsson: Jeg ætla að leyfa mjer að mæla með því, að þetta verði heimilað. Eftir því, sem kunnugt er orðið, mun hugsað til þess, að báturinn haldi til við Vestmannaeyjar, sem er, eins og menn vita, stór veiðistöð úti í reginhafi. Ber það oft við, að bátar þaðan verða nauðulega staddir úti á fiskimiðum og geta enga björg sjer veitt, er vjel bilar og ómögulegt er að ná landi fyrir stormi og sjó.

Botnvörpungar hafa oft orðið til þess að draga að landi báta, sem rekið hefir bjargarlausa fyrir vindi og sjó. En það vill ekki ávalt svo til, að botnvörpungar verði á veginum, og þá farast bátarnir með allri áhöfn, því að ekkert er til bjargar. Það má því gera ráð fyrir, að það mundi draga úr manntjóni hjer við land, ef styrkur er veittur til þessa báts.

Einnig má líta á það, að veiðistöð þessi er landseti landssjóðs, — situr á einni af þeim eignum, sem landið hefir ekki látið frá sjer. Það virðist því sanngjarnt og eðlilegt, að landssjóður geri þetta fyrir Eyjabúa, til þess að tryggja atvinnuveg þeirra, því að þeir hafa setið eignina vel. En ríkust á metunum verða þó mannslífin, sem þessi ráðstöfun gæti bjargað.

ATKVGR.

Brtt. 234. samþ. með 17:2 atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 15:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 15:2 atkv.

Á 36. fundi í Nd, föstudaginn 31. maí, var till. tekin til síðari umr. (A. 259, 269).

Frsm. (Sveinn Ólafsson): Brtt. á þgskj. 269 er komin fram eftir ósk fjárveitinganefndar, sem batt meðmæli sín með því, að styrkurinn væri veittur, því skilyrði, að hann væri bundinn við bát, sem hefði aðsetur í Vestmannaeyjum. Nefndin hefir því orðið ásátt um að bæta því inn í till.

Hitt atriðið, að báturinn skuli ekki vera nema einn, hefir nefndin ekki sjeð sjer fært að taka til greina, því að við því getur hvorki nefnd nje einstakur maður spornað, ef fleiri vilja upp á sitt eindæmi halda úti slíkum bát. En til þess að fleiri en einn bátur nyti styrks úr landssjóði, þyrfti nýja fjárveitingu, en engum verður bannað að sækja um hana. Jeg hygg, að það sje fullljóst,

bæði af áliti sjávarútvegsnefndar og eins af framsögunni hjer í deildinni við síðustu umræðu, að ekki er ætlast til, að styrkurinn sje veittur nema einum bát. Nefndin sjer sjer ekki fært að gera neina breytingu í þessa átt.

Jeg vona, að málið gangi nú slindrulaust gegnum deildina, eins og því er komið, og álít frekari umræður óþarfar.

ATKVGR.

Brtt. 269. samþ. með 13 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Sþ.

Á 37. fundi í Nd., laugardaginn 1. júní, og á 33. fundi í Ed, sama dag, var útbýtt frá Sþ.

Tillögu til þingsályktunar um heimild handa landsstjórninni til þess að veita styrk til að kaupa björgunarbát,

eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 284).

Á 3. fundi í Sþ., þriðjudaginn 11. júní, var till. tekin til u m r. (A. 284, 334).

Afbrigði leyfð og samþ. um brtt. 334, er of seint var útbýtt.

Frsm. sjávarútvegsnefndar Ed. (Kristinn Daníelsson): Brtt. sú, sem hjer liggur fyrir sameinuðu þingi og prentuð er á þgskj. 334, er í rauninni að eins smávægileg breyting á þingsályktunartill. á þgskj. 284, en breyting, sem jeg álít að svari til hins upphaflega tilgangs.

Eins og kunnugt er, þá er þingsályktunartill. upprunalega runnin frá sjávarútvegsnefnd Ed. Vona jeg, að háttv. samnefndarmenn mínir þar sjeu samþ. brtt. þessari. Tilganguriun með henni er að koma till í sama horf og upprunalega var til ætlast, þ. e. að hverjir þeir menn eða fjelög, sem fyrstir verða til þess að hrinda því máli, sem hjer er um að ræða, af stað, fái að njóta þessa styrks, án tillits til hvar þeir eru á landinu. Því að jeg kann ekki við, að styrkurinn sje bundinn við Vestmannaeyjar eingöngu, þar sem þörfin á björgunarbát er hin sama svo víða annarsstaðar. Má t. d. benda á — eins og jeg líka hefi áður gert — verstöðvarnar kringum Reykjanesskagann, þar sem sjósókn er mikil og jafnframt hættuleg. Einkum er mótorbátaútgerð mikil frá Sandgerði, og komast þeir þar oft í hann krappan á vetrarvertíðinni. Bátstapar hafa einnig komið fyrir á þessu svæði. Sem frsm. nefndarinnar í Ed. get jeg lýst yfir því, að það hefir aldrei verið ætlunin, að stjórnin veitti styrk nema til eins báts að sinni. Og eftir þeim upplýsingum, sem fyrir lágu þar, er langliklegast, að Vestmannaeyjar verði fyrstar til þess að afla bátsins. En jeg kann ekki við, ef svo skyldi óliklega fara, að Vestmannaeyjar kæmu þessu ekki í framkvæmd, og önnur hjeruð, þar sem þörfin er engu minni, vildu koma sjer upp bát, að orðalagið á till. yrði til þess, að ekki mætti veita þessum hjeruðum styrkinn. En standi hún óbreytt, eins og hún er, verður stjórnin að svara, þegar þau biðja um styrk: Nei, það má ekki veita styrkinn öðrum en Vestmannaeyjum. Þetta álít jeg ófært og vona, að brtt. á þgskj. 344 verði samþykt.

Sigurður Stefánsson: Jeg hefi ekki skift mjer af þessu máli enn sem komið er, en það er síður en svo, að jeg áliti það óþarft, heldur þvert á móti. En það er svo fyrir mjer í þessu máli, sem öðrum, þar sem um útgjöld er að ræða fyrir landssjóðinn, að jeg vil ekki láta veita fje nema að notum komi og undirbúningur framkvæmda sje gerhugs-

aður, svo að það sje ljóst, að ekki sje verið að varpa fje landsins í sjóinn að óþörfu. En hjer verð jeg að viðurkenna, að undirbúningur þessa máls er sama sem enginn.

Hjer er verið að bjóða út fje landssjóðs, án þess að þingið hafi nokkra tryggingu fyrir því, hvort nokkuð verði úr verki, eða í hvers höndum eða hvernig höndum það lendir. Má vera, að hæstv. landsstjórn sje það framsýnni en jeg, að henni finnist engin áhætta við styrkveitinguna, en mjer finst hún sannast að segja veitt út í bláinn, þar sem enginn fjelagsskapur er mjer vitanlega enn myndaður til þess að hrinda fyrirtækinu af stað. Og þótt málið sje gott og nauðsynlegt í sjálfu sjer, þá get jeg ekki sjeð, að það sje komið á þann rekspöl, að þingið eigi, að svo komnu, að veita þetta fje. Jeg vil á þennan hátt gera grein fyrir atkvæði mínu og vona, að þingið skilji, hvers vegna jeg greiði atkv. á móti till.

Fyrir mjer stendur starf þessa báts þannig, að það sje mjög vafasamt, að hann geti uppfylt skyldu sína, hafi hann önnur störf með höndum. Jeg fyrir mitt leyti álít hann ekki mega hafa nein önnur störf með höndum en þau, sem nafnið bendir til, að bjarga lífi manna. Eigi hann að vera bundinn við veiðar öðrum þræði, mundi oft fara svo, að hann væri ekki til taks, er á þyrfti að halda, því að engum er fært að sjá það fyrir, hve nær háska beri að höndum meðfram ströndum landsins og hve nær ekki, jafnóstöðug og íslensk veðrátta jafnan reynist.

Þótt ákveðið sje, hvaða árstíma báturinn eigi sjerstaklega að gegna björgunarskyldu sinni, gæti hann brugðist þeirri skyldu sinni, er mest ríður á, nema því að eins, að hann stundaði það alt árið.

Jeg álít, að málið þurfi miklu betri undirbúning en þegar er fenginn og að það sje rangt af þinginu að samþykkja þessa styrkveitingu svona út í bláinn, eins og nú eru erfiðir tímar og hagur landssjóðins bágborinn.

Frsm. sjávarútvegsnefndar Ed. (Kristinn Daníelsson): Jeg get verið háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) samdóma um, að tímarnir sjeu erfiðir, en hinu verð jeg að mótmæla, að þetta mál sje undirbúningslaust. Fiskifjelag Íslands hefir unnið nokkuð að því að hrinda því í framkvæmd og sjeð fyrir löngu, að svo má ekki lengur standa. Sama hefir fjöldi annara manna sjeð, eftir að mótorbátunum fjölgaði svo mjög. Vestmannaeyingar hafa líka skorað á þingmann sinn að beitast fyrir málinu hjer á þingi, og þótt eigi sje búið að stofna fjelag til framkvæmda, þá mun ekki standa á því, einkum ef Alþingi samþykti till., því að hún yrði mönnum hvatning til þess að vinda bráðan bug að þessu.

Jeg álít alveg ókleift fyrir háttv. þm. að ætla sjer að fella málið með þeirri mótbáru, að það sje ekki undirbúið, þar sem allir, sem nokkuð þekkja til sjávarútvegs, vita, að þetta má ekki dragast lengur, og jafnframt, að tök sjeu til bjargráða, ef þingið að eins styður.

Rekstrarkostnaðurinn getur fengist að nokkru leyti með því að láta bátinn starfa að öðru þann tímann, sem veðrátta er hagstæð. Því að ekki álít jeg það rjett, að báturinn megi eigi öðru sinna en eingöngu því að vera björgunarbátur. Hann ætti vel að geta sint fiskveiðum þess á milli. Sem betur fer eru margar vertíðir fleiri dagar góðir en vondir hvað veður snertir.

Örðugleikarnir eru því alls ekki svo miklir, að þingið eigi nú að gefast upp við annað eins nauðsynjamál eins og þetta er. Þess vegna vona jeg, um leið

og brtt. mín verður samþykt, að till. sjálf nái fram að ganga.

Magnús Pjetursson: Fyrir hönd fjárveitinganefndarinnar vil jeg gera nokkra grein fyrir afstöðu hennar gagnvart till. og brtt. Jeg hefi að vísu ekki haft tíma til að tala við nefndina fyr en nú undir umræðunum, en samkvæmt því viðtali býst jeg við því, að þeir kjósi fremur till., eins og hún var samþykt í háttv. Nd.

Nefndin telur, að eigi sje unt að veita styrk nema til eins báts, og það var tekið skýrt fram við framsögu málsins í háttv. Nd, og er það bót í máli, ef brtt. verður samþykt, að frsm. nefndarinnar úr háttv. Ed, háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.) hefir nú lýst yfir því, að nefndin þar vilji ekki veita styrk nema til eins báts.

Fjárveitinganefndinni er ekki kunnugt um, að nokkursstaðar sje hafinn undirbúningur á þessu nema í Vestmannaeyjum, og það var vegna þess undirbúnings, sem þar hefir verið gerður, að málinu var hreyft hjer á þinginu. Sjávarútvegsnefndin leit og svo á, að hvergi væri betra að byrja slíka tilraun en í Vestmannaeyjum, taldi svæðið kringum Eyjarnar best fallið til þess. Jeg fæ því ekki skilið, eftir því sem málið er upplýst, því eigi má binda styrkinn við bát við Vestmannaeyjar, því að eins og málið horfir við, þá ætlast víst allir háttv. þm. til, að tilraun þessi verði þar gerð. Jeg vil því, fyrir hönd fjárveitinganefndar háttv. Nd., mæla með því, að till. sje samþykt óbreytt.

Frsm. sjávarútvegsnefndar Nd. (Sveinn Ólafsson): Þessi brtt. á þgskj. 334, sem hjer liggur fyrir til umræðu og atkvæðagreiðslu, er svo seint komin fram, að sjávarútvegnefnd háttv. Nd. hefir ekki haft tækifæri til að bera sig saman um hana. Jeg get því ekki borið fram formlega umsögn frá nefndinni, en jeg hefi borið mig saman við háttv. meðnefndarmenn mína, og eftir því get jeg lýst yfir, að frá nefndarinnarinnar hálfu er ekkert því til fyrirstöðu, að þessi brtt. á þgskj. 334 verði samþykt, og þó með skírskotun til yfirlýsingar háttv. frsm. sjávarútvegsnefndar Ed., háttv. 2. þm. G.-K. (K. D.), um að veita skuli styrk að eins til eins báts.

Jeg geri ráð fyrir því, vegna undirbúnings þess, er gerður hefir verið, að þrátt fyrir það, þótt brtt. verði samþ., þá verði báturinn engu að síður í Vestmannaeyjum, og því standi nokkuð á sama, hvort brtt. er samþykt eða eigi.

Það sem framsögumenn sjávarútvegsnefndanna, bæði í háttv. Nd. og háttv. Ed., hafa tekið það skýrt fram, að styrk beri að eins að veita til eins báts, þá sje jeg ekki hættu á því að samþykkja brtt. vegna þess, að fleiri sigli strax í kjölfarið og heimti styrk til samskonar báta annarsstaðar. Þess vegna vil jeg heldur styðja að því, að brtt. verði samþykt.

Matthías Ólafsson: Eins og hv. þm. er kunnugt, þá var sá galli á till. þessari, eins og hún kom fyrst frá hæstv. Ed., að eftir orðalagi hennar gátu komið beiðnir um styrk til björgunarbáta úr mörgum áttum, eða með öðrum orðum, að tala styrkþega var óákveðin. Þessi galli var mjög óheppilegur fyrir landssjóð og ófær í alla staði, þar sem engin reynsla er fengin um það, að hve miklu haldi þessir björgunarbátar komi, eða hvernig þeir sjeu hagfeldastir hvað gerð, útgerðarstaði og annað snertir. Til Alþingis hefir ekki borist beiðni um

þetta nema úr einum stað, nefnilega Vestmannaeyjum. Þar hefir fiskifjelagsdeildin sjálf, eða fjelag, sem hún hefir myndað innan sinna vjebanda, ákveðið að leggja fram fje í þessu skyni. Þegar erindi þetta barst fjárveitinganefndinni, þá var henni þegar ljóst, að hvergi er meiri þörf slíkra framkvæmda en einmitt í Vestmannaeyjum, og því fanst nefndinni rjettast að binda fjárveitinguna eða styrkinn við Vestmannaeyjar. Það gat líka farið svo, ef það var ekki gert, að einhverjir menn hefðu hafist handa og heimtað styrkinn og orðið á undan Eyjabúum með fjársöfnun, undirbúning og styrkbeiðni sína, en þó eru harla litlar líkur fyrir því, því að málið er svo mikið undirbúið hjá Eyjabúum, og jeg tel víst, að þeir haldi því áfram. Þess vegna tel jeg, að það hafi í raun og veru enga þýðingu, þótt brtt. á þgskj. 334 verði samþykt.

Í tilefni af ummælum háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) um veiðitíma björgunarbáta vil jeg taka það fram, að það er ætlunin, að um þetta verði tekið fram í reglugerð þeirri, er stjórnarráðið setur um björgunarbátana. Það liggur í hlutarins eðli, að björgunarbátinn verður að nota sem allra minst til annars en björgunar á meðan á veiðitímanum stendur, en eins og háttv. þm. hljóta að vita, þá er veiðitími hjer syðra á hættulegasta tíma ársins, og því brýn þörf björgunarbáta, en þegar aðalveiðitíma er lokið fyrir Suðurlandi og við Faxaflóa, þá hefst sumarvertíðin og síldarveiðin fyrir Norðurlandi, og mætti þá leyfa notkun bátsins við þær veiðar, en notkun hans til veiða, meðan á veiðitíma stendur verður að vera sem allra minst, helst engin.

En þar sem frsm. háttv. Ed. (K. D.) hefir tekið fram, að nefndin þar ætlist til, að styrkur sje að eins veittur til eins báts, þá finst mjer, að samþykkja megi brtt., því að hún hefir engin raunveruleg áhrif.

Pjetur Jónsson: Jeg er alveg samþykkur því, er háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) tók fram; jeg vil að eins bæta örlitlu atriði við það.

Það má líklega telja þetta til bjargráða, en það eru ekki þau bjargráð, sem við þingum mest um, eða neitt sjerstaklega fyrir yfirstandandi tíma, heldur fyrir framtíðina.

Mönnum hefir komið margt til hugar til bjargar í yfirstandandi hernaðarvandræðum, en það hefir strandað á fjárskorti vorum. Þar sem svo er, þá skil jeg ekki, hvernig háttv. þm. vilja svo óðfúsir kasta út fje til málefnis, sem ekki er betur undirbúið en þetta er.

Styrkur sá, sem hjer er um að ræða, nemur þó þó töluverðu fje, og meiru en nú er ráð fyrir gert, því að jafnframt því að veita þennan styrk er fyrirheit veitt um styrk til fleiri báta annarsstaðar. Og vel má svo fara, að eigi verði af framkvæmdum um þetta, en þá hefir fyrirheitið um styrkinn að eins bundið hendur þingsins um aðrar brýnni ráðstafanir.

Jeg er því bæði á móti till. sjálfri og brtt. Jeg tel hyggilegra, að gera meira til bjargráða fyrir yfirstandandi tíma en framtíðina. Fjeð verður hjer að ráða.

Bjarni Jónsson: Hlustað hefi jeg nú á mál tveggja manna úr fjárveitinganefndinni; tala þeir nú báðir á móti till., en voru með henni í nefndinni, þegar styrkurinn var staðbundinn við Vestmannaeyjar, enda var það eina vonin til þess, að allir í fjárveitinganefndinni gætu goldið till. jákvæði sitt, að staðbinda hana við Vestmannaeyjar, eins og nefndin gerði.

Rjett mál er það, að landið verður að heimta, að tilraun sje gerð um slíkan

björgunarbát, sem hjer er um rætt, áður en það fer alment að veita styrk til þeirra. En eins rjett og sjálfsagt og það er, eins rjett er það, að styrkurinn til fyrsta bátsins, verði veittur á þeim stað, þar sem veiðitíminn er á hættulegasta tíma ársins, þar sem landssjóður á allar jarðirnar, allir eru landsetar hans, þar sem fiskveiðarnar eru mestar, og þar sem málið er hafið og undirbúið; því er rjett að gera fyrstu tilraunina í Vestmannaeyjum.

Brtt. sú, sem hjer er borin fram, er því rangt hugsuð og getur aldrei gagn gert, og þeir, sem málinu fylgja, eiga ekki að ljá henni eyra. Það er vanhugsað og ekki vel gert að koma fram með vanhugsaðar og þarflausar brtt. um mál, sem frá ýmsum hliðum er viðkvæmt.

Við vitum, að það eru margir, sem vilja spara fje fyrir landssjóðinn. Það er í sjálfu sjer gott, en þeir eru þó margir, er telja meira vert, að sparlega sje farið með mannslífin, því að þau verði ekki fyrir fje keypt. Þar sem margir háttv. þm. taka svo vel undir till. þessa, að þeir sama sem bjóða fram styrk til björgunarbáta, þá lýsir það ljóslega því, að mörgum háttv. þm. er það ríkt í hug, að það sje ekki einkis vert, að menn glati ekki lífi sínu að óþörfu. Og þótt báturinn margborgi sig ekki, þegar taldir eru eineyringar þeir, er hann fær, þá efa jeg ekki, að hann geri það, þegar gætt er mannslífa þeirra, er hann bjargar. En mannslífin er ekki unt að meta til peninga. Það má að vísu reikna, hverju maðurinn afkastar, en það reiknar enginn söknuð þann, sem er eftir hinn látna, nje vonir þær, sem deyja með honum.

Magnús Pjetursson: Í tilefni af orðum háttv. þm. Dala. (B. J.) skal jeg taka fram, að þeir háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) og háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) hreyfðu mótmælum á móti þessu í fjárveitinganefndinni, en þeir voru tilleiðanlegir til þess að greiða atkv. með till. með því móti, að styrkurinn væri að eins veittur til eins báts og jafnframt staðbundinn við Vestmannaeyjar, og jeg býst við því, að örlög brtt. ráði atkv. margra háttv. þm., og því legg jeg til, að hún sje feld. Jeg skil ekki heldur, hvar fiskur liggur undir steini með brtt. þessa, þar sem allir frsm. allra nefnda, er hafa meðhöndlað málið, lýsa yfir því, að að eins beri að styrkja einn bát og að besti og rjettast valdi staðurinn sje Vestmannaeyjar. Og þar sem ekki er kunnugt um, að nokkursstaðar annars staðar hafi að þessu efni verið unnið, þá skil jeg enn þá síður, hví menn vilja fella niður nafnið Vestmannaeyjar úr till. Og mjer finst, að sá staður, er fyrstur hefir vakið málið og hafið undirbúning þess, eigi að fá fyrsta bátinn, einkum þar sem það líka er besti staðurinn til tilrauna með björgunarbátinn. Jeg vænti því, að brtt. verði feld.

Matthías Ólafsson: Háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) furðaði sig á því, og taldi það ósvinnu, að bjóða fram fje til styrktar björgunarbátum. Jeg verð aftur að furða mig á því og telja það ósvinnu, að það hefir ekki verið gert fyr. Eitt hið mesta böl þjóðarinnar hefir hið mikla manntjón verið, því að mannslífin eru dýrmæt. Og brýnust þörf er á því að finna ráð og leiðir til að tryggja líf sjómanna vorra — sem og annara — sem best að auðið er. Jeg verð því algerlega og sterklega að mótmæla ummælum háttv. þm. S.-Þ. (P. J.).

Mjer fanst háttv. frsm. fjárveitinganefndar Nd. (M. P.) vera nokkuð harðorður um brtt. Jeg verð að líta svo á,

sem brtt. sje meinlaus. Eins og nú hagar, þá hljóta Vestmannaeyingar að fá styrkinn, því að þeir einir hafa hafið undirbúning um þetta, en ef svo skyldi fara, að þeir kiptu að sjer hendinni, þá sje jeg ekki neitt á móti því, þótt veita mætti öðrum styrkinn. En jeg vænti þess, að Vestmannaeyingar verði samt fyrstir, hvort sem brtt. verður samþ. eða feld, og stendur því á sama um forlög hennar.

Sigurður Stefánsson: Háttv. þm. Stranda. (M. P.) hefir lýst alveg rjett afstöðu okkar háttv. þm. S.-Þ. (P. J.) til þessa máls í nefndinni. Jeg tók fram í fyrri ræðu minni, að það væri síður en svo, að jeg væri mótfallinn þessu máli, þótt jeg að svo stöddu treystist ekki að fylgja því. Jeg get ekki fylgt þessu máli á öðrum grundvelli en þeim, að báturinn verði aldrei notaður til annara starfa en björgunarstarfs, að minsta kosti ekki á vertíðinni. Þegar slíkur bátur verður keyptur — hvort sem það verður nú eða síðar — á hann að ganga frá Vestmannaeyjum. Um það er jeg í engum efa. Þar er útvegur mestur, þar er í enga höfn að venda, ef ekki næst til Eyjanna sjálfra, og þar búa landsetar landssjóðs einir. En mál þetta þarf að undirbúa af viti og dugnaði, og umfram alt má ekki ætla bátnum annað starf, svo að nokkru nemi, en björgunarstarfið. Það hefir verið sagt, að veður sjeu svo góð á sumum árstíðum, að þá þurfi björgunarbáts ekki með. En jeg hjelt, að ekki þyrfti mikla þekkingu á íslensku veðurfari til að vita, að hjer geta slys borið að höndum á sjó á öllum árstíma. Á sumrum geta bátar róið á sjó í blíðalogni og þó sokkið í sjó fleiri en einn áður en kveld er komið. Ofviðrið er ekki lengi á að skella. — Það hefir verið sagt, að mál þetta hafi verið undirbúið í Vestmannaeyjum. En hvaða undirbúningur er hafinn þar? Hefir verið stofnað þar fjelag? Er búið að safna nokkru hlutafje? Eða hvað? Jeg geri ráð fyrir, að á málið hafi verið minst í Vestmannaeyjum, um það verið talað þar, og að þessu gefi menn nafnið »undirbúningur«. En hvaða undirbúningur er slíkt laust umtal? Jeg er háttv. þm. Dala. (B. J.) samdóma um, að vandfarnara er með mannslífin en fjeð, en ef bjarga á mannslífum verður að sjá fyrir því, að báturinn, sem til þess er ætlaður, sje ekki bundinn öðrum störfum, þegar á honum þarf að halda. Jeg hefi fulla tilfinningu fyrir því, að mannslífin eru dýrmæt, og því vil jeg hafa tryggingu fyrir, að báturinn geti orðið að liði, þegar til hans þarf að taka. En nú er alt þetta mál í lausu lofti. Hjer er þingið að eins að bjóða út fje út í loftið.

Frsm. sjávarútvegsnefndar Ed. (Kristinn Daníelsson): Það er ekki til að hleypa kappi í þetta mál, að jeg tek aftur til máls, heldur til að skýra sumt, sem jafnvel sumir ræðumennirnir virðast hafa skilið óljóst.

Háttv. þm. Stranda. (M. P.) hjelt því fram, að að eins væri um Vestmannaeyjar að ræða. En það er ekki rjett nema að hálfu leyti. Menn hafa búist við, að Vestmannaeyjar yrðu fljótastar að ná í styrkinn. En hitt vil jeg ekki kannast við, að Vestmannaeyjar sjeu eini sjálfsagði staðurinn að byrja á. Hafnleysur eru engu minni í Sandgerði og í kringum Reykjanesið. Þar er útgerð engu hættuminni en við Eyjarnar. Sami háttv. þm. (M. P.) virtist og halda, að hvergi væri vaknaður áhugi fyrir þessu máli nema í Eyjunum. Jeg man ekki hvor okkar, jeg eða háttv. þm. Vestm. (K. E.), vakti fyr máls á þessu máli í sjávarútvegsnefnd Ed., en það

má jeg segja með sanni, að það var ríkt í mínum huga löngu fyr en það heyrðist nefnt hjer í þinginu. Mjer fyndist mjög ósanngjarnt, ef sagt væri við þá, sem hafa sömu þörf og Vestmannaeyingar: »Skiftið þið ykkur ekki af þessu. Þetta er bara gert fyrir hina«. Háttv. þm. Dala. (B. J.) benti á, að mannslífin eru dýrmæt. Undir það munu allir geta tekið með honum. En eru mannslífin nokkuð dýrmætari á einum stað en öðrum?

Ýmsir virðast líta svo á, að hjer sje að eins um tilraun að ræða. Jeg lít svo á, að hjer sje ekki um neina tilraun að ræða, heldur byrjun. Þetta er engin tilraun, sem á að ráða úrslitum um, hvort lengra skuli haldið eða hætt, heldur er þetta byrjun á miklu nauðsynjaverki, sem hlýtur að verða framhald á. En auðvitað er þessi byrjun tilraun að því leyti, að fyrsta reynslan, sem fæst, verður góður grundvöllur undir aðrar framkvæmdir á þessu sviði.

Jeg held nú, að málið liggi ljóst fyrir, og vona, að menn sjái, að það er sanngjarnast að binda ekkert um það, hvar byrja skuli, heldur verði þeim leyft að byrja, sem sýna þann áhuga fram yfir aðra, að verða fyrstir.

Karl Einarsson: Háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) hefir verið að halda því fram, að mál þetta sje óundirbúið. Þetta er ekki rjett. Fiskifjelagsdeildin í Vestmannaeyjum hefir tekið málið að sjer og ákveðið að koma því fram. Þótt enn sje ekki búið að ákveða, hvort sjerstakt fjelag skuli myndað innan deildarinnar, sem annist kaup og útgerð á björgunarbát, eða hvort leitað skuli styrks til sýslufjelagsins og að það hafi svo umráð með bátnum, eða fjelagið sjálft eða deildin skuli eiga bátinn.

Viðvíkjandi því, hvort báturinn eigi að hafa önnur störf en þau, sem að björgun lúta, skal jeg geta þess, að jeg veit ekki til, að nokkur hafi til þess ætlast, meðan vertíð stendur. Báturinn yrði að fylgja róðrarbátunum. Slys á sjó eru ekki altaf að kenna vondu veðri. Það kemur oft fyrir, að vjelar bila í sæmilegu veðri, og komast bátarnir þá stundum ekki heim fyrir myrkur. Þá er verið að fá þreytta sjómennina til þess að fara aftur út að leita. Þegar svo leitin byrjar, er oft, auk myrkursins, komið manndrápsveður.

Áhuginn fyrir þessu máli er mjög sterkur í Eyjunum. Við fengum áminningu í vetur, þegar tveir bátar fórust á einum degi með allri áhöfn. Flestir útgerðarmenn í Eyjunum munu þá hafa ásett sjer að það skyldi verða síðasta vertíðin, sem Eyjarnar væru björgunarbátslausar.

Þótt þingið yrði svo sljótt að fella þessa till., sem jeg býst ekki við, munu Eyjarskeggjar hafa einhver ráð til þess að ná sjer í bát, engu að síður. Peningana mun ekki vanta, þegar um slíkt nauðsynjamál, sem þetta, er að ræða. En jeg vona, að háttv. Alþingi skiljist, að af þess hálfu má engin töf verða á þessu máli, því að það er til stórminkunar, að það skuli ekki vera fyrir löngu komið í framkvæmd.

Að sjálfsögðu ætti landið sjálft að eiga björgunarbáta á öllum helstu fiskistöðvunum. En það var álit Eyjabúa, að þess yrði oflangt að bíða, og því var skorað á mig að leita styrks til bátskaupa. Bátskaupin mega ekki dragast. Í vetur sem leið lentu nokkrir mótorbátar í löngum hrakningum, sem ekki hefði þurft að verða. Þá fórust 2 bátar. Þá var og bjargað skipi. Sú björgun hefði ekki eingöngu borgað útgerð björgunarbáts, heldur og allan bátinn.

Jeg læt mjer í ljettu rúmi liggja, hvort brtt. verður samþ., því að jeg veit, að strax verður tekið til óspiltra málanna, þeg-

ar búið er að samþykkja till. í einhverri mynd. Því að peningana vantar ekki; það er jeg viss um.

ATKVGR.

Brtt. 334. feld með 19:11 atkv.

Till. samþ. með 26:2 atkv. og afgr. sem

ályktun Alþingis.
(Sjá A. 338).

26. Þóknun handa Jóhannesi pósti Þórðarsyni.

A 26. fundi í Ed., föstudaginn 24. maí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um eftirlaun handa Jóhannesi pósti Þórðarsyni á Ísafirði (A. 197).

Á 27. fundi í Ed., laugardaginn 25. maí, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Magnús Torfason): Það þarf ekki að bæta miklu við það, sem tekið er fram í greinargerð þeirri, er fylgir frv. Vil jeg að eins benda enn frekar en gert er í greinargerðinni á það, að póstur þessi hefir verið sviftur atvinnu sinni, þegar sú breyting var gerð á póstferðunum, að vestanpóstur á að ganga milli Búðardals og Arngerðareyrar, í stað Hjarðarholts og Ísafjarðar, eins og áður var. Það má því skoða styrk þann, er þingsál. þessi fer fram á, sem nokkurskonar biðlaun.

Þessi maður hefir nú verið póstur í aldarfjórðung, og áður en hann varð póstur var hann fylgdarmaður pósta, og allan þann tíma hefir hann verið fyrirmyndarpóstur, sótt fast ferðir sínar, verið stundvís, svo stundvís, að nú í þau nær 14 ár, sem jeg hefi verið á Ísafirði, hefir hann nær aldrei verið á eftir áætlup. Og samviskusamari mann getur ekki. Tvisvar hefir hann lagt líf sitt í hættu til þess að bjarga póstinum, og í annað sinn var svo hætt komið, að báturinn fórst með öllu lauslegu, er í honum var, nema póstinum, er Jóhannesi tókst með snarræði, dugnaði og karlmensku að bjarga. Hann hefir farið mjög vel með skepnur og það svo, að prýði er að, en það hefir vitanlega kostað hann talsvert fje. Þó gat hann með stakri nýtni og sparsemi og með því að neita sjer um flest þægindi lífsins sparað saman dálítið fje.

En stríðið hefir leikið hann grátt, sem fleiri sýslunarmenn landsins; tekjur póstanna hafa lítt hækkað, en aftur hefir kostnaður þeirra vaxið mjög, og síðasti vetur varð honum dýr, svo dýr, að hann má heita öreigi. Hann er um sextugt, slitinn og uppgefinn og það svo, að tvö síðustu árin hefir hann orðið að hafa mann sjer til aðstoðar, en það hafa hinar litlu tekjur hans ekki þolað; hann hefir sjálfur lítið eða ekkert haft fyrir starfa sinn.

Menn geta litið mjög misjöfnum augum á það, hversu há eftirlaun skuli veita honum og hvort hjer sje rjett upphæð tiltekin, en gæta verða menn þess, að 3 kr. eru áreiðanlega ekki meira virði nú en 1 kr. var fyrir stríðið, og að hann er fjölskyldumaður og þarf því meira til að lifa af en maður, sem er einhleypur. Jeg lít svo á, að eigi nokkur maður skilið að geta lifað ellidaga sína án búksorgar, þá sje það þessi maður, og það þarf ekki að fóðra hann lengi, því að póstferðirnar, einkum síðustu árin, hafa merkt hann.

Að svo mæltu leyfi jeg mjer að leggja

til, að þingsál. þessari verði vísað til fjárveitinganefndar, að lokinni þessari umr.

Halldór Steinsson: Jeg get ekki neitað því, að það er ósamræmi milli skoðana þeirra, er koma hjer fram um eftirlaun. Sumir háttv. þm. vilja fella allar launahækkanir og afnema eftirlaun, og segjast hafa þjóðarviljann á bak við sig, en að hinu leytinu berjast aðrir við að hækka laun og eftirlaun einstakra manna.

Jeg skal eigi fara að rökræða það, hvort rjett sje að hafa eftirlaun eða ekki, en meðan eftirlaun ríkja hjer á landi, þá verður að hafa samræmi í þeim, og þá má ekki veita einstaka mönnum miklu hærri eftirlaun en öðrum í sömu stjett, er má ske hafa starfað lengur. Og það má alls ekki veita neinum svo há eftirlaun, að hann geti eins sagt af sjer starfi sínu og lifað á eftirlaunum einum eins vel og embættislaunum sínum. Það gætu komið fleiri háværar raddir á eftir, sem þá væri erfitt að synja — fordæmið væri fengið.

Þessi þingsál. fer fram á að veita Jóhannesi pósti Þórðarsyni 1000 kr. árleg eftirlaun. Jeg tel það nú víst, að póstur þessi hafi staðið vel í stöðu sinni og sje alls góðs maklegur, og póstsstarfið er erfitt. Það væri því ekki nema eðlilegt og sjálfsagt að veita honum eftirlaun, en það á ekki að gera honum mikið hærra undir höfði en starfsbræðrum hans; það á ekki að taka hann út úr. Jeg teldi það mikið betra, ef þingsályktun þessari væri breytt svo, að honum væri í eitt skifti fyrir öll veitt einhver ákveðin fjárupphæð í viðurkenningarskyni fyrir starfsemi sína, og sú leið hefir verið farin oft áður; fyrir henni eru nóg fordæmi. Jeg ber það traust til háttv. fjárveitinganefndar, að hún breyti till í þessa átt, svo að öðrum póstum verði eigi misrjettur ger. Jeg tel líka sjálfsagt, að nefndin leiti álits póstmeistara um till. og skýri frá því við síðari umr. málsins.

Flm. (Magnús Torfason): Jeg þarf eigi að svara háttv. þm. Snæf. (H. St.) mörgum orðum. Álit póstmeistara og póstafgreiðslumannsins á Ísafirði fylgja skjölum málsins og liggja til sýnis frammi í lestrarsal þingsins.

Jeg geri ráð fyrir, að háttv. þm. Snæf. (H. St.) sje ekki á móti eftirlaunum yfirleitt, en það er sýnilegt, að Alþingi gerir sjer mannamun; það vill ekki, að trúir þjónar þjóðarinnar þurfi að hafa búksorg á elliárum sínum, og verð jeg að telja það vel farið.

Engin ástæða er til að veita þessa upphæð í eitt skifti fyrir öll, því að póstar hafa áður fengið eftirlaun og ekkert, sem mælir með því að breyta frá þessari stefnu, ekki síst þar sem hjer er um útslitinn mann að ræða.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 8 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 11 shlj. atkv. og til fjárveitinganefndar (sjá A. bls. 534) með 11 shlj. atkv.

Á 33. fundi í Ed., laugardaginn 1. júní, var till. tekin til síðari umr. (A. 197, n. 263).

Frsm. (Jóhannes Jóhannesson): Eins og háttv. þingdm. er kunnugt, er frsm. fjárveitinganefndar deildarinnar (E. P.) fjarverandi, og verða því ekki langar framsögur í málum þeim, sem frá henni komu.

Í þessu máli læt jeg því nægja að vísa til nál. á þgskj. 363, og vil jeg

leyfa mjer að leggja til, fyrir nefndarinnar hönd, að till. verði samþ. með brtt. nefndarinnar á þgskj. 263.

Guðmundur Ólafsson: Það er eins með þetta mál sem önnur, sem fjárveitingar snerta, að því hefir verið vísað til fjárveitinganefndar.

En misskift er örlæti þeirrar háttv. nefndar, þar sem hún kemur nú fram með nál. alllangt um mál þetta, en venjulega hefir hún látið nægja þau ummæli, að hún fyndi »ekkert athugavert« við fjárveitingar þær, sem undir hana hafa verið bornar, og við eitt mál sá jeg eigi alls fyrir löngu, að hún ljet þess eins getið, að hún sæi ekkert »iskyggilegt« við það, enda var sú fjárveiting til verklegra framkvæmda.

En nú get jeg ekki betur sjeð en að nál. þetta mæli eins framt á móti till. eins og með henni.

Í fyrri málsgrein er tekið fram ýmislegt, sem mælir á móti fjárveitingunni, t. d. ósamræmið, sem af henni mundi leiða í eftirlaunum starfsmanna landsins, en í síðari málsgrein er fjárveitingin rjettlætt með því, að hana beri að skoða sem nokkurskonar biðlaun.

Í greinargerð háttv. flm. fyrir till. (M. T.) er þess getið, að farið sje fram á eftirlaun handa manni þessum vegna breytingar á póstleiðinni, og þar sem maðurinn sje búsettur á Ísafirði, sje hann neyddur til að segja af sjer starfinu.

Síðar í greinargerðinni koma fram aðrar ástæður, þær, að maður þessi sje þrotinn að heilsu og eignalaus.

Jeg skal ekki rengja það, að hann sje eignalaus, mjer er ekki svo kunnugt um hagi hans, en annars er eignaleysi standandi ástæða hjá öllum þeim, er um fje sækja, og er ekki langt síðan sú ástæða var færð fyrir því að veita eftirlaun einum bankastjóranum hjer, sem aldrei hefir þó verið talinn blásnauður og mun tæplega vera talinn það enn af öllum almenningi.

En hvernig stendur á því, að verið er að geta þess í greinargerðinni, að maður þessi sje búsettur á Ísafirði?

Hvað kemur það málinu við, ef hann er þrotinn að heilsu og er ekki lengur fær til starfsins?

Og hvernig er hægt að veita slíkum manni biðlaun, svo framarlega sem ekki á að kalla alt biðlaun, sem uppgjafaembættismönnum og starfsmönnum landsins er veitt til dauðadags?

Mjer finnast ástæður háttv. nefndar og háttv. flm. (M. T.) í máli þessu vera svo mjög á reiki, að ekki komi til mála að gera manni þessum hærra undir höfði en öðrum starfsbræðrum hans.

Jeg er fáum póstum persónulega kunnugur, þekti að eins Sumarliða gamla norðanpóst af afspurn. Að allra dómi hefir hann verið ötull og duglegur og staðið vel í stöðu sinni, en verður þó að láta sjer nægja 200 kr. í eftirlaun, og engir póstar hafa hærri eftirlaun en 300 kr. En eftir till. þessari mundi hann engu síður eiga heimtingu á samskonar biðlaunum, og þar mundu fleiri á eftir fara.

Jeg er því algerlega mótfallinn því, að till. þessi verði samþykt.

Magnús Torfason: Jeg þarf ekki að vera óánægður með till. háttv. fjárveitinganefndar; hún hefir í rauninni samþykt og játað rjett vera það, sem farið er fram á í till. minni.

En það, sem hún ber fyrir sig til að draga úr, er misrjettið, sem aðrir mundu verða fyrir, ef farið væri eftir tillögunni óbreyttri.

En það getur oft staðið svo á, að misrjetti verði að beita; það fer alt eftir því, hvort rjett hefir verið gert áður eða ekki.

Ef það væri alment álitið, að 300 kr. eftirlaun til pósta væru sanngjörn og nógu há, þá væri hjer um verulegt misrjetti að ræða.

En nú hygg jeg, að flestir áliti þau alt of lág, og er það skiljanlegt að þau sjeu ekki hærri, þar sem hjer er um menn úr alþýðuflokki að ræða, en allir vita, hvaða kjörum slíkir menn eiga að sæta.

En þess er ekki gætt, að til póstþjónustu þarf afburðamenn og að sá starfi slítur fljótt vinnuþreki manna. Jeg er því ekki í neinum vafa um, að það er skylda þingsins að hækka laun allra pósta, og þess vegna get jeg gert mig ánægðan með það, að fjárveitingin til þessa manns er bundin við þrjú ár, því að jeg þykist þess fullviss, að þjóðin sjer sóma sinn í því að bæta kjör póstanna sem fyrst.

Háttv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.) var að hnýta við háttv. fjárveitinganefnd; fann hann henni það til foráttu, hve nál. hennar væru stutt að öllum jafnaði. En þess verður að gæta, að munur er á, hvort máli er vísað til fjárveitinganefndar eða önnur nefnd leitar álits hennar, ellegar hún lætur í ljós álit sitt á máli, sem alls ekki er vísað til nefndar. Þetta hefir sá háttv. þm. (G. Ó.) ekki gert sjer fyllilega ljóst.

En svo að jeg víki aftur að manni þeim, sem hjer er um að ræða, þá vil jeg geta þess, að hann hefir alla tíð verið göngupóstur, og það er allmikill munur á því að ganga yfir heiðarnar þar vestra í verstu ófærðum eða þeysa á gæðingunum hjer sunnanlands.

Maður þessi hefir ekki getað unnið þunga vinnu, en er mjög laginn til ferða og hefir því, þrátt fyrir taugaveiklun sem hann þjáist af, getað með hjálp annast póstferðirnar.

Og eins og jeg hefi tekið fram áður, hafði hann altaf mann með sjer síðastliðinn vetur, og hafa eigur hans því gengið til þurðar; því að þótt póstar hafi altaf verið lágt launaðir, var ekki hækkað flutningsgjaldið að sama skapi og tilkostnaður þeirra jókst sakir örðugleika striðsins og verðfalls peninga.

Þessi maður hafði samt sem áður hugsað sjer að halda ferðunum áfram, en þá er póstleiðinni alt í einu breytt, svo að hann er sama sem sviftur stöðu sinni.

Jeg býst svo ekki við að þurfa að fara fleiri orðum um mál þetta, en vona, að háttv. deild sjái þá sanngirni, er mælir með því, að till. verði samþykt.

Guðjón Guðlaugsson: Jeg vildi segja fáein orð um mál þetta, vegna þess, að kringumstæður allar eru mjer kunnar.

Jeg lít svo á, að þegar verið er að vega niður laun manna, þá verði að vega verkin og kringumstæður allar, til þess að fult samræmi verði milli launanna og þess, sem fyrir þeim er haft.

Jeg verð að játa með aðalflm. málsins (M. T.), að þegar litið er á póststöðurnar, þá verður því ekki neitað, að þær eru mjög erfiðar og póstum altaf vangoldið. Auk þess eru póstleiðir mjög misjafnar. Og þeir, sem þekkja þessa póstleið, sem hjer er um að ræða, vita, að hjer er yfir mjög torsóttan fjallveg að fara og mjög erfiðar göngur. En aðalókosturinn við þennan póstveg er samt sá, að helmingurinn af póstleiðinni er sjóleið. Sú sjóleið er stórhættuleg, einkum á vetrum, og fje landsins jafnan teflt í tvísýnu á þeirri leið, svo að mikið er undir því komið, að pósturinn sje árvakur og gætinn, enda reyndist hann þarna ágætlega; þó að hann hrepti oft vond veður og slæmt væri í sjóinn, kom það aldrei fyrir, að póstfarangurinn

biði tjón af. Sjálfur varð hann að leggja sjer til báta.

Sem dæmi upp á framúrskarandi dugnað og gætni þessa manns minnist jeg þess, að eitt sinn urðu bátsmenn að leggja bátnum, sem flutti bæði póstinn og annan farangur, fram af Ögri um nótt, vegna óveðurs. Hvorki formaður nje hásetar treystust til að flytja farangurinn í land, en Jóhannes póstur hætti ekki fyr en hann hafði komið öllum póstinum á land. Um morguninn var báturinn sokkinn, og var það eingöngu að þakka dugnaði og kappi Jóhannesar, að landið beið ekki stórtjón.

Enn er eitt í sambandi við þetta, að það er mjög erfitt fyrir póst að búa í 5—6 mílna fjarlægð frá þeim stað, þar sem hann þarf að geyma hestana. En þarna er svo ástatt, að fóður er lítt fáanlegt, þar sem er mest sauðbeit. Þetta hefir orðið póstinum mjög erfitt og útgjaldasamt, þótt hann hafi ekki þurft að leita fátækrastyrks enn sem komið er.

En auk þess, sem efnaleysi hans hefir fyrst og fremst stafað af lágum launum og hinum erfiðu kringumstæðum í sambandi við póststöðuna, þá hefir hann auk þess átt að stríða við mjög erfiðan sjúkdóm á konu sinni, sem var veik í mörg ár, en er nú látin.

Af þeim ástæðum, sem jeg hefi nú tilfært, verð jeg að meta hærri eftirlaun manni, sem hefir haft við slíka erfiðleika að stríða og yfir slíkar vegleysur að fara. Og það þarf alls ekki að vera fordæmi fyrir aðra pósta, þó að þessum manni sjeu goldin biðlaun. Jeg segi ekki, að hann geti ekki gegnt póststarfi enn, og því alls ekki rangt að kalla þetta biðlaun, eins og háttv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.) hjelt fram. En þegar pósturinn á ekki að ganga lengur frá Ísafirði að Hjarðarholti, heldur frá Arngerðareyri að Búðardal, þá er það í raun og veru sama og að gera þessum manni ómögulegt fyrir með að halda starfinu áfram, því að pósturinn verður að eiga heima á annari hvorri endastöðinni, en hann á heima á Ísafirði. Þess vegna er manninum vísað frá í raun og veru, og hann á því að fá biðlaun.

Hitt skal jeg játa, að laun allra pósta sjeu alt of lág, og að þeir ættu helst skilið hækkun af öllum starfsmönnum þjóðarinnar.

Guðmundur Ólafsson: Mjer skildist svo á háttv. þm. Ísaf. (M. T.), að þessi póstur færi mest gangandi og væri farinn að láta sig. Stundum er hann talinn útslitinn og hefði því orðið að hafa fylgdarmann í vetur. En svo þegar háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) kemur til skjalanna, koma sjóferðir og hestaferðir, svo að á endanum verða það allskonar ferðir, sem þessi póstur hefir farið, og notað öll hjerlend flutningatæki. En hvað sem um allar þessar ferðir er að segja, þá finst mjer, að þegar einn úr þessari stjett fær þessa launahækkun, þá sje eðlilegt, að aðrir úr sömu stjett vilji fá það sama. Svo vil jeg benda á það, að það er alls ekki rjett að segja í greinargerðinni, að maðurinn sje þrotinn að heilsu, geti hann tekið þessar póstferðir að sjer aftur, eins og háttv. 4. landsk. þm. (G. G.) bjóst við.

Magnús Torfason: Háttv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.) var að draga dár að því, að jeg hefði kallað þennan póst göngupóst. Jeg skil ekki, að ástæða sje til slíks. Eins og allir vita, fer þessi póstur fyrst á sjó. Svo verður að flytja farangurinn á hestum yfir heiðina, en sjálfir verða mennirnir alla jafna að ganga á vetrum, og stundum verður jafnvel að taka koffortin af hestunum

og draga eykina. Jeg hjelt, að háttv. 2. þm. Húnv. (G. Ó.) vissi, að síðasti vetur fór illa með menn og þá ekki síst illa með póstana á þessum stöðvum. Og það hefði jeg aldrei haldið, að nokkur ætlaðist til, að landið píndi menn svo lengi í þjónustu sinni, að það gengi af þeim dauðum.

ATKVGR.

Brtt. 263. samþ. með 7 : 1 atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 7 : 2 atkv. og afgr. til Nd.

Á 38. fundi í Nd., mánudaginn 3. júní, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um eftirlaun handa Jóhannesi pósti Þórðarsyni á Ísafirði,

eins og hún var samþ. við síðari umr. í Ed. (A. 290).

Á 39. fundi í Nd., þriðjudaginn 4. júní, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 40. fundi í Nd., miðvikudaginn 5. júní, var till. aftur tekin til fyrri umr.

Sigurður Stefánsson: Till. þessi er komin hingað frá háttv. Ed., og var hún þar flutt af háttv. þm. Ísaf. (M. T.). Sökum kunnugleika míns á þessu máli get jeg ekki látið hjá líða að segja nokkur orð till. til stuðnings.

Hjer ræðir um mann, sem gegnt hefir póststörfum í 25 ár. Mjer er kunnugt um það, að öll þessi ár hefir hann gegnt þessum starfa með sjerstakri elju og dugnaði og á þeirri leið, sem erfiðust er allra póstleiða á landinu, þar sem fara verður yfir 2 fjallvegi og 5 mílna langa sjóleið milli Arngerðareyrar og Ísafjarðar. Þó hefði þessi till. ekki komið fram, ef ekki lægju til þess sjerstakar ástæður. Stjórnarráðið hefir nú gert þá breytingu á póstleiðinni, að pósturinn á nú að fara frá Búðardal að eins til Arngerðareyrar, og þar á Djúpbáturinn að taka við honum. Maðurinn er búsettur á Ísafirði og getur því ekki tekið að sjer ferðirnar með þessari breytingu, þar eð hann á ekki aðsetur á annari hvorri endastöðinni, annaðhvort á Arngerðareyri eða í Búðardal. Hann er grasnytjarlaus á þessum stöðum og getur því ekki aflað fóðurs handa hestum sínum. Þetta er aðalástæðan til þess, að þessi maður sækir nú um eftirlaun, að hann sjer sjer ekki fært að halda áfram ferðunum með þessu breytta fyrirkomulagi, þó að hins vegar megi telja, að hann sje orðinn útslitinn í þjónustu landsins. Það má taka fram, að í þessi 25 ár, sem hann hefir annast póstferðir á eigin ábyrgð, — því að 3 árin þar á undan gegndi hann þeim fyrir annan, — hefir hann annast þær með atorku og áhuga og einstakri samviskusemi, eins og sjá má, ef menn vilja kynna sjer umsókn hans, sem liggur hjer frammi í lestrarsalnum, með þeim meðmælum, sem henni fylgja.

Í bænarskránni frá honum, eða manninum, sem samdi hana fyrir hann, er farið fram á 1500 kr. eftirlaun á ári. Það gat auðvitað varla komið til mála að verða við þeirri kröfu.

Háttv. fjárveitinganefnd í Ed. leit svo á, að hinar breyttu kringumstæður með ferðirnar gerðu það ómögulegt að hafa á móti því, að þessum manni sjeu veitt biðlaun, 1000 kr. í 3 ár, en eftir það hafi hann vanaleg eftirlaun. Það er því margt, sem mælir með því að veita honum þessi biðlaun, þegar bæði heilsa hans veldur því, að honum er það nauðsyn, og svo þessi breyting, sem stjórnarráðinu hefir þótt þörf að gera á fyrir-

komulagi póstferðanna, gerir manninum ókleift að halda þeim áfram. Því að mjer þykir líklegt, að þrátt fyrir bilaða heilsu hefði hann reynt að halda ferðunum áfram nokkur ár enn, meðan kraftarnir entust, ef ekki hefði verið loku fyrir það skotið með þessari breytingu á póstleiðinni.

Jeg býst ekki við, að þetta mál verði útkljáð hjer í deildinni án þess að það gangi til nefndar. Leyfi jeg mjer því að leggja það til, að að þessari umræðu lokinni verði því vísað til fjárveitinganefndar.

Jeg ætla svo ekki að fara fleiri orðum um málið að þessu sinni. Jeg taldi mjer skylt að leggja þessum mæta manni liðsyrði á þingi, í viðurkenningarskyni fyrir hans löngu og trúu þjónustu í þarfir þjóðarinnar.

Bjarni Jónsson: Jeg stend að eins upp til þess að láta menn vita, að mjer er kunnugt um, að hvert orð, er háttv. sessunautur minn (S. St.) hefir sagt um þennan mann, er nákvæmlega rjett. Það er sannast að segja, að maðurinn er alstaðar vel kyntur, ekki einungis sem nýtur starfsmaður landsins, heldur og sem valinkunnur sæmdarmaður. Við erum kunnugir frá því er við báðir vorum fyrir innan fermingu, og get jeg því borið um þetta. Jeg vil því styðja mál hans sem mjer er unt.

Sveinn Ólafsson: Ýmsir hv. þm. hafa viknað eða jafnvel vöknað um augu við að heyra, hve innileg meðmælin eru með þessum pósti hjá þeim háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) og Dala. (B. J.). En þrátt fyrir þau get jeg ekki sjeð, að fremur sje ástæða til þess að veita þessum manni biðlaun heldur en öðrum, er líkt stendur á fyrir, en ekki hafa leitað á náðir þingsins og munu ekki gera, nema þingið gefi þeim undir fótinn með það. Það eru margir starfsmenn landsins, sem líkt stendur á fyrir, og mun enginn af oss óska, að þeir komi hjer allir á eftir og fari fram á samskonar biðlaun sem þau, er hjer ræðir um.

Menn mega ekki skilja orð mín svo, að jeg vilji varpa skugga á þennan mann eða verðleika hans, enda kemur mjer ekki til hugar að rengja ummæli háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) og háttv. þm. Dala. (B. J.) um hann. En jeg vil geta þess, að jeg þekki 2 pósta í mínu bygðarlagi, er líkt stendur á fyrir. Þeir hafa slitið sjer út á torsóttum póstleiðum, sem síst eru betri en þær vestfirsku, og orðið að sætta sig við þau sömu kjör, sem póstar eiga við að búa. Líkt mun víðar ástatt, og sje jeg ekki ástæðu til að setja alla aðra uppgjafapósta hjá, ef þessum á að veita viðurkenningu. Hann mun jafnfær þeim að komast af með þau eftirlaun, sem póstum eru mæld.

Jeg vil ekki opna dyrnar fyrir öllum slíkum mönnum, og því vil jeg, að þessi maður sitji við sama borð sem aðrir stjettarbræður hans.

Sigurður Stefánsson: Jeg skal játa, að það er rjett, sem háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) tók fram, að varasamt getur verið að opna dyrnar fyrir svona fjárbeiðnum. En jeg skal taka það fram aftur, að hjer stendur sjerstaklega á. Breytingin á póstleiðinni gerir manninum sem sje ókleift að halda áfram starfinu, þó að hann hefði bæði heilsu og krafta til þess.

Fjárveitinganefnd Ed. hefir og litið svo á, að þess vegna mætti hjer gera undantekningu og veita manninum biðlaun í 3 ár.

Jeg gat þess ekki áðan, að maður þessi er algerlega eignalaus. Hann hefir verið launaður illa, sem aðrir

póstmenn, og þess vegna ætið barist í bökkum.

Jeg tók aftur á móti fram, hvílíkur afburðadugnaðarmaður hann væri. Skal jeg nú greina frá atviki úr póstsögu hans, er styður þetta. Í fyrra átti einhverju sinni að flytja póstinn milli Ísafjarðar og Arngerðareyrar. Er það 5 mílna sjóvegur. Veður var allhvast og úfinn sjór. Í þetta skifti vildi svo til, að formaður bátsins, er átti að flytja póstinn — margra þús. kr. virði — forfallaðist; hann hafði mynst of freklega við Bakkus. Pósturinn varð því að taka við skipstjórn, og fyrir dugnað hans komst skipið klaklaust til Arngerðareyrar. En öllum ber saman um, að báturinn hefði jafnvel farist ella með allri áhöfn. Þetta sýnir, að hjer er um ágætlega duglegan mann að ræða, er verðskuldar alt hið besta.

Það gæti komið fyrir, að póstmenn verði að segja af sjer af líkum ástæðum sem þessi maður. En jeg hygg, að það muni koma svo sjaldan fyrir, að þetta fordæmi sje ekki hættulegt. Jeg vona því, að háttv. deild lofi málinu að ganga til fjárveitinganefndar.

Bjarni Jónsson: Það er sorglegt um háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.). Þegar við á vesturkjálkanum þurfum einhvers, förum fram á lán eða biðjum um styrk eða eftirlaun handa einhverjum manni, þá kveður hann óðar þörf á þvílíku austur á fjörðum. (**Sv. Ó.**: Hefi ekki beðið um neinar fjárveitingar). Altaf kemur eitthvað í ljós, er þarf austur á fjörðum, en háttv. þm. (Sv. Ó.) dettur ekki í hug að bera það fram.

Jeg hefi oft stutt þingmenn Austfirðingafjórðungs í fjárbeiðnum þeirra, bæði til Eiðaskólans, Fagradalsbrautarinnar o. fl. En aldrei hefi jeg staðið upp öndverður og sagt, að við fyrir vestan þyrftum slíkt hið sama. Og standi líkt á fyrir póstum á Austfjörðum sem þessum manni, mun jeg telja mjer skylt að fylgja rjettu máli um þá, jafnt sem aðra, þó ekki fyr en rök hefðu verið færð fyrir verðleikum þeirra. Jeg mundi að eins líta á það, hvað rjett væri og sæmilegt fyrir þann vinnuveitanda, sem heitir Ísland.

Ekki er jeg hræddur, þó að þær dyr verði opnaðar, að sýna trúum þjónum einhverja viðurkenningu fyrir vel unnið starf. Um þær dyr göngum við aldrei til glötunar. En til eru hættulegri dyr, sem háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó) hefir ef til vill rjálað lítið eitt við. Það eru þingveitt eftirlaun, og tel jeg þau mun hættulegri en þó að einum pósti sjeu veitt biðlaun ákveðið árabil.

Sveinn Ólafsson: Jeg hefi litlu að svara háttv. þm. Dala. (B. J.) Heyrði ekki síðustu fyndni hans.

Af því að háttv. þm. Dala. (B. J.) vill beina því að mjer, að jeg amist við fjárbeiðnum úr Vestfirðingafjórðungi, verð jeg að taka það fram, að jeg hefi ekki gert neinn mun á fjórðungunum í því atriði. En aftur hefi jeg tekið eftir því, að fjárbeiðnir á þessu þingi koma aðallega þaðan. En á þessu þingi ættum vjer fremur en nokkru sinni ella að gjalda varhuga við þessum bitlingabænum.

Þar sem háttv. þm. (B. J.) hældi sjer af því, að hann hefði veitt fjárbeiðnum úr Austfirðingafjórðungi fylgi sitt, svo sem fjárveitingum til Eiðaskóla og Fagradalsbrautar, þá er því til að svara, að Eiðamálinu var ekki þann veg háttað, að fjárframlag þyrfti úr landssjóði; það var beinlínis gróði fyrir landssjóð, að málið náði fram að ganga. Múlasýslur færðu landssjóði með því stórgjöf, og ekkert hefir enn á móti komið, hvað sem verða kann. (**B. J.**: Háttv. þm. (Sv. Ó.) man ekki eftir fyrri þingum). Að háttv. þm. (B. J.) hafi greitt fjár-

veitingu til Fagradalsbrautar atkvæði sitt er ekki undarlegt eða sjerlega þakkarvert. Samskonar brautir hafa verið lagðar á Suður-, Norður- og Vesturlandi, og er þessi braut eystra ekki nema einn lítill liður í vegakerfi landssjóðs.

Jeg vil ekki ala upp beiningamannahugsunarhátt hjá fjórðungsbúum mínum og þykist ekki heldur hafa gert það. Þess vegna get jeg ekki tekið tilboði háttv. þm. Dala. (B. J.) um að styðja fyrir mig samskonar fjárbæn og þessa. Og þó að jeg tilnefndi menn þar eystra, er líkt stæði á um sem þennan mann, er hjer ræðir um, þá var jeg ekki að mælast til neins fyrir þeirra hönd. Jeg vildi einmitt ekki gefa þeim tækifæri til þess að beiðast styrks frá þinginu eða berja lóminn, eins og hjer hefir gert verið.

Bjarni Jónsson: Jeg vil leyfa að gera þá athugasemd, að háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) hefir ekki heimild til þess að brigsla þessum manni um beiningamannahugsunarhátt, þótt hann (Sv. Ó.) sje að fóðra með því, að hann gerir sig að grút í landsins nafni.

Hákon Kristófersson: Jeg get að nokkru leyti tekið undir með háttv. 1. þm. S. M. (Sv. Ó.), að varhugavert er að fara mikið út á þá braut, að veita mönnum hærri biðlaun eða eftirlaun en lögum er samkvæmt.

En jeg lít svo á, að hjer sje ekki um eftirlaun að ræða. Jeg er að öllu leyti samþykkur hinni rjettmætu ræðu háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.). Hjer er að ræða um uppbót á skaða, sem hann hefir beðið þegar póstleiðinni var breytt og honum gert ókleift að halda starfi sínu áfram.

Um öll þau ár, sem maður þessi hefir haft póststarfið á hendi, hefir hann haft bækistöð sína í Bæ í Króksfirði, haft þar hlöðu, hesthús, hey o. s. frv. Nú getur hann ekki notað þessa eign sína, og er honum ekki unt að halda sýslaninni áfram, þar sem hann er fátækur og hefir eigi efni á að byggja annarsstaðar, sem að sjálfsögðu væri nauðsynlegt, þar eð póstafgreiðslan hefir verið færð. (**Sv. Ó**: Hann getur selt heyin og hesthúsið). Að vísu, en hann fer þó ekki póstferðir á peningunum.

Þótt jeg geti verið að nokkru leyti samdóma háttv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), þá verð jeg að lýsa mjög mikilli undrun og óánægju yfir því, að þessi póstur skuli vera kallaður beiningamaður hjer í háttv. deild. Það eru ómakleg orð eftir trúlega unnið 25 ára starf hans. Það virðist og sjálfsögð skylda þingsins að hlaupa undir bagga og veita viðurkenningu fyrir vel unnið, illa launað starf, þar sem breytingin á póstleiðinni veldur því, að hann getur ekki haldið því áfram.

Jeg vil bæta því við, að við allir, sem höfum átt saman við hann að sælda sem sýslunarmann, söknum hans. Við teljum vafasamt, að við fáum hans líka aftur, án þess þó að nokkrum skugga sje kastað á eftirmann hans.

Háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) skýrði frá einu dæmi um dugnað þessa manns og snarræði. Póstmeistari hefir skýrt mjer frá því, að öðru sinni hafi hann bjargað póstinum með skyldurækni sinni. Pósturinn hafði þá sem oftar verið fluttur á vjelbát, en sökum óveðurs náðu þeir ekki ákvörðunarstaðnum og urðu að lenda í Ögri. Þar var bátnum lagt á floti um nóttina, eins og oft er venja til, en Jóhannes vildi ekki skilja póstinn þar eftir næturlangt, og var hann því tekinn á land. Morguninn eftir var báturinn sokkinn og margt af því, er í honum var, tapaðist. Hversu mörgum þúsundum króna Jóhannes hefir bjargað með þessari skyldurækni sinni er ekki

gott að segja, en mun þó mega fullyrða, að fleiri hafi verið en þau, sem hjer er farið fram á að veita honum sem heiðurslaun fyrir hans margra ára vel unnu störf.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 13 shlj. atkv. og til fjárveitinganefndar (sjá A. bls. 538) með 15:1 atkv.

Á 42. fundi í Nd., mánudaginn 10. júní, var till. tekin til síðari umr. (A. 290, n. 313).

Frsm. (Magnús Pjetursson): Jeg hefi engu við það að bæta, sem fært var máli þessu til stuðnings við fyrri umr. Að eins skal jeg geta þess, út af brtt. nefndarinnar, að rangt er að kalla þennan styrk eftirlaun. Það hefir aldrei verið tilætlunin, enda kemur það greinilega í ljós í ákvæðinu um styrkinn, þar sem hann er að eins veittur í 3 ár. Og þetta gæti aldrei verið fordæmi um eftirlaun pósta, þar sem að eins er að ræða um bráðabirgðaviðurkenning fyrir starf þessa manns.

Jeg vona því, að háttv. deild taki vel í málið og samþykki bæði brtt. nefndarinnar og till. í heild sinni.

ATKVGR.

Brtt. 313. samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 13:2 atkv. og afgr. til Sþ., með fyrirsögninni:

Tillaga til þingsályktunar um þóknun handa Jóhannesi pósti Þórðarsyni á Ísafirði.

Á 3. fundi í Sþ., þriðjudaginn 11. júní, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um þóknun handa Jóhannesi pósti Þórðarsyni á Ísafirði,

eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 333).

Á sama fundi í Sþ. var till. tekin til umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 25:1 atkv. og afgr. sem

ályktun Alþingis.

(Sjá A. 339).

---

27. Bátaferðir á Faxaflóa.

Á 26. fundi í Ed., föstudaginn 24. maí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um bátaferðir á Faxaflóa (A. 198).

Á 27. fundi í Nd., laugardaginn 25. maí, var till. tekin til fyrri umr.

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Tillaga þessi er til orðin í samráði beggja samgöngumálanefnda þingsins. Nefndirnar voru þó í talsverðum vanda með að ráða fram úr þessu máli. Faxaflóabáturinn er þurftarfrekastur allra flóabáta, og er það eðlilegt, bæði vegna stærðar hjeraðanna, sem að flóanum liggja, og mannfjölda, og eins vegna þess, að hjeruðin eru í nágrenni Reykjavíkur; eykur það að mun viðskiftin og flutningsþörfina. Faxaflói var líka fyrstur um að fá slíkan bát, og hefir það staðið í áratugi. Jeg skal ekki rekja þá sögu hjer, þótt fróðleg gæti

verið. En eins og að líkindum lætur hefir flutningsþörfin aukist stórum á síðustu árum, vegna vaxandi framfara, og það, sem nú skiftir mestu máli, er það, að á síðustu missirum hafa flutningarnir verið allsendis ófullnægjandi. Í fyrra komust þeir þó fyrst í kalda kol og hafa engri áætlun fylgt síðan. Þegar »Ingólfur« svo bilaði í vetur, keyrði þó fyrst um þverbak. Síðan hafa engar ferðir verið suður á bóginn. Að vísu hefir verið annast um póstflutninga til Borgarness, og hefir fólk verið flutt um leið á milli. En þessar ferðir hafa þótt mjög ófullnægjandi, og eru samgöngumálanefndir óánægðar með þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið.

Mótorbátur hefir verið ráðinn til þess að annast flutningana, en fólksflutningar með mótorbátum um þessar slóðir ættu ekki að eiga sjer stað. Mótorbátar eru því ófærir til að annast reglulegar ferðir hjer um slóðir. Fólk þyrpist fyrirhyggulítið út í bátana, sem von er, er því er brýn nauðsyn að komast ferða sinna, en engin ráð eru til að bjarga lífinu, ef eitthvað út af ber.

Nú er þess að gæta, að flutningsþörfin er nokkuð misjöfn á þessu svæði. Mesta þörfina hefir Borgarnes. Borgarnes er orðið einskonar miðstöð fyrir ferðalög milli Norður- og Suðurlandsins, og er auk þess aðalkauptúnið í víðáttumiklum og búsælum sveitum. Flutningsþörfin er ekki eins mikil fyrir sunnan Reykjavík, en eigi að síður þarf að sjá vel fyrir þeim hjeruðum. Það gæti ef til vill orðið mestur hagnaðurinn fyrir útgerð flóabátsins, ef hann annaðist að eins Borgarnesferðir og þær ferðir einar að auki, sem gæfu mestan arð. En hjer þarf á tvent að líta, bæði á hag útgerðarinnar og á hag hjeraðsbúa. Fer hagur útgerðar og hjeraðsbúa að nokkru leyti saman, en ekki að öllu. Hugkvæmdist nefndinni, að Eimskipafjelag Íslands væri best til þess fallið að leysa þennan vanda af hendi. Eftir upplýsingum frá stjórn Eimskipafjelagsins er reyndar ekki hægt að búast við, að fjelagið gæti í bráð tekið þessar flóaferðir að sjer, en ekki tók stjórnin þvert fyrir það, og væri því vel, að þing og stjórn ýtti á eftir. Við þetta er tillaga samgöngumálanefndar miðuð. Nefndin gerði ráð fyrir, að þetta fyrirtæki yrði fremur einhliða í höndum einstaklinga en ef Eimskipafjelagið fengist til að reka það. Það mun ekki vera auðvelt að samrýma hagsmuni allra, sem að þessu mundu standa, útgerðarinnar og hjeraðsbúa, og eins einstakra sýslna og sveita. Því betra og stærra sem skipið verður, því meiri hætta er á, að smástaðirnir yrðu út undan, en fyrir þeim verður samt að sjá.

Rammar skorður þyrfti að setja við því, að hagur smærri stöðvanna væri borinn fyrir borð. Um það þarf að hugsa þegar til samninga kemur, við hvaða fjelag sem það nú verður. En ekki er líklegt, að góður bátur fáist, ef áætlaður styrkur til bátaferða á Faxaflóa verður ekki hækkaður. Þess vegna hefir nefndin látið fylgja tillögu sinni heimild fyrir stjórnina til þess að hækka styrkinn, ef brýn nauðsyn krefur. Í venjulegu ári ætti engan styrk að þurfa til þessara ferða. Því að það ætti að vera arðvænleg atvinna að annast flutninga þar, sem nóg er að flytja, bæði fólk og farangur. En eins og nú er ástatt mun ekki vera hægt að ná góðum samningum um bátaferðir, nema drjúgur styrkur sje veittur. Fjárveitinganefnd hefir athugað þetta atriði og ljeð því samþykki sitt, en látið fylgja ummælum sínum varnaðarorð um, að styrkurinn megi ekki fara fram úr góðu hófi.

Vona jeg, að jeg hafi nú drepið á flest

aðalatriði þessa máls, og vænti þess, fyrir hönd samgöngumálanefnda, að deildin samþykki tillöguna.

Eggert Pálsson: Það hafa áður legið fyrir þessari deild tillögur um hækkun á styrk til flóabáta, og er ekki nema eðlilegt, að sama nauðsyn sje til að hækka styrkinn til Faxaflóabáts. Jeg mundi ekki heldur leggja á móti sanngjarnri hækkun til þessa báts, frekar en annara. En tillagan, sem fram hefir komið, hefir ekki fallið í mitt geð. Kemur það fram í umsögn fjárveitinganefndar, að hún var ekki öll á einu máli, og er það jeg, sem var valdur að ágreiningnum. Orsökin er sú, að mjer líkaði ekki orðalag tillögunnar. Tillagan er miðuð við ákveðið fjelag, Eimskipafjelagið, og engin ákveðin hækkun á styrknum til Faxaflóabáts er nefnd. Það er þetta tvent, sem jeg hefi við till. að athuga.

Í fyrsta lagi sje jeg ekki ástæðu til að nefna í till., að bátsferðirnar verði fremur faldar á hendur Eimskipafjelaginu en einhverju öðru fjelagi. Ef þetta ákvæði verður látið standa, munu önnur fjelög ekki koma til greina, ef Eimskipafjelagið fæst til að annast ferðirnar. Og virðist það harla óviðfeldið. Því að hjer ætti að sjálfsögðu að sæta bestu kostunum, hvaða fjelag svo sem býður þá. Og því síður ætti að fela »Eimskipafjelaginu« rekstur þannig lagaðra flóabáta, ef annað eins gott og má ske betra tilboð fæst, sem slíkar smábátaferðir virðast aðalhlutverki þess óviðkomandi. Aðalhlutverk þess er sem sje millilandaferðir og annað ekki.

Í öðru lagi hefi jeg það að athuga við tillöguna, — og það er aðalmótbáran, — að þar er fje veitt alveg út í óvissu. Þar er reyndar sagt, að hækka megi »að nokkru« styrkinn, en þetta »að nokkru« er býsna óákveðið, og gæti styrkurinn orðið feikihár, þrátt fyrir það þótt svo sje áskilið.

Jeg hefði kunnað best við, að till. hefði verið svo orðuð, að stjórninni væri falið að koma bátaferðum á Faxaflóa í hentugt horf, og að henni hefði verið heimilað að hækka styrkinn til ferðanna alt að einhverri ákveðinni upphæð, en ekki alveg óákveðið, eins og jeg tel að liggi í till. þessari.

Þessu vildi jeg gera grein fyrir áður en til atkvæða væri gengið, svo að deildarmönnum væri ljóst, af hverju öll fjárveitinganefndin var ekki hjer á einu máli.

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Háttv. 1. þm. Rang. (E. P.) lýsti yfir því, að hann hafi verið ósamþykkur meiri hluta fjárveitinganefndar um að veita óákveðinn styrk til ferðanna, og í annan stað væri hann ósamþykkur tillögunni um það að fela ákveðnu fjelagi ferðirnar. Jeg færði áðan rök fyrir því, að miklu líklegra væri, að Eimskipafjelagið yrði heppilegra en önnur fjelög til þess að halda uppi Faxaflóaferðunum. Það er öflugasta fjelagið, sem um er að ræða, og á því er einmitt þörf, að fjelagið, sem tekur ferðirnar, hafi bein í hendi. Því meiri líkur eru til, að starfið verði vel leyst af hendi. Um þetta voru samgöngumálanefndirnar samdóma.

Hitt getur verið álitamál, hvort heppilegra væri að ákveða hækkunina á styrknum í tillögunni. Nefndunum þótti heppilegra að fastbinda hann ekki við ákveðna upphæð. Gæti það gert örðugra um samninga við fjelög, sem vilja

taka að sjer ferðirnar, og jafnvel komið í veg fyrir, að nokkur bót verði á samgönguleysinu ráðin. Svo mikið er víst, að fjelaginu, sem styrkinn hafði að undanförnu, þótti hann alls ófullnægjandi, enda hætti það reglulegum ferðum á miðju ári, og það mörgum til mikils baga. Jeg segi þetta ekki fjelaginu til lasts. Því hefir víst verið vorkunn, þar sem vitanlegt er, að kol hafa hækkað mjög í verði. En sama er um óþægindin, sem hjeraðsbúar höfðu af samgönguteppunni, að segja fyrir því. Jeg veit til, að Borgnesingar kvörtuðu; var ástandið, sem þeir áttu við að búa, þó hátið hjá ástandinu á Suðurnesjum. Þangað var engum ferðum haldið uppi. Hefir svo mikið ólag verið á þessu, að nauðsynlegt er, að þing og stjórn reyni að greiða úr vandræðum hjeraðsbúa. Jeg hefi trú á, að Eimskipafjelagið eigi best með að sjá fyrir þörfum hjeraðsbúa, en annars eru mjer jafnkærar allar útgerðir, sem leysa starfið vel af hendi. Vil jeg og sjerstaklega geta þess, að einkis mundi fremur óskað en að skipstjórinn, sem nú hefir annast þessar ferðir, hjeldi því áfram, því að hann hefir getið sjer traust almennings og hið besta orð, sem gætinn atorku- og dugnaðarmaður.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 10 : 1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 11 shlj. atkv.

Á 28. fundi í Ed., mánudaginn 27. maí, var till. tekin til síðari umr. (A. 198).

Frsm. (Kristinn Daníelsson): Jeg hefi litlu við það að bæta, sem jeg sagði við 1. umr. Jeg vil að eins endurtaka það, að með till. þessari er málið að mestu leyti lagt í hendur stjórnarinnar, og er farið fram á það, að hún hafi óbundnar hendur til að hækka styrkinn að nokkru, ef ekki fást viðunandi samningar á annan hátt.

ATKVGR.
Till. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 33. fundi í Nd., þriðjudaginn 28. maí, var útbýtt
Tillögu til þingsályktunar um bátaferð á Faxaflóa,
eins og hún var samþ. við síðari umr. í Ed. (A. 232).
Á 34. fundi í Nd., miðvikudaginn 29. maí, var till. tekin til fyrri umr.

Þórarinn Jónsson: Jeg vildi skýra háttv. deild frá, hvernig till. þessi er komin fram. Hún kemur frá samgöngumálanefndum beggja deilda. Tilefnið er það, að nú sem stendur eru ferðir þessar í þeim vandræðum, að full ástæða er til að leita fyrir sjer og breyta um til batnaðar, ef þess er nokkur kostur.

Bátur sá, sem haldið hefir uppi þessum ferðum, er nú í lamasessi, og ekki líklegt, að unt verði að nota hann framvegis. Á hinn bóginn er það öllum kunnugt, að kvartað hefir verið um talsverða óreglu á ferðum þessa báts, og fjelag það, er að honum stendur, hefir verið frekt á styrk úr landssjóði. Þannig komu á síðasta þingi tilmæli um

aukinn styrk, uppbót á kolaverði, er nam kringum 12,000 kr. Samgöngumálanefndin vildi ekki fallast á þetta, og var þessum tilmælum ekki sint. Í vetur færðist fjelagið undan því að halda uppi ferðum fyrir landssjóðsstyrkinn. Bauðst þá allgóður bátur til ferðanna fyrir sama styrk, og varð það til þess, að fjelagið gekk að því að halda uppi ferðunum fyrir styrkinn. Sýnir þetta ljóslega, að styrkurinn hefir verið nægilega hár.

Samgöngumálanefndunum datt því í hug, að tiltækilegt væri að leita Eimskipafjelags Íslands. Gerðu þær tilraun til að leita álits og umsagnar stjórnar Eimskipafjelagsins, en hún sá sjer eigi fært að gefa ákveðið svar. Taldi hún ýms tormerki á þessu, það lægi fyrir utan verkahring fjelagsins, eins og nú væri ástatt. Þó gaf hún ekki afsvör, og töldu nefndirnar því rjett, að landsstjórnin hjeldi áfram þessum málaleitunum við fjelagið.

En fáist þessu ekki framgengt, er tilætlunin með till. að tryggja þó ferðirnar á annan hátt.

Fjelag það, sem haldið hefir uppi ferðunum, hefir spurst fyrir um, hvort það mætti ekki búast við styrk framvegis, ef kostur væri á að útvega nýjan bát. Nefndin svaraði því svo, að hún kvaðst eigi geta ákveðið neitt um það, en hún myndi með till. sínum sýna, hvernig hún tæki í málið. Og nú er þessi till. komin fram, er sýnir álit nefndarinnar.

Nefndin fjekk ábyggilegar upplýsingar um það, að ýmsir menn í Borgarfirði væru fúsir á að eiga hlut í skipi, er hjeldi ferðunum uppi. Hins vegar væru margir því andvígir, að þetta sama fjelag hjeldi áfram ferðunum.

Það mun óþarfi að taka fram, hve afaráríðandi þessar ferðir eru. Þær eru aðalsamgönguliðurinn milli Suður- og Norðurlands og Suður- og Vesturlands. En eins og kunnugt er, er þeim nú haldið uppi af svo litlum bát, að alger óhæfa er. Jafnframt því, sem lífi manna er stöðug hætta búin með slíkum bát, getur hann tepst vegna veðurs fleiri daga samfleytt, og það að sumarlagi, og sjá allir, hvílíkt ómetanlegt tjón slíkt getur orðið öllum, sem hlut eiga máli. Auk þess hefir hann engan veginn fullnægt flutningaþörfinni með þeirri áætlun, er hann hefir haft. Er því áríðandi, að stjórnin taki málið að sjer og sjái fyrir nægilega stóru skipi, er tryggi heilsu og líf manna og geti fullnægt flutningaþörfinni, sem er allmikil.

Það er því von mín, að þessi till. nái fram að ganga.

Pjetur Ottesen: Jeg vil leyfa mjer að þakka háttv. samgöngumálanefnd fyrir undirtektir hennar undir þá málaleitun okkar þingmanna Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, að ráðin yrði bót á því öngþveiti, sem nú er komið í með bátaferðirnar í Faxaflóa, og áhuga hennar á því, að undinn verði bráður bugur að því, að eitthvað verði gert í þessu mikla nauðsynjamáli. Jafnframt vil jeg, til árjettingar því, sem háttv. 1. þm. Húnv. (Þór. J.) tók fram, beina þeim tilmælum til hæstv. stjórnar, að hún láti ekki undir höfuð leggjast að gera það, sem kostur er á, til þess að koma ferðunum í viðunanlegt horf.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. í e. hlj.

Á 36. fundi í Nd., föstudaginn 31. maí, var till. tekin til síðari umr. (A. 232).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Till. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem
ályktun Alþingis.
(Sjá A. 285).

B. Um skipun nefnda.

1. Fullveldisnefnd neðri deildar.

Á 3. fundi í Nd., miðvikudaginn 17. apríl, var útbýtt
Tillögu til þingsályktunar um skipun nefndar til þess að íhuga sjálfstæðismál landsins (A. 7).

Á 4. fundi í Nd., fimtudaginn 18. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 5. fundi í Nd., föstudaginn 19. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Bjarni Jónsson): Jeg ætla mjer ekki þá dul, að fræða háttv. þm. um, hver máttur fylgir frelsi og sjálfstæði þjóðar; þó mun jeg leyfa mjer að drepa á eitt atriði.

Mönnum er kunnugt rit Ibsens, »Et Dukkehjem«, þar sem sagt er frá húsfreyju einni, Noru að nafni. Nú vil jeg biðja þá menn, er sjeð hafa það leikrit eða lesið, að setja sjer fyrir hugskotssjónir muninn á þessari konu, meðan hún var brúða á heimili sínu, og síðan er hún stóð á eigin fótum og lærði, hver munurinn er á því, að láta aðra hugsa og framkvæma fyrir sig, og hinu, að gera alt á eigin ábyrgð.

Sami munur er á undirlægjuþjóð og fullvalda þjóð, sem ræður öllum gerðum sínum og ber ábyrgð á þeim. Hin fyrnefnda mænir til yfirþjóðarinnar og biður þess, að hún uppljúki sinni hendi og seðji hjálenduna af náð sinni. Hin síðarnefnda vakir sjálf yfir velferð sinni og herðir hverja taug til framkvæmdanna og — lifir þar sem hin deyr.

Þetta er gamall og alþektur sannleikur, sem mannkynssagan sannar með ljósum og alþektum dæmum. Einkum er oss þetta kunnugt af vorri eigin sögu. Eftir því sem kúgunarloppan herti fastar að hálsi þjóðarinnar, eftir því urðu landsmenn úrræðaminni, en eftir því sem sjálfstæði vort jókst, eftir því hefir þjóðin orðið úrræðabetri.

Slíkt er á öllum tímum mikilsvert, en einkum þó í Hjaðningavígum þeim, er nú standa yfir í heiminum.

Síðasta þing sá þetta í fyrra og sá, að Íslendingum var einkum þörf á því

sjálfstæðismerki, er fáni nefnist, og að vel gat líf þjóðarinnar verið komið undir því, að hún hefði sinn eigin fána. Því að það er alkunnugt, að oft lá við, að Norðurlandaþjóðunum yrði neitað um alla vistaflutninga vestan um haf, og þá ekkert líklegra en að Íslendingar yrðu útilokaðir frá þeim, ásamt hinum Norðurlandaþjóðunum, svo lengi, sem þeir sigldu undir fána einnar þeirra. Þar í liggur, að það að fá fánann viðurkendan er ef til vill eitthvert hið mesta bjargráð, sem ráðið verður þessari þjóð. Það er eitt af því, sem mest ríður á, og eitt af því, sem síst má draga af öllum þeim bjargráðum, sem eru í framkvæmd.

Það er öllum kunnugra en frá þurfi að segja, að Alþingi samþykti þingsályktunartill. til konungs um að breyta sínum eldri úrskurði um þann lítilfjörlega fána, er vjer höfum fengið og aldrei þurfti að fá viðurkendan, og sumir hafa nefnt skattlandssvuntu, því að heim ilt er hverjum manni að sigla á landi og í landhelgi undir hverri þeirri dulu, er hann vill, jafnvel þótt hann vilji sigla undir svuntu konunnar sinnar, og að láta fullkominn farfána koma í staðinn.

En svarið er nú kunnugt orðið, — að þessari beiðni neitaði konungur, en þar var líka annað í svari hans. Honum þótti ekki gott að taka þetta mál eitt út úr sjálfstæðismálum lands þessa, ljest heldur mundu kjósa að taka þau öll til athugunar í sameiningu. Það ætti síst að standa á oss Íslendingum að taka þau fyrir öll í einu, ef líklegt yrði um viðurkenningu á íslenskum rjetti, en Alþingi tók fánann út úr vegna þess, að það var lífsnauðsyn að fá hann. En fáninn er auk þess fullveldismerki, eða að minsta kosti höfðum vjer þann formála hjer.

Vjer getum búist við, að höfð verði nú á þinginu tvennskonar meðferð á þessu máli; önnur yrði sú, að tala við þann sendimann, sem konungur kynni að senda, eftir ummælum sínum við forsætisráðherra. Ef hann gerir það, þá er það vitanlegt, að Alþingi muni sýna þá hæversku að tala við þann mann, og ef sá maður hefir umboð af konungs hendi til þess að samþykkja allar rjettarkröfur Íslands, hreint konungssamband og fullveldi (jus legationum, jus foederum ac tractatuum, potestas belli ac pacis), þá gæti sú aðferð orðið eins góð og hver önnur. Hin aðferðin gæti orðið með tvennum hætti, hinum harðara og hinum mildara. Hinn harðari væri, að talið væri úrslitasvar það svar, sem þegar er komið, og að vjer rjeðum ráðum vorum eftir því. Þá er hinn mildari hátturinn, að þingið gæfi konungi aftur kost á að veita fánann. En við hvora aðferðina um sig er hætta, ef þingmenn gæta sín ekki nje gæta þeirrar miklu nauðsynjar, sem á er málinu.

Í fyrri aðferðinni, sem jeg nefndi, ef sú aðferð væri höfð, liggur hættan í því, að ef sá sendimaður, sem jeg nefndi, segði sem svo, að hann gæti ekki í einum svip samið um slíka hluti, og að heppilegast væri, að nefnd yrði sett af Íslendingum og Dönum til þess að ræða um málið, þá frestast úrslitin, en það er að láta tækifærið fara fram hjá, gegna því ekki, þegar það ber að dyrum. Vona jeg, að þingmenn láti það ekki koma fyrir.

Í mildari aðferðinni er sama hættan, frestunarhættan. Gerum ráð fyrir, að þingið samþ. frv. um fánann, og mundu menn auðveldlega verða sammála um það. En þegar fánafrv. er samþ., er þó ekki sama, hve nær það er borið upp fyrir konunginum, og skal jeg geta þess, að það er eina skilyrðið, sem dygði til þess, að jeg greiddi atkv. með slíkri

aðferð, að frv. yrði þegar borið upp fyrir konungi og svarið fengið áður en þessu þingi væri slitið. Þá verður fresthættan minni, ef slík aðferð er höfð, og það tel jeg ekki að eins sjálfsagt, heldur lífsnauðsyn; það er að vísu satt, að frestur er á illu bestur, en hitt hefir enginn sagt, að frestur væri á góðu bestur. Jeg tel það víst, að allir þeir háttv. þm., sem greiddu till. í fyrra atkv. sitt, og það voru allir þingmenn, hver einn og einasti, með nafnakalli. (**M. Ó.**: Hefir háttv. þm. ekki athugað, að það verður að bera málið undir þjóðaratkvæði og að hann hefir sjálfur óskað þess?) Jeg skal svara þessu strax. Ef háttv. þm. (M. Ó.) hefir lesið stjórnarskrána, mun hann hafa sjeð, að breytingar á sambandinu milli Íslands og Danmerkur þarf að vísu að bera undir þjóðaratkvæði þegar þingið hefir gengið frá þeim, en ekki fyr. Jeg tek þá aftur upp þráðinn í ræðu minni. Jeg hygg, að hver háttv. þm., sem greiddi málinu atkvæði sitt í fyrra og heyrt hefir um afdrif þess, muni nú hafa komið til þings staðráðinn í því að fara ekki aftur heim fyr en yfir lyki í þessu máli. Jeg skal taka það fram, að jeg segi þetta í mínu eigin nafni; jeg hefi ekki umboð til þess að segja þetta fyrir alla þá, sem á till. standa, en hygg þó, að jeg fari ekki langt frá þeirra vilja. Það kæmi mjer á óvart, ef nefnd þyrfti til þess að ákveða slíkt, eða gera tillögu um það, að málinu skuli lokið áður en þingi slítur. En það er ekki sama, á hvern hátt þetta er gert eða hver aðferð er höfð, nje heldur hvernig snúist er við þeim málaleitunum, sem koma kunna frá hinni hliðinni. Og þess vegna hefir mjer og öllum öðrum tillögumönnum þótt þörf á að skipa nefnd til þess að athuga fánamálið sjerstaklega og öll sjálfstæðismál landsins; og vænti jeg, að ekki verði skiftar skoðanir um það.

Áður en jeg sest niður vildi jeg geta þess, hverjar sigurvonir jeg tel Íslandi nú á þessum tíma í málinu. Er þá skjótt á að minnast, að þær ófriðarþjóðir, sem nú heyja þetta langmesta stríð, sem verið hefir í heiminum, hafa allar haft það á oddinum og kveðið ríkt að því, að þær berjist fyrir almennum mannrjettindum og fyrir rjetti smáþjóðanna. Það er alkunnugt, að Englendingar og bandaþjóðir þeirra kveða ríkt að um þetta og að miðríkin meðal annars hafa bjargað sjálfstæði Finnlands og Persalands.

Þess vegna er auðvitað, að nú er hugarfar manna og stefna í heiminum oss svo hagkvæm, að mikil von er um, að menn geti fengið málum vorum framgengt í sátt og samlyndi við þá þjóð, sem vjer erum í einskonar bandalagi við. En það, sem jeg tel enn meiri sigurvon í þessu máli, er sá mikli viðburður, er gerðist á síðasta þingi, og aldrei hefir fyr fyrir komið, sá, að allir þm. voru samtaka um þetta mál. Oss er kunnugt, hversu lengi frændur vorir í Noregi máttu berjast og glata vonum sínum jafnóðum og þær komu fram, vegna þess, að ekki fjekst samheldni. En þegar hún fjekst loksins, þá stóðst ekkert við; þá fengust rjettmætar kröfur þeirra uppfyltar með góðu og ófriðarlaust. Jeg tel það mesta sigurvon og mesta von um, að hamingja Íslands hafi nú snúið við blaðinu og ætli að verða því góð, að háttv. þm. í fyrra hurfu allir að einu ráði um þessar kröfur, og vona, að ekkert það afl sje til, sem geti fengið nokkurn þm. til að hverfa frá málinu eða rjúfa þá samheldni, sem hepnaðist að ná á síðasta þingi.

Vil jeg þá að lokum minna menn á söguna um tækifærið. Maður nokkur sat á heimili sínu og heyrði, að barið var að dyrum, en hann var annaðhvort

að lesa í bók eða að kveikja í pípunni sinni, og lauk ekki upp fyr en um seinan; þá var gesturinn farinn. En sá gestur var tækifærið. Og það kom aldrei að dyrum hans eftir þetta.

Það er traust mitt á skýrleika og trúmensku þeirra fulltrúa, sem þjóðin hefir sent á þetta þing, að þeir láti ekki tækifærið ganga frá dyrunum, því að það er sannast að segja, að vel geta liðið aldir áður tækifærið berji hjer aftur að dyrum.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Nefndarkosning.

Hlutfallskosning var viðhöfð, og komu fram 3 listar, merktir A, B og C, A-listinn frá Sjálfstæðisflokknum, B-listinn frá Heimastjórnarflokknum og C-listinn frá Framsóknarflokknum, og voru á þeim samtals jafnmargir þingmenn og kjósa skyldi.

Forseti lýsti því kjörna í nefndina:

Magnús Pjetursson	(Af B-lista)
Jón Jónsson	(— C- —)
Magnús Guðmundsson	(— B- —)
Bjarna Jónsson	(— A- —)
Þórarinn Jónsson	(— B- —)
Svein Ólafsson	(— C- —)
Matthías Ólafsson	(— B- —)

(Sbr. og A. bls. 545).

2. Bjargráðanefnd neðri deildar.

Á 4. fundi í Nd., fimtudaginn 18. apríl, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um skipun bjargráðanefndar (A. 9).

Á 5. fundi í Nd., föstudaginn 19. apríl, var till. tekin til meðferðar, h v e r n i g r æ ð a s k u l i.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 6. fundi í Nd., laugardaginn 20. apríl, var till. tekin til e i n n a r u m r.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Á síðastliðnu þingi var flutt till. samhljóða þeirri, er hjer liggur fyrir. Jeg býst við því, að allir telji nú ekki síður en þá þörf á að gera einhverjar ráðstafanir mönnum til bjargar. Dýrtíð og atvinnuleysi þrengir nú að miklu meir en nokkru sinni fyr. Horfurnar á því, að sjávarútvegurinn, helsti bjargræðisvegur þjóðarinnar og aðaltekjulindin, geti starfað, eru því miður iskyggilegar, og ýmsar aðrar atvinnugreinar standa nú mjög svo höllum fæti sakir dýrtíðar og ýmsra annara erfiðleika, er af heimsstyrjöldinni leiða.

Eitthvert allra helsta verkefni þessa þings er að reyna að hjálpa við atvinnuvegum landsmanna til sjávar og sveita, svo að þeim verði starfað sem allra mest, og helst að það verði gert svo mikið, sem orka og tæki leyfa. Ef þingið gæti þannig greitt fyrir atvinnuvegum landsmanna, að þeir gætu starfað í fullu fjöri eða því sem næst, þá er það eflaust það langbesta, sem það getur gert í dýrtíðarmálunum. Það er hollasta hjálpin fyrir hvern einstakling þjóðfjelagsins og þjóðina alla í heild sinni.

Það er engum efa bundið, að dýrtíðin og atvinnuleysið sverfur langmest að kauptúnabúum. Er slíkt eðlilegt, þar sem sjávarútvegurinn hefir rýrnað svo tilfinnanlega, og þessi fáu skip, sem eftir eru í landinu, hafa sumpart lítið eða þá alls ekki neitt getað stundað veiðar,

sakir dýrleika og skorts á þeim nauðsynjum, er til útgerðarinnar þarf. Gæti þingið á einhvern hátt ljeð þessum atvinnuvegi lið, svo að hann gæti starfað, þá mundi sú ráðstöfun verða til hagsælda landi og lýð. Og þótt svo kynni að fara, að ekki reyndist kleift að halda öllum fiskifleytunum til veiða, þá getur það, sem minna er, verið til bóta, en því meira sem að því væri gert, þess betra.

Þetta mundi kaupstaðabúum þekkasta liðsinnið, og jeg er ekki í neinum efa um það, að það mundi í reyndinni verða ódýrasta og á allan hátt notadrýgsta hjálpin.

Verkefni þessarar nefndar er ærið mikið og vandasamt. Og þótt jeg viti, að allir þm. muni leggja lið sitt til að gefa bendingar um, á hvern hátt unt sje að verjast atvinnuleysi og skorti í landinu, þá er það þó aðalætlunarverk þessarar nefndar að leggja á ráðin, hvernig þjóðin best getur varist dýrtíðinni með öllum hennar afleiðingum. Því miður eru nú horfur á því, að erfitt verði að koma með þau ráð, er að verulegu haldi megi koma.

En þótt útlitið sje nú svona ískyggilegt, þá verðum við að vona, að þetta þing beri gifu til þess að ráða þjóðinni þau bjargráð, er henni megi að verulegu liði verða. Það er nú alkunnugt, að þjóðin væntir mikils af þinginu í þessum efnum. Og það er öldungis rjettmætt, að þjóðin vænti slíks af fulltrúum sínum. En af öllu því, sem þingið gerir, hag þjóðarinnar til viðreisnar, er það hollasta og hagfeldasta hjálpin að halda við atvinnuvegunum. Jeg býst við, að vjer allir flutningsmenn till. sjeum þeirrar skoðunar, að þetta liðsinni væri hið allra besta.

Sje jeg svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um till. þessa, því að jeg skoða hana sem sjálfsagða.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Nefndarkosning.

Hlutfallskosningu var beitt. Fram komu 3 listar, A-listi frá Sjálfstæðisflokknum, B listi frá Heimastjórnarflokknum og C-listi frá Framsóknarflokknum, og voru samtals á listunum jafnmargir menn og kjósa skyldi í nefndina.

Forseti lýsti því kjörna í nefndina:

Pjetur Jónsson	(Af B-lista)
Jörund Brynjólfsson	(— C- —)
Sigurð Sigurðsson	(— B- —)
Bjarna Jónsson	(— A- —)
Sigurð Stefánsson	(— B- —)
Þorstein Jónsson	(— C- —)
Björn Kristjánsson	(— B- —)

Bjarni Jónsson gekk úr nefndinni 29. apríl, og tilnefndi í sinn stað, með ráði Sjálfstæðisflokksins,

Pjetur Þórðarson

(Sbr. og A. bls. 545—546).

[Skýrsla um störf nefndarinnar er á þgskj. 508].

---

3. Verslunarmálanefnd.

Á 6. fundi í Nd., laugardaginn 20. apríl, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um að skipa nefnd til þess að athuga verslunarframkvæmdir landsins (A. 19).

Á 8. fundi í Nd., þriðjudaginn 23. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 9. fundi í Nd., miðvikudaginn 24. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 10. fundi í Nd., föstudaginn 26. apríl, var till. aftur tekin til einnar umr. (A. 19, 25, 26).

Flm. (**Gísli Sveinsson**): Jeg býst ekki við, að jeg þurfi að svo stöddu að hafa langan formála fyrir þessar till. Það, sem í stuttu máli vakir fyrir oss tillögumönnum, og jeg býst við allri hv. deild, er, að þetta efni, sem till. fjallar um, sje athugað og rannsakað. Býst jeg ekki við, að það verði ágreiningsefni. Þarf ekki að taka það fram, að þetta mál, verslunarmálið, er eitthvert mikilvægasta umhugsunar- og viðfangsefni þings og stjórnar síðan ófriðurinn hófst, og mun verða það meðan hann geisar. Ekkert mál er eins mikilvægt og þær framkvæmdir, bæði út á við og inn á við. Þess vegna hefir og landsstjórnin verið í mesta vanda stödd, og þingið hefir lagt hina mestu áhersiu á þessar ráðstafanir. En um leið og þetta mál er svo mikilvægt, þá er það og eðlilegt, að því sje fylgt með mikilli athygli, ekki einungis á þingbekkjum, heldur og úti um alt landið. Það er mjög svo eðlilegt, því að þessar framkvæmdir snerta hagsmuni alls almennings, hvað öflun nauðsynja og verðlag snertir og annað, er þar að lýtur.

Stjórnin hefir nú um nokkurn undanfarinn tíma haft með höndum þær framkvæmdir, sem hún hefir aldrei haft slíkar áður, og fáa mun hafa dreymt um að komast mundu í hendur stjórninni. Þá er það og, að landsstjórnin hefir sætt allmiklum aðfinslum út af framkvæmdum sínum og ráðstöfunum í þessu efni. Hafa þær oft þótt orka tvímælis, bæði gagnvart vilja þingsins og eins, hvort hyggilega væri að farið. Þingið hefir að sjálfsögðu ekki gert annað í þessum framkvæmdum en að fela stjórninni í stórum dráttum að fara með málið. Þessar framkvæmdir hafa að mestu snúist um og verið innifaldar í landsversluninni. Fram að síðustu tímum hafa allar þessar framkvæmdir hvílt á herðum stjórnarinnar, og þótt landsverslunin sje nú komin í annara hendur, þá er þó svo, að stjórnin ber ábyrgð á rekstri hennar fyrir þingi og þjóð.

Jeg hygg það mála sannast, að almenningi úti um land sje ekki umhugað um annað meira en að þingið komist að sem ábyggilegastri niðurstöðu um það tvent, fjármálin og þær mikilsverðu ráðstafanir, er stjórnin hefir gert í verslunarmálinu. Býst jeg við, að enginn þingmaður vilji svo heim koma af þingi, að hann geti ekki sagt kjósendum gerla af þessum framkvæmdum. Það á hjer líka við, sem sagt var um till., sem hjer var nýlega á ferðinni, um að fjárhagsnefnd athugaði fjárhag landsins, að alt þetta er svo best, að öllum sje ljóst, hvað verið er að gera og gert hefir verið. Það er áríðandi, ekki að eins fyrir allan landsins lýð, heldur og frá mínu sjónarmiði hvað mikilvægast fyrir landsstjórnina, sem annaðhvort hefir farið með eða á að fara með málin. Því er till. orðuð svo, að athuga skuli verslunarframkvæmdir landsins, bæði inn á við og út á við, og ráðstafanir allar, sem gerðar hafa verið og hjer að lúta. Það liggur í till. þessari, að nefndin á sjerstaklega að athuga þær framkvæmdir, sem þegar hafa fram farið. En henni er ekki ætlað að gera till. um framtíð-

arfyrirkomulag, nema þær tillögur leiði beint af rannsókn hennar. Það er hlutverk bjargráðanefndar að koma með till. um bjargráð í framtíðinni. En vafalaust er mikið unnið við það, bæði fyrir þá nefnd og oss þingmenn og hæstv. stjórn, að fá að vita, hvernig í öllu liggur, því að af því geta allir þessir aðiljar væntanlega lært eitthvað nytsamt um það, sem fram undan er. Ef nefndin kemst að þeirri niðurstöðu, að mikið af þessum ráðstöfunum hafi verið hyggilegar, þá er ástæða til að ætla, að þingið vilji halda sömu braut í aðalatriðunum. En komi hitt í ljós, að ráðstafanirnar hafi verið athugaverðar, þá má hins vegar ætla, að þingið fari aðra leið, reyni að finna önnur bjargráð.

Því er nú ekki að leyna, eins og jeg vjek að áðan, að mjög tíðrætt hefir orðið um ýmsar framkvæmdir og ráðstafanir stjórnarinnar; sjerstaklega hafa komið fram í blöðum landsins allmiklar aðfinslur og óánægja með ýmislegt, sem landsstjórnin hefir gert eða orðið að gera í þessu efni. Jeg býst við, að landsstjórnin líti svo á, sem hún hafi orðið að gera alt, sem hún gerði. Sumt hefir að sjálfsögðu verið þannig vaxið, að hún varð að gera það, en um margt eru menn ekki á eitt sáttir. Þetta er þá það, sem nefndin á að gera meðal annars: að athuga, hvað nauður rak til að gera, ef um ráðstafanir er að tala, sem ekki eru álitnar heppilegar. Jeg býst við, að öllum sje kært, að það sanna leiðist í ljós um þau efni, og sjerstaklega þar sem aðfinslur hafa verið svo miklar, sem raun er á orðin, og jeg skil svo raddir, sem hingað til hafa komið frá stjórninni, sem henni sje þetta kært, — svo að bert gæti orðið, hvað rjett er.

Það er líka víst, að allur almenningur á heimtingu á að vita deili á þessu, því að bæði nú og eins að lokum verður það almenningur, sem þetta kemur niður á og á þessu fær að kenna, því að það gefur að skilja, að þetta er alt gert vegna almennings, en ekki vegna einstakra manna, nje heldur til að þjóna neinni einstakri stefnu, geri jeg ráð fyrir. Alt það, sem hjer heyrir undir, er svo margháttað og víðtækt, að það er ekki rjett að fara að rekja það hjer, enda er það nefndarinnar verk; en líka er hitt, að svo mikið verkefni er það, sem fyrir henni liggur, að mikil spurning getur verið um það, hvort ein nefnd, þótt vel skipuð sje, geti leyst það af hendi á svo skömmum tíma, sem hjer á þessu aukaþingi hlýtur að vera afskamtaður, — en hins vegar er það skylda vor að gera gangskör að því, að reyna að komast sem fyrst að einhverri ábyggilegri niðurstöðu um höfuðatriðin, eftir því sem tíminn vinst til.

Undir þetta verksvið væntanlegrar nefndar heyrir að sjálfsögðu öll vöruútvegun, vörusala, leiga á skipum, ráðningar starfsmanna og sendimanna til útlanda og, eins og nú stendur á, vátryggingar skipa og ráðstafanir með þau o. fl. Menn kannast við öll þessi atriði, m. a. vegna þess, að þau hafa öll verið á döfinni í umræðum í blöðunum, og einnig verða að heyra hjer undir ráðningar manna í þjónustu landsstjórnarinnar hjer á landi, — ekkert af þessu verður skilið undan þeim verslunarframkvæmdum og ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið, og skylda nefndarinnar er að taka þetta frá sem flestum hliðum, til þess að komast á öruggan grundvöll, — og ber þá að því að gæta, að öll þessi mál hafa orðið að vera sameinuð í höndum landsstjórnarinnar, eins og málum var skipað í öndverðu, þegar farið var að taka þetta til meðferðar af þingi og stjórn þegar í ófriðarbyrjun.

Jeg býst ekki við, að ágreiningur

verði í þessari háttv. deild um þessi grundvallaratriði till, og býst ekki við, að hjer komi fram út af þessari till. neinn vottur um nokkra fyrirmálstaugaveiklun, eins og átti sjer stað hjer í deildinni fyrir skömmu, er rætt var um aðra till., því að niðurstaðan á slíkri rannsókn getur ekki verið öðruvísi en til hagsmuna fyrir alla. (**B. J**: Hvað nefndi háttv. þm., og hvað á hann við?). Jeg nefndi það fyrirmáls-taugaveiklun, en till, sem jeg átti við, var til umr. á síðasta fundi, og var um að athuga fjárhagsástand landsins. Jeg skal að gefnu tilefni geta þess, að það kom ekki fram hjá hæstv. fjármálaráðherra, sem mjer sýnist fara að ókyrrast.

Hjer er komin fram brtt. við þessa till, á þgskj. 25, sem vill gera þá breytingu, að skipa ekki sjerstaka nefnd til þess að athuga þetta mál, heldur fela það bjargráðanefnd; að öðru leyti legg jeg alveg sömu merkingu í þessa till. Mjer virðist nú, að best sje að fara varlega í að blanda alt of miklu saman við það, sem bjargráðanefnd hefir fengið og á að gera; mörgum virðist líka, sem bjargráðanefnd muni eiga að hafa talsvert að starfa, þar sem hún á að bera á herðum sjerstaka umönnun fyrir því, sem gera beri til þess að halda lífinu í þjóðinni framvegis, á meðan þetta ástand ríkir. Það var af þeim sökum, að oss, sem þessa till. berum fram, þótti ekki rjett að fara aðra leið en þá, að sjerstök nefnd yrði skipuð til að athuga þessi mál, svo og af því, að hjer á þingi er mjög misjafnt skipað niður störfum; sumar nefndir hafa mikið að gera, en sumar ekkert. Það væri því alveg óráð að demba öllum þeim málum, sem ætla mætti að þyrfti mest vinnubrögð við, í þá nefnd, sem líklegast væri að mest hefði að starfa á þessu þingi. Það er ekki nema eðlilegt, að menn vilji skifta sem mest störfunum, til þess að koma einhverju áfram. Jeg býst því við, að jeg og fleiri verði á móti því, að þessi málefni verði falin bjargráðanefnd, og leggjum áherslu á, að hjer þurfi sjerstaka nefnd, ef vel á að vera.

Þá hefir komið fram brtt. við þessa áminstu brtt, sem fer í þá átt, að ef málið fari ekki í sjerstaka nefnd, þá sje því ekki vísað til þeirrar nefndar hjer í deildinni, sem á að annast um oss í framtíðinni, bjargráðanefndarinnar, heldur til fjárhagsnefndar, og það er víst um það, að fjárhagsnefnd kemur ekki til að hafa að sama skapi jafnmikið starf og bjargráðanefnd. Fyrir þá sök tel jeg það heppilegra, ef málið verður ekki falið sjerstakri nefnd, sem jeg þó teldi heppilegast, — að það fari þá ekki til bjargráðanefndar, heldur til fjárhagsnefndar — og bjargráðanefndin sje þannig losuð við þau störf, sem ekki hljóta beint að heyra undir hana. Jeg og fleiri munum því haga oss þannig gagnvart þessu atriði, að fylgja því heldur, að þetta mál fari í fjárhagsnefnd, en munum svo greiða atkv. móti aðalbrtt., að það fari í fastanefnd, en að skipuð verði sjerstök nefnd.

Jeg ætla nú ekki að fjölyrða meira um málið að sinni, en vil bíða undirtekta manna og gera þá athugasemd, ef mjer þykir þess þurfa.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Það vill svo vel til, að jeg þarf ekki að tefja tíma háttv. deildar, nje heldur lengja þingtíðindin, því að flest það, sem háttv. flm. (G. Sv.) tók fram, get jeg sætt mig við. Verslunarmálið er eitt hið stærsta verkefni fyrir þing og landsstjórn, og því nauðsynlegt, að alt sje þar sem ljósast og best athugað, því

að af því má sjálfsagt margar bendingar fá til athugunar í framtíðinni.

Jeg hefi því ekki annað að segja en það, að jeg get í umboði stjórnarinnar lýst yfir því, að stjórninni sje það alls ekki ókært, að verslunarmálið sje sem best rannsakað á þessu þingi og gert kunnugt almenningi, að því leyti, sem háttv. nefnd velur úr fleiri eða færri atriði, sem hún vill taka sjerstaklega fram.

Sveinn Ólafsson: Jeg hefi ásamt þrem öðrum deildarmönnum leyft mjer að koma fram með brtt. á þgskj. 25. Breyting sú, sem við leggjum til, er ekki önnur en það, að málinu verði, í stað þess að setja það í sjerstaka nefnd, vísað til bjargráðanefndar, og henni þá ekki að eins falið að rannsaka það, eins og aðaltill. gerir ráð fyrir, heldur líka að leggja það fyrir háttv. þingdeild, svo að þm. ættu kost á að fara nokkru fróðari en þeir komu.

Jeg segi þetta vegna þess, að í fyrra var háttv. þm. ekki svo fyllilega ljós niðurstaða bjargráðanefndar í ýmsum bjargráðum, sem æskilegt hefði verið, og voru þess vegna spurðir í þaula, þegar út í sveitirnar kom. Jeg ætla ekki að bera brigður á það, sem háttv. flm. (G. Sv.) sagði um nauðsynina á þessari rannsókn; það er víst öllum ljóst, að hún er alveg sjálfsögð, en að við komum með brtt. í þessu atriði stafar af því, að við vitum, að bjargráðanefnd hefir hvort sem er flest plögg til þessa hlutar, og hefir fengist við þetta að undanförnu, og bestar tilfæringar til að leysa þetta af hendi. En ef skipuð væri sjerstök nefnd, myndi hún í mörgum tilfellum þurfa að bera sig saman við bjargráðanefnd og leita upplýsinga til hennar, svo að nefndin, eins og háttv. flm. (G. Sv.) sagði, hefði að öllum líkindum ekki tök eða tíma til að framkvæma þessa rannsókn. Einmitt af því, eins og jeg sagði áður, ætti bjargráðanefnd að hafa betri tök á að gera þetta, af því að hún hefir fengist við slíka rannsókn áður.

Það, sem háttv. flm. (G. Sv.) talaði um verkefni nefndarinnar, er sjálfsagt flest rjett, en jeg er þó ekki viss um, að undir hennar verkahring heyrí ráðning þeirra manna, sem hafa verið sendir til annara landa í ýmsum erindum. Mjer finst það eitt skifta máli, að manninn þurfti að senda, en hitt miklu síður, hvers vegna þessi maður var ráðinn, en ekki hinn, því að um slíkt má altaf deila. En það er að sjálfsögðu rjett, að alt, sem lýtur að verslunarviðskiftum, skipakaupum og skipaleigu, heyrir undir hana, og það girnist almenningur mjög að fá glöggar og ítarlegar skýrslur um, og hefir því meiri þörf á að fá þær, sem frásagnir um þá hluti eru töluvert ýktar og úr lagi færðar. En nú er alt verslunarstarf landssjóðs ekkert annað en bjargráðastarfsemi og á sem slíkt heima hjá bjargráðanefnd.

Það er ef til vill ekki út af eins hátíðlegur blær á því, að fá bjargráðanefnd þetta til meðferðar, eins og að kjósa sjerstaka nefnd, en af því að bjargráðanefnd vissulega hefir betri föng á þessari rannsókn en nokkur önnur nefnd í þinginu, þá vil jeg eigi láta þann viðhafnarblæ ráða meiru en merg málsins.

Jeg hefi nú nefnt ástæður vorar fyrir þessari brtt, en um brtt. við brtt., á þgskj. 26, verð jeg að segja, að mjer kemur það undarlega fyrir sjónir, að háttv. flm. hennar (E. A.) skuli leggja það til nú, — sem áður var flm. þeirrar till. — að skipa sjerstaka nefnd. Jeg hefði búist við, að hann hjeldi fast við þá till., og þar sem fjárhagsnefnd hefir miklu lakari skilyrði til þess heldur en bjargráðanefnd, og auk þess að sjálfrar sinnar dómi störfum hlaðin, þá get jeg

ekki felt mig við, að hún verði ofan á eða hafi tíma til að leysa starfið viðunanlega af hendi.

Einar Arnórsson: Það eru að eins nokkur orð, út af því, sem háttv. þm. (Sv. Ó.) sagði, að hann furðaði sig á því, að jeg hefði komið með brtt. við brtt. hans og fjelaga hans, á þgskj. 25. Það er ekki svo furðulegt, því að þótt jeg áliti, að málið eigi að fara í sjerstaka nefnd, og flytji till. um það, þá get jeg hugsað sem svo, að meiri hl. háttv. deildar geti orðið með því, að málið fari ekki í sjerstaka nefnd, og þá er till. háttv. þm. (Sv. Ó.) að fela það bjargráðanefnd. En fari það ekki til sjerstakrar nefndar, þá finst mjer hyggilegra að fela það fjárhagsnefnd. (**B. J.:** Eða allsherjarnefnd). Það getur líka komið til mála. En mjer finst rjettara að skipa því í fjárhagsnefnd. Það er bjargráðanefnd, sem tekur til athugunar öll þau mál, er snerta bjargráð framtíðarinnar, en þetta er fremur endurskoðun en bjargráðaatriði, og þau störf, sem snerta endurskoðun, eiga að fara til fjárhagsnefndar, ef þau eru ekki svo merk, að skipa þurfi sjerstaka nefnd. Jeg veit að vísu ekki, hve mikið bjargráðanefnd hefir að gera, en hins vegar finst mjer, að fjárhagsnefnd hafi svo miklu minna að gera, því að á þessu þingi kemur t. d. engin landsreikningaendurskoðun, og hvort hún fær nokkur skattamál eða ekki skal jeg láta ósagt; jú, eftir yfirlýsingu hæstv. fjármálaráðherra fær hún eitt skattamál, sem enn er ekki komið fram. En jeg efast ekki um það, í hvora nefndina sem það kann að verða sett, að þá sjeu þær báðar vel hæfar til þess að fara með það, svo að það er ekki þess vegna, að jeg tel það ekki gerlegt að skipa því til bjargráðanefndar, heldur af því, að hún hefir nóg að fást við, þó að þetta fari fram hjá henni.

Sigurður Stefánsson: Jeg skal játa það, að mjer kom það dálítið á óvart, að þetta mál, sem till. á þgskj. 19 fjallar um, ætti að fara í bjargráðanefnd. Jeg spurði sjálfan mig, hvort því mundi þannig varið, að þessir hv. þm., sem standa á þgskj. 25, vildu að nokkru leyti stemma stigu fyrir till. vorri, sem er á þgskj. 19, með því að verkefni það, sem sú till. vill taka til athugunar, er í mínum augum svo mikilvægt og marggreinótt, að jeg álít það sjálfsagt, að þingið fari þá leið, sem vjer bendum á, að skipa sjerstaka nefnd.

Það hefir þegar verið tekið fram, að bjargráðanefnd muni á þessu þingi, þó að aukaþing sje, hafa ærið miklum og margbrotnum störfum að gegna, því að það er kunnugt, að bjargráðaþörfin vex fremur en minkar með hverju ári, sem yfir oss kemur. Vjer flm. álítum því, eins og tekið hefir verið fram, að hjer sje um svo mikilvægt málefni að ræða, að hjer sje alt gerandi til þess, að það mál geti fengið sem allra besta og rækilegasta meðferð, og að því verði því ekki dembt í nefnd, sem margvíslegum öðrum störfum hefir að gegna, sem í raun og veru eru annars eðlis en þau, sem þessari 5 manna nefnd á að fela, því að jeg hygg, að oss öllum megi vera það ljóst, að þessi nefnd þurfi að geta gefið sem fylsta og fullkomnasta skýrslu um alt það, er snertir verslunarmál landsins, sem sú mikla breyting er komin á, að þau eru nú að miklu leyti í höndum landsstjórnarinnar. Jeg fyrir mitt leyti verð að álíta þetta verkefni eitt nokkuð fjarskylt aðalstarfi bjargráðanefndar, sem aðallega hlýtur að beinast að þeim bjargráðum, sem eiga að verða í framtíðinni, þar sem

þetta mál lýtur að öllum þeim framkvæmdum, sem gerðar hafa verið í fortíðinni. Mjer finst það því dálítið torskilið, hvers vegna háttv. þm. Dala. (B. J.) vill gera þetta starf að vinnu bjargráðanefndar, þar sem það er miklu líklegra, að það geti orðið nægilegt starf fyrir sjerstaka nefnd. En hitt vil jeg ekki, að nokkur ástæða geti verið til þess, að það orð fari af þessu þingi, að það hafi ekki viljað fjalla um þetta mál með allri þeirri athygli og vandvirkni, sem við verðum að játa að það eigi skilið.

Frá mínu sjónarmiði er verslunarmálið það mál, sem þingið að þessu sinni — og svo lengi sem engin breyting verður á ástandinu í heiminum — á að helga alla sína krafta sem óskiftasta. Verslunarmálið verður að telja eitt hið mesta stórmál, sem nokkurn tíma hefir komið á dagskrá þingsins, og jeg tel það ekki nema gott, að það sje einhver sjerstakur og enda hátíðablær yfir því, eins og háttv. flm. brtt. á þgskj. 25, 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.), tók fram, en jafnframt því sje það einlægur alvörublær, menn geri alt til þess, að það mál verði athugað sem best og ekki blandað saman við óskyld málefni, sem fastanefndir þingsins hafa með höndum.

Jeg sagði, að þetta mál væri að minsta kosti eða ætti að vera eitt hið mesta stórmál, sem vjer höfum á dagskrá þingsins. Það er stórmál vegna þess, að á því veltur efnahagur og sjálfstæði þjóðarinnar, því að það, hvernig verslunin er rekin, snertir ekki að eins hag þjóðfjelagsins í heild sinni, heldur hag hvers einasta borgara í landinu.

Eins og kunnugt er, höfum vjer ráðist í það stórræði að fela landsstjórninni verslunina með hinar stærstu og mestu nauðsynjavörur þjóðarinnar.

Að þessu sinni skal jeg ekki fara út í það, hvort það hefir verið með öllu heppilegt fyrir landið að ráðast í slík stórfyrirtæki, en það verð jeg að kannast við, að mikil nauðsyn bar til þess; en út í það verður aftur á móti að fara nákvæmt, að fá sem rjettasta vitneskju og upplýsingar um það, hvernig þessu verslunarbákni, sem stofnað hefir verið til, er og hefir verið stjórnað af þeim, sem með völdin fara í landinu.

Hjer veltur á miljónum og aftur miljónum og tugum miljóna, og eru það ekki smáræðis tölur fyrir okkur, ekki stærri eða voldugri en við erum.

Þetta verslunarbákn var í fyrsta lagi sett á fót til þess að tryggja landslýð þær nauðsynjar, er hann á engan hátt gat án verið, og í öðru lagi að selja landslýð þessar nauðsynjar eins ódýru verði og auðið var. Hjer var því ekki að ræða um gróðafyrirtæki, ekki heldur um verslunarfyrirtæki, sem ætti að keppa við kaupmenn, kaupfjelög eða samvinnufjelög, heldur var með þessu verið að reyna, hvort ekki væri hægt að stýra þjóðarskútunni sem áfallaminst gegnum brim og boða heimsstyrjaldarinnar.

Jeg verð því að álíta, að háttv. þingi beri að taka þetta mál til ítarlegrar rannsóknar og yfirvegunar, og jafnframt beri því að athuga, hvernig þeim mönnum, sem falin hefir verið forstjórn þessa mikla fyrirtækis, hafi tekist að ná því takmarki, sem þingið ætlaðist til, sem sje því, að tryggja landsmönnum vörur og að þær yrðu seldar eins ódýrt og unt var.

Það skiftir því miklu máli að fá nákvæma vitneskju og greinilega skýrslu um það, hvort þessi stórkostlegu kaupsýslufyrirtæki hafa sætt betri eða verri kjörum en aðrir kaupsýslumenn, bæði að því er snertir kaup á vörum, leigu á skipum og húsum o. fl.

Enn fremur þarf þingið að fá nákvæmar upplýsingar um, og skýringar á, hvernig á því stendur, að þessi verslun hefir á stundum þóst þurfa að selja vör-

ur sínar hærra verði en kaupmenn og aðrir verslunarrekendur á sama tíma ljetu sjer til hugar koma.

Jeg býst nú reyndar ekki við, að þetta verði rannsakað til hlítar á þessu þingi, en hitt er víst, að þessi rannsókn getur leitt til margra og mikilvægra upplýsinga um það, hvernig landsverslunin hefir verið rekin, og eins ætti hún að geta ljett undir með endurskoðun á reikningum þessa fyrirtækis síðar meir. Þótt ekki væri annað með þessu unnið, þá væri þó ekki starfað til ónýtis.

Vjer megum ekki ætla oss þá dul að kafa til botns og rannsaka til hlítar þessi mál; en það verðum við að hafa hugfast, að því að eins gerum við skyldu vora, að við hummum ekki slíkt mál sem þetta fram af okkur. En það gerum við ef við nú vísum málinu til nefndar, sem áður er önnum kafin og getur því ekki varið til málsins þeim tíma og þeirri alúð, sem bæði það og við heimtum.

Jeg tel því mikla ástæðu til að hafa sjerstaka nefnd, sem fjallar um málið, og sjerstaklega nú, þegar stjórnin hefir tvívegis lýst yfir því, að sjer fyndist ekkert vantraust felast í tillögunni á þgskj. 19, heldur að eins það, sem sjálfsagt væri.

Jeg ætla ekki, að þetta sjeu hreystiorð ein, heldur sje þetta orð mælt í fullri alvöru. Því ætti ekki að geta komið til greina nein flokkaskifting með eða móti stjórninni, þegar um þetta mál ræðir, því að það á engan flokksblæ á sjer að hafa.

Við ættum því að geta unnið með einum hug og góðum vilja að þessu nauðsynjamáli, til hvaða flokksbrotasilfurs hjer á þingi sem við annars kynnum að heyra.

Viðvíkjandi brtt. á þgskj. 26, um að vísa málinu til fjárhagsnefndar, vil jeg láta það uppi, að henni mun jeg gefa atkvæði mitt, vilji háttv. deild ekki skipa sjerstaka nefnd til þess að rannsaka málið, þó með það bak við eyrað, að greiða svo atkvæði móti brtt. þannig breyttri.

Matthías Ólafsson: Mjer var ekki boðið að vera með sem flm. þessarar till., enda hefði jeg ekki orðið það, þótt svo hefði verið. Þetta ber ekki svo að skilja, að jeg hafi nokkuð á móti því, að verslunarástand landsins sje rækilega athugað, heldur álít jeg, að til þess að hægt sje að kveða upp sanngjarnan dóm og á rökum bygðan um jafnviðfangsmikið mál og þetta, þá þurfi lengri tíma en þann, sem vinst á þessu aukaþingi. Jeg tel því mikla hættu á, að dómarnir, sem leiddu af slíkri flausturrannsókn, sem hjer um ræðir, mundu verða bygðir í lausu lofti og lítilli sanngirni.

Það hefir orðið deila um það hjer, hvort allar ráðstafanir stjórnarinnar í verslunarmálum hafi verið heppilegar. Það má vel vera, að svo hafi ekki verið. En hver getur álasað einni verslun fyrir það, þótt hver ein og einasta ráðstöfun hennar sje ekki heppileg? Það getur enginn, sem vit hefir á verslun.

Jeg hefi því, að svo komnu máli, hvorki tilhneigingu til að áfellast eða afsaka stjórnina; en jeg hefi heldur enga tilhneigingu til þess að kveða upp dóm í slíku stórmáli sem þessu, eftir litla og ófullkomna rannsókn.

Það hefir verið talað um það hjer, hvernig á því stæði, að landsverslunin seldi dýrara vörur en t. d. kaupmenn og kaupfjelög. En þá ber þess að gæta um landsverslunina, að henni hefir verið skipað að versla í tíma og ótíma. Það er því ekki nema eðlilegt, að hún hafi oft orðið að sæta verri kjörum heldur en aðrir kaupsýslumenn, sem gátu beð-

ið þess, að tímarnir yrðu hentugir. Auk þess ber þess að gæta, að kaupmenn, sem versla með margar vörur, geta unnið það upp á annari, sem þeir tapa á hinni, en þessu er ekki að heilsa um landsverslunina, sem að mestu verslar með eina vörutegund, sem sje matvöru.

Þetta þyrfti alt að rannsaka, ef kveða ætti upp rjettlátan dóm um þá verslun, en eins og fyr greinir, álít jeg, að ekki vinnist tími til svo nákvæmrar rannsóknar á þessu þingi.

Með þessum orðum er jeg ekki að halda hlífiskildi fyrir stjórninni, heldur er jeg að eins að sýna fram á, að slíka rannsókn, sem hjer er um að ræða, tel jeg með öllu svo ófullkomna, að ekki beri að hleypa henni af stokkunum. Sú niðurstaða, sem hún kemst að, verður altaf ófullkomin, og jeg vil ekki vera með í því að fella flaustursfullan dóm í slíku stórmáli og þessu.

En ef nú háttv. deild kemst að þeirri niðurstöðu, að rjett muni vera að hefja rannsóknina þegar á þessu þingi, þá er sjálfsagt, að sjerstök nefnd verði skipuð, því að nóg mun starf hennar verða, þótt hún hafi ekki meira en þetta eina mál með höndum.

Rjettast væri á þessu stigi málsins að taka það nú þegar út af dagskrá, svo að menn í kyrð og næði gætu ráðið ráðum sínum um það, hvaða mönnum sje rjett að fela slíkt vandamál og þetta. Það segir sig sjálft, að þeir menn þurfa að vera sjerstaklega góðir og starfshæfir. (**E. A.**: Eru ekki allir þingmenn góðir og starfshæfir?). Það hefir enginn sagt annað.

Mín tillaga er því sú, að málið sje nú þegar tekið út af dagskrá, en á sínum tíma verði svo skipuð sjerstök nefnd til þess að athuga það.

Bjarni Jónsson: Vel get jeg skilið, að ekki sjeu það hreystiorð eitt hjá stjórninni, þótt hún segist ekki vera mótfallin þessari nefndarkosningu, því að mjer segir svo hugur um, að enginn muni græða meir á slíkri rannsókn en hún. Slík rannsókn mundi, eins og sessunautur minn (S. St.) komst að orði í fyrradag, slá niður ýmsum hviksögum, sem á sveimi hafa verið meðal almennings. Mjer er sem sje engin launung á því, að um verslunarmál landsstjórnarinnar hefi jeg heyrt ýmsar hviksögur, þótt jeg hafi ekki heyrt þær um fjármálastjórn hennar.

Svo að jeg svari hálfkveðnu orði hv. flutnm. (G. Sv.), þá vil jeg benda honum á, að mikill mismunur er á till. í fyrradag og nú, þar sem hin fyrri var vel til þess löguð að vekja óhug og grunsemi innlendra og erlendra manna á fjárhag landsins, en þessari mun aftur það ætlað að athuga, hvort stjórnin hafi ekki grætt of mikið á landsversluninni. Þessi till. er því með öllu illa til þess fallin að veikja tiltrú og peningatraust landsins, og kemur það því henni ekki við, sem um þá fyrri hefir sagt verið.

Þar sem menn sjerstaklega hafa skrafað um, hvernig haga skuli slíkri rannsókn sem þessari, þá tók síðasti ræðumaður (M. Ó.) það rjettilega fram, hvort tiltök væru til þess að hefja rannsóknina á svo skömmu þingi, sem þessu. Jeg hygst því fara með rjett mál, er jeg segi, að það verði ofraun þessu þingi að rannsaka alla landsverslunina. Það er langt um liðið síðan stríðið hófst, þar sem er alt tímabilið 1914—18, og ef rannsóknin á ekki að verða vanskapnaður, verður að rannsaka allar gerðir stjórnanna á þessu tímabili, eða með öðrum orðum gerðir 2 eða 3 fráfarinna ráðherra og svo gerðir núverandi stjórnar.

Það snertir líka nokkuð málið, sem kom til orða milli háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) og háttv. 2. þm. Árn. (E. A.).

Virtist háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) taka illa upp orð háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) um að velja góða og starfshæfa menn í nefndina. En jeg vil benda á, að sumir þm., sem gott skyn bera á fjármál og væru því vel til starfans fallnir, hljóta að falla frá, ef til nefndarkosningar kemur. Á jeg hjer við menn eins og háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) og háttv. 2. þm. Árn. (E. A.). (**E. A.**: Er ekki mikið úrval samt?). Er það ætlun mín, að þeir mundu hafa getað látið eitthvað gott af sjer leiða, ef þeir hefðu getað lagt til sína þekkingu, en nú eru þeir ekki hlutlausir, því að þeirra gerðir í verslunarmálunum þarf engu síður að rannsaka en gerðir þeirrar stjórnar, sem nú situr við stjórnvölinn.

Hvað sjerstakri nefnd viðvíkur, þá er það ekki alveg eins víst og mönnum virðist, að hún muni ljetta miklu verki af bjargráðanefnd eða fjárhagsnefnd, því að jeg býst við, að nokkuð sömu mennirnir og eru í hinum tveimur nefndum mundu lenda í hinni nýju, og mundi þá koma nokkuð í sama stað niður, hvort ný nefnd væri kosin, eða málinu vísað til einhverrar þeirrar nefndar, sem fyrir er.

Hvað fjárhagsnefndina snertir, þá hefir hún þegar nokkuð mikið starf með höndum, þar sem henni ber að rannsaka fjárhag landsins allan. Virðist því vart vera hjer við bætandi, enda man jeg ekki betur en að háttv. deild hafi í fyrradag gert þeirri nefnd þann grikk, að skella á hana þingsályktun, til þess að minna hana á skyldu sína.

Allsherjarnefnd er útilokuð, þar eð formaður hennar er fyrverandi ráðherra.

Enn er auðvitað ein nefnd til, sem er lausanefnd, og það er bjargráðanefnd. (**E. A.**: Björn Kristjánsson á sæti í henni). Það er þó munur á því, eða að vera formaður í aðalgrautarpotti þingsins. Það skiftir líka litlu máli, þótt í bjargráðanefnd sje einn maður, sem áður hefir átt sæti í stjórninni, því að hans rödd mun ekki heyrast þar, þar eð hann yrði í minni hluta.

Margt er það annað, sem mælir með að vísa málinu til fjárhagsnefndar. Þar er fyrsti flutnm. till. (G. Sv.), og annar flutnm. hennar (M. G.) er formaður nefndarinnar, og vita allir, hversu ant hann lætur sjer um búskap landsins allan. Mundi því enginn vafi á því, að málinu yrði vel borgið í höndum þessarar nefndar.

Þar sem menn berja því við, að nefndin hafi nægilega mikið að gera við að bjarga landinu við í framtíðinni, þá er mjer spurn, hvort hún muni vilja byggja athuganir sínar um framtíðina í lausu lofti? Mundi hún ekki vilja læra af fráförnum ráðherrum og núverandi stjórn? Mundi hún ekki vilja vita, hvort stjórnirnar hafa keypt skip og vörur okurverði og sjer í óhag? Þetta alt er bjargráðanefndinni nauðsynlegt að vita, áður en hún gerir tillögur um framtíðina. Jeg hygg nú raunar, að tillögulaust hefði hún athugað alt þetta, því að það blasir beint við, að þetta er skylda hennar. Þess vegna á málið ekki að fara í neina aðra nefnd en í bjargráðanefnd. Þetta er hennar skylda, eins og það er skylda fjárhagsnefndar að athuga fjárhaginn.

Hvað því viðvíkur, að starf nefndarinnar muni ljetta undir með endurskoðun landsreikninganna síðar meir, þá er jeg trúlaus á það. Stjórnin hefir sjeð fyrir því, að fastir endurskoðendur hafa verið skipaðir við landsverslunina, og eru það ekki heimskari menn en þeir dr. Ólafur Daníelsson og Þórður Bjarnason.

Mun endurskoðuninni vel borgið í þeirra höndum, og munu þeir síst ver

gera en nefndin, sem að eins hefir örstuttan tíma til verksins.

Enginn skilji svo orð mín, að jeg sje að verja stjórnina, enda gerist hvorki þörf varnar nje sóknar að svo komnu máli.

Læt jeg svo orðum mínum lokið með þessu, að ef nauðsynlegt er að koma með þessa tillögu, þá á að vísa málinu til bjargráðanefndar.

Sveinn Ólafsson: Háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) vildi gefa í skyn, að það að vísa málinu til bjargráðanefndar mundi vera sama og að eyðileggja málið, og mundum við með brtt. vilja hindra, að árangur yrði af rannsókninni. Þetta var óþarfa getsök í okkar garð, þar sem jeg í fyrri ræðu minni færði full rök að því, að engin önnur nefnd en bjargráðanefnd hefði jafngóð tök á að fjalla um þetta mál, þar eð hún væri því kunnug frá síðasta þingi, skipuð sömu mönnum og þá og ætti hægt með að afla sjer upplýsinga því viðvíkjandi. Það var því síst svo að skilja, að við flm. brtt. værum að gera málinu ógagn með henni, heldur þvert á móti.

Háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.) gerði nú sjálfur ekki ráð fyrir, að sjerstök nefnd mundi komast til botns í málinu, og því þá að skipa hana fremur en fela málið nefnd, sem líkleg er til að komast til botns í því?

Sumt af því, sem háttv. flm. þingsál.-till. (G. Sv.) vildi fela þessari sjerstöku nefnd að rannsaka, finst mjer þess eðlis, að það væri bæði óþarfi og ógerningur að rannsaka slíkt. Get jeg þar t. d. nefnt mannaráðningu stjórnarinnar, hve heppilega henni hafi farist í vali sínu á mönnum o. s. frv., sem háttv. flm. (G. Sv.) taldi eitt af störfum væntanlegrar nefndar að athuga. Um slíkt yrði aldrei neitt ákveðið hægt að segja, því að altaf má um það deila, hversu hæfir menn sjeu valdir í þessa og þessa stöðu.

En það eru önnur atriði, og þau mikilvægari, sem hjer þarf að rannsaka og líka ætti að vera hægt að komast til botns í, ef bjargráðanefnd fjallaði um málið, og þó að sjerstök nefnd verði nú kosin, þá er nokkurn veginn víst, að margir sömu mennirnir munu verða í henni og eru í bjargráðanefnd.

Einar Jónsson: Mjer finst ekki vera nema um tvær spurningar að ræða í sambandi við þetta mál. Önnur er sú, hvort hæstv. fjármálaráðherra hafi verið trúað, er hann flutti ræðu sína um fjárhag landsins, og hin er sú, hvort tími muni fyrir hendi til þess að rannsaka alt þetta mál á þessu þingi, ef nefndin, sem hjer er um að ræða, verður skipuð. Jeg get nú ekki álitið annað en að hæstv. fjármálaráðherra hafi verið trúað, en get hins vegar ekki sjeð, að nægilegur tími muni vinnast fyrir nefndina til starfa. En þótt svo yrði nú ekki, þá er ekki þar með fyrir að synja, að nefnd þessi gæti gert mikið gagn og brugðið ljósi yfir ýmislegt, sem stjórnin hefir haft með höndum og mönnum er enn ekki nægilega ljóst. Jeg get því lýst yfir því, að jeg er alls ekki á móti því, að nefndin verði skipuð.

Mig furðar ekki, þó að háttv. þm. Dala. (B. J.) talaði af sjer, þar sem hann sagði, að enginn, sem áður hefði verið ráðherra, mætti eiga sæti í slíkum nefndum sem þessi væri. Þá ætti hann að vita, að í bjargráðanefnd er fyrverandi ráðherra, háttv. þm. G.-K. (B. K).

Hvað hviksögur þær snertir, sem hv. þm. Dala. (B. J.) segist hafa heyrt um landsverslunina, þá finst mjer ekki svo mjög eftir þeim hlaupandi; hann mætti vita, að hviksögur ganga einatt um hann

sjálfan, og má vel vera, að hann eigi það líka mest skilið af öllum þm. Jeg tek það fram, að í þessari þingsál.till. felst ekkert vantraust til stjórnarinnar, og bið alla að skilja það ekki svo, þó að jeg vilji nefndina kosna.

Flm. (Gísli Sveinsson): Sú hefir nú orðið raunin á, að meira hefir verið rætt um þessa till. en jeg í fyrstu bjóst við að mundi verða á þessu stigi málsins. En þó að menn sjeu ekki á eitt sáttir um kosningu nefndarinnar, þá hygg jeg alla vera sammála um, að málið eigi að rannsaka. Það hafa að eins komið fram tvær raddir, sem skilja mætti þannig, að á þessum rannsóknum væri engin þörf.

Háttv. þm. Dala. (B. J.) sagði, að till. væri óþörf, því að nefndir væru þegar fyrir, sem störf þau heyrðu undir, er nefndinni er ætlað að hafa með höndum. Hann sagði það skylduverk bjargráðanefndar að taka þetta mál til athugunar, en það er rangt; bjargráðanefnd síðasta þings, er var sú fyrsta, taldi það eitt skyldu sína, að ráða fram úr því, sem gera ætti í framtíðinni. Mætti það líka virðast ærið nóg verkefni einni nefnd að ráða fram úr því.

Jeg vil nú ekki væna hv. þm. Dala. (B. J.) þess, að hann með þessu vilji hindra það, að rannsókn fari fram. En enginn, sem vill rannsaka í nokkurri alvöru, getur verið að tala um, að þetta mál eigi að setja í þá nefnd, sem ólíkleust er allra til þess að ráða fram úr málinu.

Sama máli virðist gegna um þá fullyrðingu háttv. þm. (B. J.), að sú athugun á fjárhag landsins, er áður hefir verið rætt um hjer, sje skylduverk fjárhagsnefndar. Það er algerlega rangt. Í hæsta lagi hefði mátt segja, að hún hefði haft það skylduverk á reglulegu aðalþingi, sem þó ekki heldur var, en alls ekki nú á aukaþingi sem þessu.

Háttv. þm. (B. J.) virtist einkennilega mikið fylgjandi því, að vísa málinu til bjargráðanefndar, og úr því að hann og fleiri í sjálfri bjargráðanefnd eru svo sólgnir í að fá meira að gera, þá er vonandi, að einhverjir þeirra fái að komast í þessa sjerstöku nefnd, sem hjer er verið að tala um að skipa. Enn fremur taldi háttv. þm. Dala. (B. J.), að í svona nefnd mættu ekki eiga sæti þeir þingmenn, sem áður hefðu verið í stjórn, en þó er kunnugt, að einn fyrverandi ráðherra er í bjargráðanefnd. Er broslegt, hvernig háttv. þm. (B. J.) þarna mælir á móti sjálfum sjer. Jeg álít það einmitt kost, að þeir, sem eru þessum hnútum kunnugastir, sjeu í nefndinni, því að jeg vil ekki líta á þessa nefndarkosningu eins og háttv. þm. Dala. (B. J.), að hún sje fyrirfram gefin vantraustsyfirlýsing á stjórnina.

Háttv. þm. Dala. (B. J.) vildi halda því fram, að væntanleg nefnd ætti ekki eingöngu að ná til núverandi stjórnar, heldur ætti hún, ef hún yrði kosin, einnig að rannsaka gerðir eldri stjórnar í verslunarsökum. En nú er því svo varið, að flest atriðin, sem menn heimta skýringu á, eru ekki frá svo gömlum tímum, að þar verði bendlað eldri stjórn við; allar mikilvægustu ráðstafanirnar, sem hjer koma til mála, eru frá tímum núverandi stjórnar, og vitanlega verður fyrst að athuga þau málin, sem mesta eftirtekt hafa vakið. Og gerðir fyrv. stjórnar hafa áður verið athugaðar á aukaþinginu í fyrra, eins og kunnugt er. Jeg endurtek það, að jeg tel það einmitt kost, að menn, sem áður hafa verið í stjórn, sjeu í nefndinni, og veit, að allir hugsa svo, nema háttv. þm. Dala. (B. J.), sem lítur á þessa nefndarkosningu sem sjálfgefinn áfellisdóm á

stjórnina og blindast af því. Háttv. þm. (B. J.) kvaðst að vísu ekki vera kominn hingað til þess að verja stjórnina, en annað fanst mjer nú ræða hans bera vott um.

Þá skal jeg snúa mjer að háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.). Hann var annar þeirra tveggja, sem virtist efast um, að tímabært væri að kjósa þessa nefnd, en ekki færði hann frekari rök fyrir því máli. Hann sagði að vísu, að yfirleitt mundu menn ekki geta ætlast til þess, að rannsókn færi fram nú í slíku máli sem þessu. En jeg hefi ekki heyrt annað en að allur þorri landsmanna æski einmitt slíkrar rannsóknar, eftir því sem tími og tök verða til.

Sami háttv. þm. (M. Ó.) taldi ýmsar ráðstafanir stjórnarinnar heppilegar, og neitar enginn, að svo hafi getað verið, en það er einmitt það, sem væntanleg nefnd á að athuga með öðru, hvort þær hafi allar verið heppilegar. Og ekki trúi jeg því, að tími vinnist ekki til að rannsaka málið að einhverju miklu leyti, þó að þingið verði stutt.

Háttv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.) benti á ýmsar óhagstæðar kringumstæður, sem landsverslunin hefði orðið að berjast við, svo sem óhentuga flutninga, á móts við kaupmenn, o. fl.; en jeg veit ekki betur en að kaupmenn hafi yfirleitt orðið að búa við sömu kjör og jafnvel lakari. Hefir landsverslunin oftast verið látin ganga fyrir með flutning á íslenskum skipum, eins og líka eðlilegt er. Aðalreglan hefir verið sú, hygg jeg, að kaupmenn hafa flutt og viljað flytja vörur sínar ætíð þegar þeir hafa fengið rúm fyrir þær, en hafa iðulega ekki fengið flutt, þótt tilbúnir væru til þess að sæta sömu kjörum og landsverslunin. Þessa vildi jeg geta til leiðrjettingar, en ekki ræða það málefni neitt frekar nú. Aðrar orðræður hv. þm. (M. Ó.) tel jeg ekki koma málinu við.

Hæstv. stjórn, eða sú rödd, sem frá henni kom, þar sem var hæstv. atvinnumálaráðh., hefir lýst yfir því, að sjer væri rannsókn kær, og því ekkert tilefni gefið til athugasemda.

Forsætisráðherra (J. M): Jeg get ekki sjeð neina ástæðu fyrir stjórnina til að hafa á móti þessari nefnd. 1915 var svipuð nefnd kosin, en þá var hún að vísu ástæðulaus, en fordæmið er til og nú meiri ástæða en þá, þar sem störf landsverslunarinnar eru orðin svo margfalt margbrotnari en þá. Að vísu hygg jeg, að sú rannsókn, sem hjer á að fara fram, geti tæpast orðið þannig, að mikið verði hægt á henni að byggja, en ef það er sama, vilji þingið kjósa nefndina, því þá ekki að gera það? Nú býst jeg við, að allir nefndarmenn komist ekki að sömu niðurstöðu, og verður þá efi eftir sem áður um það, hversu vel stjórninni hafi tekist starf sitt.

Hvað það snertir, að málið fari í sjerstaka nefnd eða ekki, þá finst mjer það ekki skifta svo miklu máli. Í sjálfu sjer er eðlilegast, að málið fari í bjargráðanefnd, en jeg hygg, að fjárhagsnefnd muni hafa einna mest að gera hjer á þingi. En hvers vegna ekki að benda á fjárveitinganefnd, sem skipuð er 7 mönnum, eða samgöngumálanefnd, sem hvorug hefir mjög mikið að gera? Önnurhvor sú nefnd ætti að fá þetta starf í hendur, þar sem hinar báðar munu hafa nægilegt að gera.

Bjarni Jónsson: Háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) vildi draga það út úr orðum mínum, að jeg vildi ekki, að þessi rannsókn færi fram. Það er skrítin aðferð til að gera mönnum upp orðin, því að jeg þóttist tala skiljanlega. Jeg held jafnvel, að allir hafi getað skilið orð mín þar um, og háttv. flm. (G. Sv.) líka,

en hann hefir ekki viljað segja rjett frá sínum skilningi. Þessi orð hans voru viðlíka rjett og ef jeg segði, að háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) hefði komið fram með till. sína af hatri og illvilja til stjórnarinnar. Jeg er ekki að halda þessu fram, en það væri jafnrjett og sá skilningur á orðum mínum, er hann hjelt fram.

Háttv. þm V. Sk. (G Sv.) vildi bera brigður á, að það væri skylda bjargráðanefndar að rannsaka framkvæmdir liðna tímans. Jeg held því fram, að bjargráðanefnd geti ekki gert till. um framtíðina nema byggja á því, sem gert hefir verið. Jeg sagði aldrei, að það væri lagaskylda, en það tilheyrir hennar starfi. Þetta getur háttv. flm. (G. Sv.) skilið, ef hann vill, en þess mun naumast að vænta, þegar hann er að gegna málflutningsmensku sinni hjer á þingi. Í þessu máli er hann málaflutningsmaður og ekkert annað.

Einnig vildi sami háttv. þm. (G. Sv.) bera brigður á, að það væri skylda fjárhagsnefndar að rannsaka fjárhag landsins. Því er fljótsvarað, að það er bein lagaskylda hennar samkvæmt þingsköpum. Hún heitir fjárhagsnefnd, og starfssvið hennar er sýnt í nafninu. Jeg skil ekki, hvi þessi háttv. þm. (G. Sv.) mælir svo, sem áður hefir sjálfur verið í fjárhagsnefnd og er það nú. Hvort sem um aukaþing eða aðalþing er að ræða, er það skylda þessarar nefndar að athuga alt, sem að hennar starfi lýtur, og á hún sjálf að sjá á hverjum tíma, hvað nauðsynlegt sje að gera. Og jeg skal nú segja háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), hafi hann ekki vitað það áður, að það er hans skylda að gera alt, sem hann getur, fyrir fjárhag landsins, eins og það er skylda hvers gáfaðs þingmanns að gera það. Sama háttv. þm. (G. Sv.) þótti það undarlegt, að jeg sagði, að bjargráðanefnd ætti að gera þetta, og kvað svo virðast, sem starfsmenn þeirrar nefndar óskuðu eftir meira starfi. En það eitt lá í mínum orðum, að bjargráðanefnd verður að gera þetta; það heyrir til hennar starfi. Frekar mætti segja, að með brtt. háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) sje fjárhagsnefnd að sækjast eftir aukinni vinnu, því að verslunarframkvæmdir þessar heyra þó ekki beint undir starfssvið hennar, fjárhag landsins.

Þá þótti háttv. sama þm. (G. Sv.) það athugavert, að háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.) á sæti í bjargráðanefnd, en jeg sagði, að gerðir hans þyrftu og að rannsakast, þar eð hann hefir áður átt sæti í stjórninni. En það er þó meira að formi til, að það getur rekið sig á. Hugsum oss, að ný nefnd sje kosin, og í hana sjeu skipaðir þessir kunnugu menn og háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), sem með þeim vill vinna að ákveðnu marki. (**E. A.**: Hvaða marki?). Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) veit það vel. Jeg vil ekki gera honum þann grikk að segja það hjer. (**E. A.**: Þm. þorir það þá ekki). Háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) veit vel, að jeg er engu hugblauðari en hann. Þótt einn maður sje í 5 manna nefnd, sem ekki vill starfa með að sama marki, þá getur nefndin altaf bætt við sig mönnum, og er því hægt að vinna verkið til fullnustu, þótt svo standi á. Það var dálítið einkennilegt, sem kom fram hjá sama háttv. þm. (G. Sv.), að það væri best að þeir, sem störfuðu að rannsókn þessari, væru sem kunnugastir. Það er alveg rjett, að kunnugleikinn er mikill kostur. En hví sjer þá ekki hinn háttv. þm. (G. Sv.) þennan kost hjá núverandi stjórn? Hví vill hann þá ekki vísa máli þessu til stjórnarinnar, og láta hana svo taka þá tvo fyrverandi ráðherra, háttv. 2. þm. Árn. (E. A.) og háttv. 1. þm. G.-K. (B. K.), sjer til aðstoðar? Þá eru það alt kunnugir menn, sem að verkinu vinna.

Þá þótti mjer það líka undarlegt, er sami háttv. þm. (G. Sv.) talaði um, að jeg væri að verja stjórnina. Fyrir hverju ætti jeg að verja hana? Hinn háttv. þm. (G. Sv.) hefir sjálfur lýst yfir því, að hann væri ekki að ráðast á hana. Hvi skyldi jeg þá vera að verja hana? Þetta hlýtur að vera ímyndun hans eða draumur. Þá er ekki hægt að verja, sem ekki er ráðist á.

Vil jeg svo að endingu fela stjórnina kærleiksríkri umsjá háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.).

Flm (Gísli Sveinsson): Jeg skal nú ekki tala langt mál, því að orð háttv. þm. Dala. (B. J.) gáfu ekki sjerlegt tilefni til þess. Hann (B. J.) komst svo að orði, að það væri ætíð skylda fjárhagsnefndar að athuga fjárhag landsins, og væri sú skylda falin í nafninu sjálfu. (**B. J.:** Það er skylda samkvæmt þingsköpum). Það er þá af því einu, að þingsköpin nefna hana fjárhagsnefnd. Eftir þeirri röksemdafærslu ætti þá sú háttv. nefnd, sem hann hefir verið í undanfarið og er enn, fjárveitinganefndin, ávalt að leita allra bragða til að veita fje úr landssjóði, þótt engin fjárbeiðni lægi fyrir. Nú, jæja! Þetta »smakkar« nú óneitanlega dálítið af því, sem menn hafa getað látið sjer detta í hug um háttv. þm. (B. J.), en jeg hjelt ekki, að slík nafnaskýring myndi koma beint fram hjer á þingi.

Jeg taldi, að kunnugir menn væru starfhæfastir í þessa nefnd sem aðrar, ef unt væri að fá þá. Þessu mótmælti háttv. þm. Dala. (B. J.) ekki, en vísaði til þess, að málið ætti helst að ganga til núverandi stjórnar, því að hún væri málinu hvað kunnugust. Það getur nú vel verið, að stjórnin sje málinu kunnugust, og er enda rjett sjálfsagt. En sú var nú ekki ætlun flutningsmanna, að þingmenn afsöluðu sjer rjetti sínum til að rannsaka málið sjálfstætt, sem gert er ef máli er vísað til stjórnar. En ef málinu yrði vísað til stjórnarinnar, sem hjer á sjálf hlut að máli, þá er öfugt að farið, og þá er málið ekki rannsakað. En tilgangur þessarar till. er ekki sá einn, að varpa allri sinni áhyggju upp á stjórnina; að minsta kosti skil jeg ekki hlutverk mitt svo, en þar með er vitanlega ekki útilokað, að stjórn geti komist að rjettri niðurstöðu um ýms atriði.

Fleira var ekki í ræðu háttv. þm. Dala. (B. J.), sem máli skifti, því að hvað sem hann segir um sókn og vörn, þá er það út í hött, þar sem jeg hefi ekki verið að ásaka stjórnina neitt á þessu stigi málsins. Hver bar það á hann, að hann væri að verja stjórnina? (**B. J.:** Jeg vildi slá varnaglann). Varnagla við hverju? En af varnöglunum má einmitt oft ráða í, hverjir aðalnaglarnir eru í málunum.

Bjarni Jónsson: Mikið rjett, og auðráðið, hver hjer er mestur naglinn.

Háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) talar um það sem býsn nokkur, að fjárveitinganefnd veiti fje hve nær sem er. En hann má þá vita hjer eftir, að fjárveitinganefnd ber skylda til að athuga það á hverju þingi, hvar þarf að veita fje. Vona jeg, að háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) neiti ekki þessu. Vil jeg því biðja hann að gæta sín betur næst, er hann gerist slíkur málflutningsmaður sem nú. En jeg leiddi það af orðum hans um kunnugleikann, að eins vel mætti fela þeim þm. að rannsaka þessi mál, sem fást við þau nú, eins og öðrum, sem fengust við þau fyrir 2—3 árum. Þeir eru alveg jafnfærir til þess frá öðru en formlegu sjónarmiði.

Hvað því viðvíkur að verja stjórnina,

þá býst jeg við, að talað verði um það síðar á þingi, og skal jeg þá svara honum.

ATKVGR.

Brtt. 26. feld með 13:5 atkv.

— 25. feld með 13:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. Sv., B. J., E. Árna., H K., P. J., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Ó. B.

nei: Þór. J., B. K., E. A., G. Sv., J. J., J. B., M. G., M. P., M. Ó., P. O., P. Þ., S. S., Þorst. J.

J. M. greiddi ekki atkv.

Þrir þm. (B. St., E. J. og S. St.) fjarstaddir.

Till. samþ. með öllum gr. atkv.

Nefndarkosningu síðan frestað til næsta fundar, vegna fjarveru þriggja þingmanna.

Á 11. fundi í Nd., laugardaginn 27. apríl, fór fram

Nefndarkosning.

Hlutfallskosning var viðhöfð. Fram komu 3 listar, A-listi frá Sjálfstæðisflokknum, B-listi frá Heimastjórnarflokknum og C-listi frá Framsóknarflokknum, með jafnmörgum mönnum samtals á listunum og kjósa skyldi.

Forseti lýsti því kjörna í nefndina:

Matthías Ólafsson	(Af B-lista)
Einar Árnason	(— C- —)
Einar Arnórsson	(— B- —)
Bjarna Jónsson	(— A- —)
Björn Stefánsson	(— B- —)

(Sbr. og A. bls. 547).

---

4. Fjárhagsnefnd Nd. falið að athuga fjárhag landsins.

Á 6. fundi í Nd., laugardaginn 20. apríl, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um, að fjárhagsnefnd athugi fjárhagsástand landsins (A. 20).

Á 8. fundi í Nd., þriðjudaginn 24. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umræða.

Á 9. fundi í Nd., miðvikudaginn 24. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Sigurður Stefánsson): Oss flutningsmönnum þessarar till. þótti sem þess væri full þörf, að fjárhagsmál landsins væru á þessu þingi — þótt aukaþing sje — athuguð með meiri nákvæmni en venja er til á aukaþingum. Hygg jeg, að háttv. deild geti verið oss samdóma um það, að á þessu sje full nauðsyn, þegar þess er gætt, hvernig síðasta þing skildi við fjárlögin, og einnig er litið á hitt, hvernig árferði hefir verið upp á síðkastið og er enn í fjármálaefnum og atvinnuvegum, sem afleiðing af því alheimsböli, er nú gengur yfir heiminn. Þá má það og öllum þingheimi kunnugt vera, að kjósendur víðs vegar úti um land biða þess með óþreyju að fá sem best og glegst yfirlit yfir fjárhag landsins nú á þessu aukaþingi.

Síðasta þing skildi við fjárlögin með ca. 800 þús. kr. tekjuhalla, auk ýmsra útgjalda í sjerstökum lögum og þingsályktunum, sem ekki voru tekin upp í fjárlögin. Jeg lít nú svo á, sem margir fleiri, að allmikið hafi brostið á, að síðasta þing skildist við fjárhag landsins

með fullri forsjá og fyrirhyggju. Að vísu hefir reyndin oftast orðið sú, síðan vjer fengum fult fjárforræði, að betur hefir ræst úr um áætlaðar tekjur í fjárlögunum en menn hafa gert sjer í hugarlund, tekjur og gjöld staðist á, eða tekjuafgangur orðið, þótt gjöldin hafi jafnan farið fram úr áætlun. En nú er alt öðru máli að gegna, enda hefir reynslan sýnt það síðan á síðasta þingi. Það, sem af er fyrra fjárhagsárinu, hefir reynslan orðið sú, að tekjurnar hafa langt frá hrokkið til að vega móti gjöldunum.

Þetta er líka eðlilegt, þegar litið er á, hvernig tekjulindum vorum er háttað. Tekjur vorar eru mestmegnis skattar, beinir og óbeinir. En óbeinu skattarnir hljóta skiljanlega að taka heima, þegar bæði atvinnuvegir og verslun verða fyrir áföllum. Af yfirliti því yfir fjárhag landsins, er hæstv. fjármálaráðherra gaf deildinni fyrir skemstu, er það ljóst, að það tímabil, sem liðið er af fjárhagsárinu 1918, endar með ca. $1^1/_2$ milj. kr. tekjuhalla. Þetta væri nú ekki svo óttalegt út af fyrir sig, ef útlit væri fyrir, að næsta ár yrði tekjumeira og útgjaldaminna en síðastliðið ár. En svo er ekki, heldur er einmitt útlit fyrir, að tekjuhallinn vaxi sem snjóskriða í bröttu fjalli. Fjárhagur vor í framtíðinni er því alls ekki glæsilegur, þegar á alt er litið.

Skuldir landsins skifta nú þegar tugum miljóna. Hafa þær verið stofnaðar síðastliðið ár, síðan böl heimsstyrjaldarinnar tók að ná til vor, og má segja um mörg þau lán, að þau voru tekin í sjálfsögðum bjargráðatilgangi. En hjer er og sú bót í máli, að þessar miljónir eru enn ekki nema að örlitlum parti orðnar að eyðslufje. Eftir skýrslu hæstv. fjármálaráðh. eru, ef jeg man rjett, 150 þús. kr. orðnar eyðslufje, og undir núverandi ástandi má það ekki ofbjóða neinum. Annars standa þessar miljónir í verslun landsins, skipum, húsum, verslunartækjum o. fl. lánum og öðrum upphæðum. Og þegar þessa er gætt, er stofnun þessara lána sjálfsagt bjargráð, og ekkert við það að athuga, þótt auðvitað verði að gefa því nákvæman gaum. En út af fyrir sig eru þessar miljónaskuldir minni hrædslugæði en sívaxandi tekjuhalli í fjárlögunum. Jeg sje ekki betur en að þá standi hreinn fjárhagsvoði fyrir dyrum, ef tekjuhallinn vex ár frá ári án þess nokkuð sje aðhafst. Og sá fjárhagsvoði verður enn meiri ef slíkur tekjuhalli vex nú, þar sem enn má búast við, að gjaldþolið fari síminkandi, af óviðráðanlegum ástæðum.

Það þarf nokkurt hugrekki til að horfast í augu við þá döpru mynd, sem framtíðin bregður upp fyrir oss. En ekki dugir annað en að horfast í augu við hana og leita sjer ráða, svo að þessi voði verði ekki lands og lýða tjón. Er því ekki nóg að hrista höfuðið yfir hinum háu tölum í tekjuhallaregistri landsins, en greiða svo atkvæði með hverjum gjaldauka, hvort sem hann er nauðsynlegur eða ekki. Nú er þess hin fylsta þörf að vera dyggilega á verði og sjá við þeirri hættu, að landið, fyrir ljettúð og handvömm vora, þjóðfulltrúanna, sökkvi í óbotnandi skuldir, því að ef svo færi, þá megum vjer vel vita, að sjálfsforræði getur verið hætta búin.

Vera má, að sumir telji þessa ræðu mína ekki snerta till. beinlínis, þá er liggur fyrir, en jeg vil þó segja, að hún snerti hana að ýmsu leyti. Jeg verð að álíta, að ein af sjálfsögðustu bjargráðatilraunum þingsins verði að vera sú, að athuga tölurnar í búreikningi landsins, ekki með ógn, ofboði og hryllingi, heldur athuga öll útgjöldin, ástæðurnar til þeirra og hlutföllin milli upphæðar þeirrar og þess gagns, er þjóðin hefir

haft af þeim. Þetta tel jeg brýna skyldu þingsins og ljett verk. En sje það ekki unnið, mun þingið hljóta ámæli mikils hluta þjóðarinnar, því að það er áreiðanlega víst, að þeir landsmanna, er hugsa nokkuð um fjárhag landsins, horfa með óró og kvíða fram á ókomna tímann.

Komist menn nú við rannsókn þessa að þeirri niðurstöðu, að þessar tölur sýni óhjákvæmileg útgjöld, sem landinu sje og hafi verið verulegur stuðningur að í þeirri ströngu baráttu, sem það verður nú að heyja fyrir tilveru sinni, þá tel jeg vel farið. Og þá tel jeg, að þessi rannsókn hafi orðið til þess að drepa niður þeim mörgu hviksögum og getgátum, er gengið hafa fjöllunum hærra um allar sveitir þessa lands, um ráðlauslega meðferð á fje landsins. Verði þessi niðurstaðan, mega bæði landsstjórn og landsmenn láta sjer vel líka. En komi það aftur í ljós, að mistökin í meðferð landsfjárins hafi verið meiri en við mátti búast — því að altaf má búast við þeim nokkrum —, þá getur það orðið til þess, að þing og stjórn láti sjer þessi víti að varnaði verða framvegis.

Jeg vil geta þess, að þessi till. er ekki fram komin fyrir þá sök, að vjer flutningsmenn vantreystum háttv. fjárhagsnefnd, eða gerum ráð fyrir, að hún myndi ekki hafa athugað þetta mál ótilkvödd, heldur vildum vjer með þessari till. túlka fyrst og fremst vilja meiri hluta háttv. deildar, sem jeg veit að samþykkir till., og enn fremur, að hjer kæmi fram skýrt og ótvírætt vilji meiri hluta almennings, sem, eins og jeg drap á áðan, hefir aldrei sem nú krafist þess að fá yfirlit yfir fjárhag landsins, bæði í stórum dráttum og einstökum atriðum.

Þess vegna tókum vjer upp þessa leið, til þess að gefa till. meiri kraft, svo að það sæist, að þingið vildi nú, fremur en endranær, snúa sjer að þessu atriði, að gefa þjóðinni sem glegst og greinilegast yfirlit yfir fjárhaginn og horfurnar.

Og það vil jeg taka fram að endingu, sem jeg vona, að allir hugsandi menn, og þá ekki síst fulltrúar þjóðarinnar, sjeu mjer samdóma um, að fjárhagshorfur og bjargráða sjeu nú þannig yfirleitt, að aldrei hafi verið meiri nauðsyn en nú að beita fylstu varkárni um að auka útgjöldin, og það svo, að vísa beri frá þinginu hjer um bil undantekningarlaust öllum þeim útgjöldum, er ekki horfa beint til bjargráða á þessari skelfingatíð.

Og jeg skal bæta því við, að sem þingmaður vil jeg að þessu sinni treysta á fremsta hlunn með sannfæringu mína, til þess að taka vel þeim tekjuaukafrv., sem að líkindum koma frá hæstv. stjórn.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg skal fyrst víkja að því, sem háttv. flm. till. (S. St.) lagði áherslu á, nefnilega, að hætta væri á ferðum fyrir landið, ef lánsfjeð væri tekið til að fylla upp í tekjuhallaskörðin.

Jeg vjek að þessu í yfirlitsræðu minni um daginn, og taldi þá upp nokkuð á aðra miljón króna, sem orðið gæti halli á þessu ári, og enn fremur ljet jeg þess getið, að tekjurnar myndu áreiðanlega verða undir áætlun. Alt þetta bendir í þá átt, að nauðsyn sje á að sjá fyrir tekjuauka á þessu þingi. Jeg gat þess þá, að von væri á frv. í þá átt, og vænti jeg, að eitt komi eftir 2 daga. Það gladdi mig mjög að heyra áhuga hans (S. St.) og þá áherslu, er hann lagði á það, að þau væru flutt og þeim vel tekið.

Að öðru leyti skal jeg taka það fram um till., að jeg bjóst altaf við því og taldi það sjálfsagt, að háttv. fjárhags-

nefnd gegndi þeirri skyldu sinni, að rannsaka fjárhag landsins sem best. Jeg skal þegar lýsa yfir því, að stjórninni er það hin mesta ánægja að gefa fjárhagsnefnd allar mögulegar upplýsingar og leiðbeiningar.

Háttv. flm. (S. St.) mintist á hviksögur, sem myndast hefðu um ýmsar fjármálaráðstafanir stjórnarinnar. Það er alveg rjett hjá honum, að það væri mjög heppilegt, að fjárhagsnefnd tæki þau atriði til mjög svo nákvæmrar rannsóknar. Engum mun það þakklátara verk en stjórninni, því að hún óskar þess að leggja öll sín plögg á borðið, svo að þjóð og þingheimur megi kynna sjer þau.

Jeg vil endurtaka það, að stjórninni er það óblandin ánægja að veita háttv. fjárhagsnefnd allar þær upplýsingar, sem unt er í þessu máli. Og hún væntir og óskar sem bestrar samvinnu við fjárhagsnefndina um tekjuaukafrv. þau, er hún mun leggja fram.

Það verður erfitt að finna tekjuauka, en hjer þarf svo mikils við, að ekki dugir að kveinka sjer, þótt einhverjum sje nær höggið, og því að eins er fjárhag landsins borgið, að tekjuauki fáist.

Aftur er ekkert athugavert, þótt miljónalán sjeu tekin, til þess að hrinda áfram verslun landsins og skipakosti. Það er þjóðinni lífsnauðsyn, hrein og bein bjargráð. Það mun sýna sig enn betur síðar, að þær ráðstafanir, er gerðar voru á þinginu 1916—17, að heimila stjórninni fje til skipakaupa, hafa verið hinar þörfustu, og þing og stjórn mun aldrei þurfa að iðrast þess, að sá var upp tekinn.

Bjarni Jónsson: Það gleður mig, að jeg þarf ekki að deila við hv. sessunaut minn (S. St.). Jeg hafði hugsað, að hann myndi mæla harðara. Þó eru hjer í einstök smáatriði, sem jeg er honum ekki meir sammála um nú en áður. Er það þó ekki beint í sambandi við till., þar sem hann lagði áherslu á, að ekki sje hallí í fjárlögum. Það hefi jeg aldrei getað lagt þunga áherslu á, af þeim ástæðum, er hann nefndi, að tekjur hafa jafnan reynst meiri en áætlað var. Það er jafnan hægt að búa til halla, með því að áætla gjöldin of hátt en tekjur of lágt, og draga sig með því á tálar og álíta ófært að samþykkja útgjöld til nauðsynlegra framkvæmda.

Jeg ætla, að svo hafi og reynst að þessu sinni, að tekjur hafi farið fram úr áætlun, en auðvitað hafa gjöldin einnig reynst meiri, sakir ýmissa fjárveitinga utan fjárlaga. Og það er satt, að rjettara væri að taka allar fjárveitingar upp í fjárlögin, en leggja minni áherslu á hitt, að gera fjárlögin hallalaus úr garði.

Jeg skal ekki um það deila, hvort fjáhagsútlitið sje glæsilegt eða ekki. En hitt er ljóst, að eigi er einhlítt að hugsa um fjárhag landssjóðsins, því að hagur alls landsins getur verið undir því kominn að spara ekki landssjóð og nota sjer lánstraust hans, til þess að halda lífi í mönnum og fjárstofni. Það er betra, að landssjóður skuldi, heldur en að landsmenn og bústofn svelti og falli úr hungri. Ef þjóðin lifir af óáran, þá er hitt minna, þótt illa standi heima töludálkar í landsreikningunum. Líf og heilsa þjóðarinnar er miklar tekjur fyrir framtíðina. Með því eru fleiri til þess að vinna upp fjárhagsskaðann, sem getur verið mikill, en þó ekki versti skaðinn. Líf þjóðarinnar er meira vert en peningar hennar. Það getur stundum verið töluvert dýrt að spara.

Setjum svo, að sú skoðun hefði haldið áfram að ríkja, að það væri of mikil áhætta að leggja út í skipakaup, og að svipað hefði orðið hjá oss nú eins og

á dögum Guðbrands biskups, þegar málsmetandi menn skrifuðu konungi og báðu hann að leyfa ekki þann gapaskap, að Guðbrandur hefði skip í förum.

Hefði slík skoðun ríkt, myndi það hafa orðið til þess, að enginn hefði þorað að kaupa skip. En þegar styrjöldin tók að herða að, sáu menn, að ekki varð hjá því komist.

Það er alls ekki rjett, sem menn halda um landssjóð, að aldrei megi sjást neinn tekjuhalli í bókum hans; þvert á móti getur það komið til athugunar, hvort það geti ekki verið alveg nauðlegt, að þar sje stundum tekjuhalli, eins og nú er, og hvort ekki sje nauðsynlegt að hafa tekjuhalla í framtíðinni, til þess að bjarga þjóðinni. Það verður aldrei aðalatriðið að sjá um, að tekjur og gjöld standi heima í reikningum landssjóðs, heldur að sjá um, að sá kostnaður, sem landssjóður ber, fari til einhvers, sem gagn er að.

Hvað hina háttv. nefnd snertir, þá skal jeg geta þess, að mjer þótti vænt um að heyra, að háttv. þm. (S. St.) ætlaði henni að drepa niður hviksögum, sem hann hefir heyrt um aðgerðir landsstjórnarinnar. Það gleður mig, að hann hugsar svo mikið um þá menn, sem í stjórninni eru, enda þótt það sje ekki nema eðlilegt að vissu leyti, því að hans flokkur á einn manninn í stjórninni, og einmitt þann manninn, sem mestu getur ráðið, og því eðlilegt, að hann vilji slá þær niður, ef nokkrar eru, og ekki nema gott, að þær þagni. En jeg verð að geta þess, að jeg hefi engar heyrt, og þó að gáskafullar greinar standi í ýmsum blöðum, sem oft verður milli jafnaldra manna, þá þarf ekki að kjósa nefnd á Alþingi til þess að slá þær niður.

Svo sagði hv. þm. (S. St.) að þetta væri til þess að túlka vilja meiri hluta deildarinnar og til þess, að deildin og almenningur fengi nákvæmt yfirlit yfir einstök atriði. Það kann rjett að vera, að það sje vilji almennings og meiri hl. þessarar háttv. deildar að fá slíkt yfirlit, en nú hefir háttv. deild fengið allgreinilegt yfirlit hjá hæstv. fjármálaráðherra um einstök atriði, og reikningar landsverslunarinnar sýna, hvernig hagur hennar muni standa, svo að það ætti þess vegna ekki að þurfa að kjósa neina nefnd, eða vísa til sjerstakrar nefndar, til þess að fá þetta yfirlit. Það er öllum vitanlegt, að þessi starfi heyrir undir verkahring fjárhagsnefndar, og hefði því dugað að stinga því að nefndarmönnum einslega að gæta nú vel skyldu sinnar á þessu þingi. — En enginn skilji orð mín svo, að jeg álíti, að af þessu stafi nokkurt tjón fyrir stjórnina sjálfa.

Háttv. þm. (S. St) sagði í niðurlagi ræðu sinnar, að aldrei lægi meira á að spara en nú og að hann vildi vísa frá öllum fjárbeiðnum, sem ekki væru beinlínis til bjargráða fyrir landið. En hjer kemur líka annað til greina. Landið getur vel þurft á meira lánstrausti að halda, og þess vegna er sjerstaklega ástæða til þess að gera ekkert það, er spilt geti fyrir því. Það er varhugavert að tala mikið um hið hörmulega fjárhagsástand landsins, því að það getur viljað til, að þeir útlendir sendimenn — eða ræðismenn —, sem hjer eru, sjái þetta, og geti þeir verið fljótir til — eins og ræðismenn eru vanalega — að skýra sinni stjórn frá því, að hjer væri ekki alt sem hreinast, og er mjög líklegt, að þetta gæti orðið til mikils ógagns fyrir landið, þegar það er borið fram af mikils metnum fjármálamönnum. Jeg hefi t. d. heyrt, að annar bankastjóri sá, sem hjer er ræðismaður Svía, hafi látið það í ljós, að verið gæti, að slíkt yrði landinu ekki til ábata, ef það væri notað,

og þykir mjer líklegt, að landinu yrði ekki meiri hagur að því en þeim sparnaðarþulum, sem þessi háttv. nefnd kynni að þylja hjer innan þings.

Annars er hjer ekki þörf á annari nefnd en fjárhagsnefnd, því að hjer er ekki farið fram á, að hún fari út fyrir sinn verkahring, heldur gegni skyldu sinni, svo að nefndin getur vel tekið það illa upp, að mönnum þyki þurfa að knýja hana til þess að vinna skyldu-verk sín.

Jeg vil þá loks geta þess, að jeg segi þetta án þess að vilja á nokkurn hátt draga úr þeirri varfærni, sem háttv. flm. (S. St) leggur til að höfð sje, og án þess að mjer detti í hug að óska þess, að öllu fje landsins verði ausið út, þá verð jeg þó að geta þess, að fleira þarf að varast en eyðslu, t. d. að skemma lánstraust sitt. Mætti þá minna á, að mörgum þykir það af ýmsum ástæðum illa farið, að stjórnin tók lán í Danmörku síðast; mundi margur hafa glaðst af því að sjá að lánstraustið væri opið, og að hægt væri að fá annarsstaðar lán til þess að geta borgað það, sem þyrfti, en hvað till. þessa snertir, þá hygg jeg, að hún miði eigi til þess að auka lánstraust landsins. Og ef það er satt, sem háttv. þm. (S. St.) sagði, að fje væri ekki til, þá er það ekki fyrsta sporið til þess að ráða bót á því, að segja sem svo, að hjer sje alt á fallanda fæti. (**S. St.:** Það sagði jeg ekki). En hv. þm. (S. St.) sagði þó, að þetta væri gert til þess að benda alþýðu á, hvernig ástandið væri, en hverjar orsakir væru til þessa ástands, það hafði hann engin orð um.

Annars tel jeg hjer enga hættu á ferðum, aðra en þá, sem af því hlýst, að þessi till. er komin fram, og væri þeim mönnum, er líkt hugsa og háttv. flm. (S. St.), varlegra að láta slíkar till. koma fram leynilega, svo að ekki þurfi að prenta till. þeirra, sem svo sjeu opinberlega ræddar hjer í þingsalnum.

Flm. (Sigurður Stefánsson): Jeg get sagt, að öll ræða háttv. þm. (B. J.) snerti mjög lítið þau fáu orð, sem jeg sagði, með því líka að þau koma ekki þessu máli beinlínis við.

Háttv. þm. (B. J.) virtist enn þá gleðja sig við þá von, að tekjurnar mundu í framtíðinni reynast meiri en áætlað væri, og þó sjerstaklega þegar talað væri um það fjárhagsár, sem nú stendur yfir. En jeg er hjer á alt annari skoðun en hann, og hygg jeg, að sárfáir deildarmenn muni hafa þá von, að svo muni úr rætast, sem hann sagði, og jeg sný ekki aftur með það, sem jeg sagði, að það mundi ekki skemma lánstraust landsins út á við, að við hjeldum okkur sem mest við bjargráðaráðstafanir inn á við. Mjer er það mikil ráðgáta, hvernig till. sú, er hjer er fram komin, getur skemt lánstraust landsins, eða er má ske rjettara, að það segi sig meira en það er, einungis í þeim tilgangi að auka lánstraust sitt, þótt það má ske viti, að alt sje á fallanda fæti hjá því?

Við vitum mörg dæmi þess, að þeir einstaklingar eru til, sem bera sig mjög mannalega, ganga milli lánsstofnana landsins og prakka sjer út lán með ýmsum, og stundum miður heiðarlegum, ráðum, en reynast svo, er að skuldadögunum kemur, alt aðrir menn en þeir þóttust vera.

Jeg álít, að ef þiug og stjórn ætti að taka upp þá reglu, þá yrði það ekki til þess að vernda lánstraustið og auka það út á við, heldur miklu fremur til þess, að hún misti það einn góðan veðurdag.

Þótt það sje ekki beinlínis nauðsynlegt í »normal«-ári, að fjárlögin sjeu tekjuhallalaus, þá álít jeg það þó mik-

ilsvert snið á fjárlögum vorum, að tekjuhallinn sje sem minstur og að frestað sje þeim útgjöldum, sem helst mega bíða; það er ekki meira en það, sem hver og einn góður búmaður gerir í slæmu ári; þá dregur hann úr þeim útgjöldum, sem helst mega bíða, án þess að það verði beinlínis til skaða fyrir búskap hans. Þessi búskaparregla er svo góð, að sjálfsagt er fyrir okkur að fylgja henni.

Það er ekki heldur rjett, að þessi till. hefði aðallega verið borin fram til þess að slá niður hviksögum, sem jeg reyndar skal játa að jeg hefi heyrt, þó að háttv. sessunautur minn (B. J.) hafi ekki heyrt þær. Aðaltilgangurinn var það að fá sem glegst yfirlit yfir fjárhaginn og fá að vita, hvernig þeim liðum hefði verið varið, sem mest orsaka tekjuhallann, og að sú till. geti á nokkurn hátt spilt fyrir lánstrausti landsins, það get jeg ekki skilið, því að jeg held, að það sje best, eins og jeg tók fram áðan, að koma til dyranna eins og maður er klæddur.

Annars fór háttv. sessunautur minn (B. J.) fremur mildum orðum um ræðu mína, en þó naumast eins mildum og mjer fanst hún gefa tilefni til.

Bjarni Jónsson: Jeg vil að eins gera þá stuttu athugasemd, að jeg taldi það ekki ráð að láta eins og fjárglæframenn. Jeg held, að það hafi enginn getað fengið út úr ræðu minni, að landið þyrfti að auka lánstraust sitt með þeirri aðferð.

En það er annað, sem hjer kemur til. Jeg vil ekki, að verið sje að hrópa í eyru manna, jafnt útlendra sem innlendra: Nú er fallega í pottinn búið á Íslandi, nú er alt í voða! Og það jafnvel þótt hagur landsins standi með miklum blóma, með meiri blóma en nokkurs lands, sem stendur í öngþveiti styrjaldarinnar. Það er það, sem enginn maður má gera. Erlendir menn, sem heyra, að slík till. hafi komið fram á þingi Íslendinga, spyrja að eins um, hvort hún hafi verið samþ, og heyri þeir, að svo hafi verið, þá finst þeim það sjálfsagt athugavert. Þetta þarf ekki að deila um, því að það veit hver maður, sem hjer er innan veggja, en vilji einhver neita þessu, þá mun jeg láta hann um það.

Jeg vildi að eins, að farið væri varlega í þeim efnum, sem geta vakið grun um það, að hagur landsins sje verri en hann er í raun og veru, og vil jeg ekki, að neinn gefi það í skyn.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með öllum gr. atkv.
Fyrirsögn samþykt án atkvgr.
(Sbr. og A. bls. 538).

[Skýrslur nefndarinnar eru á þgskj. 83, 111, og 474].

---

5. Fjárveitinganefnd Nd. falið að íhuga launamál.

Á 35. fundi í Nd., fimtudaginn 30. maí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um skipun launamálanefndar (A. 254).

Á 36. fundi í Nd., föstudaginn 31. maí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli (A. 254, 267).

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 37. fundi í Nd., laugardaginn 1. júní, var till. tekin til einnar umr. (A. 254, 267, 288).

Afbrigði leyfð og samþ. um brtt. 288, er of seint var útbýtt.

Frsm. (Pjetur Jónsson): Jeg ætla ekki að halda langa framsöguræðu. Jeg hefi vikið að þessu máli áður og komist þá inn á sömu leið og till. fer. Mjer finst, að þingmenn geti ekki sloppið við að svara tilmælum þeim um launabætur, sem fyrir þinginu liggja.

Tilgangur flutnm. er sá, að nefndin, sem stungið er upp á, taki þessar málaleitanir til athugunar og samanburðar við kjör annara embættismanna og rannsaki, hvort ástæða sje til að bæta kjör hinna og þessara embættismanna, sem eigi hafa fundið ástæðu til að senda þinginu kvartanir yfir kjörum sínum.

Það, sem kom oss til að bera fram till. þessa, var, að vjer höfðum heyrt raddir um það frá nálega öllum, er greitt höfðu atkvæði móti launabótum þeim, er til meðferðar hafa verið, að þeir hefðu eigi gert það vegna þess, að þeim hafi þótt slíkar kröfur ósanngjarnar, síst sumar, heldur af hinu, að það, sem fyrir lá, skapaði ósamræmi m.óts við aðra og misrjetti. Jeg hygg, að meiri hluti hv. deildarmanna mundi vilja víkjast undir slíkar umbætur, ef gerðar væru rjettlátlega og með reglu og yfirliti yfir heildina. Jeg býst við, að nefndin mundi taka jafnt tillit til frv. þeirra, sem hjer liggja fyrir, t d. frv. um laun háyfirdómara og skrifstofustjóra í stjórnarráðinu og frv. um launakjör lækna og annara till., sem fara í svipaða átt.

Það getur verið vafamál, ef stinga á upp á launabótum, hvort þær ættu að eins að vera breyting á dýrtíðarlögunum eða bráðabirgðabreyting á launalögunum, því að jeg geri ekki ráð fyrir, að neinum detti í hug, að nefndin geri algilda breytingu á launalögunum til frambúðar. Fyrir oss vakti að eins bráðabirgðaumbót, er væntanleg nefnd áliti tiltækilega. Vík jeg ekki nánar að því að þessu sinni, hvort bráðabirgðalaunahækkun muni vera heppilegri en dýrtíðaruppbót.

En um það atriðið, hvort nauðsyn beri til að skipa sjerstaka nefnd í mál þetta, í stað þess að fela það fjárveitinganefndinni, skal jeg geta þess, að jeg vildi ekki toga málið inn í fjárveitinganefndina. Mjer þykir haganlegra að velja sjerstaka nefnd með beinni hliðsjón til þessa máls. Einnig hefir komið til mála, að Ed. veldi samskonar nefnd, og teldi jeg það heppilegt, og svo hitt, að samvinna gæti orðið milli nefndanna. En þá þarf ekki 7 menn í nefndina hjer, og er því tillaga um að fækka nefndarmönnum um 2. Nú þótt fjárveitinganefnd yrði falið málið, ætti slík samvinna að geta átt sjer stað. Hjer er sem sje borin fram brtt. um að fela fjárveitinganefnd málið.

Björn R. Stefánsson: Jeg tek eigi til máls af áhuga fyrir þessari nefndarkosningu, heldur af því, að jeg leit svo á málið, að ekki yrði hjá því komist, að þingið tæki málaleitanir þessar til greina. Margar þeirra eru á það miklum rökum bygðar, að mjer virtist, að þingið gæti ekki látið undir höfuð leggjast að svara þeim. Mjer þætti heppilegast, að málið yrði látið hverfa undir fjárveitinganefnd. Háttv. frsm. (P. J.) kvaðst vilja kjósa sjerstaka nefnd, af því að fjárveitinganefndin væri ekki kosin með sjerstöku tilliti til þessara mála. En slíkt hið sama mætti segja um fleiri nefndarkosningar. Þegar nefndir eru kosnar í þingbyrjun, vita menn ekki um öll þau mál, sem þeim kunna að verða falin. Annars geri jeg þetta atriði ekki að neinu kappsmáli, en eftir því, sem jeg hefi komist næst, mundi í sjerstaka nefnd aðallega

eða eingöngu kosnir menn, sem eru í fjárveitinganefnd, að eins 2 gengju úr, en þessir 2 held jeg að engu spilli, þó að þeir fái um mál þetta að fjalla ásamt hinum. Á því er brtt. mín bygð.

Pjetur Ottesen: Afleiðingin af nefndarkosningu mundi verða sú, að þetta launamál kæmist inn í þingið eins og það er sig til. Enda virðist svo á sumum að heyra, að það eigi ekki illa við.

Jeg skal fúslega viðurkenna, að margir embættismenn hafa mist mikils í á þessum tímum. En þess ber og að gæta, að útlitið hjá öðrum stjettum landsmanna er ekki heldur glæsilegt. Einhver takmörk verður að setja fyrir launahækkun. En ef nefnd verður kosin, drífur þetta alt inn á þingið. Jeg vildi fyrirbyggja, að málið yrði tekið til meðferðar á þessu aukaþingi. En hjá því verður sennilega ekki komist, og álít jeg landsstjórninni um að kenna, því að alt er þetta runnið frá frv. hennar. Ef ekki verður hjá því komist, að eitthvað verði aðhafst í þessu máli, álít jeg, að fjárveitinganefndin geti gert það. Engin ástæða til að kjósa sjerstaka nefnd. En þar sem háttv. frsm. (P. J.) sagði, að nefndina ætti að kjósa með sjerstöku tilliti til þessa máls, þá má minna á það, að fjárveitinganefnd hafði þessi mál til meðferðar 1916. Jeg álít því rjett vera, að fjárveitinganefnd verði falið málið, ef nefnd verður valin á annað borð.

ATKVGR.

Brtt. 288, 1. samþ. með 13:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: J. B., M. G., P. Þ., S. St., St. St., Þorst. J., B. Sv., B. J., B. St., E. A., E. Árna., J. M., Ó. B.

nei: M. P., M. Ó., S. S., Sv. Ó., Þorl. J., Þór. J., B. K., J. J. P. J., P. O., G. Sv. og H. K. greiddu ekki atkv.
Einn þm. (E. J.) fjarstaddur.

Brtt. 288, 2. samþ. án atkvgr.
Tillgr og brtt. 267. þar með fallnar.
Till., svo orðuð, (sjá A. 298) samþ. með 15:10 atkv, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: J. J., J. M., J. B, M. Ó., P. J., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. Sv., B. J., B. K, B. St., E. A., G. Sv., Ó. B.

nei: M. G., M. P., P. O., P. Þ., S. S., S. St., St. St., Sv. Ó., E. Árna, H. K.
Einn þm. (E. J.) fjarstaddur.
(Sbr. og A. bls. 538).

6. Fullveldisnefnd efri deildar.

Á 3. fundi í Ed., miðvikudaginn 17. apríl, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um skipun nefndar til þess að íhuga sjálfstæðismál landsins (A. 8).

Á 4. fundi í Ed., fimtudaginn 18. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umræða.

Á 5. fundi í Ed., föstudaginn 19. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Karl Einarsson): Það

þarf ekki að hafa mörg orð til að sýna nauðsynina á því að skipa nefnd þá, sem ræðir hjer um, á þgskj. 8. Á Alþingi 1917 var afgreidd till. til þingsályktunar um að fá löggiltan siglingafána fyrir Ísland. Háttv. deild er það kunnugt, hvernig fór um það mál, er það var borið fram af hæstv. forsætisráðherra fyrir hans hátign konunginum, og má vísa um þetta til þess, sem birt hefir verið af umræðunum í ríkisráði um þetta mál.

En eins og jeg tók fram í ræðu minni, er jeg bar fram frv. til laga um íslenskan farfána á Alþingi 1917, þá er það nú viðurkent í verkinu af Dönum og öðrum þjóðum, að vjer getum á okkar eigin ábyrgð og án íhlutunar annara gert samning um verslun og siglingar við önnur ríki. Hvers vegna Danir geta ekki viðurkent hið sýnilega tákn þessa rjettar vors, farfána vorn, virðist helst vera það, eftir umræðum þeim að dæma, er jeg mintist á áðan, að Danir vilja fá um leið útkljáð alt það, er hingað til hefir borið á milli í sambandi voru við þá. Mjer finst nú ekki vera rjett að verða ekki við þessum óbeinu tilmælum um hreina ákvörðun á sambandinu, og má ekki láta ófreistað að fá vitneskju um það, hvort ekki sje hægt að komast að hreinni niðurstöðu. En það vil jeg taka fram, að þær samningaumleitanir verða að fara fram meðan þetta þing situr, og getur auðvitað ekkert annað samband en hreint persónusamband verið lagt til grundvallar fyrir slíkum samningum.

Vjer erum þannig settir, að mál vor geta ekki að neinu leyti, nema okkur til stórtjóns, verið sameiginleg með nokkurri annari þjóð, og vjer erum svo gæfusamir, að eiga engan her eða flota, og hljótum því ætíð að vera algerlega hlutlausir í styrjöldum veraldarinnar. Þetta hlýtur að mega fá viðurkenningu fyrir hjá alþjóð.

Eitt vil jeg að eins taka fram, til athugunar fyrir nefnd þá, sem væntanlega verður skipuð af hinu háa Alþingi, og það er það, að aldrei gefst oss annað eins tækifæri og nú til að fá viðurkenningu á sjálfstæði og fullveldi voru, þar sem svo stendur á, að svo að segja allur heimurinn berst nú með þeirri hugsjón aðallega fyrir augum, að þjóðirnar eigi að hafa rjett til að vinna að sínum eigin málum í friði, hversu smáar sem þær eru, eða jafnt þær voldugu og stóru sem þær smáu og fátæku. Og svo er að sjá, að að eins á þessum grundvelli muni komast á friður. En jeg vil ekki draga dulur á það, að einna mest áríðandi fyrir okkur, meðan á ófriðnum stendur, er að fá sem allra fyrst viðurkent hið sýnilega tákn þess, að við erum ekki háðir neinni þjóð, því að enginn veit, hver kann að sogast inn í ófriðarbálið, en slíkt sýnilegt tákn er einmitt siglingafáni vor, og hefir hann því langmesta þýðingu allra vorra mála, eins og nú hagar til. Já, hann hefir jafnvel svo mikla þýðingu, að ef svo ógæfusamlega tækist til, að Danir lentu í ófriði þessum, gæti hann orðið til þess, að á oss yrði litið sem alveg hlutlausa þjóð fyrir því, og jafnvel til að viðhalda sambandi því við Dani, er við eitt viðurkennum, nefnilega konungssambandinu.

Með vilja skal jeg ekki skýra einstök atriði nánar. Að lokum skal jeg óska þess, að þetta háa Alþingi, sem nú situr, geti borið gæfu til að standa sem einn maður í öllu þessu máli, í smáu sem stóru, því að það mun verða því til frægðar og sóma og landi voru til blessunar og heilla, því að að eins á þann hátt getur máli þessu orðið farsællega til lykta ráðið.

Mælist jeg svo til, að háttv. deildarmenn samþ. till. þá um nefndarsetning, sem hjer liggur fyrir.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Nefndarkosning.

Hlutfallskosningu var beitt. Forseta bárust 2 listar, A-listi, frá Sjálfstæðisflokknum, og stóðu á honum:

Karl Einarsson,
Magnús Torfason og
Kristinn Daníelsson,

og B-listi, frá Heimastjórnarflokknum og Framsóknarflokknum, og voru á honum:

Jóhannes Jóhannesson,
Eggert Pálsson og
Guðmundur Ólafsson.

Kosningin fjell svo, að
A-listinn hlaut 6 atkv.
B- — — 6 — ,
en 1 seðill var auður (H. St. fjarstaddur).

Forseti lýsti því kjörna í nefndina:

Karl Einarsson,
Jóhannes Jóhannesson,
Magnús Torfason,
Eggert Pálsson
og
Guðmund Ólafsson,

með hlutkesti milli hans og Kristins Daníelssonar.

(Sbr. og A. bls. 543).

---

7. Bjargráðanefnd efri deildar.

Á 4. fundi í Ed., fimtudaginn 18. apríl, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um skipun bjargráðanefndar (A. 13).

Á 5. fundi í Ed., föstudaginn 19. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umræða.

Á 6. fundi í Ed., laugardaginn 20. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Magnús Torfason): Það er óþarfi að rökstyðja till. þá, er hjer liggur fyrir, með löngu máli.

Það eru áreiðanlega sömu ástæður til slíkrar nefndarsetningar og hjer er um að ræða og voru á síðasta Alþingi, og þó, ef nokkuð er, öllu meiri nauðsyn nú, því að altaf sverfur stríðið fastara að.

Jeg ætla þó, vegna þess, að jeg mun eigi njóta þess heiðurs að eiga sæti í nefnd þessari, að taka fram nokkur atriði.

Hingað til hefir framkvæmd bjargráða vorra verið miðuð við það, að friður væri í nánd, eða að minsta kosti við það, að ófriðurinn stæði ekki árum saman. Þessa stefnu get jeg hvorki talið holla nje forsjála, því að það eru engar líkur til þess, að ófriðurinn verði um garð genginn næst er háttv. Alþingi kemur saman. Mjer finst það því vera rjett og sjálfsagt, að bjargráðanefnd hafi það fyrir augum, að stríðið getur enn staðið í mörg ár. Það getur aldrei skaðað, að hún hagi ráðstöfunum sínum eftir því, en hins vegar gott, ef fyr og vel raknar úr.

Jeg skal eigi fara langt út í það, hvað gera eigi, enda er það vitanlegt, að stjórn og þing hefir gert margt til að draga úr bölinu, og stjórnin hefir gert ýmsar ráðstafanir til þess að auka framleiðslu landsmanna. Þó vildi jeg minna

á eitt atriði, og það er steinolían. Jeg fæ ekki betur sjeð en það verði að vera fyrsta og helsta verk bjargráðanefndar að gera alt sem auðið er til þess að fá næga steinolíu til landsins. Árferði til sjávar er mjög svo undir því komið, að vorvertíðin mishepnist ekki og að menn geti til fulls notfært sjer auðæfi sjávarins, en hið fyrsta skilyrði til þessa er næg steinolía, og því er oss nauðsyn á því, að bjargráðanefnd hafi atriði þetta hugfast.

Þá vildi jeg og benda á annað atriði. Það er að nota sem mest og best afurðir okkar. Við veiðum mikið af síld, en við kunnum ekki að hagnýta hana, og segja má, að Íslendingar yfirleitt kunni ekki síldarát. Liggur nærri, að telja megi það skrælingjamerki á þjóð vorri, að hún skuli ekki kunna að hagnýta sjer önnur eins auðæfi, og að nær ekkert af þeim sje notað í landinu sjálfu. Jeg vil vekja athygli bjargráðanefndar á þessu, og hún ætti að gera hvað auðið er til að kenna Íslendingum að eta síld, annaðhvort með því að fá einhverja inn í landið, er kunna að matreiða hana, eða senda fólk utan að læra það og kenna síðan öðrum.

Að öðru leyti finn jeg ekki ástæðu til að fara nánar út í nefndarsetningu þessa; ástæður þær, er til hennar liggja, eru sömu nú og þær voru á síðasta þingi, og vænti jeg því, að allir háttv. þm. samþ. till.

Magnús Kristjánsson: Í tilefni af ummælum háttv. þm. Ísaf. (M. T.) um, að bjargráðanefnd þurfi fyrst og fremst að leggja alt kapp á að viða steinolíu að landinu, svo að sjávarútgerðin stöðvist ekki, skal jeg geta þess, að jeg hygg, að bjargráðanefndin, hversu vel sem í hana verður valið, geti ekki gert frekari nje betri ráðstafanir en þegar hafa verið gerðar, bæði af landsversluninni og af stjórnarráðinu. Það er öllum ljóst, að ef framleiðslan er rekin áfram þrátt fyrir dýrtíðina, þá þarf mikið af þessari vörutegund, og því var það, að landsverslunin ætlaði sjer að fá tvo farma af steinolíu, annan í febrúar en hinn í mars, en að þeir hafa ekki komið stafar af því, að Englendingar og jafnvel Bandaríkjamenn hafa ekki viljað leyfa útflutninginn, það sem af er þessu ári. Til þess að fyrirbyggja allan misskilning skal jeg enn fremur taka það fram, að jeg býst ekki við, að útflutningsleyfi fáist fyrir steinolíu fyr en sendinefndin hefir lokið starfi sínu og samningar eru komnir á við Englendinga.

Viðvíkjandi hagnýtingu afurða vorra, sem háttv. þm. Ísaf. (M. T.) var að tala um, þá fer hún altaf smábatnandi með ári hverju, og ef ætti að hagnýta síldina til innanlandsnotkunar, þá þarf til þess dýrar vörur, eins og nú bagar, nefnilega salt og tunnur, og verður að gæta þessa er um það mál er að ræða.

Flm. (Magnús Torfason): Jeg vil geta þess í tilefni af orðum háttv. þm. Ak. (M. K.), að orð mín áttu ekki að vera — nje voru — neinar ákúrur til landsstjórnarinnar eða landsverslunarinnar, en jeg geri hins vegar ráð fyrir því, að valið í bjargráðanefnd takist svo vel, að að henni verði nokkur stuðningur, því að betur sjá augu en auga.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. í e. hlj.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Nefndarkosning.

Hlutfallskosning var viðhöfð. Tveir listar komu fram, A-listi, frá Sjálfstæðisflokknum og Framsóknarflokknum, og voru á honum:

Hjörtur Snorrason,

Guðmundur Ólafsson og
Karl Einarsson,
og B-listi, frá Heimastjórnarflokknum, og stóðu á honum:
Sigurjón Friðjónsson,
Magnús Kristjánsson og
Guðjón Guðlaugsson.

Kosningin fór svo, að
A-listinn hlaut 6 atkv.
B- — — 6 —,
en 1 seðill var auður (H. St. fjarstaddur).

Forseti lýsti því kjörna í nefndina:
Hjört Snorrason,
Sigurjón Friðjónsson,
Guðmund Ólafsson,
Magnús Kristjánsson
og
Guðjón Guðlaugsson,
með hlutkesti milli hans og Karls Einarssonar.

(Sbr. og A. bls. 544).

8. Sjóvátryggingarnefnd.

Á 19. fundi í Ed., miðvikudaginn 15. maí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um sjóvátryggingu (A. 127).

A 20. fundi í Ed., fimtudaginn 16. maí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 21. fundi í Ed., föstudaginn 17. maí, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Magnús Torfason): Eins og háttv. deild er kunnugt, þá eru sjó- og stríðsvátryggingar allmikill hluti af flutningskostnaði þeim hinum gífurlega, sem nú legst á allar aðfluttar og útfluttar vörur. Og það er þá líka enginn vafi á því, að þessar tryggingar hafa átt drjúgan þátt í því að hækka vöruverð og farmgjald, eða skapa dýrtíð í landinu, og má óhætt telja þær einhvern óbærilegasta skattinn, sem hvílir á þjóðinni. Það geta menn best sjeð af því, að tryggingarnar hafa komist yfir 20% af farmi og skipi.

Þegar maður athugar það, að helstu nauðsynjavörurnar, sem eru kol, salt og olía, taka upp mest rúmmál í skipinu, verður þessi skattur einmitt dýrastur á þessum nauðsynjavörum eða kemur þyngst niður á þeim. Enda er sagt, að á þeim stutta tíma, sem landsverslunin hefir átt skip, hafi verið varið til vátrygginga fullu verði skipanna sumra eða svo, og það með því dýra verði, sem nú er á skipum.

Jeg álít því, að það sje sjálfsögð skylda þingsins að athuga, hvort nokkur vegur sje til þess að draga úr þessum þunga skatti. Jeg fyrir mitt leyti sje ekki aðra leið vænlegri en að hafa sjálfsvátryggingu, eins og önnur lönd hafa. Ef til vill vex mönnum það nokkuð í augum, en hjer er um margar miljónir að ræða, og fara tryggingarútgjöld fremur vaxandi en minkandi. Og þá er það einmitt spurningin, sem þingið þarf að athuga: Er nokkur vegur til að taka hjer upp sömu aðferð og í öðrum löndum? Mjer er það fyllilega ljóst, að hjer eru margir steinar í götu og margir boðar, sem sigla þarf fyrir áður en ákvörðun verður tekin. En þetta verður að athuga frá rótum, heimta allar skýrslur um vátryggingar landsverslunarinnar og annara, sem skip eiga, og jafnvel að seilast eftir skýrslum frá öðrum löndum.

Jeg veit, að það er mikil ábyrgð, sem þing og stjórn tæki á sig, ef til framkvæmdanna kæmi í þessu máli, en þess ber líka að gæta, að það er mikið í húfi og að öllum líkindum mikið í aðra hönd. Að minsta kosti má hvorki þing nje stjórn láta undir höfuð leggjast að setja sig inn í málið.

Að gefnu tilefni skal jeg geta þess, að þegar till. þessi var lögð fram fyrir háttv. deild, hjeldu margir, að þetta ætti að verða eina árásin á stjórnina, en það er langt frá því, að svo sje. Vitanlega hafa gengið ýmsar Gróusögur um þennan þátt landsverslunarinnar, t. d. sú, að vátryggingargjald hennar hafi átt að vera helmingi hærra en hjá Eimskipafjelagi Íslans á sama tíma. En jeg skil alls ekki, hvernig slíkt hefði átt að geta komið fyrir, þar sem sambandið milli Eimskipafjelags Íslands og landsverslunarinnar hefir jafnan verið svo náið. Enda mundi stjórnin þá hafa skýrt þinginu frá þessu, því að engin stjórn mundi vera svo skyni skroppin að ímynda sjer, að hún gæti leynt öðru eins til lengdar. Jeg lít yfir höfuð svo á, að hjer á þingi sje um meira alvörumál en svo að ræða, að menn geti verið að sinna allskonar þvættingi, sem borist hefir manna á milli um athafnir landsstjórnarinnar, en enginn veit hvað hæft er í, og að oss beri fremur að snúa oss að málunum með framtíðina fyrir augum en fortíðina. Og þetta mál er fyrst og fremst framtíðarinnar mál. Annars skal jeg taka það fram, að síðan nýju forstöðumennirnir tóku við landsversluninni hafa engar sögur heyrst um óheppilegar ráðstafanir í sambandi við vátryggingar landsverslunarinnar.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um málið, en undirstrika að eins, að þetta sje nauðsynjamál, sem verði að **athuga rækilega.**

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 9 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Nefndarkosning.

Tveir listar voru bornir fram, A-listi frá Sjálfstæðisflokknum og Framsóknarflokknum, og voru á honum:

Magnús Torfason og
Guðmundur Ólafsson,

og B-listi frá Heimastjórnarflokknum, og stóðu á honum:

Magnús Kristjánsson og
Halldór Steinsson.

Kosningin fór svo, að

A-listinn hlaut 6 atkv.,
B- — — 7 —,

en 1 seðill var auður.

Forseti lýsti því kjörna í nefndina:

Magnús Kristjánsson,
Magnús Torfason og
Halldór Steinsson.

(Sbr. og A. bls. 545).

[Álit nefndarinnar er á þgskj. 484].

---

9. Samningamenn.

Á 4. fundi í Sþ., föstudaginn 21. júní, kl. 6^{30} síðdegis, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um kosning samningamanna (A. 384).

Á sama fundi í Sþ. var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Of skamt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Á 5. fundi í Sþ., sama dag, kl. 7^{20} síðdegis, var till. tekin til einnar umr.

Afbrigði um, að till. mætti þegar taka til umr., leyfð og samþ. án atkvgr.

Frsm. (Bjarni Jónsson): Mönnum er það í minni, hver orð konungur hafði um, þegar hann svaraði forsætisráðherra um fánamálið, að hann kysi heldur, að alt sambandið væri tekið til umr. Á þessa sveif munu og danskir stjórnmálamenn hafa hallast. Það er því vafalaust, að Danir eiga frumkvæðið að þeim samningum, sem nú standa fyrir dyrum.

Nú er þessum málum svo komið, að næstu daga er von á sendimönnum frá Danmörku, og vonum vjer, að þeir hafi umboð, sem með þarf, til þess að fullnægja rjettmætum kröfum vorum. Þá verður nú nauðsynlegt að skipa nefnd manna til þess að hafa á hendi milligöngu milli þingsins og sendimannanna dönsku, þar til svo langt er komið samningum, að ganga megi til atkv. um það, hvað fram skuli ganga og hvað ekki.

Nefndirnar leggja því til, að nú sje sú milligöngunefnd skipuð og skipuð 4 mönnum, og býst jeg við, að fram verði lagður listi með svo mörgum nöfnum, sem kjósa skal menn.

Þessir menn eru auðvitað einungis milligöngumenn og verða því að bera jafnóðum upp fyrir fullveldisnefndum þingsins hin meiri atriði samninganna og gefa þingflokkum færi á að athuga málið og segja sinn vilja áður en upp er borið fyrir þinginu.

Í nafni fullveldisnefndanna leyfi jeg mjer að mælast til, að till. verði samþ. og þessir menn kosnir nú þegar.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Var síðan gengið til kosningar samningamanna, að viðhafðri hlutfallskosningu.

Forseta barst einn listi, með nöfnum 4 alþingismanna, eða jafnmargra og kjósa skyldi, og lýsti forseti þá rjett kjörna samningamenn, en þeir voru þessir:

Bjarni Jónsson,
Einar Arnórsson,
Jóhannes Jóhannesson og
Þorsteinn Jónsson.

(Sbr. og A. bls. 548).

Önnur mál.

I.

Blaðamannavist.

Á 3. fundi í Nd., miðvikudaginn 17. apríl, mælti

forseti: Út af erindi frá stjórn blaðamannafjelagsins, dags. 9. þ. m., um að blaðamenn fengju til sinna nota, meðan þingfundir stæðu yfir, herbergið inn af fundarsal neðri deildar, eða helst borð inn í sjálfum fundarsalnum, hafa forsetar samþykt að leyfa blaðamönnum að nota herbergi þetta með skilyrðum, er nánar yrðu tiltekin í brjefi til blaðamannafjelagsins, og enn fremur skyldi blaðamönnum heimil vist í herberginu norður af efri deild, meðan þingfundir stæðu í þeirri deild, en hins synjuðu forsetar, að leyfa blaðamönnum að hafast við í þingsölunum.

Á 3. fundi í Ed., sama dag, tilkynti forseti alt hið sama og ljet síðan svo um mælt:

Jeg vil leyfa mjer að geta þess, að frá nýstofnuðu blaðamannafjelagi íslenskra blaðamanna hefir forsetum borist erindi, þar sem blaðamenn kvarta yfir kjörum sínum hjer á þingi.

Það er kunnugt, að blaðamenn hafa orðið að hýrast uppi á hápöllum, þótt öðrum utanþingsmönnum hafi verið leyft að sitja í stofunum niðri, við dyrnar inn í þingsalina.

Það er því harla eðlilegt, að blaðamenn uni illa hag sínum hjer á þingi.

Alstaðar í öðrum löndum er blaðamönnum gert miklu hærra undir höfði en öðrum áhorfendum og áheyrendum. Og það á svo að vera. Blaðamenska er nú á dögum veglegt, vandasamt og ábyrgðarmikið starf; blaðamenn eru — eiga að vera — sannnefndir þjóðarfulltrúar á öllum mikilsverðum mannfundum.

Hjer á Alþingi hefir blaðamönnum aldrei verið fagnað svo vel sem skyldi, ekki neitt því líkt, sem tíðkast í öðrum löndum á löggjafarþingum. Þar er blaðamönnum sjeð fyrir sjerstökum, ágætum áheyrnarstofum. Hjer er því miður ekki svo húsum háttað, að þess hafi verið kostur.

En það er kunnugt, að deildarforsetum var í upphafi ætlað hvorum sitt her-

bergi, hjer í efri deild litla stofan að norðanverðu, í neðri deild litla stofan að austanverðu.

Og nú höfum vjer forsetar orðið ásáttir um það að ljá blaðamönnum þessar stofur okkar deildarforsetanna meðan á þingum stendur. Við getum ekki betur boðið.

II.
Starfsmenn þingsins.

Á 3. fundi beggja deilda, miðvikudaginn 17. apríl, skýrðu forsetar frá, hvor í sinni deild, að þessir væru ráðnir starfsmenn Alþingis af forsetum öllum í sameiningu:

Í skrifstofu:

Jón Sigurðsson, Helgi Hjörvar, Pjetur Lárusson.

Skjalavörður og afgreiðslumaður:

Ingmar Jónsson.

Í lestrarsal:

Ólafía Einarsdóttir } sinn hálfan dag-
Kristín Bjarnadóttir } inn hvor.

Innanþingsskrifarar:

Ráðnir strax:

Pjetur Zophóníasson, Vilhelm Jakobsson, Árni Sigurðsson, Freysteinn Gunnson, Sveinn Sigurðsson, Sigurður Lárusson.

Teknir síðar, þegar þörf yrði:

Steinþór Guðmundsson, Ásgeir Ásgeirsson[1]).

Og síðar:

Pjetur Sigurðsson, Þórbergur Þórðarson.

Um tvo hina síðasttöldu væri þess þó að geta, að þeir yrðu eigi fastir starfsmenn strax þegar bæta þyrfti við, heldur yrðu þeir að hlíta því, að vinna fyrst um sinn dag og dag í senn, í hvorri deild sem væri, þegar þörf yrði á að fjölga skrifurum í bili, gegn þóknun fyrir þá daga eina, er þeir ynnu[1]).

Símavörður:

Svavar Hjaltested.

Verðir:

Árni Bjarnason, Magnús Gunnarsson.

Þingsveinar:

Gunnar G. Björnson, Halldór Sigurbjörnsson, Sveinn Benediksson, Hrafnkell Einarsson, Sverrir Thoroddsen, Ísleifur Gíslason, Þorkell Ólafsson, Axel Blöndal.

Öðrum eða fleiri starfmönnum þætti forsetum eigi þörf á.

[1]) Þeir Steinþór og Ásgeir voru teknir 8. maí.

III.
Alþingiskostnaður.

Á 5. fundi í Ed., föstudaginn 19. apríl, mælti

forseti: Áður en gengið er til dagskrár vil jeg gera háttv. fundar-

[1]) Hvorugur þeirra Pjeturs eða Þórbergs vildi hlíta þessum kjörum, og ekki vildu heldur aðrir menn, þeir er nýtandi væru til starfsins, sæta þessu, þótt til væri leitað við þá, og tóku því forsetar þann upp, þá er skortur varð skrifara, að ráða þessa menn til starfsins óslitið til þinglausna. Hófu þeir starf sitt 21. maí.

mönnum kunnugt um nokkrar ráðstafanir forsetanna viðvíkjandi væntanlegum þingkostnaði á þessu aukaþingi.

Allur alþingiskostnaður frá 1. jan. til 31. des. 1917 er talinn 171733 kr. 43 aur. En vilji menn bera þann kostnað saman við þingkostnaðinn á aðalþinginu 1913 (fyrir stríðið), þá verður að draga frá alþingiskostnaðinum 1917 þessi sjerstöku útgjöld:

1.	Aðgerðir á þinghúsinu og nýir innanstokksmunir	kr.	9700,00
2.	Gjöf til skáldsins Stephans G. Stephanssonar	—	5000,00
3.	Ótakmörkuð símaafnot þingmanna	—	2644,00
4.	Minning látinna þingmanna og útfararkostnaður eins þingmanns .	—	500,00
5.	Opinber gjöld og þinghúsgarður	—	752,00
6.	3 þingdagar (framyfir 1913)	—	3600,00
		Samtals kr.	22196,00

Er þá að meta tæpar 150000 kr., sem var kostnaður við Alþingi 1917, móti tæpum 88000 kr., sem var alþingiskostnaður 1913.

Hækkunin, 62000 kr., er ca. 70%, og það þarf engum skynbærum manni að ofbjóða.

Við forsetar höfum leitast við að gæta ítrustu sparsemi, sem sjá má á því, að 1913 voru aðalstarfsmenn þingsins 33 og kaupgjald þeirra 17395 kr., en 1917 voru þeir sömu starfsmenn 32 og goldin 20705 kr. Sú hækkun er því ekki nema ca. 3300 kr., eða rúm 12%.

En langstærsti kostnaðaraukinn er hækkun á prentkostnaði. Þrátt fyrir ýmsan tilsparnað þar, frá því sem áður var, hleypur sá kostnaður upp á rúmlega 62000 kr., en var 1913 ekki nema ca. 29000 kr. Þar munar 33000 kr. Og nú er þessi kostnaður orðinn 164% hærri en hann var 1913 á umræðukafla þingtíðindanna og 138% hærri á skjalaparti, og getur orðið meira nú.

Vjer forsetar höfum athugað vandlega allar sparnaðarleiðir í þingkostnaði þessa nýbyrjaða þings.

Vjer höfum ráðið svo fáa starfsmenn, sem frekast þótti fært. En sá kostnaðarmunur nemur þó harla litlu.

Þá höfðum vjer ákveðið að takmarka ókeypis símanot þingmanna, og loks kom okkur til hugar að vekja máls á þeim eina sparnaði, sem stórum munar og gerlegur væri, fresta prentun á umræðum þingsins.

Þá mikilvægu sparnaðartillögu höfum vjer nú borið upp á einkafundi allra þm. Hæstv. forseti Sþ. kvaddi til þess málfundar í gær. En á þeim fundi fjellu umræður og atkv. svo, að mikill meiri hluti þm. var því mótfallinn, að frestað væri prentun á umræðum þingsins, eins og reyndar við mátti búast.

Jafnframt var á þeim málfundi allra þm. samþykt áskorun til forsetanna um það að takmarka ekki símanot þm. á þann hátt, sem forsetar höfðu afráðið, en leyfa þeim jafnfrjáls afnot af símanum sem á síðasta þingi.

Vjer teljum oss að sjálfsögðu skylt að taka þá áskorun þm. til greina. En jafnframt vil jeg vekja athygli á því hjer í háttv. Ed, að það er með öllu ógerlegt fyrir símaverði þingsins og landssímastöðina að greina sundur þau símanot þm., sem þeir ætlast til að þingið borgi, frá hinum, sem þeir telja sjer sjálfum skylt að borga.

Jeg verð því að brýna það skýrt og skorinort fyrir háttv. þingmönnum, að þeir verða sjálfir að gera þennan greinarmun og gefa landssímastöðinni jafnan til kynna, ef þeir ætla sjálfir að borga símtal eða símskeyti, svo að það verði ekki skrifað á reikning Alþingis.

Jeg skal svo að lokum vekja athygli

háttv. deildar á brjefi allra forseta, dags. 16. sept. 1917, til fjárveitinganefnda þingsins (sjá Alþt. 1917 C, bls. 1352—1353), um uppbót á þingfararkaupi þingmanna, svo að það málefni verði athugað í tæka tíð nú á þessu þingi og afgreitt á eðlilegan og löglegan hátt.

IV.
Ágreiningur um fundarbókun.

Á 58. fundi í Ed., föstudaginn 5. júlí, áður en gerðabók væri undirskrifuð, mælti

Karl Einarsson: Jeg hefi átt kost á að kynna mjer það, sem bókað hefir verið á síðasta fundi, og mjer virðist það ekki vera alveg rjett.

Hæstv. forseti lýsti yfir því, að það varðaði hegningu að greiða ekki atkv. við nafnakall. Þessa yfirlýsingu gaf hann þegar jeg í gær greiddi ekki atkv. við nafnakall hjer í háttv. deild og neitaði að gefa ástæðu, en þessa er ekki getið í gerðabókinni, heldur að eins sagt, að jeg hafi neitað að greiða atkv. Þykir mjer hjer bresta á bókunina, einkum þar sem yfirlýsingin var gefin af miklum móði, jafnvel barið í borðið.

Mjer vitanlega varðar þetta ekki annari hegningu en að þingmaðurinn missir af dagkaupi, svo að jeg bjóst ekki við neinum hvelli, þótt jeg greiddi ekki atkv., enda hefir það oft viðgengist hjer á háttv. Alþingi, þótt það muni sjaldan hafa borið við hjer í háttv. Ed., vegna þess, að þm. hafa ekki skorist undan að greiða atkv. Jeg gat vel haft ástæðu til að skýra ekki frá, hvers vegna jeg sat hjá atkvgr. í málinu, og svo var.

Til þess að sjá, hvernig þetta horfir við hjer á þinginu, hefi jeg litið á 3 fundargerðir háttv. Nd.

Á 58. fundi Nd. kemur nafnakall fyrir fjórum sinnum. Í fyrsta sinn greiðir 1 háttv. þm. ekki atkv., í annað sinn 3, í þriðja sinn 1 og í fjórða sinn 7, og færa engar ástæður fram.

Á 62. fundi Nd. og á 63. fundi Nd. greiðir einn háttv. þm. á hvorum fundi ekki atkv. við nafnakall, og ekki færa þeir fram neinar ástæður fyrir því.

Jeg hefi ekki orðið þess var, að út af þessu hafi neinn hvellur verið ger, en náttúrlega getur hæstv. forseti Nd. beitt ákvæðum þingskapanna, ef honum sýnist svo, og jeg geri ráð fyrir, að allir háttv. þm., sem ekki greiða atkv. við nafnakall og ekki færa fram ástæður sínar, sjeu viðbúnir að taka afleiðingunum af því. Svo er um mig, en alt annað eða frekara vil jeg frábiðja mjer.

Í sambandi við þetta skal jeg taka það fram, að í Sþ. greiddu 2 háttv. þm. ekki atkv., og var það þó mál, er nokkru skifti, þingseta háttv. 1. landsk. varaþm. (S. F.), og færðu þeir enga aðra ástæðu fyrir því en að þeir vildu ekki skifta sjer af málinu. Og síðast í gær greiddi einn háttv. þm. í Nd. ekki atkv. við nafnakall og færði engar ástæður fyrir því, og var málið þó afgreitt með eins atkv. mun, en hjer gat það engin áhrif haft á afdrif málsins, þótt jeg hefði greitt atkv., og við sömu atkvgr. í háttv. Nd. fjekk annar háttv. þm., er kom inn meðan á atkvgr. stóð, en áður en henni var lýst yfir, ekki að greiða atkv.

Deildarskrifari (Eggert Pálsson): Um atriði það, er háttv. þm. Vestm. (K. E.) er að tala um, er svo bókað í gerðabók Ed.:

»Karl Einarsson neitaði að greiða

atkvæði og færði ekki til neina ástæðu. Lýsti forseti þá yfir því, að beitt mundi verða við þm. ákvæðum þingskapanna um þingvíti (53. gr.)«.

Viðvíkjandi þessari bókun, sem jeg ber að nokkru leyti ábyrgð á sem skrifari, vil jeg taka það fram, að þar sem hæstv. forseti lýsti yfir, að beitt yrði hegningu, þá leit jeg svo á, sem hæstv. forseti ætti þar eigi við annað en refsingu þá, er felst í 53. gr. þingskapanna. Það liggur í hlutarins eðli, að hæstv. forseti gat hvorki átt við flenging eða tukthús. Jeg hlaut því að bóka þetta í samræmi við þingsköpin, 53. gr., því að um annað eða meira gat ekki verið að ræða.

Jeg verð því að halda fram, að hjer sje rjett bókað. Það á að bóka svo, að efni raskist ekki, en eigi svo, að orðrjett sje tekið.

Forseti: Jeg óska ekki fyrir mitt leyti að ræða jafneinfalt mál og þetta. 53. gr. þingskapanna segir svo: ». . . Ef þingmaður neitar að greiða atkvæði við nafnakall, án þess að færa gildar ástæður (44. gr.), þá missir hann af dagkaupi sínu þann dag«.

Skrifarinn hefir því skilið orð mín alveg rjett, enda notaði jeg ekki orðið refsing, heldur sekt.

Mjer kemur ekki til hugar að fara að verja þær gerðir minar að halda þingsköpin, nje heldur að tala um það, hvernig þeim kann að vera beitt í háttv. Nd.

Karl Einarsson: Jeg vil að eins taka það fram, að jeg hefi ekkert að athuga við það, sem bókað hefir verið, úr því að hæstv. forseti hefir lýst yfir því, að hann hafi ekki meint annað en það, sem bókað er, en hins vegar brúkaði hann orðið hegning.

Forseti: Hvort jeg hefi sagt hegning, refsing, þingvíti eða sekt, er eitt og hið sama. Skilningur háttv. skrifara (E. P.) er rjettur, og það er ekki hægt að eiga við annað en ákvæði 53. gr. þingskapanna.

Karl Einarsson: Jeg vil frábiðja mjer áminningar forseta, þótt jeg greiði ekki atkv. eða sje fjarverandi. Mjer eru jafnkunnar og honum afleiðingarnar og mun taka þeim.

Forseti: Jeg gaf háttv. þm. (K. E.) enga áminning, heldur vakti athygli hans á 53. gr. þingskapanna, og það mun jeg gera eftirleiðis í hvert sinn, er svo stendur á, en það er engin áminning.

ATKVGR.

Gerðabókin samþ. í e. hlj. og undirskrifuð.

VI.

Þingfararkaupsnefnd.

Á 6. fundi í Sþ., laugardaginn 6. júlí, var tekin til meðferðar

Kosning nefndar til þess að úrskurða þingfararkaupsreikninga alþingismanna, samkvæmt 4. gr. laga nr. 10, 22. okt. 1912.

Magnús Torfason: Eins og háttv. þm. er kunnugt, þá var í einu blaði hjer gerð allfrek árás á suma þm., sem sátu á þinginu 1916—17, út af þingfararkaupi þeirra. Þetta er að vísu ekki ný bóla, því að lengi hefir við brunnið, að þingfararkaupið hefir verið notað til þess að kitla lægstu tilfinningar fólksins og til þess að klína því á fulltrúa þjóðar-

innar, að þeir noti sjer stöðu sína í eiginhagsmunaskyni. Þar var fyrst og fremst ráðist á mig, og var það eðlilegt, því að það er ekki í fyrsta sinni, að það málgagn gerir árásir á mig, og var greinin vitanlega með því orðalagi, sem samboðið er slíkum skrifum og þeim frámunalega smásálarlega hugsunarhætti, sem slík skrif eru af sprottin. Jeg mundi því ekki hafa hreyft þessu, ef ekki væru sjerstakar ástæður fyrir hendi, sem jeg síðar mun koma að.

Það, sem mjer var fundið til foráttu, var það, að jeg hefði átt að reikna mjer of langan þingfarartíma, og finst mjer skylt að skýra það fyrir háttv. þm., og svo einnig til þess, að alþjóð gefist kostur á að sjá, hvernig því var varið.

Jeg hafði farið að heiman með Gullfossi 1. desember, en eins og menn muna, var þingið sett 10. desember; seinni ferð var ekki til, og varð jeg að sjálfsögðu að reikna mjer þessa níu daga fyrir þing. Þingi var slitið 10. jan., en til Ísafjarðar var engin skipsferð fyr en Botnía átti að fara í febrúar. Jeg leit því svo á, að mjer væri ekki unt að gera reikning öðruvísi en svo, að reikna mjer þingfararkaup þangað til Botnía væri komin heim til Ísafjarðar, en samt fór jeg til tveggja meðlima ferðareikninganefndarinnar og spurði, hvernig ætti að reikna þingfararkaupið, og töldu þeir, að ekki væri hægt að reikna það öðruvísi, en jafnframt því sagði jeg þeim það, að jeg áskildi mjer að taka sjerstaka ferð til Ísafjarðar, ef hún gæfist, og koma þá með annan reikning síðar, ef kostnaður yrði meiri af því. Var það vegna þess, að mjer lá á að komast sem fyrst til embættis míns, því að reikningar mínir máttu ekki bíða lengur.

Sem sagt, þegar jeg gerði reikninginn, hafði jeg enga hugmynd um, að jeg kæmist vestur fyr en með »Botníu«. En nokkru eftir þinglok komst jeg að því, að vjelbátur átti að fara til Patreksfjarðar, og varð það úr, að jeg tók mjer far með honum. Var sú för alls ekki hættulaus, um hávetur í veðrahami, enda kom svo mikill leki að bátnum, að heilan mannsöfnuð þurfti til þess að ausa hann þegar að bryggju kom. Frá Patreksfirði þurfti jeg svo að leigja bát til Ísafjarðar.

Geta háttv. þm. getið sjer nærri um, hve ódýrt það hafi verið að fá stóran bát um hávetur til jafnlangrar ferðar. Enda hrökk þingfararkaupið ekki til, og varð jeg að greiða nokkuð úr mínum eigin vasa, en jeg hirti ekki að senda aukareikning fyrir þessum fáu krónum, nenti því blátt áfram ekki.

Jeg hygg því, að lítil ástæða hafi verið til þess að gera veður út af þessu. Það eru ekki þingmenn af Vestfjörðum, sem bakað hafa þjóðinni kostnað með of háu þingfararkaupi. Við höfum notað allar ferðir, sem okkur hafa boðist, hversu ljelegir sem farkostirnir hafa verið. Þegar jeg kom til þings í fyrra, ljet jeg t. d. hýrast í lest á slordollu einni. Og kunnugt er, hver farkostur okkur var fenginn nú síðast. Því fer fjarri, að jeg hefði þorað að bjóða nokkrum þurfaling eða fanga slíka aðbúð.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta. En jeg fann ástæðu til þess að minnast á þetta atriði, af því að altalað er hjer í bænum, og haft fyrir satt, að greinin sje ekki skrifuð af venjulegum skúmaskotspilti, heldur sje hún eftir landskunnan mann. Jeg vil nefna nafn hans hjer, ekki af þeirri ástæðu, að jeg trúi því, að hann hafi skrifað greinina, heldur til þess, að honum gefist

kostur á að bera þetta aftur. Sá maður, sem til er nefndur, er fyrv. landritari, hr. Klemens Jónsson.

Eggert Pálsson: Jeg er sammála háttv. þm. Ísaf. (M. T.) um, að ekki eigi illa við að minnast á þetta atriði í þessu sambandi, þegar verið er að kjósa nefnd til að úrskurða ferðakostnaðarreikninga þingmanna. Ummæli blaðsins »Lögrjettu« um óhæfilegan ferðakostnað, er ýmsir þm., og á meðal þeirra jeg, hafi gefið reikning fyrir, verða að teljast standa í sambandi við málið, þar sem þau eru jafnframt árásir á ferðakostnaðarnefndina. Því að vitanlega hefir enginn þm. fengið reikning sinn greiddan án þess að nefndin legði samþykki á hann.

Jeg er sammála háttv. þm. Ísaf. (M. T.), að árás þessi hafi verið illa til fundin og órjettmæt. Jeg þarf ekki að rekja efni greinarinnar, hún mun öllum háttv. þm. kunnug. En sýnilegt er, að greinarhöfundur, hvort sem hann er maður sá, er til var nefndur, eða ekki, hefir ekkivilj að skilja lögin á þann hátt, sem þm. skilja þau, sem sje á þann hátt, að þm. sje heimilt að hækka ferðakaup sitt, þegar svo sjerstaklega stendur á, að ferðalög eru miklu dýrari en þau voru þegar löggjafinn ákvað ferðakaupið með lögum.

Jeg finn ekki ástæðu til þess að gera mikið veður út af árás blaðsins; jeg álít hana fyllilega kveðna niður. Jeg svaraði greininni með nokkrum orðum í sama blaði, og skil ingur minn og ummæli hafa ekki verið hrakin.

En þar sem háttv. þm. Ísaf. (M. T.) taldi þessa grein árás á sig sem pólitiskan andstæðing blaðsins, þá verð jeg að mótmæla því. Jeg er ekki andstæðingur blaðsins í stjórnmálum, og var þó engu síður ráðist á mig. Jeg lít svo á, að blaðið hafi komið fullkomlega »loyalt« fram í þessu máli; það bauð hverjum þm sem vildi að taka svar af honum. Og jeg veit það, að hefði háttv. þm. (M. T.) viljað hafa fyrir því að svara árásinni á sig, þá hefði blaðið birt svar hans jafnfúslega sem mitt.

Það var aðallega þetta, sem jeg vildi geta um. En eins og sjest á svari mínu í blaðinu, er jeg samdóma háttv. þm. (M. T) um það, að árásirnar hafi verið óverðskuldaðar.

Magnús Kristjánsson: Það mun vera nokkuð óvenjulegt, að miklar umr. eigi sjer stað við slík tækifæri sem þetta. En þar sem umræður hafa verið hafnar á annað borð, finn jeg ástæðu til þess að segja nokkur orð. Málið snertir mig að nokkru leyti, þar sem jeg átti sæti í ferðakostnaðarnefndinni. En það kom mjer þó ekki til þess að taka til máls, heldur hitt, að jafnvel þótt ummæli háttv. þm. Ísaf. (M. T.) um árásir blaðsins hafi verið rjettmæt, þá hefði hann ekki átt að taka jafndjúpt í árinni um farkost þm. nú síðast eins og hann gerði. Mjer finst það nokkuð öfgakent, að háttv. þm. (M. T.) hefði ekki komið til hugar að bjóða neinum hreppsómaga þá aðbúð, er hann hafi orðið að sæta. Slíkt eru öfgar, sem ekki eiga sjer neinn stað.

Jeg læt þetta til mín taka fyrir þá sök, að landsversluninni var falið að sjá þingmönnum fyrir farkosti, og gerði hún það svo vel, sem kostur var á. Og hafi háttv. þm. (M. T.) gert sjer að góðu að hýrast í »slordollu frá Ísafirði«, eins og hann komst að orði, þá hygg jeg, að honum hafi ekki verið misboðið með þessu skipi. En hitt er annað mál, að háttv. þm. (M. T.) hafi ekki liðið vel á leiðinni, þar sem ofveður, eða jafnvel manndrápsveður, skall á.

Jeg álít, að ummæli háttv. þm. (M. T.) hafi gengið of langt. Mjer finst þau

vera móðgun í garð stjórnarinnar og annara, er útveguðu skipið. Og allir vita, að jafndýrum farmi sem háttv. þm. (M. T.) mundu menn ekki vilja hætta út á neina fleytu, og var því fenginn til hinn besti farkostur, sem völ var á, enda óvíst, hversu vel hefði ráðist um þetta ferðalag, ef ekki hefði fengist jafngott skip eins og hjer átti sjer stað.

Magnús Torfason: Jeg kemst ekki hjá því að svara háttv. þm. Ak. (M. K.) fáeinum orðum.

Jeg hafði ekki hugmynd um, að hv. þm. (M. K.) þyrfti sjerstaklega að taka þetta til sín. Jeg fann ekki að skipinu í sjálfu sjer, heldur að aðbúnaðinum. Jeg vil t. d. benda á það, að enginn ofn var í skipinu, er það fór frá Reykjavík. Hann var fyrst settur í skipið í Stykkishólmi, og jeg get bætt því við, að hann var ekki múraður niður fyr en á Ísafirði. Það getur vel verið, að þetta hafi verið gert að ráðstöfun landsverslverslunarinnar. Nú vildi svo til um ofninn, að hann rauk, og var þá annaðhvort fyrir okkur, að drepast úr kulda, eða láta svæla okkur sem melrakka í greni. Kusum við, sem synir lands vors, fyrri kostinn, vildum heldur kveljast í kulda en reyk.

Jeg skal líka taka það fram, að skipið var seglfestulaust, og þegar það reyndist ófært af þeirri ástæðu, þá var það með mestu herkjum og eftirgangsmunum, að við gátum fengið skipstjóra til þess að taka seglfestu á Patreksfirði.

Jeg verð að telja það alt annað en sæmilega aðbúð, að menn á sjötugsaldri, sem vanir eru ofnhita, skuli verða að dvelja dag og nótt í ísuðu skipi — ís var á milli þilja í svefnklefunum, og lagði svo mikinn kulda af honum, að varla var þar vært. En þó að jeg hafi ferðast með slordalli í júnímánuði, þá er þess að gæta, að alt annað er að ferðast með ljelegu skipi á besta tíma ársins heldur en í apríl, þegar oft viðrar hvað verst.

Loks vil jeg ekki láta þess ógetið, að hefði jeg verið beðinn að útvega skip í vor til Reykjavíkur, hefði jeg getað fengið miklu betra skip og ódýrara en þetta.

Magnús Kristjánsson: Jafnvel þótt jeg búist við, að háttv. þm. Ísaf. (M. T.) vilji hafa síðasta orðið, ætla jeg þó að svara honum örfáum orðum.

Það var ekki rjett, sem háttv. þm. (M. T.) sagði, að eldstæði hafi ekki verið til í skipinu. Það var til, en hvort það hafi reynst fullnægjandi í því aftakaveðri, sem þá skall á, skal jeg ekki segja um.

Þegar komið getur fyrir, að þing verði kallað saman á hvaða tíma árs sem er þá er ekki sanngjarnt að gera kröfur um allra þægilegustu flutningatæki, því að þau eru oft ófáanleg, og svo var í þetta sinn, sem hjer er um að ræða. Þeir þingmenn, sem ekki þola nema bestu aðbúð, ættu helst ekki að gefa kost á sjer til þingsetu.

Nefndarkosning.

Einn listi var borinn fram, með nöfnum 5 alþingismanna, eða jafnmargra og kjósa skyldi, og lýsti forseti þá rjett kjörna í þingfararkaupsnefnd, en þeir voru þessir:

Eggert Pálsson
Hjörtur Snorrason,
Ólafur Briem,
Magnús Kristjánsson og
Karl Einarsson.

VI.

Málshöfðunarleyfi gegn þingmanni.

Hinn 10. júlí barst forseta neðri deildar svo látandi brjef:

Í ræðu, sem 2. þingmaður Reykvíkinga, forsætisráðherra Jón Magnússon, flutti í neðri deild Alþingis föstudaginn 28. júní s.l. sem svar við fyrirspurn út af greinum, sem birst höfðu í dagblaðinu Vísi, komst nefndur ráðherra svo að orði:

En jeg get ekki neitað því, að mjer hefir sárnað þessi árás, af því að mjer sárnar það, að íslenskt blað, **jafnvel á hve lágu siðferðis- og menningarstigi sem það annars stendur,** *skuli leyfa* **auðvirðilegustu Leitis**-*Grýu rúm til þess að svívirða erlend stórmenni o. s. frv.*

Með því að þessi ummæli eru mjög móðgandi fyrir mig, sem ritstjóra nefnds blaðs, leyfi jeg mjer hjer með virðingarfylst að fara þess á leit, að háttvirt þingdeild veiti samþykki sitt til þess, að jeg megi höfða mál gegn ráðherranum út af tjeðum ummælum, til þess að fá þau dæmd dauð og ómerk, þar sem ekki verður heldur sjeð, að ráðherrann hafi viðhaft þessi orð í neinu öðru skyni en að svala geði sínu og þau gátu enga þýðingu haft til upplýsinga í máli því, sem um var að ræða, en þinghelgin væntanlega ekki til þess ætluð, að gefa einstökum þingmönnum, sem þannig vilja nota hana, jafnvel þó í ráðherrasess hafi komist, tækifæri til þess að geta óvirt utanþingsmenn opinberlega í orðum að ósekju í skjóli hennar.

Reykjavík, 9. júlí 1918.

Jakob Möller.

Til
neðri deildar Alþingis.

Forseti Nd. svaraði brjefinu 11. júlí á þessa leið:

Með brjefi, dags. 9, þ. m., hafið þjer, herra ritstjóri, leitað leyfis neðri deildar Alþingis til þess að mega höfða mál gegn 2. þm. Reykv., Jóni forsætisráðherra Magnússyni, út af ummælum, er hann hafði í ræðu í neðri deild föstudaginn 28. júní þ. á. og þjer tilgreinið í brjefinu.

Út af þessu skal yður hjer með tjáð, að samkvæmt 38. gr. stjórnarskrárinnar 5. jan. 1874 má hvorug þingdeildin taka við neinu málefni, nema einhver þingdeildarmanna taki það að sjer til flutnings. Mál þetta getur því ekki komið til meðferðar, nema fram sje borin tillaga í þá átt, sem erindið fer fram á, af einhverjum þingdeildarmanna.

Brjef yðar er nú lagt fram í lestarsal þingsins.

Á 72. fundi í Nd., þriðjudaginn 16. júlí, að lokinni dagskrá, mælti

forsætisráðherra (J. M): Jeg vildi leyfa mjer að skjóta því til hæstv. forseta, hvort hann sjer sjer ekki fært að taka fyrir nú þegar erindi, sem honum hefir borist frá dagblaðinu »Vísi«, um að fá leyfi deildarinnar til þess að höfða mál gegn mjer. Hæstv. forseti hefir svarað erindi þessu á þá leið, að hann geti ekki tekið það fyrir í háttv. deild, nema einhver háttv. deildarmanna gerist flm. að því. Þótt enginn hafi orðið til þess að gerast flm. þessa máls, þá vildi jeg leyfa mjer að beina því til hæstv. forseta, hvort hann sjái sjer ekki fært, eftir ósk minni, að láta það samt koma fyrir deildina nú.

Forseti: Það er nú að vísu svo ákveðið í 38. gr. stjórnarskrárinnar 1874: »Hvorug þingdeildin má taka við neinu málefni, nema einhver þing

deildarmanna taki það að sjer til flutnings«. En þessi ósk hæstv. forsætisráðherra, sem um leið er 2. þm. Reykv., getur skoðast gild, þótt hún sje ekki alveg bókstaflega formleg, þar sem hann gerist ekki beint flm. málsins.

Það hefir áður verið tilkynt hjer í deildinni, að þetta erindi hafi komið, og þá var það tilkynt um leið, að það yrði ekki tekið fyrir í deildinni, nema einhver háttv. þingdm. gerðist flm. að því. Þótt enginn hafi formlega gefið sig fram sem flm. þess, þá er það samt nú tekið á dagskrá, eftir ósk hæstv. forsætisráðherra, og er til umræðu.

Jeg veit ekki, hvort menn óska, að erindið sje lesið hjer upp. Það hefir legið frammi í lestrarsalnum, svo að þingmenn hafa átt kost á að lesa það.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg hefi borið mig saman við ágætan lögfræðing um það, hvort ekki væri rjettast að leita samþykkis deildarinnar til þessarar málshöfðunar. Mjer fyrir mitt leyti hefði auðvitað aldrei dottið í hug að neyta þinghelginnar til þess að skjóta mjer undan málssókn. En það er ekki víst, hvort hægt væri að höfða mál gegn nokkrum þingmanni fyrir ummæli hans á þingfundi, án samþykkis deildarinnar, jafnvel þótt hann samþykki málssóknina sjálfur.

Jeg sje enga ástæðu fyrir deildina að neita um samþykki sitt til þessa leyfis, nema sá, sem hlut á að máli, vilji neyta þess rjettar, sem lögin heimila að þessu leyti.

Það er því ósk mín, að deildin veiti þetta leyfi án frekari umræðu.

ATKVGR.

Samþ. var með 15 : 5 atkv. að veita Jakobi Möller, ritstjóra Vísis, hið umbeðna málshöfðunarleyfi, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. Sv., H. K., J. J., J. B., M. G. P. O., P. Þ., S. S., S. St., St. St. Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. St., Ó. B.

nei: E. Árna., M. P., P. J., Sv. Ó., B. J. J. M. greiddi ekki atkv.

Fimm þm. (B. Sv., B. K., E. A., E. J., M. Ó.) fjarstaddir.

VII.
Starfslok deilda.

A. Í efri deild.

Á 68. fundi í Ed, miðvikudaginn 17. júlí, kl. 1 miðdegis, mælti

forseti: Þetta þing, sem nú er að lokum komið, er orðið það lengsta þing, sem haldið hefir verið á landi; það er víst búið standa í tæpa 100 daga.

Skal jeg nú leyfa mjer að gefa yfirlit um störf þessarar háttv. deildar á þeim 68 fundum, sem haldnir hafa verið:

Mál lögð fyrir deildina:

I. Frumvörp:		
1. Stjórnarfrv. lögð fyrir deildina	3	
2. Þingmannafrv. borin fram	12	
3. Frv. komin frá Ed.	22	
		37
II. Þingsál.till.:		
1. Bornar fram í Ed.	9	
2. Komnar frá Nd.	19	
		28
III. Fyrirspurnir bornar fram		2
	Alls	67 mál.

Afgreiðsla málanna hefir fallið þannig:

1. Frv. afgreidd sem lög frá Ed.	14
2. Frv. afgreidd til Nd.	

	og Sþ. og síðan afgr. þaðan sem lög	11	
3.	Frv. feld	9	
4.	— tekin aftur	1	
5.	— ekki útrædd	2	
			37
6.	Þingsál. um skipun nefnda	3	
7.	Þingsál. afgr. sem ályktanir Ed.	11	
8.	Þingsál. til Nd. og Sþ. og síðan afgr. þaðan sem ályktanir Alþingis	11	
9.	Þingsál. feld	1	
10.	— óútræddar	2	
			28
11.	Fyrirspurn svarað	1	
12.	— ekki svarað	1	
			2
	Samtals		67 mál.

Nú má segja, hv. þingmenn, að þetta sje ekki mikil vinna, þegar litið er til hins langa tíma, sem þingið hefir staðið. En jeg skal geta þess, að þótt málin sjeu ekki ýkjamörg, þá hafa mörg þeirra verið mjög þýðingarmikil, já, svo þýðingarmikil, að önnur meiri hafa eigi áður legið fyrir Alþingi Íslendinga. Og ef það sannast, að þau stórmál, sem nú hafa verið til lykta leidd, reynist landi og lýð til þeirrar blessunar, sem til er ætlast, þá mun ekki verða horft í dagatöluna, sem þingið er búið að standa. Síður en svo. Jeg vænti þess og, að þetta þing beri einn ávöxt, sem lengi verði minst með gleði og verði landinu til góðs. En ef svo fer, sem vonandi verður, að lokið sje nú stjórnmálabaráttu vorri út á við fyrst um sinn, þá er betur farið en heima setið.

Annars er það víst, að þótt Alþingi lánist að ráða fram úr mörgum erfiðleikum, þá hefir því ekki lánast að ráða fram úr öllum vanda. Í þessari tíð mega þingmenn aldrei hafa hugann af ættjörðu sinni. Og jeg veit, að þeir vilja taka undir þá ósk með mjer, að vjer megum ávalt reynast ættjörð vorri sannir synir, — ávalt reynast henni sem best.

Jeg þakka svo þingmönnum samvinnuna. Hún hefir gengið prýðisvel og verið mjer til ánægju.

Jeg hefi svo eigi meira að segja, en lýsi yfir því, að störfum háttv. Ed. er lokið á þessu þingi.

Kristinn Daníelsson: Þótt jeg fyrir mitt leyti hefði kosið, að þessi yfirlýsing hæstv. forseta hefði ekki komið fyr en fundi þeim, sem á að halda í Sþ., væri lokið, þá skal jeg ekki um það fást, þar sem jeg veit, að það er vilji fundarmanna, að störfum deildarinnar sje nú slitið. Jeg vil því þakka forseta vel unnið starf að þessu sinni, eins og jafnan áður. Hvort sem þetta þing sætir misjöfnum dómum eða ekki, þá munum vjer sammála um það, að forseti á enga sök á því, þótt miður kunni að hafa tekist. Hann hefir sem áður lagt alúðarrækt við störf sín og reynst þingmönnum samvinnugóður. Í nafni deildarinnar leyfi jeg mjer að flytja honum þakkir og árnaðarkveðju.

Forseti: Jeg þakka fyrir og óska þingmönnum góðrar heimferðar. Segi jeg svo þessum síðasta fundi deildarinnar á þessu þingi slitið.

B. Í neðri deild.

Á 74. fundi í Nd., miðvikudaginn 17. júlí, kl. 1 miðdegis, mælti

forseti: Þá liggur ekki annað fyrir en að skýra frá störfum deildarinnar.

Alls hafa verið haldnir 74 fundir.

Þessi mál hafa verið lögð fyrir deildina:

I. Frumvörp.

1.	Stjórnarfrumvörp lögð fyrir deildina	7	
2.	Þingmannafrv. borin fram í deildinni	27	
3.	Frv. komin frá Ed. . . .	11	
			45

II. Þingsályktunartillögur.

1.	Bornar fram í Nd. . . .	39	
2.	Komnar frá Ed.	5	
			44
III.	Fyrirspurnir		6
		Alls	95

Meðferð málanna.

1.	Frv. afgr. sem lög frá Nd.	10	
2.	— — til Ed. og Sþ. og síðan afgr. þaðan sem lög	15	
3.	Frv. feld í Nd.	5	
4.	— — í Ed.	3	
5.	— ekki útrædd . . .	12	
			45
6.	Þingsál. um skipun nefnda	5	
7.	— afgr. sem ályktanir Nd. . . .	6	
8.	— afgr. til Ed. og Sþ. og síðan afgr. þaðan sem ályktanir Alþingis	21	
9.	— feldar í Nd. . .	8	
10.	— feld í Ed. . . .	1	
11.	— ekki útræddar .	3	
			44
12.	Fyrirspurnum svarað . .	4	
13.	—— ósvarað . .	2	
			6

Alls hefir deildin því haft 95 mál til meðferðar.

Þessi mál og önnur, sem Alþingi hefir haft til meðferðar, koma nú undir dóm þjóðarinnar, og reynslan verður að skera úr, hver árangur verði af þeim. Jeg efast ekki um, að þm. geti litið yfir störf sín með þeirri meðvitund, að þeir hafi unnið að þeim með góðum vilja, eins og þeir vissu sannast og rjettast.

Jeg vil svo þakka háttv. deildarmönnum fyrir góða samvinnu og þá alúð og umburðarlyndi, er þeir hafa sýnt mjer, og utanbæjarþm. óska jeg góðrar ferðar og heimkomu.

Sigurður Stefánsson: Jeg hygg, að allir háttv. deildarmenn geti tekið undir með mjer og þakkað hæstv. forseta fyrir ljúfmannlega stjórn hans og góða samvinnu á þessu þingi. Vil jeg biðja háttv. deildarmenn að votta hæstv. forseta virðingu með því að standa upp.

(Allir stóðu upp).

Forseti: Jeg þakka þau hlýlegu orð, sem að mjer var beint, og segi þessum síðasta fundi deildarinnar slitið.

VIII.
Þinglausnir.

Á 8. fundi í Sþ., fimtudaginn 18. júlí, kl. 11^{30} árdegis, þinglausnafundi, mælti

forseti: Jeg skal leyfa mjer að lesa upp yfirlit um störf Alþingis 1918, sem skrifstofa þingsins hefir samið.

Fundir:

Í neðri deild . . .	74
- efri — . . .	68
- sameinuðu þingi .	8
Alls .	150

Mál:

I.	*Frumvörp:*	
	Stjórnarfrv. lögð fyrir Nd. .	7
	— — — Ed. .	3
	Þingm.frv. borin fram í Nd .	27
	— — — - Ed. .	12
	Alls .	49
	Þar af	
	Lög frá Alþingi	25
	Feld	11
	Tekið aftur	1
	Ekki útrædd	12
	Alls .	49
II.	*Þingsályktunartillögur:*	
	Bornar fram 50	
	Þar af	
	Ályktanir afgr. til stjórnarinnar	27
	— um skipun nefnda	9
	Feldar	10
	Ekki útræddar	4
	Alls .	50
III.	*Fyrirspurnir:*	
	Komnar fram	8
	Þar af svarað	5
	Mál til meðferðar alls í þinginu:	
	Frumvörp	49
	Þingsályktunartillögur . . .	50
	Fyrirspurnir	8
	Alls .	107

Rökstuddar dagskrár hafa verið bornar fram alls 13. Þar af 5 samþyktar, en 8 feldar.

Jeg skal nú ekki leggja neinn dóm á störf þingsins að þessu sinni, en býst við, að dómarnir, sem upp verða kveðnir um það, verði misjafnir. En jeg veit, að háttv. þm. hafa unnið að þeim með það fyrir augum að bjarga þjóðinni á þessum háskatímum.

Þá vil jeg loks minnast á eitt mál, sem þingið hefir haft til meðferðar, en það er sambandsmálið.

Stjórn Dana og þing hafa sýnt Íslandi það bróðurþel og þann sóma að senda hingað 4 fulltrúa til þess, með óbundnu umboði, að semja við stjórn Íslands og Alþingi, sem jafnrjettháa samningsaðilja, um samband landanna í framtíðinni. Til þessarar farar hafa Danir valið 4 af sínum vitrustu, viðsýnustu og hleypidómalausustu mönnum, enda er árangurinn af komu þeirra og samningaumleitunum orðið sá, að þeir annars vegar og íslenska stjórnin og Alþingi hins vegar hafa orðið ásátt um frv. til sambandslaga milli Danmerkur og Íslands, sem gera má sjer bestu vonir um að báðar þjóðir fallist á, og er það verður að lögum, má vænta þess, *að* það verði báðum þjóðum til sóma og gagns, *að* ágreiningur sá, sem því miður svo oft hefir verið milli bræðraþjóðanna, hverfi úr sögunni, *en* bræðraþelið eflist og samvinnan aukist, til gagns og ánægju fyrir báðar þjóðir.

Þetta þing er orðið hið lengsta, sem haldið hefir verið; það hefir nú staðið yfir síðan 10. apríl eða í 100 daga. En það er trúa mín, að það muni og lengi í minnum haft, ekki vegna þess, hve lengi það stóð, heldur vegna hins, að það bar gæfu til að komast að niðurstöðu um stórmál það, sem jeg mintist á, að því er jeg treysti á viðunandi hátt.

Jeg bið drottinn að blessa störf þessa þings og að varðveita fósturjörðu vora á þessum mjög svo erfiðu háskatímum.

Forsætisráðherra (J. M.): Með

því að líta verður svo á, að eigi sje lengur þörf á, að þetta þing eigi setu, þá lýsi jeg yfir því, í nafni hans hátignar konungsins, að þessu 29. löggjafarþingi Íslendinga er slitið.

Sigurður Stefánsson: Lengi lifi konungur vor, Kristján hinn Tíundi!

Tóku þingmenn undir það með níföldu húrra.

Var síðan af þingi gengið.